Alþingi 1942.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1942, laugardaginn 14. nóvember, var sextugasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextánda aukaþing í röðinni, en sjötugasta og sjötta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Benjamín Kristjánsson steig í stólinn og lagði út af Jes. 52,1.—7. Séra Friðrik Hallgrímsson dómprófastur þjónaði fyrir altari.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
7. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
8. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
9. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
10. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
11. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
12. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
13. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
14. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
15. Gísli Jónsson, þm. Barð.
16. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
17. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
18. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
19. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
20. Hermann Jónasson, þm. Str.
21. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
22. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
23. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
24. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
25. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
26. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
27. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
28. Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.
29. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
30. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
31. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
32. Ólafur Thors, þm. G.-K.
33. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
34. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
35. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
36. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
37. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
38. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
39. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
40. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
41. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
42. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
43. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
44. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
45. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
46. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
47. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
48. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.
49. Þórður Benediktsson, 2. landsk. þm.

Voru framan taldir þingmenn allir á fundi, nema þm. Vestm. og þm. Borgf., sem boðað höfðu veikindaforföll. En ókomnir voru til þings:

1. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
2. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
3. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.

Ríkisstjóri setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom ríkisstjóri, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls. Las hann upp ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóv. 1942, dags. 5. s. m.

Samkvæmt því lýsti ríkisstjóri yfir, að Alþingi væri sett. Síðan flutti hann stutta ræðu og mælti að lokum:

„Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.“

Þingmenn risu úr sætum, og forsætisráðherra

(ÓTh) mælti: „Lifi Ísland.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Ríkisstjóri kvaddi nú elzta viðstaddan þingmann, Jakob Möller fjármálaráðherra, til þess að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings. Gekk ríkisstjóri síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og nefndi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf., og Skúla Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Með því að nokkrir þingmenn voru ókomnir til þings og aðrir veikir, frestaði aldursforseti fundi og kvaðst mundu boða framhald fundarins með dagskrá.

Þriðjudaginn 17. nóv., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið. Aldursforseti þingsins, Ingvar Pálmason, sem nú var til þings kominn, stýrði fundinum. Enn var ókominn til þings 1. þm. N.-M., og auk hans voru fjarstaddir vegna veikinda 8. landsk. þm., þm. Vestm., þm. Borgf. og 2. landsk. þm.

Rannsókn kjörbréfa.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, EE, EmJ, HG, IngJ, IngP, JJós, KA, LJós, PHerm, PM, PO, SEH, SkG, StgrA.

2. kjördeild:

ÁkJ, BG, BrB, GÞ, GG, GSv, HelgJ, HermJ, JPálm, MJ, PZ, SigfS, SB, SK, SÞ, StJSt, ÞÞ.

3. kjördeild:

EOl, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, JakM, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, SG, STh, SvbH, ÞB.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna, og skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild blaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þingmanna, sem voru í 3. kjördeild, 2. deild kjörbréf þingmanna í 1. deild og 3. deild kjörbréf þingmanna í 2. deild.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum haldið áfram.

Frsm. 2. kjördeildar (Áki Jakobsson): 2. kjördeild hefur haft til athugunar kjörbréf háttv. þm. úr 1. kjördeild. Þar lágu 18 kjörbréf fyrir, og af þeim er búið að skila 17, en hið 18., kjörbréf Ingvars Pálmasonar, var ekki fram komið. Það mun vera á leiðinni í pósti, en lagt var fram vottorð frá landkjörstjóra um kosningu hans, og leggur hún til, að vottorðið sé tekið gilt sem kjörbréf, þangað til kjörbréfið sjálft kemur. 2. kjördeild leggur því til, að kjörbréfin og þetta vottorð séu samþ.

ATKVGR.

Kosningar þær, er undir athugun 2. kjördeildar téllu, samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. 3. kjördeildar (Einar Olgeirsson): 3. kjördeild hefur athugað kjörbréf háttv. þm. í 2. kjördeild. Öll kjörbréfin lágu fyrir í frumriti. Kjördeildin fann ekkert athugavert við þau og leggur til, að þau séu samþ.

ATKVGR.

Kosningarnar, sem féllu undir athugun 3. kjördeildar, samþ. með 38 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): 1. kjördeild fékk til athugunar kjörbréf hv. þm. í 3. kjördeild. Engar kærur lágu fyrir um nokkurt kjörbréfanna, en um kjörbréf eins hv. þm., Gunnars Thoroddsens, þm. Snæf., var borin fram athugasemd af einum hv. þm. í kjördeildinni. Atkvgr. í kjördeildinni féll þó þannig, að samþ. var að leggja til, að kjörbréf allra hv. þm. 3. kjördeildar yrðu samþ. En jafnframt var ákveðið að leggja til við hv. Alþ., að það vísaði kjörbréfi Gunnars Thoroddsens til kjörbréfanefndar til frekari rannsóknar.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Skúli Guðmundsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. 1. kjördeildar gat um, var hreyft athugasemd í kjördeildinni varðandi kjörbréf Gunnars Thoroddsens. Till. kom fram í kjördeildinni um að fresta að taka gilda kosningu hans samkv. 1. gr. þingskapa, svo að þingið gæti aflað sér nánari skýrslna um málið. Atkvgr. í kjördeildinni féll þó þannig, að kjörbréfið skyldi taka gilt. Voru 8 með því, 4 á móti, en 2 sátu hjá. 4 af þeim, sem sæti áttu í kjördeildinni, voru ekki viðstaddir, 3 vegna lasleika og 1 vegna þess, að hann er ókominn til þings.

Í kjördeildinni varð því nokkur ágreiningur. Minni hl. leggur til, að frestað verði að taka þetta kjörbréf gilt, þar sem borizt hafa sögur um allverulegar misfellur á kosningu hlutaðeigandi hv. þm. Ég hef hér í höndum vottorð þessu viðvíkjandi frá manni, sem er vel kunnugur þar í kjördæminu. Ég vil lesa það hér upp með leyfi hæstv. forseta. Vottorðið er svohljóðandi:

„Við síðustu alþingiskosningar varð ég var við eftirfarandi atriði í sambandi við kosninguna í Ólafsvík í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu:

1. Á kosningadaginn átti ég leið til Kristínar Oliversdóttur og átti þá við hana eftirfarandi viðtal. Ég spurði hana, hvort hún ætlaði ekki að kjósa. Sagði hún mér þá, að Vilhelm Steinsen hefði gefið sér 30.00 kr., og beðið sig um að kjósa Gunnar Thoroddsen, og hefði hún lofað því. Þetta sagðist hún ekki geta svikið, úr því að hún væri búin að taka við peningunum.

2. Kjartan Þorsteinsson í Ólafsvík skýrði mér frá eftirfarandi: Á kjördegi kvaðst hann hafa látið þau orð falla, að hann mundi ekki kjósa fyrr en hann hefði fengið vín. Var þar nærstaddur Vilhelm Steinsen. Kallaði hann þá á Kjartan og bað hann að koma með sér. Fóru þeir svo þangað, sem Steinsen hélt til, og tók hann þar upp fulla flösku af víni. Kvaðst Kjartan hafa sagt honum, að hann mundi ekki kjósa Gunnar Thoroddsen. Sagði Steinsen, að það yrði að hafa það, hann gæfi honum vín fyrir því, þótt það kæmi sér betur að hann kysi Gunnar.

3. Á fulltrúafundi, sem haldinn var í Útgörðum í Ólafsvík, sunnudaginn 11. okt. 1942, lét Elínius Jónsson, kaupfélagsstjóri, þessi orð falla: „Ef einhver minna flokksmanna veit af einhverju fólki, sem hann vill gleðja núna fyrir kosningarnar, þá má hann vitja um peninga til mín.“

Þessi ummæli hans heyrðu Gunnar Thoroddsen, Sigurður Tómasson, Óskar Clausen, Sveinn Skúlason, Magnús Kristjánsson, Sigþór Pétursson og margir fleiri, ásamt undirrituðum.

4. Nokkru fyrir kosningar var ég staddur í verzl. Kaupfélags Ólafsvíkur. Var þar einnig staddur Elínius Jónsson, og sagði hann þá eftirfarandi: „Ef Bjarni Bjarnason kemst að við haustkosningarnar, þá geri ég þá kröfu til atvinnumálaráðherra, að hann víki verkstjóra Stefáni Kristjánssyni frá starfi við vegagerð ríkisins, þar sem ég álít ekki rétt, að svo sterkur andstæðingur Sjálfstæðisflokksins og hann er, hafi sterka aðstöðu hér til andstöðu við flokkinn.“

5. Nokkru fyrir kosningar var ég staddur inni á skrifstofu Hraðfrystihúss Ólafsvíkur, ásamt Gunnari Thoroddsen og forstjóra Sigurði Jóhannssyni. Þá gekk þar fram hjá Þórarinn Guðmundsson, og sagði þá Sigurður, að þessi maður hefði alltaf fylgt Sjálfstæðisflokknum, en nú væri einhver óánægja í honum, en það hefði alltaf verið venja fyrir kosningar að rétta honum 50.00 krónur, og væri rétt að Gunnar gerði það líka. Gekk þá Gunnar út úr skrifstofunni og kallaði á Þórarin, átti nokkur orðaskipti við hann og rétti honum 50.00 krónur. Horfði ég á þetta.

Fleira hef ég ekki séð sjálfur, en á kosningadaginn veitti ég því athygli, að ýmsir menn fóru bæði fyrir og eftir að þeir voru búnir að kjósa, inn í skrifstofu hraðfrystihússins, sátu þar nokkra stund og komu svo ölvaðir út. Tveim dögum fyrir kosningar hafði ég einnig veitt því athygli, að Sigurður Jóhannsson hafði fengið kassa með áfengi frá Reykjavík, og munu hafa verið 50—60 flöskur í kassanum, og voru engir verðmiðar á flöskunum. —

Reykjavík, 14. nóv. 1942

Kristján Jensson.“

Minni hluti kjörbréfan. leit svo á, að með þessu vottorði væri fram bornar svo þungar ásakanir í sambandi við þessa kosningu, að óverjandi væri af þinginu annað en fresta að taka kosninguna gilda að svo stöddu, en láta fara fram nú þegar rannsókn í málinu. Það er till. minni hl., að kjörbréf Gunnars Thoroddsens verði ekki tekið gilt að svo stöddu.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil, áður en ég ræði þetta mál, spyrja hv. frsm. minni hl., hvort þetta bréf er skrifað til Alþingis eða til skrifstofu Tímans eða til hans persónulega. Í öðru lagi vil ég biðja hann að lofa mér að sjá bréfið. (SkG afhendir GTh bréfið). Í bréfinu stendur ekkert, til hvers það er, og tel ég trúlegast, að það sé sent, eins og annað fleira góðgæti, til skrifstofu Tímans.

Ég veit, að Framsfl. hefur fallið það ákaflega þungt að missa Snæfellsnessýslu úr greipum sér við þessar kosningar. Það er ósköp eðlilegt, að menn harmi horfna vini, sérstaklega þegar þeir eru dyggir og trúir flokksmenn. Er eðlilegt, að menn haldi vinsamlegar líkræður í því tilefni. En það er ekki venjulegt, að í líkræðum sé last og rógur um aðra. Í þessu tilfelli hefur út af þessu brugðið. Og harmagráturinn út af missi þessa liðsmanns Framsfl. hefur í málgagni þessa flokks og í munni þessa formælanda, sem hér talaði síðast, snúizt upp í hinar svæsnustu árásir a þingmann kjördæmisins og kjósendur í þessu kjördæmi. Í mörgum blöðum af Tímanum, sem út hafa komið síðan um kosningar, hefur getið að líta þennan óhróður. Ég þarf ekki að rifja upp, hver þessi mikla sök er, sem þarna hefur verið drýgð. Það hefur verið hent ekki lítið gaman að þessum skrifum. Það var talað um síldarmjöl og brennivín og að ein gömul kona hefði fengið passíusálma! Allt er þetta ósannað mál, og aðstandendur þessa blaðs vita líka sjálfir, að þetta er uppspuni og annað ekki. En það er ósköp ömurlegt, að menn skuli þurfa að leita huggunar í þessum hlutum í sorg sinni. Yfir þessari kosningu hefur þó engin kæra borizt. Þess vegna er dálítið undarlegt, að nokkrir þm., undir framsögu og forustu hv. þm. V.-Húnv., skuli taka upp hjá sér að koma hér fram á Alþingi með eitthvert óstaðfest sendibréf. Ég veit, að ef menn þekktu vottorðsgefandann, þann sem undir ritar, þá hefðu þeir aldrei misboðið svo virðingu Alþingis að lesa það hér upp.

Í rauninni þarf ég ekki mörgum orðum um þetta að fara. Ég lýsi yfir að gefnu tilefni, að það tvennt, sem um mig er sagt í þessu „vottorði“, er uppspuni frá rótum. Hins vegar æski ég þess, eins og minni hl. kjördeildar, að þessu bréfi verði vísað til kjörbréfan. til rannsóknar. Og ég ætlast til, að ekki verði sofnað á þessu, heldur málið rannsakað ofan í kjölinn. Ég mun og gera ráðstafanir til að svara þessum álygum á réttan hátt. Það er ekki rétt að tefja tíma þingsins með þessu máli, en ég vildi aðeins láta þessar aths. koma fram. Ég hef ekki sjálfur talið ástæðu til að svara skrifum Tímans að undanförnu, þó að þau hafi beinzt nokkuð að mér persónulega og kosningu minni á Snæfellsnesi, þar sem borið er á Snæfellinga, að þeir séu mútuþegar og brennivínsberserkir og þar fram eftir götunum. Hins vegar er ekki hægt að sitja hjá, þegar einn af þingmönnum þessa flokks leyfir sér að koma með þessar gróusögur inn í þingsalina. Orð þessi vil ég ekki hafa fleiri, en styð till., sem kom fram frá frsm. minni hl. kjörd., að þessu „vottorði“ verði vísað til frekari rannsóknar hjá kjörbréfan. og sú rannsókn fari fram.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Skúli Guðmundsson): Mér finnst dálítið einkennileg framkoma hjá hv. síðasta ræðumanni, Gunnari Thoroddsen, að hann skuli stökkva svo upp á nef sér og hreyta skætingi til mín og flokksblaðs míns. Mér finnst ég ekki hafa gefið neitt tilefni til þessa með flutningi þessa máls. Það, sem við í minni hl. leggjum til, er ekkert annað en það, sem við teljum skylt að gera og það eina, sem getur verið sæmilegt fyrir þingið — að fresta því að taka þessa kosningu gilda að svo stöddu, en þegar verði horfið að því að rannsaka þessi atriði. Og það er sjálfsagt full ástæða til að rannsaka fleira en það, sem tekið er fram í sambandi við þetta bréf. Hv. síðasti ræðumaður minntist á síldarmjöl, sem ég minntist ekki á. Væri sjálfsagt ástæða til að rannsaka, hvernig hefur staðið á þeim síldarmjölssendingum, sem áttu sér stað í þetta kjördæmi rétt fyrir kosningarnar frá einu ákveðnu firma, á sama tíma, sem við, sem annars

staðar búum á landinu, höfum orðið mjög út undan við skiptingu þessarar vöru og lítið haft af henni að segja.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. síðasta ræðumanni öðru að svo stöddu, en vísa öllum skætingi hans og aðdróttunum í garð flokksbræðra minna og mín heim til föðurhúsanna.

Jónas Jónsson: Frambjóðandi Sjálfstfl. á Snæfellsnesi, sem talaði hér áðan, fór nokkrum hastarlegum orðum um framsóknarmenn í sambandi við kosninguna þar, og þar að auki kastaði hann hrakyrðum að Tímanum fyrir afskiptin af kosningunni. Ég hygg að þetta sé nokkurt misminni, því að um þá kosningu var minna talað en margar aðrar. En það mun hafa eitthvað verið prentað í öðrum blöðum, sem hefur gefið þessum háttv. manni tilefni til að vera nokkuð óánægður. En þar sem nú þetta mál hefur verið dregið inn á flokkslegan vettvang, vil ég fyrst taka fram, að þetta bréf, sem lesið var upp, er eftir því sem ég veit bezt, ritað af sjálfstæðismanni. Og hann var svo mikill sjálfstæðismaður, að hann fékk bíl hjá Jakob Möller í sumar. Þess vegna vonast ég til, að menn líti ekki svo á, að þessi maður sé ókunnugur í þeim herbúðum, sem hann talar um. En ég hygg, að þau missmíði, sem urðu á Snæfellsnesi — kannske nokkuð mörg, — séu ekki fyrst og fremst viðkomandi Sjálfstfl. Og eftir því, sem Bjarni Bjarnason talaði við mig, hafði hann allt gott af mótframbjóðanda sínum að segja, sem fékk fleiri atkv. eins og þau voru talin þar. En hitt er annað mál, að vissir menn, sem studdu að kosningu Sjálfstfl., virðast hafa farið nokkuð ógætilega. En það er dálítið heimskulegt að segja, að verið sé að tala illa um Snæfellinga í heild sinni, þó að talað sé um þessi dæmi. Það er t. d. sjálfstæðismaður, sem hefur þegið 50 kr. fyrir að kjósa. Það væri fjarstæða að halda, að þótt slíkar misfellur séu á útköntum kosninganna, þá kasti það skugga á þá aðalflokka, sem eigast við. Hinu held ég fram, að Sjálfstfl. eigi að vera áfram um það, að þetta mál sé rannsakað. Ef komið hafa misfellur hjá okkur framsóknarmönnum, þá er okkur mestur hagur í, að þær séu rannsakaðar. Til þess að skýra þetta ætla ég með leyfi hæstv. forseta að lesa upp litla grein úr Morgunblaðinu frá 20. okt. Þar segir svo:

„Þessi skrif ritstjóra Tímans hljóta að verða að athlægi um gervallar sveitir landsins. Tímamenn eru farnir að tala um mútugjafir við kosningar. Hvílík ósvífni! Hvenær hafa þeir unnið *kosningar hér á landi öðruvísi en með mútum?* Þeir eru orðnir svo samdauna mútunum og spillingunni, að þeir geta ekki hugsað sér, að aðrir flokkar geti sigrað í kosningum án þess að sömu svikabrögð séu höfð í tafli."

Ég er ekki að gefa þessum ræðumanni, sem síðast talaði, heilræði, en mér finnst hann ætti að *taka þessu máli Kristjáns líkt og við gerðum.* Því að þennan dag höfðum við fund í miðstjórninni, og mér var falið að höfða mál gegn Valtý, sem ég gerði, og er það nú fyrir dómstólum. Í þessu aðalblaði Sjálfstfl. er ekki verið að tala um útkanta á einni kosningu, eins og á Snæfellsnesi, heldur hverjar einustu kosningar, væntanlega í 25 ár, og eigum við að hafa verið svo samdauna spillingunni, að við höfum ekki getað hugsað okkur nokkra kosningu öðruvísi en með mútum. Það hljóta nú allir að sjá, hvílík gífuryrði þetta eru, jafnvel um hvaða flokk sem er. Það er ekki svo *óalgengt um ofbeldisflokka erlendis,* að þeir haldi fram, að aðrir beiti sömu aðferðum og þeir sjálfir. En þessi stóru orð Morgunblaðsins hljóta að verða dæmd dauð og ómerk, hver einasti stafur, því að það hefur ekki verið leiddur grunur að einni einustu kosningu, sem unnin hafi verið með mútum. En ég tek þetta þannig, þó að sjálfstæðismenn hafi ekki sjálfir staðið að *slíku,* þá hafi þeir vitað um misfellur eins og Kristján Jensson skrifar um. En það er klókt í hernaði að byrja stríðið fyrst. Þess vegna hafa þeir byrjað með þessi fárlegu ósannindi. Af hálfu hv. þm. V.-Húnv. hefur nú verið lagt fram þetta skjal frá þessum sjálfstæðismanni, sem verið hefur í innsta hring í Ólafsvík, því að annars hefði hann ekki verið á fulltrúafundi skömmu fyrir kosningar. Þessi kosning vestra er fallin til að vera stórmál af þessu tagi. Aðalblað Sjálfstfl. skorar á hólm með þessari grein, og við höfum tekið áskoruninni. Og kosningu þessa ber að rannsaka alveg venzkulaust. Formaður Sjálfstfl. gæti stillt orðum sínum betur í hóf, því að ef kosningin yrði ógild, tapar Sjálfstfl. ekki neinu fyrir það, því að ef mér er rétt frá skýrt, þá mundi hann fá inn í þingið annan mann, svo að tala hans yrði jöfn fyrir því. Hann tapaði Stefáni Stefánssyni fyrir það, að Gunnar var talinn hafa unnið á Snæfellsnesi. Þess vegna, ef um það er að ræða, að þessi kosning sé athuguð og kosið aftur, þá getur Sjálfstfl. engu tapað. Ég skal nú láta liggja á milli hluta skrif Kristjáns Jenssonar úr innsta hring sjálfstæðismanna í Ólafsvík, heldur minnast á það, sem sveigt var að áðan, en það eru síldarmjölsgjafirnar. En áður vil ég þó vikja nokkuð að aðstæðum á Snæfellsnesi. Ég þekkti nokkuð þar til, var á öllum þingmálafundum áður en Thor náði þar kosningu. Við gerðum það, sem við gátum, til að standa með frambjóðanda Framsfl. En Thor hafði fylgi fólksins, gekk betur í augun á Snæfellingum en okkar frambjóðandi og vann kosninguna með miklu meiri hl. Svo tekur Thor við annarri stöðu. Þá útnefnir Sjálfstfl. þennan unga mann til framboðs. Satt að segja höfðu flestir búizt við, að hann mundi vinna kjördæmið, þegar lítið var til fornra fylgismanna. Ég áleit flokkinn eins sterkan og þegar Thor komst fyrst að. Frá hendi okkar framsóknarmanna hafði verið heldur lítið starfað síðan Thor *vann kosninguna, eins og oft vill verða,* þegar skapast meiri hluti, sem ekki eru tök á að brjóta á bak aftur. Nú bar það við s. l. vetur, að Alþfl. bar fram hið svokallaða gæsafrv. Það var ákveðið að gera þann hlut, sem hvergi þekktist í veröldinni, að láta stjórnarskrána veita þeim kjördæmið, sem er í minnihl. í kosningum. Ég ætla að *segja það hér, af því að það má gjarnan koma* í þingtíðindum, að frambjóðandi Sálfstfl. í S.-Þing., sýslumaður, hélt því fram í góðri trú á fundum í vor, að þetta fyrirkomulag þekktist í einu landi, Svíþjóð. Þegar ég kom heim, aflaði ég mér vitneskju hjá fulltrúa sænsku stj. og fékk það svar, að þetta væri ósatt. Hann hafði skakkar heimildir. *Þetta er ekki til í nokkru landi, þetta*

vansmíð, sem hér er leitt í lög. Þegar við framsóknarmenn sáum, að átti að gera stjskr. lands okkar að skrípi og brjóta í bága við réttlætistilfinningu kjósendanna með því að búa til kosningalög, þar sem maður, sem hefur mörg hundruð atkvæðum minna en mótframbjóðandinn, getur tekið kjördæmið, þá sögðu sumir þeir menn, sem átti að dæma til dauða, að eins gott væri að berjast við Sjálfstfl. í nýjum kjördæmum. Einn af þeim, sem tók þá hraustlegu ákvörðun að fara í það kjördæmi, sem talið var vonlaust, var Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn. Hann var tiltölulega ókunnugur á Snæfellsnesi, hafði þar heldur engin persónuleg sambönd og enga aðstoð. Enginn aðkominn maður úr flokknum var honum til hjálpar, og ég held ekkert hafi verið gert utan kjördæmisins til að styðja hann, utan með einni blaðagrein í Tímanum, sem ég skrifaði. Af hálfu Sjálfstfl. var tekið nokkuð kröftuglega á þessu máli, formaður flokksins fór vestur og hélt stóra fundi með mönnum sínum, og margir lögðu hönd að verki. Samt fór það svo, að Bjarni Bjarnason vann kosninguna með sinni eigin persónu og málstað sínum. Hann hafði hvorki brennivín né peninga né síldarmjöl, — ekkert nema þann málstað og framkomu, sem samboðin er fullkomnum heiðursmanni. Sjálfstfl. telur sig hafa teflt fram röskum frambjóðanda, sem er rétt, og það kusu 80% af kjósendum, og var góð sókn frá báðum aðilum. Það undarlega kemur fram, að Bjarni Bjarnason vann kosninguna með verulegum atkvæðamun.

Nú hefur nýlega birzt grein í Morgunblaðinu undir dulnefni, heldur hrottaleg lýsing á því, að Snæfellingar hafi talið það ógurlega svívirðingu, þegar Bjarni varð þingmaður, og er helzt talað um hann sem eins konar glæpamann. Og svo segir Mbl., að Sjálfstæðismenn í Snæfellsnessýslu hafi hugsað sér að hreinsa þennan blett af sýslunni með haustinu. Allur þorri Snæfellinga var ánægður með það, sjálfstæðismenn líka, að hafa fengið fyrir þm. þann duglega, reynda mann, sem þeir fengu. En héðan úr Rvík komu heildsalar og margs konar fólk, — mætti telja ekki færri en 20 með nafni, — og lágu yfir kjósendum margar vikur með alls konar undirróðri og bænum um að kjósa Gunnar Thoroddsen. Einn af þessu fólki var sá Wilhelm Steinsen, sem í bréfinu er getið. Ef Gunnar verður þm., er hann því ekki þm. Snæf., heldur Rvíkur — kjörinn þm. þm. þess reykvíska fólks, sem mest hefur lagt á sig til að fá hann kjörinn. Á sínum tíma býst ég við, að birta megi skrá um þetta fólk og verður þá safnað dæmum um örlæti þess og fórnfýsi fyrir flokk Gunnars og um allt sjálfboðaliðaerfiði þess. Ég hygg, að eins og fyrri kosningar byggðust á því, að fólkið vildi heldur Thor Thors en frambjóðanda Framsfl., hafi sigur Bjarna Bjarnasonar s. l. vor byggzt á því, að fólkið vildi hann heldur en Gunnar. Þeir sögðu sem svo: Bjarni Bjarnason er maður, sem þekkir starfslífið og hefur unnið í því og þeim fulltrúa getum við treyst. Gunnar Thoroddsen er að vísu snotur piltur úr Reykjavík og getur verið góður á sínum stað, en hvaða erindi á hann til okkar? — Ég ætla ekki að minnast nema á lítið eitt af þeim dæmum, sem nefnd hafa verið frá þessari kosningu vestra í haust — fyrir utan hinn ósæmilega áróður, sem Sjálfstfl. lét sjálfboðaliða sína úr Rvík halda uppi. Eitt, sem þyrfti að rannsaka, eru áfengisútlátin. Úr engri sýslu annarri komu aðrar eins pantanir um vín til töðugjaldanna. Einn merkismaður, sem búinn var að fá tvo skammta til þeirra, þóttist nauðsynlega þurfa að fá hinn þriðja, — ég veit ekki, hvort hann fékk hann. — Þá er það síldarmélið. Eftir því sem mér er sagt af skilríkum manni úr Hnappadalssýslu um sendingar í þá hreppa tvo, sem liggja sinn hvorum megin Haffjarðarár, voru þar miklar bílferðir, þegar kosningar fóru að nálgast í haust, og á bílunum dýrmæt hlöss, — menn vita, hver fengur síldarmélið er í óþurrkasumri, þegar vitað er, að almennt fá bændur hvergi nærri fullnægt því, sem þeir þurfa og hafa pantað. Það kom í ljós, að sendingarnar voru frá firma einu, sem talið er og telur sig vera einn af máttarstólpum Sjálfstfl. Í öðrum hreppnum var sent á hvern bæ nema til manns, sem var svo nýkominn í hreppinn, að hann var ekki á kjörskrá. Í hinn hreppinn var sent til allra bænda nema 6 eða 7, sem álitnir voru svo stálslegnir Framsfl.bændur, að við þá þýddi ekki að tala og þess vegna mundu þeir hafa heyjað svo vel, að þeir þyrftu ekki síldarmjöl. Enginn heldur því fram, að þeim, sem fengu síldarmélið, hafi með því verið fyrirskipað að kjósa svo eða svo. En slíkar gjafir eru ákaflega vel til fallnar að hafa kosningaáhrif. Ef ég væri svo auðugur að geta sent hverjum Snæfellingi 1000 kr. að gjöf fyrir kosningar, gæti enginn bannað mér það. Lögbrot væri það ekki, en eflaust mætti hafa áhrif á kosningu með því, og rétt hefði verið að ónýta kosningu, sem unnizt hefði á þennan hátt. Hér á Íslandi hefur safnazt auður á síðustu missirum, — kannske aðeins um stundar sakir, en sem stendur er það meiri auður en handhafar hans sýnast kunna að nota til þarfra hluta og meiri en áður í sögu landsins. Miklu víðar en á Snæfellsnesi hefur verið reynt að hafa áhrif á kosningarnar með þeim auði. Þó að t. d. síldarmél sé ekki sent af neinu öðru en hreinni manngæzku, hefur tortryggni almennings þegar vaknað svo af gefnu tilefni, að jafnvel manngæzkan kann að verða lögð út á hinn verri veg, og er þá ekki að vita, hversu það manngæzkumél og himnabrauð kann að verða launað t. d. á kjördegi í framtíðinni. Sendendur, sem ekki kom til hugar, vitanlega, að biðja um laun, fá e. t. v. þau laun að auka stórum óvirðinguna á stjórnmálaflokki sínum. Ef ríku mennirnir í landinu hafa ekki vit fyrir sér sjálfir, verður Alþingi að hafa það fyrir þá í þessum sökum og dæma afbrot velsæmisins hart, kenna þeim þar með að nota fé öðruvísi og betur.

Það er ekki rétt, að Framsm. séu reiðir vegna Bjarna Bjarnasonar. En það er hörmulegt fyrir Sjálfstfl. og þennan unga mann, sem í framboði var fyrir hann, að hafa náð atkvæðameirihluta á þann hátt, sem nú virðist lýðum ljóst. Ég trúi því, að þessi unglingur hafi ekki tekið þátt í því, sem bréfið skýrir frá. En ég hygg, að mér sé alveg óhætt að fullyrða, að þetta sé flokknum hörmulegur ósigur og úr þessu verði sá höfuðósigur Sjálfstæðisflokksins, sem hann megi lengst muna eftir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þegar ég heyrði hv. þm. S.-Þ. (JJ) tala, datt mér í hug saga af framboðsfundi, er einn af merkustu stjórnmálamönnum Breta bauð sig í fyrsta skipti fram til þings. Hann var þá ungur og óreyndur. Gamall maður reis upp í salnum og sagði við frambjóðandann að hafa sig hægan, því að hann myndi vel eftir því, er faðir hans fór með söluvagn um göturnar með asna fyrir.—

Lloyd George svaraði: Vagninn hans föður míns er löngu kominn fyrir kattarnef. En mér þykir vænt um að heyra, að asninn lifir enn.

Ég hef oft á síðari árum, þegar ég hef haft vinsamlegar viðræður við Jónas Jónsson, verið að furða mig á því, hvað væri orðið af asnanum, sem hér á árum áður var beitt fyrir Framsóknarvagninn. Ég heyrði það núna, að hann lifir enn.

Þegar ég heyrði Jónas Jónsson lýsa yfir því, að gremja Framsfl. stafaði alls ekki af því, að Bjarni Bjarnason hefði fallið, heldur af því, að þar hefði Sjálfstfl. beðið sinn stærsta ósigur, þá segi ég eins og Morgunblaðið: Vér brosum!

Ræðumaðurinn talaði um, að hann hefði stefnt Morgunblaðinu út af ummælum þess um mútumálin. En því er ekki að leyna, að það hefur lengi lifað sá orðrómur, að einmitt Framsfl. hafi notað ríkisfé til þess að hafa áhrif á úrslit kosninga.

(BSt: Það er líka hægt að múta með bílum.)

Ég efast ekki um, að framsóknarmenn kunni allar leiðir til þess að múta mönnum.

Ég tek undir með Gunnari Thoroddsen um það, að kjörbréfanefnd fái mál þetta til rannsóknar og þá ekki síst, hvernig vottorðið úr Ólafsvík er til komið. En þetta þarf að rannsaka. Og eftirtektarvert er það, að í kjörbréfanefndinni fékkst enginn til þess að gangast við þessum króa, enginn þóttist vita, hverjum hann hefði verið sendur. Það eina, sem vitað er, er það, að sendandi er liðhlaupi úr Sjálfstæðisflokknum og hefur fengið bíl — eins og Páll Zóphóníasson og Sveinbjörn Högnason. En það er ekki gaman að lenda í slíkum félagsskap.

Það er náttúrlega til vanvirðu, að nokkur þingmaður skuli sýna Alþingi þá fyrirlitningu að hefja hér umræður um þetta ómerkilega vottorð þessa lítilmótlega vottorðsgjafa.

Ef ég færi að segja allar þær slúðursögur, sem mér hafa borizt um kosningarnar og Framsóknarflokkinn, þá mundi víst mörgum verða skemmt. En mér hefur aldrei dottið í hug að vanvirða sjálfan mig, hvað þá þessa virðulegu samkomu, með því að leiða þær hér inn í þingsalina. En að þessu gefna tilefni skal ég aðeins drepa á, að t. d. var því haldið á lofti, að heil bílhlöss af brennivíni hafi verið keyrð í eitt framsóknarkjördæmi og í öðru kjördæmi hefðu framsóknarbændur á einum síðasta kjörfundi allir greitt kaffibollann sinn á greiðasölustað með flunkunýjum hundraðkrónuseðlum. Og svo langt var gengið, að því var jafnvel hvíslað að mér, að jafnvel einn vel þekktur framsóknarmaður hefði ætlað að kaupa af sér eitt meinhornið í framboði með því að bjóða honum sæti í Menntamálaráði.

(JJ: Þetta eru lygasögur.) Já, þetta er ein lygasagan, álíka eins og sögurnar úr Ólafsvík.

En út úr því, að merkur Ólafsvíkingur hafi látið þau orð falla, að ef Bjarni Bjarnason yrði kosinn, þá væri rétt að víkja ákveðnum vegavinnuverkstjóra frá, vil ég hvetja til þess, að rannsókn fari fram á því, hvort og hvernig slíkir verkstjórar hafi misnotað farartæki ríkissjóðs í þágu ákveðinna flokka.

Út af gróusögunum um síldarmélið læt ég nægja að upplýsa, að í mörg undanfarin ár hafa bændur í 1 eða 2 hreppum fengið síldarmjöl frá hlutaðeigandi félagi, eins og líka það, að innan þessara veggja sitja menn úr flokki Jónasar Jónssonar, sem lögðu hart að mér að tryggja sér meira síldarmjöl en öðrum, hvað sem þeir hafa ætlað við það að gera.

Út af samanburði Jónasar Jónssonar á Bjarna Bjarnasyni og Gunnari Thoroddsen fær mig að sönnu enginn til að hallmæla Bjarna. En náttúrlega er það broslegt, þegar J. J. gerir hann að ofurmenni, en telur Gunnar Thoroddsen bara snotran dreng úr Rvík.

Gunnar Thoroddsen hefur eitt hæsta próf frá háskólanum. Hann hefur orðið yngstur þingmaður hér. Hann hefur kornungur orðið framkvæmdarstjóri Sjálfstæðisflokksins. Hann væri orðinn prófessor fyrir löngu, hefði hann ekki verið rangindum beittur. Hann er orðinn prófessor. Þegar Sjálfstfl. þurfti að skipa í eitt vandasamasta starf, í gerðardóminn, þá valdi flokkurinn hann. Og nú er G. Th. orðinn þingmaður að nýju. Væntanlega er það ekki eingöngu af því, að hann er snotur piltur úr Rvík.

Þegar þetta mál, þessar slúðursögur um G. Th., verður rannsakað, þá vænti ég, að margar svipaðar sögur verði rannsakaðar viðvíkjandi kosningu Bjarna Bjarnasonar, en þær eru margvíslegar.

Yfirleitt verður margt, sem er tilefni til að rannsaka, ef út í það er farið, og harma ég það sízt. En það skal ég játa, að ég hefði kunnað því betur, að það hefði verið einhver annar en Framsfl., sem færi fram á slíka rannsókn. Og þó ég sé ekki spámaður, þá segir mér svo hugur um, að englarnir verði ekki allir í Framsfl., að þeirri rannsókn lokinni.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 18. nóv., kl. 2,15 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Aldursforseti (IngP): Svo sem hv. þingheimi er kunnugt, hefur 1. kjördeild lagt til, að tekin verði gild öll kjörbréf þau, er hún hafði til meðferðar. Um eitt kjörbréfanna hefur þó orðið nokkur ágreiningur. Nú eru hér margir á mælendaskrá og líkur til, að umræðum haldi áfram um skeið. Ég hef því hugsað mér að bera nú þegar undir atkv. öll kjörbréf í þessari kjördeild, þau er enginn ágreiningur er um. Verði þau samþ., er hægt að láta alla hina nýju hv. þm. vinna drengskaparheit, því að sá hv. þm., sem á kjörbréf það, er deilt hefur verið um, hefur áður setið á Alþ. og þarf því ekki að vinna drengskaparheit.

ATKVGR.

Að till. 1. kjördeildar voru kjörbréf þau, sem undir hennar ahugun féllu, að undanteknu kjörbréfi Gunnars Thoroddsens, samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þingmenn þeir, sem ekki höfðu áður setið á þingi, að undanteknum Þórði Benediktssyni, sem var fjarstaddur vegna veikinda, undirrituðu þessu næst drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Barði Guðmundsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Kristinn E. Andrésson,
Lárus Jóhannesson,
Lúðvík Jósefsson,
Sigurður Guðnason,
Sigurður Thoroddsen.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): *Ég skal ekki blanda mér í orðaskipti* þeirra hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. G.-K., en snúa mér að till. hv. þm. V.-Húnv. að fresta að taka gilda kosningu Gunnars Thoroddsens í Snæfellsnessýslu. Hv. þm. ber fram þessa till., að mér skilst, af því tilefni, að honum hefur borizt yfirlýsing frá nafngreindum manni um stórvægilegar misfellur á kosningunum þar í héraðinu. Ég tel rétt að taka fram, að sjálf kosningaúrslitin í héraðinu hafa ekki verið vefengd, að minnsta kosti hefur engin kæra komið fram um það. Yfirkjörstj. hefur fallizt á hana, og kjörbréfið er gefið út án ágreinings. Það er því ljóst, að till. um að fresta því að taka kosninguna gilda byggist einungis á þessari yfirlýsingu, enda kom það fram í ræðu hv. þm. V.-Húnv. Ég játa, að þarna eru bornar fram þungar sakir, og er enginn vafi á því, að hv. Alþ. ber skylda til að líta eftir, að ekki sé beitt ólöglegum áróðursaðferðum við kosningar. En mér finnst ekki heldur mega gleyma því, að þeim, sem vefengja kosningar, ber jafnframt skylda til að afla fullnægjandi gagna í málinu og leggja fyrir Alþ.

Í 140. gr. kosningal. segir, að kjósandi, sem vill kæra um kosningu til Alþ., skuli innan 4 vikna, frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþ. kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveim samritum. Dómsmálaráðuneytið skal því næst senda annað samritið frambjóðandanum eða umboðsmönnum framboðslistans, en hitt samritið skal lagt fyrir Alþ. þegar í þingbyrjun. Hér er auðsjáanlega til þess ætlazt, að málið liggi sæmilega ljóst fyrir, þegar það kemur fyrir þingið.

Ég geri ráð fyrir, að hv. Framsfl. telji ástæðu að leggja trúnað á verulegan hluta af sakargiftum þeim, sem fram koma í fyrr nefndri yfirlýsingu, því að annars mundi hann tæpast hafa lagt til, að frestað yrði að taka kosninguna gilda. En ef svo er, furðar mig á því, að hann skuli ekki hafa búið málið í hendur þinginu á þann hátt sem kosningal. heimta. Án þess að ég treysti mér til að vefengja þessar ásakanir, verð ég að telja þær veikan grundvöll fyrir Alþ. að byggja á samþ. um frestun þess að taka kosninguna gilda. Ef slík frestun á að hafa gildi, verður að fresta málinu svo lengi, að full rannsókn geti farið fram. Ég tel líklegt, að slíkt gæti tekið viku, ef til vill mánuð. Af því gæti leitt það, að hlutaðeigandi hv. þm. yrði haldið utan þings allan þennan tíma og ef til vill allt þingið. Ef ekki þyrfti annað en slíkar sakargiftir sem þær, er um getur í áður nefndri yfirlýsingu, til þess að Alþ. frestaði að taka kosningu gilda, þá gæti það orðið til þess að útiloka einstaka þm. frá þingstörfum svo eða svo langan tíma. Og ég veit ekki til, að Alþ. hafi nokkurn tíma frestað að taka kosningu gilda, án þess að fyrir lægi formleg kæra. Meiri hl. kjördeildarinnar getur því ekki fallizt á frestunartill., eins og málið er í pottinn búið. Hins vegar teljum við þessar ásakanir svo veigamiklar, að skylt sé að láta rannsókn fara fram. Ég get auðvitað ekkert um það sagt, hvort þessar ásakanir séu sannar eða ekki. En við leggjum til, að kjörbréfan. fái málið til rannsóknar.

Hér hefur einnig verið minnzt á önnur atriði, síldarmjölsgjafir og slíkt, sem ég tel, að líka *þurfi rannsóknar við*. Það er eins og ég áðan sagði, beinlínis brýn skylda Alþingis að líta eftir því, að ekki séu brotin ákvæði kosningalaganna í þessu efni. Það er því ætlun kjördeildarinnar, að þessi rannsókn fari fram, og það með hinni fyllstu röggsemi. Það er skylt, vegna þeirra, sem undir ámælinu liggja, og eins vegna hinna.

Enn fremur vil ég taka fram, ef svo skyldi fara, að þessar sakargiftir sönnuðust, og þm. kjördæmisins væri við þær riðinn, þá liggur í hlutarins eðli, að hann missir kjörgengi og víkur af þingi, og það án tillits til þess, hvort kjörbréf hans er tekið gilt nú eða ekki.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil aðeins bæta við, að samkv. 4. gr. þingskapa verður ljóst það, sem ég sagði, að kjörbréfanefnd ætlast til, að það sé hægt að vísa til hennar ekki aðeins kosningakærum, sem ekki eru afgreiddar, og öðru slíku, heldur einnig kærum yfir kosningu og kjörgengi, sem þegar hefur verið tekið gilt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í framhaldi af því, sem ég sagði við umræðurnar í gær út af þeim sakargiftum, sem fram eru bornar í bréfi því, sem hv. þm. V-Húnv. las hér upp, vildi ég tilkynna hv. Alþingi, að ég hef ritað dómsmálaráðherra svo hljóðandi bréf, dags. 17. nóv. 1942.

„Reykjavík, 17. nóv. 1942.

Á fundi sameinaðs Alþingis í dag las Skúli Guðmundsson alþm. upp yfirlýsingu, sem er undirrituð af Kristjáni Jenssyni, sem mun telja sig til heimilis í Ólafsvík.

Í yfirlýsingu þessari eru, auk brigzlyrða í garð annarra manna, þær sakir bornar á mig, að ég hafi mútað tilteknum manni til þess að greiða mér atkvæði við alþingiskosningar. Áburður þessi er uppspuni frá rótum, og tel ég hann svo freklega meiðandi fyrir mannorð mitt, að ekki megi kyrrt liggja.

Bréf Kristjáns er refsivert samkv. XXV. kafla alm. hegningarlaga, um ærumeiðingar, sbr. 235., 236., 242. gr. 2b. og varðar auk þess við XV. kafla þeirra um rangan framburð og rangar sakargiftir, sbr. einkum 147. gr.

Þar sem tilræði þetta, auk þess að vera árás á mannorð mitt, á flokk þann, er ég fylgi, og á kjósendur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, er til þess ætlað að blekkja Alþingi Íslendinga og fá það til að ógilda kosningu mína sem alþingismanns Snæfellinga og þar með svipta Snæfellinga

þingfulltrúa um ófyrirsjáanlegan tíma, þá sé ég mér ekki annað fært en að kæra til yðar, hæstvirti dómsmálaráðherra, og krefjast þess, að þér látið þegar í stað hefja sakamálsrannsókn út af bréfi þessu og að henni lokinni draga höfundinn til ábyrgðar lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst,

Gunnar Thoroddsen.

Til dómsmálaráðherra.“

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þetta. Eins og ég tók fram í ræðu minni í gær, er ég eindregið fylgjandi till. minni hl. kjördeildar, sem hv. 3. landsk. (HG) hefur lýst, að þessu bréfi verði vísað til kjörbréfan. til rannsóknar. En ég tel ekki, að við það eitt megi sitja, heldur tel ég, að þetta bréf sé með þeim hætti til orðið, og þær sakargiftir, sem bornar eru fram, svo ósannar og þungar, að ekki verði hjá því komizt að krefjast þess af hæstv. dómsmrh., að hann láti málsrannsókn fara fram á hendur þessum manni.

Ekki skal ég fara mörgum orðum um þetta „vottorð“ Kristjáns Jenssonar, en aðeins minnast hér á tvö atriði eða þrjú. Ein af þeim sakargiftum, sem hann ber fram, er að tiltekinn maður hafi mútað tiltekinni konu, Kristínu Oliversdóttur, til þess að kjósa Gunnar Thoroddsen. Mér hefur nú borizt skeyti úr Ólafsvík, sem ég vil lesa hér upp með leyfi hæstv. forseta: [Vantar í hndr. innanþingsskrifara.] Undirskrift er staðfest á venjulegan hátt. Þetta er eitt lítið dæmi um, hvert sannleiksgildi muni vera í þessum kæruatriðum mannsins.

Ég skal nefna annað til gamans, um það, hversu sennilega er logið í nefndu bréfi, nefnilega að ég hafi mútað manni í votta viðurvist. Ég verð að segja, að ef sæmilega viti borinn maður ætlaði að múta manni, held ég að hann mundi tæplega gera það í margra votta viðurvist!

Mér er um geð að vera að bera hingað slúður og slefsögur, eins og hv. þm. V.-Húnv. byrjaði á hér í gær. En þess má geta, að í Ólafsvík liggur vottorð, undirritað og staðfest, sem ég hirði ekki um að fá símsent hingað, — vottorð, þar sem það er borið, að þessi Kristján Jensson hafi boðið tilteknum manni brennivín og fé til þess að kjósa Bjarna Bjarnason. Í þessu sama vottorði er það fullyrt, að einn af útsendurum Framsfl. í Snæfellsnessýslu við síðustu kosningar, fyrrv. sýslumaður Jón Hallvarðsson, hafi gert slíkt hið sama við annan mann. Sá maður var einn af fulltrúum Framsfl. Og það sýnir sómatilfinningu þess flokks að senda þann mann í sínum erindum, sem framið hefur slík afbrot sem hann og hraktizt svo frá embætti við litinn orðstír. Þennan mann telur Framsfl. hæfilegan fulltrúa fyrir sig, til að beita sínum aðferðum í Ólafsvík á kjördegi.

Það eru ýmis atriði í ræðu hv. þm. S.-Þ., sem ástæða væri til að svara, en ég fer fljótt yfir sögu. Hann sagði, að Kristján Jensson væri svo mikill sjálfstæðismaður, að hann hefði fengið bíl hjá Jakob Möller. Ég vil benda á, að Bjarni Bjarnason skólastjóri fékk líka bíl í vor eða sumar hjá Jakob Möller, og ekki vil ég halda, að hv. þm. S.-Þ. beri það á Bjarna, að hann sé orðinn sjálfstæðismaður.

Annars rakti hv. þm. S.-Þ. sögu tveggja alþingiskosninga á Snæfellsnesi, í vor og haust. Er sú sögurannsókn með sama svip og annað af því tagi, sem frá honum kemur. Og niðurstaðan var sú, að í raun réttri væri Bjarni rétt kjörinn þm. og ætti miklu meira fylgi og Snæfellingar vildu alls ekki Gunnar Thoroddsen. Um þessa „sögurannsókn“ og „söguvísindi“ mannsins, sem er kjörinn til þess af sjálfum sér að rita sögu Jóns Sigurðssonar, skal ekki farið fleiri orðum. En ég vil aðeins spyrja þennan háttv. þm. að því, þegar hann talar um, að ég sé hér þm. Reykv., vegna þess að heildsalarnir í Rvík hafi stutt mig dyggilega: Eru þá allir heildsalar komnir á kjörskrá vestur frá, og kjósa þeir þar? Síðan fór hv. þm. að rekja ástæðurnar, hvers vegna svo hörmulega hefði farið, að Bjarni féll. Hann sagði, að það hefði verið óhemjulegur áróður af hendi sjálfstæðismanna. Ég hélt, að þessi hv. þm. mundi ekki hneykslast mikið á „óhemju áróðri“, því að hann er talinn ötull áróðursmaður, jafnvel nokkuð óhemjulegur áróðursmaður á köflum. En ef hann langar til að vita orsök úrslitanna, þá er hægt að skýra frá mörgum þeirra og rekja þær nokkuð ofan í kjölinn. Bjarni kom óþekktur í vor á Snæfellsnes, og í leiftursókn sinni tókst honum að vinna kjördæmið. Síðan kynntist hann þar í nokkra mánuði — með þeim árangri, að hann féll við næstu kosningar. Það er og annað, sem hefur ráðið nokkru um úrslitin. Það var gefið fullmikið af kosningaloforðum af hendi Framsfl. í vor. Þeim loforðum hefði kannske verið hægt að snúa sig út úr á ýmsan hátt á venjulegu fjögurra ára kjörtímabili, en hundadagarnir reyndust of skammur tími til að efna þau. Þess vegna kann það að hafa verið, að suma bændur færi að lengja eftir kaupamönnunum, sem þeir áttu að fá, og sumar húsmæðurnar fór víst að lengja eftir saumavélunum og önnur heimili eftir strokkunum, sem búið var að lofa.

Af því að ég vil gjarnan halda svolitla kennslustund yfir hv. þm. S.-Þ. um úrslitin, vil ég í þriðja lagi segja það, að framkoma Framsfl. á undanförnum árum í garð Snæfellsnessýslu hefur átt sinn mikla þátt í úrslitunum. Í heilan áratug — og jafnvel lengur — hefur Framsfl. gengið fram fyrir skjöldu að drepa svo að segja hvert einasta hagsmuna- og velferðarmál, sem borið hefur verið fram þeirra vegna. Framsfl. hefur framið slíka hefndarpólitík, af því að hann hafði ekki kjördæmið í sínum höndum. Þetta hafa kannske Snæfellingar munað við kjörborðið í haust. Ég ætla ekki að rekja fleiri orsakir. Þær eru margar fleiri, og velkomið að rekja þær síðar fyrir hv. þm. S.-Þ., þó að ég vilji ekki tefja tíma þingsins. Enn má þó nefna eina ástæðu fyrir ósigri Framsfl. í Snæfellsnessýslu, sem ekki er til að dreifa nú, en var 1933, þegar Thor Thors var fyrst kjörinn. Þá var það talið ein hans mesta heppni, að þessi sami hv. þm. S.-Þ. kom í kjördæmið og á hvern einasta fund, til þess að tala á móti Thor. Þetta olli kannske miklu um hinn glæsilega sigur Thors þá.

Ég skal að lokum segja, að ég hefði haldið, að framkoma Framsfl. í garð Snæfellinga og Snæfellsnessýslu á undanförnum árum hafi verið með

þeim hætti, að mælirinn sé nú fullur, — eftir að búið er á annan áratug að drepa vitandi vits með hverju einasta atkvæði, sem Framsfl. átti til á þingi, hvert hagsmunamál Snæfellinga eftir annað til vega, brúa, hafnargerða og annars. Eftir þetta á svo að ráðast með óhróðri á Snæfellinga, brigzla þeim um að þiggja mútur og láta brennivín ráða atkvæði sínu við kjörborðið. Eftir að málgagn Framsfl. hefur ráðizt á þingmann kjördæmisins með hinum mesta óhróðri, þá á að kóróna þetta allt með því að svipta Snæfellinga sínum löglega kosna fulltrúa á þingi. Sá er tilgangurinn með því að fresta að taka kosninguna gilda, að hér verði starfað um langan tíma, og kannske allt þetta þing, og m. a. verði fjárlög afgr. án þess, að þessi sýsla eigi hér nokkurn fulltrúa. Hv. 3. landsk. lýsti í ræðu sinni mjög glögglega, hversu fráleitt væri á grundvelli þessa ómerkilega lygabréfs að fresta að taka kosningu gilda, en sá rétti gangur málsins væri að senda kæru og hefja rannsókn út af slíkri kæru. Ég vil bæta því við, að yfirkjörstj., þar sem Framsfl. á fulltrúa, skrifaði einróma athugasemdarlaust undir kjörbréfið, undirkjörstj. allar með tölu tóku kosninguna gilda, án þess að nokkur maður hreyfði mótmælum. Allir umboðsmenn Framsfl. í öllu kjördæminu samþ. kosninguna athugasemdalaust. Svo kemur rógsbréf frá óþekktum manni. Og svo lágt leggst Framsfl., að hann ætlar að byggja úrskurð um gildi kosningar á slíku bréfi. Ég efa ekki, að ef framsóknarmenn hefðu talið þess nokkurn kost, þá hefðu þeir reynt að afla sönnunargagna um misfellur. Það hafa þeir ekki gert, og sýnir það með öðru, hvað málstaður þeirra er gersamlega vonlaus. En til hvers er þá leikurinn gerður? Leikurinn er gerður í því skyni einu að koma þessari rógsögu á framfæri. Því að þeir vita það, þessir menn, af langri reynslu, að þegar rógurinn er tugginn upp nógu oft, þó að allt sé rekið ofan í þá aftur, þá kann að vera kannske eitthvað, sem loðir við, kannske einhverjir kjósendur, sem trúa lygasögunum og þvættingnum. Það er í trausti þessa, að þessi leikur er hér leikinn, — og þá jafnframt til þess að svala heift sinni út af vonbrigðunum á Snæfellsnesi. Aðferðin við þetta er náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Og ef Alþingi ætlar að fresta að taka gilda kosningu, sem hefur augljós og vafalaus úrslit, fyrir þá sök, að einhver óþekktur maður sendir slíkt bréf til Alþingis, þá er skapað fordæmi, og ekki gott að segja, hvar slíkt endar. Hv. þm. S.-Þ. var í gær að barma sér yfir því, að Morgunblaðið hefði borið það á Framsfl., að hann hefði ekki unnið einar einustu kosningar nema með mútum. Ef nú á að byggja á bréfi eins og Kristjáns Jenssonar, þá er hliðstætt að ógilda kosningu allra framsóknarmanna, vegna þess að í grein í Morgunbl. stóð, að þeir hefðu unnið allar kosningar með mútum. Hér er að vísu ólíku saman að jafna, vegna þess að það var ólíku meiri sannleikur í Morgunbl. heldur en í bréfi Kristjáns.

Ég vænti, að mál þetta sé nægilega skýrt, hversu fráleitur þessi málatilbúnaður er, og hver er tilgangurinn. Ég veit, að það verður Framsfl. og þeim, sem greiða með honum atkv., einungis til háðungar, ef fresta á að taka kosninguna gilda á svo veikum grundvelli sem hér er um að ræða. Ég veit, að í þingsögunni verður það lengi munað. Það hefur verið sagt, að Framsfl. hafi eignazt sitt þjóðfífl. Ég held það sé óþarfi fyrir framsóknarmenn að gera sig alla að þingfíflum líka.

Jónas Jónsson: Hæstv. forsrh. flutti hér allýtarlega ræðu í gær, sem ég mun gera við nokkrar aths., og eins við það, sem síðasti ræðumaður sagði. Bæði hann og hv. 3. landsk. létu í ljós undrun yfir því, að málið kemur til umræðu, þó að ekki sé kært samkv. kosningal. Er undarlegt, að þessi hv. þm. Alþfl., sem hefur verið forseti Sþ., virðist ekki þekkja þingsköp. Í 5. gr. er einmitt gert ráð fyrir því, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp:

„Þingið getur við rannsókn úrskurðað kosningu ógilda, þótt ekki hafi kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess að fá skýrslu."

Það er eins og þessi hv. þm. hafi ekki vitað þetta, því að annars hefði honum ekki dottið í hug að gera aths. við það, að farin væri sú leið, sem þingsköp mæla fyrir. Það er engum vafa undirorpið, að það er ekki hægt að fara öðruvísi að. Það er kjósandi úr kjördæminu, sem sendir Alþingi þessa skýrslu sína. Og það var játað af þessum sama fulltrúa Alþfl. (HG), að þær sakir, sem bornar væru fram út af kosningunni, væru alvarlegar.

Ég kem þá að því, sem hæstv. ráðh. og sá, sem talaði síðast, gerðu mikið að, en það var að tortryggja þennan mann úr Snæfellsnessýslu. Ég held maður verði að biðja þessa góðu menn að athuga sinn gang. Þessi maður er fyrst og fremst kjósandi á Snæfellsnesi. Hann er enn fremur formaður í verkalýðsfélagi á Ólafsvík, þar sem eru 150 menn. Enn fremur er hann nú sem stendur fulltrúi fyrir þetta kjördæmi á stóru verkalýðsþingi, sem kemur saman hér í bænum. Það er þannig auðséð, að hann hefur traust hjá stærsta félaginu í Ólafsvík. Ekki nóg með það, heldur er auðséð, að þessi maður var ákaflega hátt á strái í Sjálfstfl. Ég hygg, að síðasti ræðumaður muni minnast þess, að fyrir kosningarnar í vor stóð hann upp í Ólafsvík og hélt ræðu með Gunnari Thoroddsen og málstað hans. Og í þessu bréfi, sem hefur ekki verið mótmælt af neinum kunnugleika, þá segir beinlínis, að á fulltrúafundinum, sem haldinn var í Ólafsvík, hafi hann verið viðstaddur. Það er auðséð, að viku fyrir kosningar er þessi maður staddur í innsta hring Sjálfstfl. í Ólafsvík. Og hann nefnir eina 6—7 þekkta menn flokksins í Ólafsvík — sumir eru mér kunnir — og eru helztu menn flokksins í Ólafsvík. Það er þess vegna langt frá, að þær röksemdir, sem hæstv. forsrh. kom með og einnig hv. síðasti ræðumaður, séu gildar frá þessu sjónarmiði. (GTh.: Má ég skjóta fram í? Þar sem þetta var gert 11. okt. og ég nefndur sem vitni, vil ég upplýsa, að þann dag var ég staddur í Stykkishólmi. Þetta sýnir eitt með öðru, hvílík endemi eru á ferðinni). Þetta á framígrípandi að skýra, þegar rannsóknin fer fram, og gat hann beðið með það þangað til. Því hefur ekki verið mótmælt af frambjóðanda Sjálfstfl., að þessi maður hafi verið í innsta hring flokksins, enda er það vitað. Hann var trúnaðarmaður, meðmælandi við framboð Gunnars 5. júlí og í innsta hring fram undir síðustu kosningar.

Enn fremur er hann formaður stærsta félagsins í Ólafsvík og fulltrúi þess á landsþingi hér í bænum. Þetta er allt og sumt, sem mér er kunnugt, — og bréfið, sem ég hef handa á milli. Það er því alveg tilgangslaust að reyna með almennum rökum að hnekkja þessum manni. Ef hann er svo svívirðilegur, hvers vegna hafa þeir til skamms tíma haft hann í þessum mannvirðingum? Það er einmitt sú aðstaða, að hann nýtur trausts í Ólafsvík, og í öðru lagi, að hann er hátt settur í flokknum, sem gerir hann trúlegt vitni. Hér liggja því þær ástæður til, að það var ekki hægt annað fyrir hvern þm., sem virti þingið nokkurs og vissi um þær misfellur, sem þessi kunni maður úr Sjálfstfl. bar fram, — ekki hægt annað en styðja að því, að þetta mál kæmi fram til umr. á þingi og verði rannsakað síðar. Og hv. fulltrúa Alþfl. vil ég segja, að það er beinlínis skylda Alþingis að láta rannsaka hverja þá kosningu og fresta að taka hana gilda, þar sem lítur út fyrir með sterkum rökum, að fjármagni hafi verið beitt til að hafa áhrif á margvíslegan hátt. Og við báða verkamannaflokkana vil ég segja það, að þeir eru á hæpinni leið, ef þeir sinna engu þeirri einu vörn, sem fátæklingarnir í landinu hafa gagnvart misfellum í kosningum, sem kunna að stafa frá þeim, sem auðinn hafa. Það er háskalegur leikur, ef þeir slá úr hendi það eina vopn, sem fátækir kjósendur hafa, og láta þær kosningar, sem bersýnilega eru framkvæmdar undir áhrifum fjármagns, óátaldar. Það er náttúrlega ekki alltaf hægt að sanna fyrir dómstólum þau áhrif, sem fjármagnið hefur. En það, sem skiptir máli með þessa kosningu, er þetta: Vilja þm., eða vilja þeir ekki, fresta kosningu, sem liggur ákaflega sterkur grunur á, að unnin hafi verið með fjármagni á margan hátt? Ef ekki, þá eru þeir að ýta undir þá menn, sem til eru í öllum þjóðfélögum, sem vilja beinlínis kaupa kjördæmin. Og þingið hefur engin önnur ráð en að ónýta kosninguna, ef sannað þykir, að fjármagni hafi verið svívirðilega beitt. Þjóðfélagið hefur þingið eins og kviðdóm, sem kveður á um sýknun og sekt.

Ég ætla þá að víkja fáum orðum að því, sem hér hefur verið sagt um bréf Kristjáns Jenssonar. Það er sérstaklega eftirtektarvert, að frambjóðandi Sjálfstfl. hefur reynt að afla sér vottorðs frá þessari konu, sem átti að hafa þegið peninga. Ég vil segja, að það er út af fyrir sig engin tæmandi sönnun, að konan gefi vottorð um það. Það, sem skiptir máli, er, hvort konan hefur sagt honum, að hún hafi tekið við 30 kr. af umboðsmanni Sjálfstfl., því að ef það er ekki sannanlegt, að menn þiggi mútur, þá eru þeir til með að bera það til baka. En ef þetta verður rannsakað, þá verður þessi kona krossyfirheyrð, og þá gæti komið í ljós, að hún yrði tvísaga við það vottorð, sem hún hefur gefið í dag. Þess vegna hefur það ekkert að segja, þó að hún hafi gefið það vottorð í dag, að hún hafi ekki þegið peninga. Spurningin er aðeins sú, hvað rétt er í málinu.

Ég kem þá að öðrum lið, manninum í Ólafsvík, sem er að vísu nokkuð vínhneigður, sem á að hafa látið þau orð falla, að hann kysi ekki, nema hann fengi vín. Þá kemur kosningasmalinn og hefur undir eins til vín, og það er enginn vafi, að vín hafa þeir haft ríkulega, hver sem hefur lagt það til. Hann virðist fá vínið, en er svo hreinskilinn að segja, að hann ætli ekki að kjósa frambjóðanda Sjálfstfl. Þá gæti sumum fundizt það vera sakleysismerki hjá kosningasmalanum, að hann telur ekki vínið eftir, en í mínum augum er það sönnun þess, að hann getur ekki gert annað. Hann er auðsjáanlega búinn að biðja manninn að kjósa eftir sínum vilja. Þá er ekki um annað að gera en að taka lipurlega á því og segja, að það komi sér betur, að hann kjósi svona. Þetta sýnir vinnubrögð þeirra smala, sem vinna með áfengi, þó að það virðist ekki hafa haft áhrif á þennan mann.

Þá kemur þessi yfirlýsing, sem Kristján Jensson segir frá af fulltrúafundinum. Það er enginn vafi, að Elinius Jónsson er einhver duglegasti kosningasmali Sjálfstfl. í Ólafsvík og hefur lengi verið það. Hann segir einmitt þessi gullvægu orð: „Ef einhver minna flokksmanna veit af einhverju fólki, sem hann vill gleðja fyrir kosningarnar, þá má hann vitja peninganna til mín.“ Þetta er ekki hægt að sanna til fulls, nema óhlutdrægur dómari rannsaki það, því að einföld neitun frá Eliníusi segir ekkert. Þá fyrst, er athugað er allt framferði hans, kemur í ljós, hvort hann hefur sagt þetta eða ekki, en það sjá allir, að hér er um að ræða stórfelldar mútugjafir.

Nokkru síðar segir sami maður, og því munu þeir kannske trúa, sem þekkja hans mikla dugnað, að hann hótar að vinna að því, að maður, sem hefur verið verkstjóri þar vestra fram undir 20 ár, verði sviptur starfi. Hann segist ætla að fara með það í stj. sína og fá hana til að reka manninn úr þessu starfi. Þetta sýnir enn eina hlið á þessum óleyfilega og andstyggilega kosningaundirbúningi, sem þjóðin veit, að er undirstaðan að því kjörbréfi, sem Gunnar Thoroddsen þykist ætla að fá hér. Það er þessi dúnsæng, sem Gunnar þykist ætla að sitja hér á í fjögur ár, — makleg og gleðileg byrjun á veru hans hér.

Það skýrir sig sjálft, þegar maður gengur fram hjá, og þá er sagt, að það sé vani að stinga að honum 50 kr., og sé bezt að gera það enn. Þetta bregður líka birtu yfir ekki aðeins það, sem gerzt hefur nú, heldur að það hafi verið vani að múta honum með 50 krónum.

Síðasta atriðið er engan veginn ómerkilegt, þar sem maðurinn með þessa góðlátlegu bendingu um, að vani hafi verið að gefa þessum manni 50 kr., fær rétt fyrir kosningarnar kassa úr Rvík með áfengi, „og voru engir verðmiðar á“. Það er smyglað, stolið vín, sem líka á að nota í þessum sama tilgangi, að hafa áhrif á skoðun kjósenda á kjördegi.

Ég vil í framhaldi af þessu, af því að mér finnst, að þessi frambjóðandi tali með nokkuð mikilli dýrðlni um frammistöðu sína, minna hann á eitt, sem er engum vafa undirorpið. Þar þarf ekki að deila um, hvað Kristján Jensson hefur heyrt eða Kristín Olíversdóttir sagt, því að þetta er á allra vitorði. Það er samkoma, sem var haldin í Ólafsvík, þar sem þessi frambjóðandi var á ferð og með honum einn flokksbróðir hans, núverandi hæstv. atvmrh. Öllu fólki í Ólafsvík voru send boðskort, líka framsóknarmönnum. Þar var mikið um vín og margir drukknir, en það vín var ekki komið frá Bjarna Bjarnasyni eða framsóknarmönnum. Ég vil taka fram, að Bjarni Bjarnason

er eini maðurinn hér á landi, sem hefur tekizt að standa fyrir stóru gistihúsi, 100—150 manna gistihúsi, án þess að þar hafi sézt nokkur maður með áfengi. Hann er sá skólastjóri, sem lengst hefur komizt í því að venja lærisveina sína af að nota áfengi. Þetta bregður enn skarpari birtu yfir kosningarnar, að sá maður, skólastjóri, alþm., húsbóndi á stóru heimili, sem hefur kannske betur en nokkur annar maður hér á landi barizt gegn andstyggilegri nautn áfengis, skuli falla þarna, þó að hann virðist hafa yfirgnæfandi fylgi allra þeirra manna, sem vert er að kjósi. — Sjálfstfl. hélt þessa samkomu, bauð á hana, og menn urðu ölvaðir strax. Á þessa samkomu var komið með loddara úr Stykkishólmi, sem söng svívirðilegar vísur í áheyrn Gunnars Thoroddsen um Bjarna Bjarnason til að lítillækka hann og sveitafólkið á Snæfellsnesi. Þegar framsóknarmenn, sem á fundinum voru og höfðu verið ginntir þangað með vinarboðum, heyrðu þetta, fóru þeir út, og þó sérstaklega, þegar hæstv. atvmrh. hélt ræðu um Bjarna Bjarnason fjarstaddan, sem líktist því, þegar hann sagði í útvarpið, að við framsóknarmenn værum nöðrur í Rvík. Það er Snæfellingum til sóma, að þeir uppleystu þessa samkomu. Svívirðing þessarar samkomu, níðingsskapurinn, siðleysið, að draga þarna inn óþverrastrák til að syngja svívirðilegar vísur um fjarstaddan andstæðing, ausa yfir hann óhróðri og fylgismenn hans, keyrði svo úr hófi, að fólkið þoldi ekki, en leysti samkomuna upp, en hún varð til minnkunar og er enn til minnkunar fyrir Gunnar Thoroddsen og verður lengi haldið á lofti. Þarna eru nógu mörg vitni, og frá þessu mun Gunnar Thoroddsen aldrei sleppa, þó að hann sleppi kannske frá kunningsskap sínum við Kristínu Ólíversdóttur. (Hlátur.) Ég hef tekið þetta dæmi, af því að það sýnir vel, hvaða blær það er, sem þessir menn setja á samkomuna. Og þegar ég lít yfir 25 ára kynningu mína af núverandi hæstv. atvmrh., sem er á svo margan hátt í fremstu manna röð sakir menntunar, gáfna og margra annarra kosta, þá undrast ég, að hann skuli, af því að hann komst inn í þennan hring, sem var utan um Gunnar Thoroddsen, hafa brotið þær reglur, sem venja er að fylgja, þó að hann fylgdi þeim ekki í útvarpinu.

Ég skal þá stuttlega víkja að hæstv. forsrh. Þó að Lloyd George sé merkur maður, þá er varla hægt að taka fyndni hans fyrir 60 árum og sjóða hana upp hér. Hún er sjálfsagt góð, en hefur engin áhrif hér. Jafnvel 60 ára gömul fyndni frá kosningunum í Englandi er gagnslaus hér í jafnalvarlegu máli. Hæstv. ráðh. lét orð falla um, að honum fyndist framkoma mín minna nokkuð á eldri viðskipti okkar. Það er rétt, að við höfum átt margs konar viðskipti og deilt um margt. Ég ætla að minnast á tvenn viðskipti okkar, sem líkjast mest þessum, þar sem mér finnst, án þess ég ætlist til nokkurs fylgis af honum, að eftir þeim viðskiptum, sem þar urðu, ætti hann að treysta minni dómgreind betur en sinni viðvíkjandi þessu stigi réttlætismála, úr því að hæstv. ráðh. fór að minnast á gamlar deilur okkar á milli, sem eru ríkulega bókfestar í þingtíðindunum. Annað þeirra er Hnífsdalsmálið, sem var stórkostlegt kosningasvikamál. Hitt er mál, sem stóð lengi milli okkar og margra annarra út af því, að veiðiskip hér við land fengju fyrirmæli úr landi um, hvernig þau ættu að haga landhelgisveiðum sínum og fregnir um verustaði varðskipanna. Í báðum þessum málum var rannsókn látin fram fara. Hæstv. ráðh. barðist á móti rannsókn í bæði skiptin og hefur vafalaust trúað, að hann hefði á réttu að standa, en reynslan varð sú, að hann hafði á röngu að standa, en ég á réttu að standa. Nú vil ég taka fram, að mér dettur ekki í hug um Hnífsdalssvikin, sem áttu að verða frambjóðanda Sjálfstfl. í vil, að fylgismenn þess flokks í Norður-Ísafjarðarsýslu hafi yfirleitt verið inni í svikunum; það voru aðeins fáir menn, en þeir ætluðu með svikum að hafa áhrif á kosninguna til framdráttar þeim flokki, sem Gunnar Thoroddsen fyllir nú. Hnífsdalsmálið var þannig, að sterkur grunur var á, að kosningin væri ólögleg. Þá hafði ég þá aðstöðu, bæði í stj. og eins sem þm., að það valt ekki lítið á mínum aðgerðum, hvort málið var rannsakað. Endirinn var sá, að málið var rannsakað og rekið með miklum dugnaði. Þetta var talsvert erfitt mál, því að eins og hæstv. ráðh. veit, þá átti flokkur hans hlut að máli. En svikin komust upp. Það hafði verið framinn glæpur til framdráttar frambjóðanda þessa flokks, sem þá hét Íhaldsflokkur. Ég bið því hæstv. ráðh. að telja mér til tekna siðferðilega, að mér tókst að láta þessa rannsókn fara fram og átti þátt í því, að svikin voru uppgötvuð. Þessi rannsókn varð til þess, að síðan hefur aldrei bólað á svona svikum. Það er því enginn vafi, að þessi barátta hefur haft stórkostlega siðbætandi áhrif á okkar pólitíska líf. En ef það hefði verið sofandi dómsmrh. eða hlutdrægur og vesall dómari, sem rannsakaði málið, þá hefði fólkið vitað um glæpinn, en sagt: „Það er ekki hægt að kæra, þjóðfélagið sefur, þeir, sem eiga að gæta réttlætisins, vilja ekki gera það.“ Ég vil á engan hátt líkja hæstv. forsrh. við það dýr, sem hann vildi draga inn í umr., en ég hef tekið þetta dæmi til þess að benda honum á, að þetta hefur komið fyrir, fyrst hann fór að gera lítið úr hæfileikum mínum, að hans dómgreind reyndist lakari en mín í Hnífsdalsmálinu.

Svo kemur annað mál, sem var miklu þrálátara. Ég vissi það, sem allir landkrabbar vissu, að sum veiðiskipin höfðu menn í landi til að segja þeim, hvar varðskipin væru. Ég reyndi í mörg ár að fá l. gegn þessu, en alltaf, þegar ég var rétt kominn að því að sigra, þá kom alltaf eitthvað fyrir, svo að málið komst ekki fram. Svo sterk voru þau öfl, sem þarna unnu á móti. Svo fór ég úr stj., en málið hafði verið vakið, og það vildi svo til, — ég held, að það hafi verið í sambandi við strandað útlent veiðiskip, að upplýsingar komust í hendur réttvísinnar, sem sýndu, að þetta skip hafði hjálparmenn í landi, sem gerðu það, sem við höfðum búizt við og átti að fyrirbyggja. Svo kom rannsóknin, sem sannaði, — mig minnir, að ekkert sannaðist á íslenzka togara, — en það sannaðist, að nokkrir Íslendingar höfðu staðið að þessu, og ég hafði haft á svo réttu að standa, að í raun og veru varð að breyta skipulagi varðskipanna, breyta um tegund varðskipa, vegna þess að svipuð svik voru svo stórfelld, að ekki var hægt að hafa stóru skipin, heldur varð að fá mótorbáta, og eftir að þeir komu, var miklu óhægara en áð-

ur að koma við þessum svikum. Ég vona, fyrst hæstv. ráðh. hóf máls á þessu með nokkrum lítilsvirðingarorðum í minn garð og minna aðgerða, að þessi dæmi minni hann á, að í þeim mörgu glímum, sem við höfum átt, og ég segi ekki, að ég hafi alltaf sigrað, þá hef ég þó í þessum tveimur viðureignum haf réttara fyrir mér en hann. Nú er þetta að vísu ekki fullkomin sönnun fyrir þessu máli, en það er þó það, sem það nær frá almennu sjónarmiði, svo að það er ekki til neins fyrir hann að lítilsvirða skoðun mína á réttlætismálum, því að það gengur of mikið á móti honum, ef litið er sögulega á það.

Hæstv. ráðh. sagði eina svolítið spaugilega setningu, og ég hef ekki á móti, að hún sé rædd nánar. Ég held, að hann hafi fundið til þess, að ekki var vel viðeigandi að bera það á Framsfl., að hann hafi unnið hverjar einustu kosningar með mútum og segir nú, að við höfum notað ríkisfé til að kaupa okkur fylgi. Ég vona, að hann skýri nánar, hvort hér er um að ræða einhverjar duldar greiðslur, sem ég eða einhver annar þm. eða trúnaðarmaður úr Framsfl. hafi stolið úr ríkissjóði og leynt, t. d. borgað einhverjum einstaklingum peninga, eða hvort það er, sem mér þykir sennilegra að hann meini, sem mér finnst rétt að rökræða nú, að við höfum varið almannafé þannig, að það hafi orðið okkur til aukins fylgis. Ég vil þar minnast á, að þegar Knud Zimsen var hér borgarstjóri, var höfnin byggð, og Bjarni Benediktsson, núverandi borgarstjóri, sendir út togara til að veiða í soðið handa bæjarbúum. Það má segja, að báðir þessir borgarstjórar hafi verið að kaupa sér fylgi bæjarbúa með því að láta bæinn leggja fé í þessi fyrirtæki, en ég álít, að bæði Knud og Bjarni séu réttlætanlegir fyrir þetta. Þarfar og skynsamlegar framkvæmdir hljóta alltaf að verða þeim til aukins álits, sem fyrir þeim standa, þó að þær séu kostaðar af almannafé. En mér finnst, að hæstv. ráðh. eigi að koma með dæmi um, hvar við framsóknarmenn höfum misbeitt áhrifum okkar í pólitík til þess að kaupa okkur atkv. Morgunbl. fær að standa fyrir sínum dómi, og það er rétt, að hann fái að standa fyrir sínum. Ég álít, að ekki sé nein meining í því fyrir hann að tala eins og Morgunblaðið gerir, því að ég veit, hvernig dómurinn fer um Morgunblaðið. Öll þessi orð þess verða dæmd dauð og ómerk, því að það getur ekki komið með neinar slíkar sögur. Ef ég segi, til þess að vera nú dálítið varasamari en Morgunblaðið, að Sjálfstfl. hafi unnið margar kosningar með mútum, þá gæti ég ómögulega staðið við það. Ég vil ekki segja, að hann hafi unnið einar einustu kosningar með mútum. Það er fjarstæða gagnvart hvaða fl. sem er að bera hann allan slíkum brigzlum. Segjum, að í Hnífsdalsmálinu hafi 5 menn af 700 kjósendum þar framið vítavert athæfi. Það er einn hreppstjóri, sem fremur það. Þessi svik gátu riðið baggamuninn. En það væri hrapallegt ranglæti að ætla að dómfella alla Norður-Ísfirðinga fyrir afbrot þessa eina manns. Eins er með Snæfellinga. Það er langt frá, að þessar kosningar séu frá okkar sjónarmiði Snæfellingum til minnkunar, heldur til hins mesta hróss. Þær hafa verið og eru mest umtalaðar af öllum kosningaþáttum þessa árs, vegna þess að í fyrri kosningunum sigrar maður á málstað og mannkostum og engu öðru móti venjulegum sterkum flokksmálstað og sæmilega hæfum, þó ekki allt of hæfum, frambjóðanda. Við síðari kosningarnar tekst þessum manni, sem Gunnar Thoroddsen vill láta líta svo út að hafi brotið af sér við fólkið í sumar, að hækka enn kjósendatölu sína, og þó hafði hann enga peninga, ekkert brennivín, engar hjálparsveitir, engan Elinius, engan Steinsen, enga Kristínu, ekkert síldarmjöl, ekkert nema sína persónu og sinn sterka málstað. En það, sem Snæfellingum þykir skömm að, eru þær sögur, sem sagðar eru af Snæfellsnesinu, það er brennivínið, peningagjafirnar, andstyggðin í Ólafsvík, síldarmjölsgjafirnar, sem alltaf verða tortryggilegar, þangað til þeir hafa gert hreint fyrir sínum dyrum, það er karlinn í Stykkishólmi, sem farið var með grátandi á kjörstað, það er þessi frekja, það eru þessir 20 menn úr Rvík, sem voru sendir vestur á Snæfellsnes, lágu þar við vikum saman og báru út um Bjarna Bjarnason álíka óhróður og grínsögur og grínsöngvarinn söng í níðvísum sínum í Ólafsvík.

Það, sem er sá varanlegi ávinningur, er, að Snæfellingar hafa vaknað til baráttu, ekki eingöngu pólitískt, heldur til viðreisnar héraðsins.

Hæstv. forsrh. sagði hér nokkrar gamansögur um misfellur, sem hefðu átt sér stað í kosningum. Það hefði verið sagt um mig, að ég hefði ætlað að kaupa kommúnistann í Þingeyjarsýslu til þess að hætta við framboð. Ég hygg, að Kristinn Andrésson hefði ekki þegið af mér peninga, enda datt mér ekkert slíkt í hug og þurfti ekki á neinu slíku að halda. Kristinn Andrésson hefur ekkert fylgi í Þingeyjarsýslu, og ég hef enga freistingu til að afla mér meira fylgis en ég hef. Það var meiri munur á mér og næsta frambjóðanda en í nokkru öðru kjördæmi á landinu. Ég skora á ráðh., þegar hann fer að flytja skáldskap inn í þingið til stuðnings máli sínu, hafi hann á því svolítið meiri veruleikablæ. Og ég skora á hann að draga enga fjöður yfir það, ef hann kemst að því, að framsóknarmenn séu að freista kjósenda með síldarmjöli eða víni. Ég vil ekki taka á móti neinum atkv. fyrir minn flokk með þeim hætti.

Það er mikil fjarstæða, sem borin hefur verið fram, að Jón Hallvarðsson hafi verið fulltrúi Framsfl. vestra. Miðstjórnin hefur aldrei beðið hann neins, og hann er henni alveg óviðkomandi.

Um það brigzl, að Bjarni Bjarnason hafi ætlað að múta með saumavélum, skora ég á frambjóðanda Sjálfstfl. á Snæfellsnesi að skrifa um opinberlega eða kæra til þingsins. Ef hann gerir hvorugt, lýsi ég hann opinberan ósannindamann að þeim dylgjum. Þá vil ég ekki láta þingmannsefnið sleppa alveg óskaddað frá þeim dylgjum, að Bjarni Bjarnason hafi lagt Snæfellinga í einelti. Það er þá fyrst frá því að segja, að þegar Hannes Jónsson fór að bjóða sig þar fram 1927, var sýslan undir verndarvæng Halldórs Steinssonar, föður Vilhelms þess, sem vinið gaf. Sýslan var eitt af mest vanræktu kjördæmum landsins. Einhver atvinnubótavinna var í þessari undarlegu hafnargerð, og á 13 árum var gerður 13 km langur vegur inn í sýsluna. Eftir að Hannes Jónsson fór að skipta sér af málum þar, gerðist það, að það var lagður og ruddur vegur frá Haffjarðará til Ólafsvíkur og Stykkishólms, byrjað var á vegum

víða annars staðar og byrjað að berjast fyrir vegi frá Sandi til Breiðuvíkur. Þetta verk stöðvuðu sjálfstæðismenn.

Þá sagði sami ræðumaður, að við hefðum fellt till. um fjárveitingar fyrir sýsluna. Ég man eftir einu tilfelli, 1934. Þá bar þm. kjördæmisins fram kröfu um 200 þús. kr. framlag handa Stykkishólmi. Við vitum allir, hvernig fjárhagsástæðurnar voru þá. Það varð að skammta öllum. Bjarni Bjarnason, sem um 8 ára skeið var aðaláhrifamaður fjvn. með Pétri Ottesen, hefur átt meiri þátt í því en nokkur þm. annar að hafa jöfnuð á fjárframlögum í kjördæmum. Ég skal taka eitt dæmi. Meðan Hermann Jónasson var vegamálaráðh., var svo mikill jöfnuður á þessu, að hann, sem var í vegalitlu kjördæmi og samgöngulitlu, fékk sömu upphæð og þm. Dal. og Snæf. Það er viðurhlutamikið af hv. ræðumanni að brigzla Bjarna Bjarnasyni þarna, því að einmitt fyrir hans atbeina hefur að undanförnu ríkt meira réttlæti í þessum málum en áður hefur þekkzt.

Ég vil að lokum endurtaka það, að ég álít, að það eigi að fara eins að nú og í Hnífsdalsmálinu, setja sérstaka rannsókn í málið og láta svo Alþ. taka ákvörðun. Snæfellingar virðast ekki hafa tapað neinu á því, þó að fulltrúi þeirra væri um skeið í öðru landi. Þingið leit á hagsmuni þeirra fyrir því. Eins mundi fara nú, þó að frestað væri að taka gilda kosningu.

Hvernig hugsa verkamannaflokkarnir sér að temja auðvaldið á Íslandi, ef ekki með þessu? — Það ríkir megn óánægja í landinu yfir skiptingu síldarmjölsins. Ég held, að frumástæðan til þess, að enn vantar mikið af því, sé, að ráðherrarnir eru of ókunnugir lífi fólksins í sveitunum. Heil héruð höfðu ekkert síldarmjöl fengið í fyrra. En það, sem liggur fyrir og ekki hefur verið á móti mælt, er bein vitneskja frá kunnugum manni og merkum bónda í Hnappadalssýslu. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skömmu fyrir haustkosningarnar tóku bifreiðar úr Rvík að flytja síldarmjöl í stríðum straumum nærri á flest heimili í Hnappadalssýslu. Fylgdi með vinsamleg kveðja frá gefendum, sem eru meðal helztu máttarstoða sjálfstæðismanna í Rvík. Einn bóndi varð þó algerlega útundan. Hann var nýfluttur í héraðið og á kjörskrá á Akranesi. Mjög eindregnir framsóknarmenn fengu ekkert af þessu gjafamjöli."

Aðalforstjóri Kveldúlfs hefur sent síldarmjöl á alla bæi í öðrum hreppi. Hæstv. ráðh. segir, að þetta firma hafi oft áður látið í té síldarmjöl. En umsögn hans er ekki í samræmi við umsögu kunnugra manna þar vestra. Hvaða nauður rekur þetta firma, sem oft — og stundum kannske ranglega — er blandað inn í pólitík, til að senda bændum síldarmjöl óbeðið? Ekkert annað firma hefur gert neitt slíkt. Og svo fær kaupfélagsstjórinn í Stykkishólmi ekkert síldarmjöl.

Verkamannaflokkafulltrúarnir eru kosnir af fátækum mönnum og frá flokksbróður þeirra kom fram eina verulega kritíkin á síldarmjölsgjafirnar. Ef þeir við þessa atkvgr. segja: Við viljum ekki fresta afhendingu kjörbréfsins, þá geta þeir ekki orðið hissa, þó að þeir reki sig á það næsta ár, að aðrir noti sömu aðferðir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hef ekki margt að segja umfram það, sem ég sagði í gær. Mergurinn málsins er sá, að í vasa hv. þm. V.-Húnv. er vélritað blað, undirskrifað af manni, sem í dag er orðinn þjóðkunnur af hinni fögru lýsingu formanns Framsfl., og þar bornar fram gróusögur, sem nú þegar eru að mestu leyti skjallega hraktar. Út af þessu kemur annar stærsti fl. þingsins og segir: Þetta skal valda því, að Snæfellingar verði umboðsmannslausir. Það er ekki eyðandi orðum að þessu. Það er Alþ. til vansa, að Framsfl. skuli látast tala í alvöru, þegar hann á þessum grundvelli vill fresta að taka kosninguna gilda. Setjum nú svo, að heyrzt hefði, að Jón Hallvarðsson hefði verið í þessu kjördæmi með brennivín, Jón Jónsson í öðru kjördæmi og Pétur Pálsson í hinu þriðja, og Passíusálmunum dreift út um allt, og Sjálfstfl. hefði sagt: Það má ekki taka gilda kosningu fyrr en við vitum, hvort þetta er satt. Hvar er þá komið öryggi þingsins og öryggi lýðræðisins sjálfs, ef hægt væri að eyðileggja kosningar með slíkum brögðum?

Formaður Framsfl. lýsti Kristjáni þessum Jenssyni glæsilega. Annað veit ég ekki um manninn. Formaðurinn segir, að hann hafi verið í innsta hring Sjálfstfl. Gaf ekki lýsing hans til kynna, að maðurinn væri svikari?

Varðandi síldarmjölstal hv. þm. vil ég segja, að ég vildi óska, að umr. yrðu um síldarmjölsmálið. Búnaðarmálastjóri vildi, að ríkisstj. hlutaðist til um, að haldið yrði eftir 6000 smál. af síldarmjöli. En ríkisstj. tryggði nærri tvöfalt það magn. Að eftirspurn bænda varð svo enn meiri, er ekki hægt að leggja ríkisstj. til lasts, heldur þvert á móti. Ég endurtek það, að útgerðarfélag það, sem um er að ræða, hefur um mörg undanfarin ar sent bændum síldarmjöl, og er engin furða, þó að það ykist á þessu ári, þar sem eftirspurnin jókst svo mjög.

Það er nú komið fram staðfest vottorð frá konu, sem í þessu fræga bréfi er sögð mútuþegi, um, að enginn hafi boðið henni mútur nokkru sinni. En formaður Framsfl. segir þá: Konan er lygari, hann Kristján veit, að hún þáði mútur. Þarna er ekki verið með illmælgi í garð kjósenda. Rógberanum ber að trúa, og í tilbót á að ljúga því upp á konuna, að hún gefi falsvottorð.

Ég hefði gaman af því, að Gunnar Thoroddsen og formaður Framsfl. færu saman í kjördæmi, þar sem mjóu munaði, t. d. í Vestur-Skaftafellssýslu eða Dalasýslu. Þá væri hægt að sannprófa, hvor glæsimennskan sigraði.

Ég ætla að enda þessi fáu orð mín með því að segja gamansögu. Kaupmaðurinn Zimsen hafði verkstjóra, gamlan og reyndan sjálfstæðismann. Zimsen kom til hans og bað hann að draga fánann við hún, — það var danski fáninn. Þá sagði þessi góði og mæti sjálfstæðismaður: „Bara ekki þetta, Zimsen." Og ég segi nú við þennan ágæta formann Framsfl., þegar hann kemur til mín og biður mig endilega að gera þetta og þetta í krafti fortíðarinnar: „Nei, bara ekki þetta, Zimsen."

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): Væri ekki rétt að gefa ofurlítið fundarhlé, til þess að 1. kjördeild geti unnizt tími til að koma saman?

Aldursforseti (IngP): Ég bjóst ekki við, að það tæki svo langan tíma að orða till., en get hins vegar vel fallizt á, að það sé ekki vandalaust, og mun gera 10 mín. fundarhlé. — [Fundarhlé].

Aldursforseti (IngP): Mér hefur borizt skrifl. till., sem ég hygg, að telja megi, að sé frá meiri hl. 1. kjördeildar, svo hljóðandi:

„Um leið og Alþ. samþykkir að fela kjörbréfan. að láta fram fara rannsókn af tilefni vottorðs Kristjáns Jenssonar í sambandi við kosninguna í Snæfellsnessýslu, ályktar það að taka kjörbref Gunnars Thoroddsens gilt."

Það er ekki hægt að bera hana upp nema í einu lagi, og sú er niðurstaða meiri hl. kjörd. En ég skal taka það fram, að hv. frsm. gat þess, þegar hann afhenti till., að hann ætlaðist til, að einnig yrðu athuguð atriði, sem fram hefðu komið í umr. Hins vegar ætlast ég ekki til, að neinar umr. fari fram um till., en finni hann ástæðu til að skýra hana enn frekar, leyfi ég honum það, og þar sem það hefur tekið svo langan tíma að orða till., og hún er öðruvísi orðuð en ég hefði gert, tel ég mig hafa haft fyllsta rétt til að óska, að hún kæmi skriflega fram.

Hermann Jónasson: Ég mun ekki hreyfa umr. um málið, en ég efa ekki — og vil, að það komi fram —, að þetta sé í samræmi við þingsköp, vegna þess að skv. þeirri gr., sem gerir ráð fyrir rannsókn, *er þessi heimild ekki til, nema* með því móti, að litið sé á vottorðið sem kæru, en það held ég, að sé ekki hægt. Í 4. gr. er svo ákveðið, að kjósa skuli n. til þess að prófa kjörbréf, sem síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þ. hefur frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi, er þegar eru teknar gildar. Þetta á nú að gera, en til þess þarf að liggja fyrir kæra, og hún hygg ég, að þurfi að liggja fyrir samkv. 140. gr. kosningal., áður en Alþ. kemur saman, og koma frá dómsmrn. Það er vel hugsanlegt, að kærur komi fram og þ. þyki ekki ástæða til að fresta að taka kjörbréf gilt, en vísi til rannsóknar, sem fram fari, og það mun átt við hér. Ég vildi, að þessi aths. kæmi fram.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Það hafa verið bornar þungar sakir á Sjálfstfl. og umbjóðendur hans og frambjóðendur í Snæfellsnessýslu. Og ekki nóg með það, heldur er getið um svipaðar sakir í fjölmörgum kjördæmum og látið í veðri vaka, að í öllum kosningum sé almennt farið að beita óleyfilegum ráðum, — stórkostleg kosningasvik hafi nú farið fram víða um land, og svona hafi það verið fyrr við kosningar. Yfirleitt virðast þm. sammála um þetta. Þá fer varla hjá því, að þetta er líka skoðun þjóðarinnar. Hvort sem rétt er eða rangt, er þetta ákaflega alvarlegt mál og ber að taka það alvarlegum tökum þegar í stað. Allir virðast sammála um, að rannsókn verði að fara fram á Snæfellsnesi. Hv. þm. S.-Þ. var að spyrja, hvernig Sósialistafl. héldi að færi í framtíðinni, ef tekið yrði vægt á þessu máli. Sósialistafl. vill ekki láta taka vægt á þessu máli. Hann vill láta hegna harðlega kosningasvikum og taka með því fyrir kverkar þeim orðrómi, sem annars yrði óviðráðanlegur, að hið borgaralega þjóðfélag landsins sé búið að koma svo mikilli spillingu í allar kosningar, að þær sé ekki að marka, — þær eigi því að afnema, eins og hópur manna í rauninni vill. Hitt er annað mál, að svona framferði verður ekki útrýmt, nema það sé upprætt, og ræturnar eru sjálft auðmagnsskipulagið, — kosningasvik verða ekki upprætt, nema völdin séu tekin úr höndum þeirrar auðmannastéttar, sem þessi hv. þm. var að tala um.

Nú mun verða samþ. að láta rannsókn fara fram, en *til álita kemur, hvort samþykkja eigi* kosninguna engu að síður. Það mundi vera mjög varhugavert að fresta samþ. kjörbréfs, nema málið lægi svo ljóst fyrir, að Alþingi gæti staðhæft kosningasvikin. Væri það hins vegar gert að reglu að fresta samþykkt kjörbréfs, ef fyrir liggja kærur eða grunsemdir, sem þó er örðugt að festa hendur á, gæti það orðið til þess að koma öllu starfi Alþingis í mesta öngþveiti, og slíkt fordæmi má ekki skapa fyrir nokkurn mun. Í þessu máli virðist ekki enn fenginn grundvöllur til að dæma kosninguna ólögmæta, og ber þá að taka kjörbréfið gilt að svo stöddu.

Væri hins vegar frestað að taka gilt kjörbréfið, væri rétt að fresta því einnig í öðrum kjördæmum, þar sem brytt hefur á grunsemdum um kosningarnar.

Enginn vafi getur leikið á því, að úrskurðarvaldið um lögmæti kosningar er hjá Alþingi. Sé *nú kosning þessa þm. tekin gild, en síðar sannist* fyrir dómstólum, að hún hafi verið ólögmæt, mun sá þm. verða sviptur kjörgengi, reynist hann sjálfur sekur. Ef hann og umboðsmenn hans reynast ekki sekir, væri kosningin e. t. v. talin gild þrátt fyrir aðrar misfellur. Ég álít, að réttur þingsins til að dæma kosninguna ógilda að lokinni rannsókn, rýrni ekkert, þótt hún sé tekin gild, meðan sakir eru ósannaðar, og skoðun mín styðst við ótvíræð ákvæði í stjórnarskránni. Í 5. gr. þingskapa segir að vísu: "Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi." En þetta ber ekki að skilja svo, að með gildistöku kjörbréfs sé úr skorið um lögmæti þess, því að í 4. gr. er talað berum orðum um rannsókn kjörbréfanefndar á kærum yfir kosningum, „er þegar eru teknar gildar." Að slíkri rannsókn lokinni og með aðstoð dómstóla, ef þarf, hefur Alþingi úrskurðarvaldið, alveg tvímælalaust, og til undirbúnings þeim úrskurði lætur það rannsaka málið. Ef þessu verður ekki *mótmælt með rökum, hlýt ég* að líta svo á, að það sé skilningur Alþingis, og þá er alveg burtu fallin alvarlegasta ástæðan til að fresta að taka kjörbréfið gilt. Ef þingsköp reynast sjálfum sér ósamkvæm um þetta efni og þar eru orð, sem hamla úrskurðarvaldi Alþingis að rannsókn lokinni, verður að breyta þeim, og mun Sósfl. þá bera fram till. í þá átt. En í því deilumáli, sem fyrir liggur, mun flokkurinn greiða atkv. með till. meirihl., og þar sem fyrir liggja sterkar grunsemdir um kosningar í ýmsum öðrum kjördæmum og það við allar kosningar, sem fram hafa farið síðan 1934, og þörf virðist að

rannsaka þær grunsemdir, mun Sósfl. vinna að því, að sú rannsókn, sem allir virðast fallast á að gera, verði mjög rækileg.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Skúli Guðmundsson): Hv. 5. þm. Reykv. (BrB) sér ekki ástæðu til að dæma þá kosningu ógilda nú þegar, sem um er deilt, og enginn hefur heldur farið fram á, að það yrði gert, aðeins að samþykkt hennar yrði frestað fyrst um sinn, unz frekari vitneskja liggur fyrir.

Það er mikið vafamál, hvort Alþ. getur, eftir að kjörbréf er samþ., vísað þm. burt af þingi, ef ekkert saknæmt sannast á hann persónulega, það er svipt hann kjörgengi, þótt misfellur reynist hins vegar meiri en svo á kosningunni, að hún hefði orðið tekin gild, ef í öndverðu hefði verið fengin um þær full vitneskja. Hv. 3. landsk. (HG) sagði, að kosningaúrslitin á Snæfellsnesi hefðu ekki verið vefengd. Eg vil benda honum á, að atkvæðamunur var mjög lítill. Gunnar Thoroddsen mun hafa fengið 762 atkv. að meðtöldum landslistaatkvæðum, en Bjarni Bjarnason 726. Þarna munar aðeins 36 atkv., og hefðu 18—19 kjósendur greitt atkvæði öðruvísi en þeir gerðu, gat það orðið Bjarni, sem kjörbréfið hefði fengið, en ekki Gunnar. Og mikið vantaði á, að Gunnar fengi helming greiddra atkv. á Snæfellsnesi, svo að ekki er gott að spá um úrslit, ef aftur yrði kosið.

Þó að hv. 3. landsk. geri talsvert úr því, að kosningin hafi ekki verið kærð formlega, játar hann, að það, sem fram hefur komið um hana, gefi ærnar ástæður til rannsóknar. Auk 1. gr. þingskapa vil ég benda á 5. gr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur.“ Það er aðeins slík frestun, sem um er að ræða. Hefði hv. 3. landsk. verið með frestuninni, ef formleg kæra hefði legið fyrir? Ég játa fyrir mitt leyti, að ég sé ekki þann eðlismun, sem það hefði gert á málavöxtum. Nú er komið annað hljóð í þann hv. þm. en áður var, þegar rætt var um slík mál. Á þingi 1928 var allmikið rætt um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu, þó að atkvæðamunur skipti hundruðum og ekki léki vafi á, hver hlyti þingsætið. Málið hafði einnig hlotið meiri athugun en nú, því að kosningarnar höfðu farið fram í júlí sumarið áður, 1927. En þingið vildi ekki samþ. kosninguna, fyrr en gengið yrði úr skugga um, hvort þm. hefði unnið sér til óhelgi í kosningunum eða yrði að teljast sýkn um það, sem í Hnífsdal hafði gerzt. Þeir stóðu þá hlið við hlið gegn ósómanum, hv. þm. S.-Þ. og hv. 3. landsk., en nú virðist hinn síðarnefndi vilja skipa sér annars staðar í flokk. Þangað virðist Sósfl. einnig stefna eftir ræðu hv. 5. þm. Reykv. (BrB) að dæma. Mig furðar minna á ræðu hæstv. forsrh. (ÓTh), þó að hann vildi snúa þessu alvörumáli eingöngu í „grín“.

Ein saga hans er sú, að hann hafi heyrt, að á einum kjörstað hafi nokkrir framsóknarbændur keypt sér kaffi og borgað með hundrað krónu seðlum. Hér þyrfti rannsóknar við. Í þessu gægist fram raunveruleg afstaða hans til bændastéttarinnar. Það er að hans dómi eitthvað athugavert við það, ef svo reynist, að bændur eigi hundrað króna seðla. Og þetta er sá hæstv. ráðh., sem kallaður hefur verið landbrh. nú um skeið.

Hv. þm. S.-Þ. hefur getið um sögur, sem ganga á Snæfellsnesi af einkennilegum síldarmjölssendingum frá Kveldúlfi. Þó að hæstv. ráðh. hafi nú talað tvisvar síðan, hefur hann ekki mótmælt þessu, heldur staðfest það.

Hæstv. forsrh. vildi gefa í skyn, að Kristján Jensson, sem gaf áður nefnt vottorð, mundi ekki vera áreiðanlegur maður. Ég skal ekki dæma um það, hvor þeirra muni vera áreiðanlegri, en benda má þó á það, að Kristján Jensson hefur gefið skriflega yfirlýsingu um þetta mál og ritað nafn sitt undir, þar sem hæstv. forsrh. lætur sér nægja að bera fram aðdróttanir án þess að geta heimilda eða nefna nöfn. Eins og hv. þm. S.-Þ. skýrði frá, hefur vottorðsgefandi verið í fulltrúaráði Sjálfstfl. í þessu kjördæmi. Ég segi ekki, að hann sé betri fyrir það, en sjálfstæðismenn hafa að minnsta kosti því minni ástæðu til að rengja hann.

Út af ræðu hv. þm. Snæf. er það að segja, að það er ekkert nýtt, að reynt sé í svona tilfellum að snúa sökinni á hendur þeim, sem hreyfa við ósómanum. En ég tel, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að hv. Alþ. geti ekki minna gert en fresta að taka kjörbréfið gilt, þar til málið er að fullu upplýst. Jafnvel þótt ekki væri um að ræða annað en það, að fyrirtæki hv. formanns Sjálfstfl. hefði dreift út síldarmjöli þarna í kjördæminu, á meðan verzlanir þar gátu ekki fengið þessa vöru til að fullnægja eftirspurn viðskiptavina sinna, væri það ærið rannsóknarefni.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): Hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. V.-Húnv. hafa báðir haldið því fram, að Alþ. hefði rétt til að fresta að taka kosningu gilda eða ógilda hana með öllu, jafnvel þótt ekki lægi fyrir niðurstaða rannsóknar. Þessu hefur enginn neitað. En það breytir ekki því, að í kosningal. og þingsköpum er gert ráð fyrir, að dómsmrn. sé send kæra, ef misfellur eru taldar á kosningu. Hv. þm. S.-Þ. vildi ósanna mitt mál með því að vitna í þingsköp til staðfestingar því, að þingið gæti frestað að taka kosningu gilda, en það á eingöngu við þau tilfelli, sem 1. gr. fjallar um. En ef aðeins er um það að ræða að fresta að taka kjörbréf gilt af öðrum ástæðum en þeim, sem um ræðir í 1. gr., þá tekur þingið slíkt ekki til meðferðar, nema kæra liggi fyrir. Tekið er fram, að kæruna skuli senda dómsmrn. innan 4 vikna frá því er kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþ. kemur saman. Er þetta ákveðið svo til þess, að fyrir Alþ. geti auk kærunnar legið umsögn þess, sem borinn er sökum. Er ætlazt til, að þeir, sem vefengja kosningu eða saka frambjóðanda um ólöglegt athæfi, búi málið svo vel í hendur Alþ. sem kostur er. Hv. þm. S.-Þ. spurði, hvort ég hefði greitt atkv. með því að fresta að taka kjörbréfið gilt, ef komið hefði fram kæra frá framsóknarmönnum. Ég get svarað því, að ef kæran hefði verið rökstudd á svipaðan hátt og kæra sú, sem lögð var fyrir þingið árið 1927, þá hefði ég greitt atkvæði með því. Málið hefði horft öðruvísi við, ef framsóknarmenn hefðu borið fram

löglega kæru, jafnvel þótt ekki hefðu legið fyrir fyllri upplýsingar. Ég vil biðja hv. þm. að athuga, hvernig fara mundi, ef sá háttur yrði upp tekinn að fara að fresta að viðurkenna kosningaúrslit af því einu, að einhver þm. gerir slíkan ágreining sem þennan. Hv. þm. S.-Þ. spurði mig, hvort mér þætti ekki meira öryggi fyrir lítinn flokk eins og Alþfl. felast í því, ef ekki væri nú farið að gefa það fordæmi, sem þeir fara fram á, er taka vilja kjörbréfið gilt þegar í stað. Ég verð að segja, að ég teldi öryggi smáflokka sízt betur borgið með þessu. Ég tel fulla ástæðu til þeirra getsaka, að ýmsir þm. kynnu að koma fram með svona ásakanir til þess að fá frestun á viðurkenningu nýrra þm., ef farið yrði að leyfa þessi vinnubrögð. Hv. þm. drap á kosningarnar í N.-Ísaf. 1927 og sagði, að afstaða Alþfl. hefði þá verið önnur. En þá lá líka fyrir ýtarleg, rökstudd kæra ásamt skýrslu, sem staðfest var af mörgum mönnum og hafði verið send dómsmálaráðuneytinu. Alþfl. hélt því þá fram, að sjálfsagt væri að fresta að taka kosninguna gilda, þar sem svo veigamikil rök voru fyrir hendi. En hvað gerðist? Framsfl. vildi taka kosninguna gilda þegar í stað og hafði sömu afsökun í málinu og Sjálfstfl. Svo leiðir rannsókn í ljós, að um stórkostleg kosningasvik var að ræða, og mátti raunar sjá það fyrir á þinginu. Mér er því ekki grunlaust um, að þessi afstaða Framsfl. nú stafi af því, að það var framsóknarmaður, sem hafði næsthæsta atkvæðatöluna á Snæfellsnesi.

Ég man fleiri kosningar, t. d. á Ísafirði 1923 og 1919. Þær voru teknar gildar, held ég, af Framstl. Í kosningunum 1919 sannaðist, að um var að ræða stórkostlegar mútur einstakra manna. Og Framsfl. vildi taka kosninguna gilda, þótt hann væri því raunar meðmæltur, að málið yrði rannsakað.

Að því er þetta mál snertir, leggur meiri hl. kjörbréfan. til, að rannsókn fari fram, og ég sé ekki, að það geti neinu breytt, hvort þm. sá, sem hlut á að máli, situr á þingi á meðan eða ekki. Ef rannsókn leiðir í ljós, að um sök hefur verið að ræða, er augljóst, að hann verður, hvort sem er, úrskurðaður af þingi. Og ég legg áherzlu á það, að sjálfsagt er, að rannsókn fari fram meðal annars á þeim sakargiftum, sem hér hafa komið fram um síldarmjölssendingar, því að í kosningal. er tekið fram, að bannað sé að bera fé á menn í kosningum. Það er auðvitað enginn vafi á því, að Alþ. eitt hefur vald til að taka kosningu gilda, fresta henni eða ógilda hana, en það rannsakar ekki málið. Tilgangur löggjafans er, að þetta sé undirbúið fullkomlega í hendur þingsins. Hins vegar mun ég auðvitað ekki leggja neinn dóm á það, hvort hér gæti verið um sök að ræða eða ekki.

Þá vildi ég gera athugasemd við eitt atriði í skálarræðu þeirri, er hæstv. forsrh. hélt hér í gær fyrir hv. þm. Snæf. Um leið og hann taldi upp ýmsa mannkosti hv. þm., hélt hann því fram, að hann hefði verið beittur rangindum er hann hlaut ekki prófessorsembætti það við háskólann, er hann hefði að réttu lagi átt að fá. Ég var ráðh. þá og vísa þessari ásökun á bug. Vildi ég, að hæstv. ráðh. hefði eins hreinar hendur í öllum málum og ég í þessu máli.

Út af því, sem hann sagði um áætlun viðskiptan. um síldarmjölsþörf bænda, vil ég benda á það, að þegar áætlunin var gerð í júlímánuði s. l., var ekki annað vitað en verðið yrði hið sama og verið hafði. En þegar Alþ. ákvað að færa verðið niður í 32 krónur, hlaut það að hafa í för með sér allmjög aukna eftirspurn, og var þá ekki von, að áætlunin fengi staðizt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég vænti þess, að þessar umr. séu brátt á enda. Málið hefur nú skýrzt svo, að ég þarf ekki að vera margorður. Ég vildi aðeins svara lítillega tveim þm., þeim hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. V.-Húnv. Það, sem ræður afstöðu þeirra, er það, að þeir trúa á vottorð Kristjáns Jenssonar sem heilagan sannleika. En þegar fram kemur vottorð frá konu einni í Ólafsvík, — vottorð, sem ég hef hvorki beðið um né keypt, eins og þeir hafa gefið í skyn, heldur fengið óbeðið, þá er það þessi kona, sem segir ósatt að þeirra dómi, en rógberanum á að trúa. Það hafa þegar verið afsönnuð nokkur atriði í bréfinu, en ég hef ekki hirt um að afla mér vottorða vestan að til að afsanna það í heild, enda hef ég þegar krafizt sakamálarannsóknar. Um fyrsta atriði bréfsins er það að segja, að sönnur hafa verið færðar á, að það er uppspuni einn, og staðhæfingin um fundinn í Ólafsvík fær ekki heldur staðizt, því að ég var þá staddur í Stykkishólmi og gat því ekki verið á þessum stað. En þessum hv. þm. dettur ekki í hug að *miða afstöðu sína við þessar staðreyndir*, heldur gleypa við lygasögunum.

Þetta mál mun nú ganga sinn gang. Allir eru sammála um, að rannsókn eigi að fara fram, og ég hef þegar gert ráðstafanir af minni hálfu til þess, að svo megi verða. Og ég vona, að hv. kjörbréfan. sofni ekki á málinu. En þó að ég hafi ákveðið að láta rannsókn fram fara, felst ekki í því nein viðurkenning á því, að nokkuð sé satt í þessu bréfi. Það er uppspuni frá rótum, og það vil ég fá sannað.

Hv. þm. S.-Þ. hélt því fram, að Snæfellsnessýsla hefði verið unnin með fjármagni. Það er furðulegt að heyra slíka ásökun af munni manna, sem standa að stærsta verzlunarfyrirtæki landsins, SÍS, sem hefur haft öllum fyrirtækjum betri aðstöðu til að beita áhrifum sínum á pólitískum vettvangi. (JJ: Hefur Sambandið mútað?). Það voru ekki mín orð, en allir vita, að þetta verzlunarfyrirtæki hefur verið notað í pólitískum tilgangi (JJ: Sannanir!), meðal annars með styrk til útgáfu *Tímans* og birtingu rógsgreina í honum, sem fleytt hafa mörgum framsóknarmanni inn á þing. Mörgum kotbóndanum hefur þótt þröngt fyrir dyrum, þegar þessir einvaldsherrar sóttu þá heim. Þetta verzlunarfyrirtæki hefur ábyggilega haft sín stóru áhrif á úrslit kosninga í fjölmörgum héruðum á undanförnum árum. Ég ætla, að margir bændur kannist við einvaldsklærnar þar, þær eru ekki alltaf mjúkar, en mjúkt er hjalið, þegar lofað er gulli og grænum skógum fyrir kosningar. Ég hygg, að ekki þurfi að fara út fyrir Snæfellsnes til að finna að því dæmin, hvernig kaupfélagsvaldinu hefur verið beitt í kosningabaráttu, t. d. á s. l. vori. Ég er ekki að segja, að kaupfélögin hafi beinlínis notað mútur,

en þau hafa notað hina sterku aðstöðu, sem þau hafa til áhrifa.

Hv. þm. S.-Þ. fór með nýjar slúðursögur. Nú var það svonefnt Ólafsvíkurball, sem átti að verða sjálfstæðismönnum til háðungar. Hann segir, að ég hafi farið þar með loddara og trúðleikara, og var að skilja svo, að hann ætti við hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. með þessum nafngiftum. Hann talar um níðræðu um Bjarna Bjarnason, og sýsluskrifarinn hafi verið fenginn til að fara með níðvísur um Bjarna. Það má vera, að hv. þm. S.-Þ. þoli hvorki gys né gaman um sig, hann hefur þótzt þurfa aðstoðar hins opinbera að banna slíkt til að losna undan því, en svo báglega er ekki öllum farið. Ég get fullyrt, að í gáskavísum þeim, sem þm. átti við, er ekki gengið nærri eins langt í skopinu og tíðkast í „revium" þeim, sem við eigum að venjast í Rvík og þykja ekki ósæmilegar. Þarna á að hafa verið mikil ölvun og samkomunni hleypt upp, og það telur þessi þm. Ólafsvíkingum helzt til sæmdar að hafa hleypt henni upp. Um þennan fund er satt bezt að segja, og ég þekki betur til hans en hv. þm. S.-Þ. Þar töluðu hæstv. atvmrh., ég og presturinn í Ólafsvík, hinar meinlausu gamanvísur var þar farið með. Enginn sást ölvaður. Loks þegar leið að samkomuslitum, heyrðist hávaði frammi við dyr. Maður, sem þekktur var að því að hafa tvisvar áður verið sendur til að hleypa upp samkomum í sérstökum tilgangi, birtist nú með ófögrum látum og tókst að gera nokkur samkomuspjöll, enda var þá brátt slitið fundi. Þessi unglingur var sendur, — og ekki fyrsta sinni — af framsóknarmönnum, sem notuðu sér, hvernig hann er gerður, til að fremja þessi lúalegu samkomuspjöll. Og þetta athæfi á að vera Ólafsvíkingum helzt til sóma. Nei, það er aðeins fáeinum framsm. til verðugs sóma. Mæli ég það ekki til Bjarna Bjarnasonar, af honum hef ég ekki reynt neitt slíkt. Persónulega hafa kynni okkar verið hin beztu, þó að á greindi um málefni.

Ég minntist á, að Framsfl. ætlaði ekki að gera það endasleppt við Snæfellinga. Ég minnti á, hvernig hvert hagsmunamálið af öðru hefði verið drepið fyrir þeim 1934, þegar Framsfl. réð mestu á þingi, hafði vegamálastjóri lagt til, að 19 þús. kr. yrði varið til vegabóta á Snæfellsnesi, en stjórnin skar það niður í 5 þús. Thor Thors bar fram till. um að hækka það upp í 19 þús. eins og ráðgert hafði verið, en hún var felld með atkv. hv. þm. S.-Þ., hv. þáverandi 2. þm. Árn. og annarra framsóknarmanna. Þá var einnig borin fram tillaga um að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Stykkishólms. Með eins atkv. mun var till. felld, allir framsóknarmenn voru á móti, þar á meðal sömu tveir þm., sem ég nefndi, og sagðist hinn fyrrnefndi vilja gera allt, sem í hans valdi stæði til að hindra samþykkt hennar. Þetta er skjalfest í þingtíðindum. Það er sannanlegt, að um mörg ár var rekin hefndarpólitík gegn þessu kjördæmi fyrir að senda ekki framsóknarmann á þing.

Hv. þm. S.-Þ. segir, að ég hafi oft „farið í kjördæmi", en þau ekki viljað mig. Það er nú eins og hann vill á málin líta. En ég er ákaflega hræddur um, að hann sé miður öfundsverður af því trausti, sem flokksmenn hans hafa borið til hans á síðari árum. Flokkurinn hefur ekki treyst sér til að setja hann aftur í ráðherrasæti, þó að ekki sé vafi um vilja hans sjálfs til þess, — ekki í forsætisráðherrasæti og ekki heldur í annað ráðherrasæti.

Ráðizt er á Sjálfstfl. fyrir það, að tregt hafi gengið að fullnægja síldarmjölspöntunum í haust og þó enn heiftarlegar fyrir það, að nokkrir bændur í Kolbeinsstaða- og Eyjahreppi hafi samt fengið síldarmjöl. Samkvæmnin í þessu er eins og við er að búast og hæfir tilganginum. Ég get búizt við, að skrif „Tímans" um síldarmjölsleysið hafi getað ýtt verulega undir bændur að panta mjöl frá því firma, sem þeir höfðu áður skipt nokkuð við og kynnzt að góðu. Mætti því að einhverju leyti þakka Framsfl. þessar eftirtöldu mjölsendingar.

Ég held, að þetta mál liggi ljóst fyrir. Ekki hefur verið kært yfir neinum misfellum, hið eina tortryggilega er þetta bréf, sem á dularfullan hátt hefur komið upp hjá hv. þm. V.-Húnv. og hann tekið að sér að bera fram fyrir hið háa Alþingi. Hann nýtur þinghelgi, svo að hann verður ekki látinn sæta ábyrgð fyrir sína framkomu. En ég vænti þess, að þegar málið hefur verið lesið niður í kjölinn, fái hann sinn sóma af því. Síðustu daga hefur verið leitazt fyrir um samstjórn allra flokka. Framkoma sú, sem þessi þm. virðist frumkvöðull að, er þá vægast sagt óheppileg, og því er verr, að svo lítur út sem hún sýni hinn sanna hug og heilindi Framsfl. til samstarfs, — með því að hefja nú slíka rógsherferð. Þeir framsóknarmenn, sem greiða atkv. með frestun, baka sér þunga ábyrgð.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Skúli Guðmundsson): Gunnar Thoroddsen hefur fengið „staðfest" skeyti frá konu í Ólafsvík. Þetta skeyti á að hans dómi að vera full staðfesting á því, að bréf það, sem ég hef birt þingheimi, styðjist ekki við rök. Hvernig lízt mönnum á, að sá er prófessor í lögum, sem heldur slíkri firru fram?

Hann var með árásir á kaupfélögin, en þorði þó sýnilega ekki að bera þau neinum ákveðnum sökum. Þá ásakaði hann Framsfl. um að hafa fellt till. um aukin fjárframlög á Alþ. 1934. Þá hafði Framsfl. samtök við Alþfl. um að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög. Það hefði orðið 5 millj. kr. tekjuhalli á árinu 1935, ef samþ. hefðu verið till., sem sjálfstæðismenn báru fram í fullu ábyrgðarleysi. Síðasta atriði ræðu hans, að ekki mætti spilla fyrir stjórnarsamvinnu flokka með því að fletta ofan af ósómanum, sýnir hvers konar friður það er, sem hann og e. t. v. fleiri úr flokki hans vilja skapa á Alþingi Íslendinga.

Út af ræðu hv. 3. landsk. (HG) skal ég taka fram, að ég var raunar ekki á þingi 1928, þegar rætt var um kosninguna í Norður-Ísafjarðarsýslu, en ef ég man rétt, stóðu um hana nokkuð langar umræður. Hann spyr, hver munur sé á því, hvort kjörbréfið sé tekið gilt nú eða seinna. Eins og tekið hefur verið fram, getur það orðið mikill munur, og sé einu sinni búið að taka kjörbréf gilt, er ekki hlaupið að því að ógilda það.

Jónas Jónsson: Hv. 3. landsk. misskilur 5. gr. þingskapanna. Þar segir skýrum stöfum, að taka

megi slík mál til rannsóknar, þótt engin kæra hafi borizt. Og þetta er háskalegur misskilningur hjá þm. Mér þykir leiðinlegt, að hann skuli ekki muna betur eftir Hnífsdalsmálinu. Og sízt þarf hann að undrast það, þó að ég taki slík mál alvarlega. Hann veit, að það var mest fyrir áhuga minn í málinu, að það var rannsakað niður í kjölinn. Það man hann með mér, að Jón Auðunn Jónsson sat hér dögum saman í hliðarherbergjum, af því að beðið var eftir rannsókn. Þá lá fyrir ákæra, en hún snerti aðeins fáein atkvæði, og atkvæðamunurinn var miklu meiri en nú er um að ræða. Þegar málið hafði verið athugað nokkuð eins og hér er farið fram á, var Jón Auðunn látinn fá kjörbréf.

Ég hef enga ástæðu til að kvarta undan álitsleysi samflokksmanna minna og jafnvel ekki andstæðinga, og get ég þar bent Gunnari Thoroddsen á vitnisburði, sem ég vona, að hann fyrirlíti ekki. Annað er blaðið Þjóðólfur, þar sem Árni Jónsson lætur nú í veðri vaka, að ég hafi eiginlega stjórnað Sjálfstæðisflokknum undanfarið, og hitt er Væklingur eftir Héðin Valdimarsson, nefndur Skuldaskil og fjallar m. a. um það, hvað ég hafi verið vel séður í Alþfl. eftir 1934 og haft þar blessunarrík áhrif. Ef minir svörnustu andstæðingar hafa slíkt álit á völdum mínum og afrekum, þarf ég manna sízt að kvarta um álitsleysi.

Ég vildi, að þessi hv. frambjóðandi hefði komið fram með hreinar sakargiftir gegn S. Í. S., en ekki þessar dylgjur sínar, sem ekki er hægt að ganga úr skugga um. Ég skora á hann að skýra frá því á prenti, hvað í þeim ásökunum átti að felast. Ef hann skýrir ekki frá því, — og það veit ég hann gerir ekki, — er hann maður að minni.

Ég skal gefa þessu þingmannsefni Sjálfstfl. einasta ráðið, sem hann getur haft til að hrósa „sigri“ sínum. Hann á að kannast við það, sem satt er, og segja: Á Snæfellsnesi var dönsk kúgun, sem merkti marga sýslubúa. Þeir, sem enn lifa þar af kúgurum og kúguðum, eru stuðningsmenn Gunnars Thoroddsens. En þar hafa líka komið menn, sem skapað hafa kaupfélögin og önnur samtök frjálsra manna, sem eru ekki stuðningsmenn Thoroddsens og ekki þjónar þeirra dansk-íslenzku labbakúta, sem eru fortíðarleif héraðsins. Það er spá mín, að þessi frjálsu samtök, sem mest hafa bætt hag fólksins, eigi eftir að frelsa það frá því valdi, sem þessi frambjóðandi berst fyrir, og fella yfir honum þann dóm, sem þarf.

Forsrh. (Ólafur Thors): Skilningur hv. 3. landsk. (HG) á hinu umdeilda atriði laganna fær að mínu viti engan veginn staðizt.

Varðandi till. viðskiptamálarn., hversu miklu skyldi haldið eftir af mjólí til þess að fullnægja þörfum bænda, þá má vel vera, að n. hafi ekki vitað að það var vilji Alþ., að þessi nauðsynjavara yrði seld bændum landsins fyrir neðan það, sem jafngilti markaðsverði erlendis. Ég skal því ekki ámæla n. fyrir till. hennar. En Búnaðarfélag Íslands, sem á að vera kunnugt þessum málum, vissi, að búið var að ákveða verðið 32 kr., þegar það gerði till. sínar. Það er tæplega til þess að ætlast, að landbrh. gangi lengra í þessu efni en Búnaðarfélag Íslands leggur til, en ég gekk þó og stj. helmingi lengra. Og það sýnir baráttuaðferð andstæðinganna, að þetta skyldi gert að ádeiluefni á stj. Ég tel réttlátt, að gefin verði út skýrsla um þetta af landbrn., og mun ég hlutast til um, að þar verði birt öll bréf milli viðskiptan. og Búnaðarfélagsins og landbúnaðarráðunevtisins.

Ræða hv. þm. V.-Húnv. er ein af mörgum ófögrum myndum af baráttuaðferð Framsfl. Hann sagði, að það sýndi hug minn í garð bænda, að ég hefði fárazt yfir, að bændur í ákveðnu kjördæmi hefðu borið á sér 100 kr. seðla. Ég sagði ekkert, sem gaf tilefni til þess. Ég get sagt honum, að *bæði úr hans kjördæmi og öðrum hef ég fengið* þakkir fyrir, að ég hafi á þessum stutta valdatíma mínum sem landbrh. komið fram í garð bænda með meiri skilningi en Framsfl. gerði á sínum langa valdatíma. Ég sagði þessa sögu, sem ég hafði heyrt úr einu kjördæmi, að eftir einn fund framsóknarmanna þar hefðu bændurnir, sem á fundinum voru, keypt sér kaffi og allir borgað með nýjum 100 kr. seðlum. Í mínum eyrum var þetta lygasaga, og ég tók fram, að þetta væri lygasaga, en sá munur er á mér og þessum hv. þm., að hann fer með sögurnar frá Kristjáni Jenssyni sem heilagan sannleika, þó að hann *skorti manndóm til að taka þær upp sem sitt* eigið mál.

Varðandi dreifinguna á síldarmjölinu þá er það að segja, að það félag, sem nefnt hefur verið í sambandi við það mál, er vitanlega sjálfrátt að, hvað það gerir við síldarmjöl sitt. Einn af forstjórum þessa fyrirtækis hefur í mörg ár beðið hann að útvega sér síldarmjöl, því að þeir hafa talið mjölið frá þessari verksmiðju öruggara að gæðum en það, sem ríkisverksmiðjurnar framleiða. Eins mun það hafa verið í haust, að þessum bændum mun hafa verið útvegað síldarmjöl frá þessari verksmiðju, auðvitað eingöngu eftir pöntunum. Ég er ekki óvanur árásum frá þessum hv. þm., en ég skal láta rannsaka, hvort hér er um nokkuð athugavert að ræða eða hvort þetta er aðeins róghneigð þessa hv. þm. og flokksmanna hans. Ég geri ráð fyrir, að þá komi í ljós annars vegar róghneigð þessa fl. og hins vegar, að þegar einhver annar en framsóknarmaður gerir bændum eitthvað til velþóknunar, þá er eins og rýtingi sé stungið í bakið á Framsóknarmönnum, sem einir þykjast hafa rétt til að starfa að málum bænda.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. S.-Þ. fái stutta aths., ef hann telur ástæðu til að svara þeim orðum, *sem ég beindi til hans.* Hann skoraði á mig að færa stað þeim orðum mínum, að Framsfl. hefði notað valdaaðstöðu sína sér og sínum fl. til framdráttar á kostnað ríkissjóðs! Ég skal verða við þeim tilmælum, og er reiðubúinn að fara fram á, að kjörbréfan. taki það líka til rannsóknar. En ég staðhæfi, að í valdatíð Framsóknar megi sýna fram á, að kjördæmi, sem voru honum ekki þóknanleg, voru ver sett en þau, sem fundu náð fyrir augum hans pólitískt. (**JJ:** Er það múta?). Já, það er múta, þegar hann vilnar þeim í, sem eru með honum. Það er eins og ég sagði við hann út af einni fjárveitingu: Þú fékkst 40 þús. og svo stalstu 400 þús., og ég er því fylgjandi, að kjörbréfan. rannsaki, hvað hefur farið til kjördæma framsóknarmanna og hvað hefur farið til kjör-

dæma andstæðinga þeirra. Ef það verður staðfest, sem ég hef sagt, þá skal ég éta allt ofan í mig -- (**JJ:** Það er eins gott fyrir hv. þm. að gera það strax.), en ef ég hef rök að mæla, þá vil ég, að hann viðurkenni, að kjarni míns máls er réttur.

Jónas Jónsson: Ég þarf ekki að segja nema örfá orð. Ég ætla við þær umr., sem fram fara um aukafjárveitingar, að leggja fram skýrslu um fjárveitingar, sem þeir Jakob, Magnús og Ólafur hafa látið fram fara fram yfir fjárlög á valdatíma sínum. Það getur líka verið, að athugað verði, hvað var fram yfir árið 1919, og svo skulum við sjá, hvernig taflið stendur.

Gunnar Thoroddsen: Háttv. þingm. S.-Þ. beindi til mín áskorun í sambandi við ummæli mín um Sambandið og kaupfélögin. Ég er tilbúinn að endurtaka þau ummæli, og ég skal lýsa yfir því, sem við báðir vitum, að Sambandið hefur meira og minna á undanförnum árum verið látið kosta málgagn Framsfl. og einnig verið látið halda líftórunni í þessum hv. þm. og þar á meðal verið látið byggja yfir hann luxusvilluna, sem hann býr nú í.

Hann segir, að kúgarar Snæfellsness hafi verið beztu stuðningsmenn mínir. Hann er ekki enn hættur rógi sínum um Snæfellinga. Ég vísa þessum orðum hans algerlega á bug. Ég býst við, að hann eigi hér við vinsælan kaupmann í Stykkishólmi. En ég held, að mér sé óhætt að leggja það undir dóm Snæfellinga, hvort sá maður muni vera kúgari þeirra.

Hann sagði einnig, að kaupfélögin á Snæfellsnesi hafi orðið til að auka andlegt frelsi. Mér finnst fara vel á því, að núverandi formaður menntamálaráðs tali um andlegt frelsi á Íslandi.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Skúli Guðmundsson): Út af síðustu ræðu hæstv. forsrh. vil ég biðja hv. þm. að festa sér í minni, að hann segir, að síldarmjölinu hafi verið úthlutað á Snæfellsnesi eingöngu eftir fyrirfram gerðum pöntunum.

Í sambandi við ummæli hans um, að við höfum verið með róg út af síldarmjölsmálinu, vil ég segja honum, að það er full ástæða til, að þingið taki til athugunar og láti rannsaka allan feril hæstv. stj. í því máli, því að eins og menn vita, var því fyrst haldið fram af stj., að nóg væri til af síldarmjöli í landinu, en tveimur dögum eftir kosningar kemur tilkynning um það, að menn geti fengið einhvern vissan part af pöntunum sínum, ég held 60—70%. Það er því ástæða til að rannsaka þetta mál. Hvað hefur hæstv. stj. gert af mjölinu, sem hún sagði fyrir kosningarnar, að væri til? Hvað hefur hún gert af því, eða hefur hún látið sér sæma að fara með tilhæfulaus ósannindi í útvarpið fyrir kosningarnar?

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég tek þessi ummæli hv. þm. V.-Húnv. sem samþykki Framsfl. fyrir því, að stj. láti gefa út opinberlega öll plögg í þessu máli, og það mun ég gera. Ég vil nú aðeins segja honum og þingheimi frá því, að landbrh. hefur í hverju spori, sem stigið hefur verið í þessu máli, haft skrifleg ummæli frá **Búnaðarfélagi Íslands.**

Eysteinn Jónsson: Það eru örfá orð út af þessum orðum hæstv. forsrh., af því að þeir þm. Framsfl., sem tekið hafa til máls, hafa nú ekki lengur ræðutíma.

Út af þessum almennu síldarmjölsúthlutunum í landinu, þeim upplýsingum, sem stj. gaf fyrir kosningarnar og skýrslum, sem hæstv. ráðh. segir nú, að stj. ætli að gefa út bráðlega, vil ég vekja athygli á því, að fyrir kosningarnar fór að bera á því, að bændur gátu ekki fengið síldarmjöl. Þá kom í útvarpinu tilkynning frá hæstv. stj. að menn skyldu vera rólegir, því að meira væri til af síldarmjöli en venjulega og þar að auki talsvert af öðrum fóðurbæti. Þetta var ítrekað og byggt á bréfum frá Búnaðarfélagi Íslands og Viðskiptanefnd. En þegar búið er á kjördegi að stinga síðasta seðlinum ofan í atkvæðakassann, gefur rn. út nýja tilkynningu um, að menn geti fengið afgreitt 60% af pöntunum sínum á síldarmjöli, og höfðu þá margir ekkert pantað, af því að þeim hafði verið sagt, að meira væri til en notað hafði verið árið áður. Ef hæstv. forsrh. ætlar að gefa skýrslu um þetta mál, vill hann þá ekki líka gefa skýrslu um, hvað orðið hefur af þessu síldarmjöli? Ef það er rétt, að birgðir hafi verið meiri en venjulega, hvers vegna fengu menn á stórum svæðum þá miklu minna en áður? Hæstv. ráðh. getur verið alveg rólegur, þó að hann gleymi að setja þetta í skýrsluna, þá mun nú samt verða gerð tilraun til að fá að vita, hvað orðið hefur af mjölinu.

Ég ætla að öðru leyti ekki að lengja umr., sem hér hafa farið fram um þá rannsókn, sem sérstaklega hefur verið rædd, en vil að endingu aðeins undirstrika, að því hefur verið haldið fram, að það síldarmjöl, sem Kveldúlfur lét bændur fá síðastliðið haust, hafi eingöngu verið látið eftir pöntun bænda. Ég vil biðja menn að muna eftir þessu, þegar niðurstaða þessarar rannsóknar liggur fyrir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég skal verða þess minnugur, þegar þessi skýrsla kemur út, að það skal verða tekið til greina, sem þessir hv. þm. fara fram á, að hún ber með sér, hvað orðið hafi af síldarmjölinu. Ég held, að ég muni rétt, að viðskiptan. og Búnaðarfélagið töldu, að bændur mundu þurfa milli 6 og 6500 mál. Ég held, að það sé líka rétt, að til hafi verið 8—8200 smál., m. ö. o. verulega miklu meira en áður hafði verið selt. Auk þess var til yfir 2000 tonn af fiskimjöli, sem að dómi margra jafngildir síldarmjöli, og sumir vilja það heldur. Ég held, að næringargildi þess sé minna, en ég man, að frá Vestmannaeyjum komu ákveðnar óskir um að fá eingöngu fiskimjöl, en ekki síldarmjöl. Þarna eru um 11 þúsund tonn í staðinn fyrir þau 6 þúsund, sem Búnaðarfélaginu og viðskiptan. héldu, að þyrfti. Talsvert af þessum pöntunum munu verksmiðjurnar hafa verið búnar að afgreiða að fullu, þegar stj. fékk að vita, að verzlununum höfðu borizt meiri pantanir en venjulega. Þá voru þegar gerðar ráðstafanir til að tryggja, að allir gætu fengið svo og svo mikinn hluta af því, sem þeir höfðu pantað. Þetta skal allt koma berlega í ljós, þegar skýrslan kemur út, og skal ég gera sem ég get til þess, að hún komi út svo fljótt sem unnt er.

ATKVGR.

Till. minni hl. 1. kjördeildar um að fresta að taka kjörbréf Gunnars Thoroddsen gilt og vísa kosningu hans til kjörbréfanefndar til frekari rannsóknar felld með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, PZ,[2] PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BSt, BÁ.

nei: EmJ, FJ,[1] GSv, GJ, GÍG, GTh, HG, IngJ, JakM, JPálm, JS, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB,[3] EOl, EE.

6 þm. (GÞ, GG, JJós, PHerm, PO, ÞB) fjarstaddir.

Aldursforseti (IngP): Þá liggur fyrir till. frá meiri hl. kjörbréfadeildar um að taka kosningu Gunnars Thoroddsens gilda og vísa málinu til kjörbréfan.

Jónas Jónsson: Ég vil benda á ef þessi till. er borin upp í einu lagi, að ekki er hægt fyrir þá að greiða atkv., sem álíta, að ekki eigi að samþ. kjörbréf Gunnars Thoroddsens að svo stöddu, en vilja láta rannsaka málið í kjörbréfan. Ég álít því rétt, að borið sé upp sér í lagi, hvort kosningin skuli tekin gild, og sér í lagi, hvort rannsaka skuli málið.

Aldursforseti (IngP): Mér skilst, að ef hér á að vera um rannsókn að ræða, þurfi það að koma fram skjallega í þinginu, svo að það sé meira en góðlátleg bending. Eftir allar þessar umr. virðist það komið í ljós, að menn vilji almennt, að þessi rannsókn fari fram. Ég óska því eftir, að meiri hl. kjörbréfadeildar komi fram með till. sína skrifl. Auk þess er það svo, eins og hv. þm. S.-Þ. hefur tekið fram, að þeir, sem eru í minni hluta og fresta vilja að taka kosninguna gilda, greiða atkv. með því, að rannsókn fari fram.

Eysteinn Jónsson: Það er til einföld leið til þess, að vilji Alþ. komi skýrt í ljós, sú, að kjördeildin samþ. að líta á þetta sem tvær till., þannig að fyrst verði borið upp, hvort rannsókn skuli fara fram, og síðan, hvort kjörbréfið skuli tekið gilt.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): Ég er ekki á móti því, að till. sé borin upp í tvennu lagi, og ég get skrifað upp till., en ætlun kjörd. var, að rannsókn færi fram á meintum misfellum í kosningunni. Ég get ekki nú náð saman meiri hluta kjörd., en skal skrifa till. upp.

Aldursforseti (IngP): Ég sé mér ekki fært að bera upp till. á annan hátt en að bera upp að vísa til kjörd. þeim meintu misfellum, sem átt hafi sér stað á kosningunni í Snæf. Mér skilst, að það geti orðið deildar meiningar um, hvað á að rannsaka. Vill ekki meiri hluti kjörd. skýra, hvað hann meinar. Ég skora á hv. frsm. að koma fram með till.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. -- Ég mun ekki blanda mér í þetta mál, nema til þess að taka það fram, að það er engan veginn skylt, og forseti getur ekki skyldað þm. til að koma fram með skrifl. till., ef till.menn vilja hafa hana munnlega. Ég vil vísa til 4. gr. þingskapanna að málinu verði vísað til rannsóknar samkv. henni.

Hermann Jónasson: Það er augljóst mál, að þótt kæra liggi ekki fyrir, þá getur þingið frestað að taka kosninguna gilda eins og hér hefur verið stungið upp á, þangað til rannsókn hefur farið fram. Með ákvæðinu um, að kæra skuli hafa borizt, áður en þing kemur saman, á að fyrirbyggja, að kærur geti í vissum tilfellum verið að berast allt kjörtímabilið. Fram hjá því verður ekki gengið samkv. 4. gr. þingskapa, að hlutverk kjörbréfan. er þrennt: Að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum og kjörgengi, er þegar eru teknar gildar. Samkv. 140 gr. kosningal. er ákveðinn frestur fyrir kærur, sem berast, ef þær eiga að vera teknar gildar. En í næstu gr. á eftir er ákvæði um, að kæra megi til dómstólanna. Rétturinn til að kæra til þingsins er takmarkaður við þennan vissa tíma, en kærur til dómstólanna er hægt að bera fram hvenær sem er. Og ef þessi kjörbréfan., sem á að rannsaka þetta mál, telur kosningu vítaverða, á hún að bera fram till. um að vísa málinu til dómstólanna.

Aldursforseti (IngP): Umr. um þetta mál eru nú orðnar alllangar, og nú er byrjað á ný að ræða þessa till., sem hér hefur legið fyrir. Ég lít svo á, að þessi till. brjóti ekki í bág við þingsköp, og þess vegna mun ég bera hana undir atkv. En það verður að koma síðar fram, hvort kjörbréfan. telur sér skylt samkv. 4. gr. að fara eftir því, sem þingið hefur lagt fyrir hana.

Ég vil óska þess, að þeir, sem hér taka til máls, reyni að takmarka mál sitt sem mest, því að ég held, að frekari umr. hafi ekki veruleg áhrif á málið.

Jónas Jónsson: Það er aðeins út af atkvgr. Þar sem meiri hl. hefur ekki séð sér fært að orða till. þannig, að hana megi bera upp í tvennu lagi, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. um hana.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): Ég vil taka fram út af því, sem hv.

---

1) **FJ:** Þar sem enginn af þm. Framsfl. hefur viljað leggja nafn sitt við þá umsögn, sem fram hefur komið um kosninguna, og engin formleg kæra liggur fyrir, þó að til þess virtist full ástæða eftir þeim alvarlegu ásökunum, sem hér liggja fyrir, sé ég mér ekki fært að vera á móti því, að kosningin sé tekin gild, og segi því nei.

2) **PZ:** Enda þótt ég telji, að hér á þingi sitji þrír menn, sem kalla mætti fékjörna, en hér hafi aðeins verið rætt um einn, segi ég samt já.

3) **BrB:** Með skírskotun til réttar Alþingis til að fella úrskurð um kjörbréf Gunnars Thoroddsens, þegar niðurstaða rannsóknarinnar liggur fyrir, enda þótt það sé gert nú, segi ég nei.

þm. Str. sagði um hlutverk kjörbréfan., að það útilokar engan veginn, að Alþ. geti falið henni eins og hverri annarri n. með sérstakri samþ. að taka ákveðin mál til meðferðar, og það er það, sem þingið gerir, ef þessi till. er samþ. Hvernig n. hagar sér, hvort hún lætur rannsókn fara fram eða gefur skýrslu, því verður n. sjálf að ráða, en að lokum hlýtur n. að gefa skýrslu til Alþ.

Sigurður Kristjánsson: Ég hafði gert ráð fyrir, að hæstv. forseti mundi bera þetta mál þannig upp, að hægt væri að greiða atkv. um það. Nú er svo með mig, að það er fjarri minu skapi að greiða atkv. með því, að lygasaga sú, sem hv. þm. V.-Húnv. dró upp úr vasa sínum og enginn veit, hvernig er þangað komin, fari til n. til rannsóknar. Ég mun því ekki greiða atkv. um gildistöku þessarar kosningar, ef jafnframt á að greiða atkv. um slíka smán sem það er fyrir Alþ., að þessi lygasaga fari til þingnefndar og sé þar rannsökuð. Ég vil því alvarlega skora á hæstv. forseta að bera kosninguna hreinlega upp hér og þá síðan, hvort menn vilja gera meiri eða minni sóma þessarar lygasögu.

Aldursforseti (IngP): Ég vil taka fram út af þessari áskorun, að ég tel mér ekki heimilt að taka fram fyrir hendurnar á meiri hl. kjörbréfadeildar með því að bera upp í tvennu lagi till., sem hún hefur borið upp sem eina heild. Þar að auki er till. þannig orðuð, að ekki er hægt að bera hana upp í tvennu lagi nema orðalagi hennar sé breytt.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil benda á, að þegar þingið hefur frestað að taka kosninguna gilda, þá skilst mér, að samkv. 5. gr. hafi þingið ekki heimild til að taka málið upp til rannsóknar á þeim grundvelli, sem meiri hl. kjörbréfadeildar leggur til. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi, en gerir það því aðeins, að kært sé yfir þeim."

Þetta stendur því skýrum stöfum, og ef þingið hefur sleppt því tækifæri, sem um hefur verið rætt, þá skilst mér, að ekki sé hægt að taka málið upp á þennan veg samkvæmt þessu ákvæði, sem stendur skýrum stöfum í 5. gr., að þingið taki ekki upp hjá sjálfu sér rannsókn á kosningu, nema kært hafi verið yfir henni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég held, að hæstv. forseti ætti að nota vald sitt til að bera till. upp. *Meiri hl. hefur borið hana fram og óskar* eftir að sjá, hvaða fylgi hún hefur innan þingsins. Það er ósk meiri hl., að þessi lygasaga verði rannsökuð til fulls. Ég er ekki á sama máli og hv. 7. þm. Reykv., get vel greitt atkv. um till. eins og hún er, af því að hún fer fram á, að málið verði rannsakað til hlítar. Ég óska því, að till. verði borin upp og þetta málþóf látið niður falla, sem vissulega er orðið *lengra en sæmd hv. Alþingis* leyfir.

ATKVGR.

Till. meiri hl. 1. kjördeildar samþ. með 32:1 atkv.

Fundi frestað til næsta dags.

Fimmtudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis, var fundinum enn fram haldið.

Aldursforseti las upp bréf frá Einari Olgeirssyni, þar sem hann óskaði þess f. h. Sósfl., að heimilað yrði, að varamaður Þórðar Benediktssonar, 2. landsk., er lá veikur, tæki sæti á þinginu. Fól forseti 1. kjördeild að athuga kjörbréf hins væntanlega þm. Að þeirri athugun lokinni tók þingið málið til meðferðar.

Frsm. 1. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): 1. kjördeild hefur fengið til athugunar kjörbréf Þórodds Guðmundssonar, sem er 1. uppbótarþm. Sósfl. til vara, og leggur hún til, að það verði tekið gilt. Á meðferð málsins er að vísu sá formgalli, að 2. landsk., sem þessum varaþm. er ætlað að mæta fyrir, hefur ekki sent beiðni um það sjálfur. En þar sem svo stendur á, að hann er nýlega skorinn upp, verður að telja þetta eigi óeðlilegt. Samkvæmt 144. gr. þingskapa á varamaður að sitja á þingi minnst tvær vikur, ef hann tekur þar sæti. Ég legg þá til, að kjörbréfið sé tekið gilt.

ATKVGR.

Samþ. með 35 shlj. atkv. að taka gilt kjörbréfið, og undirritaði hinn nýi þm. drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Kosning forseta.

Þá lét aldursforseti fram fara kosningu forseta Sþ. Kosninguna varð að þrítaka. Við fyrstu atkvgr. hlaut Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm., 21 akv., Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm., 20 atkv. og Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., 10 atkv.

Við aðra atkvgr. féllu atkv. á sömu leið. Þar sem enginn hafði hlotið meiri hl. greiddra atkv., var kosið hlutbundinni kosningu um þá tvo þm., er flest fengu atkv. við síðari óbundnu kosninguna, og fór þá svo, að kosningu hlaut

Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm., með 21 atkv. — Gísli Sveinsson fékk 20 atkv., en 9 seðlar voru auðir og einn ógildur.

Haraldur Guðmundsson gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann síðan fram fara kosningu fyrri varaforseta Sþ. Kosningu varð að þrítaka. Við fyrstu atkvgr. hlaut Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm., 20 atkv., Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr., 14 atkv., Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., 10 atkv., og Finnur Jónsson, þm. Ísaf., 6 atkv., en *einn seðill var auður.* Við aðra atkvgr. *féllu* atkv. á sömu leið, nema Finnur Jónsson hlaut 7 atkv., en enginn seðill var auður. — Þar sem enginn hafði hlotið meiri hl. atkv., var kosið bundinni kosningu um þá tvo, sem flest höfðu fengið atkv. við síðari óbundnu kosninguna, og fór þá svo, að Gísli Sveinsson hlaut 20 atkv., Bjarni Ásgeirs-

son 14 atkv., en auðir seðlar voru 17. Lýsti þá forseti yfir því, að rétt væri kjörinn sem 1. varaforseti sameinaðs þings

Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.

Þá fór fram kosning 2. varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv., með 20 atkv. — Bjarni Ásgeirsson fékk 13 atkv., Finnur Jónsson 5 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þá voru kosnir skrifarar sameinaðs Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var SkG, en á B-lista SK. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar í sameinuðu þingi án atkvgr.:

Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. og
Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar, A, B og C. Á A-lista voru ÁkJ, FJ. Á B-lista HermJ. Og á C-lista ÞÞ, PM. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru í kjörbréfanefnd án atkvgr.

Þorsteinn Þorsteinsson,
Áki Jakobsson,
Hermann Jónasson,
Pétur Magnússon,
Finnur Jónsson.

Kosning til efri deildar.

Loks skyldi kjósa 17 þingmenn, að viðhafðri hlutfallskosningu, til þess að skipa efri deild. — Fram komu fjórir listar, er forseti merkti A, B, C og D, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn til efri deildar, og samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Af A-lista: Haraldur Guðmundsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.
Af B-lista: Bernharð Stefánsson,
Hermann Jónasson,
Ingvar Pálmason,
Jónas Jónsson,
Páll Hermannsson.
Af C-lista: Brynjólfur Bjarnason,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Kristinn E. Andrésson.
Af D-lista: Bjarni Benediktsson,
Eiríkur Einarsson,
Gísli Jónsson,
Lárus Jóhannesson,
Magnús Jónsson,
Pétur Magnússon,
Þorsteinn Þorsteinsson.

Þingfararkaupsnefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 20. nóv., var tekin til meðferðar **kosning þingfararkaupsnefndar.**

Fram komu þrír listar, A, B, og C. — Á A-lista voru ÁkJ, ÁÁ, á B-lista PZ, á C-lista SK, SEH.— Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson,
Áki Jakobsson,
Páll Zóphóníasson,
Sigurður E. Hlíðar,
Ásgeir Ásgeirsson.

Kosning fastanefnda.

Á sama fundi var tekin á dagskrá kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (HG): Mér hafa borizt tilmæli um það frá Framsfl., að kosningu fjvn. verði frestað, þar sem vantar einn þm. flokksins, en kemur væntanlega á morgun. Samkv. þingsköpum á að kjósa fastanefndir á 2. fundi, og mun ég því fresta fundinum nú.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil beina athygli hæstv. forseta að því, að þessi frestun tefur störf þingsins um einn dag. Mér virðist því ekki annað fært en að kosningum n. í deildum verði einnig frestað, þar til séð er, hvernig kosningin í Sþ. fer. Verði kosning látin fram fara á mánudag, ræður hlutkesti um, hvor fer í fjvn., 4. maður Sjálfstfl. eða 3. maður Framsfl., en eftir því, hvernig það fer, mun Sjálfstfl. raða mönnum sínum í aðrar n. Ég vil, að þetta komi skýrt fram, og þessi frestur er þá á ábyrgð Framsfl.

Jónas Jónsson: Út af þessari aths. vil ég segja, að við, sem höfum átt sæti á Alþ. eins lengi og bæði ég og hæstv. forsrh., höfum séð annað eins og að kosningu einnar n. væri frestað um einn dag. Mér þykja þetta því ómakleg orð, sem hæstv. ráðh. mælir til okkar framsóknarmanna.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég verð að segja, að Framsfl. hefur sýnt undanfarna daga, að hann gerir sér leik að því að tefja þingið. Ég er ekki að mæla á móti, að þessi frestur verði veittur, en vildi aðeins skýra hæstv. forseta frá, hvaða afleiðingar það hefði.

Jónas Jónsson: Ég álít, að það skipti ekki miklu máli, hvort þessi n. er kosin deginum fyrr eða seinna, en það er kurteisi í garð manna, sem ekki hafa enn komizt til þings og hafa að undanförnu átt sæti í fjvn., að fresta kosningu n., þangað til þeir eru komnir. Hins vegar er alveg óþarfi að fresta kosningum í d. fyrir það, og vísa ég slíku heim til föðurhúsanna.

Forseti (HG): Ég tel eðlilegt að verða við þessari ósk Framsfl., en deildirnar taka ákvarðanir um, hvort kosningum þar verður frestað.

Fundi frestað.

Mánudaginn 23. nóv. var fundinum fram haldið og kosningarnar teknar til meðferðar.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru LJós, FJ, ÞG, á B-lista EystJ, JJ, HelgJ, á C-lista PO, ÞÞ, SEH, SK. — A-listi hlaut 16 atkv., B-listi 16 atkv., en C-listi 20 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir í nefndina:

Pétur Ottesen,
Lúðvík Jósefsson,
Eysteinn Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Finnur Jónsson,
Jónas Jónsson,
Sigurður E. Hlíðar,
Þóroddur Guðmundsson,
Helgi Jónasson.

2. Utanríkismálanefnd.

Fram komu þrír listar, A, B, og C, með samtals jafnmörgum nöfnum aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:

Af A-lista: Einar Olgeirsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.
Af B-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Hermann Jónasson.
Af C-lista: Ólafur Thors,
Magnús Jónsson,
Jóhann Jósefsson.

Varamenn:

Af A-lista: Brynjólfur Bjarnason,
Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Eysteinn Jónsson,
Páll Zóphóníasson.
Af C-lista: Garðar Þorsteinsson,
Bjarni Benediktsson,
Pétur Magnússon.

3. Allsherjarnefnd.

Fram komu þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru SigfS, ÁÁ, á B-lista PZ, SÞ, á C-lista GSv, GJ, GTh, eða samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Gísli Sveinsson,
Sigfús Sigurhjartarson,
Páll Zóphóníasson,
Gísli Jónsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Sigurður Þórðarson,
Gunnar Thoroddsen.

B.
Í efri deild.

Árið 1942, fimmtudaginn 19. nóv., kl. 8 síðdegis, var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Gísli Jónsson, þm. Barð.
6. Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
7. Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
8. Hermann Jónasson, þm. Str.
9. Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Kristinn Andrésson, 7. landsk. þm.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
14. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
15. Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
16. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Allir deildarmenn voru á fundi nema Páll Hermannsson, sem var ókominn til þings.

Aldursforseti deildarinnar, Ingvar Pálmason, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Eirik Einarsson og Bernharð Stefánsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosninguna varð að tvítaka. Við fyrri atkvgr. hlaut Steingrimur Aðalsteinsson 5 atkv., Ingvar Pálmason 4 atkv., Guðmundur Í. Guðmundsson 2 atkv., en 5 seðlar voru auðir. Við síðari atkvgr. hlaut kosningu

Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm., með 7 atkv. — Ingvar Pálmason fékk 4 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.,

með 7 atkv. — Ingvar Pálmason fékk 4 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Gísli Jónsson, þm. Barð.,

með 7 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PHerm. Á B-lista EE. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., og
Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Þá skyldi hluta um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Ég vildi leyfa mér að stinga upp á því, að þessi hv. d. fylgdi nokkuð gamalli venju um að leita afbrigða frá þingsköpum um að fella niður hlutun um þingsæti í d. og að hv. þm. séu í þeim sömu sætum á þessu þingi, er þeir hafa setið í áður. Bið ég hæstv. forseta að bera upp þá till.

Afbrigði um till. leyfð og till. sjálf samþ. með 15 shlj. atkv.

En þm. höfðu tekið sér sæti sem hér segir:

5. sæti Hermann Jónasson,
6. — Jónas Jónsson,
7. — Ingvar Pálmason,
8. — Bernharð Stefánsson,
9. — Haraldur Guðmundsson,
10. — Guðmundur Í. Guðmundsson,
11. — Brynjólfur Bjarnason,
12. — Kristinn Andrésson,
13. — Þorsteinn Þorsteinsson,
14. — Gísli Jónsson,
15. — Bjarni Benediktsson,
16. — Lárus Jóhannesson,
17. — Pétur Magnússon.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 20. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Forseti (StgrA): Samkv. dagskrá þessa fundar átti að kjósa í fastanefndir d., en þar sem nú hefur verið frestað fundi í Sþ., en í þingsköpum er áskilið, að kosning nefnda skuli fara fram í Sþ., áður en kosið er í nefndir í deildum, mun ég fresta fundi nú og boða framhald fundarins með dagskrá.

Mánudaginn 23. nóv., kl. 2,15 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Forseti (StgrA): Það mun hafa verið venja, að 3 menn sætu í hverri fastanefnd Ed., en þingsköp leyfa að fjölga þeim í 5 menn.

Pétur Magnússon: Eins og forseti tók fram, hefur verið venja deildarinnar, að fastanefndir væru skipaðar 3 mönnum. En þar sem Ed. er nú skipuð 17 mönnum, þykir ekki ástæða til þess, og vænti ég, að hv. d. fallist á, að þær 3 n., sem mest mæðir á, fjhn., landbn. og allshn., skuli skipaðar 5 mönnum hver, og geri það að till. minni.

Forseti (StgrA): Ég skil till. svo, að með samþykkt hennar yrði ákveðið um leið, að aðrar n. verði skipaðar 3 mönnum eftir venju.

ATKVGR.
Till. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fram komu við kosningu hverrar n. 3 listar, A, B og C, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu n. svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Pétur Magnússon (C),
Haraldur Guðmundsson (A),
Bernharð Stefánsson (B),
Lárus Jóhannesson (C),
Steingrímur Aðalsteinsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Gísli Jónsson (C),
Brynjólfur Bjarnason (A),
Ingvar Pálmason (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (C),
Kristinn Andrésson (A),
Páll Hermannsson (B),
Eiríkur Einarsson (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Jónsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A),
Ingvar Pálmason (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Jónsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A),
Páll Hermannsson (B).

6. Menntamálanefnd.
Eiríkur Einarsson (C),
Kristinn Andrésson (A),
Jónas Jónsson (B).

7. Allsherjarnefnd.
Bjarni Benediktsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Lárus Jóhannesson (C),
Brynjólfur Bjarnason (A).

C.
Í neðri deild.

Árið 1942, fimmtudaginn 19. nóv., kl. 4 síðdegis, var fyrsti fundur neðri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
7. Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
8. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
9. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
10. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
11. Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
12. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
13. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
14. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
15. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
16. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
17. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
18. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
19. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
20. Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
23. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
26. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
27. Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
28. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
29. Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
30. Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
31. Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
34. Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
35. Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)þm.

Voru framangreindir þm. allir á fundi.

Fjármálaráðherra, Jakob Möller, elzti maður deildarinnar, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara þá Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv., og Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu varð að þrítaka. Við fyrstu atkvgr. hlaut Jóhann Jósefsson 13 atkv., Jörundur Brynjólfsson 10 atkv., Sigfús Sigurhjartarson 6 atkv. og Emil Jónsson 5 atkv. — Við aðra kosningu féllu atkv. á sömu leið. — Þar sem enginn hafði hlotið meiri hl. atkv., var kosið hlutbundinni kosningu um þá tvo þm., sem flest fengu atkv. við síðari óbundnu kosninguna, og fór þá svo, að kosningu hlaut

Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.,

með 13 atkv. — Jörundur Brynjólfsson fékk 11 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu varð að tvítaka. Við fyrri atkvgr. féllu atkv. þannig, að Emil Jónsson hlaut 14 atkv., Skúli Guðmundsson 10 atkv., Sigfús Sigurhjartarson 6 atkv., Jón Pálmason 2 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þar sem enginn hafði hlotið meiri hl. atkv., var kosið á ný óhlutbundinni kosningu, og fór þá svo, að kosningu hlaut

Emil Jónsson, þm. Hafnf.,

með 22 atkv.—Skúli Guðmundsson fékk 10 atkv., en auðir voru 2 seðlar.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.,

með 18 atkv. — Páll Zóphóníasson hlaut 10 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var SvbH, en á B-lista SEH. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk., og
Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, en áður en þm. hlutuðu um sætin mælti

forseti (JJós): Þá liggur fyrir að hluta um sæti deildarmanna samkv. 7. gr. þingskapa.

Þess skal þó þegar getið, að sætaskipun þessi getur raskazt síðar á þinginu, ef ráðherrum verður fjölgað, og hefur því tölumerking á borðum ekki verið ákveðin til fullnustu. Nú hefur deildarmönnum fjölgað um tvo frá því, sem áður var, en á ytri borðskeifu er ekki rúm fyrir fleiri en upp að raðtölunni 33. Þeir deildarmenn, sem draga tölurnar 34 og 35, verða að taka sæti við smáborðin innst í skeifunni.

Samkv. sætahlutuninni tóku deildarmenn sæti svo sem hér segir:

6. sæti Sigurður Thoroddsen,
7. — Barði Guðmundsson,
8. — Pétur Ottesen,
9. — Finnur Jónsson,
10. — Þóroddur Guðmundsson,
11. — Áki Jakobsson,
12. — Jörundur Brynjólfsson,
13. — Lúðvík Jósefsson,
14. — Emil Jónsson,
15. — Garðar Þorsteinsson,
16. — Páll Zóphóníasson,
17. — Ingólfur Jónsson,
18. — Gunnar Thoroddsen,
19. — Sigurður Guðnason,
20. — Páll Þorsteinsson,
21. — Stefán Jóh. Stefánsson,
22. — Gísli Sveinsson,
23. — Bjarni Ásgeirsson,
24. — Sigurður Kristjánsson,
25. — Skúli Guðmundsson,
26. — Sigfús Sigurhjartarson,
27. — Einar Olgeirsson,
28. — Ásgeir Ásgeirsson,
29. — Sigurður Þórðarson,
30. — Helgi Jónasson,
31. — Gísli Guðmundsson,
32. — Sigurður Bjarnason,
33. — Jón Pálmason,
34. — Jón Sigurðsson,
35. — Eysteinn Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 20. nóv., var tekin á dagskrá: **kosning í fastanefndir skv. 16. gr. þingskapa.**

Forseti (JJós): Dagskrá þessa fundar varðar kosningu í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. En í hinni sömu gr. er ákveðið, að á 2. fundi Sþ. skuli kosnar fastanefndir og þær taldar þar. Nú hefur þessum kosningum í Sþ. verið frestað, en þingsköp ætlast sýnilega til, að sú athöfn, sem um ræðir í Sþ., fari fram, áður en kosið er í fastanefndir í deildum. Virðist því af þeim ástæðum sjálfgert að fresta kosningum í fastan. í þessari hv. d., þar til lögboðnar nefndarkosningar hafa fram farið í Sþ. Kosningum þessum er því frestað.

Eysteinn Jónsson: Ég vil taka það fram, að mér virðist, að það leiði ekki af sjálfu sér, að það þurfi að fresta kosningum í fastanefndir í þessari hv. d., þó að því sé frestað í Sþ.

Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort ósk hafi komið fram frá einhverjum sérstaklega um það, að þessum kosningum verði frestað, þó að ég út af fyrir sig hafi ekki á móti því, að það verði gert.

Forseti (JJós): Til andsvara því, sem hv. 1. þm. S.-M. hreyfði, vil ég taka fram, að á þessum fundi hefur engin slík ósk komið fram. Hins vegar er það álit forseta þessarar hv. d., að eftir þingsköpum beri fyrst að kjósa þær fastan., sem ákveðið er, að kjósa skuli í Sþ., á 2. fundi Alþ., áður en kosið sé í fastan. í deildum, eins og ég tók fram áðan. Fresta ég hér með þessum fundi, en framhald hans mun verða boðað með dagskrá.

Mánudaginn 23. nóv., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið og tekin til meðferðar kosning í fastanefndir.

Við kosningu allra nefndanna komu fram þrír listar, A, B og C, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Fóru kosningar því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Jón Pálmason (C).
Einar Olgeirsson (A).
Skúli Guðmundsson (B).
Ingólfur Jónsson (C).
Ásgeir Ásgeirsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Gísli Sveinsson (C).
Þóroddur Guðmundsson (A).
Sveinbjörn Högnason (B).
Sigurður Bjarnason (C).
Barði Guðmundsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Sigurðsson (C).
Sigurður Guðnason (A).
Bjarni Ásgeirsson (B).
Jón Pálmason (C).
Emil Jónsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sigurður Kristjánsson (C).
Lúðvík Jósefsson (A).
Gísli Guðmundsson (B).
Sigurður Bjarnason (C).
Finnur Jónsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Sigurður E. Hlíðar (C).
Sigurður Thoroddsen (A).
Sigurður Þórðarson (C).
Ingólfur Jónsson (C).
Emil Jónsson (A).

6. Menntamálanefnd.
Gísli Sveinsson (C).
Sigfús Sigurhjartarson (A).
Páll Þorsteinsson (B).
Jón Sigurðsson (C).
Barði Guðmundsson (A).

7. Allsherjarnefnd.
Garðar Þorsteinsson (C).
Áki Jakobsson (A).
Jörundur Brynjólfsson (B).
Gunnar Thoroddsen (C).
Stefán Jóh. Stefánsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Stjórnarskrárbreyting.

Á 1. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942 (stjfrv., A. 2).

Á 7. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það frv., sem ríkisstj. ber hér fram á þessu þskj., er í samræmi við þá stjórnarskrárbreyt., sem samþ. var á þinginu í sumar. Frv. er að sjálfsögðu samhlj. þeirri stjórnarskrárbreyt., og er lagt til af hálfu ríkisstjórnarinnar, að það verði samþ. óbreytt. Þetta mál er öllum svo kunnugt, að ég sé enga ástæðu til þess að ræða það frekar og læt því þessi orð nægja.

Ríkisstj. hefur ekki lagt til, að ný stjórnarskrárnefnd yrði kosin, enda telur hún enga þörf á því, þar sem ekki getur verið um neinar breyt. að ræða á frv. og ekki annað við það að gera en annaðhvort að samþ. það eða fella.

Stjórnin mun þó að sjálfsögðu ekki beita sér á móti skipun slíkrar nefndar, ef fram skyldi koma ósk um slíkt, og Sjálfstfl. mun fyrir sitt leyti samþykkja að leggja til menn í n., ef til kæmi.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Þó að ég viti, að frv. þetta hefur fylgi 37 þm. af 52, kann ég ekki við annað en láta það koma fram hér í hv. d., að ég er frv. ekki samþykkur. Ég tel, að fram komi í því nokkuð af þeirri hneigð, sem talsvert hefur borið á að undanförnu og fer í þá átt að hrifsa undir Alþ. æ meira af því valdi, sem kjósendum ber. Það er verið að breyta stjskr. til þess að svipta kjósendur sínu valdi. Þetta er sami hugsunarhátturinn og sá, sem fram kom í því, er þm. samþ. að kjósa sjálfir sjálfa sig til þings. Sama máli gegnir um það, þegar farið er að afgreiða upp undir helming fjárveitinga úr ríkissjóði, án þess að þingsamþ. sé fyrir, aðeins eftir ósk einhverra klíkna, sem aldrei stiga fæti í þingsalinn. Með þessu eru stigin spor rakleitt í einræðisátt. Af þeirri ástæðu er ég andvígur þessu frv. En svo er líka önnur ástæða: Ég tel, að þetta geti orðið til að hindra það, að við getum tekið sjálfstæðið í okkar hendur, áður en þjóðaratkvæði hefur farið fram, og geti því orðið erfiðara fyrir Alþ. að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegt kann að vera að gera með fárra klukkustunda fyrirvara. Þetta tvennt vildi ég, að kæmi fram. Ég hef til þessa setið hjá við atkvgr. um frv., en mun að þessari umr. lokinni greiða atkv. á móti því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., 7. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 10. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 96).

2. Dómnefnd í verðlagsmálum.

Á 22. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum (stjfrv., A. 119).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Háttv. þingdeild. — Eins og hæstv. forsrh. tók fram í stefnuskrárræðu sinni, telur ráðuneytið höfuðverkefni sitt vera það að vinna bug á dýrtíðinni, fyrst og fremst með því að setja skorður við frekari verðbólgu. Í samræmi við þessa stefnu hefur ráðuneytið lagt fram frv. um breytingu á l. um dómn. í verðlagsmálum, sem heimilar ríkisstj., ef að l. verður, að setja hömlur á við hækkun vöruverðs frá því, sem nú er. Ég geri ráð fyrir, að þessi ákvæði verði látin standa til febrúarloka. Ríkisstj. telur, að þessi heimild sé meginskilyrði þess, að hægt sé að hafa hemil á verðbólgunni. Þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, eru að vísu ekki einhlítar til að halda öllu í skefjum, því að þetta frv. tekur ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum l. og ekki heldur til grunnkaups. Þessi lagasetning væri vissulega lítils virði, ef ekki væri samtímis tryggt, að verðlag í þessum greinum breyttist ekki þann tíma, sem ákvæði frv. eiga að vera í gildi. En ríkisstj. telur sig hafa fengið slíka tryggingu. Þess vegna kemur hún nú til Alþ. og biður um heimild þá, sem farið er fram á með frv. Ríkisstj. hefur fengið yfirlýsingu frá kjötverðlagsn. þess efnis, að kjöt skuli ekki hækka í verði þennan tíma nema með leyfi landbrh. Mjólkurverðlagsn. þrjár í landinu hafa gefið sams konar loforð, að því er snertir verð á mjólk, og grænmetisverzlun ríkisins hefur lofað að hækka ekki verð á kartöflum. Þá hefur ríkisstj. fengið umsögn frá Alþýðusambandi Ísl., þar sem talið er öruggt, að grunnkaupshækkanir muni engar fara fram á tímabilinu til febrúarloka. Ráðuneytið leggur áherzlu á það, að þessar ráðstafanir hafi ekki í för með sér aukaútgjöld fyrir ríkissjóð og telur ekki heldur líklegt, að til þess þurfi að koma, en lýsir hins vegar yfir því, að ef slík útgjöld skyldu samt reynast óhjákvæmileg, munu engar greiðslur fara fram nema í samráði við Alþ. Þá leggur ráðuneytið áherzlu á, að verðlagseftirlitið verði meira og betra en verið hefur til þessa.

Ráðuneytinu er áhugamál, að frv. verði afgreitt með afbrigðum nú í dag, því að það vill geta byrjað þegar í stað að framkvæma þessi ákvæði.

Stefán Jóh. Stefánsson: Það verður ekki annað sagt en hér sé reynt að gera eitthvað það, sem að gagni mætti koma til að hindra verðbólguna í landinu, og þess vegna hefur Alþfl. ekkert á móti því, að hæstv. ríkisstj. sé veitt sú heimild, sem í frv. felst, þó að líta megi svo á, að af þessu muni ekki leiða neinar stórfelldar umbætur. En þess má vænta, að þetta geti orðið undirstaða víðtækari ráðstafana síðar meir. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að nota heimildina tafarlaust, eins og skilja mátti af orðum hæstv. fjmrh., og þá í eins víðtæku formi og hægt verður samkvæmt l. Mér þótti líka gott að heyra, að hæstv. ráðh. lýsti yfir því fyrir hönd ríkisstj., að iðnrekendum og kaupsýslumönnum mundi ekki verða endurgreitt tap, er þeir kunna að telja sig verða fyrir, néma í samráði við Alþ., enda teljum við hagnað þessara manna þegar orðinn svo mikinn, að óhætt sé að minnka hann ofurlítið, svo að ekki sé þörf að fara í ríkissjóð til að bæta þeim upp, þó að álagning þeirra yrði að lækka eitthvað. Ég vil um leið geta þess, að Alþfl. telur skipun dómn. hafa verið þann veg frá upphafi, að ekki sé ástæða fyrir alþjóð að bera traust til slíkrar n., og má því vænta þess, ef hæstv. ríkisstj. ber ekki fram brtt. um skipun dómn., að Alþfl. komi með brtt. um þetta efni.

Mér þótti líka vænt um að heyra þá yfirlýsingu hæstv. ráðh., að verðlagseftirlit mundi verða aukið. En ég hefði talið, að nauðsynlegt hefði verið að hafa ýtarlegri ákvæði um það í frv. T. d. hefði ég talið nauðsynlegt að láta festa upp verðlista í búðum og á útsölustöðum, að minnsta kosti um þær vörur, sem dómn. veit um verðlag á, svo að almenningi gefist kostur á að fylgjast með því, hvort ákvæðum l. í þessu efni sé hlýtt. Ég tel nauðsynlegt að vekja áhuga almennings sjálfs fyrir því að fylgjast með þessu. Ég skal játa, að fullkomið eftirlit með verðlagi er erfitt í framkvæmd, en að mínum dómi er það á valdi hæstv. stj. að skipa eftirlitsmann, enda hin mesta nauðsyn. Má ef til vill skilja orð hæstv. fjmrh. svo, að þetta sé í ráði. Þá verð ég að segja það, að mér virðist víti við brotum á l. of væg, þar sem sektir geta farið allt niður í 100 kr., en þess finnast dæmi nú á tímum, að menn vila ekki fyrir sér að brjóta l., ef þeir geta keypt af sér brotið með sektargreiðslum. Mér finnst það ætti að geta varðað missi atvinnuréttinda, ef slík brot af hálfu kaupsýslumanna eru alvarleg. En til þess að slík ákvæði komi að gagni, verður að vera strangt eftirlit, og ákvæðum l. verður að beita vægðarlaust. Mætti athuga það, þó að frv. sé á hraðri ferð, hvort ekki mætti koma fram skrifl. brtt., þar sem viðurlög væru þyngd nokkuð. Annars sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en lýsi yfir því, að Alþfl. er því samþ. í aðalatriðum.

Einar Olgeirsson: Það er ekki nema rétt að styðja viðleitni hæstv. ríkisstj. að vinna gegn dýrtíðinni. Við sósialistar höfum lýst yfir því, að við munum styðja það, sem vel er gert í þessu efni, hvaða ríkisstj. sem fyrir því gengst. En mig langar til að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. Það gladdi mig að heyra yfirlýsingu hans um það, að hann mundi ekki grípa til þess ráðs að greiða fé úr ríkissjóði til að bæta upp halla, er kaupsýslumenn eða aðrir

kynnu að verða fyrir af l. þessum. En hvernig á hins vegar að koma í veg fyrir, að þeir þrjózkist við að láta af hendi vörur, ef þeir telja gengið á hlut sinn með l.? Það er ekki víst, að til vandræða komi af þessum sökum, en hins vegar væri gott að fá að vita, hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst að fara að, ef svona færi. Tökum olíuna til dæmis. Vertíð fer nú í hönd, og heyrzt hefur, að í ráði hafi verið að hækka olíuverðið. Hvaða ráð ætlar hæstv. stj. að hafa til að tryggja það, að olía fáist?

Þá er hætta á því, að birgðir minnki í landinu, ef hámarksverð er sett, menn geri ekki ráðstafanir til að kaupa inn í landið vörur, eftir því sem birgðir ganga til þurrðar. Hvað vill hæstv. stj. gera til að sporna við þessari hættu?

Þá getur verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að hindra, að vörur verði teknar úr umferð. Eins og menn vita, þá getur það komið fyrir, þegar gripið er inn í viðskiptalífið af því opinbera, að kaupmenn hætti að selja, og geymi vörurnar, eð jafnvel að það skapist svonefndur „svartur markaður", en það er, að kaupmenn selji óleyfilega utanbúðar við hærra verði en heimilt er, en fólk kaupi heldur vöruna því verði en að fá hana ekki. Það er sjálfsagt að gera sér grein fyrir því, hverjum brögðum kann að þurfa að beita til þess að þessi nýju lög nái þeim árangri, sem ætlazt er til.

Þá vildi ég heyra, hvort ríkisstj. hefur gert sér ljóst, að komið getur til þess, að framleiðsla ýmissa innlendra vörutegunda verði stöðvuð. Við vitum, að atvinnurekendur gætu haldið því fram, að þeir geti ekki haldið atvinnurekstri áfram, nema þeim væri greiddur styrkur. Ef þetta kæmi fyrir núna, finnst mér engin ástæða til að láta undan slíku. Það þyrfti að gera ráðstafanir til þess að sjá um, að slíkur atvinnurekstur gengi samt sem áður. Ég vil aðeins vita, hvort ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir því, að hún kann að þurfa að gera ráðstafanir gagnvart þessum og öðrum mögulegum erfiðleikum, sem af verðlækkuninni kynnu að leiða.

Eysteinn Jónsson: Í þessu frv. er eitt verulegt nýmæli. Stjórninni er heimilað að ákveða, að verðlag á öllum vörum nema þeim, sem sérstakar nefndir fjalla um, skuli ekki breytast frá tilteknum degi, þ. e. deginum í gær. Framsfl. álítur, að hér sé stigið spor í rétta átt og mun fylgja frv. Hins vegar telur hann alveg augljóst, að hér er aðeins um fyrsta skref að ræða á langri braut, ef stöðva á verðhækkun eða lækka vörukostnað frá því, sem nú er. Það er augljóst, að það eitt út af fyrir sig að halda verðlaginu föstu útheimtir meira en gert er ráð fyrir í frv. Þetta er því aðeins fyrsta skrefið í áttina til að stöðva dýrtíðina. Ef það ætti að standa til langframa, mundi leiða af því meiri afskipti af verzlun en hér kemur fram. Ég legg því mikið upp úr þeirri staðhæfingu hv. fjmrh., að ekki verði lagt fram fé til þess að stöðva dýrtíðina nema með samþykki Alþ. Þetta lít ég á sem mjög mikilsvert atriði.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal svara með fáeinum orðum þeim athugasemdum, sem fram hafa komið í sambandi við þetta frv. Hv. 4. þm. Reykv. minntist á verðskrá. Ríkisstj. hefur ekki athugað þetta atriði út af fyrir sig, en það skal verða tekið til athugunar, þegar l. koma til framkvæmda, og hygg ég, að ekki þurfi að gera neina breyt. á frv., þótt að því ráði yrði horfið.

Ég vil í sambandi við aðra breyt., sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á, segja, að ríkisstj. hefur á prjónunum aðrar ráðagerðir í sambandi við þessi mál en gert er ráð fyrir í frv. En vegna þess að það kostar mikinn undirbúning og mikla athugun, þá telur ríkisstj. hyggilegra að nota þau l., sem í gildi eru, og hyggur, að megi með sæmilegri festu bjargast við þau með þeim breyt., sem farið er fram á í þessu frv. Ég get ekki fullyrt, hvernig þær breytingar kunna að verða, sem gerðar verða í framtíðinni, en ég held ég megi segja, að þær muni ná að verulegu leyti til þeirra atriða, sem hv. 4. þm. Reykv. drap á. Ég vil því mælast til, að frv. fái að ganga í gegnum deildina eins og það er.

Viðvíkjandi þeim möguleika, að kaupmenn kunni að taka nauðsynjavörur úr umferð eða selja þær á „svörtum markaði", hef ég fengið margar fyrirspurnir og mun reyna að svara. — Samkvæmt þeim athugunum, sem ríkisstj. hefur gert á brýnustu nauðsynjavörum, þá munu birgðir fyrirliggjandi til 4—6 mán. Ríkisstjórnin telur því, að ekki muni koma til, að verð á nauðsynjavörum þurfi að hækka á meðan þessar birgðir eru til. Þess vegna fellur niður sú hætta, þá 2 mán., sem gert er ráð fyrir í frv., að þessar ráðstafanir standi. Þess vegna held ég, að varla geti komið til, að kaupmenn hætti að láta af hendi vörur. Hv. 4. þm. Reykv. minntist einnig á olíuna. Það er rétt, að það er stórt atriði, og get ég ekki fullyrt um framtíðarhorfurnar með þá vöru, en ríkisstj. hefur ástæðu til að ætla, að úr þessu greiðist á viðunanlegan hátt.

Þá var minnzt á þann möguleika, að vörur yrðu ekki pantaðar þann tíma, sem þessum ráðstöfunum er ætlað að standa. En er mikil hætta á ferðum, þótt svo færi? Það er ef til vill meiri þörf á því en hætta, eins og nú stendur, því að það er vitað, að skipakosti er þannig varið, að ekki er hægt að flytja nema helming af þeim vörum, sem pantaðar eru. Í New York bíða nú 15—20 þús. smálestir eftir útskipun.

Ólafur Thors: Ég tel, að ákvæði þessa frv. eins og það liggur fyrir geti ekki talizt stórvægilegt spor í þá átt, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj., að stöðva dýrtíðina. Ég hygg einnig, að á því séu vissir annmarkar, sem ég fyrir mitt leyti á erfitt með að sætta mig við. Hæstv. ríkisstj. telur sjálf, að þetta sé aðeins fyrsta sporið á þeirri braut, sem hún vill leggja út á og við sjálfstæðismenn höfum að vísu sterka tilhneigingu til að fylgja henni á. Ég vildi aðeins bera fram þá ósk, að frv. yrði vísað til fjhn., til þess að þau atriði, sem hér koma fram, geti fengið nánari rannsókn, án þess þó að þurfa að tefja það, að frv. fái afgreiðslu á þingi í dag. Hæstv. fjmrh. hefur tekið fram, að því sé ætlað að gilda aðeins til febrúarloka. Í sjálfu frv. segir þó aðeins, að það gildi „þar til nánar verður ákveðið". Mér skilst, að í þeirri till., sem

ríkisstj. hefur í huga að gefa út, muni þetta verða tekið fram. Ég býst við, að þetta frv. komi til með að sæta andmælum frá vissum þjóðfélagsstefnum, sem álíta, að gengið sé á hluta þeirra. Ég vil mælast til þess, ef það er ætlun hv. ríkisstj., að frv. gildi aðeins til febrúarloka, að þá sé það tekið skýrt fram, til þess að draga úr óánægju þeirra, sem sérstaklega munu telja sig hafa óhagnað af því.

Ég vil enn fremur beina þeirri fyrirspurn til hv. fjmrh., hvort hann hafi hugsað sér að sjá við vandkvæðum, sem gætu hlotizt af því, ef iðnrekstur, t. d. viðgerð skipa verður að hækka laun samkvæmt vísitölunni, en fær ekki að hækka vinnukostnaðinn. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi málsins, en vil aðeins benda á, að það hefur verið venja, að þau frv., sem ríkisstj. hefur óskað að gengi hratt, hafa gengið til nefndar. Það þarf ekki að tefja fyrir málinu, enda er það ekki ósk okkar sjálfstæðismanna, heldur hitt, að það geti fengið sem skjótasta afgreiðslu, helzt í dag, laugardag, þannig, að þegar verzlanir opna á mánudaginn, geti reglugerðin legið fyrir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Forseti. — Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði um viðgerð skipa, að sá iðnaður kynni að telja sig hart leikinn sökum einhverrar hækkunar á vísitölu og þá á launum, sem því svarar, vil ég segja, að ég álít, að þessir iðnrekendur eigi að taka á sig þá byrði, sem af því kann að leiða, því að ég álít hana smávægilega í sambandi við þá afkomu, sem þeir hafa haft undanfarið. Ég efast ekkert um, að þessir menn mundu ekki fara fram á að fá slík verk hækkuð í verði.

Einar Olgeirsson: Ég þakka hæstv. fjmrh., að svo miklu leyti sem hann hefur svarað þeim fyrirspurnum, sem ég lagði fram. Það er samt ljóst, að ríkisstj. hefur ekki gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar ráðstafanir hennar kunna að hafa. En ég álít nauðsynlegt, að hún geri sér strax grein fyrir því, til þess að vera reiðubúin að gripa til gagnráðstafana, ef á þarf að halda. Ég skil ekki í því, að hugsunarháttur iðnrekenda, sem undanfarið hafa grætt mjög mikið, hafi tekið eða taki miklum breytingum við þetta frumvarp. Þótt hv. fjmrh. áliti, að þeir muni fúsir til að taka á sig þá byrði, sem þessi lög kunna að leggja á þá, þá er það engin trygging fyrir því, að þeir álíti það líka. Það getur komið fyrir, að þeir telji það ekki sjálfsagt og grípi til þess valds, sem þeir hafa til að stöðva iðnreksturinn eða fara í kringum lögin. Sá, sem stundar t. d. vélaviðgerð, getur sagt: „Ég geri það ekki, nema þú borgir mér svo og svo mikið". **(ÓTh:** Er það þetta, sem er kallað smáskæruhernaður?) Já, atvinnurekendur hafa þekkt hann líka. Ég álít, að það þurfi að gera sér ljóst fyrir fram, að það kann að koma til slíkra aðgerða, og þá þarf stjórnin að vera búin að ráða við sig, hvaða vopnum á að beita gegn slíku. Ég get skilið, að ríkisstj. hefur ekki nú þegar hugsað svo langt, en til að stöðva dýrtíðina þarf að vera mögulegt að fylgja lögunum eftir til þess, að þeir, sem eiga framleiðslutæki og vilja ekki nota þau undir svona kringumstæðum, geti ekki sett stjórninni stólinn fyrir dyrnar. Það kemur kannske ekki til þess á þessum tveimur mánuðum, en það getur komið fyrir, þegar fram í sækir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Sem svar við aths. hv. þm. G.-K. vil ég taka það fram, að ég er því samþykkur fyrir mitt leyti, að fjhn. Ed. sé höfð með í ráðum, ef það getur orðið til að flýta fyrir afgreiðslu frv.

Ólafur Thors: Má ég aðeins vekja athygli á því, að þessi l. munu áður hafa verið í allshn., svo að það mun vera rétt, að þau fari þangað að þessu sinni.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Það hefur verið, síðan farið var að reyna opinberar ráðstafanir til að hamla á móti dýrtíðinni, viðurkennd staðreynd, að sumpart yrði að vinna gegn dýrtíðinni með ráðstöfunum, sem innanlandsaðilar hafa á sínu valdi og gætu því hagað eftir vild, og sumpart ráðstöfunum, þar sem taka yrði tillit til þess, hvernig ástandið væri utanlands. M. ö. o., það yrði ekki hjá því komizt a. m. k. um langan tíma að taka tillit til þess, hvað vara sú kostaði, sem til landsins væri flutt, þegar útsöluverð hennar er ákveðið hér á landi. Öðru máli er að gegna með vörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu og vinnu, sem unnin er í landinu sjálfu. Að því er snertir margar útlendar vörur, þá hefur hv. verðlagsn. ákveðið sumpart hámarksverð og sumpart hámarksverðlagningu eftir því, hver varan hefur verið. Mér virðist nú við athugun á þessu frv., sem hv. flm. telur fyrsta spor í áttina til að vinna bug á dýrtíðinni, að eftir ákvörðun frv. að dæma, sé nokkuð vikið frá þeim grundvelli, sem hefur verið látin vera undir hámarks- og verðlagsákvæðum. Hér er farið fram á, að ríkisstj. megi í dag eða á morgun eða hinn daginn auglýsa, ja, við skulum segja, að fetið í borðviðnum skuli kosta (eftir orðalagi frv. um óákveðinn tíma, en eftir upplýsingum fjmrh. til síðasta febr.) það sama og í dag. Hún virðist álíta, að allir muni verða hjartanlega sammála um, að þeir aðilar, sem hafa það með höndum að afla þessarar nauðsynjavöru til landsins, ef þeir hafa verið svo óheppnir að fá vöruna með hærra kostnaðarverði en þann dag, sem auglýsingin var gefin út, þá lendi það á þeim, og þeir taki það sem sitt tjón. Því hefur verið lýst yfir, að ríkisstj. muni ekki taka á sig neinn kostnað í þeim efnum. Við þessu væri ekki svo mikið að segja, ef þess sama væri krafizt af öllum þegnum þjóðfélagsins, en því er ekki til að dreifa. Stjórnin hefur gefið loforð um, að verðlag á mjólk skuli ekki lækka fyrr en eftir 28. febr. Og það loforð verður maður að taka gilt. Hins vegar vitnaði hann til yfirlýsingar eða ummæla frá stj. Alþýðusambands Íslands, að hún teldi öruggt, að ekki kæmi til grunnkaupshækkunar á þeim tíma. Ég held, að ég minnist þess, að ég hafi heyrt af munni eins núverandi hv. þdm. og fyrrv. ráðh. ekki alls fyrir löngu hér

um bil sams konar yfirlýsingu og þessa. Það mun hafa verið fyrir einu ári síðan, að þingheimur hallaðist mjög að hinni svokölluðu frjálsu leið í dýrtíðarmálunum, þ. e. að samkomulag væri milli þeirra aðila, sem standa að vinnu, verzlun og framleiðslu, reyndu að halda dýrtíðinni í skefjum. Þá man ég, að hæstv. fyrrv. félmrh. gaf hér um bil eins orðaða yfirlýsingu og þessa, en allir vita, að hún reyndist ekki haldgóð. Ég verð því að taka með fullri varúð á þeim yfirlýsingum, sem hæstv. ráðh. telur sig hafa fengið frá Alþýðusambandi Íslands. Ég vil enn fremur benda á, að nú til skamms tíma hefur verið talið yfirvofandi sjómannaverkfall á Ísafirði, og ég geri ráð fyrir, að á tímabilinu frá því í dag og þar til fram í miðjan febrúar geti orðið mikið vafamál, hvort samkomulag verður milli sjómanna og útgerðarmanna og hangi alveg á þræði, hvort það næst, án þess að nýjar svokallaðar kjarabætur eða kauphækkun komi til greina.

Um verzlunarmálin er aftur á móti það að segja, að hæstv. fjmrh. er þeim vitanlega miklu kunnugri en ég. En svo kunnugur er ég þó þessum málum, að ég veit, að jafn harðhent ákvæði og l. gr. þessa frv. er, getur komið og hlýtur að koma mjög hart niður á einstökum þjóðfélagsþegnum, hvort þeir verða margir eða fáir, skal ég ekki segja. En svo mikið er víst, að oddinum er mjög stefnt gegn þeim, sem hafa flutt inn vörur eða lagt út fyrir vörum í Bandaríkjunum, sem eiga að flytjast til Íslands, og standa svo gagnvart því, að þegar þær koma, þá sé ekki nema tvennt fyrir hendi, leggja hana til hliðar eða selja hana með tapi. Hv. 2. þm. Reykv. virðist líka skilja vel, að þetta gæti komið fyrir, og fyrirspurnir hans til hæstv. forsrh. byggðust áreiðanlega á því, að hann sér, að slíkir árekstrar muni vera líklegir. Ég skal engum getum um það leiða, hvaða ráð þessi hv. þm. mundi finna í þessum kringumstæðum, en honum er jafnkunnug og mér 62. gr. stjórnarskrárinnar og undir hvaða skilyrðum krefjast megi þess, að þegnar þjóðfélagsins láti af hendi eign sína.

Þróunin í viðskiptum okkar við aðalviðskiptaþjóð okkar, Bandaríkin, hefur verið sú síðustu 9—12 mánuðina, að nú er ekki lengur um það að ræða, að Bandaríkin sendi nokkrar vörur hingað, án þess að fyrir hendi sé full trygging fyrir greiðslu þar á staðnum, m. ö. o., að varan sé greidd, áður en hún fer frá höfn. Til að byrja með létu seljendur þar sér nægja að krefjast borgunar gegn hleðsluskírteini þar á staðnum, en nú hefur myndazt erfiðara viðhorf þar fyrir innflytjendur, því að mörg Bandaríkjaverzlunarhús, ef ekki flest, setja þá kröfu, sem hefur verið látið undan af hundruðum, ef ekki þúsundum innflytjenda vegna örðugleika á að fá vöruna afskrifaða til Íslands, að þegar vörugeymsluhúsin í New-York staðfesta, að varan sé komin þangað, ætluð til afskipunar til Íslands, þá verði greiðsla að fara fram. Þetta er vegna þess, að þessi verzlunarhús eru að eðlilegum hætti nokkuð þreytt á að liggja með vöruna 4—6, jafnvel 9 mánuði, enda þótt baktrygging sé fyrir greiðslu, án þess að fá greiðslu, af því að ekkert skip er til að taka við þessum vörum og því ekkert farmskírteini til að undirskrifa, Nú mun hæstv. fjmrh. bezt kunnugt, að þessi verzlun er mjög komin í það horf, að Íslendingar verða að greiða vörurnar gegn vöruhússkírteini í New-York. Ég veit t. d. um eitt timburinnflutningsfirma, sem borgaði timbursendingu fyrir níu mánuðum og á eftir að fá hana enn. Þegar þetta er athugað, liggur í augum uppi, að hér getur vel komið fyrir, að verði þeir árekstrar, sem einhver hlýtur tjón af. Mér hefur heyrzt á ræðum hv. þdm., sem á það hafa minnzt, að þeir sætti sig vel við, að innflytjendur beri það tjón, og getur vel verið, að það fari svo. En þegar þetta liggur fyrir í frv., sem annars tekur ekki á aðalmeinum dýrtíðarinnar að nokkru verulegu leyti, þá finnst mér koma fram nokkuð áberandi hneigð að láta aðeins nokkurn hluta af þjóðfélagsþegnum bera hita og þunga dagsins af þessum ráðstöfunum, a. m. k. nokkurn tíma.

Ég hef í þessum athugunum viljað beina til hæstv. stj. og þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, hvort þeir gætu ekki hugsað sér, að svo mikið tillit yrði tekið til rásar viðburðanna, að inn í frv. væri sett eitthvert ákvæði, þar sem dómnefnd væri heimilað undir gefnum tilfellum, þ. e. a. s., ef væri um alveg sannanlegt og sýnilegt tjón einstaklinga að ræða á vörum, sem einstaklingar þjóðfélagsins yrðu að fá, að þar yrði eitthvað látið koma á móti, svo að eitthvert tillit yrði tekið til slíkra hluta. Ég held, að heildaráhrif l. þyrftu ekki að spillast fyrir það.

Hæstv. fjmrh. hélt fram, að nauðsynjavörur mundu vera til í landinu til 4—6 mánaða. Svo er um hvert mál sem á það er litið. Ég tel, að byggingarvörur séu nauðsynjavörur og eins vörur til útgerðarinnar og viðgerða skipaflotans. Ég er dálítið efins um, að nú séu til allar vörur til bygginga til 6 mánaða, nema þá gert sé ráð fyrir, að byggingarstarfsemi svo að segja leggist niður. En við skulum setja dæmið þannig upp, að þær leggist ekki niður og þær komi á þessu tímabili, sem hér er um að ræða, þessum tveimur mánuðum, og kannske sé búið að bíða eftir þeim marga mánuði. Fari svo, að vörurnar verði miklu dýrari en kemur til með að standa í auglýsingu hæstv. stj., eða m. ö. o., að þær verði dýrari en þær voru, þegar auglýsingin kemur út, þá er ekki nema um tvennt að ræða, að sá sem stendur fyrir að ná vörunni inn í landið, eða þá sá sem átti að fá vöruna, en undir öllum kringumstæðum, þar sem um nauðsynjavöru er að ræða, liggur mikið á að fá hana, verður að vera án hennar. Við þessu hvoru tveggja mætti gera, ef dómnefndinni væri gefið svigrúm til að taka undir vissum kringumstæðum hæfilegt tillit til þessara staðreynda.

Ég vil svo að lokum endurtaka tilmæli mín til n., að hún athugi þessa hlið málsins. Það hefur frá upphafi verið sannfæring mín persónulega, að baráttan gegn dýrtíðinni muni ekki bera árangur, nema allir taki á sig fórnir. En ég held, að tæplega sé tekið rétt á þessu máli, ef stefnan á að vera sú, að einhver ein stétt sé látin taka á sig óákveðið, hvað miklar fórnir,

án þess að aðrar stéttir þurfi að gera slíkt hið sama, því að þeir, sem flytja inn, verða að gjalda kaup eftir hækkandi vísitölu, þó að frv. verði samþ.

Að lokum vil ég segja, að það ætti a. m. k. að vera orðið augljóst hinu háa Alþ., að þær samþ., sem gerðar hafa verið og ekki hafa tekið nóg tillit til lífsins sjálfs, hafa hingað til ekki reynzt haldgóðar, svo að reynsla ætti að vera fyrir því, að þýðingarlítið er að ganga lengra á þeirri braut, en í þessu máli tel ég, að megi stýra fram hjá því skeri með ofurlítilli tilsveigingu af hálfu ríkisstj. og þeirrar n., sem um málið á að fjalla.

Finnur Jónsson: Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég skal aðeins út af því, sem hv. þm. Vestm. gat um, að verkfall mundi vera í aðsigi á Ísafirði, taka það fram, að ég veit ekki betur en það sé að mestu eða öllu leyti leyst, enda var það ekki verulegt, sem þar bar á milli. Hins vegar verð ég líka að upplýsa, að sú stöðuga hækkun dýrtíðarinnar, sem nú verður með hverjum mánuði, hlýtur að koma mjög alvarlega niður á þeim, sem eru ráðnir upp á hlut. Það er samið um fiskverðið fyrir sex mánuði, og á þeim tíma á það að standa óbreytt, og þegar dýrtíð eykst, er óhjákvæmilegt, að hlutaskipamenn, sem fá enga verðlagsuppbót, komi og heimti kjörum sínum breytt til batnaðar, en af því virðist óhjákvæmilega leiða kaupdeilur strax í byrjun dýrtíðarinnar. Þó að ekki væri fyrir annað en þetta, virðist mikil ástæða til að stöðva dýrtíðarflóðið.

Þá má vera, að þyki hart aðgöngu að lögskipa að selja sama verk sama verði og gert var, áður en l. öðlast gildi, og af einum hv. þm. var bent á, að þetta kynni að verða til þess, að vélaviðgerðaverkstæði stöðvuðust. Ég veit ekki betur en að opinber álagning hjá þessum verkstæðum sé a. m. k. 60% fyrir verkstæðiskostnaði, skrifstofukostnaði og öðru slíku. Og þar sem vísitalan hefur ört hækkað undanfarna mánuði, hefur þessi kostnaður hækkað mjög ört og örar en ástæða virðist til, svo að ekki er líklegt, að það valdi ágreiningi við þessa atvinnurekendur, þó að þeir megi ekki hækka viðgerðirnar, meðan verið er að reyna að koma lagfæringu á þessi mál. Ég tel óhjákvæmilegt að sýna einhverja alvöru í þessu, en menn trúa ekki, að nein alvara sé í þeim, ef engar tilraunir sjást gerðar.

Ég tel, að þetta frv. sé ekki viðtækt, en það getur sýnt, að eigi að gera alvarlegar tilraunir og menn eigi að bíða á meðan og sjá, hvort ekki er hægt að koma einhverju viti að þessum málum.

Viðvíkjandi Alþýðusambandi Íslands, þá á ég sæti í stjórn þess, en ég veit ekki til, að nein yfirlýsing liggi fyrir um, að ekki verði um að ræða kröfur um grunnkaupshækkanir, en þar sem samningar félaganna gilda nær því án undantekningar fram yfir þann tíma, sem hér er um að ræða, má telja því nær útilokað, að tilraunir verði gerðar til grunnkaupshækkunar á þessum tíma nema þá hjá fáum félögum, sem enn hafa ekki fengið hækkun til samræmis við aðra.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Hv. þm. Vestm. fann þessu frv. ýmislegt til foráttu. Ég lasta sízt, þótt það sé rætt frá ýmsum hliðum. Ég viðurkenni fyllilega, að þetta er mikið vandamál. Mér dylst ekki, að ekki verður stýrt fyrir öll sker í þessu máli, kannske sízt í þessu máli af öllum málum. Mér er líka fyllilega ljóst, að það eru fáir, sem hafa erfiðari persónulega aðstöðu en ég til að koma fram með og biðja um samþ. á ráðstöfunum sem þessum, sem mörgum mun finnast harðhentar og óbilgjarnar. En þeir, sem finnast aðgerðirnar sárar, mega vita, að afturbatinn verður þeim jafnt til góðs og öðrum mönnum, sem þetta land byggja. Það er trú mín og sannfæring, að þetta sé óhjákvæmilegur grundvöllur til að geta hafizt handa í þessum efnum og þess vegna geri ég það.

Sveinbjörn Högnason: Í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta frv. stj., hafa verið nokkrar deilur um, hvaða fjárhagslega áhættu ýmsir einstaklingar tækju á sig, og vil ég út af því segja nokkur orð.

Það er vitanlegt, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins byrjunartilraun til að stöðva dýrtíðina. Frá því fyrsta, er byrjað var að glíma við dýrtíðina, hefur öllum verið ljóst, að þar er ekki von um árangur, nema einhverjir vilji einhverju fórna.

Eftir því, sem liggur fyrir í frv. og komið hefur fram í yfirlýsingum hæstv. stj. um önnur atriði, sem hún telur tryggð til þess að stöðva dýrtíðina, þá skilst mér, að hvergi sé krafizt fórna við þessa byrjunartilraun nema af einum aðila. Það er ekki verzlunarstéttin nema kannske einstakir einstaklingar eins og hv. þm. Vestm. sagði. Það er ekki verkalýðurinn, því að hann hefur engin loforð gefið, heldur eru það framleiðendur landbúnaðarvaranna, því að þeir hafa einir gefið loforð um að hækka ekki vörur sínar. Það eru stöðvar framleiðenda kjöts og mjólkur, sem hafa lofað þessu, og það eru bein fjárframlög. Nú er vitað, að síðan þessar afurðir voru hækkaðar, hefur vísitalan hækkað um 12 stig, og um áramótin mun hún hækka a. m. k. um 10 stig. Þannig kemur yfir 20 stiga hækkun á vísitölunni, án þess að þessar vörur verði hækkaðar. Þegar gefin hafa verið loforð um að hreyfa ekki verðlagið þrátt fyrir þetta, þá eru það loforð um bein fjárframlög frá hendi þeirra til þessara ráðstafana. Þessir framleiðendur eru því eina stéttin, sem hefur viljað lofa beinum fjárframlögum til þessara ráðstafana. Það sér hver maður, að þegar vísitalan hækkar um 20 stig eins og hún gerir í nóv. og des., þá hækkar kaupið við stofnanir landbúnaðarins og líka hjá framleiðendum, án þess að framleiðendur geti á nokkurn hátt jafnað það upp aftur eins og annars hefði verið hægt með verðlagsákvæðum. Ég vil, að þetta komi skýrt fram, af því að hv. þm. Vestm. var að tala um, að þessi ákvæði kynnu að koma hart niður á ýmsum einstaklingum innan verzlunarstéttarinnar. Og ég tel, að þegar frv. fer nú til n., þá sé rétt að athuga, hvort ekki væru einhverjir fleiri fáanlegir til að gefa loforð um, að þeir skuli ekki fara fram á hækkun, til að standa undir þessari tilraun, sem

ekki er vitað, hvort kemur að gagni og kemur ekki að gagni, nema fleiri fari svipað að og þeir, sem standa að landbúnaðarframleiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26. shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Forseti (JJós): Hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir, að sem stytztur tími fari til athugunar þessa máls í n. Áður en ég slít þessum fundi, vil ég beina þeim tilmælum til form. allshn., að n. hafði samráð við allshn. Ed., svo að málið þurfi ekki að fara aftur í n., þegar til Ed. kemur. En með tilliti til þess, að klukkan er nú orðin 3 og að a. m. k. einn flokkur vill halda flokksfund fyrir næstu umr., ákveð ég deildarfund kl. 5 í dag.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 119, n. 125).
Of skammt var liðið frá 1. umr. Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Frv. það, sem hér er til umr., var athugað af allshn., og fund hennar sátu og nm. allshn. Ed. samkv. ósk hæstv. fjmrh.
Áður en n. gekk frá nál. sínu, átti hún tal við hæstv. fjmrh., og tjáði hann sig fúsan til að fallast á þær breyt., sem n. hefur orðið ásátt um að gera á frv. En ég vil taka það strax fram, að hér er aðeins um smávægilegar breyt. að ræða.
Ekki hefur enn unnizt tími til, af skiljanlegum ástæðum, að prenta nál., en ég vil leyfa mér að lesa upp breyt. þá, er n. hefur gert á frv., sem er aðeins við 1. mgr. þess, og hljóðar þá 1. mgr. frv. á þessa leið með breyt. n.:
5. gr. laga nr. 79/1942 orðist svo. Ríkisstj. getur ákveðið með auglýsingu, að ekki megi frá útgáfudegi auglýsingar og þar til nánar verður ákveðið, þó ekki lengur en til loka febr. 1943, selja nokkra vöru í heildsölu eða smásölu, innlenda eða erlenda, við hærra verð en lægst var á henni á hverjum stað hinn 18. des. 1942. Sams konar bann við hækkun verðlags má og láta taka til farmgjalda og flutninga á landi og sjó og í lofti, viðgerða, smíða, saumaskapar, prentunar og annars slíks. Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómn. úr.
Eins og hv. þdm. hafa heyrt og veitt athygli, fer nál. fram á örlitla breyt. í 1. mgr. 1. gr.
Það má segja, að breyt. sé aðallega tvenns konar: efnisleg og til skýringar. Til skýringar, þar sem í stað þess, er segir í frv.: „selja almenningi á landi hér nokkra vöru", komi: „selja nokkra vöru í heildsölu eða smásölu", til þess að þar með sé tekinn af allur vafi um það atriði.
Hin breyt. er efnisleg og á þá leið, að hún bindur gildistöku verðlagsákvæðanna við daginn í gær, eða 18. des., en ekki við útgáfudag auglýsingarinnar. Þetta þótti n. nauðsynlegt að gera til að fyrirbyggja það, að menn hækkuðu vöru sína strax og nú fréttist um frv. þetta, og gæti það orðið til þess, að frv. yrði ekki að þeim notum og næði ekki þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná. Af þessum sökum þótti n. ekki rétt að binda gildistöku verðlagsákvæðanna við útgáfudag auglýsingarinnar.
— Eins og ég sagði áðan, hefur hæstv. fjmrh. ekkert að athuga við þessar breyt. Og að lokum vil ég geta þess, að n. setti það í frv., að ákvæðin skyldu ekki gilda lengur en til loka febrm. 1943, og er það í samræmi við yfirlýsingu hæstv. fjmrh. á fundi d. í dag.
Vil ég svo geta þess, að n. spurði hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. meinti ekki með frv. þessu, að ákvæði þess skyldu ná til allra vara og viðgerða, og að ekki mætti undanskilja neitt af því tæi. Hæstv. fjmrh. gaf þá yfirlýsingu, að þessi ákvæði frv. mundu ná jafnt til allra vara og fyrirtækja. Mér þykir réttara að taka þetta fram, þar sem það bar á góma í n. — Þess vil ég og geta, að sumir nm., og þar á meðal ég, vildu fá þyngri refsiákvæði inn í frv., að hækkað yrði lágmarkið á refsiákvæðunum, og ef um stórvægilegt brot væri að ræða að yfirlögðu ráði, þá mætti svipta þann um sama leyfi til að reka verzlun eða iðnað. Niðurstaðan af þessari athugun varð þó sú, að ekki var horfið að því ráði að setja þetta inn í frv., og er það einnig í samræmi við skoðun hæstv. fjmrh., enda vildi n. ekki fara að stofna til deilna um það atriði, einkum þar sem hæstv. fjmrh. gat þess, að hæstv. ríkisstj. hefði í hyggju líkar ráðstafanir og við höfðum í huga, og mundi hún brátt leggja það fyrir þ., af þeim orsökum fannst okkur það ráðlegra og hyggilegra á þessu stigi málsins að koma ekki með brtt.
Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en vitna til þess, sem ég hef lesið upp úr nál. Nefndin leggur öll til, að frv. nái nú fram að ganga, og skal ég svo afhenda hæstv. forseta nál.

Forseti (JJós): Hv. 4. þm. Reykv. hefur afhent mér skrifl. nál. frá allshn., og hafa hv. dm. heyrt efni þess. Þarf að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að það verði tekið til meðferðar á fundinum.
Þá hefur mér og borizt skrifl. brtt. frá hv. 7. þm. Reykv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 126].
Þessi brtt. þarf sams konar afbrigði, og mun ég leita þeirra um bæði atriðin í senn.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég þarf ekki að taka það fram, þar sem ég hef oft gert það áður við annað tækifæri, að ég hef enga trú á því, að hægt sé að lögbinda kaupgjald og verðlag. Reynslan hefur sýnt, að þau lög hafa verið brotin nema að baki þeim standi samkomulag við þá aðila, sem hlut eiga að máli.
Annars þarf ég ekki að bera fram nein rök til stuðnings máli mínu, því að það hefur svo oft verið gert.
Ég er þeirrar skoðunar, að hæstv. ríkisstj. hafi átt að tryggja sér velvild þeirra manna, sem hlut eiga að máli, áður en hún lagði út í þetta.

Það getur að vísu verið, að hún hafi gert svo, en mér er ekki kunnugt um það. Annars verð ég að segja það, að þetta frv. nær skammt, en það er svo, að almenningur bæði hér á Alþ. og utan þess ætti að taka með velvild öllum tilraunum til þess að ráða bót á dýrtíðinni, og svo er um þessa. En mér hefði þótt eðlilegra, að þegar ríkisstjórnin byrjaði ráðstafanir sínar gegn dýrtíðinni, þá hefðu þær verið róttækari og almennari en þetta frv. er.

Hér er aðeins ætlazt til, að stöðvuð sé verðhækkun á innfluttum vörum, en það er vitað, að þær ráða minnu um dýrtíðina en innlendu vörurnar.

Hér eru innlendu vörurnar undanskildar, þ. e. a. s. þær, sem verðlag er ákveðið á af sérstökum verðlagsnefndum. Nú er svo frá skýrt, að samkomulag hafi náðst um, að þær skuli ekki hækka þetta tímabil. Mér þykir það undarlegt, að þessar vörur skuli vera undanskildar, og miðar brtt. mín að því, að þær skuli teknar upp í lögin. Þegar sett eru svo harðvítug ákvæði, má ekki minna vera en þær hlíti sömu skilyrðum og aðrar vörur. Ég býst við því, að þetta frv. nái fram að ganga, og þótt ég hafi ekki trú á því, að það ráði miklu um stöðvun dýrtíðarinnar, þá vil ég ekki setja fyrir það fótinn, en fylgi mitt við frv. er þó því skilyrði bundið, að brtt. nái fram að ganga.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Það eru aðeins nokkur orð viðvíkjandi brtt. hv. 7. þm. Reykv. um að verðfesta landbúnaðarafurðir. Ég álít, að það komi ekki til nokkurra mála að verðfesta þær nema kaupgjald sé þá verðfest jafnframt. Það er tryggt með yfirlýsingu verðlagsnefnda um, að þessar vörur skuli ekki hækka til febrúarloka, að verðlagsbreytingar eigi sér ekki stað á þessum tíma, þó að verðlagsnefndirnar gerðu slíkan samning, er það þó annars eðlis en að lögfesta vöruverðið en ekki kaupgjaldið. Ég fyrir mitt leyti gæti stutt þessa brtt., ef kaupgjaldið væri einnig lögfest. Hins vegar vil ég ekki bera fram slíka brtt., því að það yrði til þess, að frv. yrði fellt; þótt frv. sé ábótavant, er ábyrgðarhluti að setja fyrir það fótinn, því að það er tilraun í rétta átt. Flestir munu nú viðurkenna nauðsyn þess að stöðva dýrtíðina og mun Sjálfstfl. því ekki beita sér á móti frv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég vil aðeins taka það fram, að ríkisstjórnin hefur skriflegar yfirlýsingar frá n. þeim, sem ákveða verðlag á kjöti, mjólk og grænmeti. Ríkisstj. ber fullt traust til þess, að þessar yfirlýsingar verði haldnar, og telur því enga þörf að breyta frv. til þess að það nái því takmarki, sem því er ætlað.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Í allshn. áskildi ég mér rétt til þess að greiða atkv. með brtt., sem fram kynnu að koma við þetta mál, þótt ég styddi frv. Nú hefur ein slík brtt. komið fram og lýsi ég því yfir, að ég mun greiða henni atkv. samkvæmt áskildum rétti.

Ég vil aðeins minnast á nokkur atriði í sambandi við þetta.

Þessi lög munu aðeins verða til bráðabirgða og þau munu ekki geta stöðvað dýrtíðina, þótt þetta sé aðeins byrjunarspor í þá átt. Frv. þetta eitt getur aldrei stöðvað verðbólguna og það getur aldrei lækkað vísitöluna, þar sem það nær aðeins yfir erlendar vörur, en þær hafa minnst áhrif á vísitöluna. Dýrtíðin getur líka haldið áfram að vaxa, þótt visitalan hækki ekki. Frv. þetta er annars spor í rétta átt, þótt það eitt dugi lítt til þess að ná settu marki. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst, að ekki kunni að koma til þess, að grípa verði til einhverra annarra ráðstafana, ef á að halda verðinu föstu eins og það var í gær. Þótt varan komi til landsins með sama verði og áður, þá hækkar tilkostnaðurinn hér við hana vegna þess að laun hækka eftir því sem vísitalan hækkar. Það verður því ekki hægt að selja hana við sama verði og áður, nema seljandi biði tjón við það. Fjmrh. sagði í dag, að ríkisstjórnin mundi þó ekki greiða neinar bætur úr ríkissjóði nema í samráði við Alþingi. Þetta er að vísu ágætt, svo langt sem það nær. Ég veit þó ekki, nema til þess kunni að koma, að ríkisstj. verði að taka ákvörðun um þetta á skömmum tíma. Ég er ekki viss um, að menn verði fúsar til að selja vörur, sem þeir eru nýbúnir að fá við sama verði og hinar, nema þeim verði á einhvern hátt bætt það upp. Ég segi þetta hér vegna þess, að ég er ekki trúaður á, að ekki kunni að koma til slíkrar greiðslu. Ég sagði áðan, að ég mundi greiða atkv. með brtt. hv. 7. þm. Reykv. Ég skil ekki þá afstöðu hv. 2. þm. Rang. að vilja ekki verðfesta innlendar afurðir um leið og ríkisstjórnin lýsir því yfir, að hún hafi í höndunum skriflegar yfirlýsingar um það, að verð á þessum sömu afurðum skuli ekki hækka á umræddu tímabili. Formaður kjötverðlagsn. vill sem sagt gefa skriflega yfirlýsingu, en hann vill ekki láta lögfesta afurðaverðið.

Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir því, að Alþýðusambandið hafi gefið yfirlýsingu um, að ekki væri von á neinum kaupdeilum á þessu tímabili. Hv. þm. Ísaf., sem er hátt settur maður hjá Alþýðusambandinu, segir hins vegar, að engin slík yfirlýsing liggi fyrir. Það var líka sagt fyrir ári síðan, að ekki væri von á neinum kaupdeilum, og allir vita, hvernig þá fór. Ég hef líka frétt síðan, að ekki sé útilokað, að fram komi einhverjar kaupkröfur frá verkalýðsfélögunum.

Hæstv. fjmrh. sagði, að kjötverðlagsnefnd hefði gefið skriflegt loforð um það, að kjötið skyldi ekki hækka á þessu tímabili, nema með leyfi landbúnaðarráðh. Það þarf þannig ekki leyfi ríkisstj., heldur aðeins leyfi landbúnaðarráðh. til slíkrar hækkunar. Nú vildi ég fá að heyra yfirlýsingu frá hæstv. landbúnaðarráðh. um það, hvort hann muni leyfa nokkra verðhækkun á kjöti á umræddu tímabili. Hins vegar skildist mér það á hæstv. fjmrh., að loforðin frá grænmetis- og mjólkurverðlagsn. væru engum slíkum skilyrðum bundin.

Mér virðist sem þessi löggjöf mundi hafa nokkuð annan svip gagnvart alþjóð, af henni væri beint inn á þá braut að láta lögin ná til allra þeirra aðila þennan stutta tíma, í stað þess að taka hér aðeins fyrir þann eina flokk manna, sem verzlar með erlendar vörur.

Mér finnst, að almenningur mundi skilja það, að sett væri slík löggjöf á þessum tímum, ekki sízt, ef allir aðilar hafa samþ., að ekki verði gerðar neinar breyt. á verðlagi eða að fram komi nokkrar kaupkröfur á þessu tímabili.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Ég mun aðeins segja örfá orð, þar sem þessum umr. þarf að hraða, til þess að málið fái fulla afgreiðslu í dag.

Ég vil láta það koma fram, að ég tel það vel ráðið að setja ákveðið tímatakmark í lögin um það, hve lengi verðlaginu skuli haldið í sömu skorðum. Það eru aðallega tvær stoðir, sem hníga undir þetta frv.

Í fyrsta lagi tel ég það hyggilega ráðstöfun gagnvart þeim, sem eiga nú að byrja að færa fórnir og venja sig við að hugsa um almenningsheill, og í öðru lagi markar það dýrtíðinni þrengri bás á meðan hafizt er handa um að koma fram löggjöf, sem miðar til lausnar á núverandi erfiðleikum.

Þetta frv. er því aðeins undanfari þess, að sett verði löggjöf, þar sem ráðizt verði á dýrtíðina og verðbólguna með öllum ráðum. Þess vegna álít ég hyggilegt að fara svona að, þar sem það þolir enga bið, að gerðar verði róttækar ráðstafanir í þessum efnum. Hér þarf mjög skjótra ráða við, ef baráttan á ekki að verða gagnslaus, og Alþ. og ríkisstjórn verða að gera sér grein fyrir því, að þær ráðstafanir, sem gera þarf, verða að leysa atvinnuvegina úr þeim læðingi, sem þeir eru nú fjötraðir í. Ég tel það ekkert aðalatriði, hvernig frá þessu frv. er gengið, bæði af því, að hlutverk þess er lítið og af því, að það á aðeins að verða til bráðabirgða. Þetta frv. er byggt upp á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er því ætlað að lögfesta verðlag á sumum verzlunarvörum og í öðru lagi er það byggt á þeim frjálsu till., sem um hefur verið rætt hér. Þó að farið yrði að binda hendur bænda um mat á framleiðslu þeirra, verður vart hjá því komizt að leyfa þeim að hækka verð fyrir geymslukostnaði varanna, enda væri það bein nauðungarverðlækkun til þeirra, ef því væri neitað. Með þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. hefur nú fengið hjá formanni kjötverðlagsnefndar um óbreytt verð, þótt vitað sé, að um áramót verði bændur að taka á sig hækkað kaupgjald samkv. vísitölu, er ljóslega sýnt, að það er síður en svo, að bændur skjótist undan að taka hluta sinn af þeim þunga, sem einhverjir verða að bera, ef takast á að stöðva dýrtíðina. Þungi þeirra byrða mun verða mikill. Mönnum er bezt að gera sér ljóst, að ekki er hægt að reka hér lífvænlegan atvinnurekstur, sem hvíli á sölu á erlendum markaði, nema tilkostnaður verði mun lægri en nú er við framleiðslu hér á landi.

Ólafur Thors: Innan Sjálfstfl. er það nokkuð almenn skoðun, að þetta frv. geti ekki eitt fyrir sig orðið veigamikil bót á vandkvæðum. Það er vitað, að það, sem fyrst og fremst eykur dýrtíð og hækkar vísitölu, er verðlag innlendrar vöru og vinnulaun, og hvorugt er bundið samkv. frv., heldur aðrar vörur, sem hafa miklu minni áhrif. Það er von, að menn beri kvíðboga fyrir, að af þessu frv. geti ekki mikla blessun leitt. Engin sönnun liggur fyrir um, að innlendu vörurnar þurfi að hækka í verði, en aðrar vörur, sem sýnt er með óyggjandi rökum, að þurfi að hækka, eigi að haldast í óbreyttu verði með nauðungarráðstöfun. Mér finnst það ekki rökrétt hugsun í frv. að binda ekki verð á því, sem mestu veldur um hækkun vísitölu og ósannað er, að þurfi að hækka, en binda hitt, sem litlu skiptir um vísitölu og sannað er, að þarf að hækka. Nú hefur ríkisstj. að vísu lýst yfir, að hún hefði tryggt sér, að til hækkana muni ekki koma á innl. vörum né til grunnkaupshækkana. Þó að ég hafi ekki eftir minni ráðherrareynslu ástæðu til að treysta ákaflega vel loforðum þeirra n., sem því verðlagi ráða, skal ég ekki bera brigður á þessar yfirlýsingar. Auk þessa eru yfirlýsingar um, að kaupgjald muni ekki hækka, mikill styrkur fyrir þessa stjórn. Nú leggur hún á það mikla áherzlu, að einingu verði náð um þetta fyrsta spor hennar í þessum málum. Þó að ég hefði nokkra tilhneigingu til að vera móti frv. að því, sem mér finnst það órökrétt, hef ég sakir óska hæstv. ríkisstj. leyft að fylgja því innan míns flokks, að frv. yrði veittur óskoraður stuðningur. Ég þarf ekki að taka það fram, að einstakir þm. Sjálfstfl. hafa óbundnar hendur um, hvernig þeir greiða atkv., en meginþorri flokksins mun fylgja frv.

Varðandi brtt. hv. 7. landsk. viðurkenni ég, að rök hans eru rétt. En ef sú till. yrði samþ., gæti hún stofnað öllu frv. í beinan voða og þar með jafnvel gert ríkisstj. ókleift að starfa áfram. Þótt ég teldi þessa breyt. réttlátа, mun ég því greiða atkv. gegn henni.

Sveinbjörn Högnason: Ég get ekki látið hjá líða að benda á nokkur merkileg atriði, sem fram hafa komið. Flokksforinginn Ólafur Thors skrifaði nýlega í Mbl., að flokkur sinn hefði reynt að skapa þjóðareiningu til þess að leysa þessi vandamál. Nú segir hann, hv. þm. G.-K., þannig frá einingunni í flokki sínum um þetta mál, að augljóst er, að hann á talsvert óunnið af sigrum á þeim heimavígstöðvum, áður en hann getur talizt líklegur maður til að koma á þjóðareiningu. Hugsunarháttur hans er alltaf sjálfum sér líkur. Honum nægir ekki að festa verð á landbúnaðarafurðum, ef það er gert með frjálsu móti, heldur vill hann gera það með lögþvingun, ef hann þyrði. Þegar yfirlýsing er komin um, að það hækki ekki og fram kemur skrifleg brtt. þess efnis, að samt sem áður skuli lögbanna þá hækkun, sem ekki er um að ræða neina, stendur hann upp til að staðhæfa, að frv. sé órökrétt, nema þessi dæmalausa brtt. yrði samþ., dylgjar um, að yfirlýsingum verðlagsnefndar sé ekki að treysta, reynir að kveikja úlfúð, ef nokkur kostur væri á. Og þetta er honum full einlægni, að ekki sé nóg að hindra hækkun innlendra vara, heldur þurfi það að gerast á þann hátt, sem hann kýs af einhverjum ástæðum, með lögbanni. Hann virðist hugsa sem svo, að þeim, sem ætla ekki að hækka, eigi að banna með lögum að gera það, — lögin sett til höfuðs þeim, sem ekki brjóta, — en þeim sem ætla að hækka og hann segir, að þurfi þess

nauðsynlega, eigi ekki að banna neitt, — lögin ekki til að hindra þá, sem brjóta.

Það er talandi tákn um Sjálfstfl., að hann klofnar nú um þetta mál. Og hvers er síðan af honum að vænta?

Jörundur Brynjólfsson: Hv. þm. V.-Sk. hefur nú sagt sumt sem ég vildi benda á í sambandi við hina skrifl. brtt. Því var hreyft af hv. 2. þm. Eyf. í n., að slíka breyt. ætti að gera, en í n. fékk það enga áheyrn. Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir f. h. ríkisstjórnarinnar, að hún teldi sig hafa tryggingu fyrir því, að innlendar afurðir yrðu ekki hækkaðar í verði fyrir 1. marz, eða a. m. k. var engan efa að heyra á ráðh. um, að það væri tryggt. Enn fremur er talið nokkuð öruggt, að grunnkaup verkamanna hækki ekki á þessu tímabili. Þetta er það, sem langmestu máli skiptir í þessu sambandi. Það virðist bæði óþarfi og miður rökrétt að fara að binda það með lögum, sem búið er að binda nægilega á annan hátt, enda nær brtt. ekki til kaupgjalds, en við vitum, hve nátengt þetta tvennt er, afurðaverð og kaupgjald, og ekki heppilegt að greina þar á milli. E. t. v. telur hv. 7. þm. Reykv. kaupgjaldið þýðingarminna í þessari tímabundnu löggjöf fyrir það, að breyting þess í jan. færi ekki að breyta vísitölu fyrr en í febr. og vísitöluhækkanir hækka ekki kaupgjald fyrr en mánuðinn eftir, að þær koma fram. En til lengdar gerir það lítinn mismun. Ef til vill byggist afstaða hv. 2. þm. Eyf. og hv. 7. þm. Reykv. öll á því, að þeir treysta alls ekki yfirlýsingu verðlagsnefndanna. En til þeirrar tortryggni hafa þeir engar gildar ástæður. Háttv. þm. Reykv. talaði um, að taka þyrfti á þessu máli með velvild og skilningi. Ekki er hann svo skyni skroppinn, að hann búist við, að brtt. *hans, sem sýnir slíka fyrirlitningu á yfirlýsingu* þeirra aðila, sem verði innlendrar vöru ráða, verði til að auka velvildina. Mér skildist fylgi hans við frv. vera undir því komið, hvort brtt. yrði samþ. Það er þá velvild hans til málsins.

Hv. 2. þm. Eyf. spurði, hver ástæða væri til að lögbinda þetta ekki, ef það ætti ekki að hækka. Meira vit er í hinu að spyrja, hvers vegna eigi að lögbanna hækkun, þegar vitað er, að ekki verður hækkun. Fyrir breyt., sem skrifl. brtt. stefnir að, hlýtur þá að vera einhver önnur ástæða.

Það kom fram í ræðu hv. þm. G.-K., að sumar vörur væri minni ástæða að verðfesta vegna þess, að þær eru lítt eða ekki reiknaðar með í vísitölunni, — hann átti við vísitöluna, þegar hann nefndi „dýrtíð". En ýmsar þessar vörur hafa alls ekki lítil áhrif á afkomu almennings í landinu, og veltur á miklu, að þær hækki ekki. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. En hin skrifl. brtt., sem betur hefði aldrei í dagsljós komið og aldrei getur nema illt eitt sprottið af, er vel þess verð, að um hana fari fram nafnakall, og vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að henni sé sýndur sá verðskuldaði sómi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það er þrennt, sem ég vildi segja. Ég vil þakka hæstv. ríkisstj. þetta frv. og tel það spor í rétta átt og fyrirheit þess, að hún ætli að lagfæra eitthvað af þeim ólestri, ósóma og óstjórn, sem fyrrverandi ríkisstj. leiddi yfir þetta land.

Hv. fyrrv. forsrh. (ÓTh) dylgjar um það, að verðlagsnefndum megi ekki treysta, og hefur talið mig hafa skýrt sér rangt frá, er hann hafi spurt mig um væntanlegar gerðir n. þeirrar, sem ég er í. Þetta eru ósannindi hans. Frá því 23. ág., að ég minnti hann á, að hann þyrfti að endurskipa kjötverðlagsnefnd fyrir sept., — því sinnti hann ekki og lét vera nefndarlaust nokkra daga —, frá þeim ágústdegi og þangað til nú fyrir fáum dögum hef ég ekki talað orð við þann háa herra, hvað sem hann segir þar um. Hitt var það, að fjmrh. hringdi til mín, þegar síðast var hækkað verð á mjólk, og fór þess á leit, að frestað yrði að taka ákvörðun um hækkunina, þar til Alþingi væri komið saman, því að það mundi strax taka dýrtíðarmálin föstum tökum. Og er ég trúði því ekki og vildi ekki bíða, bauðst hann til þess að láta ríkisstj. greiða þá hækkun, sem við ákvæðum, en útsöluverð yrði óbreytt. Líka því neitaði ég. En þótt náið sé samband milli fyrrverandi fjármálaráðherra og fyrrverandi forsætisráðherra, eru það ólíkar persónur og getur Ól. Th. varla talið, að hann hafði við mig talað, þótt Möller gerði það, og Möller sagði ekki orð um, að hann talaði í nafni Ólafs.

Mig furðar ekkert á þessari till. hv. 7. landsk. En menn hafa ekki skilið, að hún er miklu lævísari en af var látið. Þarna vill þm. búa í haginn fyrir framtíðina og taka frá verðlagsnefndunum allar tillögur um verðlagsmálin.

Það er breyt. á 5. gr. l., sem nú undanskilur þessar vörur, svo að vald dómnefndar í verðlagsmálum nær ekki til þeirra. Það vill hv. 7. þm. Reykv. ekki. Hann vill láta allt heyra undir verðlagsnefnd, eina og sömu n. Þetta er ekkert nýtt. Þetta hefur heyrzt áður hér á þingi, og þessi hv. þm. hefur æfinlega borið þá von í brjósti, að svo yrði. Það er rétt, sem fyrrverandi forsætisráðherra sagði, þó að það sé sjaldan, *sem hann segir það, sem rétt er*, að það verður erfitt að ráða þessum málum til lykta þannig, að allir verði ánægðir með það.

Garðar Þorsteinsson: Ég skal vera stuttorður. Það er viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Sk. og 1. þm. Árn. sögðu, að kjötverðlagsn. hefði lýst yfir því, að kjötið skyldi ekki hækka til febrúarloka. Þetta er ekki rétt. Kjötverðlagsn. lýsti ekki yfir því, en hún lýsti yfir því, að kjötið skyldi ekki hækka nema með leyfi landbrh. Mér dettur ekki í hug að rengja það, sem hæstv. ráðh. segir, en ég veit bara ekki, hvernig þetta er komið inn í lögin, og þó ég ætli ekki að rengja orð hans, finnst mér löggjöfin hefði allt annan svip, ef þetta ákvæði væri í þeim.

Sigurður Kristjánsson: Það hefur orðið orðakast hér út af þessari brtt. minni, og verð ég þess vegna að segja nokkur orð til skýringar, þó að þess ætti ekki að þurfa, því að það er ekki svo miklum vandkvæðum bundið að finna út, hvað fyrir mér vakir með till., en það er ein-

mitt það sem hv. 2. þm. N.-M. sagði. Það er það að færa verðlagsákvörðunarvaldið til verðlagsn., og það er ekkert á móti því að segja alveg eins og ég meina um það, að ég álít þessum málum miklu betur borgið hjá dómn. en hjá verðlagsn. landbúnaðarafurða. Ég skal koma að því síðar, á hverju ég byggi þetta. En ég vildi fyrst koma inn á það, að mér er ekki skiljanlegt, hvers vegna menn vilja ekki festa verðlag á landbúnaðarvörum í þessum l., ef verðið á að standa í stað á þessum tíma. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. tók fram, að l. fá allt annan svip við það, að þetta er ekki sett inn í þau, að þar er einungis talað um aðflutta vöru, en ekki einnig innlendu vöruna, sem ræður miklu meira um verðlagsvísitöluna. Mér heyrðist á 1. þm. Árn., að frá hans sjónarmiði væri um að ræða allt að því ódæðisverk í minni till. Hann hafði ákaflega sterk orð um það, að hún ætti að komast undir nafnakall, hún verðskuldaði það. Ég get sagt þessum hv. dm. það, að ég óska, að till. komi undir nafnakall, og get líka sagt honum það, að ég álít, að þeir, sem greiða atkvæði á móti henni, séu ráðnir í að stuðla að því, að loforðin um, að verðlag skuli verða óbreytt, verði svikin. Ég mun leggja þann skilning í það. Mér er það með öllu óskiljanlegt, að menn vilji fella þessa till., ef þeir vilja ekki hafa útgöngudyr.

Það er talað mikið um fórnir, og skal ég taka undir það, að miklu er fórnandi til þess að geta stöðvað verðbólguna og dýrtíðina, en mér finnst, að þetta skraf um fórnir fari illa í munni þeirra manna, sem aldrei hafa viljað neinu fórna. Það er svo sem ekkert undarlegt, þó að þeir, sem geta grætt á dýrtíðinni, hafi tilhneigingu til að nota sér það, en þegar verið er að tala um fórnir, er viðkunnanlegra, að það tal komi fram í verkinu. Hvenær hafa talsmenn þeirra manna, sem selja landbúnaðarafurðir, viljað fórna nokkru? Ég hef aldrei orðið var við það. Ég hef mikinn kunnugleika á því að kaupa þessar vörur. Ég borga kr. 5400.00 á ári fyrir mjólk, en ég fæ ekki eina kýrnyt fyrir þetta verð. Það getur vel verið, að þessum mönnum finnist miklu fórnað til mín með þessu, en ég kannast ekki við það. Ágætur vinur minn selur mér þessa mjólk, og hún er ómenguð og skapar engin veikindi í mér eða fólki mínu. Vinur minn einn, sem selur egg, var heima hjá mér um daginn. Sú vara hefur verið illfáanleg, en hann lofaði að setja mig ekki hjá. Ég sagði þessum vini mínum, að annar maður, sem ég þekki, segðist hafa um kr. 100 upp úr hverri hænu, og sagði, að mér þætti það ólíklegt, en hann sagðist hafa meira. Hann sagðist fá 180 egg frá hverri hænu, og hann selur kílóið á kr. 18.00, svo það lætur nærri, að hann hafi kr. 240.00 upp úr hænunni. Ég spurði hann, hvað fóðrið mundi kosta fyrir hænuna, og hann sagðist ekki geta reiknað það minna en kr. 25.00. Þetta er ein af þeim fórnum, sem færðar eru. Mér finnst eðlilegt, að menn selji fyrir það, sem þeir geta, en ég kann ekki við þessa skynhelgi fyrir framan mig, sem kaupi vöruna fyrir okurverð. Till. mín er ekki borin fram af illkvittni. Hún er borin fram af því, að ég álít, að við getum sett hér löggjöf, sem byggist á samkomulagi. Þess vegna álít ég, að fyrst eigi að tryggja, að verðlag á landbúnaðarafurðum sé fast, en eins og menn vita, er ég á móti því að lögbjóða verðlag á kaupi. Till. mín er alveg í samræmi við þessa skoðun mína.

Emil Jónsson: Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Eyf. beindi áðan fyrirspurn til hæstv. atvinnumálaráðh., sem var fullskýr og varð ekki misskilin, og ég býst við, að hann ætli að svara, en það er um atriði, sem verður að vera alveg ákveðið. Kjötverðlagsn. hefur gefið loforð um, að verð á kjöti skuli ekki hækka meðan þessi lög eru í gildi nema með því skilyrði, að hann gefi fyrirfram samþykki sitt til þess. Nú vil ég biðja hæstv. ráðh. að lýsa yfir því, hvort hann muni leyfa nokkra hækkun á þessari vöru.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Að gefnu tilefni vil ég sem landbúnaðarráðh. lýsa yfir því, að ég mun ekki samþykkja hækkun á núverandi mjólkurverði eða kjöti til loka febrúar n. k., ef þann tíma verður í gildi auglýsing samkvæmt því frv., sem nú liggur fyrir hér í d., og ef ekki verða grunnkaupshækkanir á þessum tíma.

Ólafur Thors: Út af ummælum, sem féllu í ræðu hv. 2. þm. N.-M., vil ég upplýsa, að það er rétt, að ég talaði ekki sjálfur við hann, — ég hef yfirleitt leitt það hjá mér eftir því, sem föng eru á —, en ég óskaði eftir, að fjmrh. gerði það, og það hafði alveg sömu þýðingu og ég hefði gert það.

Sveinbjörn Högnason: Hv. 7. þm. Reykv. bar fram þá fyrirspurn, hvenær talsmenn þeirra, sem ráða verði á landbúnaðarafurðum hefðu viljað nokkru fórna til þess að stöðva dýrtíðina. Hann er kannske óminnugur á þær þrjár tilraunir, sem hafa verið gerðar, til þess að stöðva dýrtíðina, af þeim mönnum, sem ráða verðlagi á afurðum bænda. Þegar borið var fram hér á haustþinginu frv. til þess að koma í veg fyrir dýrtíðina, voru þeir fyrstir. Þegar gerðardómurinn var settur, brugðust þeir ekki, heldur vildu láta setja allt verðlag fast, og þeir eru þeir einu, sem samþykkja núna að setja verðlagið fast, þó að sjáanlegt sé, að dýrtíðin hækki um rúm 20 stig eftir þetta. Hverjir hafa boðið þetta fram æ ofan í æ nema þeir, vegna þess að þeim er ljóst, hvert stefnir, ef verðlag heldur áfram að hækka. Þegar þessi hv. þm. kvartar undan því, að hann þurfi að gefa 5000 kr. fyrir kýrnytina, ætti hann að muna það, að fyrst, þegar boðið var að stöðva dýrtíðina, var mjólkurlíterinn 75 aura. En annars er þessi mjólkurneyzla hans óeðlilega mikil, og skil ég ekki, að þessi upphæð geti verið svona há, nema hann verzli við einhvern, sem selur mjólkina hærra verði en Mjólkursamsalan.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að loforðið um, að ekki skyldi verða hækkun á landbúnaðarvörum væri tilgangslaust, vegna þess að það væri bundið samþykki landbúnaðarráðherra. Þetta er eðlilegt, því að hvaða ástæða væri til þess, að bænd-

ur hækkuðu ekki vöru sína, ef þær ráðstafanar, sem gerðar eru, verða ekki haldnar. Ef ætlunin er ekki að framkvæma það, nema dýrtíðarráðstafanirnar nái til allra, en það er eins og hv. 2. þm. Eyf. og hv. 7. þm. Reykv. leggi á það megináherzlu að lögfesta verð á landbúnaðarafurðum, hvað sem öðru líður, enda er þetta sá sami sónn, sem hefur svo oft komið fram hjá þeim áður, og þegar hv. 7. þm. Reykv. talaði um, að verðlagið væri svo og svo hátt og það kostaði ekki nema svo og svo lítið að fóðra skepnurnar, þá heldur hann víst, að það sé hægt að framleiða bæði egg og mjólk bara með því að fóðra og það þurfi enga vinnu til. Ég held, að þeir, sem kunnugir eru sveitavinnu, viti, að mestur hluti af tekjum bænda fer í kaupgreiðslur. Mér virðist, að menn, sem ekki hafa meiri skilning á því, sem þeir eru að tala um, en kom fram hjá þessum tveimur þm., ættu ekki að hafa leyfi til að ræða mál, sem snerta landbúnaðinn, svo mikið skilningsleysi og ósanngirni kom fram hjá þeim.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Það er eins og meginatriðið sé, að löggjöfin hafi einhvern sérstakan svip, en ég hélt, að það væri meginatriðið að reyna að ná samkomulagi, þar sem það er hægt. Nú hefur þetta samkomulag náðst, og hvaða ástæða er þá til að koma með till. eins og þessa, sem hv. 7. þm. Reykv. bar fram.

Sigurður Kristjánsson: Ég skal vera stuttorður. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að þeir, sem réðu verðlagi á landbúnaðarafurðum, hefðu sífellt verið að bjóða fórnir, en hann virðist vera ókunnugur þessum málum. Þetta var þannig, að verðlag á landbúnaðarafurðum hækkaði á meðan lögin um gerðardóm voru að koma út og svo voru landbúnaðarvörur teknar út úr lögunum um dómnefnd, svo að það er ekki undarlegt, þó að þeir, sem standa fyrir sölu landbúnaðarafurða, geti stært sig. En það er bara ekkert undarlegt, þó að þeir, sem kaupa landbúnaðarafurðirnar, séu ekki ánægðir.

Ég get ekki verið að eltast við útúrsnúninga hv. þm. V.-Sk. Hann segir, að ég og hv. 2. þm. Eyf. viljum ekki lögfesta annað verð en verð landbúnaðarafurða. Ég er búinn að segja það, að ég vil ekki, að annað sé lögfest en það, sem samkomulag er um fyrirfram, til þess að tryggja, að lögin verði haldin. Ég get heldur ekki verið að eyða orðum að þeim ummælum hans, að ég ætti ekki að hafa leyfi til að tala um landbúnaðarmál. Ég geri ráð fyrir, að ég hafi eins mikið vit á landbúnaði og þessi hv. þm. Sú menntun, sem ég hef fengið, er eingöngu á sviði landbúnaðarins, og ég starfaði að landbúnaði til 40 ára aldurs. Það, sem skilur okkur að í landbúnaðarmálum, er það, að ég lít á þau frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, en hann frá atkvæðaveiðasjónarmiði.

ATKVGR.

Brtt. 125 samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 126 felld með 27:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, SB, SK, JJós.

nei: EystJ, FJ, GG, GSv, HelgJ, IngJ, JakM, JPálm, JS, JörB, LJós, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, STh, SÞ, StJSt, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl.

EmJ greiddi ekki atkv.

3 þm. (GTh, SkG, ÞG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Emil Jónsson: Ég er í sjálfu sér með till., en þar sem því hefur verið haldið fram með nokkrum rétti, að samþykkt hennar mundi torvelda árangurinn af frv., greiði ég ekki atkv.

Finnur Jónsson: Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um loforð frá viðkomandi aðilum nú við 1. umr. málsins segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Enda þótt ég sé í sjálfu sér á móti því að lögfesta verðlag og kaupgjald og af því að hagur bænda er ekkert skertur með þessari till., segi ég já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 127).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar leyfi ég mér að þakka deildinni fyrir vinsamlega og hraða afgreiðslu þessa fyrsta máls, sem stjórnin hefur borið fram.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. þingdeild. — Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur þetta frv. legið fyrir hv. Nd. í dag og hefur verið afgreitt þaðan með afbrigðum í því formi, sem það hefur nú, er það kemur fyrir þessa hv. d. Frv. var athugað í allshn. Nd. og þá jafnframt allshn. þessarar hv. d.

Ég verð að þreyta hv. þingd. með nokkrum endurtekningum, að því er þetta mál snertir. Eins og hæstv. forseti tók fram í stefnuskrárræðu sinni, telur ráðuneytið höfuðatriði sitt vera það að vinna bug á dýrtíðinni, sérstaklega með því að setja skorður við frekari aukningu verð-

bólgunnar. Í samræmi við það hefur ríkisstj. lagt fram þetta frv., sem felur í sér heimild handa henni til að festa verðlag á vörum. Ríkisstj. telur þessa heimild óhjákvæmilegt skilyrði þess, að unnt verði að hafa hemil á verðbólgunni. En henni er eigi að síður ljóst, að þetta er ekki einhlítt til að halda öllu í skefjum þennan tíma, sem um er að ræða. Þetta frv. tekur t. d. ekki til þeirra vörutegunda, sem verðlag þeirra er ákveðið með sérstökum l., og það tekur heldur ekki til grunnkaups manna. En frv. væri lítils virði, ef ekki væri tryggt um leið, að verðlag í þessum greinum breyttist ekki á því tímabili, sem þar er tiltekið. Ríkisstj. hefur hins vegar talið sig hafa fengið tryggingu fyrir því. Hún hefur fengið hjá kjötverðlagsn. yfirlýsingu um það, að kjötverð skuli ekki hækka til febrúarloka. Sams konar yfirlýsing hefur fengizt frá Grænmetisverzlun ríkisins og mjólkurverðlagsn. um þær vörur, er þessar stofnanir eiga að fjalla um. Þá hefur stj. fengið umsögn frá Alþýðusambandi Íslands, þar sem talið er öruggt, að kaup muni ekki hækka á þessu tímabili.

Ráðuneytið leggur áherzlu á það, að þetta frv. hafi ekki í för með sér aukaútgjöld fyrir ríkissjóð og telur það ekki heldur nauðsynlegt. Hins vegar lýsir það yfir því, að ef slíkar greiðslur skyldu reynast nauðsynlegar, þá muni hún ekki grípa til þeirra nema í samráði við Alþ.

Þá leggur ráðuneytið áherzlu á nauðsyn þess, að verðlagseftirlitið sé sem fullkomnast og mun gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að svo megi verða.

Ráðuneytinu er áhugamál, að þetta mál verði afgreitt að fullu með afbrigðum í dag, því að það vill geta hafizt handa strax um framkvæmd aðalatriðanna í þessu máli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Frv. þetta hefur farið á skömmum tíma gegnum hv. Nd. og mætt óvenjulegri mildi þar. Aðalorsök til þess mun vera sú, að það er barið fram af hinni nýju stj. Umr., sem fram hafa farið, bera það með sér, að hér er um að ræða fyrstu göngu barns, sem varla kann að staulast, og því er ef til vill ekki rétt að bregða fæti fyrir það ef það kynni að geta orðið til þess, að um yrði bætt í framtíðinni. Þó þykir mér hlýða að benda á nokkrar hættur, sem orðið gætu á vegi þessa hvítvoðungs, til þess að frekar væri hægt að varast þær. Ég vil þá fyrst minna á það, að l. frá 29. maí þessa árs voru sett til að ná sama marki, en það brást fyrir þegnskaparleysi ákveðinnar og allstórrar stéttar. 5. gr. þessara l. fékk ekki staðizt nema til sumarþingsins, þar eð það var yfirleitt skoðun þm., að ekki yrði komizt hjá að afnema hana til að fyrirbyggja þá þjóðarsmán að hafa í gildi l., sem voru þverbrotin, af því að ákveðinn hópur manna neitaði að hegða sér eftir þeim. En það var ekki látið sitja við að afnema þetta atriði. Hv. Alþ. gekk en lengra. Það bætti inn í l. nýju atriði, þar sem leyft er að rjúfa gerða samninga. Það var bent á það þá hér í hv. d., að það kynni að koma afturkast og þetta kynni að verða þeim að fótakefli, sem fyrir því gengust, og ég held, að það muni koma á daginn. Það má öllum vera ljóst, að dýrtíðin verður ekki yfirunnin nema með sameiginlegum fórnum allra stétta. En þau l., sem hér ræðir um, miðast ekki að því, heldur er þar fórnunum velt yfir á eina ákveðna stétt manna. Ég tel að vísu ekkert á móti því, að þessi stétt fórni nokkru, því að henni hefur áskotnazt mikið fé að undanförnu. En mér finnst það ekki rétt, að öðrum stéttum sé með öllu sleppt við fórnirnar. Mér þykir þetta því undarlegra sem afstaða hæstv. fjmrh. var öll önnur á ráðherrafundi nýlega, þar sem ég var viðstaddur. Þar kom það fram, að Sjálfstæðisfl. var reiðubúinn að leggja miklar byrðar á þessa stétt, ef það yrði þá látið ganga jafnt yfir aðrar stéttir. Núverandi hæstv. fjmrh. reis þá manna hæst og kvað ómögulegt að fallast á, að þessi eina stétt taki á sig blóðfórn eins og þá, sem hér er um að ræða. Enda er auðséð, að þetta frv., ef það nær fram að ganga, getur orðið til að skapa öngþveiti eins og það, sem ríkti fyrir vinnulöggjöfina. Hæstv. fjmrh. hlýtur að vera ljóst, að vörur, sem koma inn í landið á næstunni, verður ekki hægt að selja með sömu álagningu og áður, þar sem kostnaður við mannahald og innkaup hefur aukizt. Ég er ekki að tala um silkisokka eða glerkýr, heldur kol og slíkar vörur, sem innflytjendur geta ekki tekið á sig að flytja til landsins, ef þeir sjá sér ekki fært að selja þær öðruvísi en með tapi. Sama máli gegnir um alls konar viðgerðir. Einnig á því sviði hefur kostnaður hækkað, og þeir, sem þær annast, yrðu því að taka af sínum ágóða, ég veit ekki, hve mikið, en það gæti komizt á það stig, að þeir kysu heldur að framkvæma engar viðgerðir, er þeir fyndu, að fórnunum væri velt einhliða yfir á þeirra bak. Ég hlustaði á hæstv. forsrh. lýsa stefnu ríkisstj. nú fyrir skömmu, og hann taldi höfuðverkefni hennar að sporna við auknингu dýrtíðarinnar. Ég lít líka svo á, að þetta sé fyrir öllu. En mér skildist líka hæstv. ríkisstj. setja sér það mark að koma atvinnuvegum landsmanna á heilbrigðan grundvöll. Nú er öllum ljóst, sem til málsins þekkja, að til þess að þetta sé framkvæmanlegt, verða fyrst og fremst grunnlaun verkamanna og verkakvenna, sem vinna við ishúsin, að fara niður í það, sem var fyrir 1. júlí, og vísitalan að fara niður í 182, því að þessi atvinnuvegur er einn af þeim meginstoðum, sem halda uppi útflutningnum. Ég vil því spyrja hæstv. rh., hvort í ráði sé að hækka grunnkaup og vísitölu þannig, að þessir atvinnuvegir geti komizt í lag og hægt sé að skapa þjóðinni trygga útflutningsmöguleika. Ef hæstv. ríkisstj. hefði lögfest vísitöluna í 182 stigum, þá hefði þessu frv. tvímælalaust verið tekið með meiri gleði en nú er. Sú stétt, sem um er að ræða, hefði tekið á sig byrðarnar með meiri fúsleik. En vegna þeirra yfirsjónar að gera þetta ekki, er hætta á, að þessar ráðstafanir nái alls ekki þeim tilgangi, sem þeim er ætlað að ná.

Ég vænti þess að fá um þetta hrein og ótvíræð svör.

Mér þykir rétt í sambandi við þetta að upplýsa, hve mikil sú fórn yrði af hálfu launastéttanna í landinu, ef þær einnig yrðu látnar taka

á sig þær byrðar, sem nauðsynlegar eru í viðreisnarstarfinu. Með því að miða við 250 kr. grunnlaun þá yrði upphæðin á hvern aðila 30 kr. á mánuði. Ef íslenzka þjóðin býst ekki við svo stórum fórnum til þess að rétta við hag landsmanna, þá verð ég að segja, að hún geri ekki ráð fyrir miklum erfiðleikum framundan. Og vil ég benda á, að allar þessar stéttir hafa fengið þetta frá 25—50% grunnlauna hækkun og verðlagsuppbót á það með l. frá Alþ. Mér finnst það ekki ósanngjarnt, að einnig þessar stéttir, launastéttirnar í landinu, fái sinn skerf, er þjóðin þarf á því að halda, og á þann hátt einan, að allir taki þátt í þeim erfiðleikum, er þjóðfélagið á við að búa, er hægt að komast hjá því, að reipdráttur og metingur stétta á milli skapist, er það kemur til framkvæmda, er í frv. felst. Og í sambandi við þetta mál vil ég eindregið leiða athygli hv. þm. að þessu, hvort þetta frv., þegar það verður að l., verður ekki til þess að skapa ófrið, smáskæruhernað, sem við könnumst vel við úr okkar þjóðfélagi. Við þurfum ekki að líta langt til baka til að sjá, hvað það var, sem eyðilagði gerðardóminn (**BSt**: Það voru gæsaveiðarnar). Nei, það var allt annað þar á bak við.

Þá vil ég og benda á, að þessi l. munu koma til með að hafa ekki svo lítil áhrif á þá smæstu í þessum bæ, er reka smáiðnað og kaupa þurfa vinnuafl og ef gróðinn er svo mikill hjá verzlunum almennt á þeim vörutegundum, er undir dómn. heyra, að það verður ekki tiltinnanlegt að selja vöruna eftir verðfestingu þá, sem með frv. þessu á að ganga í gildi, þá hefði dómn. leyft að leggja of mikið á vörurnar, og er það þungur dómur, ef svo væri. Ef þessu væri ekki til að dreifa, verða þeir aðilar sjálfir að taka á sig skaðann eða þá að hætta og stöðva sölu sínu og fá út úr því algert öngþveiti viðskiptanna eða þá í þriðja lagi að leggja út í smáskæruhernað, sem ég býst við, að enginn mundi óska eftir í þjóðfélagi voru enn á ný.

Ég hlustaði á umr. í Nd. um afnám síðasta liðs 1. gr. og þá till., er vakti umr. um það. Ég verð að segja, að mér finnst lítið unnið við þá brtt., er hv. 7. þm. Reykv. kom með eftir þá yfirlýsingu hæstv. atvmrh., er hann gaf þar, þó ber því ekki að neita, að þeir, sem ekki vilja láta það sjást í l. að hafa verið undir sömu ákvæði settir, að það lýsir ekki miklum fórnarhug. En þó að hæstv. atvmrh. setti það skilyrði m. a., að grunnlaun hækkuðu ekki á þessum tíma, þá er það vitað mál, að þau hækka ekki um áramótin. Hitt er vafamál, hvort betra er að fá yfir sig stríð um kauphækkun frá hendi þeirra manna, er þurfa að kaupa vinnukraft. Ég veit ekki, hvort sú barátta er neitt hollari en ef alþýðufólkið í landinu hefði einnig í þessu tilliti tekið á sig byrðina líka. — Ég er ekki að segja, að atvinnurekendur séu að færast undan eða ætli að færast undan þeirri skyldu, er á herðum þeirra hvílir, sem þegna í þjóðfélagi voru, en ég er í vafa um, að þeir taki það gott og gilt að þurfa einir að standa undir þeirri byrði, sem þjóðin öll á að standa saman um að bera.

Ég vil svo taka það fram, að ég ræði þetta mál aðeins frá mínu sjónarmiði, en ekki flokksins. Form. Sjálfstfl., (ÓTh), ræddi þetta sama mál í Nd. í dag og gat þá um sjónarmið flokksins. En ég hef talið mér skylt að ræða þetta mál á þann veg, sem ég hef nú gert, vegna þess að ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur ekki athugað alla þá erfiðleika, er hann kannske þarf að stíga í þessu máli, en það má hæstv. fjmrh. vita, að sú stétt, sem á með frv. þessu að bera þunga þeirra ráðstafana, sem gera þarf, er á engan hátt að færast undan honum, ef hún sér, að öðrum þegnum þjóðfélagsins er og gert það skylt að taka á sig þá erfiðleika, er öllu þjóðfélaginu mætir um þessar mundir.

Hermann Jónasson: Það yrði of langt mál, ef ætti að fara að ræða frv. á viðum grundvelli, og málið er það stórt, að enn lengri tíma tæki það, ef jafnframt ætti að rekja sögu þessara mála eins og þeim hefur undið fram á undanförnum árum eða ef gera ætti grein fyrir næstu skrefum. Vegna þess ætla ég ekki að gera það hér. Vil ég aðeins taka það fram, að ég mun fylgja þessu máli og lít á það sem byrjun að þeim framkvæmdum, sem gera þarf, enda ber frv. það með sér.

Það fyrsta, sem gera verður í þessu máli og það, sem ætlazt er til með frv. þessu, er að stöðva sig á þessari hálu braut, er við höfum verið að renna eftir undanfarið, og ég tel það og alveg rétt, sem kom fram í Nd. og einnig hér, að þessi stöðvun, þessi byrjun, muni verða erfið og jafnvel erfiðari en menn gera sér ljóst nú í dag, en þrátt fyrir það hika ég ekki við að ljá þessu máli fylgi mitt, því að einhvern tíma kemur að því, að hefjast þurfi handa.

Í sambandi við það, að ráðstafanirnar kæmu niður á einhverra herðar, þá þýðir í raun og veru ekki að vera að tala um, að hér sé verið að setja byrðir á þessa eða aðra í þessu sambandi, því að þær koma bara með meiri þunga á alla þjóðina, ef ekkert er að gert.

Að vísu skal það játað, að ríkisstj. taki að sér málin á því stigi, að stöðvun er svo að segja fyrirsjáanleg. Ekki er hægt að selja vörur fyrir öllu hærra verð en nú er gert. Kaupgetan er þegar farin að verða þverrandi og ekki hægt að hækka launin eða framleiða með öllu meiri tilkostnaði. Hvort tveggja, kaupgeta og verðlag, er þegar að stöðvast og því þýðir ekki annað en að setja punkt og stöðva sig og næst að undirbúa gönguna til baka.

Þeir erfiðleikar, sem mæta okkur þegar við stöðvunina, eru að vísu talsverðir, en stórkostlega erfið verður þá gangan til baka. Ef þetta er erfitt, að stöðva sig, svo erfitt, að jafnvel sumum hrýs hugur við því, þá er ekki glæsilegt að horfa til alls þessa, er á eftir þarf að fara, ef árangur á af að verða.

Ég álít, að ekki komi til neinna mála, þar sem fyrir liggur frá verðlagsn. landbúnaðarafurða loforð um, að ekki skuli hækkun fara fram á afurðum, er undir þær heyra, þá álít ég, að það komi ekki til neinna mála að lögfesta verð á þeim, og væri það auk þess frekleg móðgun af hendi Alþ., þar sem það mundi skoðast sem yfirlýsing um, að Alþ. treysti ekki loforðum n.

Ég vil og lýsa ánægju minni yfir því, að bændur og aðrar stéttir skuli tjá sig fúsa til að stöðva verðlag á nauðsynjavörum og sætta sig við lögbindingu.

Læt ég svo hér staðar numið að ræða þetta mál, þar sem það er svo umfangsmikið, eins og ég gat um í upphafi, að ef ræða ætti það allt, mundi tíminn í kvöld ekki endast til þess, og tel ég mér því ekki fært að orðlengja um það á þessu stigi.

Haraldur Guðmundsson: Í raun og veru er mismunur á núgildandi l. í verðlagsmálum og á þessu frv. hér ekki verulegur. Þó mætti segja, að það væri einkum tvennt, sem á milli bæri. Í frv. stendur, að dómn. eigi að starfa að fyrirlagi ráðuneytisins. En ég lít svo á, að þetta vald hafi alltaf verið hjá ráðuneytinu, og gat það því hvenær sem var skipt um dómn., ef því líkaði ekki ráðstafanir og gerðir n., þar sem n. var skipuð um óákveðinn tíma. Hitt atriðið er það, að samkv. núgildandi l. þarf að auglýsa þær vörur, sem verðlag dómn. náði til, með sérstakri auglýsingaskrá, en með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þetta nái yfir allar vörur, og er það að mínum dómi miklu réttara, að svo sé. En eins og ég sagði, þá er hér ekki um neinn verulegan mun eða efnisbreytingu að ræða frá því, sem þegar er í gildi með núgildandi l. um dómn. í verðlagsmálum. Mun ég þó greiða frv. þessu atkv. mitt, þar eð ég tel það til bóta. Um hin auknu störf dómn. nægir mér að vitna til ummæla StJSt í Nd.

Ég tel það rétt, að hv. d. geri sér það ljóst, að hér er ekki um neina stórvægilega breyt. í dýrtíðarmálunum að ræða, heldur er hér aðeins verið að gera framkvæmd fyrri ráðstafana auðveldari. En það er svo enn sem fyrr, að allt er komið undir röggsemi ríkisstj., hversu það tekst að halda á þessum málum og fylgja fram lagaákvæðum. — Þetta vil ég, að komi hér skýrt fram.

Ég álít það rétta stefnu hjá ríkisstj. að byrja á því að kosta kapps um að stöðva dýrtíðina, og það á því að lánast að stöðva hana með frv. þessu um takmarkaðan tíma, en heldur ekki lengur, því að það segir sig sjálft, að fyrr en varir missa þessar ráðstafanir hald á dýrtíðinni, ef ekkert frekar verður að gert, m. a. þegar erlendar vörur verða dýrari og dýrari eftir því sem á líður. Hv. þm. Barð. var að drepa á það, að ekki væri nein hætta á, að það þyrfti einu sinni að bíða svo lengi, eftir verðhækkuninni, hann gefur jafnvel í skyn, að menn megi eiga von á smáskæruhernaði af hendi verzlana von bráðar.

Mér þótti gott að heyra það frá hæstv. fjmrh., að ekki yrði gripið til þess að veita fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana nema því aðeins, að Alþ. yrði spurt um það og léði samþ. sitt til þess. Ef þessi yfirlýsing hefði ekki komið fram, mundi ég hafa orðið í vafa um, hvort ég ætti að veita þessu frv. fylgi mitt.

Þá vil ég benda á sjónarmið, sem ekki hefur enn komið fram í umr. Ef l. verða samþ. og framkvæmd eins og ráðh. ætlar, þá verður afleiðingin sú, að opinbert verð helzt óbreytt, en fari svo, að allt lendi í handaskolum, að raunveruleg hækkun eigi sér stað, af því að ekki sé litið eftir, að það haldist óbreytt, þá liggur í augum uppi, að l. koma ekki að notum, og leiðir það þá af sjálfu sér, að l. verka öfugt við það, sem þeim er ætlað að verka. Þetta tel ég rétt að benda á, og verðum við að fylgjast stöðugt með til þess að koma í veg fyrir, að slíkt beri að höndum.

Mig langaði til að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig bæri að skilja það atriði í 1. gr. frv., sem fjallar um vöruverð á hverjum stað, þar sem verðlagið er mjög breytilegt jafnvel innan takmarkaðra svæða, en þetta er mikilvægt atriði.

Ég vil geta þess, að fylgi Alþfl. við þetta frv. byggist á því, að hér sé aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem gefi nauðsynlegt tóm til frekari og róttækari ráðstafana, því að það segir sig sjálft, að þessi ráðstöfun ein hrekkur skammt til að ráða bót á þeim vandamálum, sem við erum að glíma við, og að því leyti er ég sammála hv. þm. Barð. En það er mér óskiljanlegt með öllu, hvernig þessi sami þm. getur mælzt til þess, að ríkisstj. festi vísitöluna í 260 stigum, því að ég veit ekki til þess, að hún geti það með neinu móti. Ummæli hans í þá átt, að sú hin lofsverða tilraun, er gerð var með setningu gerðardómsins í jan. s. l. hafi strandað á þegnskaparleysi stórrar stéttar, þá verð ég að segja það, að þau ummæli hans eru þau óviturlegustu og ósanngjörnustu, er sögð hafa verið í þessari d., og sýna, að hann hefur ekki gert sér hina minnstu grein fyrir þeirri orsök, er varð til þess að knýja fram afnám gerðardómsins. Ég ætla ekki að fara að ræða það mál hér í þetta sinn, enda er það eða ætti að vera óþarfi, því að allir vita, að á meðan aðrar stéttir hrifsuðu til sín stríðsgróðann, þá sat verkalýðsstéttin við sömu og óbreyttu grunnlaunin fram til ársins 1941 og til þess tíma við mjög skert grunnlaun. Því var svar þeirra óhjákvæmilegt við þeim verknaði, sem gerðardómurinn var.

Ég býst við, að það sé rétt, að ríkisstj. verði að vera viðbúin að mæta ýmsum erfiðleikum á meðan l. standa yfir. E. t. v. hættir einhver kaupmaður að selja vöru sína. Þá getur stjórnin farið að flytja hana inn. Ég man ekki betur en hér á sínum tíma væri hótað að hætta að flytja inn steinolíu. Þá flutti ríkið hana sjálft inn, og verðið á henni varð lægra en áður. Ég held, að ríkisstj. þurfi ekki að blikna eða blána þótt þetta sé nefnt. Þetta er aðeins bending. Sjálfsagt hefur hún á prjónunum einhverjar ráðstafanir til að mæta slíkum erfiðleikum. Ég tel því óþarfa af hv. þm. Str. að vera með sérstakan kvíðboga, þótt kaupmenn kunni að taka vörur úr umferð. Hv. þm. sagði einnig í ræðu sinni, að þetta væri í fjórða skifti, sem bændur byðu, að hætt væri að hækka verð á vörum sínum. Ég álít, að ég sé ekkert ómminnugri en aðrir, og ég man, þegar þetta fyrst kom fyrir. Það var haustið 1941, og kom, eftir að búið var að hækka flestar landbúnaðarafurðir, ekki af bændum sjálfum, heldur af verðlagsn. Þá buðust bændur til að hætta að láta verðið hækka, ef verð á öðrum vörum hætti einnig að hækka. Ég get

ekki látið hjá líða að taka fram, að við verðum að játa, að það er einmitt verðlagning landbúnaðarafurða í landinu, sem á mesta sök á dýrtíðinni í landinu og hvernig komið er.

Mig langar til í sambandi við þetta frv. og þá einnig í sambandi við ummæli hv. Str. að beina þeirri fyrirspurn til hv. fjmrh., hvort hann hefur gert sér ljóst, hvaða skuldbindingar hvíla nú þegar á hv. ríkisstj. um greiðslur á verðlagsuppbót til bænda. Á sl. þingi var samþykkt að fela — athugið það, þar stendur „fela“ en ekki „heimila“ ríkisstj. að greiða uppbót á kjöt, ull, og gærur. Verðlagsuppbót á kjöt átti að nema því, að heildarútborgun til bænda jafngilti heildsöluverði innlendu, er þá var óákveðið, en síðar var ákveðið kr. 6,30 ófryst. Að því er verð á ull og gærum snerti, átti að miða við það, að það yrði ekki lægra en 1940 miðað við vísitöluhækkun tveggja ára, sem svarar til almennrar grunnkaupshækkunar við árslok 1942. Verðið, sem framleiðendur fengu 1940, var, auk söluverðs, svonefnd „Breta-uppbót“ landbúnaðarafurða, er nam tæpum 5 millj. kr. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, nam uppbótin á ull kr. 2,26, en á gærum 83 aurum á kg. Verð á ull varð þá tæpar 8 kr., en á gærum kr. 3,50 að meðtalinni uppbót. Ofan á þetta verð var svo hv. ríkisstj. falið að bæta (innifalið söluverð) upphæð, sem svarar almennri grunnkaupshækkun og vísitöluhækkun þessara tveggja ára. Ef grunnkaupshækkun er talin 40% og við lögð vísitöluhækkun þessara tveggja ára, þá telst mér svo til, að verð á hverju kg af ull verði um kr. 18,00 eða nánar til tekið kr. 17.65, en verð á hverju kg af gærum kr. 7,50 til 8,00. Hvað mikið er hægt að gera sér vonir um að selja, er mér ekki kunnugt um. En mér telst, að miðað við það söluverð án uppbótar, sem bændur fengu 1940, (ef söluverð hefur ekki breytzt til hækkunar) þá gæti uppbótin bara á ull og gærur numið um 15 millj. króna.

Hvað flutt verður út af kjöti, —um það skal ég ekki dæma. Uppbót á því fer sumpart eftir því, hvað selst á innanlandsmarkaðinum, og í sambandi við það, hvað hægt er að selja setuliðinu. En ef hægt er að selja út 2000 tonn, þá er það geysilegt. Ég vil nú spyrja hv. ríkisstj., hvort hún hefur gert sér grein fyrir því, um hvað mikið fé er hér að ræða. Ég spyr ekki vegna þess, að ég efist um, að hv. ríkisstj. muni standa við þær greiðslur, sem hún ber ábyrgð á, heldur vegna þess, að það er sjálfsagt, þegar rætt er nú um dýrtíðarráðstafanir, að hafa þetta í byggju og vita, á hvern hátt á að mæta þeirri greiðslu, sem felst í till. frá sumarþinginu.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af því, sem hv. 3. landsk. drap á, og ályktunum hans um greiðslu á verðlagsuppbót vegna samþ., sem gerðar voru á sumarþinginu, vildi ég upplýsa, að ég hef engan tíma haft til að athuga þetta mál. Ég hef að vísu séð í ráðuneytinu gögn þessu viðvíkjandi, en ég vil minna á það, að það eru aðeins 4 dagar síðan við tókum við stjórn, og þess vegna vona ég, að hv. 3. landsk. afsaki það, þó að ég geti ekki svarað fyrirspurnum hans. Landbrh. er því miður ekki viðstaddur, hann hefði kannske getað gefið einhverjar upplýsingar, sem ég ekki hef aðstöðu til að gefa. En það var spurning, sem því miður fór fram hjá mér, viðvíkjandi ákvæðinu um verð eins og það væri lægst á hverjum stað. (HG: já, hvernig skilja ætti þau orð í frv.). Þannig, að verð hverrar vöru haldist óbreytt eins og það var í gær á hverjum stað, jafnvel þó að það sé annað á einum stað en öðrum. (HG: En hér í Rvík á að miða við verðið eins og það er lægst í einhverri einni verzlun). Það má auðvitað deila um það, hvort á að miða við verðið eins og það er lægst í hverjum kaupstað eða hverri verzlun.

Þá var það nokkuð, sem hv. þm. Str. spurði að: Hvað ríkisstj. ætlaði að gera, ef skipasmíðastöðvar neituðu að vinna að aðgerðum vegna kauphækkunar. Ég svaraði sömu spurningu í Nd. fyrr í dag, og ég vil endurtaka það, sem ég sagði þá. Ég tel, að hækkun vísitölunnar sé svo lítill hluti af því, sem þessi verkstæði fá greitt fyrir skipaviðgerðir, (en mér er sagt, að þau leggi 60% á þá vinnu, sem þau selja), að ég álít það ekki nema sanngjarnt, að þau taki á sig einhver útgjöld í þessu sambandi. Ég tel, að þau eigi að gera það, og ég tel, að þau muni gera það. Þá lét hv. þm. undrun sína í ljós yfir því, að ríkisstj. hefði ekki lagt fram fullkomnari tillögur til þess að stöðva dýrtíðina. Ég tel, að við megum vænta nokkurrar afsökunar, þegar tillit er tekið til þess, að það eru aðeins 4 dagar síðan við komum á þing. Ég veit, að hv. þm. viðurkennir, að það þarf meira en 4 daga umhugsun til að semja till. í þessum málum, sem nokkurs virði séu og líklegar til að koma að nokkru gagni. Það hefur verið tekið fram, að það, sem hér er um að ræða, er aðeins byrjun, aðeins að stöðva okkur á þessari braut, sem við erum komin út á. Hv. þm. Str. sagði, að við yrðum að stöðva okkur, áður en vegurinn yrði of brattur, og það er það, sem við verðum fyrst og fremst að gera, hvað sem verður í framtíðinni og hvernig sem tekst með úrlausn málanna að öðru leyti.

Magnús Jónsson: Eftir stefnuskrárræðu forsrh. og eftir tildrögin að og tilganginn með myndun þessarar stj., þá var óhjákvæmilegt, að brátt kæmi fram till., er snerti dýrtíðarmálin. Ég held, að enginn þm. hafi svo viðkvæmar tilfinningar, að hann hafi hrokkið við, þótt þetta frv. kæmi fram. Hitt gæti orkað meira tvímælis, hvort hv. ríkisstj. hefði átt að koma fram með nokkrar till., áður en þingið fór í jólafrí eða hvort hún hefði átt að doka við og nota tækifærið til að velta málunum fyrir sér, áður en hún kæmi með nokkrar till. á þing. En það var auðvitað hv. ríkisstjórnar að velja hér um, og skal ég ekki áfella hana fyrir valið. Ég heyrði sagt í Nd. í dag, að þetta frv. væri fyrsta sporið og það væri lítið spor. Það er rétt, það er lítið tekið fyrir og margt, sem vantar í frv. Það er rétt til að sýna stefnu stjórnarinnar og taka fyrir vöruhækkunina, og þó að þetta lánist kannske vel, þá hygg ég að og leyfi hv. ríkisstj. að spreyta sig á þeim viðfangsefnum, sem hún er þegar farin að fást við. Flestir munu búast

við, að taka þurfi meira á en hér er ráð fyrir gert, en ég segi fyrir mig, ég vildi ekki óska eftir stærra byrjunarspori. Ég verð að segja um þær brtt., sem komu fram í Nd., um að draga einnig verð á innlendum afurðum svo og kaupgjald undir þessa löggjöf, að ég tel það hæpni að gera það. Hver maður, sem hefur verið á Alþ., veit, að það yrði stöðugur reipdráttur um löggildingu á kaupi og afurðaverði. Það er ómögulegt nú í skyndi að lögbinda annað, en ekki hitt. Ég hef of nýja reynslu í þessum málum til þess að samþ., að út í slíkt hefði verið farið undirbúningslítið. Ég held, að sú löggjöf sé drjúgum hæpnari en gerðardómurinn frægi. Áður en hægt hefði verið að slá föstu verðlagi og kaupgjaldi, hefði meira þurft að fara á undan. Ég álít því, að þetta frv. sé sízt og lítið. Það er meira að segja spursmál, hvort ekki hefði verið gott að velta því lengur fyrir sér. Ég vil virða tilganginn og gefa ríkisstj. færi til að fika sig áfram eftir þessari braut. Það mætti segja, að þarna væri á ferðinni nokkurs konar Kolumbusaregg. Það mætti segja: „Því var ekki búið að gera þetta áður, fyrst ekki þurfti meira til að stöðva dýrtíðina?“. Ég vil sýna velvild til málsins. Mér virðist, að tilgangur ríkisstj. sé að taka betur á, því að það er ekki nóg að stöðva okkur á þeirri braut, sem við erum komin út á. Það þarf að taka nokkur skref til baka. Verðlag er nú komið svo hátt, að þar sem viðskipti með íslenzkar vörur mæta viðskiptum með útlendar vörur, er komið í ógöngur. Við getum skrúfað það nokkuð lengi á innanlandsmarkaðinum, en út á við hefur það sín takmörk, og þegar við komum að útflutningi innlendrar vöru, horfir öðruvísi við.

Samfara þessu frv. hafa komið hér fram yfirlýsingar, ekki bara viðvíkjandi þeim vörum, sem um ræðir í frv., heldur og öllum þorra íslenzkra afurða, og fyrirheit og yfirlýsingar um, að ekki muni heldur verða farið fram á grunnkaupshækkanir. Ef við tökum allt þetta til samans, þá er komið að þeim atriðum, sem mestu varða. Þá finnst manni eftir almennum hugsunarreglum muni dýrtíðin stöðvast við það. Ég vil því segja, að það er mjög góðra gjalda vert, að hv. ríkisstj. hefur komið með þessar till., því að mér finnst hún með frv. og því öðru, sem hún hefur lýst yfir, hafa sett fingurinn á réttan stað, og það sé ekki nema sjálfsagt frá minu sjónarmiði, að Alþ. sýni þessu máli velvild. En ef ekki þyrfti annað en að setja l. slík sem þessi til þess að koma þjóðarskiptingu á réttan kjöl, þá mætti segja, að það væri næstum því óforsvaranlega auðvelt, til þess að ekki hefði verið búið að gera það fyrir löngu. En á þessari braut eru áreiðanlega mjög margir örðugleikar framundan. Þá vil ég benda á það, sem hv. þm. Barð. nefndi smáskæruhernað, en ég held ætti heldur að heita skæruhernaður. Ég segi fyrir mitt leyti, að mér finnst það koma úr hörðustu átt frá 3. landsk. að tala um slíkan „hernað“, því að hvað var það annað, sem hans flokkur notaði til að brjóta á bak aftur gerðardómslögin?

Þá held ég, að öllum hljóti að vera ljóst, að það er ekki á okkar valdi né annarra að koma í veg fyrir, að slík l. sem þessi mæti andúð og þeir, sem þá andúð hafa, reyni að fara í kringum þau. Löggjöfin verður að taka almennt eðli eins og það er. „Agitatorar“ geta komið og gert menn óvinsæla. En löggjafar verða að taka mannlegt eðli eins og það er. Þegar á að binda menn þannig, má að sjálfsögðu búast við, að þeir verjist með einhverjum þeim brögðum, sem þeir sjá sér fært. Undanfarin reynsla hefur sýnt, hve margar leiðir er þar um að velja.

Það er allt í lagi með þessar ráðstafanir til febrúarloka. En það er ekki víst, að þá sé heimsendir. Við getum þurft að lifa í marz og apríl og lengur og ráða við það ofurefli, sem þungi skriðunnar kann þá að vera orðinn, eftir þessa stöðvun. Það er meira virði, að sporin séu raunveruleg spor í áttina en að það séu mjög stór spor. Ég segi þetta aðeins til varnaðar, vonandi er stjórnin fær um að mæta örðugleikum og viðbúin þeim.

Yfirlýsing fjmrh., að ríkisfé muni ekki þurfa að verja til þessara ráðstafana, hefur fengið einróma lof frá þrem flokkum þingsins, og víst er gott eitt um hana að segja. En ef verðlag fer hækkandi erlendis, hvernig er það þá hægt án þess að halda hér óbreyttu verði. Það getur staðizt til 28. febr., en hvað tekur þá við? Til mun vera 4—7 mánaða forði af matvöru. En nýja kolafarma, sem við þurfum, verður varla hægt að selja sama verði og nú. Við vitum, að kolaverzlun er ekkert stórgróðafyrirtæki, aðeins ber sig, kolin verður að selja eins og þau kosta raunverulega eða borga í milli af ríkisfé. Eignarnámi yrði varla hægt að taka kolin nema fyrir kostnaðarverð. Þá er sama að segja um oliuna. Nú er talið, að betur líti út með hana en var fyrir nokkru og skal ég ekki fjölyrða um það. Enn er timbur eitt af því, sem mun fara hækkandi. Varla getur ríkisstj. selt það fyrir minna en það kemur til að kosta. Væri lagt út á þá braut með ýmsar vörur, er það ekki þannig, að kaupmannastéttinni yfirleitt blæði, heldur er það tíðast hending ein, sem ræður, hvaða innflytjendur eru féflettir og hverjir sleppa.

Ég er hræddur um, að hv. 3. landsk. hafi farið í rétta átt, þegar hann talaði um, hve allt þetta væri „lítið hættulegt“. Hann vill ríkisverzlun, og niðurstaðan af þessu getur einmitt orðið ríkisverzlun. En mér lízt ekki á að stefna að því — og það blindandi — og efast um, að hæstv. fjmrh. litist á það heldur, ef hann sæi fram á það. Ekki veldur sá, er varar.

Ég hjó eftir því hjá hv. þm. Str., að dýrtíðin væri orðin svo mikil, að illa yrði við hana ráðið, það hefði verið léttara að stöðva fyrr. Ég álít fremur vafa á, hvort hún sé enn orðin nógu mikil til þess, að hægt sé að stöðva hana, — enn er e. t. v. ekki kominn rétti tíminn til þess. Enn er varla nógur skilningur, en kemur á sínum tíma.

Ég óska þess af hjarta, að ríkisstj. takist að vinna eins mikinn bug á dýrtíðinni og aðstæður frekast leyfa, — um meira getur ekki verið að ræða. Ég virði kjark hennar að setja fram þessar tillögur nú þegar. Framkvæmd þeirra kostar fórnir, fyrr eða síðar fórnir allra stétta landsins. Það er athyglisvert og gæti verið tímanna

tákn, að það er einn úr hópi kaupsýslumanna, **hæstv. fjmrh., sem beitir sér fyrir því, að byrðarnar skuli nú einmitt lagðar fyrst á hans stétt, og hefðu víst sumir menn** og blöð fyrr vænt annars af þeirri stétt en slíkrar ósérplægni.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi staðfesta það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að mál þetta hefur þegar komið til athugunar allshn. þessarar deildar, er hún tók þátt í meðferð þess með allshn. Nd., svo að ekki er ástæða til að setja það hér í n. milli umræðna. Þótt mér væri ekki beint falin framsaga, held ég mér sé óhætt að lýsa yfir því, að n. var sammála um, að frv. eigi að ná óbreytt fram að ganga í Ed.

Ég hygg, að ekki sé um það deilt, enda engin furða, að nokkur fljótasmið sé á þessu frv. Ég vil benda á, að komið hefur fram mjög mismunandi skilningur á tveim veigamiklum atriðum þess. Mér finnst nauðsynlegt, að það liggi fyrir, hvernig ríkisstj. skilur atriðin, áður en málið er afgr. úr þinginu. Fyrsta atriðið var að vísu upplýst í meðferð n. og hefur e. t. v. komið fram í umr. í Nd. Í 1. málslið 2. málsgr. 1. gr. er ríkisstj. heimilað að banna að selja nokkra vöru við hærra verði en lægst var á hverjum stað daginn í gær. Í n. var upplýst, að þetta ákvæði bæri að skilja þannig, að ríkisstj. sé því aðeins heimilt að beita ákvæðinu, að hún taki allar vörur undir það, en ekki aðeins einstaka vöruflokka. Hitt er það, að mér finnst nauðsyn á að vita, hvað felst í orðunum, „að ekki megi — —selja nokkra vöru — —við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað". Hv. 3. landsk. taldi mega hafa á þessu tvenns konar skilning. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða, og er miður farið, að hæstv. fjmrh. skyldi einungis staðfesta, að tvenns konar skilningur væri fyrir hendi án þess að segja, hvorn hæstv. ríkisstj. aðhyltist. Það er nauðsyn, að þm. viti, hvað þeir eru að samþ., og almenningur, hvað í orðum l. felst, þótt ónákvæm séu, og er þess því að vænta, að ótvíræð yfirlýsing fáist um, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vaki með ákvæðinu.

Eins og frv. liggur fyrir, þá er það harla þýðingarlítið, því að ekki gagnar þótt við lögfestum verðlag, sem Íslendingum er óviðráðanlegt á heimsmarkaði. Hins vegar er frv. ekki látið ná til að festa hluti, sem við ráðum yfir sjálfir, vinnulaun og landbúnaðarafurðir. Ég tel þó, að ríkisstj. hafi rétt fyrir sér um, að lögfesting á þessum atriðum gagni ekki án rækilegs undirbúnings. Tilraunir í þá átt nú gætu spillt fyrir frjálsu samkomulagi. Ég hygg enga lausn á því máli fáanlega nema með frjálsu samkomulagi.

Hins vegar verð ég að segja eins og fólst í því, sem ég sagði um það ákvæði frv., sem fer í þá átt, að lögfest sé það, sem okkur Íslendingum er óviðkomandi, að slíkt er auðvitað óframkvæmanlegt og getur þess vegna ekki haft þýðingu til lengdar. En ég mun engu að síður greiða frv. mitt atkv., vegna þess að ég tel, að það felist í frv. og yfirlýsingum hæstv. stj. um það, að hún ætli sér ekki að greiða fé úr ríkissjóði til að standa undir útgjöldum af þessum sökum, og ég tel, að í þessu felist, að hæstv. stj. hafi kynnt sér, að eins og sakir standa sé nóg til a. m. k. af öllum nauðsynjum í landinu við sama verði og þær eru seldar nú, þannig að þetta ákvæði verði framkvæmanlegt. Ef þetta er ekki svo, er ákvæðið út í bláinn sett, en ég treysti því, að hæstv. stj. hafi vitað þetta. Hitt verð ég að segja, að ef þetta er svona, sem ég hygg, að hljóti að vera, þá er þetta ákvæði að vissu leyti óþarft, vegna þess að þá væri hægt með dómnefndinni að halda niðri verðinu, án þess að þetta lögboð kæmi til. Þess vegna er ég ekki fjarri því, að ef eingöngu er litið á þetta málefni eins og þetta frv. liggur hér fyrir, þá hefði allt eins mátt bíða að flytja þetta frv. vegna þess, að í því er ekki svo mikil nýjung. En ég tel, að hæstv. stj. verði sjálf að segja til um það, hvort hún vill fá þessa heimild eða ekki. Ég tel sýnilegt, að heimildin hafi ekki mikla raunhæfa þýðingu, heldur sé hún eins konar tákn þess, að nú eigi að hefjast handa í þessu máli og hæstv. ríkisstj. vilji taka þetta út úr, vegna þess að hún hafði verið búin að sannfæra sig um, að hér sé um nóg vörumagn að ræða, sem hægt sé að selja sama verði, og hafi hún því ákveðið að flytja þetta frv., eftir að hún var búin að sannfæra sig um, að það væri efnislega þýðingarlaust, sem tákn þess, að nú verði að stöðva dýrtíðina og reisa með því stöðvunareða hættumerki. Ég skil fyllilega þá hugsun, sem í þessu felst af hálfu hæstv. stj. En ég vil undirstrika það, að ég greiði því atkv. sem slíku aðvörunarmerki, en ekki sem raunhæfum ráðstöfunum, því að ef þetta ætti að vera raunhæf ráðstöfun, er hún óframkvæmanleg eins og rækilega hefur verið tekið fram, ekki síst af hv. 1. þm. Reykv., því að við getum ekki með íslenzkum l. stöðvað verðhækkun á erlendum vörum. En ég legg áherzlu á, gagnstætt því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég lít ekki á þetta sem hluta af væntanlegri dýrtíðarlöggjöf, því að þessi ákvæði geta ekki haft áhrif á verð erlendrar vöru, þar sem hæstv. stj. lýsir yfir, að þetta megi ekkert kosta ríkissjóð.

Ég hef eingöngu í þessum fáu orðum mínum haldið mér að þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Ég tel æskilegt, að með þessu gætu orðið kapítulaskipti í meðferð dýrtíðarmálanna í þetta sinn, gamlar væringar milli flokkanna væru látnar hverfa og látnar bíða, þangað til menn kæmu á þingmálafundi eða fram fyrir kjósendur á annan hátt, en í þess stað væri nú reynt að finna lausn á þessu vandamáli. Ég tel, að með þessu sé hæstv. stj. ekki að leysa vandann, heldur að skapa þann grundvöll, sem hún telur nauðsynlegan til, að vandamálin verði leyst, og ég tel sjálfsagt af þinginu að veita henni þann grundvöll eins og yfirleitt að styðja hana í öllum þeim góðum málum, sem hún kann fram að flytja.

Forseti (StgrA): Ég vil geta þess, að ætlunin er að ljúka þessu máli í kvöld, og væri því æskilegt, að hv. þm. væru ekki mjög margorðir hér eftir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég saknaði þess hjá hæstv. fjmrh., að hann skyldi ekki koma nærri þeirri fyrirspurn, sem ég gerði til

hæstv. stj. Að vísu var henni fremur beint til hæstv. forsrh., en hvorugur hefur komið að því atriði. Ég vil því enn mælast til, að fyrirspurninni verði svarað. Það er ekkert lítið atriði, þegar við, sem erum á þingi, komum til þeirra, sem við erum fulltrúar fyrir eða komum til að vinna með, því að það er víst, að nú þegar hefur verið tekin upp barátta um þetta mál utan þingsins og verður sjálfsagt síðar meira. Það mundi milda ákaflega mikið þá menn, sem fyrstir eiga að fórna í þessu máli, ef þeir fengju að vita um þessa afstöðu.

Viðvíkjandi vélaviðgerðarstöðvunum vil ég svara hæstv. fjmrh. því, að mér er kunnugt um, að síðustu tvö árin hefur verið mikil barátta fyrir því, að allar vélaviðgerðarstöðvarnar ynnu fyrir Íslendinga. Sú barátta hefur verið svo harðskeytt, að stj. varð að skipa n., sem ég á sæti í, til þess að sjá um, að þetta viðgerðaafl væri ekki dregið úr höndum Íslendinga og yfir til hernaðarþjóðanna. Við höfum átt afar erfitt með þetta, ekki aðeins vegna hernaðaraðilanna, heldur líka vegna verkstæðanna, að fá þau til að nota efni sitt og vinnukraft fyrir íslenzka flotann, svo að hann þyrfti ekki að bíða stórhnekki. Þetta stafar m. a. af því, að þeir erlendu aðilar borga miklu betur en þeir íslenzku. Ef þessi l. gera nú þetta bil milli þeirra erlendu aðila enn meira, þá verður því erfiðara fyrir okkur, sem eigum að leysa þetta mál, að halda vinnuaflinu að íslenzka flotanum. Hitt er svo ekki nema röng hugmynd, sem hæstv. fjmrh. bar fram um álagninguna. Hún er í flestum tilfellum miklu minni, og þar að auki ákaflega villandi, því að þótt hér sé að sumu leyti miðað við prósenttölu, þá er hún til að standa undir öllum rekstri fyrirtækisins, enda hefur svo verið álitið allt þar til þessir gullaldartímar komu, að ekki veitti af að leyfa þessa álagningu á vinnuna til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum. Í sambandi við það vil ég benda á, að ef dómnefndin hefur leyft hærri álagningu en nauðsynlegt hefur verið, þá er það hennar sök og hægt að grípa inn í það, án þess að þessi l. væru sett.

Hæstv. fjmrh. segir, að það þurfi meira en fjóra daga til að koma með till., sem gera mætti sér von um, að kæmu að nokkru gagni. Það er einmitt það, sem ég er hræddur um, að þetta frv. sé svo ákaflega lítils virði og komi að ákaflega litlu gagni, sérstaklega vegna þess, að hér er ekki látið jafnt yfir alla ganga. Ég er ekki að mæla þetta af andúð gegn frv., heldur til að benda á, að ef hægt væri að sneiða fram hjá þessum hættum, þyrfti að gera það sem fyrst. Það væri í raun og veru ekki nema skylda hv. 3. landsk., eftir að hafa hlustað á umr. í báðum d., að hann og aðrir fulltrúar verkalýðsflokkanna kæmu sér saman um að bjóða einhverjar fórnir af sjálfsdáðum og bera fram brtt. í þá átt, til þess að meiri friður skapaðist um málið, þegar það fer að komast út til almennings, því að hvað fjálglega sem hann talar um smáskæruhernað, er ekki hægt að komast að því, að hvað góð sem verzlunarstéttin er, þá eru það líka menn, sem vilja verja sig gegn of miklu tapi.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á það, að þetta ætti ekki að kosta nein framlög úr ríkissjóði. Ég er þar annarrar skoðunnar, því að ef þetta verður nokkur byrði á þær stéttir, sem eiga að standa undir því, þá hlýtur það að koma fram í lægri tekjum hjá þeim fyrirtækjum og þá um leið minnkandi tekjustofnum hjá ríkissjóði og þá um leið óbein útgjöld hjá ríkinu.

Hv. 6. þm. Reykv. segir, að ekki hefði verið hægt að lögbinda kaupið án mikils og góðs undirbúnings. Í sambandi við það vil ég spyrja: Er nokkurt vit í að lögbinda nokkuð annað án mikils og góðs undirbúnings? Var yfirleitt sú tilraun gerð af hæstv. stj. að reyna að koma á samkomulagi við fulltrúa launþega um það, að ekki væru greidd hærri laun en núverandi grunnlaun margfaldað með 260, svo að hv. 3. landsk. misskilji ekki það, sem ég segi um vísitöluna, því að vitanlegt er, að ef það hefði verið gert, þá hefði það skapað aukið réttlæti og þar með aukinn frið.

Um það var spurt, hvort alþýðuflokksfélögin vildu sætta sig við að hækka ekki grunnkaup, en það út af fyrir sig var engin fórn, því að eins og ég tók fram, þá er engin hætta á, að það verði næsta sporið að hækka grunnlaun í landinu.

Þá ætla ég ofurlítið að svara hv. 3. landsk. Hann segir, að árangurinn af þessum l. sé ákaflega mikið kominn undir röggsemi hæstv. stj. um framkvæmdina. En hefur ekki árangur gerðardómsl. líka verið undir því kominn, hversu röggsamlega þeim var fylgt eftir. Ég get fullvissað hv. 3. landsk. um það, að hvernig sem verzlunarstéttin kann að taka þessum l., þegar þau koma út, þá verða umbjóðendur þeirra aldrei til að mæla jafnóviturleg orð og þessi hv. þm. hefur mælt hér um þetta mál, — og því óviturlegri sem þau voru sögð undir röngum forsendum, ekki til að halda fram réttu máli, heldur til að kúga. Það eru óviturlegustu orðin, sem um þetta hafa verið sögð, þegar talað er um að stöðva ekki kröfurnar á þessu sviði, ekki vegna atvinnurekendanna, ekki vegna landsins, heldur vegna verkalýðsins sjálfs.

Í sambandi við það, sem rætt hefur verið um uppbætur á kjöti til útflutnings, vil ég leyfa mér að benda á, að þegar þetta mál var til umr. í sumar, var skýrt tekið fram, að ekki væri ætlazt til, að þetta kjöt yrði flutt út. Það var skýrt tekið fram, að reiknað skyldi með því, að það seldist allt á innlendum markaði, en þegar sæist, að þessi kjötforði mundi ekki seljast innan lands, þá skyldi tekið til alvarlegrar athugunar af stj. að lækka kjötverðið til þess að auka söluna, og það er eitt af því, sem stj. verður að hafa augun opin fyrir í þessu máli og gera sér ljóst nægilega snemma, hvort kjötið getur selzt innanlands fyrir þetta verð og ef það getur það ekki, þá að lækka það niður í útflutningsverð og bæta það upp innan lands til þess að geta lækkað vísitöluna og dýrtíðina hér á landi. Það er því ekki á réttum rökum byggt, sem hv. 3. landsk. talaði um, að lægi fyrir að greiða svo og svo margar millj. úr ríkissjóði til að bæta upp útflutt kjöt, því að það kom skýrt fram, að þessi leið skyldi farin og

það svo snemma, að hægt væri með lækkuðu verði að auka svo kjötneyzluna innan lands, að ekki væri hætta á, að þyrfti að flytja kjöt á erlendan markað. Hvað sem hv 3. landsk. segir, er það eins og hæstv. landbrh. lýsti yfir, að verðlagið innan lands var við það miðað, að allt kjötið yrði að seljast. Ég vil ekki eyða í það miklum tíma að skýra fyrir þessum hv. þm. vísitöluna. Ég átti við, að ekki hefði átt að greiða nema 100% + uppbótina 160%, hvort sem raunveruleg vísitala fór í 272% eða meira, og þá hefðu fórnir einnig verið færðar af launþegum. — Ég vildi fá svar hæstv. ráðh. við fyrirspurn minni, áður en málið fer til 2. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Nokkrir hv. þm. hafa rætt um það, að ríkisstj. hafi sagt, að hún ætli ekki að greiða neitt úr ríkissjóði vegna þessara ráðstafana. Þetta er ekki alveg rétt eftir haft. Ríkisstj. sagðist ekki telja neina nauðsyn mundi til bera að greiða neitt úr ríkissjóði í þessu sambandi, en ef hún teldi síðar brýna nauðsyn á því, mundi hún bera það undir þingið. Ég vildi, að þetta yrði ekki misskilið. Út af fyrirspurn hv. þm. Barð. um það, hvert yrði næsta spor ríkisstj. til þess að lækka svo framleiðslukostnað, að betur borgaði sig en nú að ráðast á fyrirtæki o. s. frv., vil ég taka það eitt fram, að málið er enn óundirbúið. Þetta er 4. dagurinn, sem ríkisstj. er við völd, og hún óskar ekki að svara spurningunni að svo komnu máli.

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. Barð. heldur nú, að það hafi alls ekki verið tilætlunin, þegar verðið var ákveðið í haust, að flytja út neitt kjöt. Hann ætti þó að vita, að felld var till. um það í Sþ. að verðbæta kjöt, sem innanlands seldist, í því skyni að halda niðri söluverði þess og greiða fyrir sölunni, en eftir að till. var felld, var verðið hækkað, þótt það þýddi minni sölu og neyzlu og meiri líkur til hárra uppbóta á verð kjöts, sem flytja yrði úr landi. Verðhækkun sú virðist gerð í skálkaskjóli þeirra uppbóta, en varla af þjóðarhagsýni.

Annað, sem þessi hv. þm. veik til mín, var á svipuðum grundvelli byggt og þetta fleipur hans um kjötverðið, svo að ég get ekki farið að svara því nánar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég hef nú skýrt afstöðu mína til þessa máls og fylgt því til 2. umr. Þrátt fyrir marga galla, sem ég hef fundið á því og aðrir einnig, mun ég eins og flokksmenn mínir fylgja frv. út úr deildinni í fullu trausti þess, að ríkisstj. noti þennan tíma, sem lögin standa, til þess að koma síðan á meira samræmi milli stétta en frv. þetta ber með sér. Og sérstaklega vil ég lýsa yfir því við hæstv. fjmrh., að þar sem ég hef áhrif utan þings, mun ég ætíð verða í samræmi við mína atkvgr. hér, en það breytir í engu minni afstöðu til málsins, þótt ég hafi að ýmsu fundið í mínum ræðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt vað liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 129).

---

3. Innflutningur og gjaldeyrismeðferð.

Á 25. fundi í Nd., 5. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð (stjfrv., A. 134).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Frumvarpi því, sem ríkisstj. hefur hér lagt fram um innflutning og gjaldeyrismeðferð, er fyrst og fremst ætlað að bæta úr þeirri þörf, sem skapazt hefur um breyttar ráðstafanir á innflutningsverzlun landsins vegna síbreytilegrar aðstöðu, sem styrjöldin hefur haft og mun hafa í för með sér.

Höfuðástæðan til þess, að núverandi innflutnings- og gjaldeyrisl. voru sett, var sú, að gjaldeyrir þjóðarinnar hrökk ekki fyrir venjulegum innflutningi, þess vegna þurfti að draga saman seglin og leitast við að láta gjaldeyriseignina standast á við innflutningsþörfina.

Á þessu hefur orðið gagngger breyting. Sú nauðsyn, er skapaði þau gjaldeyrislög, sem í gildi hafa verið undanfarið, er úr sögunni. Í stað þess hafa komið önnur viðfangsefni, er krefjast úrlausnar. Nú hafa hinir tveir gjaldeyrisbankar landsins undir höndum meiri erlendan gjaldeyri en þjóðin þyrfti að nota fyrir öllum nauðsynlegum innflutningi í heilt ár, þótt ekkert bættist við á þeim tíma. Gjaldeyrisskorturinn er því ekki sem stendur eitt af viðfangsefnunum. En styrjöldin hefur skapað okkur ný viðhorf og lagt okkur á hendur fleiri en eitt vandasamt viðfangsefni.

Greiðslujöfnuður landsins, þegar eingöngu er tekið tillit til útflutnings og innflutnings, hefur verið óhagstæður á þessu ári, sem nemur um 18½ milljón kr. til nóvember loka. Þetta er einkenni sjúkdóms, sem er að búa um sig, og það

er eins með þenna krankleika og flesta aðra, að það er hægara að koma í veg fyrir hann í byrjun en að lækna hann síðar, þegar sjúklingnum fer að elna sóttin. Ég mun ekki, meðan ég er ráðherra viðskiptamála, horfa á það aðgerðarlaus, að verðmæti innflutningsins verði til lengdar meira en gjaldeyristekjur landsins af útflutningnum og á þann hátt gangi til þurrðar sá gjaldeyrir, sem safnazt hefur erlendis undanfarin þrjú ár.

N. sú, er hafði á hendi samninga við Bandaríkin í fyrra, áætlaði, að landsmenn mundu þurfa að flytja að vestan um 120 þús. tonn af vörum, ef gengið væri út frá venjulegum óhindruðum innflutningi og gert væri ráð fyrir, að frá öðrum löndum fengist flutt kol, salt, olía og nokkrar aðrar vörur. Nú er svo komið af orsökum, sem ekki er ástæða til að rekja hér, að landsmenn hafa skipakost, sem aðeins getur flutt um helming þess vörumagns, sem gert var ráð fyrir, að þyrfti að flytja frá Ameríku.

Það getur því engum dulizt, að hér verður að sníða stakk eftir vexti og við verðum að nota þann skipakost, sem fyrir hendi er, á þann hátt, að þjóðin geti haldið áfram að lifa og starfa. Skipakostinn verður að nota til þess að flytja þær nauðsynjar, sem landsmenn þarfnast mest, og þær vörur, sem hægt er án að vera, verða látnar sitja á hakanum eða útilokaðar, þótt slíkt kunni að valda óþægindum einstaklingum eða félagsheildum.

Bandaríkin gerðu við okkur í fyrra hagkvæman og vinsamlegan viðskiptasamning. Bandaríkin hafa haldið þennan samning í hvívetna í orði og anda og þau hafa áframhaldandi sýnt okkur hjálpfýsi og vinarhug. En þrátt fyrir þetta verður íslenzka þjóðin að hafa það ríkt í huga, að þessi mikli vinveitti nábúi hennar berst nú fyrir lífi sínu í hinum stórfelldustu styrjaldarátökum, sem heimurinn hefur séð.

Þess vegna verða kröfur okkar, þrátt fyrir samninga, að vera sniðnar og mótaðar af fullri sanngirni og góðgjörnum skilningi á hinum risavöxnu og margþættu viðfangsefnum, sem Bandaríkin verða að fást við í baráttu sinni. Það má segja, að þarfir okkar séu litlar á mælikvarða hins mikla stórveldis, en þrátt fyrir það getum við ekki búizt við né gert kröfu til að vera miklu betur settir en þess eigin þegnar.

Með þeirri breytingu á innflutningsverzlun landsins, sem frv. þetta stefnir að, er gert ráð fyrir að geta á auðveldari hátt en nú er fullnægt þeim sjónarmiðum, er ég nú hef nefnt, og brugðizt skjótar og betur við þeim breytingum í verzluninni, sem nauðsynlegar verða, eftir því sem styrjöldin sogar til sín meira af hráefnum og vinnukrafti þjóðanna.

Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að Viðskiptaráð hafi með höndum ráðstöfun á öllum innflutningi til landsins, öllu farrými og á öllum gjaldeyri til vörukaupa og annarra nauðsynja. Enn fremur er því ætlað að hafa yfirstjórn verðlagseftirlits og vöruskömmtunar, lögum samkvæmt. Auk þessa verður því falið innkaup á vörum, sem nú eru keyptar frá Láns- og leigustofnuninni í Washington, fyrir milligöngu íslenzku innkaupsn. í New York.

Eins og sjá má af þessu, verður Viðskiptaráði falið mikið starf og mikið vald, enda er hugmyndin sú, að sameina í hendur velskipaðrar, sterkrar n. flest þau viðfangsefni, sem styrjöldin hefur snúið í fang landsmönnum á sviði viðskiptanna. Eins og nú standa sakir er þetta allt í brotum og þjóðinni er jafn nauðsynlegt að skipa þessum málum í samræmi við ástandið eins og að sporna gegn flóðbylgju dýrtíðarinnar.

Í 2. gr. frv. 5. lið er gert ráð fyrir, að Viðskiptaráð geti annazt innflutning brýnna nauðsynja, ef sýnilegt þykir, að innflytjendur sjái ekki þörfum þjóðarinnar borgið.

Ég vil taka fram, að hér er ekki landsverzlun á ferðinni, heldur heimild handa ríkisstj. til að sjá lífsafkomu þjóðarinnar borgið, ef bresta skyldi framkvæmd þeirra aðila, sem nú annast innflutning lífsnauðsynja. Ég ætla ekki hér að ræða með eða móti landsverzlun, en ég vil segja það og ætla, að ég tali af nokkurri þekkingu, að engin ríkisstofnun kaupir matvörur í Vesturheimi hagkvæmara verði en þeir tveir aðilar, sem nú annast þessi innkaup. Að því leyti eru opinber afskipti ekki nauðsynleg fyrir þjóðina, því að þau færa henni ekki lægra innkaupsverð né lægri dreifingarkostnað. Auk þess væri látið ónotuð tækni, starfskraftar, þekking og fjármagn, sem þessir innflytjendur hafa yfir að ráða. Ef hins vegar er deilt um það, hvort of mikill hagnaður er tekinn á dreifingunni, vil ég benda á það, að ríkishaldið hefur í hendi sér að koma í veg fyrir slíkt með algeru og skynsamlegu verðlagseftirliti, sem nú er verið að undirbúa. Í þessu sambandi vil ég lýsa yfir því, að þessi heimild verður því aðeins notuð, meðan ég fer með viðskiptamálin, að ekki verði á annan hátt séð þjóðinni fyrir lífsnauðsynjum, svo viðunandi sé. Sökum þess, að Viðskiptaráði er ætlað að hafa með höndum verðlagseftirlit, skal ég taka fram, að ríkisstj. mun næstu daga leggja fram nýtt frv. um það mál, og í samræmi við það frv., sem hér liggur fyrir.

Að síðustu vil ég minnast á breytingu á gjaldeyrisverzluninni, sem fram kemur í frv. Þar er gert ráð fyrir, að Landsbankinn fái eftirlitsrétt með kaupum á gjaldeyri með því að ákveða, að hann hafi einn kauparétt á erlendum gjaldeyri og Útvegsbanka Íslands verði falið umboð til að kaupa erlendan gjaldeyri, en að öðru leyti engin breyting á þeim viðskiptum, frá því sem nú er. Enn fremur að lögboðin verði ákveðin skipting milli bankanna á þeim gjaldeyri öllum, sem inn kemur. Ég tel nauðsynlegt, að einhver aðili hafi eftirlit með kaupum á erlendum gjaldeyri og því, að öllum gjaldeyri sé skilað fyrir útfluttar afurðir. Tel ég eðlilegt, að slíkt sé falið þjóðbankanum.

Stefán Jóh. Stefánsson: Þegar núverandi hv. ríkisstj. lagði fram fyrir jólin frv. um breyt. á l. um dómn. í verðlagsmálum, þar sem aðal innihaldið var að halda verðlaginu í landinu föstu og loka fyrir verðbólguna, þá lýsti ég yfir því, af hálfu Alþfl., að hann teldi það virðingarverða tilraun til að byrja að gera ráðstafanir gegn vaxandi dýrtíð og reyna að opna götu til þess að draga úr dýrtíðinni og verðbólgunni. Auk þess gat ég þess, að ég liti á þá löggjöf aðal-

lega sem form, en framkvæmdirnar væru aðalatriðið. Svipað má segja um það frv., sem hér liggur fyrir. Þar er lagt til, að lögboðið sé nýtt form um meðferð verðlags- og gjaldeyrismála þjóðarinnar, form, sem að mínu áliti er skynsamlegra en það, sem nú er í gildi, þar sem þau mál eru nú í höndum margra n., en eru hér sameinuð undir einn hatt, Viðskiptaráðið. Um þetta er frá mínu sjónarmiði ekki hægt að segja annað en gott eitt. Það er tilraun til að haga verkum á hagkvæmari og skynsamlegri hátt en áður hefur verið gert. En ég kem aftur að því, að þetta er að mestu leyti form, og á innihaldinu veltur gildi þess. Það veltur t. d. á því, hvaða menn verða valdir og hvernig þeir rækja þau störf, með hvaða hugarfari og hvaða vilja. Það veltur einnig á því, hvernig þeir velja sér aðstoðarmenn og á hvern hátt ríkisstj. hugsar sér að styðja þá til þess að gera það, sem rétt er og nauðsynlegt. Það hefur oft verið fylgt þeirri reglu, þegar menn hafa verið valdir í n. sem þessar, að þær hafa verið valdar af Alþ. sjálfu, að meira eða minna leyti. Nú leggur hv. ríkisstj. til, að hún velji þá sjálf. Í raun og veru er þetta skiljanlegt frá sjónarmiði ríkisstj. En hún bindur sér með því meiri og þyngri bagga en ef hinni reglunni væri fylgt. Hv. ríkisstj. er byggð þannig, að hún hefur ekki stuðning neins meiri hluta í þ. eða neins flokks. Afstaða þ. til ríkisstj. hlýtur því að fara eftir því, hvernig henni tekst að leysa þetta starf af höndum og velja menn til að framkvæma ráðagerðir hennar. Við höfum reynslu af ýmsum n., sem hafa átt að fara með framkvæmd opinberra mála. Við könnumst t. d. við verðlagsn. Hún var að vísu skipuð með l. og eftir útnefningu sérstakra aðila, en svo tókst til, að n. varð á þann veg, að svo sterk voru þau öfl í n., sem höfðu meiri áhuga á því að halda uppi verðinu en að halda því niðri, að eftirlitið varð nauðalítið og kom að litlu liði. Þetta er bending til hv. ríkisstj. henni til varnaðar, þegar hún fer að skipa Viðskiptaráðið. Það veltur einmitt mikið á því, að það séu hæfir menn, sem hafi þá hugsun bak við sitt starf að halda niðri verði á nauðsynjavörum almennings, þeim sem fluttar eru inn. Það má segja, að Viðskiptaráði séu ætluð störf þriggja n. Þau, sem greinir í 1.. 3. og 4. tölul. 2. gr., voru áður í höndum innflutnings- og gjaldeyrisn. Þau, sem greinir í 6. lið, voru fyrst í verðlagsn. og síðar í dómn. í verðlagsmálum. Og enn fremur eru þau mál, sem hafa heyrt undir skömmtunarskrifstofu ríkisins, lögð undir Viðskiptaráðið. Nú skilst mér af hv. fjmrh., að fleiri ráðstafanir séu á döfinni, og varðar það að sjálfsögðu miklu um afstöðu Alþ. til þessa frv., hvað framhaldið verður af hálfu ríkisstj. á sama sviði. Það er því álit mitt, að það væri æskilegt, að ríkisstj. kæmi fram með þau mál, áður en búið er að afgreiða þetta frv. Vera má, að afstaða manna til þess frv. kynni að mótast af því, hvernig áframhaldandi löggjöf er hugsuð.

Eftir frv. að dæma er ætlazt til, að Viðskiptaráð sé mjög sterk n. með mikið og sérstaklega ábyrgðarmikið starf. Ég kem þá aftur að því, að það er á valdi ríkisstj., hvort ráðið verður vel skipað, og á því veltur mjög mikið, að svo verði. Ég vil ekki fara neitt ýtarlega út í einstök atriði frv. á þessu stigi, þar sem það á eftir að fara til n. og finnst mér sjálfsagt, að þ. greiði fyrir því, að það fái skjóta afgreiðslu.

N. gefst kostur á að kynna sér frv. og leita sér upplýsinga um einstök atriði þess hjá ríkisstj. Sumir þættir þess verkssviðs, sem frv. nær yfir, verða ekki raktir svo, að tilganginum sé náð nema til þess veljist sérstaklega hæfir trúnaðarmenn. Það væri kannske hægt að fá hér upplýsingar hjá hv. ríkisstj. um það, hvernig hún hugsar sér viðbótarskipun þessara mála.

Það má segja, að tvö ný verkefni séu falin Viðskiptaráði í viðbót þið þau, er n. hafa áður farið með. Annað er notkun skiprýmis og hitt er heimild til að flytja inn nauðsynjavörur, ef þörf gerist. Viðskiptamálaráðuneytið mun hafa haft nokkuð eftirlit með því, hvernig skipsrúm var notað, þó að ég áliti nauðsynlegt að gera meira í þá átt, álít ég eðlilegt að samrýma það, og er þess vegna ekki nema gott eitt að segja um það, að Viðskiptaráðinu skuli vera falið þetta starf.

Hv. fjmrh. minntist á það í sambandi við 5. lið, að það væri ekki meiningin að stofna til landsverzlunar og ekki yrði gert neitt í þá átt nema að beinu fyrirlagi ríkisstj. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara að koma með meðrök eða mótrök varðandi landsverzlun eða innflutningi á eina hönd, en það má sjá á frv. frá hv. ríkisstj., að hún ætlar ekki að fara inn á þá braut að fela einni stofnun að fara með innflutning til landsins. Ég skal svo geta um það, að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ákveðið verði, á hvern hátt verði varið gjaldeyrisverzlun, og Landsbanki Íslands á einn að hafa kaup á erlendum gjaldeyri. Þetta er breyt. Tveir bankar, báðir að vísu þjóðbankar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa samkv. gildandi l. rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Ég vil segja fyrir mitt leyti og án þess að vilja vekja deilur, að ég sé enga ástæðu til að breyta þessu. Hins vegar finnst mér eðlilegt að ákveða hlutfall milli bankanna, en um þetta atriði er bezt, að n. ræði við hv. ríkisstj.

Ég skal svo ekki hafa orð mín fleiri. Það er ekki nema gott um það að segja, að gerð skuli vera tilraun til að „centralisera“ störf þau, er hingað til hafa verið dreifð með ýmsum n. Ég endurtek, að mér finnst formið skynsamlegt, en að allt veltur á því, að réttir menn séu valdir til þess að fara með þetta mikla hlutverk.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ófriðurinn hefur fært okkur mörg ný verkefni í verzlunarmálum sem öðrum málum, og það hafa verið settar á fót á undanförnum árum nokkrar stofnanir, sem hafa fengið verkefni þessi með höndum jafnóðum og þau hafa skapazt. Þegar ný verkefni hefur borið að höndum, hafa þau verið falin nýjum aðila, af því að manni hefur fundizt, að hver n. hefði fangið fullt af verkefnum þeim, sem fyrir voru. Reynslan hefur þó sýnt ótvírætt undanfarið, að þessu fyrirkomulagi hefur fylgt sá galli, að ekki hefur verið nógu mikið heildarsamræmi í starfi þessara aðila. Að vísu hefur ráðuneytið haft yfirumsjón með starfi þessara

stofnana, en vegna þess að störf þeirra hafa verið með mismunandi hætti, hefur vantað samræmið. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að verðlagsn. var ekki skipuð af ríkisstj., heldur voru tilnefndir í hana menn af ýmsum stofnunum, sem höfðu mismunandi sjónarmið og niðurstaðan hefur orðið sú, að mönnum hefur orðið ljóst, að aukins samræmis er þörf. Þetta frv. virðist mér að meginatriðinu til fullnægja þessum þörfum. Hv. fjmrh. talaði um, að sameina ætti undir eina stofnun það starf, sem þrjár aðalstofnanir hafa haft með höndum, og enn fremur að bæta við hana þeim verkefnum, sem tíminn kynni að sýna, að væru nauðsynleg. Hún á að taka að sér þau störf, sem gjaldeyris- og verðlagsn. hefur haft með höndum, skömmtunarskrifstofa ríkisins og dómnefnd í verðlagsmálum. Þessari einu stofnun er ætlað að koma í staðinn fyrir þær.

Þó að verið hafi nokkur íhlutun um skiprúm, þá fer því fjarri, að með því skipulagi, sem verið hefur, hafi þar náðst í botn, því að það er ekki hægt nema með því að fylgjast nánar með því, sem hefur verið gert, enda þótt eimskipafélagið hafi haft góða samvinnu við stjórnina í þessum efnum. Ég tel því frv. stefna í rétta átt. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að þegar búið verður að draga öll þessi stórkostlegu verkefni saman á einn stað og fimm mönnum ætlað að hafa þar úrskurðarvald, þá hlýtur starf þessara fimm manna að verða meira og minna yfirstj., og þeir verða svo og svo mikið að treysta á þá deildarstjóra eða starfsmenn, sem þessir fimm menn setja til að fylgjast með hverri starfsgrein. Það er augljóst mál, að það veltur allt að því eins mikið á þeim forstöðumönnum, sem verða settir til að starfa við hverja grein fyrir sig og undirbúa málin fyrir yfirstj., og það kemur til með að velta gífurlega mikið á, hvernig tekst með val á þeim mönnum og hvernig viðhorf þeirra manna er, sem til þeirra hluta eru valdir, hvort þeir hafa áhuga fyrir að líta á þau mál, sem þeim eru falin, frá almennu sjónarmiði, eða það verða menn, sem hafa hliðarsjónarmið, sem geta eyðilagt þann árangur, sem annars gæti náðst af þessu. Þetta er gífurlega stórt atriði, og því sjáum við, að þetta fyrirkomulag getur orðið til mikilla bóta, ef vel tekst um yfirstjórn stofnunarinnar og vel tekst um val þeirra manna, sem eiga að stjórna deildunum, annars verður verr farið en heima setið. Vegna þess, hvers eðlis þessi breyt. er, finnst mér hér stefnt í rétta átt, en það þarf vitanlega að athuga mjög gaumgæfilega, hvernig skipa skuli yfirstj. slíkrar stofnunar sem þessarar, því að það hefur aldrei verið sett stofnun á fót hér á landi, sem hefur verið fengið annað eins vald og þessi stofnun fær, ef þetta frv. verður samþ. lítið eða ekkert breytt. Það verður því að athuga skipun yfirstj. ákaflega vel, og ég fyrir mitt leyti vil sérstaklega beina því til hæstv. ríkisstj., til þess að samvinna hennar við Alþ. geti haldizt sem bezt, að það er ákaflega áríðandi að veita þessu meginatriði sérstakan gaum við meðferð málsins, því að það væri ákaflega slæmt, ef þessi skipulagsbreyt., sem í sjálfu sér gæti orðið til stórmikils gagns, næði ekki tilgangi sínum eða misheppnaðist fyrir það, að látið væri undir höfuð leggjast að hafa samvinnu milli stj. og Alþ. í þessu efni eins og er alveg nauðsynlegt.

En þó að verksvið þessarar yfirstj. sé geysilega víðtækt samkv. þessu frv., þá finnst mér samt rétt að athuga, hvort ástandið sé ekki þannig, að ástæða væri til að gefa henni jafnvel enn víðtækara vald en hér er gert, en það má athuga nánar í n.

Áður en málið fer í n., vil ég vekja athygli á einu atriði, sem ég sakna úr frv. Gert er ráð fyrir, að þessi yfirstj. hafi með höndum yfirstj. viðskiptamálanna, en þó er ekki minnzt á útflutninginn í sambandi við frv. Eins og menn vita, þá er nú starfandi útflutningsn., eða réttara sagt, það er til útflutningsn., en rás viðburðanna hefur orðið sú að undanförnu, að hlutverk hennar er nú orðið sáralítið eða ekkert. N. hefur hins vegar setið, og ég tel, að þegar gengið er að því að samræma þessi mál og gera þau einfaldari í framkvæmd, tel ég sjálfsagt, að útflutningsn. geti líka hætt störfum, en hún hefur starfað mjög lítið, en í reyndinni hefur það orðið viðskiptan. og samninganefndir., sem hafa fjallað um samningana við önnur ríki, en hafa fyrir rás viðburðanna fengið að mestu leyti það verkefni, sem útflutningsn. var ætlað. Ég tel því rétt að athuga, hvort ekki sé rétt að fella þetta líka undir viðskiptaráðið.

Í sambandi við þetta frv. ræddi hæstv. ráðh. nokkuð horfur í viðskiptamálunum yfirleitt. Ég fyrir mitt leyti vil lýsa ánægju minni yfir því, að hann tók fram, að hann vildi ekki horfa aðgerðarlaus á, að innflutningurinn færi fram úr útflutningnum, hann taldi það vott um byrjun á sjúkdómi, og er enginn vafi, að það er rétt. Það verður að veita því sérstaka athygli, að það verður að finna ráð við því, meðan við höfum verulegar gjaldeyrisinneignir bak við okkur, því að annars geta þær orðið upp étnar, fyrr en okkur varir.

Ég tók eftir, að hæstv. ráðh. sagði, að sá skipakostur, sem við ættum nú von á, mundi ekki geta flutt inn nema helming af ársinnflutningi okkar, að ég hygg fyrir utan þær þungavörur, sem frá Englandi kunna að koma. Mig langar til að fá nánari upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh., hvernig horfurnar eru í þessum málum yfirleitt. Í samningunum við Bandaríkin er svo ákveðið, að þau sjái okkur fyrir skipakosti til að flytja til okkar nauðsynlegar vörur að því leyti, sem skipakostur okkar hrekkur ekki til. Þetta loforð er skýlaust og gefið af frjálsum vilja, og meðan ég þekkti til þessara mála, var það svo, að skipakostur var látinn, fullkomlega að því er mönnum fannst, til að uppfylla þetta samningsatriði. Nú hef ég orðið þess var upp á síðkastið, að Bandaríkin hafa dregið verulega að sér hendina í seinni tíð, og ummæli hæstv. ráðh. gefa mér tilefni til að líta svo á, að þeir muni enn þá ætla sér að draga stórlega að sér hendina. Ég vil beina því til hæstv. stj., að hún athugi vel samninginn um hervernd landsins og þá skuldbindingu, sem Bandaríkin tóku á sig um flutninga til landsins, og verði reynt að fá slegið föstum einhverjum ákveðnum skilningi um það atriði, ef það þykir ekki nógu skýrt, hverjar séu þær nauð-

synjar, sem flytja eigi til landsins, til þess að samningurinn teljist haldinn af hálfu Bandaríkjanna. Mér er fyllilega ljóst, hvaða erfiðleika Bandaríkin hafa við að stríða sjálf í öllum greinum eins og þeirra aðstaða er, en það er einu sinni svo, að þessi samningur var gerður, þegar þeir tóku að sér hervernd landsins, og þeir gengust þá inn á þetta góðfúslega og án aths., og þá munar óverulega um að láta Íslendingum í té þann skipakost, sem þeir þurfa til að flytja nauðsynjar sínar inn í landið.

Mér hefði fundizt rétt, að hæstv. ráðh. hefði látið Alþ. vita nánar en kom fram í ræðu hans, hve mikinn skipakost við höfum nú frá Bandaríkjunum í förum og hvaða horfur væru þar. Um það leyti, sem ég þekkti til síðast, þá létu þeir á tímaleigu þrjú skip og skutu aukaskipum inn í til viðbótar, eftir því sem ástæður kröfðu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Þetta frv. er, eins og það liggur fyrir og skýrt hefur verið rækilega, mjög viðtækt. Hvað snertir þær ráðstafanir, sem þar er lagt til að gera, færir það n. aukið vald, og í rauninni er þessari yfirstjórn fengið þar beint vald yfir gjaldeyrinum, að honum verði varið til kaupa á nauðsynlegum vörum, og er ekki nema gott um það að segja. Ég álít eðlilegt að sameina það verkefni, sem rætt er um í 2. gr., undir eina fimm manna stjórn, þegar tímarnir eru eins hættulegir og nú. En það er nauðsynlegt að gera sér ljóst um leið, að svo víðtæku valdi fylgir mikil ábyrgð. Ég sé ekki betur en að þetta ráð hafi vald á afkomu, næstum því lífi, fjölda manna. Það á að ráða, hvaða vörur eru fluttar inn og hvernig innflutningnum er ráðstafað. Það á að ráða, hverjir selja þetta, því að það veitir leyfin. Það getur ráðið því, ef það stjórnar þannig, að ákveðnar atvinnugreinar stöðvist og ákveðin fyrirtæki verði ekki rekin. Það er því mjög nauðsynlegt, að við gerum okkur ljóst, hversu mikið vald þessu viðskiptaráði er falið. Á það hefur verið minnzt af hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. þm. S.-M., að engri n. muni hafa verið falið jafnmikið vald hér á landi og á nú að fá þessu ráði. Ég tel því skipta ákaflega miklu máli, hvernig ráðið er skipað og hvernig því er komið fyrir. Ég álít áhættu fyrir þ. að afsala sér slíku valdi í hendur þessa ráðs, a. m. k. á meðan að völdum situr stj., sem ekki nýtur beinlínis trausts þ. Mér finnst ekki rétt, meðan þannig standa sakir, að afhenda stj. meira vald en stj. hefur sem ríkisstj. í landinu. Það hefur verið svo með þau valdsvið, sem stj. hefur verið að leggja undir sig, að það hefur verið falið sérstökum ráðum og n., sem hafa verið kosin beint eða óbeint af þ. og stj. Það hefur þá alltaf þótt nauðsynlegt, að fulltrúar þjóðarinnar, sem á þ. hafa setið, hafi haft talsvert mikið um það að segja, hvernig þessar n. og þessi ráð hafa verið skipuð. Eins virðist mér þurfa að vera á sviði eins og þessu og því fremur sem það er víðtækara. Hins vegar skil ég vel, að sú stj., sem nú situr á þessum vandasömu tímum, vilji fá talsverðu að ráða um, hvernig slíkri stofnun sem þessari fara störfin úr hendi. Ég álít, að Alþ. eigi með talsverðri þátttöku í skipun ráðsins að tryggja, að réttur þegnanna sé ekki fyrir borð borinn, en stj. með því t. d. að skipa framkvæmdastjóra ráðsins fylgist með þeim daglegu viðhorfum og hvernig störfin fara ráðinu úr hendi. Ég álít rétt, að sú n., sem fær þetta mál, eigi að ræða um það við hæstv. stj., hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi milli þ. og stj. um skipun ráðsins og nánara fyrirkomulag þess, og mun ég því ekki fjölyrða frekar um það, en væntanlega gefst tækifæri til þess við síðari umr., ef þörf krefur. Hæstv. stj. mun óska eftir, að málið fái sem skjótasta afgreiðslu, og mun ég því ekki fara út í nema höfuðatriðin. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á höfuðatriði 3. gr., sem sé, að það á að fela Landsbankanum einum að kaupa gjaldeyri. Ég er alveg mótfallinn, að slíkt sé gert, og sé ég enga ástæðu til þess eða að það skapi neitt öryggi í þeim málum. Ég álít heppilegt, að n., sem fær þetta mál, ræði við hæstv. stj. um þetta atriði og mun því ekki að óþörfu fara að ræða málið ýtarlega við þessa umr. Ég vildi ekki vekja deilur um það, en aðeins lýsa afstöðu minni almennt.

Ólafur Thors: Ég sé ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í þetta frv. nú við þessa umr., kannske einkum vegna þess, að frv. hefur þegar við þessa umr. verið allmikið skýrt bæði af hendi hæstv. stj. og þeim þm., sem um það hafa talað. Ég tel, að við þær umr. hafi komið fram bæði kostir og lestir frv. í aðalatriðunum, og það er tilgangurinn með 1. umr. málsins, að hún verði til leiðbeiningar þeirri n., sem um málið fjallar. Slík gagnrýni hefur komið fram, og þá er aðalatriðið, að upplýsingar liggi fyrir, en ekki, frá hvaða mönnum eða flokkum þær eru fram færðar.

Ég er út af fyrir sig sammála því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að þegar ný verkefni hefur borið að höndum vegna erlendra áhrifa, þá hefur verið hugsað meira um að setja á fót stofnanir til að leysa það, sem kallaði að þá í augnablikinu, heldur en að hafa hugfast, á hvaða hátt væri hagkvæmast að leysa þessi mál í heild. Þess vegna er rétt í þessu sem öðru, þegar dómur reynslunnar fellur, að hagnýta hann og færa til betri vegar sem hægt er. Ég tel sem sagt, að þetta sé kostur á frv. Hitt kann svo að vera, að megi gagnrýna, hvort of mikið vald sé hér lagt í hendur fárra manna. Í því felst að sjálfsögðu sú hætta, að þegar þessir menn eiga að vinna verk, sem allmiklu fleiri menn áður hafa unnið, þá verði þeir að fela deildarstjórum eða umboðsmönnum að vinna svo og svo mikið af því verki, sem hér á að fela Viðskiptaráðinu, og þá veltur auðvitað mjög mikið á því, hvernig þetta mannaval tekst.

Ég hef talið, að eftirlit með ráðstöfun farmrýmis hafi verið mjög mikið bæði af hálfu hv. 2. þm. S.-M. og hv. 3. þm. Reykv., á meðan þeir fóru með þessi mál. Og ég þykist hafa góðar heimildir fyrir því, að ráðuneytið hafi jafnan ákveðið, hvaða vörur mætti flytja með hverju skipi. Ég get því ekki talið, að neitt nýmæli felist í 2. lið 2. gr., og svipuðu máli gegnir um 5. liðinn, eftir að hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir

því, að meðan hann fer með þessi mál, muni ekki verða til þessarar heimildar gripið, ef sómasamlega sé séð fyrir innflutningnum á annan hátt. En þótt hér sé ekki um mikil nýmæli að ræða, er ekki því að neita, að valdið liggur hér óskiptara í höndum eins aðila en áður, að því leyti sem hann ræður við verkefnið.

Um það, hvernig skipa skal þetta Viðskiptaráð og hver eigi að skipa það, skal ég ekki vera margorður. Eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði áðan og hv. 2. þm. Reykv. áréttaði, er hér að ræða um mikil völd í höndum einstakra manna. Má Alþ. sannarlega fara að athuga, hvar það stendur, ef n., sem ekki er kosin af Alþ., heldur af ríkisstj., sem er ekki sjálf skipuð af Alþ., er fengið meira vald en nokkurri annarri n., sem hér hefur starfað. Ég skal að vísu játa, að ætti ég að taka að mér þann vanda, sem ríkisstj. er á hendur falinn, á þessum örlagaríku tímum, þá mundi ég vilja ráða nokkru um það, hvernig skipulag væri haft á þessum málum og hverjir stæðu fyrir því skipulagi. Þessi afstaða hæstv. ríkisstj. er því engan veginn óeðlileg. En eigi að síður bendi ég á, að slík nefndarskipun af hálfu stj. hlýtur að verða Alþ. hvatning til að athuga sinn gang. Hins vegar býst ég við því, að þetta mál fái góðar viðtökur sem aðrar málaleitanir þessarar hæstv. stj. Afstaða mín og míns flokks til hennar markast af þeirri von okkar, að hún hafi betri aðstöðu en flokksstj. til að koma málum fram, eins og nú er ástatt. Flokkurinn vill því styðja málstað hennar, án þess þó að skuldbinda sig til að fylgja öllum þeim málum, er hún kann að bera fram. En að því er þetta frv. snertir, tel ég, að það leysi engan veginn úr öllum vanda á þessu sviði, þó að það geti vel orðið til bóta, sérstaklega ef vel tekst til um mannaval.

Hæstv. ráðh. sagði, að svo væri komið, að við yrðum að haga innflutningi til landsins eftir þeim skipakosti, sem við höfum nú yfir að ráða, og hann gerði ekki betur en fullnægja helmingi af innflutningsþörf landsins. Sé þetta rétt, þá hljóta að hafa skapazt nýir örðugleikar upp á síðkastið, því að þótt stundum hafi verið nokkuð erfitt um skipakost að undanförnu, hefur alltaf úr rætzt að lokum. Og ég tel það ekki í samræmi við þann samning, sem gerður var við Bandaríkjastj., eða þau fyrirheit, sem forseti Bandaríkjanna gaf Íslendingum í sambandi við herverndina, ef ekki er betur séð fyrir innflutningsþörf landsmanna en þetta. En hvað sem líður bókstaf þess samnings, þá er það ekki okkar að gefa út neins konar opinberar yfirlýsingar um tilslakanir í þessum efnum.

Ég hef vitanlega ekkert á móti því, að varlega sé farið um innflutning til landsins. Hins vegar höfum við sjálfstæðismenn ekki talið minna um vert að afla fanga til landsins en tryggja sér auknar innstæður erlendis, og má þess minnast, að um þetta urðu nokkrar deilur í þjóðstj. gömlu. Það getur varla verið álitamál, hvort meira muni vera um vert að afla sér fjórðu hundrað milljónanna erlendis eða tryggja landinu nægar vörubirgðir, þótt sumir hæstv. ráðh. kalli mest af því, sem inn er flutt, skran. Á síðasta ári fluttum við inn vörur fyrir 83 millj. kr. umfram það, sem inn var flutt árið áður, að mig minnir. Og þegar ég renni augunum yfir innflutningsskýrslurnar, kemst ég upp í 80—90 millj. kr., sem varið hefur verið til kaupa á því, sem ég kalla nauðsynjavöru. Um það má auðvitað deila, hvort erlendur fatnaður sé skran eða ekki, en þó tel ég, að ekki geti talizt óhóf, þó að þjóð, sem búið hefur við þvílíka fátækt skæða og klæða sem Íslendingar, geri kröfu til að geta gengið sæmilega til fara á stórhátíðum. Um bækur kunna líka að vera skiptar skoðanir, en ég vil ekki telja þær skran. Vissulega verður að gæta varúðar um innflutninginn. En meðan við söfnum tugum milljóna í erlendu innistæðufé, veit ég ekki, hve mikil verzlunarspeki það er að kosta kapps um það eitt að auka innistæðuna enn að miklum mun í stað þess að flytja til landsins sem mest af vörum, svo fremi að þar sé ekki um að ræða hreinan óþarfa.

Ég hef ekki skýrslur um það, hve miklu muni nema kaup erlendra manna á því, sem flutt er til landsins og greint er á verzlunarskýrslum, en ég tel ekki ólíklegt, að það sé mikil upphæð. En það liggur í hlutarins eðli, að fyrir þá vöru fáum við erlendan gjaldeyri, sem kemur hvergi fram á verzlunarskýrslum. Verzlunarskýrslurnar gefa því að þessu leyti ranga mynd af málavöxtum.

Þó að ég vilji alls ekki, að við týnum niður virðingunni fyrir gjaldeyrinum, tel ég engan veginn sjálfsagt, að alltaf sé betra að eiga gjaldeyrinn en vöruna, að minnsta kosti ekki eins og nú horfir við um aðdrætti til landsins.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, að málið fari til n. að lokinni þessari umr.

Finnur Jónsson: Ég hjó eftir því hjá hæstv. fjmrh., að hann teldi sig ekki geta horft á það, að fé það, sem varið væri fyrir innfluttar vörur, færi fram úr því, er inn kæmi fyrir útfluttan varning. Nú er það vitað, að innflutningur hefur verið mikill að undanförnu og farið allmjög fram úr útflutningnum, en þó hefur ekki verið sýnt fram á það, að greiðslujöfnuður við útlönd hafi versnað á síðustu tímum. Okkur er nauðsyn að endurnýja skipastól landsins, reisa hús og kaupa til landsins margs konar vörur til framleiðsluþarfa. Ég mundi ekki sjá neitt saknæmt í því, þó að þeim duldu greiðslum, sem inn koma fyrir annað en það, sem út er flutt, yrði varið til þessara hluta, jafnvel þótt nokkuð gengi á innstæður landsmanna erlendis, meðan ekki væru fluttar inn skranvörur og lífi sjómanna teflt í hættu til þess að flytja til landsins óþarfavarning, skinnavöru og slíkt. Nú væri fróðlegt að heyra, hvort hæstv. ráðh. hefur meint það bókstaflega, sem hann sagði um það, að útflutningur og innflutningur yrði að standast á, eða hvort hann ætlast til, að fé það, sem kemur frá herstjórninni, eigi að koma þar til greina. Eins væri gott að fá að vita, hve miklu þetta fé muni nema, og hvort verzlunarjöfnuðurinn muni hafa verið óhagstæður, ef það er tekið til greina.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Það eru nú nokkuð mörg atriði, sem ég þarf að svara. Fyrst ætla ég þá að víkja nokkrum orðum að því, sem hv.

þm. Ísaf. sagði síðast. Það, sem ég sagði um greiðslujöfnuðinn, meinti ég bæði bókstaflega og ekki bókstaflega. Ég tel, að með því verði, sem nú er á útflutningsvörum landsmanna, ætti andvirði þeirra að nægja fyllilega fyrir nauðsynlegum innflutningi, á meðan framleiðslan er í fullum gangi. Þess vegna álít ég, að þær duldu greiðslur, sem koma frá herstjórninni, ættu að safnast fyrir og renna í varasjóð, sem við getum vel þurft á að halda að stríðslokum. Ég get ekki svarað því, hve miklu þessar greiðslur nema, en skal athuga það og svara því þá síðar.

Ég er sammála hv. þm. G.-K. um það, að gott er að flytja til landsins sem mest af nauðsynjavöru. Það er rétt, að ekki er síður þörf á vörubirgðum í landinu en inneignum erlendis. En sannleikurinn er sá, að við fáum ekki ráðið því, hve mikið er hægt að flytja til landsins, og við getum alls ekki flutt inn allt það, sem okkur vanhagar um og þarft getur talizt. Innflytjendur hafa þegar fest kaup á miklu af slíkum varningi í Ameríku, sem ekki er hægt að flytja til landsins. Um það ættu allir að geta verið sammála, að ekki sé æskilegt, að menn kaupi vörur fyrir mikið fé í útlöndum, en verði svo að láta þær liggja þar í vörugeymsluhúsum með ærnum kostnaði, af því að ekki sé til skiprúm til að flytja þær til landsins. Ríkisstj. hefur fullan hug á að fá því til leiðar komið, að framfylgt verði loforðum þeim um skipakost, sem gefin hafa verið. En við verðum þó að taka nokkurt tillit til þess ástands, sem nú er.

Hv. þm. S.-M. bar hér fram spurningu viðvíkjandi skipakosti þeim, sem við höfum nú til umráða. Skipakosturinn hefur verið að þrengjast nú að undanförnu. Eimskipafélagið hefur nú þrjú skip á leigu frá Bandaríkjastj., og er gefið upp, að þessi þrjú skip ásamt Kötlu geti flutt 40 þús. smál. á ári, og Eimskipafélagsskipin geta flutt 26 þús. smál. Þetta eru samtals 66 þús. smál. á ári, og er það sá skipakostur, sem við höfum til umráða, að því tilskildu, að ekki takist að fá fleiri leiguskip. Ég hef ákveðið afsöðu mína í samræmi við þessa staðreynd og talið óruggast að gera ekki ráð fyrir auknum skipakosti. Bezt er að búast við hinu versta, hið góða skaðar ekki. Ef okkur tekst að fá fleiri skip til umráða, getum við aukið innflutninginn. Samkvæmt vitneskju, sem ráðuneytið hefur fengið frá Eimskipafélaginu, liggja nú í New York 23000 smál. af vörum, sem landsmenn hafa keypt. Í Halifax eru 15500 smál. og á þriðja staðnum 2000 smál. Þetta eru samtals 40500 smál. Ég geri ráð fyrir, að þessar vörur séu allar keyptar löglega. Hér eru þá komnar 40500 smál. á móti þeim 66 þús. smál., sem hægt er að flytja inn á ári með þeim skipakosti, sem nú er til umráða. Auk þess þyrfti að panta einar 17500 smál. að kaffi, sykri og kornvöru í viðbót til að fullnægja þörfum þjóðarinnar. Þar með væri búið að binda 58000 smál. af skipakosti landsmanna. Eftir væru þá 8000 smál. Nú má segja, að margt af þessum vörum mætti vel bíða nokkuð, en þess ber að gæta, að þeir menn, sem keypt hafa vörurnar, hafa þegar fengið leyfi fyrir þeim og þeir verða að greiða mikinn kostnað, sem á þær fellur, meðan þær liggja í erlendri höfn og fást ekki fluttar til landsins. Auk þess eru flestar þessar vörur mjög nauðsynlegar.

Ég skal bara taka einn lið, svonefndar láns- og leiguvörur. Það eru mest allt járnvörur, — plötujárn, stangarjárn, þakjárn, stál, naglar og alls konar saumur o. s. frv. — 8 þús. smál. — Einnig liggja í New York 3 þús. tonn af áburði. 3 þús. af timbri, og í Halifax eru 5250 smál. af timbri, sem mestmegnis mun vera ætlað til skipasmíða. Nefna má 800 tonn af smurolíu og fernis, 2200 af kornvörum í Halifax, 6150 af fóðurvörum og 1600 af áburði þar, en í New York 750 af kaffi og sykri og ótalmargt fleira af nauðsynjavörum.

Þessi aðstaða okkar er ekkert glæsileg sem stendur og með hverjum degi, sem líður, verður ástandið verra og verra, ef ekkert er að gert. Ég viðurkenni fúslega, að n. sú, er hér um ræðir, hefur mikið vald, en hún á líka að hafa það. Við höfum ekkert að gera við n., sem ekki geta stjórnað því, sem þær eiga að stjórna. Ég viðurkenni, að það er allt undir því komið, hvernig tekst með val manna í n., og því hvernig þeir inna sitt hlutverk af hendi.

Ég vil einnig fullvissa menn um, að ríkisstj. mun vanda val þessara manna með það fyrir augum, að þeir vinni fyrst og fremst fyrir heildina. Mér er það ljóst, að það má alltaf deila um val slíkra manna, en það verður ekki deilt um þá, fyrr en þeir sýna, hvernig þeir fara með þau mál, sem þeim eru falin.

Ég þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir við þetta mál, og ég veit, að hv. þm. hafa yfirleitt góðan skilning á, að þessum málum þarf að koma í lag, og ég sé ekki, að það verði betur gert með öðru móti en því að skipa sterka n., sem hafi með höndum öll mál, sem varða innflutning og gjaldeyri.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Það hefur nú þegar verið rætt allmikið um einstaka liði þessa frv., en það er þó eitt atriði, sem enn hefur ekki verið minnzt á, en mér þykir ástæða til að vekja athygli á og leita skýringa á hjá hæstv. ríkisstj.

Það er talað um það í 2. gr. frv., að eitt af verkefnum viðskiptaráðs sé að fara með verðlagseftirlit o. s. frv. Nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., sem reifar þetta mál fyrir hæstv. ríkisstjórn, hvað í þessu felist, hvort það eigi einnig að felast í því verðlagsákvörðun. Ef svo væri, þá ætti viðskiptaráð einnig að taka að sér störf dómn. í verðlagsmálum í viðbót við þau störf, sem um ræðir í frv., og auk þess störf þeirra n., sem ákveða verðlag á innlendum afurðum. Þetta kemur ekki skýrt fram í frv., en það er nauðsynlegt, að það komi greinilega í ljós á þessu stigi málsins, hvað í þessum orðum felst.

Það hefur verið talað um, að viðskiptaráði væru falin mikil störf, og að með tilliti til þess mikla valds, sem það hefði, geti oltið á miklu fyrir afkomu alþjóðar, hvernig það hagar störfum sínum. Ríkisstj. getur þó gert starfssvið ráðsins enn víðtækara, sbr. það, sem stendur í 6. tölul. 2. gr.: „Fer með verðlagseftirlit og vöruskömmtun lögum samkvæmt svo og önnur þau mál, er ríkisvaldið kann að fela því.“ Ríkisvaldið getur því falið ráðinu hvers konar störf, sem vera

skal og þá einnig framkvæmd þá, sem felst í ýmsum l. Í fyrri málsgr. 8. gr. frv., þar sem talað er um, hvaða lög séu úr gildi felld, stendur: Frá gildistöku þessara laga falla lög nr. 99/1941 og önnur lög, sem fara í bága við þau, úr gildi.“ Það er, ef ríkisstj. ákveður, að viðskiptaráð skuli taka að sér framkvæmd, sem felst í einhverjum lögum, þá séu þau þar með úr gildi felld. Þess vegna getur vald og verksvið ráðsins orðið mun víðtækara en fram kemur á yfirborðinu í frv.

Ég vildi sem sagt vekja athygli á þessu við 1. umr. málsins, og ég óska upplýsinga hjá hæstv. fjmrh. um það, hvort vald viðskiptaráðs taki einnig til verðlagsákvörðunar. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv., sem að sjálfsögðu gengur til n. og sætir að líkindum skjótri afgreiðslu með þeim breytingum, sem Alþ. kann að vilja gera á því. En ég vil bæta því við, að þótt þau tvö mál, sem hæstv. ríkisstj. hefur hingað til flutt, séu eðlilegur liður í baráttunni gegn dýrtíðinni í þessu landi, þá er þetta ekki nema lítið skref til þess að koma þessum málum í það horf, sem nauðsynlegt er fyrir íslenzkt atvinnulíf, því að mér skilst, að ef ekki verður hægt að koma verðlaginu innanlands, bæði afurðaverði og kaupgjaldi, í samræmi við verðlag á útfluttum afurðum, þá verður, ég vil ekki segja til einskis barizt, en það verður engan veginn tryggð eðlileg framþróun atvinnulífsins í landinu. Þess vegna verður annað og meira að koma fram, ef árangurs má vænta í baráttunni.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Eins og ég gat um áðan, hefur ríkisstj. með höndum frv. til l. um breyt. á l. um verðlag. Mundi sennilega fara bezt á því, að þetta frv., sem nú er rætt um, færi til sömu n. og það frv., svo að n. geti orðið það sem bezt ljóst, hvað fyrir ríkisstj. vakir með þessu og það hefði e. t. v. verið rétt, að þessi tvö frv. fylgdust að.

Ég skal þá skýra það atriði, sem hv. þm. Borgf. var að spyrja um, viðvíkjandi verðlagseftirlitinu. Mér skilst á honum, að hann óttaðist, að starfssvið Viðskiptaráðs gæti orðið nokkuð umfangsmikið. Ég vil því taka það fram, að í frv. um verðlag er gert ráð fyrir sérstökum verðlagsstjóra, sem hafi með allar framkvæmdir að gera og geri tillögur til Viðskiptaráðs um hámarksálögur. Það er því ætlazt til, að verðlagsstjóri hafi allmikið verksvið og vald, en Viðskiptaráð verði eins konar hæstiréttur yfir honum.

Ég mun svo ekki segja meira í svipinn, meðan frv. er ekki komið fram, en ég vil aðeins geta þess, að okkur hefur komið til hugar að skipa skömmtunarstjóra í stað skömmtunarskrifstofunnar, og er þá ætlunin, að hann heyri einnig undir Viðskiptaráð.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Það hefur nú verið allmikið um það rætt hér, að með þessu frv. væri mikið vald lagt í hendur einnar stofnunar. Ég skal nú fúslega viðurkenna, að eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. hefur nú gefið, horfir málið nokkuð öðruvísi við, og vildi ég vekja athygli hlutaðeigandi n. á því. Hæstv. fjmrh. telur, að Íslendingar verði að vera við því búnir að hafa ekki yfir meiri skipastól að ráða til að flytja inn vörur á þessu ári en sem nemur 66 þús. smál.

Ég verð að segja það, að þetta er alls ekki í samræmi við þau fyrirheit, sem okkur voru gefin í sambandi við samninga um hervernd landsins. En hæstv. ríkisstj. hefur vafalaust fengið réttar upplýsingar um þessi mál og því ekki ástæða til þess að rengja það, sem hér hefur komið fram. Hæstv. fjmrh. upplýsti einnig, að búið væri að kaupa og greiða og fá innflutningsleyfi fyrir um 40500 smál. Einnig væri óhjákvæmilegt að flytja inn 17,5 þús. smál. af korni, sykri og kaffi. Af þessum 66 þús. smál. er því búið að veita innflutningsleyfi fyrir, kaupa og greiða eða verður að kaupa 58 þús. smál. og eru það því ekki nema um 8 þús. smál., sem ráðstafa þarf á þessu ári.

Eins og hv. d. er kunnugt, eru verkefni Viðskiptaráðs sem hér segir:

1) Að ákveða, hvaða vörur skuli flytja til landsins.

Af 66 þús. smál. er eftir að ráðstafa 8 þús.

2) Að ráðstafa farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.

Hér eru einnig aðeins um að ræða 8 þús. smál.

3) Að ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa erlendis og annarra nauðsynja.

Hér er um að ræða gjaldeyri fyrir 8 þús. smál.

4) Að úthluta innflutningi á vörum til innflytjenda og setja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna ófriðarástands eða viðskiptaskilyrða.

Hér er enn aðeins um að ræða 8 þús. smál.

5) Að annast innflutning brýnna nauðsynja, ef sýnilegt þykir, að innflytjendur sjái ekki þörfum þjóðarinnar borgið.

Hér er og aðeins möguleiki til að ráðstafa 8 þús. smál., þar sem búið er að ráðstafa öllu hinu.

6) Að fara með verðlagseftirlit og vöruskömmtun lögum samkvæmt, svo og önnur þau mál, er ríkisvaldið kann að fela því.

Mér hefur skilizt á öllum, að verðlagseftirlitið hafi verið mjög ófullkomið. Hv. 2. þm. S.-M. viðurkenndi, að í því hefði legið veila, sem olli því, að verðlagseftirlitið hefði ekki náð tilgangi sínum. Mönnum hefur því skilizt, að þessu þurfi að breyta. Ég vil nú beina einni spurningu til hæstv. ríkisstj. Væri ekki rétt, ef búið er að ráðstafa nær öllum verkefnum Viðskiptaráðs á árinu 1943, hvort ekki væri rétt að fella þennan 6. lið 2. gr. frv. undir verðlagseftirlitið og koma betra skipulagi á það í stað þess að skipa stóra n. til þess að annast um þessi mál.

Ef það er svo, sem ríkisstj. óttast, að ekki verði skipakostur til að flytja meira en 66 þús. smál. til landsins á þessu ári auk þeirra nauðsynja, sem fluttar eru inn frá Bretlandi, og eru einkum kol, olía og sement, þá finnst mér, að þetta bákn, sem Alþ. kvíðir fyrir, að geti orðið því ofjarl, verði, sé það athugað út frá þessu sjónarmiði, ekki fyrirferðarmeira en svo, að það borgi sig varla að koma því á fót. Ég vildi beina því til þeirrar n., sem kemur til með að athuga málið, að hún íhugi þetta sjónarmið rækilega.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ef svo færi, að ekki yrði hægt að flytja inn frá Ameríku nema 66 þús. smál. á þessu ári, þá tel ég það alveg ljóst, að það er ekki sú framkvæmd á samkomulaginu við Bandaríkin, sem þjóðin hefur vænzt. Ég lít nú svo á, þegar fjmrh. nefndi þessa upphæð, að það væri hið allra minnsta magn, sem komið gæti til mála, að flutt yrði til landsins á árinu. En það er alveg augljóst, að ef ekki verður hægt að flytja meira til landsins á þessu ári, þá hlýtur það að gjörbreyta öllu ástandi í landinu, og ég tel það vafasamt, að hægt verði með því að halda uppi rekstri atvinnuveganna. Ég vil því beina því til ríkisstj. að athuga rækilega þetta atriði samninganna án þess þó að gera óvarlega miklar kröfur um innflutning á hendur hinum samningsaðilanum. Það kom fram nýtt atriði hjá hv. þm. Borgf. um, að ómögulegt væri að afgr. þetta frv. nema stj. léti þ. í té allar upplýsingar um fyrirætlanir sínar í þessum efnum.

Ég hafði ímyndað mér, að Viðskiptaráð hefði störf verðlagsn. með höndum, en nú kom það fram hjá hæstv. fjmrh., að ríkisstj. hefur hugsað sér að skipa einnig verðlagsstjóra, og er ætlunin, að völdunum verði skipt milli hans og viðskiptaráðs. Nú verður að athuga, hvað Alþ. getur fallizt á af þessu, en það nær engri átt, að þegar eitt málið hefur verið afgr., þá rekist næsta mál á það að einhverju leyti.

Ég fellst á það, eins og hæstv. fjmrh. drap á, að æskilegast verði að láta bæði málin ganga nokkurn veginn samhliða í gegnum þ.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Þetta mál er þannig vaxið, að eins og nú standa sakir tel ég mig ekki geta gefið aðrar upplýsingar en þær, sem þegar liggja fyrir. Mér er það fyllilega ljóst, að þetta er mjög alvarlegt ástand með skipakostinn, en hvort úr því kann að rakna, get ég ekki sagt að svo stöddu. Ég get ekki tekið undir það með hv. þm. G.-K., að úr því að komið sé í þetta öngþveiti, sé ekkert að gera til þess að reyna að komast úr því aftur. Það er eins og að standa í sjó upp undir hendur og gera ekkert til þess að komast á þurrt land, þótt sjórinn hækki stöðugt í kring.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég held, að hæstv. fjmrh. misskilji alveg eðli þessa máls. Hann hefur þegar birt sundurliðun á þeim nauðsynjum, sem búið er að festa kaup á vestra. Það, sem gert hefur verið, er því aðeins að festa kaup á 40,5 þús. smál. af nauðsynjavörum, áður en sú verðhækkun kemur, sem nú er í vændum. Það er því ekki hægt að kaupa og flytja inn nema um 8 þús. smál. í viðbót auk þeirra 17,5 þús. smál. af nauðsynjavörum, sem óhjákvæmilega verður að kaupa og flytja inn að sögn hæstv. fjmrh. sjálfs. Hver er það, sem stendur í sjó undir hendur þar? Ekki er það verzlunarstéttin og ekki kaupfélögin. Og þegar hæstv. fjmrh. lýsti yfir, að einungis væri að ræða um 8 þús. smál. innflutning í viðbót, datt mér í hug, hvort hann og hans ráðuneyti treysti sér þá virkilega til að taka svona djúpt í árinni. En telji ráðh. það ekki eðlilegt verkefni ráðuneytisins, og það þykir mér líklegra, það er ekki til neins að setja upp slíkt stórveldi, þegar aðeins er um 8 þús. tonn nauðsynjavöru að ræða, og ráðh. er maður, sem hefur á þessu mikinn kunnugleika, — þá á hann að kannast við staðreyndir þessar eins og þær eru. Þegar hann talar um, að aðrir vaði upp undir hendur, væri honum betra að velja hentugri samlíking og smellnari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 7. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 12. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 134, n. 171, 176).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 176. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég tel ekki þörf að hafa langa framsögu fyrir hönd fjhn. Eins og nál. ber með sér, þá er hér að mestu leyti um samkomulag að ræða, hvað þetta frv. snertir. Í brtt. n. ber mest á 2 brtt. og þó er þar ekki um efnisbreyt. að ræða. Ég segi, að sú breyt. sé ekki efnisbreyt., af því að hún hefur hvorki áhrif á tilgang frv. né heldur framkvæmd laganna. Í síðustu mgr. 2. brtt. við 3. gr. stendur eftirfarandi: „Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir, til að tryggja það, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. — Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga að eignast, renni til þeirra.“

Þar sem áðurgreind ákvæði eru í 4. gr. frv., ber n. fram skriflega brtt. við þetta til þess að leiðrétta þá endurtekningu, sem hér hefur átt sér stað.

Í nál. er enn fremur prentvilla í 2. brtt. Þar stendur, að þetta sé brtt. við 4. gr. frv., en á að vera við 3. gr. Að öðru leyti má segja, að n. sé sammála um frv., því að eins og nál. ber með sér, þá eru fjórir nm. með því valdi, sem hæstv. ríkisstj. er hér með fengið í hendur. Ef um fastan. er að ræða, þá er ekki nema rétt, að Alþ. skipi menn í þær n., en þegar um er að ræða slíkar n. sem þessa, þá telur fjhn. rétt, að hæstv. ríkisstj. sé veitt óskorað vald til þess að tilnefna mennina. Með því ber hún einnig ein ábyrgð á framkvæmd l.

Ég vil enn fremur geta brtt. á þskj. 176. Þar er viðbót við 5. tölul. 2. gr. þannig: „.... eða aðrar ástæður gera slíkar ráðstafanir nauðsynlegar að dómi ríkisstjórnarinnar“. Með þessu er aðeins átt við knýjandi ástæður, sem að höndum kunna að bera.

Ég vil svo að lokum afhenda hæstv. forseta þessar skriflegu brtt., sem í rauninni eru aðeins smávægilegar leiðréttingar.

Forseti (JJós): Mér hafa borizt skrifl. brtt. frá hv. fjhn., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 186].

Afbrigði þarf til þess, að brtt. þessar geti komið til umr.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég vil aðeins lýsa yfir því, að ríkisstj. hefur ekkert að athuga við þessar brtt. hv. fjhn. og mun því ekki gera neinn ágreining út af þeim.

Hv. frsm. n. tók það fram, að með brtt. á þskj. 176 væri aðeins átt við knýjandi utanaðkomandi ástæður, og þegar sá skilningur er yfirlýstur af hálfu n., þá sé ég ekkert við þá brtt. að athuga.

Jón Pálmason: Ég mun ekki ræða málið almennt, því að um það hefur verið rætt allýtarlega við 1. umr., en mun segja nokkur orð út af brtt. á þskj. 176. Eins og sést á henni, þá er hún borin fram af 3 nm., en við tveir, hv. 2. þm. Rang. og ég, gátum ekki fylgt henni, af því að við töldum hér vera um talsverða efnisbreyt. að ræða. Hins vegar viljum við flytja brtt. í þá átt, að bæði Viðskiptaráð og ríkisstj. verði sammála, ef út á þessa braut er gengið.

Varðandi 2. skrifl. brtt., þá tel ég eigi þurfa að óttast hana, en það er ósk mín, að hún ásamt brtt. á þskj. 176 verði teknar aftur til 3. umr., svo að n. gefist tækifæri til að athuga þær. Úr því að ekki er um stærri ágreiningsmál að ræða en þetta, þá ætti vonandi að nást samkomulag um frv. Ég mun svo ekki hafa þessi orð mín fleiri að sinni.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun verða við þeim óskum, sem fram hafa komið um að taka aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 176, en ég sé enga ástæðu til að taka aftur skrifl. brtt., því að hún er svo einföld, að fljótlegt er að átta sig á henni. Þar er aðeins um orðabreyt. að ræða, sem hv. þm. getur fljótlega kynnt sér betur.

Einar Olgeirsson: Í nál. er sérstaklega tekið fram, að ég hafi óbundnar hendur um ákvæði 1. gr. frv. Ég býst við, að nauðsynlegt sé, að þau ákvæði séu nokkuð rædd nú við þessa 2. umr., af því að það kom fram við 1. umr., að eðlilegt væri að láta það þá bíða. Samt heyrðist mér á sumum, sem töluðu þá af hálfu fl., að þeir væru a. m. k. í talsverðum efa um, að það væri rétt stefna, að stj. skipaði þá n., sem hér er gert ráð fyrir að setja á stofn, án þess að þ. hefði þar nokkra íhlutun. Allir þm. eru sammála um, að vald þessarar n. sé meira en nokkurrar annarrar n., sem sett hafi verið á stofn hér á landi. Hún fær rétt til að ákvarða um innflutning og verðlag á öllum vörum, sem til landsins eru fluttar. Það þýðir ekki eingöngu það að ákveða verðlag á nauðsynjavörum, það þýðir líka, hvað af atvinnuvegunum skuli fá hráefni og hvað mikið og hverjir skuli ganga fyrir, hverjir skuli sitja á hakanum o. s. frv. Skipakostur virðist nú vera lítill, og þó að menn voni, að þar rætist úr, má telja líklegt, að þessi n. hafi í hendi sér að miklu leyti að ákveða, hvernig atvinnuafkoma fjölda landsmanna verður. Nú hefur stj. að vísu með heimildum 4. gr. vald til að ákveða mjög mikið af þessu sjálf, og get ég ekki betur séð en að stj. geti í sambandi við þá reglugerð komið fram mestu eða öllu af því, sem er framkvæmdatriði, í sambandi við þessa reglugerð. Enn fremur er vitanlegt, að stj. mundi alltaf, þó að þ. kysi t. d. fjóra menn í n., en stj. formann og starfsmenn, hafa aðaláhrifin á framkvæmdina. Það eina, sem væri breytt hér, væri þá það, að fjórir menn væru skipaðir með sérstöku tilliti til þess, að þetta ráð tæki alhliða tillit til þarfa landsmanna í þessu sambandi.

Ég er á því, að það sé alls ekki sérstaklega heppilegt, þegar verið er að kjósa valdamikil ráð eins og þetta, að hinar og þessar stofnanir í landinu fái að ráða þar um val einstakra manna. Það var svo með gjaldeyrisn., að þar fékk bæði verzlunarráðið og Sambandið að ákveða um val manna, og þannig var það einnig með dómnefnd í verðlagsmálum. Það hefur líka orðið svo, að n. sem skipaðar hafa verið eftir slíkum tilnefningum, hafa alls ekki reynzt vel. Ef við eigum að tilnefna þann aðila, sem eigi að hafa ákvörðunarréttinn um skipun slíkra valdamikilla n. og ráða, þá er það Alþ., vegna þess að þar eru menn, sem almenningur hefur kosið, hefur aðgang að og getur gagnrýnt og hefur rétt til að breyta um á vissum tímum, ef honum þóknast, en aftur er ómögulegt fyrir almenning að ná á sama hátt til stofnana eins og ég nefndi, Sambandsins og Verzlunarráðsins. Valdssvið eins og þetta heyrir beinlínis undir það, sem eðlilegt er, að Alþ. hafi með að gera. Það þótti sjálfsagt í sambandi við síldarverksmiðjur ríkisins, þar sem stórmikið af framleiðslulífi þjóðarinnar er tekið undir opinbert eftirlit, að stj. og þ. hefðu áhrif á skipun slíkrar stofnunar. Um það hefur verið deilt, hversu vel það hafi tekizt, en það er þó sá eðlilegi aðili til að hafa áhrif á, hverjir færu með þetta vald. Og hvað þetta viðskiptaráð snertir, þá finnst mér eðlilegt, að þ. hafi nokkur áhrif á, hvernig það er skipað. Mér finnst misskilningur, að með því að þ. láti stj. skipa ráðið eina, þá komi það af sér allri ábyrgð, stj. taki hana alla á sig með því að ráða ein skipun ráðsins. Ef Alþ. felur stj. að skipa ráðið, tekur þ. á sig ábyrgðina af þeirri skipun með því að fela stj. það, sem Alþingi ber ábyrgð á og getur ráðið sjálft. Ég held, að nauðsynlegt sé, að hv. þm. geri sér ljóst, að hv. þm. skjóta sér ekki undan neinni ábyrgð með því að velta því á herðar ríkisstj. að skipa þessa n. Ef kjósendurnir í landinu vilja finna að þessari nefndarskipun, þó að stj. hafi sett hana, án þess að þ. hafi viljað hafa þar nein áhrif á, þá er eðlilegt, að kjósendur snúi sér til Alþ., sem gaf stj. valdið. Ef illa fer, geta kjósendur sagt: Það voruð þið, sem gáfuð stj. vald til að skipa þetta ráð. Þið gátuð ráðið því, ef þið vilduð. Því er ekki hægt að segja, að stj. ein beri ábyrgðina af skipun n., sem þingið fól henni að ráða.

Nú kemur hins vegar til greina, að þessi stj. er skipuð með nokkuð sérstökum hætti. Þeir, sem í henni sitja og hafa tekið að sér að stjórna landinu á þessum erfiðu tímum fyrir hönd þ., vilja gjarnan hafa sem mest áhrif á, hvernig þau mál, sem þeir sérstaklega eiga frumkvæði að, fara úr hendi. Það getur maður vel skilið. En þar kemur einnig annað til. Alþ. vill líka ráða. Það finnur sig líka hafa ábyrgð um, hvernig fer um þessi mál. Og þá er spurningin: Getur

verið góð samvinna milli stj. og þings? Ég álít, að þetta sé fyrsta málið, þar sem verulega reynir á um það. Fyrsta málið, sem stj. lagði fyrir þ., að stöðva verðhækkun til febrúarloka, samþ. þingið einróma, og var um það hin bezta samvinna að öllu leyti. Í sambandi við þetta mál kom fram við 1. umr. og líka að nokkru leyti í n., hvort ekki væri hugsanlegt, að einhvers konar samvinna gæti orðið milli stj. og þ. um skipun ráðsins. Þeirri samvinnu mætti koma fyrir á fleiri vegu en einn. Hún gæti orðið þannig, að 1. gr. væri samþ. óbreytt, en stj. skipaði hins vegar Viðskiptaráðið svo að segja í samráði við Alþ., þingflokkana, og stj. gæfi um það yfirlýsingu hér í þ., að hún ætlaði að hafa slíka samvinnu við þ. Líka væri hægt að hafa þessa samvinnu þannig, að 1. gr. væri breytt t. d. þannig, að fjórir menn í Viðskiptaráð væru kjörnir af þ. eða að það gerðist á þann hátt, að þingflokkarnir veldu þessa menn í samráði við stj. Hitt er aftur *á móti ekki samvinna, ef þingið skipaði* þessa menn án nokkurs tillits til þess, sem stj. óskaði eftir, eða þá hins vegar, ef stj. skipaði mennina án nokkurs tillits til vilja þ. Hér reynir því á í fyrsta sinn, hvort hægt er í erfiðu máli fyrir báða aðila að hafa samvinnu milli sín.

Ég hefði viljað óska eftir, að þetta mál væri rætt nokkru betur við stj. og hún léti jafnvel frekar í ljós skoðanir sínar um 1. gr. Ég hef þess vegna ekki hugsað mér nú þegar að bera fram brtt. við 1. gr. *Ég vil fyrst heyra, hvað* hæstv. stj. og hv. þm. geta hugsað sér í þessu sambandi. Ég gæti alveg eins vel beðið með að bera fram brtt. þar til við 3. umr., ef hægt væri að komast að einhverju samkomulagi, því að mér er ljóst, að ef það næst ekki, þá er ekki séð fyrir afleiðingarnar af því.

Þetta er sú grein, sem ég vil gera fyrir minni afstöðu í n.

Ég hef engu við það að bæta, sem hv. frsm., þm. V.-Ísf., sagði um frv. f. h. n., enda býst ég ekki við, að brtt. n., að þeim undanteknum, sem teknar hafa verið aftur til 3. umr., valdi neinum deilum.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að mikið væri undir því komið, á hvern veg tækist að skipa þetta fyrirhugaða viðskiptaráð og hvernig þau verkefni færu úr höndum þeim mönnum, sem væri falið það mikla og mjög vandasama starf. Þetta held ég, að sé í raun og veru þungamiðja málsins, því að flestir munu vera á einu máli um það, að æskilegt sé að hafa undir einum hatti nokkuð náskyld mál, sem dreift hefur verið til þessa milli margra n., án þess að á milli þeirra hafi verið nokkurt sérstakt samstarf. Nú hefur því verið hreyft hér á Alþ. og líka manna milli, hvort eðlilegra væri, að stj. skipaði sjálf þetta ráð, eða farið væri að því á þann veg, sem stundum hefur tíðkazt áður á Alþ., að ráðið sé að meira eða minna leyti kosið af Alþ. Það má að sjálfsögðu telja báðum aðferðunum nokkuð til gildis, en ég skil hins vegar mjög vel sjónarmið hæstv. stj., sem telur, að nokkuð mikið sé undir því komið, að valdir séu í þetta ráð menn, sem að hennar áliti séu vandanum vaxnir og þá ekki síður menn, sem líklegir væru til að geta starfað saman og geti starfað með stj. að framkvæmd málsins.

Þó að það sé að nokkru leyti rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að það sé alls ekki ábyrgðarlaust af hálfu þ., hvernig tekst til með ráðið með því að gefa stj. umboð „in blanko“, ef svo má segja, til að skipa menn í þetta ráð, þá er það víst, að það er nokkuð á annan veg af hálfu þ. um afstöðu til framkvæmdarinnar, eftir því, hvort stj. sem nýtur ekki fastákveðins stuðnings þ., útnefnir ráðið, eða ef það er gert af þ. Með því að sjálft Alþ. tilnefni menn í ráðið, hefur það að vissu leyti sjálft tekið ábyrgðina, a. m. k. hver þingflokkur á þeim fulltrúa, sem hann hefur til þess valið. En ef ráðið er skipað af stj., þá er það fyrst og fremst á stj. ábyrgð, og afstaða þ. til hæstv. stj. getur nokkuð mikið á eftir utan þessa máls mótazt af því, á hvern hátt henni hefur tekizt með skipun ráðsins og á hvern hátt störf ráðsins hafa farið því úr hendi. En þar sem ekki liggur fyrir nein brtt. um þetta atriði, sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í það, hvort réttara sé, að stj. eða þing skipi ráðið, en vil aðeins nefna þetta atriði í sambandi við skipun ráðsins. Það er svo, að a. m. k. einn þáttur af starfi ráðsins snertir mjög verulega hag allra neytenda í landinu, sem er verðlagsákvæðið. Hins vegar er vitað, að þær stéttir manna og þeir menn, sem aðallega hafa lífsuppeldi sitt og afkomu af dreifingu varanna út meðal landsmanna, *hljóta eðli málsins samkvæmt að hafa áhuga* fyrir, að álagningin sé á þá lund, að hagnaður þeirra geti orðið sem mestur. Það er a. m. k. eðlileg hugsun og almennur breyzkleiki, ef svo mætti að orði kveða, að hugsa svo um sinn hag. Hins vegar er það sums staðar svo, þar sem ég hef spurnir af í nágrannalöndunum, að þegar trúnaðarmenn hafa verið skipaðir til að hafa með höndum verðlagsákvæði, hafa þeir ekki verið réttgengir til slíkra starfa, ef þeir hafa haft sérstakra hagsmuna að gæta um að halda uppi vöruverði. Þetta er í raun og veru rétt hugsun. Þessir menn eiga að vera óvilhallir dómarar um vöruverð. Þegar innflutningur er lítill, gætu þeir, sem annast dreifinguna, dregið sér óþarflega mikinn hagnað, en þeir, sem annast verðlagseftirlitið, eiga að hafa það sjónarmið, að vörurnar geti verið sem ódýrastar á markaðnum, þó með hliðsjón af því, að þeir, sem flytja inn og selja vörurnar, geti haft af því sómasamlegar og viðunandi tekjur. Ég vil því beina því til hæstv. stj., að hún athugi vel, að þeir menn, sem sérstaklega eiga að hafa verðlagseftirlitið með höndum, að það er óeðlilegt, að þeir hafi samkvæmt stöðu sinni tilhneigingu til, að gróðinn verði sem ríflegastur meðal þeirra stétta, sem sjá um dreifingu á vörum.

Það má segja um suma aðra málaflokka, sem eiga að heyra undir viðskiptaráð, að þeir eru svipaðs eðlis, svo sem hvaða vörur eru fluttar inn. Það er áreiðanlegt, að það er tilhneiging hjá mörgum, sem eru kaupsýslumenn, til að flytja frekar inn þær vörur, sem mikils gróða má vænta af, en það er almennt viðurkennt, að á hinar svokölluðu óhófsvörur, skraut- og skartvörur, er leyfð mest álagning. Þær stéttir, sem hafa hagsmuna að gæta um slíkan innflutning,

hafa nokkra tilhneigingu til að ota fram tota þeirra, sem hafa hagnað af slíkum innflutningi. Þar kemur aftur að því, að þeir, sem væru náskyldir þeim atvinnustéttum, sem annast slíka dreifingu, eru ekki óvilhallir dómarar, sem alþjóð fær fyllilega til að halda sanngjarnlega niðri vöruverði í landinu. Svipað mætti segja um aðra þætti, sem viðskiptaráði eru ætlaðir.

Ég vil því beina því til hæstv. stj., um leið og ég ítreka það, sem ég hef áður sagt um, að val manna í viðskiptaráð hefur geypimikla þýðingu um það, hvort frv., ef að l. verður, kemur að fullu gagni, að hún taki vel til athugunar, að val þessara manna verður að miðast við það, að þeir hafi ekki sérhagsmuna að gæta í því að halda uppi vöruverði og láta flytja til landsins litt nauðsynlegar vörur, sem gefa betri vonir um aukinn hagnað.

Ég get vel gert ráð fyrir, að við 3. umr. komi fram brtt. við þetta atriði, og mér heyrðist hálfpartinn á hv. 2. þm. Reykv., að hann væri að boða það, en það fer nokkuð eftir því, hvað hæstv. stj. segir nú um þetta atriði, en það gæti verið ástæða til að bera fram brtt. um það, að þeir einir séu réttgengir til vissra starfa í Viðskiptaráði, sem hafa ekki sérhagsmuna að gæta, sem ekki féllu saman við hagsmuni almennings.

Ég vil aðeins segja að lokum, ef það verður niðurstaðan, að ríkisstj. skipi þetta ráð, sem ég vel skil, að hún óski eftir, og með því mæla gild rök, þá er óendanlega mikið undir því komið, að hæstv. stj. í einu og öllu gæti þess, að ef vel á að fara, verður að vera samvinna og gagnkvæmur skilningur milli þings og stj. Störfin geta aldrei farið vel úr hendi, ef ekki tekst að gæta vel þeirrar samvinnu, sem þarf að vera í þessu máli eins og öllum öðrum. En ég vil líka segja, að það er skylda Alþingis að gefa hæstv. stj., meðan hún situr, öll tækifæri, sem hún óskar eftir, til að framkvæma nauðsynleg málefni og láta ekki standa á hjálp sinni til að veita stj. vald til að framkvæma slík málefni, sem geta miðað til almenningsheilla.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð. Við 1. umr. málsins kom fram hjá öllum, sem þá tóku til máls, að frv. stefndi í rétta átt, það ætti að geta gert þessi mál einfaldari og betur samræmd en áður. Ég tók þá fram, og það gerðu fleiri, að mér væri hins vegar ljóst, að árangurinn af þessu færi fyrst og fremst eftir því, hvernig framkvæmdin yrði og sérstaklega, hvernig eða hverjir yrðu valdir í viðskiptaráð og hvernig sjónarmið þeir hefðu. Þetta er meginatriðið. Það kom strax fram af hálfu hæstv. stj., að hún lítur svo á, að hún eigi fyrst og fremst að skipa í ráðið, og má segja, að það sé eðlilegt sjónarmið, þar sem hún ber ábyrgðina á framkvæmdunum. Hins vegar hefur þ. vaxið mjög í augum að veita hæstv. stj. jafnmikið vald og hún fengi með því að skipa ein í ráðið. Ég hafði gert mér hugmynd um að fara millileið, þannig að hæstv. stj. hefði samvinnu við Alþ. um skipun ráðsins, þó að hún hefði vald til að skipa það. Enn sem komið er hefur ekki bólað á þessu, og eftir því sem ég hef heyrt, mun ekki um von á slíkri samvinnu vera að ræða. Ég tel það miður farið, að þessi leið skuli ekki hafa verið valin, en um leið og ég skýri frá, að mér eru þetta vonbrigði, vil ég lýsa yfir, að ég mun ekki láta þetta verða til þess, að ég snúist gegn frv. Ég mun vera með því að veita hæstv. stj. þessa heimild, þó að ég vildi taka þetta fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176 tekin aftur til 3. umr.
Skrifl. brtt. tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 171,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 171,2 (ný 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 171,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 171,4 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 187, 176, 186, 190).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 190. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Á 190. þskj. höfum við hv. 2. þm. Rang. borið fram brtt. við 5. tölulið 2. gr. frv. Hún er um það, að aftan við liðinn bætist: „enda komi samþykki ríkisstj. til“. Við eigum við það, að skýrt verði að vera, að ríkisstj. og Viðskiptaráðið skuli vera sammála. En í brtt. á 176. þskj. frá meiri hl. fjhn. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. geti notað þessa heimild og falið ráðinu framkvæmd hennar án tillits til þess, hvort það er ríkisstj. samþ. eða ekki. Okkur hv. 2. þm. Rang. þykir þetta ekki heppilegt. Annars ætti málið að liggja svo ljóst fyrir, að ekki væri ástæða til að ræða það frekar. Ég mun ekki heldur ræða um önnur atriði frv., nema sérstakt tilefni gefist.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vildi biðja hæstv. forseta að sjá um það, að leiðrétt yrði prentvilla í 2. gr. frv. Þar er í 6. lið talað um l. nr. 9 frá 1942, en á að vera l. nr. 79.

Einnig er prentvilla á 186. þskj. Þar stendur í fyrirsögn þskj. orðið „gjaldeyrisverzlun“, en á að vera „gjaldeyrismeðferð“.

Einar Olgeirsson: Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., að ég teldi nauðsynlegt að breyta 1. gr. frv., ef ekki kæmi neitt fram frá hæstv. stj., sem benti til, að hún ætlaði að hafa samvinnu við þ. um þetta. Ég ætla því að leyfa mér að bera fram skrifl. brtt., sem er svo hljóðandi:

1. gr. orðist svo:

„Ríkisstj. skipar fimm manna n., er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn, er sæti taki í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti

verður laust um stundarsakir. Fjórir nefndarmanna séu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn eftir tilnefningu hvers þeirra, en fimmti maðurinn sé skipaður án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar".

Ég hef við 1. og 2. umr. gert grein fyrir nauðsyn þessarar brtt., og mun ég því ekki ræða hana frekar að þessu sinni, en óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari skrifl. brtt.

Forseti (JJós): Hv. dm. hafa heyrt skrifl. brtt. hv. 2. þm. Reykv. Til þess að hún geti komið hér til umr. og atkvgr., þarf afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 191) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Sumir hv. þm. hafa haldið því fram, að hér væri á ferðinni n. miklu valdameiri en aðrar n., sem nú eru starfandi hér á landi. Þetta kann að vera rétt, en ég tel það eftir atvikum þessari ráðstöfun til gildis. Ég bið hv. þm. að athuga, að þetta vald hefur þegar verið gefið n. manna, ekki 5 mönnum, heldur 10, undir eftirliti núverandi ríkisstj. Og nokkur munur er á því, hvort þetta vald er fengið 5 mönnum eða 10 undir eftirliti stj. En raunverulega er stj. ekki fengið með þessu neitt vald umfram það, sem hún hefur nú, og því er hér í rauninni um formsatriði að ræða. Slíkar n. sem þessi hafa ekki áður verið skipaðar af Alþ., og má auðvitað deila um það, hve heppileg slík nefndarskipun sé, en úr því mun verða skorið, þegar til framkvæmdanna kemur. Stj. leggur því megináherzlu á það, að hún fái að ráða vali manna í þessa n., en þetta kemur ekki á neinn hátt í bága við þann vilja hennar að hafa góða samvinnu við Alþ.

ATKVGR.

Brtt. 191 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, LJós, SigfS, SG, SvbH, ÞG, ÁkJ, EOl.
nei: GSv, GTh, IngJ, JakM, JPálm, PO, SB, SEH, SkG, ÁÁ.

GG, HelgJ, JörB, PZ, PÞ, SK, EmJ, EystJ greiddu ekki atkv.

9 þm. (GÞ, JS, ÓTh, STh, SÞ, StJSt, JJós, BG, BÁ) fjarstaddir.

Brtt. 176 samþ. með 16:9 atkv.

Brtt. 190 þar með úr sögunni.

Brtt. 186,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 186,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt., samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., 14. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 192).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir um innflutning og gjaldeyrismeðferð, hefur legið fyrir hv. Nd. og er því hv. þdm. að nokkru kunnugt. Á hinu upprunalega frv. hafa að vísu verið gerðar nokkrar smávægilegar breyt., sem hafa ekki verið miklar efnisbreyt., og hefur stj. því samþ. að fallast á þær.

Hér er að mestu um að ræða formbreyt., þ. e. sameining ýmsra ráðstafana, sem gerðar hafa verið vegna stríðsins. Þetta á þó ekki að öllu leyti við um Gjaldeyris- og innflutningsn., sem hefur nú starfað um 11 ára skeið.

Það, sem hér er gert ráð fyrir að gera, er að sameina starfssvið Gjaldeyris- og innflutningsn., sem nú hefur haft með höndum úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa, einnig Dómnefndar í verðlagsmálum, sem verðlag heyrir nú algjörlega undir, enn fremur úthlutun á farmrými skipa, er flytja vörur til landsins, og ekki hefur enn verið skipulagt, nema Viðskiptamálaráðuneytið hefur haft hönd í bagga með úthlutun farmrýmis til innflutnings á skömmtunarvörum. Í fjórða lagi á Skömmtunarskrifstofa ríkisins að koma undir valdssvið þessa ráðs og í fimmta lagi á það að annast um innkaup á þeim vörum frá Ameríku, sem keyptar hafa verið í gegnum láns- og leigustofnunina í Washington samkvæmt samningunum við Bandaríkin. Nú undanfarið hafa verið miklir erfiðleikar á að fá þessar vörur keyptar hingað að vestan, því að þetta eru vörur, sem eru aðallega notaðar til hergagnaframleiðslu. Það má einnig gera ráð fyrir, þótt það liggi ekki beint fyrir nú, að þeim vörutegundum fari fjölgandi, sem þannig þarf að kaupa.

Sú ráðstöfun, sem nú gildir, að láta Viðskiptan. annast um þessi kaup, getur ekki verið til frambúðar. Mér er það sjálfum vel kunnugt, því að ég hef haft með innkaup á þessum vörum að gera, síðan þetta fyrirkomulag var sett á, og er það vel ljóst, að því þarf að breyta. Þetta er þá sú sameining, sem mundi fara fram með skipun Viðskiptaráðs, og álít ég, að það ætti að vera til stórbóta í framkvæmdinni. Ríkisstj. hefur að vísu heimild til þess í lögum að gera flestar þær breyt., sem hér er farið fram á, án sérstakra laga frá Alþ., en hún hefur álitið heppilegra að fara þessa leið til þess að sameina þetta allt og koma því á starfhæfari grundvöll en það er nú á.

Það hefur verið rætt allmikið um skipun manna í þetta ráð og hafa heyrzt raddir um það, að heppilegast væri, að Alþ. skipaði 4 menn í ráðið, en sá 5. væri skipaður af stj. án tilnefningar. Þessa breyt. verður að telja algert nýmæli, því að Alþ. hefur ekki skipað slíkar n. fyrr. Ríkisstj. hefur lagt og leggur enn megináherzlu á það, að hún fái sjálf að skipa menn í þetta ráð án tilnefningar, því að það er sérstaklega áríðandi, að þessir menn eigi hægt með að starfa saman. Ríkisstj. er það líka ljóst, ef mistök verða á störfum ráðsins, meðan hún situr, þá mun það koma allt á hennar bak, og því sjálfsagt að hún megi ráða vali manna í ráðið. Ég hef svo ekkert meira um þetta að segja að sinni, en vil eindregið bera fram þá ósk fyrir hönd ríkisstj., að málið fái fulla afgreiðslu frá d. fyrir annað kvöld.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Ég tel, að með þessu frv. sé stefnt í rétta átt, og það beri að sameina öll þau verkefni, sem hér um ræðir, í hendur eins aðila. Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að hver sú ríkisstj., sem ætlaði sér að gera eitthvað í dýrtíðarmálunum, hefði farið svipaða leið. En eins og gefur að skilja er engin trygging fyrir því í löggjöfinni, að þetta nái tilgangi sínum, heldur veltur þar vitanlega allt á framkvæmdinni. Með því að leggja öll þessi verkefni í hendur eins aðila, eru honum fengin geysimikil völd og þannig á það að vera.

Það er að mínu áliti eðlilegt, að ríkisstj. vilji sjálf skipa slíkt ráð. En ég ætlast einnig til þess, að ríkisstj. skilji sjónarmið Alþ. í þessum efnum, að það sé eðlilegt, að Alþ. vilji ekki gefa frá sér slíkt vald alveg blindandi.

Ef frv. verður samþ., eins og það liggur fyrir, er vald það, sem ráðið á að fá, afhent alveg blindandi.

En ef hluti af ráðinu væri skipaður eftir tilnefningu einhverra aðila utan þ., eins og t. d. ef Verzlunarráðið og S. Í. S. skipuðu sinn manninn hvort eða ríkisstj. eftir tilnefningu þeirra, þá tel ég, að ráðið gæti ekki orðið vel skipað.

Hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir góðu samstarfi við þingið, og ég hygg, að í þessu máli muni mjög áríðandi, að slíkt samstarf takist. Ég tel því eðlilegt, að ríkisstj. hafi samráð við Alþ. og flokkana um þetta ráð, og ef hún gæfi yfirlýsingu um, að hún vildi gera það, væri engin ástæða til þess að breyta þessu frv., og þá mun ég ekki bera fram neina brtt. En ef ríkisstjórnin vill enga slíka yfirlýsingu gefa og fer fram á, að Alþ. afhendi vald ráðsins alveg blindandi, þá mun ég bera fram brtt. shlj. þeirri, sem borin var fram í Nd. og ekki náði þar fram að ganga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég sé, að frv. ríkisstj. um innflutning og gjaldeyrismeðferð hefur tekið nokkrum breyt. í Nd., sem ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. hafi kynnt sér, en í tilefni að breyt., sem orðið hefur á 4. gr. frv., vil ég leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh., áður en ég tek afstöðu til málsins í heild. Í 4. gr. segir svo:

„Ríkisstjórnin setur nánari fyrirmæli í reglugerð um efni þau, er í lögum þessum greinir, þar á meðal um úthlutun innflutnings og um gjaldeyrisleyfi, um gjaldeyrisverzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi innlends og erlends gjaldmiðils og til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra".

Eins og nú stendur, er allmikið ógreitt af frosnum pundum erlendis, og það hefur jafnvel komið til mála, að eitthvað verði fryst meira af erlendum gjaldeyri, bæði pundum og dollurum. Auk þess hefur það komið fyrir, að við höfum misst skip, sem hafa verið vátryggð erlendis, og vátryggingarupphæðirnar hafa ekki fengizt yfirfærðar. Nú vil ég spyrja, hvernig ríkisstj. hefur hugsað sér, að farið yrði með þessi mál. Hvort það sé ætlunin, að féð gangi jafnóðum til bankanna og afreiknist þar með gengi hvers tíma, eða hvort sé ætlazt til þess, að menn eigi það áfram á sínu nafni, þar til bönkunum þóknast að yfirfæra það og þá með því gengi, sem þá verður. Sama er að segja um nýbyggingasjóðina. Er með þessum lögum ætlazt til, að það fé, sem nú er að mestu í erlendum bönkum, verði afhent bönkunum hér til yfirfærslu.

Þeir menn, sem hafa stofnað nýbyggingasjóði með innstæðum erlendis, og ætlazt til, að þetta fé yrði geymt á þeirra nafni erlendis, þar til að stríðinu loknu, vilja nú gjarnan fá vitneskju um, hvort það fé verður þegar flutt yfir í íslenzka mynt og látið bíða í íslenzkum bönkum, þar til það verður notað eða hvort það verður geymt áfram á nafni þessara manna erlendis, svo að þeir geti síðar notað það til skipakaupa án þess að hafa til þess sérstakt leyfi Viðskiptaráðs.

Vildi ég gjarnan fá svör við þessu nú, svo að viðkomandi aðilar viti, hvers þeir megi vænta um þessi mál í framtíðinni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Um þetta frv., sem nú liggur fyrir til umr., er ekki hægt að segja mikið nýtt frá því, sem sagt hefur verið nú þegar hér og í háttv. Nd. Það er áreiðanlega rétt byrjun hjá stj. að stöðva verðlagið, eins og gert var fyrir áramótin, og ég álít, að það sé einnig alveg rétt, að það geti verið til bóta að færa saman verkefni þeirra n., sem farið hafa með þau mál, er nú á að sameina undir verksvið Viðskiptaráðs. Það verður einfaldara í framkvæmdinni, og það er að ýmsu leyti eðlilegra, að þannig sé að málunum unnið, og þess vegna er það, að mér virðist, að þm. hér séu yfirleitt sammála stj. um þessa hugsun í málinu. Ég býst við, að stj. þyki þetta orðið of margbrotið eins og það er nú, og ef til vill gerir stj. sér meiri vonir um árangur, ef þetta verður fært saman. En hvað sem þessu líður, þá er þetta að mínu áliti, og eins og komið hefur fram hjá flestum þm., rétt stefna, eins og stöðvunin á sínum tíma. En það veltur vitanlega allt á því, eins og búið er að segja svo oft, hvernig þetta verður í framkvæmdinni, og þó fyrst og fremst, hvaða menn verða skipaðir til þess að takast á hendur það starf, sem viðskiptaráð hefur með höndum, og eins og hæstv. fjmrh. taldi hér upp, er það vald, sem Viðskiptaráð fær, meira heldur en nokkur n. hefur fengið í hendur hingað til, að ég hygg. Þess vegna veltur mest á því, hvernig mennirnir verða, sem ráðið verður skipað, og þar af leiðandi má segja, eins og líka hefur verið sagt hér áður, að það sé eðlilegt, að stj. vilji gjarna ráða því, hverjir verða skipaðir í Viðskiptaráð. En það ber að taka fleira til greina í því máli að mínu áliti. Fyrst og fremst ber að gæta þess, að þær ráðstafanir, sem gerðar eru, stöðvunin og stofnun Viðskiptaráðs, eru, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, fremur formbreyting heldur en efnis.

Með þessum tveim breyt. höfum við enn þá stigið ákaflega stutt spor í dýrtíðarmálunum, Við höfum raunverulega með þessum tveim at-

riðum aðeins byrjað, en ekki gert neitt af því, sem þarf að gera til þess að koma hlutunum á réttan kjöl í þessu landi til frambúðar. En einmitt vegna þess, að þessi skref, sem nú hafa verið stigin, eru byrjunarskref, þá álít ég það vera þýðingarmeira heldur en kannske þ. og stj. gera sér ljóst, að haft verði samstarf um það, hvernig þetta ráð er skipað, því að það verðum við að gera okkur ljóst, bæði Alþ. og stj., að það eru ekki til nema tvær leiðir til að stjórna. Önnur er stj. án þ., hin stj. með þ. Þriðja leiðin er ekki til, hefur aldrei verið til og verður aldrei til. Ef þ. er þannig hugsandi, að það getur ekki skipað þessa n. þannig, að það séu líkindi til þess, að hún geti unnið verk sín vel, þá er ekki mikil von til þess, að þ. hafi það hugarfar, sem þarf til þess að vinna saman að hinum stóru málum.

Ég held, að það þurfi að vera samstarf og tiltrú milli þ. og stj. nú þegar um skipun þessarar n., því að vissulega þarf slíkt samstarf að vera fyrir hendi, þegar átökin byrja um hin stóru málin. Þetta er það, sem ég vildi segja um þetta mál. Eins og ég sagði í upphafi, þá hafa þessi aðalatriði verið sögð áður, og mér skilst, að eftir þessu hafi verið leitað, en það hafi ekki verið hægt að koma á þessu samkomulagi, og verður það svo að vera. En ég tel hins vegar nauðsynlegt að láta þessa aths. fylgja vegna þess, að ég hef talið, að það færi miklu betur úr hendi og mundi gefa betri vonir um þau erfiðu mál, sem við eigum að fást við og eru rétt fyrir framan okkur, ef þetta samstarf hefði getað hafizt um það atriði, sem vissulega er vandaminna, þó að þar geti fylgt ærinn vandi.

Haraldur Guðmundsson: Ég er alveg sammála því, sem hv. þm. Str. sagði og sömuleiðis því, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að hér sé ekki um að ræða ráðstöfun til þess að lækka dýrtíðina í landinu, því að eins og hæstv. fjmrh. sagði, þá er þessi heimild, sem hér er um að ræða, til í l. Breyt. er sú, að því er störfin snertir, að störf fleiri n. og stofnana eru sameinuð og falin viðskiptaráði. Og ég tel, að þessi skipun geri framkvæmdina auðveldari heldur en verið hefur með þessum mörgu mismunandi n. Það má því segja líkt um þetta frv. eins og það, sem stj. hefur áður fengið samþ. í þ., að þetta er eins konar forspjall fyrir þeim víðtæku ráðstöfunum, sem stj. hugsar sér að gera til þess að koma fram lækkun á dýrtíðinni. Og út frá því sjónarmiði finnst mér verða að meta frv. Eins og ég áðan sagði, tel ég það horfa til góðs að sameina þessi störf, og einnig að taka inn þá heimild, sem hér er gert í 5. lið 2. gr., til þess að sjá um innkaup til landsins, ef nauðsyn krefur. Ég er fullkomlega sammála því, sem kom fram í umr., að í rauninni velti langmest á því, hvernig framkvæmdin fer úr hendi, og það, hvernig framkvæmdin fer úr hendi, sé aftur mest undir því komið, hvernig tekst um val manna í viðskiptaráð. Því hef ég talið það mjög æskilegt, að um skipun í þetta ráð hefði tekizt fullt samkomulag milli Alþ. og ríkisstj.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég skil það ákaflega vel, að stj. vill ráða um skipun mannanna í ráðið. En ég veit ekki með vissu, hvort reynt hefur verið til þrautar að ná því, sem kalla mætti samkomulag þingfl. og stj. um skipun í ráðið. En það kom fram í hv. Nd. brtt. við 1. gr. um það, að í stað þess, að stj. skipaði 5 menn í ráðið, væru 4 skipaðir af stj. eftir tilnefningu þingfl., en 5. maðurinn skyldi vera skipaður án tilnefningar og vera form. n. Þessi till. var felld. Nú hefur einn hv. þm. í þessari d. lýst því yfir, að hans flokkur mundi ekki gera neina till. um breyt. á frv., ef hægt væri að fá samkomulag milli þ. og stj. um skipun ráðsins. Það sýnir sig kannske áður en málinu lýkur hér, hvort hægt er að tryggja eitthvað slíkt. En ég vil sérstaklega taka það fram, að við skipun þessa ráðs þarf að hafa það í huga, að enginn í ráðinu telji sig þangað kominn til þess að gæta hagsmuna eða aðstöðu sérstakrar stéttar eða félagsskapar, og þetta álít ég frumskilyrði þess, að störf ráðsins geti orðið að gagni.

Ég vil því beina því til hæstv. stj., ef hún skipar ráðið án tilnefningar frá þingfl., þá verði það gert fullkomlega án tilnefningar eða úthlutunar nokkurra stétta eða félagssamtaka.

Ég tók eftir því, að hv. 5. þm. Reykv. beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort það væri ætlun stj. að skipa tvo af ráðsmönnunum eftir tilnefningu S. Í. S. og Verzlunarráðs. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. svari þessari fyrirspurn, og þá upplýsist væntanlega um afstöðu stj. til þessa atriðis.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Út af því, sem hv. þm. Barð. minntist á í sambandi við yfirfærslu bundnu pundanna, vil ég segja þetta: Þetta mál hefur verið til umr., en það er ekki útrætt, svo að ég get ekki gefið hv. þm. svar við þeirri spurningu, sem hann bar fram. Ég hygg, að þetta verði tekið til endanlegrar athugunar, áður en langt um líður, og kemur það þá fram, hvað úr þessu verður, en að svo komnu get ég ekki gefið svar við spurningunni.

Út af því, sem hv. 3. landsk. minntist á síðast í ræðu sinni, um tilnefningu sérstakra aðila í ráðið, skal ég taka þetta fram: Stjórnin mun ekki leita neinnar tilnefningar aðila utan þings um val manna í Viðskiptaráð. Hún ætlar sjálf að skipa mennina, með það eina sjónarmið í huga, að starfið verði leyst vel af hendi.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Þingmenn ræða mikið um nauðsyn þess, að gott samstarf sé milli þ. og stj. Stj. leggur sjálf mikla áherzlu á þetta. — Þm. segja, að hér hefði átt að vera samvinna við þ., um val manna í Viðskiptaráð. En mér skilst, að þingmönnum finnist því aðeins gott samstarf, að þ. velji 4 menn í ráðið, en skammti stj. einn. Stj. er ekki sammála þessu. Stj. lítur svo á, að hún eigi að framkvæma þessi lög, og hún ber ábyrgðina gagnvart Alþ. Hún vill ekki skipta ábyrgðinni. Hún vill ein bera ábyrgðina og mun standa eða falla á því.

Haraldur Guðmundsson: Það er alveg rétt, að stj. ber ábyrgð gagnvart Alþ. og framkvæmd l.,

sem Alþ. setur. En þess er aðgætandi, að enda þótt stj. sé til orðin með sérstökum hætti, hlýtur Alþ. að sjálfsögðu að bera ábyrgð á þeirri lagasetningu, sem það setur og felur stj. að framkvæma. Hæstv. fjmrh. upplýsti, að stj. mundi ekki leita tilnefningar neins aðila utan þ., og ber þá væntanlega að skilja þetta svo, að þannig verði það í framkvæmdinni, en ekki aðeins að forminu til.

Brynjólfur Bjarnason: Það var aðeins út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að ég vildi segja nokkur orð. Hann sagði, að sér skildist að ýmsir þm. vildu hafa gott samstarf við stj., en þessir sömu þm. teldu samstarfið því aðeins verða gott, að stj. væri af Alþ. skammtað að ráða einn mann í Viðskiptaráð. Hér held ég, að sé um misskilning að ræða. Ég held, að þessi skoðun hafi hvergi komið fram, svo mikið er víst, að hún hefur ekki komið fram hjá mér. Það, sem ég óskaði eftir, var það, að Alþ. hefði kost á því í samráði við stj. að skipa Viðskiptaráðið, og ég gat þess, að tækist þetta, væri ekki þörf á brtt. Ef stj. vill ekki hafa þetta samstarf, sem þ. óskar eftir, þá sé ég ekki aðra leið en þá, að Alþ. tryggi sér sjálft þetta vald. Ég verð að undirstrika það, sem hv. 3. landsk. sagði, að þegar þingið samþykkir löggjöf, ber það ábyrgð á framkvæmd hennar. Það er ákaflega varhugavert fyrir Alþ. að taka á sig ábyrgð í þessu máli, ef það er alveg blindandi um það, hvernig á að skipa viðskiptaráð. En það er einmitt undir skipun ráðsins komið, hvernig tekst um framkvæmdina í þessum málum.

Gísli Jónsson: Út af svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni, vil ég segja það, að ég vil beina því til hv. fjhn., að þegar hún gerir þessa athugun, þá sjái hún svo um, að nýbyggingasjóði verði ekki íþyngt með þessum nýju l., þannig að það verði ekki undir nokkrum kringumstæðum eftir að útbúa flotann, þegar þess þarf með, fremur undir þessum lögum en þeim, sem nú gilda.

Ég hef ekki skipt mér af því, sem hæstv. ráðh. sagði um vald þ. annars vegar og ríkisstj. hins vegar, en ekki get ég látið svo, að mér finnist ekki ræða hæstv. ráðh. nokkuð einræðiskennd, *og það meira en tilefni er hér til.* Aðalinnihaldið í ræðu hans virtist mér vera þetta: „Samkomulag getur því aðeins verið hér gott, að stj. ráði ein öllu“, en mér finnst slíkt ekki vera neinn samvinnugrundvöllur. Þessi stjórn er orðin til án afskipta þ., eins og hv. 3. landsk. minntist á, ef hún hefði verið skipuð af meiri hl. þ., var ekki nema eðlilegt, að hún hefði þetta vald. En það er eðlilegt, að þeir, sem ekki hafa viljað framselja þetta vald, og ef til vill hafa verið kúgaðir til þess af öðrum — það er eðlilegt að þeir vilji ekki framselja þetta vald, ef um slíka einræðiskennd er að ræða í hverju máli eins og kom fram í ræðu hæstv. forsætisráðh. Þess hefur verið óskað af hæstv. fjármrh., að þetta mál verði afgreitt fyrir annað kvöld, og ég geri ráð fyrir, að d. taki þá ósk til greina eftir því, sem unnt er, en það mun ekki verða, ef sú hugsun á að komast hér inn, sem bar á í ræðu hæstv. forsætisrh. um vald þeirrar stj., sem ekki er skipuð af þ., og þarf að athuga að slíkir ásteitingarsteinar séu ekki settir milli þ. og stj., meðan þetta ástand er ríkjandi í landinu.

Magnús Jónsson: Það hefur hver eftir annan, sem talað hefur um þetta mál, talað um það, að hér væri eiginlega ekkert verið að gera efnislega, og ég hef orðið þess var, að í Nd. hafi upp á það síðasta verið orðin ríkjandi sú skoðun, að þetta frv. væri ekki nema formið, bara dálítil fyrirkomulagsbreyting, annað ekki. Nú, þetta er satt að vissu marki, en ég held, að það sé ekki úr vegi að minna á það áður en málið fer til n., að það eru til menn, sem álíta þetta meira en formsmál. Ég vil sýna þessu máli þá virðingu að álíta það talsvert mikið efnislega, og fer þar eftir því, sem stj. segir í grg. frv. Þar er talað um, að stj. beri þetta fram, vegna þess að hún þykist ekki hafa þær heimildir, sem hún telur sig þurfa til þess að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir, og verði því að útvega sér þær. Þetta hefur aðeins verið talin tilfærzla á n., en ég vil koma því út af því spori og telja þetta efnislega mikið mál. Það er rétt, að stj. fer hægt í þetta, og ég held, að það sé alveg rétt hjá stj. að taka hæg spor. Ef þau eru stigin rétt, er ekki víst að leiðin verði svo löng eða erfið.

Það eru ýmis atriði í þessu, sem hafa ekki verið í l. áður, og því er það, að hæstv. ríkisstj. vill fá heimild til þessara ráðstafana, og þó ekki væri annað en samfærzla valdsins, er það fullkomin efnisbreyt. Ég hafði það til athugunar, meðan ég var viðskiptamrh., hvort ekki væri æskilegt að færa saman starf innflutnings- og gjaldeyrisn. og ráðstöfunarvaldið yfir skiprúminu og draga verðlagseftirlitið undir sama valdsvið. Ég gerði athuganir um þetta, en eins og kunnugt er, hafði sú stj. ekki þá aðstöðu, styrkleik né þá framtíðarmöguleika, sem þurfti til þess, að rétt hefði verið að gera slíkar ráðstafanir. En það þarf ekki annað en að líta á dóm sögunnar um það, hvernig innflutnings- og gjaldeyrisn. er til orðin og hvernig störfum hennar hefur verið varið til þess að sjá, að þetta er nauðsynlegt. Þessi n. er skipuð með tilliti til þess, að skortur sé á gjaldeyri og *skipakostur nógur. Nú er þetta breytt.* Nú er gjaldeyrir til, en skipakostur lítill og ýmsir örðugleikar með innkaup og fleira, sem áður voru ekki. Það er augljóst, að það er stórkostleg efnisbreyt., þegar breyta á um starfssvið þessarar n. þannig, að hún fari með það, sem nú er örðugast, sem sé innflutninginn til landsins, því að nú eru það ekki lengur vörukaupin, sem eru örðugust, nú er það innflutningurinn. Ég tel það út af fyrir sig stórvægilegast að færa þetta mikla vald til einnar n., en mér þykir það einkennilegt, þegar menn tala um, að þetta sé lítið spor og svo jafnframt þetta ægilega vald. Einhver talaði jafnvel um, að þetta væru þau mestu völd, sem nokkrum mönnum hefðu verið fengin í hendur hér á landi. Mér finnst þetta ekki lítið spor. Það er ekki svo lítið að *setja upp n., sem hefur meira vald en nokkur* önnur n. hefur áður haft og sameina kraftana til

stórra átaka. Ég skal svo ekki tala um það, sem er nýtt í þessu frv., því að þm. er það ljóst.

Ég er alveg sammála því, sem hv. 3. landsk. sagði, að það er ákaflega mikið undir því komið, að þetta ráð sé skipað þannig, að það hafi alþjóðarhag fyrir augum, en náttúrlega má það ekki vera skipað með of miklum smásmugu-hætti. Það getur verið ómögulegt að velja það svo, að ekki geti komið einhverjir á eftir og sagt, að þessi sé af þessari stétt og hinn af hinni og það sé tekið meira tillit til þessarar stéttar en hinnar. Aðalatriðið er það, sem hæstv. ráðh. sagði, að ráðið sé ekki skipað þannig, að það beri með sér, að það sé einskorðað við einhverja stofnun. Þess vegna legg ég áherzlu á, að stj. skipi þessa n., en hún sé ekki kosin af þ. Ég vil ekki, að það skapist það ástand, að fulltrúar flokkanna togist á um málin eins þegar teygt er hrátt skinn og standi eins og hundar á sínum skæklinum hver. Ég er mjög ánægður með þetta og held, að þetta ætti að vera svona í fleiri tilfellum. Ríkisstj. ber ábyrgð fyrir þ., hvað sem hver segir, og það eins, þótt hún sé skipuð með óvenjulegum hætti, svo að það er óbeinlínis þ., sem skipar slíkt ráð og býr í hendurnar á stj. Ég vil leggja áherzlu á, að það er ómögulegt fyrir nokkra ríkisstj. að sætta sig við að skipa ekki n., sem á jafn víðtækan hátt á að hafa með stj. á þeim stóru málaflokkum að gera sem stj. er skipuð til að vinna að og hefur lýst yfir, að hún ætli að vinna að. Ég veit ekki, hvernig stj. gæti sætt sig við skipun n. til þess að vinna að slíkum málum án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að sú n. ynni í samræmi við vilja stj. um þessi mál. Ég vil segja það, að það sé nokkur ástæða til þess, að þingið fari varlega í skipun þessarar n., en ég lít svo á, að það sé aukin ástæða til þess, að stj. skipi þessa n., vegna þess að stj. er ekki í því venjulega sambandi við þ., og því ekki trygging fyrir því, að þ. skipi n. með þeim hætti, að stj. gæti unnið með henni. Stj. ber svo ábyrgð fyrir Alþ. m. a. vegna þess, að þ. getur neitað um þá nauðsynlegu löggjöf og annað slíkt, sem þ. hefur á sínu valdi. Ég mundi ekki í stj. sporum sætta mig við að fá ekki að skipa n., og frá þ. sjónarmiði mundi ég ekki sem alþm. vilja stuðla að því, að svona voldugt ráð væri myndað, sem það hefði engin tök á önnur en mannaskipti, því að mér skilst, að það ekki vera hægt að taka af því ráðin nema með mannaskiptum, og þann tíma, sem þ. ekki situr, er ekki hægt, ef ráðið er þingkosið, að skipta um menn. Meðan við búum við það stjórnarfyrirkomulag, að þingið starfi með stj., er rétt, að ráð sem þetta sé skipað af stj. og beri ábyrgð fyrir henni eins og stj. fyrir þinginu, því að þótt stj. sé ekki skipuð af þ., hefur þingið óbeinlínis veitt henni stuðning sinn með því að mynda ekki aðra stj. Ég álít alls ekki fært að setja upp svona voldugt ráð, sem starfi eftirlitslaust milli þinga. Ég vil, að það sé stj., sem ábyrgðin hvíli á, ef illa fer með val manna í ráðið, að það sé hennar stefna, sem ráði, og þ. geti þess vegna, þegar það kemur saman aftur, krafið hana fullkomins reikningsskapar um það, sem starfað hefur verið í þessum málum, en það skilst mér, að þ. gæti ekki, ef það kysi n. Stj. hefði þá vald yfir n., og ég vil ekki svipta stj. því eina valdi, sem hún getur haft yfir þessari voldugu n. Ég held ekki, að þ. sé að afsala sér neinu valdi með því, þó að það ekki kjósi þetta ráð, en það setur meginþunga ábyrgðarinnar á stj., sem það svo á aftur vald á.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta að svo komnu, en ég vildi leggja áherzlu á, að menn tækju þessu frv. ekki of léttilega, vegna þess að þetta sé ekki annað en formsbreyting, því að það mun sannast, ef sæmilega fer um framkvæmd þessa máls, að það er mikil efnisbreyting, sem þetta frv. felur í sér.

Jónas Jónsson: Ég vildi segja fáein orð um þetta mál, áður en það fer til n., og það fyrst, að þótt það sé eðlilegt um svo mikið nýmæli, að það sé rætt, er ef til vill óþarfi að hafa miklar umr. um það, meðan það er á þessu þyrjunarstigi. En mér finnst ástæða til að taka það fram, að mikið af því, sem þetta frv. felur í sér, hefur sá flokkur, sem ég er í, Framsóknarflokkurinn, samþykkt að vilja styðja að í sambandi við umr. í 8 manna n. Hugsun okkar framsóknarm. var sú að setja ráð, sem hefði með þessi mál að gera og gæti haft stjórn þeirra á hendi á auðveldari hátt en hægt er með þessum mörgu n. Innflutnings- og gjaldeyrisn. hafði mikið vald, en starf hennar var í molum, vegna þess að hún var sameinuð af mörgum aðilum. Þar með er ég ekki að segja, að allir hafi ekki viljað það bezta, en þar komu fram öll þau mismunandi sjónarmið viðvíkjandi gjaldeyrismálum, sem hægt var að fá í landinu. Það hefur verið unnið vel af þessum mönnum, og það er ekki hægt að kvarta neitt í sambandi við störf þeirra, en þetta kerfi vantar þann einhug, sem þarf á tímum eins og núna eru. Ég vildi ekki láta þetta frv. fara svo til n., að það kæmi ekki fram, að sú hugsun, sem í því er, hefur verið rædd a. m. k. í einum flokkanna. Hitt er annað mál, að það er ekki hægt að segja, að í þessu frv. komi fram allt það, sem við framsóknarmenn töldum æskilegt, en hinu er ekki hægt að neita, að við vildum, að um þennan samdrátt gæti verið að ræða. Það var ekkert talað um það, hvernig þessi n. ætti að vera skipuð, og það, sem ég segi um það, er frá mínu eigin brjósti, en hitt virðist mér koma bert fram í tilraunum þeirrar ólukkulegu 8 manna n., sem reyndi í 6 vikur að finna sameiginlegan grundvöll, að þessi grundvöllur er ekki til, og það er ekki af því, að menn vilji ekki vinna saman, heldur af því, að menn hafa svo mismunandi skoðanir á því, hvernig eigi að taka á málunum í augnablikinu, og þess vegna get ekki verið um myndun stj. að ræða. Það er heldur ekki úr vegi að minna á það, að þegar ekki eru liðnar nema nokkrar vikur, síðan þ. gafst upp við að mynda 5 manna ráð, þá eru ekki miklar líkur til, að menn úr þessum flokkum verði nægilega samtaka um það að gera það, sem gera þyrfti í þessu efni. Ég efast a. m. k. um það. Og það er ekkert annað, sem gerir það, að mér finnst ég geta greitt atkvæði með þessu, en það, að mér finnst þetta vera eina ráðið, til þess að n. geti haft fram-

kvæmdamöguleika. Nú getur komið til mála, þótt þingið samþykki, að stj. skipi þetta ráð og stj. geri það, að það verði lélegt og stj. verði að skipta um menn í því, svo að vinna þess komi að gagni, og sömuleiðis hitt, ef að því kæmi, að stj. færi, þá virðist mér eðlilegt, að ný stj. mundi hafa annað sjónarmið og skipta um alla menn-ina í ráðinu. Ég veit ekki, hve ánægðir við yrðum með þá stj., sem kæmi í febrúar, marz eða í vor, en við vitum, hvernig skilyrðin eru nú, og viljum, að stj. fái — þótt við séum ekki að öllu leyti sammála henni — möguleika til að starfa og fella hana svo, ef hún getur ekki unnið, en það versta, sem fyrir eina stj. getur komið, er það, ef hún missir trúna á, að hún geti gert gagn. Ég álít, að undir eins og svo er komið eigi stj. að skila af sér til ríkisstjóra, að hún eigi að segja af sér, þegar hún getur ekki stjórn-að lengur, vegna þess að sundrungin í þjóðfé-laginu er orðin svo mikil.

Hermann Jónasson: Það var aðeins til þess að leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. Ég undirstrikaði alveg sérstaklega þessi 2 atriði, að ég áliti mikilvægt, að störfin væru svo samræmd og þetta væri rétt spor, en hitt held ég, að sé skynsamlegt fyrir okkur að gera okkur ljóst, þó að þessi spor séu rétt, þá eru þau ekki stór samanborið við það, sem gera þarf. Þetta er atriði, sem þm. yfirleitt eru sam-mála um, en við getum gjarna gert okkur það ljóst nú þegar, ef við ætlum okkur að lifa, verð-um við að taka betur á, og þrátt fyrir það að vel takist um framkvæmd á þessu atriði, þá býst ég við, að flestir þm. geri sér það ljóst, að það er sennilega ekki hægt án þess að lækka dýr-tíðina að semja fjárlög fyrir árið 1944, svo að í nokkru lagi sé og nokkurt vit sé í, og við eig-um eftir áfanga, sem er langur, og þar sem landsmenn munu þurfa nokkuð að sér að leggja. Ég held, að það sé rangt að tala um það hér í þessum d. á þ. og blanda því inn í umr., að stj. sé skipuð með sérstökum hætti. Hér hafa góðir og gegnir borgarar tekið að sér stjórn á fram-kvæmdavaldi ríkisins, sem þ. gat ekki komið sér saman um. Það er aðeins eitt, sem fyrir mér vakir, og það er það, að ég álít, að ef til vill hefði það verið betri vinnuaðferð að koma sér saman við þ. um skipun þessarar n. — og ég er nærri viss um, að till. hennar um nefndar-skipunina hefðu verið teknar til greina — held-ur en að stj. hafi þennan stranga fyrirvara um, hvernig takist um skipun n. Ég álít, að það hefði verið réttara með tilliti til þess að koma samstarfinu milli þ. og stj. í betri og eðlilegri farveg að koma sér saman um þessa menn. Sú reynsla, sem stj. hefur af því að vinna með þ., þó að það sé ósamstætt, hefði átt að sýna henni, að með þessu mátti fá þ. til þess að stíga skrefið með stj. og taka þátt í framkvæmdunum. Þetta álít ég þýðingarmikið, vegna þess að ég álít a. m. k. án þess að spá nokkru um það að óat-huguðu máli, að nauðsynlegt sé og gott að við-hafa þau vinnubrögð milli þ. og stj., sem geri samstarfið betra, og það af þeim ástæðum, sem ég greindi, að þetta samstarf getur orðið nauð-synlegt á stærra vettvangi. En það bíða okkar svo mikil átök nú í dýrtíðarmálunum, að ég held, að það væri góð byrjun að reyna dáltið á samstarfið milli þ. og stj. einmitt í þessu máli. Það er og gott að þreifa fyrir sér smám saman, en hitt er öllu lakara, ef kemst inn tortryggni, sem ekki má vera til staðar, þegar byrjað er á stóru málunum, sem framundan eru.

Magnús Jónsson: Herra forseti. — Ég þurfti ekkert að leiðrétta og leiðrétti ekki neitt. Hv. þm. tók skakkt eftir. Annars er sannleikurinn sá, að það er ekki eins og ríkisstj. sé án allrar heimildar frá þ. Hún hefur þegar í höndunum viðtækar heimildir til ráðstafana gegn dýrtíð-inni, þó að hún sé ekki búin að fá allt það sam-starf, sem hún þarf að hafa. Hún hefur kallað eftir meira fé, og ég býst við, að nokkuð mikill hluti af þeim ráðstöfunum, sem gera þarf, sé að veita ríkisstj. það fé, sem hún þarf.

Hv. þm. S.-Þ. talaði um, að heppilegra væri, að ríkisstj. leitaði nánara samstarfs við Alþ. um skipun þessarar n. Þetta er talað undir rós, og ég veit ekki, við hvað hv. þm. á. Ég held, að hann eigi við, að stj. hefði átt að biðja þ. að kjósa þessa n. Ég skal ekki um segja, hvernig það hefði gengið, en mig undrar það ekki, þó að ríkisstj. sé ekki að tefja sig frá öðrum störfum með því að ganga á milli þingflokkanna, eftir að hún er búin að horfa á Alþ. reyna að koma sér saman við sjálft sig um skipun annarrar n., nefnilega ríkisstj. sjálfrar, enda álít ég nauð-synlegt, að stj. tryggi sér, að hún geti starfað með þessu framkvæmdaráði. Mér skilst, að ríkis-stj. hafi leitað hins eðlilega samstarfs við Alþ., nefnilega að koma fram með frv. Ef Alþ. samþ. það, hefur það náðst, sem hv. þm. S.-Þ. var að tala um. Alþ. sýnir stj. mikið traust með því að samþ., að hún skuli sjálf skipa þetta ráð. Ég vil láta í ljós þá innilegu ósk, að ríkisstj. geti náð samstarfi við Alþ. í þessu máli, því að það er rétt hjá hv. þm. Str., að mikil átök eru fram-undan, sem engin ríkisstj. getur valdið, nema í samstarfi við Alþ. En það er ástæðulaust að vera með hótanir eins og hv. þm. S.-Þ. Ríkis-stj. er einmitt að óska eftir samstarfi við Alþ.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Ég skal ekki lengja umr., en vil aðeins taka fram frá eigin brjósti fáein atriði, og mæli ég þá ekki fyrir hönd ráðuneytisins. Það, sem fyrir mér vakir um nefndarskipunina og að ráðuneytið skipi hana, er, að í hana fáist menn, sem ráðuneytið getur treyst vegna þreks þeirra, réttvísi, kunn-áttu og óhlutdrægni. Það má ekki skilja orð min svo, að ég áliti ekki, að stjórnmálaflokk-arnir hafi sama sjónarmið um þessa menn, en ég þykist vita, að hver flokkur mundi velja mann, sem honum væri flokkslega háður, þannig að hætta yrði á, að flokks- eða stéttarsjónarmiða gætti um of og erfitt yrði að komast að niður-stöðu. Ég vil ekki neita því, að okkur ráðherr-unum getur missýnzt líka, en fram hjá þessum ásteitingarsteini mætti þó stýra. Ef við yrðum svo óheppnir að velja vonda menn, höfum við líka rétt til að skipta, en ef þingflokkarnir kysu mennina, hygg ég, ef við reyndum að skipta, fær-um við út fyrir það vald, sem okkur væri gefið.

Það er líka annað, sem vakir fyrir mér. Það er vitanlegt, að um margar n., sem þingflokkarnir hafa skipað, hefur staðið mikill styr í blöðum landsins. Sumar þær ádeilur eru e. t. v. ekki á rökum byggðar, en það er svo, að hvert flokksblað finnur hjá sér köllun til að ráðast óvægilega á fulltrúa andstæðingaflokka í ýmsum n. Nefndarmenn hafa meira að segja hlaupið í að svara slíku, oft af litlu tilefni. En fyrir mér vakir að fá fullkominn vinnufrið um n., að enginn fyndi köllun til að ráðast á hana, af því að hún væri skipuð pólitískum andstæðingum. Hins vegar vil ég ekki mæla n. undan réttmætri gagnrýni, heldur vil ég, að hún sé í friði fyrir persónulegum árásum að tilefnislausu.

Það þarf ekki að taka það fram, að þetta er framkvæmdarráðstöfun, sem heyrir undir framkvæmdarvaldið, þó að sá háttur hafi verið á nú um nokkurt skeið, að þingflokkarnir hafi tekið meiri þátt í administratíóninni en nokkurn tíma var til ætlazt. En það er auðvitað, eins og hv. þm. S.-Þ. minntist á, ef þ. trúir ekki stj. fyrir að fara með þetta mannakjör, ætti stj. að mælast til þess við Alþ., að það skipi aðra stj. Ráðuneytinu leikur ekki hugur á að sitja í óþökk meiri hl. Alþ. Alþ. og stjórnmálaflokkarnir mega ekki halda, að það sé tilætlun ráðuneytisins að reita flokkana til reiði. Við álítum, að þetta sé rétt aðferð, og við verðum ekki ásakaðir, þó að við höldum fram því, sem við teljum réttast.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil í sambandi við ummæli hæstv. dómsmrh. beina því til hæstv. fjmrh., hvort ekki sé ætlunin að skipa menn í ráðið til ákveðins tíma. **(Fjmrh. (BÓ)** kvað já við því).

Brynjólfur Bjarnason: Ráðh., sem talað hafa, og alþm. sömuleiðis, hafa talað eins og um væri að ræða, hvort ríkisstj. ein réði öllum mönnunum, eða Alþ. eitt öllum. En það, sem ég og hv. þm. Str. og hv. 3. landsk. höfum haldið fram, er, að orðið gætu samráð milli Alþ. og ríkisstj. Ef ríkisstj. vill ekki hafa samkomulag við þ. um skipun ráðsins, hvað á þá Alþ. til bragðs að taka? Ég sé ekki annað ráð en að Alþ. breyti l. svo, að Alþ. hafi þetta vald, en ekki ríkisstj. Þá gæti Alþ. haft samráð við ríkisstj. engu að síður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (StgrA): Þar sem nál. er enn eigi komið, verður að taka þetta mál út af dagskrá nú. Ég geri ráð fyrir, að n. skili áliti mjög fljótlega, og verður þá þetta mál tekið til umr. svo fljótt sem unnt er.

Bjarni Benediktsson: Ég vil eingöngu spyrja hæstv. forseta, hvort áríðandi sé að hafa þann fund í dag, ég geri ráð fyrir með mig og fleiri, að óþægilegt sé að vera hér yfir engu, en ég vil gjarnan vera hér viðstaddur, þegar svona merkilegt mál verður til 2. umr., en veit ekki, hvaða nauðsyn er að binda okkur hér, ef svo yrði ekki unnt að halda þennan fund í dag. Ég vil því spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að halda þennan fund á morgun eða þá eftir kvöldmat í kvöld.

Forseti (StgrA): Ég treysti mér ekki til að ákveða næsta fundartíma, þar sem enn er óráðið, hvenær n. skilar áliti. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., 16. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 192, n. 214, 213).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Eins og nál. ber með sér, hefur að mestu leyti orðið samkomulag í n. En afstaða n. er þannig, að einstakir nm. áskilja sér rétt til að koma með brtt. síðar, ef þeim þykir við þurfa. Brtt. n. er á þskj. 214, og geta þm. þar séð efni hennar. Till. skýrir sig sjálf, en samt vil ég segja hér nokkur orð. Það er að áliti n. óheppilegt, að sérstakar stéttir eigi fulltrúa í Viðskiptaráði, ekki aðeins almennt skoðað fyrir störf ráðsins, heldur veikir það einnig tiltrú ýmissa aðila á starfi ráðsins. Ég vil því leggja mikla áherzlu á, að allshn. ráði tölu manna í ráðinu. Á þessum forsendum er till. borin fram, og ég get að öðru leyti vísað til þess sem ég sagði áðan. Þess skal getið, að fjmrh. kom á fund n. og ræddi við hana og hann mun ekki eftir atvikum hafa á móti till.

Á þskj. er brtt. frá þm. Barð. Samkomulag varð um, að n. tæki ekki till. upp, og n. vill hafa óbundnar hendur. Ég vil geta þess, að sú skoðun kom fram í n., að heppilegast væri, að skyldan til að afhenda gjaldeyri væri alveg tæmandi og engin undanþága veitt. Mundi það verða auðveldara í framkvæmd. Ef byrjað er á að slaka til í einu atriði, er hætt við að fleira fari á eftir og l. nái ekki tilgangi sínum.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Út af till. á þskj. 214 sem hér liggur fyrir, vil ég aðeins segja það, að ríkisstj. eða ég fyrir hennar hönd gaf það svar við þessum málaleitunum n., að hún teldi brtt. óþarfa og skerða að talsverðu leyti það olnbogarúm, sem stjórnin annars hefði til að velja menn í ráðið. En að hún samt sem áður ekki teldi, að brtt. skipti nokkru máli, þannig að hún vildi gera út af henni ágreining. Hins vegar vill stjórnin lýsa yfir því í þessu sambandi, að hún tekur hæfa og æskilega starfskrafta í ráðið, hvar sem hún finnur þá, þó að þeir, sem til starfsins eru kvaddir, hafi áður en þeir tóku sæti í Viðskiptaráði verið starfsmenn hjá þeim aðilum, sem um getur í till.

Gísli Jónsson: Í sambandi við till. mína á þskj. 213 vil ég leggja mjög mikla áherzlu á, að d. athugi þetta vel, þegar gengið er til atkvgr. um þetta mál. Við höfum sorglega reynslu af því

frá fyrri tíma, að þær vátryggingaupphæðir, sem fengust í erlendum gjaldeyri fyrir skip, sem töpuðust, voru teknar til annars en að halda við flotanum. Tilgangur till. er sá að fyrirbyggja, að þetta geti komið fyrir. Það er tvímælalaust ekki aðeins réttlátt, heldur viturlegt að setja undir allan þann leka, að ekki sé hægt samkvæmt lagafyrirmælum að ganga á útveginn íslenzka. En það eru fyrst og fremst framleiðslutæki útvegsins, sem langmest skapa gjaldeyrinn annars vegar og langmest veita atvinnu hins vegar. Þetta er engan veginn til þess að rýra vald Viðskiptaráðs. Þetta væri viðurkenning Alþ. á því, að því bæri að setja um þetta atriði sérstök lagaákvæði, vegna þeirrar nauðsynjar, að flotinn fái a. m. k. að standa í stað og helzt að aukast. Þegar skattfrelsi var veitt fyrir það fé, sem sett var í nýbyggingarsjóð, var ákveðið takmark sjóðsins eingöngu endurbygging flotans. Alveg sjálfsögð afleiðing af þeirri ráðstöfun er, að því fé sé haldið innan slíkra takmarka og ekki sé leyfilegt að taka það fé til nokkurs annars. Í útlöndum er a. m. k. andvirði tveggja stærstu togara Íslands, sem við höfum misst, og hefur ekki enn þá verið flutt heim. Ég hygg, ef þessi brtt. verður felld, þá séu engar hömlur á því, að fé verði yfirflutt og notað til alls annars. Annað mál er, að það er að vísu hægt að tryggja þetta með reglugerð. En ef það er meiningin, að nota þetta til flotans aftur, þá má alveg eins setja þetta strax í l., því að reglugerð er að sjálfsögðu hægt að breyta, ef breytt er um menn í stj. og Viðskiptaráði. Ég hygg því, ef þessi till. mót von minni verður felld, þá sé nauðsynlegt að setja l. á þessu þ. til að tryggja þetta fé, og tel ég það ekki heppilegri úrlausn en að koma sér saman nú um að bæta þessu við 4. grein. Það verður ekki annað hægt en að láta undan þeim kröfum sumpart sjómanna og sumpart annarra stétta um að viðhalda flotanum, eftir því sem hægt er, og taka ekki fé frá þeim atvinnuvegi til að setja, hvort heldur sem er í verzlun eða húsabyggingar eða eitthvað annað, sem þáverandi stjórn og Viðskiptaráði kann að þykja heppilegt á hverjum tíma.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er samþykkur brtt. á þskj. 214, svo langt sem hún nær. Hins vegar leysir hún þó á engan hátt ágreininginn viðvíkjandi skipun milliþn. mill ríkisstj. og allmikils hluta þm. Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til n., hvort hún hafi kannað til hlítar möguleika á því að ná samkomulagi við ríkisstj. um þetta mál.

Ég hef leyft mér að leggja fram skrifl. brtt., shlj. þeirri, sem borin var fram í Nd. af 2. þm. Reykv. Eins og ég sagði við 1. umr., þá ber ég ekki þessa till. fram fyrr en fullreynt er, að ekki verði samkomulag milli ríkisstj. og þ. Og ef yfirlýsing kæmi frá stj., sem sýndi, að samkomulag væri mögulegt, mundi ég undir eins taka till. aftur.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. 5. þm. Reykv.: [Sjá þskj. 220.]
Till. er skrifl. og oft seint fram borin. Verður því leitað afbrigða um það, hvort hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta var út af orðum hv. 5. þm. Reykv. um það, hvort afstaða ríkisstj. væri breytt viðvíkjandi því að hafa samráð við flokkana um skipun í ráðið. Málið liggur ekki formlega fyrir, en n. er kunnugt um nokkra breyt. á afstöðu ríkisstj. í þessu efni, og einmitt að nokkru leyti þess vegna er þessi till. komin fram.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal strax lýsa yfir því, í sambandi við ræður tveggja hv. síðustu þm., að afstaða ríkisstj. í þessu máli er óbreytt.

Út af brtt. á þskj. 213, í sambandi við nýbyggingarsjóð og vátryggingarfé, sem greitt er fyrir skip, skal ég segja fyrir mitt leyti, að ég tel ákaflega sanngjarnt, að settar séu skorður fyrir því, að þessi gjaldeyrir verði gerður að eyðslufé, ef svo mætti segja, sem annar gjaldeyrir, sem bankarnir hafa undir höndum. Þess vegna þætti mér eðlilegast, að bankarnir hefðu þau fyrirmæli í sambandi við þennan sjóð, fyrst og fremst, að hann væri í þeirra vörzlu og í öðru lagi, að fé þessu mætti ekki verja til annars en þess, sem það er ætlað til. Ég hef ekki hugsað mér að koma með neinar till. í þessa átt, en vildi láta álit mitt í ljós, að á hvaða hátt, sem trygging yrði sett, hvort sem það yrði með smávegis breytingu við þessi l. eða í sambandi við reglugerð, sem ég tel, að nái fullkomlega þessu takmarki, þannig að bönkunum verði gefin fyrirmæli um það, að nýbyggingasjóður, sem síðar verði borgaður í erlendri mynt og vátryggingarfé skipa, verði haldið á sérstökum reikningi og ekki litið á sem eyðslueyri, sem bankarnir geti haft til fullra umráða.

Gísli Jónsson: Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um þetta atriði, að till. felur fullkomlega í sér tryggingu í þessu efni, því að í henni stendur: „Enda sé sett full trygging fyrir því, að féð sé notað eingöngu til byggingar nýrra skipa fyrir þjóðina.“ Það má alveg eins liggja í bönkunum, ef trygging er fyrir því, að það verði ekki notað til annarra íslenzkra atvinnuvega. Hitt væri að ganga hart að eigendum fjárins, ef þeir ættu að skila því nú, og verða svo að kaupa það aftur af bönkunum fyrir allt annað gengi, þegar þyrfti á því að halda. Er það nægileg þyrði á mönnum, að verða að láta féð liggja vaxtalaust eða vaxtalitið í erlendum bönkum, eins og nú er.

Ég sé ekki neinn eðlismun milli okkar skoðana um þetta mál og því væri eðlilegast að setja ákvæðið inn í l. Ég vænti því, að þm. geti fallizt á brtt. og óska, að hún verði afgr. með nafnakalli.

Hermann Jónasson: Það er út af brtt. á þskj. 213. Í sjálfu sér álít ég rétt, að ekki verði færð frambærileg rök fyrir því, að ekki sé eðlilegt

að flytja þetta fé heim, ef nægilega vel er um hnútana búið, þannig að því verði eingöngu varið í því skyni, sem í till. segir.

Annað atriði vil ég sérstaklega benda á í sambandi við þessa brtt. Þegar l. voru sett, sem ákváðu, að fjármunir væru lagðir til hliðar til nýbyggingarsjóða, þá voru gefnar þær skýringar á því atriði af þeim hæstv. viðskmrh., sem þá var við völd, hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), að í raun og veru væri þetta fé sameign ríkissjóðs og þeirra, sem þetta fé væri tekið frá til að leggja það til hliðar. Og það hafa átt sér stað nokkur skrif um þetta atriði. Og m. a. hefur fyrrverandi hæstv. forsrh., hv. þm. G.-K. (ÓTh), tekið upp þessi ummæli fyrrverandi viðskmrh., þar sem hann virðist fallast á þessa skoðun hans, og hefur sett það fram sem skýringu á því, hvað löggjöfin hafi í raun og veru gengið langt í skattamálum, að unnt væri að taka a. m. k. helming af tekjum þessara sjóða, ef ekki meira, til eignar í ríkissjóðinn. Og það er ekki langt síðan komið hefur fram til viðbótar þessu skýring frá einmitt núverandi hæstv. dómsmrh., skýring, sem hlýtur að vekja mjög mikla athygli vegna þess að hér er um mjög merkan lögfræðing að ræða. En af þessum ástæðum og þeim skýringum, sem fram hafa komið viðvíkjandi þessu geymda fé — og án þess að ég fari nánar inn á þau atriði — þá tel ég vafasama aðferð, að með brtt. sé verið að blanda saman við annað að einhverju leyti fjármunum, sem mér þykir líklegt, að útgerðarmenn vilji líta á öðrum augum, og líta þannig á, að þeir hafi meiri réttindi til heldur en þessara, sem lagðir hafa verið í nýbyggingarsjóðina, ef skýringar, sem fram hafa komið viðvíkjandi þeim, eru réttar. En ég hygg, að ég muni það rétt, að vátryggingarféð og það fé, sem nú er bundið erlendis, komi ekki undir ákvæði um nýbyggingarfé, og þess vegna ekki undir þau ákvæði, sem skýrð hafa verið með þessum hætti, sem ég hef nú greint. Ég álít, ef nýbyggingarfé er háð þessum reglum, þá sé vafasamt að taka fjármuni sem þessa, vátryggingarfé, eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 213, og blanda því að einhverju leyti saman við fjármuni, sem nú er litið á, að séu sameign ríkis og útgerðarmanna, ef þá ekki fremur eign ríkissjóðs, samkvæmt þeim skýringum, sem fram hafa komið um það atriði.

Gísli Jónsson: Í tilefni af ræðu hv. þm. Str. (HermJ) vil ég taka fram, að ég held, að þessar umr. um sameiginlega eign ríkisins og útgerðarmanna á nýbyggingarsjóðunum stafi frá því, að það er í ákvæðum viðkomandi l., að það megi nota nýbyggingarsjóðina m. a. til þess að greiða skatta með og það hafi vakað fyrir hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), að þegar illa gengi fyrir útgerðinni, svo að hún gæti ekki sjálf staðið undir sköttum með öðru móti, þá sé þar varasjóður fyrir ríkissjóð að grípa til, til þess að hann þurfi ekki að tapa sínum tekjum. En það breytir ekki því, að þetta fé falli undir það að flytja það ekki heim. Því að það ætti að vera „interessa“ hjá ríkissjóði fyrir því, að það fé verði notað til þess að halda við flotanum. Og hér er farið fram á, að þetta fé verði ekki notað sem eyðslueyrir, heldur til þess að byggja aftur upp flotann. Og við hv. þm. Str. getum verið sammála um það, að þetta fé er lagt til hliðar og dregið út úr rekstri útgerðarmanna og ekki greiddur skattur af því, vegna þess að allir aðilar, sem um það mál fjölluðu, voru sammála um það, að nauðsyn væri á að fyrirbyggja, að flotinn minnkaði, það er aðalatriðið í málinu. Nýbyggingarfénu þarf ekki á nokkurn hátt að blanda saman við fé ríkissjóðs, þó að þessi brtt. verði samþ. Og aths. hv. þm. Str. hafa ekki við rök að styðjast í því tilliti, að það þurfi að valda nokkrum erfiðleikum, þó að þessi brtt. sé samþ. eins og hún liggur fyrir. Hitt er annað atriði, að það er nauðsynlegt að mynda sérstaka löggjöf utan um þessi nýbyggingamál og nýbyggingasjóði, og verður þá að fara inn á þá braut, ef brtt. þessi verður felld.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Út af umr. um brtt. á þskj. 213 vildi ég bara segja það, að ég er í raun og veru alveg sammála því, sem mér virðist vaka fyrir hv. flm. brtt. að því er snertir fé nýbyggingarsjóðsmanna, og þar með líka viðvíkjandi því vátryggingarfé, sem um ræðir. En það hefur verið sýnt fram á það — að mínum dómi prýðilega — að sérstök ástæða sé til að setja sérstaka löggjöf um stj. og fyrirkomulag nýbyggingarsjóðanna til þess að tryggja, að þeir komi að því haldi, sem til er ætlazt. Og ákvæði það, sem er um þetta í brtt. á þskj. 213, ætti miklu betur heima í slíkri löggjöf heldur en í l. þeim, sem hér er frv. um. Auk þess virðist mér brtt. ekki falla vel við 4. gr. frv. Í 4. gr. frv. segir, að nánari fyrirmæli skuli sett í reglugerð um þau atriði, sem í frv. eru talin. Mætti þá e. t. v. skilja það svo, að þetta fé, sem um ræðir í brtt., væri þá undanþegið þeim ákvæðum, að um vörzlu þess og afhendingu mætti setja ákvæði með reglugerð, sem þó mun ekki tilætlun hv. flm. Þetta er kannske misskilningur hjá mér, en mér virðist brtt. ekki falla alveg aftan við þessa gr. Ég fyrir mitt leyti held því, — þó að ég viðurkenni þá hugsun, sem í brtt. felst — að það sé hægt að tryggja það, að þetta fé verði ekki notað til annars heldur en nýbyggingar skipa, þó að brtt. þessi verði ekki samþ. Og vildi ég þá beina því til hv. flm. brtt. og annarra hv. þm., hvort ekki væri rétt að setja sérstaka löggjöf um nýbyggingarsjóðina. Þeirri aðferð fylgdi þá einnig sá kostur, sem ég tel skipta nokkru máli, að afhendingarskyldan á gjaldeyrinum væri þá alveg undantekningarlaus. Og það hygg ég, að mundi gera þessi l. mun léttari í framkvæmd. Undanþágur og smugur í eldri lögum um þetta mál hafa orðið til erfiðleika í framkvæmd þeirra l.

Magnús Jónsson: Ég vildi aðeins í tilefni af ummælum hv. þm. Str. (HermJ) um brtt. á þskj. 213 lýsa því sem minni skoðun, að ég veit ekki til, að neitt sé, sem gefur tilefni til þess að telja nýbyggingarsjóði á neinn hátt sameign ríkissjóðs og útgerðarmanna þeirra, sem leggja í nýbyggingarsjóði. Það er alveg tvímælalaust og skýrt fram tekið, að nýbyggingarsjóðirnir eru eign þeirra, sem í þá sjóði legga. Og hvað sem lög-

gjafarvaldið kann að gera síðar, þá er það ekki eftir núgildandi l., svo að ég viti til, nein ástæða til að ætla, að það, sem byggt er fyrir nýbyggingarsjóðina, svo sem togarar, eigi að vera sameign ríkisins og þess félags, sem nýbyggingarsjóðurinn á í hverju tilfelli. Ég veit, að fyrrverandi hæstv. viðskmrh. (EystJ) og fyrrverandi hæstv. forsrh. (ÓTh) hafa hvorugur átt við þetta, sem mér skildist hv. þm. Str. vildi nú leggja inn í þeirra ummæli, þegar þeir voru að tala um, að það mætti segja, að í raun og veru væri það, sem lagt væri í nýbyggingarsjóði, tekið þar með í alþjóðar þágu. En það kom ekkert við eignarrétti þeirra yfir fénu, sem í sjóðina legðu, heldur væri það þannig tekið í þágu ríkissjóðs, að annars, ef ekki væri lagt í þessa sjóði, þyrfti ríkissjóður að hlaupa undir bagga í atvinnuleysi til þess að bæta úr því. Vitaskuld eru nýbyggingasjóðir algerlega einkaeign þeirra félaga, sem mynda þessa nýbyggingasjóði, þó að þeir séu myndaðir, samt sem áður í alþjóðar þágu og geti orðið í ríkissjóðs þágu þannig lagað, að öflug útgerð, sem tryggð er með nýbyggingasjóðum, geti komið í veg fyrir að ríkissjóður þurfi að hlaupa undir bagga með atvinnu. Ég man heldur ekki til þess, að fé úr nýbyggingasjóðum megi taka í skatta. En það felst ekki í því, þó að í svip verði að taka fé úr varasjóði til að greiða skatta.

Ég er í „prinsipinu“ meðmæltur þessari brtt. En ég er ekki viss um, að hún nái tilgangi sínum eins og hún er. Það er ólíkt háttað um þetta tvennt, sem hún er um, vátryggingarféð og fé nýbyggingasjóða. Vátryggingafféð er greitt út þannig, að það er skýrt fram tekið, hvað það sé, að það er vátryggingarfé, strax og viðtakandi tekur við því. En ég veit ekki til, að í nýbyggingasjóð komi neitt fé, sem standi einhver skilríki fyrir, þegar það kemur inn, að það sé nýbyggingasjóðsfé, og verður því ekki fyrr en eftir á, að þessi ákvæði gætu komið til nota um þetta fé.

Og ég get enn fremur ekki verið viss um, hvað með þessu vinnst af því, sem fyrir hv. flm. brtt. vakir, þó að brtt. yrði samþ., því að mér skilst, að afhendingarskyldan sé eftir sem áður, því að hún felst í 3. gr. Og 4. gr. frv. er í raun og veru ekki nema um vissa ráðstöfun viðkomandi því, sem í 3. gr. segir, og er um það, að setja megi reglugerð til þess að tryggja, að ákvæðum, sem eru í 3. gr. um afhending gjaldeyrisins til bankanna, sé bylgt. Ég er ekki viss um, að þetta fé, sem getið er í brtt., sleppi við afhendingarskylduna, þó að brtt. væri samþ. En mér finnst, að það sé þó megintilgangurinn með brtt. að undanþiggja þetta fé þeirri afhendingu. Það er vissulega óeðlilegt, að maður sé skyldaður til að afhenda fé, sem hann hefur fullan eignarrétt á, þannig að hann verði að selja það banka og kaupa það svo aftur af bankanum síðar. Ég veit nátturlega ekki, ef á að setja ákvæði um þetta í reglugerð, hvort það sakaði að setja um þetta ákvæði í l. eins og áminningu um, hvað gera skyldi.

Brtt. hv. fjhn. finnst mér næstum brosleg, þessi streita, að geta ómögulega látið af því, sem einu sinni er byrjað á, og kemur fram í því formi, að mér skilst, að ríkisstj. sé alveg ómögulegt að framkvæma þetta, sem brtt. er um. Ég get hugsað mér, að í Þaralátursfirði, Kvískerjum og Grímsey mætti kannske finna einhverja menn, sem ekki væri hægt að segja um, að væru að einhverju leyti háðir á þann hátt, sem ekki mætti vera eftir þessari brtt., því að það má ekki skipa (eftir brtt.) í Viðskiptaráðið fulltrúa sérstakra stétta eða félaga né heldur menn, sem eiga beinna hagsmuna að gæta í sambandi við störf ráðsins eða eru í þjónustu aðila, sem svo er ástatt um. Nei, það dygði ekki. — Bóndinn í Furufirði yrði sjálfsagt fulltrúi bænda. — Hæstv. fjmrh. sagði, að stj. mundi skipa í ráðið beztu menn, sem hún finndi til þess, og það vil ég láta fylgja þessu frv., að hæstv. ríkisstj. bara gerði það. Og mér er sama um það, hvort samkomulag er um þessa brtt. milli ríkisstj. og n. eða ekki, ég greiði atkv. á móti þessari brtt., af því að ég álít, að hún sé brosleg, en ég skal ekki fara frekar út í það, því að ástæðu fyrir því hef ég greint við 1. umr. málsins.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Það virðist svo, að þeir hv. þm., sem hér hafa talað um brtt. á þskj. 213, séu allir í raun og veru sammála um það, að sanngjarnt sé, að séð sé fyrir því, sem þar greinir, á þann hátt, sem um hefur verið rætt, og að hv. flm. brtt. mundi sætta sig við það, að ég skýrði frá því, að ég væri reiðubúinn til að taka þetta atriði í sambandi við reglugerð, sem sett verður um þetta. Mér sýnist, að aðalatriðið, sem fyrir hv. flm. vakir, sé að tryggja það, að þetta fé verði ekki gert að eyðslueyri. Það er þannig nú, að það er fé í vörzlum bankanna, sem er kallað bundin pund, þannig að viðkomandi menn eiga pundin, en bankarnir geyma þau. Og ég get hugsað mér, að það væri hægt að hafa svipaða aðferð um þetta fé, þannig að pundin væru í vörzlum bankanna án þess að bankarnir keyptu pundin, svo að eigendur þeirra þyrftu ekki að verða fyrir sérstöku tapi við að selja bönkunum pundin og kaupa þau aftur. Ég hygg, að þessu máli megi koma fyrir á einfaldan og fullnægjandi hátt með þessu fyrir þá menn, sem hlut eiga að máli.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um þetta atriði, að þetta verði tryggt á þennan hátt með reglugerð, og með tilliti til þess, að það að samþ. brtt. mína mundi e. t. v. tefja málið, þá get ég fallizt á að draga brtt. mína til baka, eftir að þessi yfirlýsing hefur komið fram.

ATKVGR.
Brtt. 220 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 214 samþ. með 13:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13:3 atkv.
Brtt. 213 tekin aftur.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 221).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 221).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Á þessu frv. hefur verið gerð ein breyting í hv. Ed., og er hún um skilyrði fyrir skipun manna í Viðskiptaráð. Ég hef náð til nokkurra fjhnmanna, að minnsta kosti meiri hl. n., og leggja þeir til, að frv. verði samþ. óbreytt, að öðru leyti en þessu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 224).

---

4. Bráðabirgðafjárgreiðslur í febrúar 1943.

Á 44. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur í febrúar 1943 (stjfrv., A. 285).

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Í forföllum vegna sjúkleika fjmrh. fylgi ég þessu máli hér inn í hv. þd.
Frv. þetta, eins og það liggur hér fyrir á þskj. 285, er samhljóða l. frá 29. des 1942 um bráðabirgðafjárgreiðslur, að undanteknu því, að tímatakmarkið er nú fært fram.
Eins og hv. þd. er kunnugt, þá er þess ekki að vænta, að fjárl. verði afgreidd frá þinginu fyrir lok þessa mánaðar. Það var því nauðsyn á að bera fram frv. um framlengingu þeirrar sömu heimildar, sem fólst í l. frá 29. des. 1942. og er það gert með því frv., sem hér liggur fyrir. Tímatakmarkið er sett til 15. febrúar, því að fyrir þann dag verður þessu Alþ. lokið, og fjárlagafrv. verður þá búið að samþ. frá þinginu og staðfesta það.
Með því að í dag er 28. janúar, fimmtudagur, þá þarf þetta frv. að komast fyrir helgina gegnum þingið, og því mælist ég til þess, að hv. þd. vilji afgreiða málið frá sér til fullnaðar nú, svo að það gæti komið fyrir hv. Ed. á morgun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., 29 jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Í forföllum hæstv. fjmrh. vil ég fylgja þessu frv. með nokkrum orðum inn í d.
Eins og hv. d. er kunnugt, falla l. frá 29. des. f. á. um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar niður um næstu mánaðamót, og með því að nauðsyn ber til að framlengja innihald þeirra l. fram til miðs febr., er þetta frv. fram borið, þar sem sýnt er, að fjárlög verða eigi afgr. fyrr en í þeim mánuði, og er þörf á, að frv. gæti fengið fullnaðarafgreiðslu frá d. nú í dag, og er ósk mín, að það verði gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 307).

5. Verðlag.

Á 38. fundi í Nd., 20. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um. verðlag (stjfrv., A. 243).

Á 39. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um verðlag, er að því leyti frábrugðið þeim l., sem gerð hafa verið um þessi mál, að það er miklum mun víðtækara og tekur til flestra gagna og gæða, sem almenning varða, að undanteknum þeim vörum, sem verðlagðar eru samkv. sérstökum l. Skal ég sérstaklega benda á, að hér er tekið upp, að það megi ákveða greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málingu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Framkvæmdinni er einnig mikið breytt, þar sem hér er gert ráð fyrir, að einn maður hafi þessar framkvæmdir aðallega á hendi undir yfirstjóru viðskiptaráðs. Þessi aðili er í frv. nefndur verðlagsstjóri. Ætti þessi tilhögun að tryggja róttækari og einbeittari framkvæmd þessara l. en hingað til hefur verið.

Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir því, að verðlagsstjóri og annar maður, sem ríkisstj. skipar, taki sæti í viðskiptaráði, þegar fjallað er um verðlagsmál, og að tveir menn, eftir ákvörðun ríkisstj., sem í ráðinu eru, víki þá úr sæti, þegar slík mál eru rædd. Telur ríkisstj. heppilegast, að þeir menn, sem um verðlagsmálin fjalla aðallega, fái á þennan hátt atkvæðisrétt um slíkar ákvarðanir.

Það er, eins og áður hefur verið tekið fram hér í þessari hv. d., allt undir því komið, hvernig framkvæmdin verður í þessum málum, hversu góður árangur verður vegna þessarar lagasetningar. Ég get fullvissað hv. þd. um það, að ríkisstj. mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að þessi lagasetning megi ná tilgangi sínum, sem er að tryggja almenningi í landinu heilbrigt verð á öllum vörum og koma í veg fyrir óheilbrigða álagningu, hvort sem er á vörur eða vinnu eða hvar, sem slíkt kemur fram.

Ég tel óþarft að fjölyrða meira um þetta. En ríkisstj. væntir þess, að hv. þd. sjái sér fært að afgreiða þetta frv. fljótlega, sem hér liggur fyrir, til þess að þessar framkvæmdir, sem nú er stefnt að, geti sem fyrst komizt í það form, sem þeim er ætlað að vera í.

Ég geng út frá því, að frv. verði vísað til n.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Það er vafalaust alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það er allt komið undir framkvæmd þessa frv., ef að l. verður, hvaða gagn af því leiðir. Í raun og veru er í frv. ekki lagt til, að gerðar séu neinar stórar breyt. á því, sem áður hefur gilt í löggjöfinni. Við höfum nú um árabil haft löggjöf um verðlagseftirlit, sem fyrst var í höndum verðlagsn., sem skipuð var eftir ákvæðum löggjafar um það atriði á sínum tíma. Því næst komust verðlagsákvarðanirnar í hendur svo nefndrar dómnefndar. Og loks er lagt til með þessu frv., enda ákveðið áður með l., sem afgr. hafa verið á hæstv. Alþ., að ákvörðun verðlags skuli vera í höndum viðskiptaráðs. Að sjálfsögðu skiptir engu máli, hvort sú stofnun, sem fer með þessi mál í heild, heitir Verðlagsnefnd, Dómnefnd eða Viðskiptaráð. Það er ekkert aðalatriði, heldur hitt, hvað gert er af þeirri stofnun, sem fer með þessi mál á hverjum tíma. Í l. um verðlagseftirlit og síðar í l. um dómnefnd voru ákvæði um mjög víðtækt eftirlit með verðlagi í landinu, álíka víðtækt og í þessu frv., eða a. m. k. enginn reginmunur þar á. Verðlagsn. átti að hafa sinn skrifstofustjóra, sem var eins konar framkvæmdastjóri og hafði sömu eða svipaða stöðu og ætlazt er til, að verðlagsstjóri hafi nú. Eðlismunur á þeirri löggjöf, sem gilt hefur, og þeirri, sem á að setja nú, er því enginn, heldur stigmunur, aðallega formsmunur, sem ekki skiptir neinu verulegu máli. Því að það var eftir eldri l. hægt að láta skrifstofustjóra verðlagsn. og dómn. hafa með höndum það, sem verðlagsstjóra er ætlað eftir þessu frv., því að honum er ætlað að gera aðeins till. til viðskiptaráðs um verðlagsákvæði og hafa á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Og loks á hann að vera einn af þeim mönnum, sem greiða atkv. um verðlagsmál í viðskiptaráði.

Það er þess vegna mála sannast, að allt er undir framkvæmdinni komið, hvernig þetta fyrirkomulag reynist. Hér er því sérstaklega um smá-formsbreyt. að ræða, sem ætlazt er til, að gerð verði. Þessi formsbreyt. er sjálfsagt ekki óeðlileg, — gerir líklega hvorki til né frá —, og ekki rétt að amast við henni. Og ef hún gæti orðið til styrktar málinu, er sjálfsagt að koma henni á. En hvort hún verður það, er eins og ég sagði áðan undir framkvæmdinni komið. Ég lýsti yfir, þegar núv. hæstv. ríkisstj. hefur flutt annað frv. áður á hæstv. Alþ., sem snertir svipað atriði, — ráðstafanir gegn dýrtíðinni —, að árangur þeirrar löggjafar væri undir framkvæmdinni kominn, hvernig hún tækist. Og svo er enn. Það er ákaflega mikið undir því komið einmitt, hvernig tekst val á þeim manni, sem á að hafa með höndum framkvæmdir verðlagseftirlitsins, verðlagsstjóra, og þeim manni einnig, sem á að vera honum til aðstoðar og greiða atkvæði ásamt honum í viðskiptaráði.

Nú skal því ekki leynt, að eins og lögð var mikil áherzla á það, að mikið væri undir því komið, hvernig tækist um skipun viðskiptaráðs, þá munu ærið margir hafa búizt við, að sú skipun yrði á aðra lund en raun varð á, yrði til þess að vekja meira traust almennings á því, að eitthvað skynsamlegt og fast og röggsamlegt ætti að gera í þessu máli. Ég hygg, að menn hafi orðið fyrir vonbrigðum nú, þegar á fyrsta stigi þeirrar ráðstöfunar. En það er ekki ástæða til að örvænta,

heldur bíða átekta, þó að trú manna kunni eitthvað að hafa minnkað, vegna þess að mönnum finnst val hæstv. ríkisstj. á mönnum í viðskiptaráð ekki hafa tekizt eins vel og við hefði mátt búast af jafngóðum og gegnum mönnum, sem ríkisstj. skipa. En ég vil segja fyrir mitt leyti, að þó að bæði ég og margir fleiri hafi orðið fyrir vonbrigðum í því efni, þá er ekki ástæða til annars en að bíða og sjá, hvernig framkvæmdir takast í höndum þessara manna, sem eiga að fara með verðlagsmálin undir stjórn hæstv. ríkisstj. En mörgum mun finnast, að í skipun viðskiptaráðsins hafi verið höggvið nærri a. m. k. þeim anda, ef ekki beinum ákvæðum þeirra l., sem nú eru nýafgr. frá hæstv. Alþ. En það fer aldrei vel, að svo sé gert. Og það er sízt til þess að auka samvinnu milli ríkisstj. og Alþ., ef Alþ. virðist, að það sé ekki tekið fullt mark á gerðum þess og l. ekki fylgt í framkvæmdinni. Ég á þar við, því að það er öllum ljóst, að það virðist svo sem tvenn heildarsamtök hér í landinu hafi verið látin ráða eða a. m. k. tekið það tillit til þeirra, að úr hópi þeirra hafi verið valdir tveir menn í viðskiptaráðið, og þarf ekki að nafngreina þá. En það var þetta, sem Alþ. ætlaðist til, að ríkisstj. tæki í ráðið menn, sem væru engum háðir, þ. e. ekki bundnir við hagsmunamál sérstakra fyrirtækja, félaga eða atvinnurekenda í landinu. Þetta hafa mönnum orðið vonbrigði. En ég endurtek enn, að allt er komið undir framkvæmdinni, og má vera, að betur takist til en til er stofnað af hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Að vísu kann það að hafa vakið nokkurn ugg manna, að svo einkennilega vill til, að undan einum manni, sem valinn var í viðskiptaráð, hefur verið kvartað yfir því, að hann hafi brotið fyrirmæli settrar löggjafar til þess að halda niðri verðlagi í landinu. Ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. hafi verið ókunnugt um þetta. En það sýnir það, sem ég hygg, að almenningi er ljóst, að það hefur til þessa ekkert aukizt eftirlit í landinu með því, að verðlagsákvæðum væri fylgt, og það hefur verið skortur á því eftirliti undanfarið. Sá skortur er enn, en við skulum vona, að úr þeim skorti verði eitthvað bætt, þegar þetta frv. í þeirri mynd, sem það kynni að verða samþ. í sem l., kemur til framkvæmdar. En ég álít hollt fyrir hæstv. ríkisstj. að fá að heyra raddir hv. þm., sem kynnu að vera á þá lund, að þeim mislíkaði það, sem gert er, því að það kynni að vera hæstv. ríkisstj. nokkur leiðbeining í þeim efnum, að svo miklu leyti, sem hún vill taka tillit til vilja Alþ.

Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þetta. En ég sé enga ástæðu til annars en að samþ. þetta frv. Það kynni að þurfa að gera á því einhverjar breyt., sem ég sé ekki ástæðu til að fara inn á nú. En ég tel sjálfsagt, að hæstv. Alþ. gefi hæstv. ríkisstj. með löggjöf alla þá möguleika, sem hún óskar eftir, til þess að gera röggsamlegar og skynsamlegar framkvæmdir til ráðstafana gegn dýrtíðinni. Svo er það bæði Alþingis og manna, sem við opinber mál fást, og almennings í landinu að dæma um á sínum tíma, hversu vel ríkisstj. heppnast að nota heimildir Alþ. til þess að gera slíkar ráðstafanir, sem að gagni komi.

Þetta mál fer að sjálfsögðu til n., og þar verður það athugað nánar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Mig langar í sambandi við þetta frv. að gera nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ríkisstj., og þá fyrst og fremst til hæstv. viðskmrh., sem æskilegt væri að fá svarað, svo að n. gæti athugað þau svör, sem gætu fengist við þeim fyrirspurnum.

Það er tekið fram í 3. gr. frv., að þegar viðskiptaráð fjallar um verðlagsmál, þá skulu tveir um. jafnan víkja úr ráðinu samkv. ákvörðun ríkisstj. í skipunarbréfum þeirra, og í þeirra stað koma verðlagsstjóri og annar maður, er ríkisstj. skipar, með atkvæðisrétti um verðlagsákvarðanir. Mér þætti mjög vænt um að heyra frá hæstv. viðskmrh., hvaða ástæða er til þess að hafa þessa fyrri málsgr. 3. gr. í frv. og hvaða ástæða er fyrir því að hafa þessi ákvæði um það, að þessir tveir menn skuli víkja úr þessu viðskiptaráði. Samkv. l. um viðskiptaráð er það brennt sérstaklega tekið fram, að ekki skuli vera í því fulltrúar sérstakra stétta né heldur menn, sem eiga beinna hagsmuna að gæta í sambandi við störf ráðsins, eða í þriðja lagi eru í þjónustu aðila, sem svo er ástatt um. Hvaða hugsanlegir möguleikar eru til þess, að það ætti að setja í l. um verðlag, að tveir menn eigi að víkja úr viðskiptaráði í vissum tilfellum? Það væri mjög skemmtilegt að fá upplýsingar um það, hvaða ástæður eru fyrir því. Eftir þeim l. um gjaldeyrismeðferð, sem afgr. voru frá þinginu, þá var gengið út frá því, að í því ráði væru ekki þeir menn, sem hefðu neinna hagsmuna að gæta, svo að það var ekki nein sérstök ástæða eftir því til þess, að tveir menn færu að víkja úr þessu ráði. Nú hefur verið skipað í þetta ráð, og í sambandi við þá skipun er það svo einkennilegt, að hæstv. viðskmrh. upplýsir blaðamenn um það, að tveir vissir menn, sem í ráðið hafa verið skipaðir, sem sé Oddur Guðjónsson, sem alls ekki mun vera skrifstofustjóri Verzlunarráðs Íslands, og Jón Ívarsson, sem ekki mun vera kaupfélagsstjóri, þessir menn eigi að víkja úr viðskiptaráði, þegar Alþ. sé búið að semja l. um það. Hvernig stendur á því, að gert er ráð fyrir, að tveir menn skuli þannig víkja úr ráðinu, þegar í l. um gjaldeyrismeðferð er svo skýrt fram tekið, að í viðskiptaráði megi ekki vera menn, sem skoðazt geti fulltrúar aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, samkv. því, sem ég tók fram áðan?

Og í öðru lagi, hvernig stendur á því, eins og upplýst hefur verið, að hæstv. viðskmrh. hefur þegar útséð tvo menn, sem skuli víkja úr ráðinu, þegar l. um það verða samþ., sem ekki er búið að samþ., og þegar þessir tveir menn hafa hætt störfum, annar í Verzlunarráði Íslands og hinn við kaupfélagsstjórn, en mun vera riðinn við Samband íslenzkra samvinnufélaga? Hvaða samband er þarna á milli? Ég kasta þeirri fyrirspurn fram, hvort þær hugmyndir komi hér fram, og var spurt um þetta, þegar frv. um gjaldeyrismeðferð var til umr., að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga ættu að útnefna menn í þetta viðskiptaráð, þannig að ríkisstj. hefði kannske haft í hyggju að

taka við einhverjum meðmælum til útnefningar manna í viðskiptaráð. Ég vil fá upplýsingar um það í sambandi við þetta, hvort þessir tveir menn væru á vegum þessara stofnana, sem, eftir því sem hæstv. viðskmrh. hefur tjáð blöðunum, eiga að víkja úr sæti í viðskiptaráði eftir l., sem á að samþ., þó að þeir eftir l., sem búið er að samþ., eigi ekki að hafa neinna sérstakra hagsmuna að gæta fyrir sig eða aðra aðila. Það væri ástæða til að fá upplýsingar um þetta, því að annars væri ástæða til að ætla, að þessir tveir menn væru að einhverju leyti valdir eftir ábendingu vissra aðila. Ég vil vita, hvers vegna þessi 3. gr. er komin inn í frv., þ. e. a. s. fyrri hluti hennar, hvort það sé þannig, að í raun og veru sé verið að gera leik að því af hæstv. ríkisstj. að fara í kringum l., sem Alþ. nú nýlega hefur samþ. Hæstv. viðskmrh. sagði í framsöguræðu sinni viðvíkjandi þessu máli, eins og hann hefur sagt oftar í þinginu, að allt væri undir framkvæmdinni komið, hvert gagn yrði af þessum l., til þess að halda niðri dýrtíðinni. Það er að vísu mjög mikið rétt í því. En ég vil leggja áherzlu á það, að líklega væri nokkuð undir því komið, hvernig l. samkv. aðilar hafa rétt til þess að skipa í n., sem á að fara með þessi mál. Hitt er líka mikilsvert, hvernig framkvæmdin er. **Hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir þeim vilja sínum** í sambandi við l. um gjaldeyrismeðferð, að hún fái sem mestu ein að ráða um framkvæmd þessara mála. Og hæstv. Alþ. hefur orðið við þeirri ósk. Hæstv. ríkisstj. lét í ljós það álit sitt, að hún vildi ráða ein þeim mönnum, sem í viðskiptaráði væru, því að það væri nauðsynlegt til þess, að hún gæti látið þá menn fara, sem ekki sýndu sig að vera færa um að standa þar í sínu starfi.

Nú vildi ég í sambandi við þá skipun, sem átt hefur sér stað nú þegar í sambandi við viðskiptaráð, beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort henni hafi verið kunnugt um það, þegar hún skipaði menn í ráðið, að einn af mönnunum, sem í ráðið voru skipaðir, Jón Ívarsson, kaupfélagsstjóri á Hornafirði, liggur undir ákæru fyrir það að hafa hækkað verð á vöru algerlega ólöglega, eftir að l. frá 19. des. s. l. gengu í gildi, bæði hækkað verð á kolum og almennt á nauðsynjavörum. Mér þykir að vísu ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. hafi verið kunnugt um þetta. Hún hefði varla farið að skipa mann í ráðið, sem hún hefði vitað, að nýlega hefði verið búinn að gera sig sekan um brot á þeim l., sem ríkisstj. sjálf hafði fengið samþ. hér í hæstv. Alþ. En ef svo er, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki vitað þetta, þá vil ég spyrja: Hvar leitaði ríkisstj. sér upplýsinga um þennan mann um framkvæmd á verðlagsákvæðum l.? Leitaði hún sér þeirra upplýsinga hjá smáútvegsmönnum á Hornafirði, sem kaupa af honum ýmsar vörur, sem þar eru til sölu, og öðru fólki þar á staðnum, eða leitaði hún sér þeirra hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og stjórn þess sambands, sem þessi maður er í sambandi við? Leitaði hæstv. ríkisstj. þessara upplýsinga hjá bankaráði Landsbanka Íslands eða hjá stjórn S. Í. S. eða hjá þeim, sem kaupa vörurnar, sem kaupfélag það, sem hann hefur stjórnað, hefur selt? Það liggur fyrir dómstólunum, kannske í dag, að taka til athugunar lögbrot, sem þessi maður er sakaður um að hafa framið í sambandi við ákvæði l. um verðlagsmál. Og í viðtali, sem formaður verkalýðsfélagsins „Jökuls“ á Hornafirði hefur haft við Jón Ívarsson, hefur hann (JÍv) sagt, að það væri hans skoðun, að ríkissjóður greiddi mismuninn á verðinu, og þá verði þeim mönnum, sem kaupa dýru kolin, greiddur mismunurinn til baka. Er það með þessum hætti, sem þessi maður fer inn í viðskiptaráð? Þessi maður brýtur l., og í öðru lagi segir hann: „Það er rétt, að ríkissjóður borgi mismuninn þarna á.“ Og ef ríkisstj. hefur verið ókunnugt um þetta, sem ég tel líklegt, hefur hún vanrækt að leita upplýsinga um framkvæmd þessa manns á verðlagsákvæðum gildandi l. Hvað hefur nú hæstv. ríkisstj. hugsað sér í sambandi við það, sem hún hefur sagt, að hún vildi hafa rétt til að velja menn í þetta ráð til þess að geta látið þá menn fara úr því, sem ekki reyndust færir um að vinna störf þar, ætlar hún þá strax að skipta um menn í ráðinu, ef hún kemst að því, að menn séu í það óheppilega valdir og fallnir til þess að vekja ótrú manna í landinu á viðskiptaráði sjálfu og framkvæmdum þess? Það væri mjög æskilegt að fá að heyra um þetta mál frá hæstv. viðskmrh., því að vafalaust getur það haft einhver áhrif í sambandi við afgreiðslu þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Mér þykir leitt, að það skuli valda hv. 2. þm. Reykv. (EOl) mikillar áhyggju, að þeir tveir menn, sem hann gerir að umræðuefni og hafa verið skipaðir í viðskiptaráð, skuli eiga að víkja þar úr sæti, þegar ráðið tekur ákvarðanir um verðlagsmál. Það kemur mér satt að segja kynlega fyrir sjónir, hvernig mjög hann ber þá fyrir brjósti í þessum efnum.

Ég sagði það í framsöguræðu minni, að ríkisstj. teldi það heppilegt, að verðlagsstjóri og sá, sem honum verður til aðstoðar, og aðallega hafa með verðlagsmálin að gera, taki sæti í ráðinu og hafi atkvæðisrétt um þau mál, þegar slíkar ákvarðanir eru á döfinni. Hv. þm. getur dregið hvaða ályktanir, sem hann vill í því sambandi. En ég hef að svo stöddu engu við það að bæta.

Hvað snertir þann mann í ráðinu, sem hv. þm. minntist á síðast, skal ég upplýsa, að ríkisstj. er algerlega ókunnugt um það, sem hv. þm. hefur þar minnzt á, og veit ekki annað um það en það, sem staðið hefur í sumum dagblöðunum í morgun.

Eysteinn Jónsson: Það voru aðeins nokkur atriði, sem ég vildi segja um þetta mál, áður en það fer til 2. umr. og n.

Mér virðist, að í þessu frv. séu fremur lítil nýmæli frá því, sem er í þeirri löggjöf, sem nú gildir. Starfsvið viðskiptaráðs í verðlagsmálum er samkv. þessu frv. markað nærri alveg eins og starfsvið dómnefndar í verðlagsmálum, sem starfar samkv. l. frá því í sumar. Frá þessu eru e. t. v. örfáar undantekningar, en í aðalatriðum er það þó á þessa lund. Það er að vísu

talið fleira upp í þessum l. en gert er í gildandi l. frá því í sumar af þeim atriðum, sem viðskiptaráð skuli hafa afskipti af, og meira fyrirskipað með almennum orðum, yfir hvað afskipti dómnefndar skuli ná. En efnismunur er þar á sára lítill, ef hann er nokkur. Mér finnst þetta frv. eins og þau l. ákaflega víðtækt. Og það er eðlilegt, að mínum dómi, að viðskiptaráð fái þessar víðtæku heimildir, eins og dómn. hefur haft. Og það, sem er gleggra og frekara fram tekið í þessu frv. heldur en í l. um dómn., virðist mér til bóta.

Um fyrirkomulagsbreyt., sem hér á sér stað, er töluvert svipað að segja. Það er gert ráð fyrir, að það komi sérstakur verðlagsstjóri, en honum er ekki ætlað neitt sérstakt vald í verðlagsmálum, þannig að hann verður framkvæmdastjóri viðskiptaráðs, eins og skrifstofustjóri dómn. hefur verið fram að þessu. Honum er ætlað að sjá um dagleg störf og gera till. til ráðsins, eins og skrifstofustjóri má að sjálfsögðu gera undir venjulegum kringumstæðum. Mér virðist hér því ekki um verulega efnisbreyt. að ræða. Hér er gert ráð fyrir, að starf verðlagsstjóra verði fast starf eins og skrifstofustjóra verðlagsdómstólsins. Og það er gert ráð fyrir, að verðlagsstjóri eyði öllum tíma sínum í að sinna þessum málum eins og skrifstofustjóri dómn. áður. Meginbreyt. er í raun og veru ekki gerð með þessu frv., heldur með frv., sem búið er að samþ. með því að fela viðskiptaráði þetta í staðinn fyrir dómnefnd í verðlagsmálum. Dómn. var eingöngu skipuð af ríkisstj. eins og viðskiptaráð. Það má segja, að þar sé heldur ekki um efnisbreyt. að ræða. En þarna eru komnir nýir menn. Og um meginefni þessa frv. eru allir sammála, eins og menn lýstu sig sammála um sjálft frv. til l. um gjaldeyrismál, sem samþ. var og var m. a. um viðskiptaráð. Hér er um að ræða endursamþykkt þeirra ákvæða, sem eru í l. um þetta efni, og afleiðingu af þeim l., sem búið er að samþ. Eina nýmælið er, að breyta skuli um skipun í viðskiptaráði, þegar verðlagsmál koma fyrir. Ég hafði skilið l. þannig, þegar þau voru samþ., að viðskiptaráð skuli hafa verðlagningarvaldið. Og mér hafði skilizt af þeim fjárhagsnm., sem ég hafði tal af um þetta, að einmitt í fjhn. hefði verið ráð fyrir því gert, að viðskiptaráð hefði verðlagsákvörðunina með höndum. En nú ætlar hæstv. ríkisstj. að setja tvo nýja menn inn í ráðið í stað tveggja, sem þar eiga sæti annars, þegar um verðlagsmál er að ræða. Og hæstv. viðskmrh. færði fyrir þessu þau rök, að með þessu móti væri trygging fyrir því, að þeir, sem með sérstökum hætti ættu að hafa með höndum verðlagsmál, skyldu koma í n. og leggja sitt lóð á vogarskálina um þau mál. Virðist mér þetta rétt viðkomandi verðlagsstjóra. En mér er ekki jafnljóst, hvernig stendur á því, að það skuli þurfa að ryðja tveimur mönnum úr ráðinu í þessum kringumstæðum. Mér hefur skilizt, að það væri nóg að ryðja einum manni úr ráðinu, til þess að verðlagsstjóri gæti komið inn sem sá maður, sem hefði sérstaka kunnugleika um þessi mál. Má vel vera, að hæstv. ríkisstj. hafi sínar röksemdir og ástæðu fyrir því, að það þurfi einmitt að ryðja tveimur mönnum úr ráðinu í þessum tilfellum. En út frá rökum hæstv. ráðh. mætti í fljótu bragði álykta, að nóg væri að ryðja einum manni. En væntanlega kemur það fram við frekari meðferð málsins, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir í þessu efni.

Mér virðist þetta frv. stefna í rétta átt. Og það hlýtur náttúrlega að gera það, að því er snertir einstök atriði þess, meðferð í fjhn. Mun ég því ekki fara nánar út í það á þessu stigi.

Einar Olgeirsson Herra forseti. — Ég hef því miður ekki getað skilið af hinni mjög svo greinagóðu svarræðu hæstv. viðskmrh., hvaða ástæða sé til þessarar 3. gr. frv. Ég hef ekki getað skilið það enn þá, hvaða ástæða sé til þess, að tveir menn víki sérstaklega úr ráðinu, þegar það er ákveðið, að engir menn skuli eiga sæti í ráðinu, sem hafi neinna sérstakra hagsmuna að gæta né standi í þjónustu sérstakra stétta eða aðila, sem hafi sérstakra hagsmuna að gæta í sambandi við störf ráðsins. Og mér þykja þær skýringar, sem hæstv. ráðh. var að reyna að gefa, ófullnægjandi um þetta mál, og því meir ófullnægjandi sem ég veit, að upphaflega var meiningin, að enginn maður skyldi víkja úr þessu viðskiptaráði, og ekki skyldi skipa í það með tilliti til Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, en síðan kemur það upp eftir á, að það skuli láta tvo menn víkja úr ráðinu, meðan ákvarðanir eru teknar um verðlagsmál. Mér þykir ekki full skýring hafa verið á því gefin, hver ástæða sé nú til þess, að tveir menn eigi að víkja úr ráðinu, þegar vitað er, að lofað var af hæstv. ríkisstj. á Alþ., að ekki yrði tekið tillit til óska aðila um útnefningu þessa ráðs, og ákveðið var í l. frá Alþ., að ekki skuli gera slíkt.

Ég held, að ef n. á að fjalla um þetta mál hér á Alþ., þá þurfi að liggja fyrir einhver rök um það, að þetta, sem ég spurði um, sé nauðsynlegt, að ryðja mönnum svona úr ráðinu. Það hefur nú þegar komið fram frá hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), að það væri a. m. k. ekki ástæða til, að nema einn maður víki úr ráðinu, þegar um verðlagsákvarðanir er að ræða, og þá með sérstöku tilliti til þess, að verðlagsstjóri kæmi þar sérstaklega inn í. Ég álít, að þó að þingið vilji meta ríkisstj. okkar mikils, þá séu frá henni óskir einar um þetta ekki nægilegar, heldur verði að fylgja þeim rök fyrir því, að hve miklu leyti heppilegt sé, að þetta verði þannig framkvæmt. Það væri, að ríkisstj. hefði að sjálfsögðu framkvæmt þetta alveg án tillits til þess, sem sett hefði verið í l. á Alþ.

Í öðru lagi vil ég segja það, að mér fannst ófullkomið svar hæstv. viðskmrh. um þann mann í viðskiptaráði, sem spurt var um, Jón Ívarsson. Ég spurði, hvar ríkisstj. hefði leitað upplýsinga um hann. Ef hún hefði t. d. verið búin að tala austur á Hornafjörð, hefði hún heyrt um verðlagið þar. Það var strax eftir nýár búið að framkvæma þessar hækkanir. Kolaskipið var komið og kolin hækkuð í 220 kr. Það er engum efa bundið, að ríkisstj. hefði fengið þessar upplýsingar, ef hún hefði grennslazt eftir því. Það væri æskilegt að vita, af hverju hún valdi þennan mann í viðskiptaráð.

Ég spurði líka, hvað ríkisstj. hefði hugsað sér að gera, ef það væri rétt, sem haldið væri fram. Hæstv. ráðh. talaði um það röggsamlega, að ríkisstj. mundi sjá til þess, ef óhæfir menn hefðu verið settir, að nýir og betri kæmu í þeirra stað, og þetta hafði hann sem mótrök á móti því, að þingflokkarnir skipuðu í ráðið. Það væri fróðlegt að heyra, hvernig ríkisstj. hugsar sér að vera eins röggsöm í framkvæmdum og í sínum ágætu ræðum.

Hvaða laun eru þessum mönnum ákveðin? Það var svo frá skýrt í þinginu, að formaður ráðsins væri launaður sem væri þetta hans aðalatvinna, en nú hafa tveir menn sagt lausum háum launum til að fara í ráðið. Hefur stj. breytt eitthvað sínum fyrri áformum um laun þeirra?

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri einkennilegt, að þessi tilhögun, sem hefði verið rætt um í sambandi við verðlagsákvæðin, skyldi koma fram nú, en ég skýrði hv. fjhn. frá þessu atriði, þegar hún hafði til meðferðar frv. um viðskiptaráð, svo að það er ekkert nýtt.

Út af fyrirspurn hv. þm. um það, hvort nm. sá, sem um er að ræða, muni taka sæti í ráðinu, vil ég svara því, að það gerir hann ekki, fyrr en úrskurður liggur fyrir um, að væntanleg kæra sé ekki á rökum byggð.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Varðandi rökin fyrir því, að 3. gr. sé nauðsynleg, eins og hún er, vil ég segja, að það, sem hæstv. ráðh. tilkynnti fjhn., var, að hann hefði hugsað sér, að fimm menn væru í ráðinu, en síðar tilkynnti hann, að hann hefði breytt þessu, nefnilega svo, að tveir menn skyldu ekki sitja í því, þegar um verðlagsákvæði væri að ræða, sem sé mennirnir frá S. Í. S. og verzlunarráðinu. Hann sér, að það er óheppilegt. En Alþ. gerir þá ákvörðun, að það skuli engir vera í ráðinu, sem hafi hagsmuna að gæta, þ. e. mennirnir frá S. Í. S. og verzlunarráðinu eiga alls ekki að vera þarna. Þar fellur burt röksemdin, sem fékk hæstv. ráðh. til að tilkynna fjhn., að þessir tveir menn skyldu ekki hafa atkvrétt um verðlagsmál. 3. gr. er því óþörf, og það er aðeins eitt, sem getur komið henni í rökrétt samband við málsmeðferðina, sem sé, að ríkisstj. hafi farið í kringum 1. gr. l. um gjaldeyrismeðferð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 298, 299, 321).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið til athugunar í fjhn., og klofnaði n. um málið. Meiri hl., hv. þm. A.-Húnv., hv. þm. V.-Húnv. og ég, höfum skilað sérstöku nál. og leggjum til, að frv. verði samþ., en niður verði felld fyrri málsgr. 3. gr. frv., en hún er, eins og hv. þm. er kunnugt, á þá leið, að tveir menn úr viðskiptaráði víki úr sæti, þegar um verðlagsákvæði er að ræða, en í staðinn komi verðlagsstjóri og annar maður, er ríkisstj. velur honum til aðstoðar. Eins og kunnugt er, þá er gert ráð fyrir í frv. til l. um viðskiptaráð, eins og það kom frá hv. ríkisstj., að tveir aðilar, þ. e. a. s. verzlunarráðið og S. Í. S., hafi rétt til að tilnefna sinn manninn hvor í viðskiptaráð, en Alþ. breytti frv. á þann veg, að ekki mætti skipa í viðskiptaráð fulltrúa fyrir sérstakar stéttir eða félög, sem hefðu beinna hagsmuna að gæta í sambandi við störf ráðsins eða eru í þjónustu aðila, sem svo er ástatt fyrir. Það er ljóst, að með þessu er numið burt ákvæðið um það, að í ráðinu skyldu vera fulltrúar fyrir þessa tvo aðila, sem áttu svo að víkja úr ráðinu, þegar um verðlagsákvæði væri að ræða. Viðskiptaráðið hefur verið skipað, og kann að vera, að ýmsir hafi eitthvað við þá skipun að athuga, enda mun vera erfitt að skipa svo nokkra n. eða ráð, að allir séu ánægðir með það. Ég held, að jafnvel þeir, sem hafa eitthvað að athuga við skipun viðskiptaráðs, geti alveg eins efazt um, að betur tækist til um skipun verðlagsstjóra og þess manns, sem á að koma honum til aðstoðar, þegar um verðlagsákvæði er að ræða, og tel ég því, að þar sem l. um viðskiptaráð voru samþ., eins og þau nú eru, þá eigi fyrri málsgr. 3. gr. að falla burt, eins og meiri hl. fjhn. leggur til.

Þá er hér brtt., sem er aðeins leiðrétting. Það er vísað í 6. gr. til 5. gr., en á að vera til 2. gr., og einnig er í 9. gr. vísað til 5. gr., en á að vera til 2. gr. Þetta er aðeins leiðrétting, og er n. óskipt um það atriði.

Hv. 2. þm. Reykv. skilar sérstöku nál., þar sem hann leggur til, að Alþ. kjósi fjóra menn, sem taki sæti í ráðinu, þegar um verðlag er að ræða, en aðeins formaður ráðsins sitji þar, þegar slík mál eru höfð þar með höndum. Hv. þm. V.-Ísf. hefur ekki skilað neinu nál., enda mun hann geta sætt sig við frv., eins og það var lagt fram frá hv. ríkisstj.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um málið að svo stöddu. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún hefur borið fram við það.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Eins og hv. 2. þm. Rang. hefur skýrt frá f. h. n., varð ekki samkomulag um breyt. á þessu frv. Það er 3. gr., sem ágreiningur varð um. Ég gerði þessa gr. nokkuð að umtalsefni við 1. umr. og skal því ekki orðlengja um hana nú. Það er sem sé svo leiðinlegt til þess að vita um þessa 3. gr., að þar er orðið misræmi milli l. og staðreyndanna. Það er gengið út frá því í 3. gr., að settir séu í viðskiptaráð menn, sem séu fulltrúar hagsmuna innflytjenda. Þess vegna var gert ráð fyrir, að tveir menn yrðu að víkja, þegar um verðlagsákvæði verði að ræða. Hins vegar var svo ákveðið í l., eins og þau voru samþ. frá Alþ., að þar skyldu ekki vera menn, sem væru fulltrúar fyrir þá, sem hefðu sérstakra hagsmuna að gæta í sambandi við störf ráðsins, og þess vegna átti þessi gr. að vera óþörf. Vegna þess, hvernig þetta stangaðist á, vildi meiri hl. n. fella niður fyrri hl. 3. gr.

Þá er að vísu frv., sem hér liggur fyrir, fært til samræmis við l. um viðskiptaráð, en þá bara stangast það við staðreyndirnar, við það, að í raun og veru voru settir í viðskiptaráð 2 menn, sem settir voru þangað sem sérstakir fulltrúar fyrir innflytjendur í landinu, þannig að brtt. meiri hl. fjhn. færir þetta til samræmis við l., sem samþ. voru á Alþ. nýlega, svo að 3. gr. stangast ekki við þau l., en stangast samt sem áður við staðreyndirnar. Þessi skipan ráðsins verður hvorki færð til samræmis við l. með því að láta fyrri málsgr. falla burt né heldur með því að láta hana standa.

Brtt. sú, sem ég hef gert, er, að fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannig, að þegar viðskiptaráð fjallar um verðlagsmál, þá skuli fjórir nm. jafnan víkja úr ráðinu, — allir nema formaður þess —, og skuli í þeirra stað koma fjórir menn, skipaðir af ríkisstj. samkv. tilnefningu þingflokkanna, einn eftir tilnefningu hvers.

Ég skal taka það greinilega fram, eins og ég líka gerði við umr. um frv. til l. um viðskiptaráð, að það, að ég skuli bera fram till. um., að þingflokkarnir tilnefni menn í þetta, er gert út úr neyð, sökum þess, að því miður hefur ekki náðst sú eðlilega samvinna, sem ætti að vera af hálfu Alþ. við ríkisstj. um svona mál. Ég álít óheppilegt, að annaðhvort ríkisstj. ein eða þingið eitt ráði þessari nefndarskipun, að annarhvor þessara aðila, sem þyrftu að vinna saman, taki svo að segja einræðisvald í þessu efni án tillits til hins aðilans og skipi í þessa n. Ég get sett mig í spor ríkisstj. og skilið, að henni þyki óþægilegt að fá skipaða menn frá þingflokkunum í n., sem hún á að vinna með, án þess að tekið sé tillit til vilja ríkisstj. En ég álít líka, að ríkisstj. ætti að geta skilið, að þm. muni a. m. k. geta fundizt óþægilegt, að settir séu menn í nefndir, sem hafa eins mikið ráð eins og þær n., sem skipaðar hafa verið nú, bæði eftir l. um viðskiptaráð og sem á að skipa eftir þessum l., þegar frv. er samþ., án þess að þingið hafi um það að segja. Það eðlilega er, að ríkisstj. skipi menn í þessar n. í vinsamlegri samvinnu við þingið. Og ef það væri framkvæmt, mætti það í raun og veru einu gilda, hvort það stæði, að ríkisstj. skipaði menn í þetta ráð að öllu leyti, ef vissa fengist um, að hún gerði það í samráði við þingflokkana, eða það stæði, að þingflokkarnir tilnefndu svona menn í ráðið, ef vissa væri fyrir því, að þeir gerðu það í samráði við ríkisstj.

Ég vil taka fram í sambandi við brtt., sem ég flyt viðvíkjandi viðskiptaráði, að ég ber ekki þessa till. fram af því, að ég álít, að heppilegt sé, að þingið skipi þessa menn í ráðið, án þess að ríkisstj. ráði neinu um þá skipun, heldur af því, að svo framarlega sem ekki er hægt að ná samvinnu við ríkisstj. um þessa skipun, þá er eðlilegt að mínu áliti, að þm. reyni að halda í bandið í þessu efni og reyni að halda í rétt sinn, ef ríkisstj. togar á móti. Hitt væri heppilegast, að samkomulag næðist um þetta. Og ég álít, að sú reynsla, sem fengizt hefur af viðskiptaráði, bendi til þess, að það sé líka heppilegt fyrir ríkisstj. að hafa nokkurt samráð við þingið um skipun í þessa n.

Með þessu fororði ber ég fram þessa brtt., sem fyrir liggur (á þskj. 321), en ætla ekki að fjölyrða neitt um málið, því að ekki vil ég verða til þess að tefja neitt fyrir því.

Finnur Jónsson: Herra forseti. — Mér koma þessar brtt. hv. meiri hl. fjhn. nokkuð einkennilega fyrir, sérstaklega eftir það, að búið er að skipa í viðskiptaráðið, að því er virðist, nokkuð þvert ofan í það, sem Alþ. ætlaðist til. Það mun hafa verið ætlazt til þess af hæstv. Alþ., að ekki væru neinir sérstakir fulltrúar vissra verzlunarfyrirtækja í þessu viðskiptaráði. En svo gerir hæstv. viðskmrh. sér hægt um hönd og fer í kringum lögin og skipar menn frá þessum tveimur stofnunum, Samb. ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráði Íslands, í ráðið, og þeir fara úr stöðum sínum vitanlega með það fyrir augum að starfa fyrir þessar stofnanir og fara svo að sjálfsögðu aftur inn í fyrri stöður sínar, þegar þeir hætta þessu verðlagseftirliti. Af þessum ástæðum virtust vera full rök fyrir því að gera ekki þá brtt., sem hv. meiri hl. fjhn. hefur lagt hér fram till. um. Það virðist vera ástæða til þess að halda þeim ákvæðum í l. að láta þá menn víkja úr viðskiptaráðinu, sem voru skipaðir í það í raun og veru þvert ofan í það, sem leit út fyrir, að hæstv. Alþ. hefði ætlazt til, að gert yrði.

Ég bar fram aths. um verðlagseftirlitið í landinu við hæstv. viðskmrh. fyrir nokkru síðan. Hann mun þá hafa verið veikur og er nýfarinn að mæta hér aftur á fundum. Fyrirspurn sú, sem ég þá bar fram út af verðlagseftirlitinu, var gerð af því tilefni, að ummæli voru í Tímanum um það, að dómnefnd í verðlagsmálum hefði leyft hækkanir á matvörum, eftir að tilkynningin hafði verið gefin út af ríkisstj. 19. des. 1942 um það, að enga vöru mætti selja á landinu hærra verði en hún hefði verið seld á hverjum stað hinn 18. des. 1942. Virðist það vera mjög einkennilegt, ef leyft væri að hækka vöruverð og að það væri sjálf dómnefnd í verðlagsmálum eða ríkisstj., sem leyfði þessar hækkanir. Hæstv. viðskmrh. hefur nú gefið á þessu þær skýringar, að það hafi á skömmtunarvörum, að mér skilst, gilt tvenns konar hámarksverð, þegar þessi auglýsing gekk í gildi, annað á vörum, sem geymdar hafi verið, sem ekki hafi verið leyft að hækka, en hitt fyrir nýkomnar vörur. Nú var þessi auglýsing svo ótvíræð, að það var algerlega bannað að selja vörur hærra verði en því lægsta, sem gilti á hverjum stað. Hafi þess vegna verið um tvenns konar hámarksverð að ræða á einhverjum stað, virtist eftir auglýsingunni alveg ótvírætt, að það ætti að vera lægra verðið, en ekki hærra verðið, sem ætti þar að gilda.

Nú vil ég spyrja hæstv. viðskmrh. í framhaldi af þeirri fyrirspurn, sem ég gerði hér áðan, hvort það hafi verið einhver prentvilla í þessari tilkynningu, þannig að það hafi misritazt lægsta í staðinn fyrir hæsta eða eitthvað þess háttar; öðruvísi verður ekki fengið neitt vit út úr þessari skýringu, að mér finnst, sem hæstv. viðskmrh. hefur gefið hér á Alþ. og birt hefur verið í blöðunum áður. Ég geng út frá því, að það hafi yfirleitt verið svo, að hámarksverðið hafi verið lægsta verðið, sem vara var

seld fyrir á hverjum stað, en ekki það lægsta. Ef það kynni nú að vera, að einhver prentvilla hefði verið í þessari auglýsingu, þá væri vissulega viðkunnanlegra, að hún væri leiðrétt. En ef það kynni að vera svo, að þessi tilkynning hefði rekizt svo óþægilega á veruleikann, að hún hafi ekki getað staðizt, þá væri viðkunnanlegra af hæstv. ríkisstj. að gefa út um það nýja tilkynningu heldur en að láta standa óbreytt ákvæði, sem brjóta í bága við hana.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af því, sem hv. þm. Ísaf. (FJ) hefur sagt um vöruverðið, vil ég benda honum á, að auðvitað hlýtur tilkynningin að byggjast á l. Og í l., sem hún var gefin út eftir, er beinlínis gert ráð fyrir, að hægt sé að úrskurða um, við hvaða verð skuli miðað, ef ágreiningur er. Ég kom inn á þetta mál við umr. í gær, og ég tel ekki ástæðu til að fara neitt frekar út í það nú.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það er aðeins út af því, sem kom fram hjá hæstv. viðskmrh. við útvarpsumr. í gær, og því, sem hann hefur tekið fram hér, sem ég vil segja örfá orð.

Ég á sæti í allshn., og þegar þetta mál var til meðferðar í allshn., var hæstv. ráðh. að því spurður, hvort það væri ekki undantekningarlaust, að það væri lægsta verð á hverjum stað, sem gilti út þennan tiltekna tíma, jafnvel þó að það kæmi illa við viðkomandi fyrirtæki og þá, sem hefðu þessar vörur til sölu, og hann sagði, að svo væri; þannig að þessi nýja ákvörðun um að leyfa hækkanir, sem leyfðar hafa verið, brýtur í bága við það, sem lá fyrir n., þegar hún hafði málið til meðferðar á sínum tíma. Það kom mér því mjög á óvart og — ég býst við — fleirum, sem eiga sæti í allshn., þegar ríkisstj. hvarf frá þessum ströngu ákvæðum, verðlagsákvæðunum frá 19. des. 1942. Og þessar skýringar hæstv. ráðh. um, að gert hafi verið ráð fyrir því að geta úrskurðað á þann veg, sem gert var, eru rangar, því að það var beinlínis spurt um þetta í n. á sínum tíma og þá var meiningin að láta verðið standa hiklaust kyrrt til febrúarloka.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. og tilkynningu hæstv. ríkisstj. út af verðhækkunarbanninu vildi ég, sem átt hef sæti í dómnefnd í verðlagsmálum, gefa nokkrar upplýsingar um afstöðu dómn. í þessu máli. Ég hef því miður ekki við hendina fundabók dómn., en mun, ef ástæða þykir til, gefa skýrslu eftir þeirri bók við 3. umr. málsins.

Ekki aðeins vegna þessarar fyrirspurnar, heldur líka vegna hins, að yfirlýsing hæstv. ríkisstj. um þetta mál hefur gefið tilefni til nokkurs misskilnings um afstöðu dómn., vil ég taka fram, að síðan 18. des. 1942 og fram til þess tíma, er dómnefndin hætti störfum, hefur hún ekki leyft verðhækkun á einni einustu vöru í landinu, enda hafði hún enga heimild til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 299 felld með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PO, SB, SEH, SkG, BÁ, GSv, IngJ, JPálm, JJós.
nei: LJós, PZ, SigfS, SG, STh, SÞ, ÞG, ÁkJ, EOl, FJ, GTh, HelgJ, JakM.
SK, EystJ, GG, JörB greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÓTh, StJSt, SvbH, ÁÁ, BG, EmJ, GÞ, JS) fjarstaddir.

Brtt. 321 felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, LJós, SigfS, SG, STh, ÞG, ÁkJ, BG, EOl.
nei: EystJ, GG, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JakM, JPálm, JörB, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, BÁ.
PZ, PÞ, JJós greiddu ekki atkv.
7 þm. (GÞ, JS, ÓTh, StJSt, SvbH, ÁÁ, EmJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Eysteinn Jónsson: Það hefur nú verið samþ. hér frá þinginu, að ríkisstj. skipi viðskiptaráð, og ég tel, úr því sem komið er, ekki í samræmi við það, að þingið kjósi nú að hafa með höndum þennan þátt úr starfsemi ráðsins, og segi því nei.

3. gr. samþ. með 16:3 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 298,1 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 298,2 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 340, 341).

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Það var út af brtt., sem ég vildi gera dálitla aths. Ég vil geta þess, að stj. óskar að gera litla orðabreyt., þannig að í stað orðanna „verðlagsstjóri og annar maður“ í fyrri mgr. 3. gr. frv. komi: „tveir menn“. Óskar stjórnin að hafa frjálsar hendur um það, hvort hún lætur verðlagsstjórann eða annan mann taka sæti í viðskiptaráðinu, þegar rætt er um verðlagsmál.

ATKVGR.
Brtt. 341 samþ. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SigfS, SÞ, SkG, StJSt, EmJ, GÞ, GSv, IngJ, JakM, JPálm, JS, JörB, PZ, JJós.
nei: ÁÁ, EystJ, FJ, GG, HelgJ.
8 þm. (SB, SEH, SK, SvbH, BG, BÁ, GTh, ÓTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Eysteinn Jónsson: Þegar frv. kom fyrst fram, var gerð grein fyrir því af hæstv. viðskmrh., að verðlagsstjóri þyrfti að vera í viðskiptaráði, þegar rætt væri um verðlag. Þess vegna segi ég nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 349).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Hæstv. viðskmrh. er hér ekki viðstaddur, og leyfi ég mér því fyrir hans hönd að mælast til þess, að frv. þessu, sem hefur verið athugað í n. hjá Nd. og hv. Nd. hefur rætt mjög ýtarlega, verði vísað til 2. umr. En hvort hv. d. sýnist ástæða til að vísa því til n. einnig hér í hv. þd., það segir hv. d. til um. Það var í fjhn. í hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 379, 378).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Eins og hv. þm. er kunnugt, er þetta frv., sem hér liggur fyrir, borið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. Það var fyrst lagt fyrir Nd., var athugað þar af fjhn. og síðan samþ. nær óbreytt. Fjhn. Ed. hefur nú haft frv. til athugunar og er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga. Einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að bera fram eða fylgja brtt. við frv.

Eins og frv. ber með sér, felur það ekki í sér verulegar efnisbreytingar á núgildandi löggjöf um þessi mál aðrar en þær, sem leiðir af l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð og l. um viðskiptaráð, að undanteknu því nýmæli, sem um ræðir í 2. gr. frv., um skipun verðlagsstjóra, en hann hefur á hendi framkvæmd verðlagsákvæða og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Ég er þeirrar skoðunar, — og ég hygg, að fjhn. sé það einnig —, að þetta nýmæli sé til mikilla bóta, og það gefur vonir um, að verðlagseftirlitið komi að meiri notum í framtíðinni en það hefur gert hingað til. Mér er það persónulega vel kunnugt, að eftirlitið hefur alls ekki náð tilgangi sínum hingað til. Það hefur að vísu gert allmikið gagn á sumum sviðum, einkum að því er snertir nauðsynjavörur, t. d. kornvörur, kaffi og sykur, sem hefðu áreiðanlega orðið hærri í verði, ef verðlagseftirlitsins hefði ekki notið við. Um ýmsa aðra vöruflokka gegnir öðru máli. Stafar það af því, að þar eru verðlagsákvæði og eftirlit stórum erfiðara. T. d. má nefna álnavöru alla, þótt þar hafa verið reynt að hafa nokkurn hemil á. Þá eru enn önnur verðmæti, þar sem eftirlitið hefur enn síður komið að gagni, eins og t. d. allur innlendur iðnaður. Ég skal þó ekki fara að rekja ástæður þess, hvers vegna svona hefur tekizt til. En það er vafalaust tilgangur ríkisstj. með því að skipa verðlagsstjóra að reyna nú að bæta úr þessum ágöllum. Hún mun og hafa hugsað sér að velja í þessa stöðu mann, sem hefur víðtæka þekkingu á viðskiptum og vörum. Það er líka mest undir því komið, hvernig tekst til með valið á þessum manni. Ef starfið verður vel skipað, er nokkur von til þess, að ráðin verði bót á ágöllum verðlagseftirlitsins, en það veltur á því, hvort ríkisstj. tekst að fá hæfan mann í stöðuna.

Að öðru leyti mega menn ekki gera sér háar vonir um þessa löggjöf, því að eins og ég tók fram í upphafi, er hún nálega sú sama og við höfum búið við undanfarið og nálega allir viðurkenna, að hafi ekki náð tilgangi sínum.

Að lokum vil ég minnast aðeins á ásakanir þær, sem hafa verið bornar á ríkisstj. og verðlagsnefnd, bæði í blöðum og hér á Alþ., um, að vöruverð hafi verið hækkað ólöglega eftir 18. des. s. l. Þessar ásakanir eru ekki á rökum reistar. Um þetta er hægt að sannfærast með því að fara í gegnum bækur verðlagsnefndar, enda hef ég þar sannfærzt um það, að nefndin hefur ekki hækkað verð á einni einustu vörutegund á þessu tímabili. Ég veit ekki, hvaða ástæður hafa legið þessum getsökum til grundvallar, en þær eru algerlega úr lausu lofti gripnar. Að lokum legg ég eindregið til, að frv. nái fram að ganga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni í því, að það sé ekki mikið nýtt í þessu frv. nema skipun verðlagsstjóra. Sú brtt., sem ég ber fram á þskj. 378, kemur heldur ekki fram vegna þess, að hér sé eitthvað nýtt á ferðinni, heldur vegna þess, sem er í núgildandi l. og lýður allur rak sig á, að var óhafandi. Í frv. er 4. gr. alveg samhljóða 6. gr. núgildandi laga.

Við, sem höfum fengizt við þessi mál, þekkjum það, hve erfitt er að fá ýmsar nauðsynjavörur seldar út á land með heildsöluverði. Það, sem hefur fengizt flutt inn af byggingarefni, veiðarfærum, járni og fleira, hefur verið selt hér bæði með heildsölu- og smásöluálagningu. Eftir þakjárni, hreinlætistækjum, miðstöðvum, eldavélum og fleiru, hefur einnig verið svo mikil eftirspurn hér, að verzlanir hafa getað selt það bæði með heildsölu- og smásöluálagningu og hafa ekki viljað selja það út á land nema fyrir smásöluverð. Þetta hefur orðið til þess, að ýmsar verzlanir úti um land hafa orðið að brjóta lögin, eða þá að þessi héruð hafa orðið að vera alveg án þessara nauðsynja. Það hefur orðið útkoman á málinu, og þannig hefur það meðal annars verið um allt timbur, sem hefur verið flutt inn í gegnum Rvík. Þessi brtt. fer því fram á það, að viðskiptaráð geti fyrirskipað innflytjendum að selja þessar vörur til annarra héraða, ef það er sýnt, að þar er skortur á þessum vörum. Nú mætti kannske segja, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi hefðu verið afgr. til þessara viðkomandi smásala. En þar er því til að svara, t. d. með alla járnvöru, að ekki er hægt að kaupa hana inn í svo smáum stíl eins og mörg af þessum héruðum þurfa með. Dúkar og ofnar eru keyptir í stórum pöntunum frá Ameríku, og þess vegna verður að sjá fyrir því, að með þessum l. sé þessum aðilum tryggt að fá

umræddar vörur með heildsöluverði. Þetta hefur meðal annars verið venja með alla gólfdúka og ýmsar aðrar vörur til byggingariðnaðarins og útgerðariðnaðarins, — veiðarfæri. Það hafa stafað af þessu stór-vandræði um allt land. Það hafa verið veitt innflutningsleyfi, t. d. Veiðarfæragerð Íslands, fyrir önglum, og hefur verið svo mikil eftirspurn eftir þessari vöru, að hún hefur öll selzt með smásöluverði til veiðistöðva umhverfis allt landið. Það er því engin vanþörf á því að fá þessu kippt í lag. — Ég vil nú vænta þess, að hv. d. taki þetta til athugunar og samþ. þessa breyt. við frv. Þessi ráðstöfun ætti að vera nægileg til þess, að hægt væri að deila þessum vörum út um landið, án þess að tekin væri upp bein skömmtun á þeim.

Haraldur Guðmundsson: Eins og nál. ber með sér, þá tel ég rétt að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Um brtt. á þskj. 378 verð ég þó að segja það, að mér virðist hún heldur til bóta. Það er eitt atriði í till., sem ég er ekki alveg viss um, að ég skilji rétt, en það er þar, sem segir: „Viðskiptaráð getur hvenær sem er fyrirskipað heildverzlunum eða öðrum, sem flytja inn og verzla með alls konar byggingarefni, veiðarfæri og aðrar nauðsynjavörur“. Mér skilst, að eins og greinin er orðuð, þá sé þetta bundið við það, að varan sé bæði flutt inn og verzlað með hana. Ég vil í þessu sambandi benda á það, hvort ekki væri rétt að láta þetta einnig ná til innlends iðnaðar eða iðnaðarfyrirtækja, sem svipað stendur á um. Ég sé ekki betur en að till. sé til bóta og mun greiða atkv. með henni.

Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að beina fyrirspurnum til hæstv. stj., einmitt á þessu stigi málsins. Ég vil fyrst taka það fram út af ummælum hæstv. frsm. um, að ríkisstj. og dómnefnd í verðlagsmálum hefði ómaklega verið borin þeim sökum að hafa brotið l. um verðfestinguna, að ég fæ ekki betur séð, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, heldur en að l. hafi verið brotin. Ég skal játa, að það er rétt að minni hyggju, sem fram kemur í grg. hæstv. viðskmrh., að sú hækkun, sem orðið hefur á skömmtunarvörum, t. d. eins og á Hornafirði, verkar ekki á vísitöluna, þannig að þessi hækkun á vöruverðinu er á engan hátt fölsun á vísitölunni, eins og einhvers staðar hefur komið fram. En ég álít, að orðalag laganna sé svo skýlaust, að ekki verði um það deilt, að þessi ákvæði eru brotin með því að hækka vöruverð, eins og gert var á Hornafirði. Það stendur í l., að ekki megi selja neina vöru hærra verði heldur en það var lægst þann 18. desember s. l. Þetta er alveg tvímælalaust að minni hyggju. Hitt er annað atriði, hvort ástæða var til þess að víkja frá þessu af sanngirnisástæðum. Þetta þótti mér rétt að taka fram vegna þeirra ummæla, sem hv. frsm. hafði. Ég er honum ósammála um þetta atriði. Annars get ég heldur ekki látið hjá líða að segja það, að mér virðist ákvæði 3. gr., fyrri málsgr. hennar, benda til þess, að stj. viðurkenni með því, að ekki hafi tekizt svo til um skipun viðskiptaráðs sem æskilegt hefði verið, því að þá væri að sjálfsögðu ekki ástæða til þess að ryðja úr ráðinu, þegar það á að fjalla um verðlag.

Ég hygg, að það atriði í þessum l., sem er meginbreyt. frá því, sem áður var, að einum föstum starfsmanni, verðlagsstjóra, verði falin framkvæmd verðlagseftirlitsins, sé til bóta. Það er í samræmi við þær till., sem ég hef áður staðið að, að viðskiptaráð noti það vald, sem það hefur, til þess að gera verðlagseftirlitið öruggara, og hygg ég, að það megi vænta nokkurs árangurs af þeirri breyt. Það mun líka vera full þörf á öruggu eftirliti, eins og hv. frsm. tók fram, sem ætti að vera þeim málum kunnugur.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. stj. um það, hverra tillagna megi frá henni vænta — og hvenær — um ráðstafanir til þess að lækka dýrtíðina í landinu. Stj. hefur, ef þetta frv. verður að l., fengið samþykki þessara l. hér á Alþ., nákvæmlega eins og hún hefur óskað að fá þau afgr. Í fyrsta lagi verðfestingarl., sem hún fékk afgr. á einum degi rétt fyrir jólin, í öðru lagi lögin um viðskiptaráð, og í þriðja lagi, ef þetta frv. verður samþ., þessi nýju l. um verðlag í landinu. Nú verðum við að gæta þess, að þó að árangurinn af bættu verðlagseftirliti verði mjög verulegur, þá hlýtur að fara fjarri því, að stj. hafi náð því marki, sem hún hefur sett sér, þ. e. a. s. að fá lækkaðan framfærslukostnað vísitölunnar. — Ég vil því leyfa mér að mælast til þess, að stj. gæfi upplýsingar um það, hvenær mætti vænta tillagna hennar um lækkun á dýrtíðinni, ef hún sér sér fært að gefa Alþ. slíkar upplýsingar. Ég vil því frekar spyrja um þetta, þar sem enn eru felld inn í þetta frv. ákvæði um það að undanskilja öllu verðlagseftirliti allar íslenzkar framleiðsluvörur landbúnaðarins. En það er vitað og viðurkennt, að mestur hluti dýrtíðaraukningarinnar í landinu stafar af hækkuðu verðlagi landbúnaðarafurða. Það mun láta nærri, að af þeim 172 vísitölustigum, sem dýrtíðin hefur hækkað, nemi hækkun, sem af þessum vörum stafar, 100 stigum, en 72 stig munu stafa af hækkun á erlendri vöru, þó eru flutningsgjöld og hækkun á tollum talin þar með. Þetta eitt út af fyrir sig hlýtur að sýna, svo að ekki verður á móti mælt, að það er gersamlega gagnslaust verk að ætla að lækka vísitöluna, svo að haldi komi, án þess að hreyfa við þessum vörutegundum. Það er því frekari ástæða til þess að spyrja um þetta nú, þar sem einmitt í þessu frv. er undanskilið verðlag á þessum vörutegundum. Í öðru lagi vegna þess, að þegar þetta frv. verður að l., fellur niður sú verðbinding, sem í verðfestingarl. er, og um leið er fallið úr gildi það loforð, sem hæstv. landbrh. skýrði Alþ. frá, að verðlagsn. landbúnaðarafurða hefði gefið um það að halda verðinu óbreyttu. En samkv. þessu frv. eiga l. um dómnefnd í verðlagsmálum að falla úr gildi um leið og þessi l. verða staðfest.

Ég ræddi um það við umr. um verðfestingarl., fyrir jólin, hvort stj. hefði gert sér grein fyrir því, hve mikilli upphæð það mundi nema, sem greiða ætti úr ríkissjóði samkv. þál., sem samþ. var á sumarþinginu 1942. Landbrh. hefur upplýst, að hann gerði ráð fyrir því, að þessi upphæð mundi nema yfir 20 millj. kr. á framleiðsluvörur ársins 1942. Hins vegar hefur stj. ekkert látið uppi um það, hvort hún hyggst að framkvæma þessa þál. án þess að ráðfæra sig frekar

við þingið, né heldur á hvern hátt. En mér virðist það augljóst mál, sé það ætlun stj. að greiða yfir 20 millj. króna í uppbætur á landbúnaðarafurðir, að þá verði, eftir því sem upplýst hefur verið um fjárhag ríkissjóðs, heldur þröngt um fé til þess að mæta öðrum þörfum. Í öðru lagi vildi ég leyfa mér að benda hæstv. stj. á það, að þessi þál. var samþ., áður en ákvörðun var tekin um haustverð á kjöti á s. l. hausti. Ég greiddi að sjálfsögðu atkv. með þeirri till., og ég hygg, að a. m. k. einhverjir af þm. hafi greitt þannig atkv. með það fyrir augum, að það gæti orðið til þess, að hægt yrði að ákveða verð á kjöti innanlands lægra heldur en ella mundi. En svo skeður það undarlega á s. l. hausti, að kjötverð er ákveðið miklu hærra heldur en nokkurn tíma áður og, að minni hyggju, hærra heldur en nokkur skynsamleg ástæða var til. Ég vildi mega skjóta því fram hér, að ég álít, að hæstv. stj. beri að taka það til athugunar, hvort ekki sé sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess, að ekkert af kjöti verði flutt út. Með því meina ég það, að kjötverðið verði lækkað svo, að allt kjöt verði étið í landinu. Mér er sagt, að um 1500 tonn af kjöti eigi að flytja út og muni það verða selt fyrir lægra verð en það er selt fyrir innanlands, og sýnist mér þá frekar athugandi, hvort ekki væri hægt að selja þetta kjöt innanlands, heldur en að flytja það út og selja fyrir lægra verð en við sjálfir getum étið það fyrir hér heima. Ef kjötverðið yrði lækkað til þess að auka neyzluna, mætti að minni hyggju nota það fé, sem nú er greitt í uppbætur á kjöt og gærur, til þess að lækka framleiðslukostnað visitölunnar fyrir landbúnaðinn, og mætti þá síðar ákveða, hvort ástæða væri til að greiða einhverjar uppbætur á kjöt, sem selt væri innanlands. Ég skal enn fremur benda á það, að mér virðast þær ráðstafanir, sem stj. hefur nú byrjað á til þess að lækka verðlagið, þ. e. að gefa eina kr. með hverju kjötkg — og flytja inn smjör —, benda til þess, að þetta komi til með að kosta ríkissjóð mikið fé. Í öðru lagi, að verðlagið á þessum vörum sé tiltölulega fjarri því, sem það ætti að vera, til þess að visitalan lækki af þeim sökum. Í þessu sambandi vildi ég mega spyrja hæstv. stj., hvort þessum greiðslum hefur verið lofað fyrir allt tímabilið eða hvort þær ná aðeins yfir óákveðinn tíma.

(Viðskmrh.: Óákveðinn tíma). Það væri mjög ranglátt, að minni hyggju, ef þeim hætti væri haldið að greiða verðuppbætur á íslenzkar landbúnaðarafurðir, sem tryggðu sama verð fyrir þær og verið hefur, eftir að visitalan færi að lækka, en tekjur launamanna aftur á móti lækkuðu eftir visitölunni. Ég vildi einnig í sambandi við afgreiðslu þál. um verðuppbætur á sumarþinginu geta þess, að sama þing samþykkti að selja bændum síldarmjöl við alveg sérstaklega lágu verði. Ég hygg, að það hafi vakað fyrir mönnum, þegar þetta var samþ., að tillit yrði tekið til þess verðlags, þegar verð væri ákveðið á landbúnaðarafurðum.

Mér væri mjög kært, ef hæstv. stj. sæi sér fært nú, áður en þetta mál er afgr., að gefa upplýsingar um það, hvenær vænta megi till. hennar um að lækka dýrtíðina og hverjar leiðir hún mundi helzt hugsa sér í því sambandi. Ég hef heyrt því fleygt, að stj. hefði í smíðum ný skattal., og ég heyrði á útvarpsræðu hæstv. viðskmrh., að hann gerði ráð fyrir því, að í þeim dýrtíðarráðstöfunum, sem stj. mundi leggja til, að hafðar yrðu, mundu koma fram till. um fjáröflun til þess að standast þann kostnað. Mér þætti einnig mjög æskilegt, ef hæstv. viðskmrh. upplýsti hér, hvað þeim málum líður og hvenær vænta mætti till. um það efni.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég skal þá fyrst koma að fyrirspurn hv. 3. landsk. um það, hvað líði þeim frv., sem stj. hefði í hyggju að leggja fyrir þingið í sambandi við dýrtíðarmálin. Eins og ég gat um í útvarpsræðu minni nú fyrir nokkrum dögum í sambandi við fjárlfrv., þá er stj. þeirrar skoðunar, að á meðan ekki er úr því skorið, hvort þingi verður frestað, sé þýðingarlaust að leggja fram nokkur frv. um þessi mál, þar sem þau mundu daga uppi, ef þingi yrði frestað. Hins vegar skal ég taka það fram, að stj. hefur þessi frv. með höndum nú og er að vinna að þeim, og það er það eina, sem ég get sagt hv. 3. landsk. í því efni, og það munu ekki líða margir dagar þangað til stj. mun láta eitthvað frá sér heyra í þessu efni. En verði þinginu ekki frestað, verður það ekki fyrr en það kemur saman að nýju. Ég get ekki að svo komnu máli farið nánar inn á það, hvað stj. hugsar sér í þessum efnum, enda efa ég, að það mundi greiða nokkuð fyrir málunum, þó að slíkt yrði gefið upp, áður en þessi mál yrðu tekin til formlegrar umræðu í þinginu.

Þá skal ég víkja lítils háttar að þeim deilum, sem hafa sprottið út af framkvæmd verðfestingarl. í sambandi við hinar svokölluðu skömmtunarvörur. Um þetta hefur þegar töluvert verið rætt og ritað. Ég skýrði frá minu sjónarmiði í útvarpsumræðu og hef ekki miklu við það að bæta, en vil þó enn taka það fram, að það verð á þessum vörum, sem nú gildir, var sett 2. des. s. l., og það hefur verið hið löglega verð í landinu síðan, en þeir, sem áttu eldri birgðir, eru skyldir til þess að selja þær með lægra verði. Nú vill hv. 3. landsk. halda því fram, að þetta sé ekki aðalatriði málsins, en ég vil samt halda því fram, að þetta sé aðalatriðið, vegna þess að l. gera beinlínis ráð fyrir því, ef ágreiningur rís um það, við hvaða verðlag skuli miðað, að þá sé hægt að skera úr því. Það hefði mátt kallast hlægilegur skripaleikur að banna verzlunum að selja þessar vörur fyrir það verð, sem fyrir löngu var búið að ákveða af opinberri nefnd sem rétt og löglegt. Árangurinn af því hefði eðlilega orðið sá, að 1. marz hefðu vörurnar aftur orðið að hækka upp í það verð, sem réttilega hefur verið ákveðið á þeim vörum, eins og ég hef áður tekið fram. Þetta var framkvæmdaratriði, sem ég hygg, að allir í minum sporum hefðu afgr. á sama hátt, enda var það fullkomlega réttmætt og löglegt.

Ég ætla svo ekki að fara nánar út í þetta. Ég vænti þess, að þetta sé svo skýrt og rætt, að það verði ekki efni til áframhaldandi deilu. Út af því, hvort verðfestingarl. falli niður, þegar þetta frv. verður samþ., eða eigi að gilda til 28. febr., þá vil ég segja það, að það er a. m. k. minn skiln-

ingur, þó að það sé nokkur breyt. gerð á l. um þetta, að ráðstafanirnar eigi að standa til 28. febrúar, og á ég þar náttúrlega við, að landbúnaðarvörurnar hækki ekki til þess tíma.

Út af brtt. á þskj. 278, sem hv. þm. Barð. hefur borið fram, er ég honum sammála um, að það sé nauðsynlegt að hafa eftirlit með þessu, en vil benda honum á, að það er ekki nauðsynlegt að setja slíka heimild inn í þessi l. Viðskiptaráð hefur samkv. öðrum l. fullkomið vald til þess að fullnægja þessu. Ég vil mælast til þess, að þessi brtt. verði ekki samþykkt, en vil heita flm. því, ef hann telur það nokkurs virði, að viðskiptaráði skuli verða send þessi till. með beiðni ráðuneytisins um, að þetta verði sérstaklega tekið til greina í störfum ráðsins, en eins og tekið hefur verið fram, getur viðskiptaráð sett hvaða reglur, sem það vill, um innflutning og gjaldeyri, og undir það ætti þetta að koma. Að því leyti, sem verðlag kemur hér inn í, er sjálfsagt hægt með verðlagsákvæðum að hafa áhrif á það, sem aflaga fer í þessu efni.

Að síðustu vil ég geta þess, að mér þykir nú orðinn fulllangur dráttur á því, að þetta frv. næði samþykki þingsins. Það er ekki þessari hv. d. að kenna, — ég skal viðurkenna það —, en ég vil mælast til þess, að frv. verði samþ. eins og það er komið til d.

Haraldur Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð, og mun ég fyrir mitt leyti greiða fyrir því, að þetta frv. nái að ganga fljótt gegnum d.

Ég vil þakka fyrir þau svör, sem hæstv. ráðh. gaf um það að leggja ekki síðar en í næstu viku frv. um dýrtíðarráðstafanir fyrir þingið, þegar séð verður, hvort þessu þingi verður haldið áfram eða annað sett. Ég hefði kosið, að hann hefði getað gefið fyllri upplýsingar en hann hefur talið heppilegt, en það er hans eins að meta það. En það, sem vakti fyrir mér, var það, að ég hélt, að það mundi greiða fyrir afgreiðslu málsins, ef leitað væri samvinnu við þingflokkana, áður en það væri sett gegnum þingið, vegna þess að það liggja fyrir — frá þrem þingflokkum a. m. k. — talsvert ákveðnar bendingar, að ég ekki segi till., um aðgerðir í þessu efni, og eru þessir flokkar búnir að láta uppi, hvaða leiðir þeir vilji benda á. Ég vildi bara geta þessa, en auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt, að ráðh. ákveði sjálfur, hvaða leið hann vill fara í þessu efni.

Að því er snertir þann skilning, sem ég taldi eðlilegan á þessu frv., ef það yrði að l., þ. e. a. s., að l. um dómnefnd í verðlagsmálum með breyt. frá því í desember s. l. séu felld úr gildi með samþykkt þessara l., hygg ég, að það geti ekki orkað tvímælis, því að í 11. gr. stendur: „Með l. þessum eru l. nr. 79 frá 1. sept. 1942 numin úr gildi.“ Þ. e. l. um dómnefnd í verðlagsmálum — og breyt., sem gerð var á þeim, er aðeins þáttur í þeim —, eru þar með numin úr gildi, og yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið í sambandi við þau, að sjálfsögðu búnar að vera um leið. Að sjálfsögðu veit ég, að viðskiptaráð og stj. hafa í hendi sinni að halda þessari verðfestingu svo lengi sem ráðið og stj. vilja og telja mögulegt, því að eftir gildistöku laganna má ekki hækka verð á neinu nema með leyfi viðskiptaráðs. Þetta gildir til 28. febrúar með þær vörur, sem það nær til, en það nær ekki til íslenzkra afurða.

Það er að sjálfsögðu þýðingarlaust að vera að karpa um það við hæstv. ráðh., hvort verðfestingarákvæðin hafi verið brotin. Það mál er í rannsókn, og verður ákveðið, hvort það verður tekið fyrir, og þetta sýnir sig þá, er dómurinn fellur, en ég get ekki séð annað, þrátt fyrir skýringar hæstv. ráðh., en að minn skilningur sé réttur. Hæstv. ráðh. sagði, að ef ágreiningur risi, skæri dómnefnd úr. Nú lýsir hann yfir því, og hann á sæti í dómnefnd, að dómnefnd hefði enga hækkun leyft, svo að það liggur ekki fyrir. Ég held, að það sé augljóst, þegar um það er jafnskýrt ákvæði og það, sem ég vitnaði í, að ekki megi selja vörur hærra verði en ákveðið er; um það er enginn ágreiningur. Ég er ekki lögfróður maður, en mér virðist þetta vera alveg skýrt. Ég fellst á, að það sé þýðingarlaust að karpa um þetta. Það sést, áður en lýkur. Það er leiðinleg tilviljun, að þetta skyldi henda á þessum stað og einmitt undir stjórn þess manns, sem hæstv. ríkisstj. áleit helzt líklegan til þess að starfa í viðskiptaráði.

Gísli Jónsson: Út af yfirlýsingu hæstv. fjmrh. viðvíkjandi brtt. á þskj. 378 vil ég taka það fram, að ég er ekki alveg sammála hæstv. ráðh. um það atriði, að það sé ekki meiri trygging að hafa þetta í l., og ég held, að það sé ekki algerlega rétt skilið. Ég held, að það sé ekki alveg víst, að aðilar, sem yrðu að hlíta þessu, mundu skilja það þannig, að lagaheimild væri fyrir því að láta þá selja vörurnar, eins og gert er ráð fyrir í brtt., en ég mun ekki gera þetta að kappsmáli gegn því, að hæstv. ráðherra vilji endurtaka yfirlýsingu sína, þá sem hann gaf áðan hér í d. Mundi ég láta það nægja og treysta því, að viðskiptaráð hafi þetta í hendi sér og gæti þess, að það verði ekki misnotað.

Í tilefni af þeim ræðum, sem hafa farið hér fram um annað atriði og út af fyrirspurn hv. 3. landsk., vildi ég mega segja nokkur orð. Það hefur komið fram hér í blöðum, í þingræðum og í Sþ. undir umr. um fjárl. sífellt nagg og stagl um þær 20 millj. kr., sem bændur hafi fengið í verðuppbætur af vörum sínum. Ég tók það fram þar, án þess að það væri hrakið eða gerð tilraun til þess að hrekja það, að allt þetta byggðist á hreinum misskilningi frá þeim mönnum, sem öllu vilja fórna fyrir hagsmuni stéttar sinnar og sjá ofsjónum yfir því, að þeir, sem verst eru settir, fái nokkrar kjarabætur. Að hugsa sér það, að það ætti að taka tillit til þess í kjötverðinu í haust, er leið, að bændur fengu ódýrt síldarmjöl, er svo mikil fjarstæða, að því er ekki svarandi. Það er vitað, að bústofn, sem fóðraður er á þessu síldarmjöli, kemur ekki til frálags fyrr en haustið 1943. Þess vegna getur ekki komið til mála, að kostnaðurinn 1942 verði metinn eftir því, hve fóðrið er dýrt fyrir kindurnar 1943.

Ég vildi í sambandi við þetta spyrja stj., hvenær hún hafi hugsað sér að taka upp til athugunar samtímis launakerfið og landbúnaðarmálin í landinu. Ég hef bent á það áður, að það er ekki hægt að leysa þessi mál nema taka þau alveg fyrir samtímis. Ég vildi, að ríkisstj. og

þeir þm., sem eru óánægðir með þá styrki, sem veittir hafa verið, vildu reikna út, hvað það kostaði ríkissjóðinn mikið og hvað vísitalan hækkaði mikið við það, að öll vinnulaun hækkuðu frá 25 upp í 60%, og ef þeir komast að þeirri niðurstöðu, að ekkert hafi hækkað annað en landbúnaðarafurðir, þá er sjálfsagt að ræða þetta, en meðan þeir geta ekki fært sönnur á það gagnstæða, er ekki ástæða til að hreyfa þessu meira. Nú vil ég benda á það, að máske hafa aldrei verið eins lítil átök um hækkun vinnulauna í landinu eins og 1. júlí. Þá fengu verkamenn og allar launastéttir í landinu alveg mótþróalaust hækkun sína, en árangurinn er sá, að úti um allt land hafa menn haft lægri tekjur en áður, vegna þess að það hefur eingöngu verið hugsað um að setja kröfurnar hátt, svo að menn yrðu að hætta að framleiða. Ég skil ekki, hvernig stj. getur lokað augunum fyrir því og tekið þá stéttina, sem hefur barizt við erfiðust kjör, — tekið hana út úr og „spekúlerað" í því, hvernig hægt sé að lækka vísitöluna í landinu eingöngu á hennar kostnað, án þess að það komi nokkuð fram á öðrum stéttum. Það er víst, að þetta mál verður aldrei leyst, nema jafnt sé látið ganga yfir allar stéttir þjóðfélagsins, þannig að þeir, sem meira hafa borið úr býtum, láti meira af mörkum, og það sé ekki eingöngu látið mæða á þeim, sem hafa erfiðust launakjör allra landsmanna. Stj. getur aldrei leyst þessi mál, fyrr en viðurkennt er, að allir verði að bera byrðarnar jafnt.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég vil í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. sagði, endurtaka það, að ef flm. fellur frá till. á þskj. 378, mun ég láta senda þessa till. til viðskiptaráðs með ósk um, að það taki hana sérstaklega til athugunar.

Brynjólfur Bjarnason: Í sambandi við þetta gos hjá hv. þm. Barð. langar mig til að spyrja hann: Ef settur væri stór hópur verkamanna hér upp í fjöll og látinn mylja þar grjót, og úr ríkissjóði borgaðar 3—5 millj. kr., til þess að þeir gætu fengið Dagsbrúnartaxta, mundi honum finnast það hagræn vinnubrögð? Það er dálítið svipað með þessi vinnubrögð landbúnaðarins. Það er vafasamur gróði, þegar borgaðir eru tugir milljóna til þess að framleiða vöru, sem ekki borgar sig að framleiða, vöru, sem verður að selja langt fyrir neðan framleiðslukostnað. Í slíkum vinnubrögðum er ekki nokkurt vit. Hitt er annað mál, að það er vandamál — og það stórt —, sem liggur fyrir þinginu, hvernig skuli fara að, til þess að bændur beri ekki skarðan hlut frá borði vegna framleiðslu sinnar. Það hefur verið farin sú leið að ákveða að borga verðlagsuppbætur með þessari vöru, en n., sem ákveður uppbæturnar, er skipuð fulltrúum bænda, þannig að **þeir skammta sér milljónirnar** sjálfir. Ég held nú ekki, að nokkur þm. hafi búizt við, að þessi till. yrði samþ., og hef heyrt, að hún hafi verið borin fram í því trausti, að hún yrði felld, vegna þess að flm. datt ekki í hug, að hún yrði samþ. Og staðreynd er það, að þegar verðlagið var ákveðið á kjötið í haust, var ekki tekið tillit til **þessarar verðlagsuppbótar**, sem hafði þó verið yfirlýst, að yrði gert. Brtt. mín var á þá leið, að greiða skyldi verðlagsuppbót á alla kjötframleiðsluna, enda næðist þá samkomulag um verð á innlendum markaði. M. ö. o., að það yrði gerð áætlun um, hvað nauðsynlegt væri að greiða bændum fyrir kjötframleiðsluna, og við það yrði verðið á innlenda markaðinum miðað, og yrði tekið tillit til uppbótanna, þegar verðlagið væri ákveðið. Þetta var ekki gert, og bændur höfðu því hag af því að láta kjötverðið vera sem hæst, til þess að milljónirnar gætu orðið sem flestar, sem þeir fengju úr ríkissjóði. Þetta mál er út af fyrir sig dálítið út úr efninu, en ég segi þetta aðeins að gefnu tilefni. En þetta er mjög einfalt mál.

Það er annað, sem kom hér fram í umr., sem ég vil minnast á. Það kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að það væri heimild til þess að selja vörur hærra verði í vissum tilfellum en þær voru fyrir áramót, og þetta byggðist á því ákvæði í l. um dómnefnd í verðlagsmálum, sem samþykkt var í vetur, að ef ágreiningur eða vafi væri um verð, um það, við hvaða verð skyldi miðað, skyldi dómnefnd skera úr, og mér skildist á hæstv. ráðh., — enda hefur hann lýst yfir því annars staðar —, að þegar ágreiningur hafi risið um verð eða hvaða verðlag skuli miðað við, hafi dómnefnd í verðlagsmálum fellt úrskurð. Nú lýsti formaður dómnefndar í verðlagsmálum yfir því, að dómnefnd hefði aldrei fellt neinn úrskurð um, að selja mætti hærra verði en fyrir áramót, og annar meðlimur dómnefndar í verðlagsmálum lýsti yfir því á þingi, að þetta hefði verið rætt í n., og hefði hún komizt að þeirri niðurstöðu, að engin heimild væri til að selja hærra verði, svo að þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. kemur kynlega fyrir sjónir. Samkv. l. um dómn. mun hún hafa þetta vald, ef um ágreining er að ræða, en dómn. hefur ekki fellt neinn slíkan úrskurð, sem ráðh. vill vera láta, og þá segir það sig sjálft, að það hlýtur að vera ólögmæt ráðstöfun, ef vörur eru seldar hærra verði, og stj. hefur enga heimild til að leyfa það.

Gísli Jónsson: Í tilefni af fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. vil ég svara hreint, að ég álít slíkt fjarstæðu, en vil láta fylgja því svari þá ábendingu, að það er einmitt flokkur þess þm., sem árum saman hefur gert kröfur um það, að ríkissjóður styrkti svona störf, til þess að menn ynnu grjótvinnu, sem ekki gefur neinn arð, og styrkti menn til að gera ekki neitt. Að því er stefnt að vega aftan að atvinnufyrirtækjunum, svo að mikill hópur verkfærra manna verði sendur upp á heiðar til þess að mylja grjót eða til þess að gera ekki neitt. Er það ekki þessi stefna, sem hér er út af frystihúsunum? Hver á að greiða mismuninn af þessum kauphækkunum, sem nú hafa orðið, og því, sem þau geta greitt? Er það ekki ríkissjóður? Er það ekki krafa flokks þessa þm., að ríkissjóður taki að sér að greiða það, sem frystihúsin ekki geta greitt, og það eftir að þessir menn hafa fengið miklu meiri bætur en sveitamennirnir? Það er reiknað út. Uppbæturnar á kjötið eru eðlilega háar, en það kemur af því, að árið 1941 er kjötverðið til bænda bundið. Þeir fá ekki að selja með frjálsu verði, því að þá hefði

hækkun vísitölunnar kostað ríkissjóðinn og verkamennina svo mikið. Er það nokkur leið að binda verðlagið fyrst og neita svo að bæta það úr ríkissjóði, þegar landið er búið að græða á bindingu verðlagsins? Getur ríkissjóður fyrst látið þessa stétt líða við það að geta ekki selt á frjálsum markaði og neitað svo að bæta henni upp? Ég held, að það væri ákaflega hyggilegt fyrir þá menn, sem gaspra mest um þessi mál, að reyna að setja sig inn í þau og reyna að skoða þau frá ýmsum hliðum, og þá munu þeir komast að raun um, að þeir hafa rangt fyrir sér.

ATKVGR.
Brtt. 378 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 409).

---

6. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943.

Á 19. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1943 (stjfrv., A. 323).

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): *Herra forseti.* — Ég gæti í rauninni látið mér nægja til skýringar því, að frv. er fram komið, að vísa til aths. grg. Ég vil þó taka þetta fram: Ráðuneytinu var þegar í upphafi ljóst, að miklir örðugleikar yrðu á því að fylgja fyrirmælum 37. gr. stjskr. um að leggja fyrir þ. það, er hefjast skyldi 15. febr., frv. til fjárl. fyrir árið 1944. En þegar sýnt var, að fjárl. þessa árs yrðu ekki afgreidd í jan., tók stj. þá ákvörðun að beita sér fyrir því, að samkomudegi reglulegs Alþ. yrði frestað. Var stjórnmálaflokkunum tilkynnt þessi ákvörðun með bréfi 23. jan., og síðan átti ráðuneytið tal við formenn flokkanna eða umboðsmenn þeirra. Það er augljóst mál, að ógerningur er að semja greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld árið 1944 þegar í byrjun þessa árs, svo sem stjskr. fyrirskipar, að gert sé í hverju fjárlfrv. Stjórninni yrði verulega ógeðfellt að setja saman og bera fram málamyndafrv. í því skyni að uppfylla bókstaf stjskr. Slíkt væri í rauninni að misbjóða þ. og óvirða bein ákvæði stjskr. Ríkisstj. hefur því lagt til, að samkomulag yrði gert um að fresta þ. til 1. okt. Sá dagur er valinn með það fyrir augum, að eftir því sem lengra líður á árið, má fara nær um sennilegar tekjur og sennileg útgjöld ársins 1944, en varlegt er að setja þ. ekki síðar en 1. okt., til þess að fjárl. geti orðið afgr. *fyrir byrjun fjárhagsársins.*

Ég þykist ekki þurfa að fjölyrða um þetta mál, því að það er mjög óbrotið, og með tilliti til þess, að þm. hafa þegar fengið vitneskju um það með *nokkrum fyrirvara, en orðið er áliðið þingtímans, vona ég,* að hv. þd. sjái sér fært að taka afstöðu til málsins, með eða móti, sem allra greiðast og hvort sem frekar sýnist að vísa því til n. eða ekki til n.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér finnst, að hér sé svo stórt mál á ferð, að eðlilegt væri, að um það yrðu nokkrar umr. strax. Margt er það, sem bæði mælir með því og móti. Það mælir með því, að margt, sem nú er hálfgert í þ., mundi mega fullgera með minni fyrirhöfn, ef þessu þ. þyrfti ekki bráðlega að slíta. En þau mál, sem komin eru úr n., fengju fljóta afgreiðslu á næsta þ., ef tekinn væri upp sá háttur, að n. flyttu þau, og yrði þá lítill tvíverknaður eða kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. En sé farin sú leið, sem ríkisstj. óskar, virðist mér það bein afleiðing, að hún yrði þá að leita sér trausts þ. til að sitja án þ. svo langan tíma. Ég held þess sé varla að vænta, að þ. fái stj., sem ekki er þingræðisstj., völdin öll um svo langan tíma, en málið mundi gerbreytast, ef ríkisstj. hefði yfirlýst traust þ.

Á því er reginmunur, hvort ákveðið er að hafa ekki þ. fyrr en 1. okt. eða þ. kæmi nú saman á lögmætum degi og yrði svo frestað, því að þá yrði það á valdi forseta Sþ. að kveða saman þ., hvenær sem þætti við þurfa. Ella ræður ríkisstj. því með ríkisstjóra. Ekki verður komizt hjá, að ríkisstj. gefi út brbl. og taki örlagaríkar ákvarðanir í fjarveru þ. Með tilvísun til þess, að Alþ. hefur fyrir nokkru berlega brotið stjskr., og það varð að almannarómi hið mesta óhappaverk, þá ætla ég það vera nægilega lærdómsríkt til þess, að Alþ. vegi ekki aftur í þann *knérunn. Mér finnst ekki of mikil festa í starfi* Alþ. nú, þótt það beri sig að halda sér sem næst stjskr. Ég treysti mér ekki til að fylgja þessu frv. lengra en til n. og 2. umr., nema það *fylgi, að ríkisstj. leiti trausts hjá þ.*

Í upphafi þ. bar ákaflega mikið á því eftir hita kosninganna, að ekki væri samstarfsvilji meðal flokka, og kom það m. a. fram í því, að 2. stærsti flokkur þ. fékk engan forseta kjörinn. Mér dettur í hug, þegar þessir menn eru búnir að bræða sig saman um mörg mál í n., að kominn sé tími til að láta fram fara nýja þingsetningu og kosningar, og að því búnu gengi flokkunum betur að standa saman um ríkisstj. en nú. Þetta er enn ein ástæðan til þess, að ég sé mér ekki fært að fylgja frv. eins og það liggur fyrir.

Bjarni Benediktsson: Ég teldi eðlilegra að vísa frv. sem fyrst til allshn. og freista þar samkomulags um málið, en freista þess að koma því fram án n. eins og hæstv. forsrh. gerði hálft í hvoru ráð fyrir.

Ég held, að skoðanir séu ekki skiptar um, að það sé allt annað en haganlegt að slíta þingi nú

eftir 10 daga og hefja annað, þar sem öll mál ætti að taka upp frá rótum. Mikil vinna færi forgörðum, og vandkvæðin mætti lengi telja. Aðalástæðan gegn því að fara leið þessa frv. er, að enn sé ekki orðið nógu ljóst, hvert ríkisstj. stefnir. En mér skilst mega komast að því með viðræðum við hana, hvort fyrir henni vakir nokkuð því líkt sem að stofna hér til nokkurra mánaða einræðis. Í öðru lagi efast ég ekki um, að við athugun í n. muni koma í ljós, að hæstv. ríkisstj. muni fara eftir vilja þ. um það, hve lengi það skuli sitja að þessu sinni og að hún muni kalla saman þ., ef meiri hluti þm. óskar þess. Ég get vel skilið tregðu manna að samþ. frv., meðan ekki er full vitneskja fengin um þessi atriði. Þess vegna ætti það að greiða fyrir málinu, að það yrði rætt í n., þar sem allir flokkar eiga fulltrúa.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get tekið undir það með hv. 6. þm. Reykv. (BBen), að málinu eigi strax að vísa til n., svo að menn taki þar afstöðu til þess, og hæstv. forsrh. er ég sammála um, að afgreiða beri það sem allra fyrst, hvort sem Alþ. fellst á það eða hafnar.

Ég vil lýsa yfir því, að eins og þetta mál er fram borið, mun Sósfl. ekki geta fallizt á það. Mér skilst aðalröksemdin vera sú, að ríkisstj. treysti sér ekki að leggja nú fram fjárlfrv. fyrir 1944 nema til málamynda og telji betra að láta það ógert. En þannig hefur staðið á öll stríðsárin. Þ. hefur engu að síður komið saman í febrúar og verið lagt fram frv. til fjárl. og engum þótt óeðlilegt, þótt það ætti eftir að taka mjög miklum stakkaskiptum. Þ. hefur verið frestað og komið saman aftur að haustinu til að afgreiða fjárl. Ég sé ekki neina ástæðu til annars en að svo mætti enn fara að, fremur en ganga á snið við þein stjórnarskrárfyrirmæli um samkomudag þingsins.

Hins vegar hefur komið fram af hálfu þm. sú röksemd gegn því að slita nú þ., að tvíverknaður yrði að þurfa að taka til nýrrar meðferðar á öðru þ. þau mál, sem nú liggja fyrir Alþ., heppilegri vinnubrögð séu að ljúka þeim af fyrir þingslit. Þetta er veruleg röksemd. En skynsamleg vinnubrögð mætti hafa með einfaldara móti en því að ganga á snið við stjskr. Samkvæmt þeirri röksemd mundi í rauninni nægja að fresta þ. þangað til í marz. En vel kemur til mála að fresta alls ekki, heldur kæmu þingflokkar sér saman um, að þeim málum, sem komin eru nokkuð áleiðis, yrði komið fyrstu daga hins nýja þ. á það stig, sem þau eru á nú, svo að þau tefðust ekki óeðlilega.

Hitt verður ríkisstj. að skilja, að þegar eins stendur á og hér, að hún er ekki venjuleg þingræðisstjórn, hefur ekki bak við sig neinn ákveðinn þingmeirihluta. þá kemur ekki til greina, að hún geti setið langan tíma án þ. Hún hefur enga trygging fyrir því, að þ. samþ. þau bráðabl., sem hún hlyti þá að gefa út. .

Ég er sammála því, að frv. beri að vísa til n. sem fyrst til að athuga þær leiðir, sem til eru.

Gísli Jónsson: Ég vil endurtaka það, hve mikilsvert væri að láta nýtt forsetakjör fara fram, áður en Alþ. er frestað. Það er ljóst, að þegar það er farið heim, muni ríkisstj. aðallega hafa samvinnu við forsetana, því að mér kemur ekki til hugar, að hún ætli inn á braut neins einræðis. Þá ríður mikið á að útiloka t. d. ekki annan stærsta þingflokkinn frá samvinnu forseta og ríkisstj., þann flokkinn, sem á kannske ríkust ítökin í ríkisstjórninni.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning, að þetta frv. sé brot á stjskr. Í stjskr. er beinlínis gert ráð fyrir, að Alþ. geti breytt samkomudegi sínum, og það hefur óteljandi sinnum verið gert með samkomulagi, einkum vegna þess að óheppilegt hefur þótt að afgr. fjárlög snemma árs. Vegna þess, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, vil ég taka fram, að það er fráleitt, að þ. sleppi öllum völdum í hendur ríkisstj. með því að samþ. frv. Henni getur ekki dottið í hug að slíta þessu þ. fyrr en það sjálft vill. (**Forsrh:** Það má líta á niðurlagið á aths. frv.). Í n. ætti að mega ræða frekar um þetta við hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 395).

Of skammt var liðið frá úthýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Það hefur tekið nokkru lengri tíma að afgreiða þetta mál en æskilegt hefði verið, og kemur það til af því, að viss atriði í sambandi við frv. töfðu fyrir n.

Samkv. l. er ekki hægt að flytja samkomudag Alþ., en þau mæla svo fyrir, að það komi saman eigi síðar en 15. febrúar. Verður því að ljúka því aukaþ., sem nú situr, fyrir þann tíma. Ef lögin standa óbreytt, verður að slíta því eigi síðar en næst komandi laugardag, til þess að ríkisstj. vinnist tími til þess að leggja mál þau, er þ. hefur afgreitt, fyrir ríkisstjóra til samþykktar.

Ef þ. yrði slitið um helgina, mundu mál þau, sem tekin hafa verið fyrir, falla niður. Í grg. frv. er tekið fram, að það séu óheppileg vinnubrögð að ónýta að nokkru leyti verk Alþ. og jafnframt bent á, að mikil vandhæfni væri fyrir ríkisstj. að leggja fram fjárlagafrv.

Í tilefni af þessu hefur stj. lagt til að fresta setningu reglulegs Alþ. til 1. okt. og þetta sitji áfram.

Mér virðist óviðkunnanlegt, að aukaþ. haldi áfram langt fram á árið 1943 og óheppilegt að dragast með mál frá 1942 langt fram á þetta ár. Frá því sjónarmiði er heppilegast að ljúka aukaþ. sem fyrst. Ég get ekki fallizt á, að mál þau, sem Alþ. hefur haft til meðferðar þurfi að falla niður, þótt því verði slitið. Alltaf fellur niður meira og minna af málum eftir ástæðum. Mér finnst ekki standa svo sérstaklega á nú, að brýna nauðsyn beri til þess og ætti að mega ráða bót

á því á annan hátt. Ef vilji væri til staðar hjá flokkunum, gætu þeir greitt fyrir í þessu efni og yrði þá um að ræða frjálst samkomulag þeirra. Alþfl. er fyrir sitt leyti fús til slíks samkomulags. Hins vegar er ekki því að neita, að nokkrir erfiðleikar eru á því að tryggja, að það samkomulag yrði haldið til fulls.

Þá er hitt atriðið, sem ríkisstj. setti fram, en það var á þá leið, að ekki væri unnt að leggja fjárl. fyrir reglulegt Alþ., sem kæmi saman 15. febrúar. Því er ekki að neita, að erfiðleikar eru á því að leggja fram frv., sem væri þannig gert, að fullkomlega væri gengið frá öllum atriðum, en það gæti gefið hugmynd um, hvers vænta mætti.

Mér finnst hægt að leggja fram fjárlfrv. í svipaðri mynd og nú. Mundi verða liðið langt fram á árið, þegar hægt væri að ganga frá því til fullnustu. Eðlilegast væri, að um einhverja frestun væri að ræða.

Ríkisstj. hefur lagt til, að Alþ. yrði frestað til 1. okt. Vil ég í því sambandi benda á það, að ríkisstj. er mynduð á óvenjulegan hátt. Þingflokkarnir reyndu að koma sér saman um myndun ríkisstj., en tókst það ekki. Þessi stj. er skipuð af ríkisstjóra, og hafa þingflokkarnir tekið á móti henni þannig, að þeir hafa hvorki sýnt henni vantraust eða traust, heldur bíða þeir til þess að sjá, hvað hún ætlast fyrir í þeim málum, sem fyrir liggja. En ríkisstj. hefur ekki lagt fram till. sínar í þeim málum, sem fyrir liggja. Mér finnst þetta óheppilegt hjá hæstv. ríkisstj. Ég tel, að beri að flýta þessu þ. eins og frekast er unnt og slíta því ekki fyrr en búið er að afgreiða þau mál, sem fyrir liggja. Þá væri Alþ. búið að fá nokkra yfirsýn yfir það, hvað hæstv. ríkisstj. hygðist fyrir og þingflokkarnir gætu tekið afstöðu til hennar.

Ég hef því ákveðið að leggja fram skrifl. brtt. við frv., svo hljóðandi:

Reglulegt Alþ. ársins 1943 skal koma saman eigi síðar en 4 dögum eftir að aukaþinginu, er hófst í nóv. 1942, hefur verið slitið.

Vænti ég þess, að hv. þm. og ríkisstj. geti fallizt á þessa till. mína, og vil ég með leyfi hæstv. forseta leggja till. fram.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 9. landsk. þm., svo hljóðandi: [sjá þskj. 407].

Till. er skrifleg og auk þess of seint fram borin, og verður því að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég get að mestu leyti látið nægja að vísa til nál. minni hl. á þskj. 395, þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það leikur ekki á tveim tungum, að það er mjög óheppilegt að slíta Alþ. nú, þegar störf þess eru í miðjum klíðum, og setja svo nýtt þ., þar sem leggja yrði fram fjárlfrv. Allir hljóta að játa, að það er ógerningur, ef nokkurt vit á að vera í frv. Frestunin er því eigi síður í þágu Alþ. en ríkisstj. Einu frambærilegu rökin gegn frestun Alþ. eru þau, að með því fengi stj. möguleika til að slíta þessu þ. strax og búið er að afgreiða fjárl. og stjórna síðan með bráðabirgðal. til 1. okt. Ég hef aldrei vænt hæstv. ríkisstj. um slíkar einræðishneigðir og því ekki tekið þessar ásakanir í hennar garð alvarlega, enda liggja nú fyrir skýrar upplýsingar frá hæstv. ríkisstj. um það, að það sé algerlega á valdi þessa þ. að ákveða, hversu lengi það situr. Þessi ótti er því með öllu ástæðulaus. Ég sé ekki ástæðu til að óttast einræði hæstv. ríkisstj. eins og hv. meiri hl. n. virðist gera og tel sjálfsagt að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir. Þetta er mín skoðun á málinu. Hins vegar kysi ég heldur en að frv. yrði fellt að fylgja brtt. þeirri, sem hv. 9. landsk. kvaðst mundu bera fram. En í því sambandi vil ég gjarnan, að okkur, sem í minni hl. allshn. erum, gefist tími til að athuga þessa brtt. og taka endanlega afstöðu til hennar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Afstaða mín til þessa máls byggist ekki á rökum þeim, sem hv. 6. þm. Reykv. færði fyrir málinu, og einnig er mín skoðun á málinu utan við afstöðu hæstv. ríkisstj. til þess og án tillits til þess, að hún er nú skipuð með öðrum hætti en tíðkazt hefur. Ég hef alltaf verið því mótfallinn, að samkomudegi reglulegs Alþ. sé breytt með l. Ástæðan fyrir því hefur verið rakin svo oft bæði á Alþ. og utan þess, að ég tel eigi þörf á að fjölyrða frekar um það atriði. — Afstaða mín er sem sagt afstaða flokks míns og mun vera hv. þdm. vel kunn. Mér virðist auðvelt mál, þótt þ. sé slitið 15. febrúar, að ljúka við fjárl., og síðan mætti slíta því þ., en af því mundi auðvitað leiða það, að ýmis mál, sem eru á þessu aukaþ., verði niður að falla. Ég tel engan vanda að ráða bót á því. Þau mál mætti taka upp aftur á aðalþ. og koma þeim á örstuttum tíma á sama stig og þau voru á á aukaþ. Það er ekki víst, að samkomulag fengist um þetta milli þingflokkanna, en ég veit, að þm. Framsfl. mundu sætta sig við þetta án tillits til þess, að þeir eru mótfallnir ýmsum málum, sem fram hafa komið á þessu aukaþ. Með því yrði engin töf á störfum Alþ. Á þessu aðalþ. má og fullnægja því formi að leggja fram fjárlfrv., enda þótt eigi sé frá því gengið með neinni nákvæmni. Af þessum ástæðum tel ég eðlilegast að slíta þessu þ. 15. febrúar. Á aðalþ. mætti þá, eins og ég drap á, í fyrsta lagi taka upp þau mál, sem niður þurftu að falla á þessu aukaþ., síðan leggja fram fjárlfrv. og enn fremur taka upp þessi stórmál, sem hæstv. ríkisstj. er nú að undirbúa. Ég tel þetta æskilegustu vinnubrögðin, og ég held, að þau fullnægi bæði óskum hæstv. ríkisstj. og einnig þ., þannig að eigi verði ónýtt starf þess. Hins vegar er nú fram komin brtt. hér, og ef svo skyldi fara, að útlit sé fyrir, að frv. verði samþ., þá geri ég ráð fyrir, að ég greiði þessari brtt. atkv., því að ég vil heldur, að frv. verði samþ. með þessum breyt. heldur en óbreytt.

Þetta er afstaða mín til málsins, og ég tel mig hafa tekið það fram, sem ástæða er til, að minnsta kosti á þessu stigi málsins.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er sammála hv. þm. Str. og hv. 9. landsk. í því, að ástæðulaust sé að

verða við þeim tilmælum hæstv. ríkisstj. að fresta samkomudegi reglulegs Alþ. til 1. okt., og vil í því sambandi vísa til ummæla minna við 1. umr. málsins. Ég tel ekki ástæðu til að fresta samkomudegi reglulegs Alþ. svona lengi, því að engin rök mæla með því. Viðvíkjandi fjárlagafrv., þá er það alltaf venja eins og nú er ástatt að leggja það fram fyrri hluta ársins og samþ. það síðari hluta þess, og af þeim ástæðum er ekki þörf að fresta þ. þennan tíma.

Ég hef hugsað mér tvenns konar leiðir. — Í fyrsta lagi að slíta þessu aukaþ. og reglulegt Alþ. komi saman 15. febrúar, og á því þ. verði upp tekin þau mál, sem niður féllu á þessu þ., og þeim á stuttum tíma komið á sama stig og nú. Þetta er mjög auðvelt. Ef aftur á móti þetta þætti óviðkunnanlegt, þá að fresta samkomudegi þ. til 15. marz, og mun ég flytja skrifl. brtt. í þá átt. Ég tel það mjög hæfilegan frest til þess að ljúka þeim málum, sem nú liggja fyrir. Hins vegar mun ríkisstj. bráðlega koma með mikil mál hér til þ., ef henni fyndist of seint að leggja þau fram á aðalþ. 15. marz, þá mundi vera hægt að afgr. þau fyrir þann tíma. Hv. 9. landsk. hefur borið fram brtt. í þá átt, að Alþ. verði frestað þar til fjórum dögum eftir að þessu þ. er slitið. Mér finnst viðkunnanlegra að ákveða daginn. —

Ég mun svo afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Í þessum umr. hefur lítið komið fram, sem ég þarf að svara. — Það hefur komið fram brtt. frá aðalstuðningsflokki hæstv. ríkisstj. um að fresta samkomudegi Alþ. til 15. marz n. k., og þar eð ekki hefur gefizt tími til að athuga þessa brtt., þá vildi ég fara þess á leyt, þar eð enn fremur ekki liggur ljóst fyrir um úrslit máls þessa að atkvgr. um það verði frestað þar til kl. 1½ á morgun, enda þótt umr. verði lokið í kvöld.

Gísli Jónsson: Ég hef lýst afstöðu minni til þessa máls við 1. umr. þess, en tel ástæðu til að taka fram ýmis atriði, sem síðar hafa fram komið. Hæstv. fjmrh. sagði í dag, að hin stóru mál, sem ríkisstj. ætli að flytja, hafi enn ekki verið lögð fram, vegna þess að eigi sé útséð um, hvort Alþ. verði frestað. En þó sagði hæstv. rh., að þessi mál væru um það bil tilbúin. — Mér kemur þetta kynlega fyrir sjónir, því af orðum hæstv. rh. mætti álykta, að þessi mál breyttust eitthvað eftir því, hvort Alþ. verði frestað eða ekki.

Hér hefur komið fram brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. um að fresta Alþ. til 15. marz. Mér virðist það ekki nóg frestun til þess að ræða þessi stóru mál frá ríkisstj. — Mér finnst eðlilegast, að Alþ. verði slitið 14. marz og reglulegt Alþ. komi saman þann 15. Á því þingi skuli síðan upptekin þessi mjög mikilsverðu mál, því að ég hygg, að það sé ósk bæði þ. og þjóðar, og ekki sízt hæstv. ríkisstj., að þessum málum sé komið í rétt horf hið fyrsta. Það er mjög mikilvægt atriði að taka föstum tökum á þessum málum, og því tel ég ekki nógan tíma að ljúka þeim af fyrir 15. marz, eða til þess tíma, sem farið er fram á í brtt. hv. 5. þm. Reykv.

Mér skildist á orðum hv. þm. Str., að hann mundi samþ. brtt. hv. 9. landsk., ef þetta frv. yrði samþ., eða, ef útlit yrði til þess, enda þótt hann vildi, að reglulegt Alþ. kæmi saman 15. febrúar. Ég vil aðeins benda þeim hv. þm. sem vilja, að Alþ. komi saman 15. febrúar, á það, ef þessi brtt. verður borin upp fyrst, og hún samþ., þá er girt fyrir það, að Alþ. komi saman á venjulegum tíma.

Hins vegar finnst mér eitt athugavert við þessa brtt., sem sé það, að eigi skuli ákveðinn viss dagur, heldur að Alþ. skuli frestað, þar til fjórum dögum eftir að þessu þ. er slitið. — Ég vil beina því til hv. flm. brtt., hvort eigi muni heppilegra að ákveða vissan dag í þessu sambandi. Ég tel ekki einskisvert að halda við formið, og af rökum, sem ég hef greint bæði nú og við 1. umr., þá mun ég enn greiða atkv. gegn þessu frv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Þegar þetta frv. var lagt fyrir hér í hv. d., þá gerði ég með fáum orðum grein fyrir skoðun stj. og tilgangi hennar með því að leggja frv. fyrir, auk þess sem segir í aths. við frv. sjálft. Fyrir stj. vakti, að sem hagkvæmust vinnubrögð ættu sér stað hér í þ., og stj. valdi þann kost að fylgja stjórnskipulegum reglum. Ég hygg, að stj. hefði ekki gert skyldu sína, ef hún hefði ekki vakið athygli þ. á því, hversu erfitt þetta væri í vöfum, ef nýtt þ. ætti að koma saman 15. þ. m. Það spilltist svo mikið af þeirri vinnu, sem þingið hefur nú leyst af hendi, auk þess sem sérstaklega vakti fyrir stj. Ég þykist sjá það á því, hversu málið hefur vafizt fyrir n., að hún hefur séð það, að hér var dálítið flókið viðfangsefni við að eiga. Nú vakti það aldrei fyrir stj. að setja frv. fram sem neina úrslitakosti gagnvart þ. af hendi stj. Þess vegna er mér mjög geðfellt að heyra það, að n. hefur brotið heilann um það, hvernig hún gæti komizt að líkri niðurstöðu, þ. e. a. s. að sama marki eins og stj. sjálf hafði í rauninni hugsað sér, að vinnubrögðin væru sem hagfelldust og hagnýtust. En áform stj. verður að víkja fyrir vilja þ., og það er algerlega á valdi þess, hvernig það leysir þetta mál.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt önnur skrifleg brtt., frá hv. 5. þm. Reykv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 408].

Mun ég nú leita heimildar til þeirra afbrigða frá þingsköpum, að till. verði tekin til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Það er aðeins stutt fyrirspurn til hæstv. stj. Hyggst hæstv. stj. að leggja fram dýrtíðarfrv. sín á þessu þ., ef þessi till. verður samþ.? Mér finnst það vera stórt atriði fyrir d. að fá að vita um þetta, áður en hún greiðir atkv. um þessa till. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. stj. sé tilbúin að svara þessari fyrirspurn.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Ég hélt, að það þyrfti ekki að endurtaka þetta. Hæstv. fjmrh. sagði, „eftir nokkra daga".

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Það var aðeins út af véfengingu hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. Barð. á því, að rétt væri haft eftir stj. það, sem sagt er í áliti minni hl. um yfirlýsingu af hennar hálfu. Ég vænti þess, að hæstv. stj., úr því að hún er við, staðfesti, að rétt er með farið í nál. Og skoða ég þá þögn af hennar hálfu sem ótvíræða staðfestingu hennar á því, að rétt sé eftir stj. haft í nál. minni hl., þar sem raunar var farið eftir skriflegri yfirlýsingu, sem mér barst frá hæstv. forsrh. Auk þess vildi ég geta þess, út af ummælum hæstv. forsrh., „að það hefði vafizt fyrir n. að afgr. málið". Það má að vísu segja, að þau ummæli séu rétt, að svo miklu leyti sem n. sýnist vera klofin um málið, og að ýmsar till. hafa komið fram. En að svo miklu leyti sem í þessum orðum kynni að felast það, að málið hafi verið dregið í n., vildi ég láta það uppi, að n. á þar enga sök. Það var einmitt til þess að hafa fullt samráð við hæstv. stj., að ég vildi ekki afgr. málið frá n. fyrr en vitað væri með vissu um afstöðu hæstv. stj. til þeirra atriða, sem ég taldi máli skipta.

Gísli Jónsson: Það var auðvitað í sambandi við annað mál, sem hæstv. fjmrh. í dag minntist á, að hann mundi tilbúinn með sín frv. eftir nokkra daga. En nú hefur því verið lýst yfir, að þau mál verði lögð fyrir innan fárra daga, hvernig sem fer um þetta mál, og tel ég það nokkurs virði fyrir hv. d. að vita um það atriði.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi svara. Það kom fram hjá hv. þm. Barð. og hv. 5. þm. Reykv., að óheppilegt væri, að í till. minni væri ekkert ákvæði um það, hvenær reglulegt Alþ. skyldi seinast koma saman, og hefur nú hv. 5. þm. Reykv. borið fram till. af þessu tilefni, og er hún um það, að Alþ. skuli koma saman ekki síðar en 15. marz. Þegar ég samdi mína till., velti ég þessu talsvert fyrir mér og komst að þeirri niðurstöðu, að óheppilegt mundi að setja um þetta nokkurt tímatakmark, og taldi rétt, að málin, sem Alþ. þarf að afgr., fengju þarna ein öllu um að ráða. Því að ef farið yrði að setja einhvert tímatakmark, þá eigum við á hættu, að það sé sett það snemma, að aukaþ. væri ekki búið að ljúka sínum störfum, þegar að því tímatakmarki kæmi, og mundi þá komið í sama horf eins og nú er ástatt. Ef tímatakmarkið yrði hins vegar sett of seint, kæmi að því sama, sem er í frv. stj. og við hv. 5. þm. Reykv. erum a. m. k. sammála um að sneiða hjá. Þess vegna er mín till. orðuð þannig, að málin ein ráða því, hvenær aukaþ. yrði lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Ed., 11. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 323, n. 395, 407, 408).

ATKVGR.
Brtt. 407 og 408 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Ég tók till. mína aftur við atkvgr. við 2. umr. málsins í þeim tilgangi um hana og þá till., sem hv. 5. þm. Reykv. hefur flutt. Ég leyfi mér nú að bera fram till. mína lítið eitt breytta, og vænti ég, að um hana geti orðið samkomulag. Till. mín hljóðar þannig: Við 1. gr. Greinin orðist svo: Reglulegt Alþ. ársins 1943 skal koma saman innan 4 daga eftir að aukaþinginu, er hófst í nóvember 1942, hefur verið slitið, þó eigi síðar en 15. apríl 1943.

Ég sé ekki ástæðu til að eyða tíma í að tala um þessa till., en vísa til þeirrar ræðu, sem ég hélt um málið við 2. umr.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. mína.

Forseti StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 9. landsk., sem hann hefur nú lýst. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 415) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil lýsa því yfir, að ég er algerlega samþ. þessari till. og tel hana fullnægjandi lausn á málinu. Ég tók fram við 1. umr., að mér þætti óviðkunnanlegt, að ekki væri ákveðinn dagur, þegar reglulegt Alþ. kæmi saman og að engar skorður séu við því reistar, hvað lengi þetta aukaþing dregst fram eftir árinu. Maður gæti hugsað sér, að það gæti dregizt fram eftir næsta hausti, jafnvel svo, að það orkaði tvímælis, að tími yrði til að afgr. fjárlög.

Hins vegar skiptir ekki máli að mínum dómi, hvort ákveðinn verður dagurinn 15. marz eða 15. apríl, því að ég býst við, að sá háttur verði á hafður, að reglulegt Alþ. verði kvatt saman jafnskjótt og þetta þing hefur lokið störfum.

ATKVGR.
Brtt. 415 samþ. með 9:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, EE, GÍG, HG, IngP, KA, LJóh, PHerm, StgrA.
nei: GJ.
HermJ, JJ, MJ greiddu ekki atkv.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Pétur Magnússon: Þó að ég telji frv. eins og það er nú orðið sízt betra en það var, er það þó betra en að slíta fundum á laugardag og setja aftur á mánudag, og þess vegna segi ég já.

Bjarni Benediktsson: Ég tel, að frv. hafi tekið breytingu til hins verra hér í hv. d., og er að því leyti óánægður, en af því að ég tel þetta þó betra en að slíta þingi á laugardag, segi ég já.

Gísli Jónsson: Með því að ég tel fullar sannanir liggja fyrir um það, að sú aðferð, sem tek-

in var upp á Alþ., að ganga á snið við stjórnarskrána, hafi bakað Alþ. vantraust þjóðarinnar og orðið til tjóns, og með því að ég tel skylt að halda fast við formið, segi ég nei.

Frv. afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., 12. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 416).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Hv. Ed. gat ekki fallizt á frv. stj. um frestun reglulegs Alþ. í þeirri mynd, sem stj. lagði til, að það yrði samþ., þó að hins vegar væri fallizt á þá hugsun stj. að fresta samkomudegi reglulegs Alþ. að þessu sinni.

Stj. þykir að vísu, að frv. hafi ekki breytzt til bóta, en getur þó fellt sig við það, eins og það nú er, eftir að hafa farið í gegnum hv. Ed.

Ég býst við, að hv. allshn. Ed. hafi, er hún hafði frv. þetta til athugunar, haft hv. allshn. Nd. með í ráðum og því sé ekki þörf á því, að frv. verði látið ganga til n. í þessari hv. d., og þar sem nauðsyn er á því, að afgr. frv. verði lokið í þessari hv. d. í dag og allra helzt nú á þessari stundu, þá vildi ég mega skjóta því til hv. d., að henni þóknaðist að leyfa afbrigði fyrir frv. til þess að það verði sem fyrst afgr. út úr d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir þeirri breyt., er orðið hefur á frv. þessu í Ed. — Mér finnst það undarlegt, að frv. skyldi vera breytt í þetta horf, er Ed. var því samþykk, að reglulegu Alþ. yrði frestað, að samkomudagur þess yrði annar að þessu sinni en ákveðið er í l., vegna aukaþ., er nú stendur yfir.

Sú aðferð að framlengja aukaþ. virðist eðlileg, eins og ástatt er nú. —

Aðalverkefni aðalþ. verður eðlilega að afgreiða fjárl. fyrir árið 1944, og ég geri ráð fyrir því, að mönnum komi saman um, að á þessum yfirstandandi tímum, þegar öll þessi óvissa ríkir í hverju sem er, þá standi Alþ. því betur að vígi með að áætla fjárhagsáætlun næsta árs því síðar sem það er gert á þessu ári. Á þann hátt fæst bezt yfirsýn yfir fjárhagsafkomu þessa árs og einnig bezt innsýn í það, hvernig hún muni verða á næsta ári, eftir því sem næst verður komizt á þessum tímum. Það hefði því verið eðlilegt og í samræmi við þetta að fresta samkomudegi aðalþ. þangað til síðar á árinu, eins og stj. vildi líka að gert yrði.

Mér finnst það vera ákaflega einkennileg ráðstöfun, ef á að fara að setja nýtt þ. 4 dögum eftir að þessu aukaþ. er lokið til þess eins að fresta því þangað til síðar á árinu. - Ég held, að þessu athuguðu, að hv. þm. hljóti að vera ljóst, að breyt. hv. Ed. á frv. þessu hefur verið alveg óþörf, og heldur til hins verra.

Ég vildi nota þetta tækifæri við 2. umr. þessa máls, til þess að láta þessa skoðun mína í ljós, að ég hefði heldur kosið, að frv. þetta hefði verið í sinni upprunalegu mynd eins og það kom frá stj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:3 atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PO, SigfS, SG, STh, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GSv, GTh, JakM, JS, LJós.

nei: SEH, SÞ, SkG, JPálm, JörB.

PÞ, SB, SK, GG, HelgJ, IngJ, JJós greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓTh, EmJ, GÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Sigurður Bjarnason: Þar sem ég tel þetta frv. hafa spillzt við það að fara í gegnum hv. Ed. og með skírskotun til nál. minni hl. allshn., þá greiði ég ekki atkv.

Sigurður Kristjánsson: Ég álít eins og fleiri, að frv. hafi átt að vera eins og það kom frá stj. Þó að svo sé, mun frv. vera betra en ekki, en ég sé samt ekki ástæðu til að greiða því atkv. og sit þess vegna hjá við atkvgr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Með því að frv. hefur verið breytt svo í hv. Ed., að ég get, eftir þau ákvæði, er þar hafa verið sett í frv., verið því samþykkur, þá segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 421).

---

7. Fjárlög 1943.

Á 1. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1943 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (HG): Ég vil í sambandi við 1. dagskrármálið, sem er frv. til fjárl. fyrir árið 1943, benda hv. þm. á, að samkv. 51. gr. þingskapa skal útvarpa framsöguræðu fjmrh. um frv. til

fjárl. og ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annarra þingflokka, enda hefur fjmrh. þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

Nú stendur þannig á, að á reglulega þinginu á síðasta vetri var lagt fram frv. til fjárl., og flutti þá fjmrh. framsöguræðu, sem var útvarpað, svo sem venja er til samkv. þingsköpum. Nú hefur hæstv. fjmrh. tjáð mér, að hann teldi ekki ástæðu til að flytja um frv. útvarpsræðu, þar sem það hafi verið gert fyrr á árum. Ég hef tjáð hæstv. ráðh., að ef einhver stjórnmálafl. fer fram á, að útvarpsumr. verði hafðar um frv. nú, þá sé skylt að verða við þeim tilmælum.

Vil ég því spyrjast fyrir hjá hv. þm., hvort óskir eru um það, að útvarpsumr. verði um fjárlagafrv. nú, eins og þingsköp gera ráð fyrir. — Óska flokkarnir að fá fundarhlé til þess að bera sig saman um þetta? (Ekkert svar). Ef svo er ekki, skoðast það svo sem flokkarnir hafi ekkert á móti því, að niður falli útvarpsumr. um fjárlagafrv. nú að þessu sinni. Mun ég bera undir atkv. hv. þm., hvort þeir leyfa afbrigði frá þingsköpum um, að útvarpsumr. fari ekki fram um málið. Verði það samþ., mun ég taka frv. fyrir til umr. á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um að láta ekki fara fram útvarpsumr. um frv. leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Það kom mér dálítið á óvart, að mál þetta var tekið á dagskrá nú. Ég þarf kannske ekki að gera grein fyrir því. En mér var alls ekki kunnugt um það, að fundur yrði nú í sameinuðu Alþ., hvað þá, að fjárl. yrðu tekin á dagskrá, fyrr en ég var kominn á fund. Hafði ég því ekki með mér plögg þau, er ég annars hefði haft, svo sem yfirlit yfir tekjur og gjöld það sem af er þessu ári.

Vil ég því heldur, að málið verði tekið af dagskrá að þessu sinni og ákveðin verði umr. um það síðar, sem má gjarnan mín vegna vera á morgun.

Umr. frestað.

Á 4. fundi í Sþ., 26. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Herra forseti. Heiðruðu þingmenn. — Eins og yður er kunnugt, var skýrt frá því á fundi í gær, að ég hefði mælzt til þess, að vikið yrði frá þeirri venju, sem raunar er gert ráð fyrir í þingsköpum, að útvarpað yrði þessari framsöguræðu. Ég gerði þetta ekki af því, að mér þætti ekki nokkurn veginn á sama standa, hvort útvarpað væri venjulegum fjárlagaumræðum. Hins vegar fannst mér það ekki eiga við að þessu sinni, þar sem hér er ekki um að ræða, að lagt sé fram nýtt fjárlagafrumvarp. Fjárlagafrumvarpið var lagt fram í marz s. l., og var þá gefin venjuleg skýrsla um afkomu ríkissjóðs. Slíka skýrslu er ekki hægt að gefa nú. Þar að auki er þess að gæta, að sú breyting hefur orðið á ríkisstj., að sú stjórn, sem nú fer með völd, starfar aðeins til bráðabirgða og er því ekki fær um að marka stefnu fyrir framtíðina. En að svo stöddu geta ekki umr. farið fram um fjárlögin, fyrst og fremst sakir þess, að stjórnin situr aðeins til bráðabirgða.

Endurskoðun sú, sem fram hefur farið á fjárlögunum fram til þessa, lýtur aðeins að því að breyta tölum samkv. breytingum á verðlagi í landinu.

Í byrjun þessa árs þegar fjárlagafrumvarp það, sem lagt var fyrir vetrarþingið, var samið, var mikil óvissa ríkjandi um það, hvernig áætla bæri tekjur og gjöld ríkisins fyrir næsta ár. Fjárhagsafkoma ríkissjóðsins árið 1941 hafði að vísu orðið mjög góð, þannig að tekjuafgangur varð rúmar 18 millj. kr., samkv. landsreikningi, þrátt fyrir aukin útgjöld, að mestu leyti fyrir þá sök, að tekju- og eignarskattur og vörumagns- og verðtollur höfðu farið stórlega fram úr áætlun, en á þessum þremur meginstoðum hvílir afkoma ríkissjóðs að mestu leyti.

En um þessar mundir hafði kafbátahernaður Þjóðverja á Atlantshafi mjög færzt í aukana, og eftir því sem styrjaldarátökin hörðnuðu, mátti búast við, að dregi úr innflutningi til landsins, bæði vegna siglingateppu og aukinna útflutningshafta í þeim löndum, er við sækjum vörur okkar til, Bretlands og Bandaríkjanna, en minnkandi aðflutningur mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér minnkandi tolltekjur.

Lögin um tekju- og eignarskatt og lögin um stríðsgróðaskatt voru þá undir endurskoðun og óvíst, hvaða afgreiðslu það mál fengi á Alþ. — Ríkisstj. hafði gert tilraunir til að stöðva hina almennu verðhækkun í landinu, sem, ef tækist, mundi hafa stórvægileg áhrif á útgjaldalið fjárl. Allt þetta leiddi til þess, að tekjuhlið frv. var áætluð mjög gætilega, eða miklu lægri en tekjurnar höfðu orðið árið 1941, eins og það einnig hafði áhrif á áætlun gjaldabálksins, að menn gerðu sér vonir um að hægt yrði að hafa hemil á verðbólgunni.

Þó að margt sé enn í óvissu um framtíðina, er þó auðveldara nú að gera sér grein fyrir afkomumöguleikum ríkissjóðs á næsta ári, þegar kunn er orðin afkoma atvinnuveganna og landsfólksins í heild, það sem af er þessu ári, svo og að nokkurn veginn verður séð, hvernig ríkisbúskapurinn hefur borið sig fram að þessu. Samkv. skýrslu ríkisbókhaldsins hafa tekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum numið ¾ hl. ársins kr. 39231290, en voru á sama tíma í fyrra kr. 22022321, og munar þar rúmum 17 millj. kr., sem tekjurnar hafa orðið hærri í ár. Þá er þó ekki talið innkomið af manntalsbókargjöldum nema rúmar 2 millj. kr., en tekju- og eignarskattur og hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti má ætla, að nemi allt að 20 millj. kr.

Hins vegar hafa útgjöld ríkisins samkv. fjárl., heimildarl. og væntanlegum fjáraukal. á sama tíma numið kr. 39663276, og stafar sú hækkun fyrst og fremst af hinni almennu verðhækkun í landinu, en vísitalan er nú, eins og kunnugt er, orðin 260 í stað 182 í ársbyrjun.

Gjaldayfirlit.	Til sept.loka
Vextir	468803
Ríkisstjóraembættið	136053
Alþingiskostnaður	616467

Ríkisstjórnin	465978
Hagstofan	83679
Utanríkismál	35668
Dómgæzla og lögreglustjórn	2137296
Embættiskostnaður	513805
Heilbrigðiskostnaður	545122
Vegamál	6864434
Samgöngur á sjó	926033
Vitamál	582772
Flugmál	6600
Kirkjumál	326119
Kennslumál	2067286
Vísindi, bókmenntir og listir	261837
Verklegar framkvæmdir	4293516
Almenn styrktarstarfsemi	2032098
Eftirlaun	254971
Verðlagsuppbót	3016728
Óviss útgjöld	519696
Aukauppbót	31496
	26186457
Samkv. sérstökum lögum	1925389
Heimildarlög	1022392
Væntanleg fjáraukalög	1529038
Samtals kr.	30663276

Mismunur skatttekna og gjalda þessa ¾ ársins, sem af er, er þannig tæpar 9 millj., en þar við eiga eftir að bætast tekjur af ríkisstofnununum og tekju-, eignar- og stríðsgróðaskattur.

Innheimtar ríkissjóðstekjur.

	Til sept.loka 1912	1911
Aukatekjur	601193	557687
Stimpilgjald	797685	729543
Leyfisbréfagjald	78055	55577
Erfðafjárgjald	54406	56957
Vitagjald	311789	237446
Manntalsbókargjöld	2065805	1632660
Vörumagnstollur	7035125	5063054
Verðtollur	23382645	9821282
Útflutningsgjald	1792190	1422239
Bifreiðaskattur	1328278	929957
Gjald af innlendri tollvöru	693357	642000
Veitingaskattur	106750	164738
Skemmtanaskattur	103007	229145
	38350285	21542285
Eftirstöðvar frá fyrri árum	881005	480036
Samtals kr.	39231290	22022321

Það fjárlagafrv., sem nú er lagt fyrir hið háa Alþingi, ber því nokkuð annan svip en frv. í vetur.

Tekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar kr. 48258440 í stað kr. 33736100, mismunur kr. 14522340. Útgjöld kr. 42011893 í stað kr. 28333233. Mismunur kr. 13678655. Rekstrarafgangur kr. 6246547 í stað kr. 5402862. Mismunur kr. 843685. Aðalhækkunin á tekjuhlið fjárlfrv. er á tekju- og eignarskatti og tollum.

Það sem af er þessu ári, hafa atvinnuvegir landsmanna yfirleitt staðið með miklum blóma, og þó að fyrirsjáanlegt sé, að tekjur af sjávarútvegi muni ekki verða eins miklar og s. l. ár, þá virðist þó ekki óvarlegt að áætla teku- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt 15 millj., eins og gert er í frv., eftir því sem þessi tekjuliður varð í ár. Vörumagnstollur er áætlaður hinn sami og á fyrra frv., 5 millj. kr., en verðtollurinn 15 millj., eða 5 millj. kr. hærri en áður.

Þessir tekjuliðir hafa farið langt fram úr áætlun, það sem af er þessu ári. 1. okt. var vörumagnstollurinn orðinn 7 millj. kr. og verðtollur 23,3 millj. Stafar þetta af óvenjulega miklum innflutningi í ár, svo og af almennri verðhækkun erlendra vara.

Hins vegar má búast við, að mjög dragi úr innflutningi á næsta ári, vegna þess að alltaf þrengist um skipakost til aðflutninga, og gera má ráð fyrir, að eftir því sem stríðið stendur lengur, verði erfiðara að fá útflutningsleyfi fyrir ýmsum vörum, sem tiltölulega hár tollur er á, svo sem vefnaðarvöru og ýmiss konar járnvörum.

Gerðar hafa verið nýjar áætlanir um rekstur ríkisstofnana vegna aukins rekstrarkostnaðar, en lítil breyting hefur orðið á heildarafkomu þeirra frá því, sem gert var ráð fyrir á hinu fyrra frv., nema landssímans, en símagjöld hafa, eins og kunnugt er, verið hækkuð um helming. Er gert ráð fyrir 788 þús. kr. hækkun á þessum lið.

Gjaldabálkurinn hefur verið endurskoðaður, leitað umsagnar þeirra stofnana og aðila, er þar eiga hlut að máli, og fengnar nýjar áætlanir um flesta þá liði, er máli skipta. Má í einu orði segja, að sú hækkun, sem gerð hefur verið á útgjaldalið fjárlaganna, eigi að langmestu leyti rót sína að rekja til verðlagshækkunar þeirrar, sem orðið hefur á árinu. Að öðru leyti vísast til grg. fyrir frv.

Helztu hækkanir eru þessar:

Á 11. gr. Dómgæzla og lögreglustjórn kr. 539370.

Á 12. gr. Heilbrigðismál kr. 544800, og hafa þó daggjöld verið hækkuð allverulega frá því í fyrra frv.

Á 13. gr. A. Vegamál kr. 2420200, þar af 1300000 til viðhalds fram yfir það, sem gert var áður ráð fyrir, eða alls 3300000, en af reynslu 2 síðustu ára er engan veginn gerandi ráð fyrir, að þessi útgjaldaliður verði lægri. Til nýrra þjóðvega og til þjóðvega af benzínskatti nemur hækkunin kr. 583000, en alls er gert ráð fyrir, að varið verði í þessu skyni kr. 1928000.

Á 13. gr. B, Samgöngur á sjó, nemur hækkunin kr. 395000. Til strandferða Skipaútgerðar ríkisins er áætlað, að varið verði 1100000 kr., og er það miðað við tapið, sem varð á þessum rekstri 1941. Á þessu ári hefur þegar verið greitt úr ríkissjóði yfir 1½ millj. kr. til strandferða ríkisskipanna, svo að telja má vafasamt, að hin áætlaða fjárhæð dugi, nema fargjöld og farmgjöld verði enn hækkuð til samræmis við aukinn kostnað.

Á 14. gr. B. Kennslumál, nemur hækkunin kr. 598960.

Á 16. gr. Verklegar framkvæmdir, kr. 925661.

Á 17. gr. Almenn styrktarstarfsemi, kr. 1350000. Þessar hækkanir stafa að langmestu leyti af almennri verðlagshækkun.

Langmest varð þó hækkunin á 19. gr., kr. 5850000, við það, að verðlagsuppbótin hefur verið hækkuð úr kr. 3500000 í 8000000 kr. og bætt

hefur verið við nýjum lið til greiðslu aukauppbótar á laun samkv. ályktun Alþ. í sumar, sem gert er ráð fyrir, að nemi kr. 1200000. Verðlagsuppbótin varð s. l. ár 3,28 millj., en meðalvísitala ársins 1941 var 159,67. Sé gengið út frá þeirri vísitölu, sem gilti, er frv. var samið, 250, má ætla, að áætlunin standist, og mun þó vera teflt á tæpasta vað.

Útgjöldin samkv. þessu frv. eru áætluð kr. 42011893, sem fyrr greinir, og hafa aldrei áður stigið svo hátt. Þetta er og að vonum, þar sem reynt hefur verið að taka fullt tillit til verðhækkunarinnar, en hennar gætir svo að segja á hverjum lið fjárlaganna. En þar við bætist, að styrjaldarástandið hefur skapað ríkissjóði ýmis ný og óvænt útgjöld, svo sem aukinn lögreglukostnað, aukinn kostnað við vegaviðhald, stórum aukinn kostnað við utanríkismál o. fl., svo sem kostnað við loftvarnir og sumardvöl barna í sveit.

En sé þetta skoðað ofan í kjölinn, er þó í raun og veru mesta furða, að útgjöldin skuli ekki hafa stigið enn hærra.

Á fjárlagafrv. því, sem samþ. var á Alþ. 1939, voru útgjöldin áætluð kr. 17857448, og miðað við vísitöluhækkunina síðan, ættu þau nú að nema kr. 44543620.

Hins vegar veltur allt á því, um það, hversu vel þessi áætlun stenzt, hvort unnt verður að koma í veg fyrir frekari verðhækkun en orðið er, og það verður hlutverk þessa þings að finna ráð til þess.

Ég læt þetta nægja að sinni og legg til, að frv. verði vísað til fjvn. og umr. frestað að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 27. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (GSv): Áður en umr. hefst, skal ég leyfa mér að taka fram, að það er gömul venja, að almennar umr., svo nefndar eldhúsdagsumr., fari fram, þegar fjárlagafrv. kemur á dagskrá til framhalds 1. umr., enda er nú svo ráð fyrir gert í þingsköpum, 53. gr., er hefur að geyma ákvæði um útvarp þingræðna við þá umr. Þá hefur svo við borið oftar en einu sinni, að slíkar umr. hafa verið geymdar þar til á síðara stigi fjárlagameðferðar, enda hefur þá samþykki þingflokka komið til.

Nú hafa flokkarnir orðið ásáttir um, að eldhúsdagsumr. verði frestað að þessu sinni, en áskilja sér rétt til þess, að þær umr. fari fram síðar, á því stigi málsins, er um semst milli flokkanna, væntanlega að lokinni eða í lok 2. umr., og munu þá einnig koma til greina samningar um að breyta til um ræðutíma og umferðir frá því, sem ákveðið er í 53. gr. þingskapa.

Fordæmi er fyrir því, að yfirlýsing um samþykki þingflokka hefur verið látin nægja til slíkrar frávikningar frá fyrirmælum þingskapa, án þess að leita þyrfti formlegra afbrigða, og tel ég þetta samþ. án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn. (Enginn þm. hreyfði andmælum gegn þessum frávikningum frá þingsköpum).

Þessar frávikningar teljast þannig samþykktar, eins og lýst hefur verið.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég vil leggja til, að fjárlagafrv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 268, 269, 303).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 303. - Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Forseti (GSv): Hv. þm. hafa hingað til orðið ásáttir um að fresta útvarpsumr. um fjárlfrv., þar til á ákveðnu stigi þeirra mála, og hefur verið siður, að þær hafi farið fram áður en gengið hefur verið til atkvgr. eftir 3. umr. En forseti taldi rétt, til að taka af allan vafa um vilja þm., að leita afbrigða og leyfa, að útvarpsumr. færu fram að þessu sinni í lok 2. umr.

ATKVGR.

Samþ. var með 27 shlj. atkv., að eldhúsdagsumr. skyldu fara fram í lok 2. umr., áður en gengið væri til atkv. um frv. sjálft.

Frsm. (Finnur Jónsson): Um afgreiðslu fjvn. á fjárlagafrv. get ég að mestu leyti vísað til nál. Þó verður ekki komizt hjá að minnast nokkru nánar á, hvernig fjárlagafrv. var búið í hendur n. af hálfu ríkisstj.

Svo sem segir í nál., lágu engir launalistar fyrir frá ríkisstofnunum og skrifstofum, og gekk mjög erfiðlega að fá þá. Síðustu launalistarnir voru ekki komnir í hendur n., þegar hún kom saman 4. jan. að loknu jólafríinu. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1941 var eigi tilbúinn, og fékk n. hann í pörtum í handriti eftir talsverða eftirgangsmuni. Einnig tók langan tíma að fá ýmsar aðrar upplýsingar, sem n. óskaði eftir og þurfti nauðsynlega að fá, og tafði þetta mjög fyrir starfi hennar.

Í fjárlfrv. eru verðlagsuppbót og aukauppbætur færðar til útgjalda hjá ríkisstofnunum á 3. gr. og hjá Skipaútgerð ríkisins, en á flestum öðrum liðum frv. er hvorki verðlagsuppbót né aukauppbætur taldar með, heldur áætlaðar í tveim liðum á 19. gr., og er því eigi unnt af frv. sjálfu að sjá, hver sá raunverulegi kostnaður er við hverja skrifstofu eða embætti. Fjvn. telur rétt, að þetta verði lagfært framvegis og hefur óskað eftir því við ríkisstj., að í fjárlagafrv. fyrir 1944 verði verðlagsuppbótin færð á hvern lið fyrir sig, svo að unnt verði að sjá, hver sá raunverulegi kostnaður er við hverja stofnun. Er þess að vænta, að úr þessu verði bætt framvegis.

Að sjálfsögðu er erfitt að gera áætlanir á þessum tímum vegna hinna öru breyt., sem eru á öllu verðlagi. N. hefur athugað rekstraráætlanir hjá stofnunum og skrifstofum ríkisins og leiðrétt þær eftir föngum. Svo sem segir í nál.,

hefur n. gert athuganir um fjárframlög til verklegra framkvæmda, svo sem hafnargerða, brúargerða, vegagerða, opinberra bygginga o. fl. og gert drög að till. þar að lútandi, en leggur þær till. eigi fyrir Alþ. við þessa umr., vegna þess að eigi var að fullu lokið athugun á tekjuhlið frv. Varð um þetta nokkur ágreiningur í n. Vildu fjórir nm. (FJ, PZ, LJ, ÞG) gera fullnaðartillögur bæði um tekjuáætlunina og framlög til verklegra framkvæmda og því um líkt, en aðrir nm. voru því andvígir, og voru fyrir því færð fram þau rök, að ríkisstj. hefði enn eigi gert Alþ. grein fyrir, hverjar ráðstafanir hún hygðist að gera í dýrtíðarmálunum eða hver áhrif þær væntanlegu ráðstafanir kynnu að hafa á fjáröflun og fjárframlög, en hvort tveggja þetta gæti haft veruleg áhrif á afgreiðslu fjárlaganna. Aðeins tveir nm. skrifuðu undir nál. með fyrirvara út af þessum ágreiningi, þó að vitað væri, að tveir aðrir nm. væru því eigi heldur samþykkir.

Þó að þessi ágreiningur hafði orðið um aðferðina við afgreiðslu fjárlfrv. við þessa umr., skilar n. sameiginlegu áliti, og ég vil að gefnu tilefni taka það fram, að í n. hefur verið gott samstarf og að sá mismunur á skoðunum, sem þar hefur komið í ljós, hefur eingöngu verið um það, hvernig afgreiðslu skyldi hagað, en ekki um einstakar fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Tekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum og stofnunum ríkisins eru í frv. áætlaðar samtals 47882000 kr., en urðu á árinu sem leið 80—85 millj. kr. Tollheimtumenn ríkisins hafa verið beðnir að gefa skýrslur um tekjur ársins, sem leið, og munu væntanlega liggja fyrir nánari upplýsingar um þær nú um næstu helgi, og er þá, að fengnum þeim upplýsingum auðveldara en nú að gera fullnaðaráætlun um tekjurnar.

Það kann að valda nokkrum ágreiningi, hvort rétt hafi verið að fresta því að gera tillögur um það, sem hér hefur verið drepið á, en ég hef ekki talið það neitt aðalatriði, hvort ákvarðanir yrðu teknar um það við þessa umr. eða ekki fyrr en við 3. umr., heldur tel ég hitt meira um vert að freista þess við síðari umr. að fá samkomulag um afgreiðslu fjárl., þannig að lagt yrði fé fram til verklegra framkvæmda og reynt að taka tillit til óska landsmanna í því efni, eftir því sem fært þætti.

Kem ég þá að einstökum brtt. nefndarinnar.

Ríkisstj. hafði gert ráð fyrir því í fjárlfrv., að afnotagjald útvarpsins hækkaði um helming, eða upp í 60 kr., en nefndin taldi fyrir sitt leyti eigi ástæðu til að hækka afnotagjaldið svo mikið, og hefur því í brtt. sinni gert ráð fyrir, að afnotagjaldið verði miðað við 50 kr. fyrir hvern notanda, eða samtals 1050000 kr. Aðrar tekjur útvarpsins eru áætlaðar með hliðsjón af tekjum ársins 1942 og þó nokkru lægri, en útgjaldaáætluninni er breytt í samráði við útvarpsstjóra.

N. leggur til, að launum í stjórnarráðinu sé breytt í samræmi við launalista, sem lágu fyrir henni.

Í áætlun hagstofunnar var verðlagsuppbót og aukauppbót á laun innifalin í gjöldum stofnunarinnar, og leggur n. til, að þetta verði leiðrétt og fært til samræmis við aðra liði fjárl.

Sýslumönnum hefur verið greitt aukreitis 2 þús. kr. hverjum utan við launal. auk grunnlaunauppbótar. Sams konar aukalaun munu hafa verið greidd skrifstofustjórum stjórnarráðsins, lögmanni, prófessorum við háskólann o. fl., en þessar aukagreiðslur eru almennt ekki áætlaðar í frumvarpinu nema á laun sýslumanna. Leggur n. til, að þessu sé breytt þannig, að hin föstu laun sýslumanna séu áætluð samkv. launalögum, en uppbótin sérstaklega, ef Alþ. tekur þá ákvörðun að greiða hana.

Um 5.—9. brtt. má segja, að þær eru gerðar með hliðsjón af kostnaðinum eins og hann reyndist árin 1941 og 1942.

Kostnaður við landhelgisgæzlu reyndist á árinu 1941 813 þús. kr., en hefur á árinu 1942 orðið yfir eina millj. kr., og er því sízt of lágt áætlaður samkv. brtt. n. Talsverð brögð munu vera að því, að strandgæzluskipin séu notuð bæði til fólks- og vöruflutninga vegna hins óvenjulega ástands, og mætti því ef til vill nokkur hluti af þessum kostnaði eins teljast til strandferða eins og til landhelgisgæzlu.

Kostnaður við sjódóm, setu- og varadómara og sáttatilraunir í vinnudeilum er hækkaður með hliðsjón af útgjöldum ársins 1941.

N. leggur til, að kostnaður við fasteignamat verði hækkaður úr 20 þús. í 100 þús. samkv. till. formanns yfirfasteignamats ríkisins. Hefur hann upplýst n. um, að enn sé óprentað nokkuð mikið af fasteignamatinu og þau útgjöld komi á árið 1943, en prentunarkostnaður hefur hækkað mjög, svo sem kunnugt er.

Liðurinn „Eyðublöð, bókband og auglýsingar" er hækkaður með hliðsjón af því, hve kostnaður við þetta hefur aukizt.

Lagt er til, að teknir séu upp í 12. gr. tveir nýir liðir: „Til vinnuskólans á Kleppjárnsreykjum og til athugunarstöðvar barnaverndarnefndar, samtals 104 þús. kr." Er þetta rekstrarkostnaður við þessar tvær stofnanir, sem teljast óhjákvæmilegar vegna núverandi ástands.

Þá hefur n. lagt til, að styrkir til læknisbústaða og sjúkraskýla verði hækkaðir úr 80 þús. kr. upp í 160 þús. kr. með tilliti til, að honum verði skipt þannig:

Til	Akraness	kr.	50000.00
—	Keflavíkur	—	50000.00
—	Rangárhéraðs	—	16000.00
—	Breiðumýrar	—	17000.00
—	Þórshafnar	—	5000.00
—	Egilsstaða	—	17000.00
—	Hornafjarðar	—	5000.00
		Kr.	160000.00

Er þó gert ráð fyrir, að þeirri venju verði haldið, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar, og skiptist greiðslan á 3 ár.

N. hefur lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa, samtals 42900 kr. Hefur n. gert þessar till. í samráði við landlækni með tilliti til þess, að ýmis sveitarfélög verða fyrir halla vegna rekstrar sjúkrahúsa, sem sótt eru að meiri hluta af utanhéraðssjúklingum, — en eigi telst réttmætt, að þau héruð, sem ráðizt hafa í sjúkrahúsbyggingar með ærnum kostnaði, þurfi auk þess að taka á sig árlegan halla vegna

utanhéraðssjúklinga —, og enn fremur í því skyni að hlynna sérstaklega að einum spítala í hverjum landsfjórðungi, sem þá verði útbúnir með það fyrir augum að verða reknir sem fjórðungsspítalar. Um Seyðisfjarðarspítalann skal það sérstaklega tekið fram, að lagt er til, að hann verði styrktur sem fjórðungsspítali, meðan eigi er reist annað vandaðra sjúkrahús á Austfjörðum.

Þá koma nokkrir liðir, sem eru aðeins lagfæringar og leiðréttingar vegna dýrtíðarinnar.

N. leggur til, að styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum sé hækkaður úr 50 þús. í 80 þús. kr. Landlæknir og aðrir, sem til þekkja, telja þessa starfsemi mjög nauðsynlega til þess að fyrirbyggja sjúkdóma og að hún muni spara landsmönnum og hinu opinbera stórfé. Því meiri og fullkomnari sem hún verður, því meiri líkur séu til að hún varni sjúkdómum og vandræðum og kostnaði vegna þeirra.

Flateyingar eiga mjög erfiða aðstöðu um læknisvitjanir, og leggur n. til, að tekinn verði upp nýr liður, 1000 kr., til að hafa lærða hjúkrunarkonu í Flatey á Skjálfanda.

Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra er í frv. of hátt reiknaður um 50 þús. kr., og er lagt til, að það verði leiðrétt.

Vegna siglingaörðugleika og tafa þeirra, sem milliferðaskipin verða fyrir, hefur kostnaður vegna strandferða farið ört vaxandi. Telur n., að framlag til þeirra sé of lágt áætlað, og leggur til, að það verði hækkað um 600 þús. kr. Er sú hækkun gerð með hliðsjón af kostnaðinum síðasta ár, og mun þó varla vera hægt að gera ráð fyrir, að strandferðir geti orðið fullnægjandi, eins og skipakosti okkar er nú varið.

Till. frá samvn. samgöngumála um flóabátastyrk eru enn eigi komnar, en liggja væntanlega fyrir við 3. umr.

Byggingarstyrkur til Djúpbátsins mun hafa verið greiddur af tekjum ársins 1942, og leggur n. því til að hann verði felldur niður.

N. leggur til, að fjárveitingin til áhaldakaupa verði hækkuð um 100 þús. kr. eftir till. vitamálastjóra, er telur þessa hækkun nauðsynlega til þess að geta séð vitunum fyrir ýmsum nýtízku áhöldum til verkaflýtis og vinnsparnaðar.

Við 14. gr. hefur n. borið fram margar brtt. Hefur hún fengið launalista frá ríkisféhirði og borið hann saman við frv. Komu þá í ljós skekkjur á ýmsum launaliðum, sem n. leggur til, að séu lagfærðar. Þá hefur n. talið nauðsynlegt að hækka ýmsa útgjaldaliði á áætlunum skólanna, ljós, hita o. fl., sem augljóslega voru of lágt áætlaðir í frv. Dæmi voru þess, að útgjaldaliðir voru áætlaðir hinir sömu og í fjárl. fyrir árið 1941, og mun það m. a. stafa af því, að forstöðumenn ýmissa stofnana höfðu gefizt upp við að gera áætlanir um útgjöld fyrir þetta ár. T. d. hafði einn embættismaður úti á landi svarað beiðni stjórnarráðsins um áætlun með símskeyti, sem hljóðaði svo: „Kann eigi semja fjárveitingatillögur á þessari brjáluðu tíð. Legg til fjárveitingar séu óbreyttar.“ Hafði stjórnarráðið tekið þessa ráðleggingu bókstaflega og látið áætlunina standa óbreytta eins og hún var í fjárl. 1941, en við þetta taldi n. ekki unandi og hefur gert á þessu leiðréttingar.

Ýmsar umsóknir höfðu borizt frá fólki, sem ætlar að stunda nám erlendis, sem heyrir ekki undir það venjulega háskólanám, svo sem framhaldsnám í búfjárrækt, nám í verksmiðjufræði, flugnám, nám í hljómfræði, málaralist o. s. frv. Taldi n. eigi æskilegt að taka styrki þessa upp á fjárl. á nöfn, en vildi hins vegar veita umsækjendum nokkra úrlausn og leggur því til, að námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs verði hækkaður úr 12500 í kr. 100000 kr. í þessu skyni. Hér er eingöngu um að ræða námsstyrki í Bretlandi og Ameríku, og er námskostnaður þar meiri en á Norðurlöndum, og mun því sízt veita af þeirri upphæð, sem n. leggur til.

Þá leggur n. til, að veittar séu á þessu ári 20 þús. kr. til gróðurhússbygginga við garðyrkjuskólann á Reykjum, en efni til þeirra bygginga var keypt á síðasta ári. Telur skólastjórinn, að tekjur skólans muni aukast að mun, ef þessari byggingu verður komið upp, og er óhagsýni að geyma byggingarefnið ónotað, því að nógur markaður er fyrir þær afurðir, sem skólinn hefur til að selja.

N. leggur til, að tekinn sé upp styrkur til iðnaðarmannafélaganna í Neskaupstað og á Patreksfirði til iðnkennslu, en um iðnfræðsluna er það að segja, að hún mun vera allfjarri því að uppfylla þær kröfur, sem nauðsynlegt er og lög gera ráð fyrir. Telur n. rétt, að iðnfræðslan verði framvegis látin heyra undir fræðslumálastjóra, til þess að unnt sé að koma henni í það horf, sem æskilegt er.

Um nauðsyn sundkennslu tel ég eigi þörf að fjölyrða, en sundkennslan, sem lögleidd hefur verið í barnaskólum, hefur óhjákvæmilega nokkur útgjöld í för með sér, og leggur n. til, að tekin sé upp 25 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni eftir till. íþróttafulltrúa og enn fremur 6 þús. kr. til ferðakennslu í íþróttum.

Till. n. um að hækka styrk til byggingar barnaskóla utan kaupstaða úr 100 þús. í 190 þús. miðar að því að bæta úr þeirri bráðu þörf, sem er á því að lagfæra húsnæði barnaskólanna. Mörg sveitarfélög, sem búa við algerlega óviðunandi húsnæði fyrir skóla sína, hafa nú meira fé til umráða en áður, og þó að till. n. verði samþ., verður hvorki hægt að umbæta húsnæði skólanna svo sem vera þyrfti né heldur að verða við öllum þeim beiðnum um fjárframlög, sem fram hafa komið til þessara hluta. Fræðslumálastjórnin gerir tillögur um, að fé þessu verði varið til þeirra, sem verst eru settir.

Nokkrir barnakennarar, sem stundað hafa kennslu, sumir svo að áratugum skiptir, hafa undanfarið fengið lítils háttar styrk úr ríkissjóði eftir till. fræðslumálastjóra. Kennarar þessir njóta einskis úr lífeyrissjóði barnakennara, og leggur n. til, að sú upphæð, sem er ætluð í þessu skyni, verði hækkuð úr 4600 kr. upp í 10 þús. kr.

Á síðasta ári var tekið lán út á væntanlegan ríkisstyrk til að fullgera leikfimihús og sundlaug við alþýðuskólann á Eiðum, og telur n. óhjákvæmilegt að endurgreiða það á þessu ári og leggur til, að tekin verði upp 50 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni.

Skagfirðingar eru nú búnir að byggja sundlaug

við væntanlegan héraðsskála sinn í Varmahlíð og hafa reist þar hús, sem ætlazt er til, að nægi til þess, að skólinn geti byrjað að starfa þar að einhverju leyti. Talsverðar umbætur eru fyrirhugaðar á hinu merka skólasetri að Núpi í Dýrafirði, og enn fremur er verið að reisa fimleikahús og nauðsynlega búningsklefa við héraðsskólann á Reykjanesi, og leggur n. því til, að styrkur til byggingar héraðsskóla verði hækkaður úr 20 þús. í 140 þús. kr. Er þessi fjárveiting að vísu eigi nægileg, en ætlazt er til, að kostnaðinum megi skipta á tvö ár að einhverju leyti.

Byrjað er að byggja gagnfræðaskóla á Akureyri. Undanfarið ár hefur verið mjög mikil aðsókn að skólanum, en hann hefur átt við þröngan húsakost að búa, og leggur n. til, að tekin verði upp nýr liður til byggingar gagnfræðaskóla samkv. l. kr. 70 þús.

N. hefur lagt til, að fjárveiting til íþróttasjóðs hækki úr 125 þús. kr. í 300 þús. kr. Er þessi hækkun miðuð við, að greitt verði framlag til byggingar sundlauga á Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Neskaupstað og víðar úti um landið eftir till. íþróttafulltrúa og íþróttanefndar ríkisins. Er mjög mikill áhugi fyrir því að efla sundíþróttina, og telur n. rétt að verða við óskum manna í þessu efni, einkum þar sem hér er bæði um að ræða almenna heilsuvernd og varnir gegn slysum.

N. leggur til eftir till. íþróttafulltrúa, að laun Ólafs Pálssonar verði ákveðin 2250 kr. vegna eftirlits með sundkennslu og prófdómarastarfa, en Jón Pálsson er nú á launum hjá Reykjavíkurbæ, og leggur n. því til, að breytingar séu gerðar samkv. því.

Mikill áhugi er fyrir því að varðveita forn bæjarhús, sem enn eru uppistandandi á nokkrum stöðum á landinu. Leggur n. til, að tekin verði upp á fjárl. fjárveiting til verndunar slíkra húsa á Keldum, Glaumbæ og Grenjaðarstað, þar sem álit manna er, að þar sé um merkilegar sögulegar fornminjar að ræða, sem þurfi að varðveita frá að fúna niður. N. leggur til, að styrkur til nokkra bókasafna sé hækkaður til samræmis við aðra styrki, en hins vegar telur n. á skorta, að skýrslur liggi fyrir um starf bókasafnanna, og réttara væri, að einhver sérstök stofnun hefði eftirlit með starfsemi þeirra, t. d. fræðslumálaskrifstofan, og skýrslur um þau væru sendar til hennar.

Um styrk til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna hefur n. ekki tekið afstöðu.

Till. n. um hækkun á styrk til Bókmenntafélagsins, Sögufélagsins, Þjóðvinafélagsins og félags íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn til útgáfu tímarits eru fram komnar vegna aukins útgáfukostnaðar, en hins vegar var sameiginlegt álit n., að nauðsyn bæri til að halda þessum bókaútgáfum í sama horfi og verið hefur.

Jón Norðfjörð á Akureyri hefur um nokkur ár stundað kennslu í leiklist, og telur n. rétt, að hann fái sams konar styrk og þau Lárus Pálsson og Soffía Guðlaugsdóttir hafa undanfarin ár fengið í fjárl.

Leikfélag Sauðárkróks hefur nú starfað nærri því 60 ár, og leggur n. því til, að upp verði tekinn nokkur styrkur til þess svo sem til annarra leikfélaga.

Mikill áhugi er nú á því víða um land að gefa út héraðssagnarit. N. vill sýna þessari viðleitni til þess að bjarga ýmsum þjóðlegum fróðleik frá glötun nokkra viðurkenningu og leggur til, að tekin verði upp 5 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni.

Alþýðusamband Íslands, sem er einhver fjölmennasti félagsskapur landsins, hefur í hyggju að koma upp alþýðufræðslu um ýmis mál, sem almenning varðar, og leggur n. til, að tekið verði upp nokkurt fjárframlag í þessu skyni.

Listasafn Einars Jónssonar er eitt af því fáa, sem setur svip sinn á bæinn, þegar erlenda eða innlenda gesti ber hér að garði. N. telur eigi vansalaust, að þetta safn, sem er eign ríkisins, fari í vanhirðu sökum skorts á fjárframlagi frá ríkinu, og leggur til, að tekin verði upp fjárveiting til nauðsynlegra aðgerða á húsinu og til upphitunar á því.

Prófessorarnir, Stefán Einarsson og Richard Beck, eru að semja íslenzka bókmenntasögu á ensku, og leggur n. til, að veittar verði 5 þús. kr. til hvors þeirra til útgáfunnar.

Fjárframlag til nýbýla og samvinnubyggða hefur til þessa nær eingöngu gengið til stofnunar nýbýla. Nú hafa verið samin sérstök lög um landnám ríkisins, og er tilætlunin, að samvinnubyggðir rísi upp í sambandi við þá löggjöf. Leggur n. því til, að 4. liður 16. gr. verði orðaður eins og segir í brtt.

Búnaðarmálastjóri hefur tjáð n., að hann teldi, að jarðabótastyrkurinn sé of lágt áætlaður eftir þeim upplýsingum, sem hann hafði um framkvæmdir á árinu 1942, og leggur n. til, að hann verði hækkaður um kr. 200 þús. Er hér um að ræða áætlunarupphæð á lögbundnu framlagi. Sama máli gegnir um búfjárræktina.

Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins er að vísu á byrjunarstigi, en þó mun hafa verið greitt til hennar á síðasta ári 40 þús. kr., og leggur n. til, að nýr liður verði tekinn upp í fjárl., kr. 60 þús., til þessara framkvæmda.

Brtt. n. um hækkun á framlagi til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna er miðuð við lögboðið framlag samkv. breyt. á l. um byggingarsjóði frá 1941.

Brtt. um laun til skógræktarinnar er gerð samkv. launalista.

Skógræktinni hefur miðað mjög hægt áfram, vegna þess hve lítið fé hefur verið veitt til þeirra framkvæmda undanfarin ár. Miklar skógarleifar eru enn ógirtar og í eigu einstakra manna og liggja undir skemmdum, og telur n. eigi fært að áætla framlag til skógræktarinnar minna en gert er með brtt. hennar. Skógræktarfélögin hafa víða unnið að verndun skógarleifa og vakið lofsverðan áhuga hjá meðlimum sínum fyrir því að rækta tré bæði í sérstökum reitum og við heimahús, og vill n., að starf þeirra fái nokkra viðurkenningu, og leggur því til að hækka framlagið til þeirra úr 15 þús. kr. í 30 þús. kr.

Mikill áhugi er fyrir að vinna að áveitum og landþurrkun með hinum nýju skurðgröfum, sem farið er að flytja til landsins, og leggur n. til, að tekin sé upp fjárveiting í þessu skyni eftir

till. búnaðarmálastjóra, samtals 122800 kr., allt að ⅓ kostnaðar. Er það álit manna, að starf þetta muni mjög flýta fyrir ræktun landsins á þeim stöðum, þar sem möguleikar eru fyrir hendi til þess að vinna að henni í stærri stíl en áður.

Í till. um fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts er farið eftir till. vegamálastjóra. Nokkrar smærri fjárveitingar eru teknar upp til annarra fyrirhleðslna gegn ⅓ kostnaðar annars staðar frá. Er það gert eftir upplýsingum og athugunum frá Búnaðarfélagi Íslands.

Ætlazt er til, að keyptar verði þrjár skurðgröfur og dráttarvél í sambandi við þær. Mun vera búið að panta þessar vélar, en fjárveitingu vantar til þeirra, og þar sem hér er um mikilsvert nauðsynjamál að ræða vegna jarðræktarinnar, og þá einkum með það fyrir augum, að ræktunin verði framkvæmd á stórum samfelldum svæðum, vill n. mjög eindregið mæla með þessari fjárveitingu.

Brtt. við tekjur og gjöld Rafmagnseftirlits ríkisins eru leiðréttingar samkv. síðustu upplýsingum, en hafa eigi áhrif á heildarútkomuna.

N. hefur lagt til, að framlag vegna laga um lax- og silungsveiði og til klaksjóðs sé hækkað nokkuð, en jafnframt falli niður sérstök fjárveiting til fiskiræktar (sjá 68. lið í 16. gr.). Styrkur til Landssambands iðnaðarmanna er að mestu leyti launagreiðslur, og telur n. því ekki ósanngjarnt að hækka hann svo sem hún leggur til.

Um áætlunarliði frumvarpsins um kostnað við dómnefnd í verðlagsmálum og skömmtunarskrifstofu ríkisins hefur n. þótt rétt að fresta að gera till., þar til fyrir lægi áætlun um kostnað við viðskiptaráð, sem á að taka við störfum beggja þessara nefnda.

Styrkur til berklasjúklinga reyndist á árinu 1941 nærri ein millj. kr., en vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á dýrtíðinni, hefur n. talið rétt að taka upp áætlun þess ráðuneytis, sem sér um þessi mál, og hækka liðinn úr 1300 þús. í 1750 þús. kr. Sama máli er að gegna um styrk til sjúklinga samkv. lögum nr. 78 frá 1936. Hann virðist eftir áætlun sama ráðuneytis of lágt áætlaður í fjárlagafrumvarpinu um 450 þús. kr., og leggur n. til, að þessu sé breytt. Annar kostnaður (17. gr. 1. c) leggur n. til, að hækki úr 15 þús. kr. í 30 þús. með hliðsjón af reynslu ársins 1941.

Gjöld samkv. lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og gjöld samkv. 19. og 21. gr. framfærslulaga telur n. óhjákvæmilegt að hækka af sömu ástæðum.

Kostnaður vegna slysavarna hefur óhjákvæmilega hækkað vegna dýrtíðarinnar. N. telur, að á engan hátt megi draga úr starfsemi Slysavarnarfélagsins, og leggur því til þá hækkun, sem farið er fram á í till.

Þá leggur n. til, að framlag til Stórstúkunnar verði hækkað úr 30 þús. kr. í 40 þús. og af þeirri upphæð renni 5 þús. kr. til bindindisfélaga í skólum landsins.

Felldir eru niður tveir liðir, til sjúkrasamlaga á Sauðárkróki og Stokkseyri, því að nú eru þar sjúkrasamlög, sem koma undir hin almennu lög um sjúkrasamlög.

Hælið á Sólheimum hefur við mikla örðugleika að stríða sökum dýrtíðar og vandræða með fólkshald, og leggur nefndin til, að styrkur til hælisins sé hækkaður nokkuð.

Þá vill n. sýna starfsemi gamalmennahæla nokkra viðurkenningu og leggur til, að styrkir til þeirra séu hækkaðir í 2 þús. kr. til hvers hælis og tekin upp fjárveiting til gamalmennahælis í Neskaupstað og Skjaldarvík við Eyjafjörð.

Um tillögur n. viðvíkjandi 18. gr. er eigi ástæða til að fjölyrða. Þær eru um að færa ýmislegt til samræmis og lagfæringar og eru yfirleitt ekki frábrugðnar að neinu leyti þeim reglum, sem áður hafa gilt um þá, er á þessari gr. hafa staðið. Ég tel þó ástæðu til að gefa skýringar um stærstu upphæðirnar.

Guðrún Jónsdóttir, ekkja séra Sigurðar Z. Gíslasonar, er fórst með voveiflegum hætti á nýársdag s. l. við embættisverk, á mörg börn í ómegð, og hefur n. fylgt þeirri reglu, er áður hefur verið upp tekin, þegar svipað hefur staðið á.

Björn Einarsson var óvenjulega hraustur maður á bezta aldri, en varð fyrir slysi, er hann var að vinna við skurðgröfu í Ölfusi, og má síðan heita örkumla maður. Bætur hefur hann þó eigi fengið, svo að neinu nemi. Var hann í þjónustu ríkisins, er slysið vildi til, og útbúnaður á vélinni eigi talinn hafa verið svo sem skyldi. Leggur n. því til, að hann fái lífeyri, svo sem segir í tillögunni.

Björn Eymundsson er rúmlega sjötugur að aldri og hefur stundað hafnsögumannsstarf um 40 ára skeið í Hornafirði við hin erfiðustu skilyrði og oft lent í hrakningum, sem í minnum hafa verið hafðir. Einar Straumfjörð hefur verið í fjölda mörg ár í þjónustu vitanna. Báðir þessir menn hafa sýnt einstakan dugnað í hinu langa starfi sínu, og leggur n. því til, að þeir fái þá viðurkenningu í vertíðarlokin, sem í till. segir.

Jón Sverrisson, yfirfiskimatsmaður, hefur verið yfirfiskimatsmaður í Vestmannaeyjum, og leggur n. til, að hann fái eftirlaun til samræmis við aðra yfirfiskimatsmenn.

Þegar fjvn. loks barst sundurliðuð áætlun frá ríkisstj. um verðlagsuppbótina, — en það var ekki fyrr en 5. jan., — kom í ljós, að verðlagsuppbótin hafði verið í frumvarpi ríkisstj. vanreiknuð um 1294421 kr., og leggur n. til, að þetta verði leiðrétt. Þá kom einnig í ljós, að aukauppbótin, jafnvel þó að hún væri eigi áætluð lengur en til 1. júlí, var sömuleiðis vanreiknuð um 550 þús. kr., og telur n. óhjákvæmilegt að leiðrétta það. Samtals verða þá leiðréttingar á 19. gr., á lögboðnu framlagi 1844421 kr., og er þá eigi áætluð aukauppbót og verðlagsuppbót á hana nema til 1. júlí. Verður þessi áætlun enn að hækka um 1750 þús. kr., miðað við vísitölu 250, ef Alþ. samþykkir framlengingu heimildarinnar þar til í árslok, eins og ríkisstj. hefur lýst yfir við fjvn., að hún óskaði eftir.

Um brtt. þær, sem n. leggur til við 22. gr., get ég vísað til nál.

Ég tel, að eigi geti verið ágreiningur um að láta Íþróttasambandi Íslands í té lóð undir íþróttaheimili í Rvík til leigulausra afnota. Í. S. Í. ætlar að reisa þetta heimili og væntanlega að hefjast handa nú strax í vor, og er sannarlega

ánægjulegt til þess að vita, ef þetta kemst í framkvæmd og Alþ. getur látið sinn skerf til þess á þann hátt, sem stungið er upp á í till. nefndarinnar.

Um heimildina til að kaupa refabúið á Hvanneyri voru nm. eigi á eitt sáttir, en þó varð úr, að meiri hluti n. mælti með þessum kaupum fyrir mjög eindregin tilmæli loðdýraræktarráðunautar. Mun þegar búið að ganga frá kaupum á búi þessu og því eigi aftur snúið með það, enda er hér eigi um stórt fjárhagsatriði að ræða, en loðdýraræktarráðunautur taldi, að þetta væri til öryggis þess að varðveita merkilegan kynbótastofn. Á það skilyrði, að seljendurnir gætu fengið að kaupa jafnmarga refi fyrir sama verð og þeir nú selja þá, vildi n. eigi fallast, og hefur væntanlega í samningum um kaupin eigi verið gengið að því.

Í sambandi við afgreiðslu fjárl. telur n. að lokum ástæðu til að vekja athygli á því, að greidd hefur verið uppbót á laun embættismanna úr ríkissjóði án heimildar frá Alþ., svo sem sýslumönnum, bæjarfógetum, prófessorum, læknum og prestum. Stærsta upphæðin, sem greidd hefur verið á þennan hátt, til lækna og presta, er áætluð af fjmrn., miðað við vísitöluna 250, að muni nema á þessu ári 738 þús. kr. Upphæð þessi mun hafa verið greidd með tilliti til þess, að taxtar fyrir aukaverk yrðu eigi hækkaðir. N. hefur eigi talið ástæðu til að taka þessa upphæð með í fjárlfrv., þar sem ríkisstj. hefur eigi heldur gert það og engin heimild er til þessarar greiðslu frá Alþ., en hin nýja ríkisstj. hefur eigi heldur ákveðið, hvort hún ætlar að leita hennar eða ekki. Margir nm. munu vera þeirrar skoðunar, að slíkar greiðslur án allra heimilda séu vægast sagt mjög óviðkunnanlegar og eigi tvímælalaust að falla niður. Hins vegar mundi þá í staðinn koma heimild handa læknum og prestum til að hækka taxta fyrir aukaverk sín, enda virðist eigi ástæða til að láta ríkissjóð greiða dýrtíðaruppbót á þessi verk, eins og nú er háttað. En í sambandi við þessar greiðslur er full ástæða til að benda á hina knýjandi nauðsyn, sem er á því, að launal. verði sem fyrst endurskoðuð.

Tillögur þær, er n. leggur fyrir, hafa þau áhrif á niðurstöðutölur fjárl. með tilvísun til grg., að hækkanir umfram lækkanir nema 6714325,19 kr. Lækkun á tekjum útvarpsins er 120 þús. kr. og eignabreytingar í 20. gr. 50 þús. kr. Útgjöld ríkisins samkv. till. n., sem fyrir liggja, verða þá, talin í heilum þúsundum, kr. 48726 þús. kr., en tekjur 48138 þús. kr. að óbreyttri tekjuáætluninni að útvarpinu undanteknu. Verður þá halli á rekstraryfirliti 588000 kr., en greiðsluhalli á sjóðsyfirliti 4016000 kr., en á þessu hvoru tveggja hljóta að verða miklar breytingar við 3. umr., þar sem, eins og öllum er kunnugt, enn er eftir að athuga til fullnustu um tekjuhlið fjárl. og enn fremur eftir að áætla ýmis útgjöld, sem ríkissjóður eigi mun komast hjá að greiða og enn fremur eftir að áætla hækkun á framlagi til verklegra framkvæmda, en eigi afgreiðsla fjárl. að fara þannig, að tekið sé tillit til þeirra óska, er fram hafa komið um verklegar framkvæmdir, bæði frá hv. þm. og ýmsum opinberum stofnunum, sveitar- og bæjarfélögum, hljóta útgjöldin að hækka verulega við 3. umr., jafnvel þótt eigi sé gert ráð fyrir neinum sérstökum útgjöldum vegna dýrtíðarinnar. Kemur þá til álita, hverja endurskoðun sé unnt að framkvæma á tekjuáætlun fjárl., eða hverja nýja tekjustofna sé unnt að finna, því að ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur maður óski eftir því að afgreiða fjárlög með tekjuhalla á þessum tímum.. Ég geng út frá því alveg sem vísu, úr því að þessi háttur var hafður á um afgreiðslu fjárlfrv. frá fjvn., þá verði við 3. umr. gefið út framhaldsnál. og þm. gefinn nægur tími til athugunar viðvíkjandi brtt.

Ég læt svo lokið máli mínu, en mun að sjálfsögðu gefa frekari skýringar á einstökum atriðum, ef óskað er.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Við erum nú komnir að þeim l. hér, sem eru veigamest og þýðingarmest efni Alþ. að vinna að, en það eru fjárl. Og við höfum nú yfir meiru fé að ráða en Alþ. Íslendinga nokkurn tíma hefur haft. Það mætti búast við, að við mundum vanda okkur eins og frekast er hægt við það að taka ákvarðanir um, hvernig þessum fjármunum er varið. Ár eftir ár hefur fólkið beðið um að fá hin og þessi framlög til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda. Ár eftir ár hefur því verið svarað, að þetta væri ekki hægt, vegna þess að ekki væru peningar til. Nú höfum við í fyrsta skipti um fjárl. að fjalla, sem veita Alþ. umráð yfir miklu meira fé til hagsbóta fyrir fólkið í landinu heldur en nokkurn óraði fyrir áður. Og það er því alveg tvímælalaust einhver helzti prófsteinn á Alþ., hvernig því tekst að afgreiða þessi fjárl., hvernig því tekst að fullnægja þeim kröfum, sem til þess eru gerðar af þjóðinni, og hve vel það vandar til þess að vera sem réttlátast og vitrast í úthlutun þessa fjár. Ég býst þess vegna við, að allir þeir alþm., sem virkilega vilja leggja sig fram til að vinna þetta verk sem allra bezt, muni sammála um, að það þurfi vel að vanda til ákvarðana og gagnhugsa þær og hafa tækifæri til að íhuga þær oftar en einu sinni. Ég get ekki trúað öðru en hver einasti alþm. vilji vera viss um það, þegar hann ákveður eitthvað í fjárl., að til þess sé vandað eins og frekast er unnt. Í þingsköpum okkar er gert ráð fyrir því, að alveg sérstaklega sé vandað til fjárl. Fjölmennasta n. þingsins starfar að þeim og skal skila áliti við 2. umr. Þá á að fara fram umr. og atkvgr. um öll fjárl. og allar brtt. Ég býst við, að þeir menn, sem settu þessi ákvæði í þingsköp í upphafi, hafi gert ráð fyrir, að mönnum skeiki og alþm. séu ekki óskeikulir, svo að ekki væri nema rétt að gefa þeim tækifæri til að athuga gang sinn og leiðrétta það við 3. umr., sem þeir kunna að hafa gert skakkt. Þess vegna var gengið út frá, að 2. umr. fjárl. tæki til allra brtt. um allar greiðslur fjárl. Og það hefur almennt verið gengið út frá, að fjvn. skili þannig till., að hægt sé að greiða atkv. um hverja einustu gr. fjárl. Alveg sérstaklega er þetta nauðsynlegt, þegar um annað eins fjármagn er að ræða og nú. Þegar tekjur síðasta árs hafa farið upp í 86 millj. kr., þá er eðlilegt, að fram komi kröfur um að bæta úr áralöngum skorti á hinum og þessum sviðum, bæði atvinnumálum og öðrum. Ég álít þess

vegna, að til afgreiðslu fjárl. þurfi að vanda og hún sé prófsteinn á þingið.

Ég vil vekja eftirtekt þm. á því, hvernig gengið er frá tekjuhlið fjárl. við þessa 2. umr. Á fjárlagafrv. eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 48 millj. kr. Hins vegar er það staðreynd um tekjur síðasta árs, að þær voru 86 millj. kr. Það er þarna um 40 millj. kr. munur á því, sem nú er áætlað, og því, sem tekjur síðasta árs voru. Nú vil ég spyrja: Hvar á milli ætti áætlunin að liggja í þeim fjárl., sem við nú ætlum að fara að ganga frá? Í framsöguræðu formanns fjvn. heyrði ég ekki minnzt á, að fjvn. eða meiri hl. hennar væri búinn að koma sér niður á, hvað hún ætlaði að leggja til, að tekjur þessa árs verði áætlaðar, hvort það væru 48, 58, 68, 78, 88 millj. kr. eða kannske eitthvað meira. En mér finnst hins vegar, að þegar ákveða á útgjöldin, þurfi að hafa ofurlitla hugmynd um, út frá hvaða tekjum á að ganga. Þarna virðist ekki út frá neinu að ganga enn þá. Það liggja alls ekki upplýsingar fyrir okkur þm. utan n., á hvað við eigum að stíla í brtt., sem við berum fram. Ef við göngum út frá 86 millj. kr. tekjum á þessu fjárlagaári, mun kannske sumum finnast kröfur okkar til útgjalda ekki svo gífurlegar. En ég býst nú við, að raddir kæmu um, að ekki dygði að áætla tekjur svona hátt. En hvað um það, það er ókleift að taka ákvarðanir viðkomandi útgjöldum í stórum stíl, meðan enginn hefur hugmynd um tekjurnar.

Ég álít þess vegna, frá hvaða sjónarmiði sem þetta er skoðað, að það sé algerlega ófært að afgreiða fjárl. án þess að greiða atkv. við 2. umr. um hverja einustu brtt. fjvn. Fjórir fjvnm. hafa verið á þessari skoðun, og ég trúi ekki öðru en það sé skoðun meiri hl. þm. Ég vil þess vegna, eins og nú standa sakir, gera það að till. minni, að fjárlagafrv. verði aftur vísað til hv. fjvn. nú þegar og 2. umr. málsins frestað. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri þessa till. upp nú þegar, a. m. k. strax og umr. um hana sérstaklega sem þingsköp væri lokið. Ég mundi fyrir mitt leyti ásamt flokki mínum álíta það skyldu mína, ef það væri fellt að vísa fjárlagafrv. aftur til fjvn., að bera fram eins mikið af brtt. við fjárlagafrv. eins og við frekast gætum. Það yrði kannske til þess að firra þingið þeim vansa, að 3. umr. yrði eina umr. um fjárl. Ég álít, að það væri þá skylda þm. að bera fram eins mikið af brtt. og frekast væri unnt við þessa umr., til þess að það kæmi í ljós, hver þingviljinn er og hvernig vænta mætti, að afgreiðslan yrði. Ég get ekki skilið annað en stj. vilji frekar, að þingið skili fjárl. í hennar hendur þannig, að það hafi fulla stjórn á því, hvernig þau verða samþ., heldur en að það verði komið undir hendingu, hvernig afgreiðslan verður við 3. umr.

Ég ætla ekki að svo komnu að ræða málið sjálft eða brtt. þær, sem við sósíalistar ætlum að bera fram, en vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri upp munnlega till. um það, að málinu verði aftur vísað til fjvn. og 2. umr. frestað.

Forseti (GSv): Það hefur komið fram till. um að vísa málinu aftur til hv. fjvn., og sé ég ekki annað fært en að láta hana ganga til atkv., þó að munnleg sé, og verða því umr. aðeins um hana sjálfa fyrst um sinn.

Jónas Jónsson: *Ég álít*, að það sé mjög spaugilegt, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni. Hann og flokkur hans hafa fram til síðustu stundar litið svo á, að það væri þeirra verkefni að eyðileggja þingvinnuna og þingskipulagið og það ekki með sem allra löglegustum meðulum. Ég álít þess vegna, ef menn hafa haldið það, að flokkur sá, sem kommúnistar hafa skapað hér á landi, væri horfinn frá fyrri villu sinni, þá hafi menn getað fengið vitneskju um það nú við ræðu hv. þm., að svo er ekki. Það hefur *aldrei komið fyrir áður, að ég hygg*, síðan Alþ. tók til starfa, að nokkur þm. hafi verið svo fávís, að honum kæmi til hugar að gera till. eins og þá, sem kom hér fram, að vísa fjárl. aftur til n., þegar komið er að umr. og afgreiðslu. Þessi aðferð hefði verið merkileg út af fyrir sig, þó að ekki hefði verið vitað, frá hvers hendi hún kom. En það skýrir hvað annað, þegar það er ljóst.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um till. eins og forseti ætlast til. Ástæðan til þess, að meiri hl. fjvn. *álítur*, að það sé *betra fyrir málið*, að það sé gengið lengra við þessa umr. heldur en gert er, er sú, að það ástand hefur skapazt í landinu, og þá alveg sérstaklega fyrir tilverknað þess flokks, sem kemur með þessa einkennilegu till., að ekki reyndist fært að afgreiða fjárl. á síðasta ári þrátt fyrir óvenju langa þingsetu. Fjvn. fékk gögn sín í hendur seint á síðasta ári, og kom þá fljótlega í ljós, að þær föstu skuldbindingar, sem settar höfðu verið í sambandi við launagreiðslur, voru svo miklar, að fullrar aðgæzlu þurfti, til þess að *hægt* yrði að tryggja verklegar framkvæmdir. — Það var afráðið að nota þessa umr. einmitt til þess að ræða almennt um fjárl., og þá er það sem kommúnistarnir koma fram með þessa einkennilegu till., sem er alveg einstök í sinni röð. Því að það, sem þessi hv. þm. fer fram á með þessari till., er í rauninni undirbúningur að uppreisn í þinginu. Hann hótar því, að ef till. hans verði ekki samþ., þá skuli þeir kommúnistar bera fram svo og svo mikið af brtt. til þess að rugla flokkana og þingið. *Hér er á vissan hátt um eins konar grínþátt að ræða*, þar sem kommúnistar hóta að halda áfram að koma með óundirbúnar till. þvert ofan í till. meiri hl. fjvn. Það væri kannske ekkert á móti því að fá ofurlítinn grínþátt, úr því að grínfígúrur eru komnar inn í þingið til okkar frá Stalín og því fólki. Það er nú að leika sitt hlutverk.

Einar Olgeirsson: Ég vil nú þakka hv. þm. S.-Þ. fyrir að hafa tilkynnt, að hér sé um grínþátt að ræða, *og er það ekki nema gott, ef á annað borð á að fara að skemmta þm.* Það er hins vegar rétt að geta þess í sambandi við þessa grínræðu, að það mun aldrei hafa komið fyrir í þingsögunni hér fyrr en nú, að maður úr meiri hl. fjvn. hafi knúið það fram að leggja annaðeins fjárlfrv. fyrir þingið eins og það, sem hér liggur fyrir. Ég veit ekki til, að það hafi kom-

ið fyrir, að fjvn. hafi við 2. umr. ekki vitað, hvort tekjurnar mundu áætlaðar 48 millj. eða 86 millj., eða einhvers staðar þar á milli. Við höfum afgr. fjárl. upp á 20 millj., en nú geta það orðið tvennar 20 millj.

Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því, að við höfum ekki haft neinar hótanir í frammi hér, nema af þeim ástæðum einum, að fulltrúi meiri hl. fjvn. hefur hótað því að láta afgreiðslu fjárl. verða með þeim endemum, sem það gæti orðið, ef engar brtt. væru afgr. fyrr en við 3. umr.

Þóroddur Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. þm. S.-Þ. Hann virðist líta svo á, að hér sé verið að leika lævíslegri aðferð til þess að rugla menn í ríminu og koma á upplausn í þinginu. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu og benda hv. þm. á það, að hann ásamt fleirum úr fjvn. á þá uppástungu, að ekki verði höfð nema ein umr. um fjárl. að þessu sinni. Það situr því illa á hv. þm. S.-Þ. að tala um lýðræði, þar sem hann vildi aðeins fá eina umr. um fjárl. Þá sagði hv. þm., að n. hefði að mestu verið sammála um það að leggja frv. svona fyrir þingið, en hann viðurkenndi þó, að 2 menn úr n. hefðu verið á móti því að leggja fjárlfrv. svona fyrir. Ég vil nú treysta því, að þessir þm. hafi ekki skipt um skoðun og greiði atkv. á móti þeirri einkennilegu afgreiðslu, sem hv. þm. S.-Þ. stingur hér upp á. Ég vil vona, að frv. verði aftur vísað til fjvn., eins og till. hefur komið fram um. En verði ekki hægt að fá það fram, munum við bera fram tugi og aftur tugi af brtt., sem ekki verður hægt að komast hjá að afgreiða.

Jónas Jónsson: Ég vil leiðrétta það, sem síðasti ræðumaður sagði, að ég eða einhver annar maður hefði óskað eftir að hafa þá meðferð á málinu, sem kommúnistar vilja hafa. Það sjá allir, að það er fjarstæða, því að sá maður, sem þm. á við, hefur átt sæti í fjvn. lengri tíma heldur en síðasti ræðumaður hefur yfirleitt kunnað að skilja íslenzkt mál. Sá maður hefur meiri reynslu í vinnubrögðum fjvn. heldur en svo, að þessi hv. þm. hafi getað afvegaleitt hann.

Þá vil ég einnig leiðrétta þau ósannindi kommúnista, að ég hafi stuðlað að því, að fjárl. væru ekki afgr. fyrr en nú. Það er öðrum að kenna heldur en mér, að svo hefur farið. Slík vinnubrögð eru mér mjög á móti skapi. Hitt er annað mál, að ég tók afleiðingunum. Fyrst ekki var hægt að afgreiða fjárl. 1942, þá varð að gera það 1943 og gera það bezta úr þessu, sem hægt var. Hér er eingöngu um það að ræða, hvernig bjargast eigi fram úr þeim erfiðleikum, sem upplausnarástandið á árinu 1942 hefur skapað. Allir í fjvn. nema kommúnistar gengu inn á að hafa um þetta samstarf. Formaður n. tók það fram, að hann væri ekki með þessari aðferð, en hins vegar mundi hann beygja sig fyrir meiri hl. í því efni, og þannig munu allir sómasamlegir menn fara að, þegar til atkvgr. kemur. — [Fundarhlé.]

Forseti (GSv): Þá fer fram atkvgr. um till. hv. 2. þm. Reykv. (EOl), sem var ekki gerð skrifleg, en var svo hljóðandi, að frestað yrði þessari 2. umr. um fjárlagafrv. á þessu stigi málsins og málið yrði látið ganga aftur til fjvn. til frekari aðgerða.

Umr. fara ekki fram meira um till., og verður hún borin upp.

ATKVGR.

Till. felld með 32:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, KA, LJós.

nei: PÞ, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EystJ, FJ, GÞ, GG, GJ, GÍG, GTh, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, GSv.

SB, StJSt, ÁÁ, BG greiddu ekki atkv.

6 þm. (PM, HG, EE, EmJ, JörB, PZ) fjarstaddir.

7 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ég sé enga ástæðu til þess að vísa málinu aftur til fjvn., þar sem gefið er í skyn í nál., að n. eigi eftir að gera brtt. til viðbótar þeim, sem hún hefur gert, og þar sem augljóst er, að n. getur komið með brtt., hvenær sem henni þóknast, meðan ekki er lokið afgreiðslu fjárl., án þess að málinu sé vísað til hennar nú. Segi ég því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég segi nei með tilvísun til þess, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði.

Bjarni Ásgeirsson: Mér finnst óeðlilegt og óformlegt að vísa til n. máli, sem er búið að vísa til hennar og er hjá henni og hlýtur að vera hjá henni, þangað til búið er að afgreiða það til fullnustu. Og mér finnst, að af þessari ástæðu hefði átt að vísa þessari till. frá. Ég segi nei.

Forseti (GSv): Till. er aðallega um það að fresta umr. málsins á þessu stigi, til þess að n. fái betri tíma til að athuga það.

Eysteinn Jónsson: Með tilvísun til þess, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, segi ég nei.

Finnur Jónsson: Ég þekki ekki dæmi þess, að máli sé vísað aftur til n. Hins vegar er það á valdi n. að taka málið til framhaldsathugunar á hvaða stigi sem er. Og í því trausti, að samkomulag fáist um þau drög að framlögum til verklegra framkvæmda innan n., sem n. þegar hefur samið, annaðhvort við framhald 2. umr. eða fyrir 3. umr., segi ég nei.

Gísli Guðmundsson: Þar sem það er komið í ljós, að nokkur ágreiningur hefur verið innan fjvn. um þessa afgreiðslu á málinu, sem liggur fyrir, að höfð verði, þá tel ég ekki óeðlilegt, að málinu verði nú frestað um stund. En með því að málinu hefur nú þegar verið vísað til fjvn. og hún hefur það enn til meðferðar, tel ég ekki rétt að vísa því til n. með annarri atkvgr., og segi ég því nei.

Magnús Jónsson: Það er náttúrlega erfitt að greiða atkv. um svona vitleysu. Ég segi nú nei.

Forseti (GSv): Verður nú fram haldið umr. um fjárlfrv. — Hv. 5. þm. Reykv. gerir stutta aths. út af atkvgr.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi spyrja hæstv. forseta, hvort honum fyndist ekki ástæða til að víta það, þegar í miðri atkvgr. rís upp hver þm. á fætur öðrum, um leið og hann greiðir atkv., og beinlínis falsar — ég get ekki skilið annað en vísvitandi — þá tillögu, sem greidd eru atkv. um. Hér hafa fjórir hv. þm. talið till. óformlega, þetta væri till. um að vísa málinu til n., þó að áður væri búið að vísa því til n., og gæti því ekki komið til greina að vísa því til n. á ný. Hér er verið að falsa það, sem fram hefur komið. Hér var ekki önnur till. borin fram en sú að fresta umr. um málið. Og undir miðri atkvgr. reyndi forseti að leiðrétta þessa gersamlegu röngu túlkun á till., en hafði engin áhrif. Hv. þm. stóðu upp samt sem áður hver á fætur öðrum, eins og þeir hefðu ekki heyrt það, sem hæstv. forseti sagði, en greiddu atkv. á röngum forsendum. Þessi till., sem þeir þóttust greiða atkv. um, lá ekki fyrir. Ég hygg, að hv. þm. hafi gert þetta móti betri vitund og hér hafi verið slæm samvizka að verki, vegna þess að ég hef ekki talað við neinn hv. þm., sem ekki viðurkennir, að þessi afgreiðsla á fjárl. sé gersamlega óformleg.

Í þessu máli hafa þessir þm., sem stóðu þannig upp, gert sig að — já, ég veit ekki, hvað forseti gerir, þegar ég nefni þetta orð, en ég geri það samt — þeir hafa gert sig að fíflum. Þeim var ekki nóg að heyra hv. þm. S.-Þ. gera sig hér að fífli. Þeir urðu að taka þátt í skrípaleiknum. Satt að segja minnir þetta mig á aðfarirnar á þingi, þegar þær hafa verið allra afkáralegastar, eins og þegar verið var að samþykkja að reka Ísleif Högnason úr félagsskap, sem hann hafði aldrei verið í. Forseti gerði skyldu sína í því að gefa bendingar um atkvgr., en ég vildi gera fyrirspurn til hans, hvort honum finnist ekki ástæða til þess að víta þessa menn fyrir framkomu þeirra.

Forseti (GSv): Hv. þm., sem talaði, viðhafði óþingleg orð. Ég mun þó láta það viðgangast um sinn, ef ekki er vegið í sama knérunn.

Viðvíkjandi fyrirspurn þm. til forseta, hvort ég teldi ekki rétt að víta þm. fyrir atkvgr., fer því fjarri, að það sé rétt eða skyldugt. Þm. hafa rétt til að greiða atkv. eins og þeir vilja, án þess að forseti hafi þar nokkuð að segja. Þeim er og frjálst að gera þá grein fyrir atkv. sínu sem þeir kjósa, og bera þeir sjálfir ábyrgð á því.

Gísli Guðmundsson: Ég get fallið frá orðinu, því að hæstv. forseti hefur svarað því, sem ég ætlaði mér að svara. Ég vildi bara gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki víta 5. þm. Reykv. fyrir að segja, að þm. greiði atkv. gegn sannfæringu sinni.

Einar Olgeirsson: Ég vil aðeins bera þau tilmæli fram við hæstv. forseta, að hann fresti þessari 2. umr., og ef forseti ekki álítur, að hann geti það upp á eigin spýtur eða vill ekki bera ábyrgð á því, að hann beri það undir þm., hvort þeir vilji fresta þessari 2. umr. um ótiltekinn tíma.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir það, að hann hefur slegið föstu skilningi mínum og annarra þm. um það, að till. hafi verið í tveim liðum. Annar liðurinn var um það að fresta umr. og hinn um að vísa málinu til n., eins og við skildum það, en við fengum ávítur fyrir hjá hv. 5. þm. Reykv. Nú er fallinn um það flokksdómur hjá hv. 2. þm. Reykv., að skilningur okkar hafi verið réttur.

Einar Olgeirsson: Ég vil skjóta því inn í viðvíkjandi því, sem síðasti ræðumaður sagði, að ég heyrði ekki betur en nokkrir þm. færu óbeint fram á að fá frestað umr., og þess vegna bar ég fram þessa till. um frestun.

Ég held, að það hafi verið tilætlunin, að þessi fjárlög ættu að afgreiðast hér á þessari mínútu, því að eins og þm. heyrðu, var það enginn, sem kvaddi sér hljóðs. Ég vil vita, hver er meiningin. Ég vil vekja athygli á því, að meiri hl. fjvn. var á móti því að leggja frv. svona fyrir, og síðan, eftir að meiri hl. hafði lýst því yfir, að hann væri á móti því að leggja frv. svona fram eins og það nú er og til skammar fyrir þingið, er af hv. þm. S.-Þ. unnið að því að snúa einum um. til þess að skapa meiri hl. í n. Hvað er það, sem er að fara fram í sambandi við þetta mál? Hvað er það, sem liggur á bak við? Við þekkjum, hvað er að gerast, þegar þm. S.-Þ. er með makk að tjaldabaki. Við vitum, að þá er eitthvað að gerast, sem er þinginu til skammar og þjóðinni til skaða. Við vitum, að það er eins og þegar verið var að ná út af 18. gr. listamönnum og menntamönnum og koma því í gegn að tjaldabaki og gegnum þingið með eins atkv. meiri hl., bara til þess að þingið yrði sér til skammar með framkomu sinni í málinu og til þess að skapa einstökum mönnum tækifæri til þess að afgreiða þessi mál þannig, að það setti smánarblett á íslenzku þjóðina. Við höfum reynsluna af því, hvað er að gerast, og mér finnst nauðsynlegt að vekja eftirtekt á því, hvað er að fara fram. Ég get ekki betur séð en verið sé að setja samsæri í gang. Ég veit, hvað er að gerast. Það átti að afgreiða l. í dag án frekari umr. Ég vil lýsa eftir því, hvaða þm. eru samnála um að afgreiða l. með þessum hætti. Ég veit af því, sem þm. hafa sagt einslega, að þeir eru á móti því, en þegar kemur til atkvæða og á einhvern hátt á að afstýra þessu hneyksli, þá gugna þeir. Ég veit, að sumir treysta því, að hægt sé að afstýra þessu í fjvn., en ég vil benda á, hvaða afstöðu meiri hl. fjvn. nú hefur tekið, og ég geri mér ekki sérstakar vonir um þá afstöðu, sem hún kann að taka til málanna. Ég sé ekki betur en það hafi verið tilætlun meiri hl. n. að gera hér eins konar kaup viðvíkjandi afgreiðslu fjárlaganna og veit, að það var algerlega andstætt vilja meiri hl. þm. Að vísu kikna þm., þegar á hólminn er komið, ýmist af því, að þeirra eigin flokksmenn eru búnir að

beygja sig í n. og þeir kunna ekki við að rísa á móti þeim, eða vegna þessarar tillátssemi, sem við þekkjum, við mann eins og þm. S.-Þ., af hvaða hvötum, sem hún kann að vera sprottin. Við þekkjum þetta, en kærum okkur ekki um að láta afleiðingarnar af því bitna á þjóðinni.

Ég mun þess vegna ræða fjárl. hér frá minu sjónarmiði og vil þó a. m. k. vonast til þess, að það sé mögulegt fyrir þm. að fá frá fjvn. upplýsingar um, hvernig hitt og þetta sé tilkomið. Ég ætla að taka dæmi: Rikisstj., sem sat að völdum, hefur tekið það upp hjá sér að greiða laun og láta veita uppbætur á laun algerlega utan við launal. og dýrtíðaruppbætur. Hún ákvað að greiða laun, sem stj. hafði ekki nokkra heimild til að greiða. Það var talað um, að læknum væri greitt þetta til þess að halda niðri taxta þeirra vegna dýrtíðarinnar, en síðan var sýslumönnum greitt þetta, hvort sem það átti að sporna við því, að þeir hækkuðu taxta sína, - - ekki er mér kunnugt um það, — og þegar búið var að greiða sýslumönnum, mátti ekki gleyma prestunum, svo að þeim var líka greidd þessi uppbót utan við öll launalög og dýrtíðaruppbót. Það væri æskilegt að fá upplýsingar frá fjvn. eða ráðh., sem tóku þessa ákvörðun, um það, hvernig stóð á, að einmitt þessar 3 stéttir fengu þetta greitt, og hvernig stendur á því, sem hvað eftir annað hefur verið minnzt á hér, að kennararnir — barnakennararnir sérstaklega — og þeir, sem verst eru launaðir af öllum starfsmönnum ríkisins, hafa aldrei fengið neinar uppbætur aðrar en þessa litlu dýrtíðaruppbót. Hvernig stóð á því, þegar þessi ákvörðun var tekin af fyrrverandi stj. að greiða læknum, sýslumönnum og prestum (ÓTh: Það var þjóðstjórnin gamla.) — því betra — Hvernig stóð á því, að þessi stj., sem sat að völdum næst á undan síðustu stj. og ætlaði að bæta hag þeirra, sem þurftu þess með, og hækka laun lækna, sýslumanna og presta, að hún skildi kennarana út undan, lægst launuðu stéttina, sem er á launum hjá ríkinu? Hver er ástæðan? Vildi gamla þjóðstj. sýna með þessu fjandskap sinn til þessarar stéttar og litilsvirðingu sína fyrir því starfi, sem hún vinnur? Eða var réttlætistilfinning hennar svona einkennileg, að henni fannst sjálfsagt að hækka við þá, sem voru bezt launaðir, en neita hinum? Mér finnst þetta einkennilegt. Nú finnst mér á till. fjvn., að hún taki enga afstöðu í þessu máli, og nú langar mig til að fá að vita hjá henni, hvað hún leggur til. Leggur hún til, að þessar upphæðir verði greiddar til baka, eða leggur hún til, að haldið verði áfram að greiða þær, og vill hún bæta úr því misrétti, sem hefur orðið, og ætla barnakennurum álika uppbætur? Það væri æskilegt að heyra frá fjvn. í sambandi við þetta. Það mun vera nokkuð sjaldgæft, að ákvarðanir eins og þessi séu teknar af ríkisstj., og býst ég við, að sjaldgæft sé, að ekki sé komið fram ábyrgð á hendur stj. fyrir það. Vill fjvn. skoða þetta sem fordæmi fyrir því, hvað stj. geti leyft sér, þannig að stj. geti, ef einhver stétt er í sérstakri þörf fyrir peninga, veitt úr ríkissjóði fé handa henni? Fjvn. mun ætlast til, að þetta standi á fjárl., eins og verið hefur. En á að skilja þetta svo, að ríkisstj. skuli heimilt að greiða þessi laun eins og hún hefur gert? Er nú ekki viðkunnanlegra að fjvn. taki afstöðu í svona máli? Það er ekki á valdi okkar, sem erum utan fjvn., að hnýsast inn í svona mál. Það er þessi n., sem hefur það allt, og við verðum að leita til hennar til þess að fá þær upplýsingar, sem við þurfum, og það er ekki nema eðlilegt, að hún láti okkur vita skoðun sína í sambandi við afgreiðslu svona mála. Ég fyrir mitt leyti mundi hafa tilhneigingu til þess, ef þingið ætlar að staðfesta, að svo búið skuli standa um greiðslu á þessari aukauppbót til þessara þriggja starfsflokka ríkisins, mundi ég álíta, að þingið ætti mjög alvarlega að skoða huga sinn um það, hvort það vilji ekki gefa sams konar gjafir til kennarastéttarinnar. Hvaða ástæða er til að skilja hana eftir? Ég þykist vita, að í þessu sambandi komi fram, að það eigi að endurskoða launal. Kennararnir, sem hafa þetta 1000 kr. laun á ári, fá þá kannske einhverjar bætur. Nú, það hefur á mörgum undanförnum árum verið talað um að endurskoða launal., en það er bara aldrei gert. En stj. gerir þessa endurskoðun á sinn einkennilega hátt og veitir uppbætur utan við lög og rétt og gleymir þeim fátækustu. Hvers konar aðferðir eru þetta? Er ekki ástæða til, að þingið, ef það ætlar að sleppa fjárveitingavaldi sínu, athugi gang sinn og taki ákvörðunarvaldið í sínar hendur.

Þá langaði mig til að ræða ofurlítið um frv. til fjárl. fyrir árið 1943, sem liggur hér fyrir og mundi ég álíta það heppilegra, að fjmrh. væri við, þegar fjárl. eru rædd. (Forsrh: Hann er sjúkur.) Já, ég veit það, og finnst mér það vera fullkomin ástæða til þess, að þessari 2. umr. málsins væri frestað. Mér finnst ástæða til þess, að við 2. umræðu sé þm. gefið tækifæri til þess að spyrja fjmrh. um sitthvað viðvíkjandi fjárl. Það mun hafa verið svo, að árangurinn af samtali hinna 9 fjvnm. við hann varð sá, að 5 af þeim voru á móti því að leggja frv. svona fyrir, en 4 voru með því. Svo að það virðist vanta á, að fjvn. a. m. k. hafi fengið þær upplýsingar frá ráðh., sem hún áliti nauðsynlegar til þess, að fjárl. gætu komið til 2. umr. Ég veit ekki, hvort þær upplýsingar, sem þeir hafa fengið, eru annars eðlis en þær almennu upplýsingar, sem hér liggja fyrir, en mér finnst, að við ættum að hafa rétt til að fá þessar upplýsingar. Mér finnst, að þeir 43 menn utan fjvn. — og ég vil segja 47 með þeim, sem voru á móti því að leggja fjárlfrv. fyrir — mér finnst, að við eigum rétt á því að fá hér við 2. umr. einhverjar upplýsingar frá ráðh. eða ríkisstj. viðvíkjandi fjárl.

Hér er gert ráð fyrir 48 millj. kr. tekjum. Ég hef ekki getað fundið brtt. fjvn. við niðurstöður teknanna og man ekki eftir, að formaður fjvn. í hinni ýtarlegu framsöguræðu sinni gæfi okkur þm. neinar sérstakar upplýsingar um, hvað fjvn. áliti, að tekjurnar muni vera. Hins vegar hafa verið gefnar þær upplýsingar, að tekjur síðasta árs hafa varið 86 millj. kr. Nú vil ég spyrja í sambandi við afgreiðslu á þessum l.: Hvað á að áætla þessar tekjur og hvaða upplýsingar getum við fengið frá fjmrh. og stj. um það, hvert álit er á hinum einstöku liðum teknanna? Ég hef heyrt það utan að mér hér í þingsölun-

um, án þess að ég geti nokkuð fullyrt um það, að fjmrh. hafi álitið, að það ætti að áætla tekjurnar hærri en þær eru í þessu frv. Ef þetta er rétt, býst ég við, að mjög mikill ágreiningur verði um tekjurnar, og ef þm. ætla að skapa sér nokkra skoðun um það, hverjar tekjurnar verði yfirleitt, þurfa þeir að hlýða á ræðu fjmrh. og kynnast því, af hverju tekjurnar minnki svona mikið. Við getum ímyndað okkur, að innflutningurinn minnki og tekjurnar þar af leiðandi, en það er ekkert nema getgátur, sem við getum komið fram með, á meðan við heyrum ekkert um það frá fjmrh. eða stj., hvað hann hugsar sér í þessu sambandi, og ég álít, að það þurfi að koma fram nú. Það er í fyrsta lagi það, að menn reyni að koma með sem mest af brtt. sínum við fjárl. við 3. umr., þannig að ef upplýsingar fjmrh. í þessu máli koma ekki fram fyrr en í byrjun 3. umr., verða menn búnir að gera sínar till. og flokkarnir búnir að ákveða, hvaða afstöðu þeir ætla að taka, svo að þegar fjmrh. kæmi með sínar upplýsingar, kæmu þær allt of seint. Þessi vinnubrögð eru ófær. Ef samband og samvinna á að vera milli þings og stj. um fjárl., — og það er það, sem ríður á, að samvinna sé um þau, — er nauðsynlegt, að þessar upplýsingar liggi fyrir, því að án þeirra hefur þingið ekkert að byggja á, og ég vil segja, að erfitt sé að koma fram með nokkrar till., meðan svo standa sakir. Það er þess vegna viðbúið, að það, sem rætt verður viðvíkjandi fjárl. og till. í sambandi við þau, verði að gerast mjög mikið, án þess að menn hafi komið sér niður á fasta skoðun um, hvað óhætt megi teljast.

Þá vil ég drepa á nokkra gjaldaliði. Á 8. gr. er kostnaður við æðstu stjórn landsins. Sökum þess hve seint landsreikningur ársins 1940 kemur fram, eins og vant er, að þeir eru orðnir forngripir þegar þeir koma, vildi ég spyrja fjvn., sem hlýtur nú að hafa aðgang að öllum gögnum, hvort við eigum ekki óeydda konungsmótu frá þeim tíma, er Alþ. ályktar, að sá maður, er farið hafði með konungsvald, væri þess ekki umkominn lengur, og flutti konungsvaldið inn í landið. Eða hefur honum verið greidd konungsmata, eftir að Alþ. hafði svipt hann störfum með ályktuninni frá 10. apríl 1940? Eða voru einhverjum íslenzkum mönnum greiddar þær fjárhæðir, sem til æðstu stjórnar, konungsvaldsins, voru ætlaðar? Það má spyrja að þessu til fróðleiks og gamans, úr því að altalað var, að hér hefðu setzt 5 konungar að völdum 1940. Fengu þeir konungsmótu? Ég vildi einnig spyrja n., hvort áætlað hefði verið að greiða til konungs svo og svo mikið fé fyrir þann tíma, sem hann hefur ekki verið konungur okkar, eða hvort lagt væri fyrir fé, sem ríkisstjórn væri í sjálfsvald sett að greiða honum síðar án þess að spyrja Alþ. að. Ef farið er á bak við þingið með slíkt, er það ekki neitt smámál. Það hefur verið ein fyrsta þingræðiskrafan í öllum löndum, að þingið ræddi og réði sjálft öllu um þess konar greiðslur, og það er hið freklegasta þingræðisbrot, ef hér á að fara á bak við Alþ., og hróplegt, ef Alþ. sættir sig við það. Vilja þm. afhenda rétt sinn? Eða vilja þeir fá að vita um þetta?

Á 10. gr. eru greiðslur vegna utanríkismála. Ég vildi spyrja fjvn., hvort þar mætti vænta einhverra brtt. frá henni. Þar eru ætlaðar 150 þús. kr. til sendiherraskrifstofu í Washington og rúmlega 100 þús. kr. til skrifstofunnar í New-York. Ég vildi spyrja n., hverjar upplýsingar hún hefði fengið um þessa liði, hvort þeir mundu ekki hafa farið langt fram úr áætlun og hvort ekki mætti nú gera ráð fyrir, að kostnaðurinn gæti jafnvel orðið enn meiri.

Í sambandi við 5. liðinn vildi ég spyrja, hvort viðskiptanefnd skyldi kostuð af því fé eða sérstök gjöld yrðu ætluð til þess að standa straum af henni líkt og verið hefur um margs konar nefndir og m. a. gjaldeyrisnefnd. Ég álít, að rekstrarkostnað þessara n. eigi að taka á fjárl. Hin leiðin sýnist vera farin til þess, að hægt sé að leggja stór gjöld á þjóðina, án þess að Alþ. ákveði fjárhæðina eða fylgist með notkun hennar. Verði afgangur af slíkum sértekjum nefndar, á hann vitanlega að renna í ríkissjóð, en verði þær n. ónógar, hlýtur ríkissjóður að verða að hlaupa undir bagga. Eftir öllum heilbrigðum skattamálareglum eiga slíkar n., sem þjóðin launar, að vera launaðar af ríkissjóði og ríkissjóður að fá tekjurnar. Ef haldið er áfram á hinni röngu braut, er hægt að velta þannig milljónagjöldum á þjóðina, án þess, að það hafi verið tilætlun Alþ.

Þá kem ég að 13. gr., sem venjulega hefur staðið einna mestur styr um. Þar liggja fyrir 3 brtt. frá fjvn. Ég álít, að í vegamálunum þurfi að gera mjög miklar breytingar á fjárframlögum. Allir þm. viðurkenna, að undanfarið hefur ekki verið hægt að sýna vegum okkar þann sóma, sem æskilegt hefði verið, en nú ættu að vera til peningar til að bæta nokkuð úr því. Fjvn. hefur ákveðið að fresta til 3. umr. öllum brtt. sínum um þau mál. Hún hefur ekki fært fram nægar ástæður fyrir þeirri ráðabreytni. Þess vegna vil ég spyrja n. eða þann litla meiri hluta hennar, sem þessu ræður: Er þessi meiri hl. fjvn. að hugsa um að skila inn í þingið tillögum um lækkun launa í opinberri vinnu? Eiga að koma hér samtímis við 3. umr. till. um að lækka laun þeirra verkamanna yfirleitt, sem starfa hjá ríkissjóði? Kröfur um það hafa komið fram í aðalblaði þess flokks, sem heill stendur að þessari ákvörðun meiri hl. fjvn., - Morgunblaðinu —, að það ætti að knýja fram, að dýrtíðaruppbót á laun skuli verða 80% en ekki 100%. Hafa sömu kröfur komið fram í fjvn. eða raddir um, að n. ætti að beita sér í þá átt? Mátti ekki gera tillögur um framlög til vega, vegna þess, að meiningin væri að knýja fram lækkanir vegavinnukaups? Eðlilegt væri, að þeim þm., sem mundu eflaust ekki þora að bera fram frv., sem miðaði að launalækkun, þar sem þeir kæmu því með engu móti gegnum 6 umr. í deildum, þyki líka of áhættusamt að hreyfa slíku máli við 2. umr. fjárl. En tækist þeim að handjárna nógu marga þm. til að koma ákvæði í þá átt gegnum síðustu umr. fjárl., sem sennilega verður dregin þangað til komið er í eindaga, rétt fyrir 15. febr., ætla þeir sér sigurinn. Nauðsynlegt spor í áttina er að fresta til 3. umr. öllum þýðingarmestu brtt. við fjárl. Ef ætlunin er að lækka kaupið, yrðu öll framlög til vega höfð þeim mun lægri. Eng-

inn fær séð, hvað býr undir þessari afgreiðslu fjárlfrv., sem meiri hl. fjvn. og þá fyrst og fremst hv. þm. S.-Þ. (JJ) ræður. Þess vegna spyr ég: Hvaða uppástungur hafa komið fram í fjvn. í þessu efni? Ég sæi ekki eftir þeim að svara, sem voru á móti því að skila fjárlfrv. til 2. umr. í þessu ástandi. Það mundi e. t. v. skapa möguleika til sæmilegrar samvinnu við afgreiðslu þessara mála.

Þá langar mig til að minnast á atriði við 15. gr. Þar sé ég ofurlitla brtt. frá fjvn. um Landsbókasafnið. En ég sé ekki, að n. hafi tekið þar fyrir mál, sem mikið ríður á. Ætlaðar eru 50 þús. kr. til að kaupa bækur og handrit. Hróður okkar um heiminn byggist á engu meir en því, að við séum miklir fræðimenn og bókamenn. Við höfum sérstaka möguleika til þess nú að bæta það upp, sem okkur er mest áfátt um í þeim efnum. Sá bókakostur, sem Landsbókasafnið á í ýmsum fræðum, er svo ófullkominn, að þeir menn, sem ætla sér að „stúdera" þær fræðigreinar, geta ekki fengið þar höfuðrit í þeim greinum, hvað þá meira. Ég skal minnast á félagsfræðina, sem ég hef haft mest kynni af. Þar er safnið svo hörmulega fátækt, að varla er frá því segjandi. En það eru þó þau mál, sem að mörgu leyti varða menn allra mest viðvíkjandi því, að vel megi nú fara um þjóðfélagið og þess afkomu. Og ég efast ekki um, að svo áhugasamir menn eins og hv. þm. eru um þjóðfélagsleg mál, ef þeir hafa athugað að kynna sér þetta ástand hjá Landsbókasafninu, þá muni þeir finna, að það er óviðunandi, að ýmsir menn, sem hafa leitað til Landsbókasafnsins til þess að fá þekkingu í þeim málum á einhverjum atriðum eða höfundum, þá komast þeir að raun um, að þær bækur vantar. En það er hægt fyrir okkur að bæta verulega úr þessu með því að veita nú í eitt skipti fyrir öll allmikla fjárfúlgu til þess að kaupa bækur í þessari fræðigrein. Og t. d. í Englandi væri hægt að fá þessar bækur keyptar með sérstaklega góðum kjörum og flytja hingað. Við eigum nú svo mikla peninga í Englandi, að við erum í vandræðum með, hvað við eigum að gera við þá. Ég álít því, að eitt af því, sem eigi að koma hér fram. — og ég hef mikinn hug á að flytja brtt. um það, — sé að koma upp nokkru bókasafni um félagsmál. Með því að kaupa slíkar bækur fyrir svo sem 250 þús. kr. væri hægt að bæta verulega úr þessum skorti.

Mig langar til viðvíkjandi 59. brtt. fjvn., þar sem lagt er til, að til viðhalds og verndunar fornra bæjarhúsa á Keldum, Grenjaðarstað og Glaumbæ verði varið 30000 kr., 10000 kr. til hvers þessa staðar, — mig langar til í sambandi við Keldur að spyrja, hvort ekki sé búið að verja nógu miklu fé í búið á Keldum. (**Rödd af þingbekkjum:** Þetta eru Keldur á Rangárvöllum). Nú, það eru allt aðrar Keldur. Það er gott, því að ég held, að hin „keldan" sé þannig, að það sé búið að kasta svo miklu fé í hana, að það hefði litið illa út, ef við hefðum ekki getað komið þessum 10 þús. kr. fyrir þar. En hve mikið fé hefur verið veitt á fjárl. og varið til bygginga og starfsemi á þeim Keldum, þar sem rannsóknarbú hefur verið byggt í Mosfellssveit? Mig langar til að vita, hvort það skiptir tugum þús. eða jafnvel hundruðum þúsunda. Ég ætla þó ekki, að það skipti milljónum? Ég álít það ekki fjarri lagi hér við 2. umr. fjárl., að við fengjum ofurlitla hugmynd um, hve miklir peningar fari í hinar og þessar „keldur" hér á landi. Það þykir kannske einhver ósvinna, ef þm. vilja fá upplýsingar um slíkt. Ég veit ekki, hvert ég á að snúa mér með að fá slíkar upplýsingar; hæstv. fjmrh. er hér ekki. Og ekki fæst að fresta umr. til þess að fá upplýsingar hæstv. fjmrh. um þetta. Vil ég því spyrja hv. fjvn., hvort hún geti gefið einhverjar upplýsingar í þessu sambandi.

Þessir hv. þm. ættu að athuga sinn gang. Þeir hafa sjálfir flaustrað hér af þáltill. viðvíkjandi fjármálum, sem fól í sér milljónaútgjöld, og ættu því sízt að þurfa að ýfast við því, þó að hér fari fram svo sem tíu mínútna ræðuhöld við 2. umr. fjárlaganna. (**EystJ:** 2. þm. Reykv. greiddi sjálfur atkv. með þeirri till.). Það er rangminni hjá hv. 2. þm. S.-M. Ég greiddi atkv. með brtt. okkar, sem hefði afstýrt verstu göllunum á þáltill. En eftir að sú brtt. hafði verið felld, greiddi ég atkv. á móti þáltill.

En af því að hv. 1. þm. Rang. var að kalla hér fram í, vil ég beina til hans þeirri fyrirspurn, hvers vegna þessi fítonsandi hljóp í hann, þegar ég nefndi Keldur. Ég vissi ekki, hve mikið fé hefur farið í þessar Keldur. Er það eitthvað viðkvæmt mál? Ég hef heyrt, að þeim stjórni þrjú, fjögur eða fimm ráð, og má segja, að þar sé hver silkihúfan upp af annarri. En það væri annars gott að fá það upplýst, hvernig þessum málum er varið.

Þá sé ég, að ekki liggur fyrir nein brtt. frá hv. fjvn. viðvíkjandi 50. lið 15. gr., þar sem um ræðir styrk til skálda, listamanna og vísindamanna. Að vísu eru þar tilteknar ákveðnar upphæðir, sem ætlaðar eru þeim Árna Pálssyni og Guðmundi Finnbogasyni, en annars er hér um ósundurliðaða heildarupphæð að ræða. Ég vil nú spyrja hv. fjvn., þar sem hér er að ræða um viðkvæmt deilumál, hvort vænta megi brtt. viðvíkjandi þessu atriði. Þá sé ég, að lagt er til að hækka styrkinn til þjóðvinafélagsins og menntamálaráðs til útgáfu 1. bindis Íslendingasögu úr 6000 kr. í 10000 kr., sbr. 30. lið 15. gr. En finnst hv. n. ekki þörf að gera fleiri ráðstafanir viðvíkjandi þessum lið? Ég hef heyrt, að þegar sé farið að skrifa fleiri bindi en þetta fyrsta og borga út fé fyrir þau. Finnst hv. n. ekki ástæða til að veita nú þegar styrk til þess bindisins, sem Jónas Jónsson ætlar sér sérstaklega? Það er ekki seinna vænna fyrir þennan mann, sem mestu hefur ráðið í fjvn. um þessi mál, að tryggja sér nú þegar styrk til verksins.

Þá er 16. gr., en við hana hefur hv. fjvn. gert nokkrar brtt. En gott væri að fá frá henni vitneskju um það, hvað hún hyggst fyrir um frekari brtt., sérstaklega að því er snertir framleiðslubætur og atvinnuaukningu. Það er kunnugt, að á þessum lið var gerð mikil breyting árið 1939. Það var eitt af því fáa, sem hlykkjaðist gegnum þingið af gamla höggorminum, að þessu fé skyldi ráðstafað af sérstakri n., og voru henni veittar mjög víðtækar heimildir. Ég hef nú ekki getað komizt eftir því, hvernig hún hefur ráðstafað því, og væri fróðlegt að fá vitneskju um störf

þessarar n. frá hæstv. ríkisstj., ef hún kynni einhvern tíma að sjást hér á fundum. Ég man t. d. ekki til þess, að þessari n. væru sett nokkur tímatakmörk. Eða er ætlazt til, að hún sitji til eilífðar? Og hefur hv. fjvn. hugsað sér að gera einhverjar brtt. í þessu sambandi?

Þá hef ég ekki séð neinar till. frá hv. n. um það, hvað áætla skuli til greiðslu á uppbótum þeim, sem ákveðnar hafa verið með þáltill., eða hvort hún ætlast til, að þetta sé tekið inn í fjárl., að því er snertir þær uppbætur, sem greiddar eru á þessu ári. Ég tel nauðsynlegt, að sem mest af þeim útgjöldum, sem ríkið á að annast, sé á fjárlögunum, svo að þm. geti gert sér sem bezta grein fyrir þeim. Mér er ekki annað ljóst en útkoman af síðasta ári hljóti að breytast mikið, ef allar þær uppbætur eiga að fara fram á þessu ári. Ég vona, að hv. fjvn. vilji veita mér vitneskju um þetta atriði eftir beztu getu, og eftir þeim mun ég haga mér að nokkru.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Mér hefur heyrzt á ýmsum fjvnm., að þeim þyki fyrrverandi fjmrh. hafa búið frv. fremur losaralega í hendur n. Kveðst hv. n. hafa orðið að gera hér um bil 7 millj. kr. leiðréttingu á frv. Hæstv. ráðh. fyrrverandi mun geta afsakað sig að nokkru með því, að hann hafi fengið fremur losaralegar skýrslur frá ýmsum ríkisstofnunum um þau efni, er leggja varð til grundvallar frv. Hér í þinginu hefur t. d. verið lesið bréf frá einum embættismanni landsins, þar sem hann segist ekki treysta sér til að gera neinar áætlanir á þessum brjáluðu tímum. Ég verð að segja, að ég efast um, að ríkið geti látið sér sæma að hafa svo brjálaða menn í þjónustu sinni. Ég skal taka það fram þegar í stað, að ég veit raunar ekki, hver sá embættismaður er, sem hér ræðir um. — Hv. fjvn. hefur nú haft frv. til meðferðar, eins og það kom frá hæstv. ráðh., og gert á því leiðréttingar. Hefði nú mátt ætla, að hún léti sér víti ráðuneytisins að varnaði verða og undirbyggi það sem bezt. En því er nú ekki að heilsa. Hafi frv. áður verið illa úr garði gert, þá hefur hv. n. gert það enn verr úr garði og fleygir því þannig í þingið. Tolltekjur af útlendum vörum voru á síðasta ári 44,2 millj. kr. og af innlendum vörum 1 millj. kr., og svo kemur hv. fjvn. og áætlar tollana 20 millj. kr. Þetta er fjarri öllum sanni. Tekjur eru hér áætlaðar rúmlega 40 millj. kr., þó að þær hafi reynzt 86 millj. kr. á síðasta ári. Þá skal ég nefna nokkra pósta, sem hv. fjvn. finnst ástæða til að hespa gegnum þingið og láta ekki ræða nema eina umr. Ég veit, að hv. n. muni vera sammála um, að leggja verði að minnsta kosti 1,2 millj. kr. til vega, 1,8 millj. kr. til hafnargerða og 0,8 millj. kr. til brúargerða. Þetta er samtals 3,8 millj. kr. Þá vita allir, að hér siglir hraðbyri gegnum þingið frv. fiskveiðasjóðs, en það bakar ríkissjóði um 2 millj. kr. útgjöld. Einnig má minna á það, að ekki var gert ráð fyrir, að uppbót til embættismanna og starfsmanna ríkisins yrði greidd nema hálft árið, en þó munu allir hv. þm. vera sammála um, að ekki komi annað til mála en greiða hana allt árið, en sú leiðrétting mundi nema 1,7 millj. kr. Svo eru varnirnar gegn sauðfjárpestinni. Ég býst við, að hv. þm. vilji láta halda þeim áfram, og verða þá framlög að aukast um 2 millj. kr. Hér er þá komin upphæð, sem nemur 9,5 millj. kr. Auk þess liggja fyrir erindi til þingsins um margs konar nauðsynlegar framkvæmdir svo sem stækkun Landspítalans, stofnun fávitahælis, smíði sóttvarnahúss, stofnun drykkjumannahælis o. fl., og allt er þetta mjög nauðsynlegt. Býst ég við, að allir muni vera sammála um, að þessir hlutir muni ekki hækka fjárl. um minna en 20—30 millj. kr. Hæstv. fyrrverandi fjmrh. gekk að vísu losaralega frá fjárlfrv., en leiðréttingin við frv. hans nemur þó ekki nema svo sem 7 millj. kr., en frv. hv. fjvn. mun þurfa að leiðrétta um 20 millj. kr. a. m. k. Illa gerði hinn fyrri, en verr þó hinn síðari. Ég þarf ekki að spyrja, hvort hv. þm. séu yfirleitt ánægðir með slíka meðferð fjárl., að láta hækka frv. um 20—30 millj. kr. við síðustu umr. í stað þess að láta ræða slíkar breytingar við 2. umr. Það er kunnugt, að tveir menn hafa með ofríki knúið það fram í tveim stærstu þingflokkunum, að þessi afgreiðsla yrði höfð. Það eru þeir hv. þm. Borgf. og hv. þm. S.-Þ., mennirnir, sem undanfarin ár hafa unnið að því að gera fjvn. að litla Alþ., sem afgreiddi málin sjálf beint til ríkisstj. Þeir vilja nú knýja hv. þm. til að afgreiða fjárlfrv. ofan í vilja sinn, því að ég veit, að flestallir hv. þm. vilja í rauninni láta ræða allar brtt. við 2. umr. En ég vil þó benda á það, að ég hygg, að til sé opin leið til að forðast þessa vansæmd. Hún er sú að gefa flokkunum tækifæri til að koma fram með brtt. og leggja fyrir n., en fresta jafnframt þessari umr. Þá fæst eðlileg afgreiðsla málsins, og 3. umr. getur þá farið fram eins og vera ber. Það verður þá vitað, hvað hv. n. leggur til, og hv. þm. geta þá komið fram með lokabrtt. sínar, eins og vant er. Með þessu yrði komið í veg fyrir, að afgreiðsla fjárl. yrði eins flaustursleg og á síðasta þingi, þegar samþ. var þál., sem nú er komið á daginn, að kostar ríkissjóð 25 millj. kr. Ég beini því hér með til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki fallast á þessa lausn og fresta þar með umr.

Forseti (GSv): Það er nú komið að þeim tíma, þar sem ætlazt var til, að umr. yrði lokið í kvöld, en út af síðustu orðum hv. 8. þm. Reykv. vil ég benda á það, að till., sem komið hafa fram við umr. eða nálægt umr. fjárl., hafa verið teknar jafnóðum og sjálfkrafa til athugunar af hv. fjvn. Sú regla hefur verið talin föst. Annars skil ég afstöðu hv. þm. og mun taka hana til greina, að því leyti sem ég sé mér fært.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 1. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 268, 269, 303, 312).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 312. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að fara að lýsa starfi fjvn. og þeim erfiðleikum, er henni hafa mætt í því starfi. Í áliti n. á þskj. 268 og í ræðu hv. form. fjvn., er hann flutti í upphafi þessarar umr., hefur ýtarlega verið greint frá starfi n., svo að ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fjölyrða um þá hlið málsins.

En það, sem gaf mér tilefni til þess að kveða mér hljóðs, var hv. 2. þm. Reykv. og þau ummæli, er hann viðhafði í garð n. og meðlima hennar, sem ég get ekki látið ómótmælt hér í þ. Þessi hv. þm. gekk fram fyrir skjöldu og sagði, að fjvn. væri klofin, í n. væri misræmi og óeining í starfi hennar. Ég er nú alveg viss um, að hv. 2. þm. Reykv. gerir ekki flokksmönnum sínum, er sæti eiga í fjvn., greiða með þessu. — Ég veit ekki betur en n. hafi starfað í einingu að þeim málum, er hún hefur haft til meðferðar, og að nm. hafi í sameiningu reynt að finna sem heppilegasta lausn á vandamálunum. Allir nm. standa og að nál. einhuga, nema hvað tveir nm. skrifa undir það með fyrirvara. En hv. 2. þm. Reykv. lá svo mikið á að fræða okkur hér í þ. um þessa óeiningu n., er hann segir vera, að þessir tveir nm. fengu ekki áður tækifæri til þess að gera grein fyrir þessum fyrirvara sínum. Sýnir þetta m. a. hversu fljótfærnislegar ásakanir hv. 2. þm. Reykv. eru í garð fjvn.

Nokkrar umr. urðu um það í n., hvort brtt. skyldu koma fram við 2. eða 3. umr. Venjan hefur verið sú, að flestar brtt. hafa komið fram við 2. umr., og er það eðlilegt og sjálfsagt á venjulegum tímum. — En að vísu hef ég ekki setið lengi á þ., en þó nógu lengi til þess, að ég hef séð nógu marga auða stóla í þingsalnum við 2. umr. fjárl. Það hafa helzt ekki aðrir verið mættir þá en fjvnm. og svo aðrir þeir, er flutt hafa brtt. við frv.

Eins og kunnugt er, voru gefin út fyrir jólin l. um bráðabirgðafjárgreiðslur ríkissjóðs til janúarloka. Þann 21. jan. var haldinn kvöldfundur í fjvn. og þar rætt við fjmrh. um fjárlfrv. og tekjuöflun ríkissjóðs. Bar skoðunum ekki saman um það atriði, og vildi ég fá frest til að gera þar upp á milli. Fyrir það féllst ég á að fresta tekjuliðnum og brtt. fjvn. þar til við 3. umr.

Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að í n. hafi fyrst verið kominn ákveðinn meiri hl. fyrir því, að þessi aðferð yrði ekki farin. Hún var fyrst felld með 4:4 atkv. Ég sat hjá við atkvgr., en við nánari athugun sá ég, að rétt mundi að láta brtt. bíða til 3. umr.

Það virðist nú vera orðin tízka að kasta hnútum að Alþ. Það er ekki óalgengt að heyra farið niðrandi orðum um þessa stofnun í blöðum og útvarpi. Ég skal ekki segja, hversu mikinn hljómgrunn slíkt hefur meðal þjóðarinnar. En hvernig sem því er varið, þá máttum við ekki láta það ske, að það fyrsta, sem þjóðin heyrði frá Alþ. á nýja árinu, væri það, að það færði þjóðinni fjárlfrv. með tekjuhalla, en það hefði orðið að óbreyttri tekjuáætlun. En með hverjum deginum, sem líður, geta menn betur dæmt um tekjuáætlunina og haft hana ólíkt nákvæmari en orðið hefði. Nú daglega eru að berast skattaframtöl í Reykjavík, og kemur þá í ljós að sögn kunnugra, að tekju- og eignarskattur stórhækka árið 1943. N. hefur hlerað það, að siglingar muni fara batnandi til landsins. Það hefur líka áhrif á tekjuáætlunina. Svo mætti og áfram telja og draga fram það, er áhrif hefur á tekjuáætlunina.

Hv. 2. þm. Reykv. gat vitað, að n. hefur í undirbúningi að leggja um 13% af útgjöldunum til vegaframkvæmda, sem árið 1940 voru ekki nema 7,5% og eitthvað svipað árið 1939. Á þessu sést, að n. lítur svo á, að aukning tekna á að koma niður á auknum framkvæmdum í landinu.

Sama er að segja um hafnargerð; þar á upphæðin að nema um 0,63%, sem 1939 var 0,39%. Í frv. er gert ráð fyrir 150 þús. kr. til brúargerðar, en n. vill hækka þá upphæð í 1 millj. kr. — Ég fullyrði því, að hv. 2. þm. Reykv. er að reyna að stimpla einstaka nm. í fjvn. sem einræðismenn móti sínni betri vitund. N. hefur hagað störfum sínum eins og undanfarin ár, og fjvn. hefur reynt að miðla fé til verklegra framkvæmda, eftir því sem efni hafa staðið til, og reynt sem mest að fara eftir till. vegamála- og vitamálastjóra, svo og eftir ósk einstakra þm. Ég vísa því á bug þeim ásökunum hv. 2. þm. Reykv. sem algerlega tilhæfulausum og fram bornum gegn betri vitund.

Nú sé ég, að komnar eru brtt. fram frá hans flokksmönnum, og mér virðist þeir síður en svo vera stórtækir og hafa ekki af miklu að státa. Þeir komast ekki nálægt þeim upphæðum í brtt. sínum, sem n. hefur þegar ákveðið, hverjar vera skyldu, nema þá í till. sinni um brúargerðir. — Mér þykir það leitt, ef hv. 2. þm. Reykv. hefur einhverju áorkað með áróðri sínum í þá átt að spilla samstarfinu í n., en ég vona, að hv. þm. sjái við því og svari á viðeigandi hátt.

Þá var hv. þm. að minnast á sumarþingið og allt bruðlið, sem þá hefði átt sér stað, og er sjálfsagt eitthvað til í því, en mér finnst það bara sitja hálf illa á honum að vera að minnast á slíkt. Það er raunasaga, sem við hann og hans flokk er þar tengd, sem verður geymd en ekki gleymd, þótt þar eigi fleiri sökótt en hann og hans flokkur.

Þá minntist hv. 2. þm. Reykv. á einstaka liði í nál. fjvn., og hnaut hann þá um það atriði, að fjvn. leggur til, að dálitilli fjárhæð sé varið til að vernda bæina Keldur, Glaumbæ og Grenjaðarstað, 10 þús. kr. til hvers, þar sem um er að ræða verndun á merkilegum fornminjum úr okkar sögu.

Það kann að vera, að honum sé sama um fornminjar okkar og sögu, en ég veit, að allur almenningur er á annarri skoðun og vill gjarnan vernda þær fornminjar, sem við eigum. Ég tel því, að óþarfi sé fyrir þennan hv. þm. að kasta hnútum að þessu. Þá var hann einnig að tala um aðrar „keldur“. Hann var allan tímann að tala um „keldur“ og hann endaði á „keldum“. Það, sem hann var síðast að tala um, voru Keldur í Mosfellssveit. Rannsóknastofa háskólans hafði þar bú um skeið fyrir dýr þau, sem hún þurfti að nota við rannsóknir sínar. Meðal annars var framleitt þar mikið af blóðvatni úr hestum. Nú fyrir nokkru varð það svo úr, að ríkið keypti Keldur, og er nú búið þar með tilheyrandi framleiðslu og rannsóknum rekið sem sjálfstæð stofnun laus frá Rannsóknastofu háskólans. Hefur nú verið fenginn ungur og duglegur hæfileikamaður, Guðmundur Gíslason læknir, til þess að veita þessari stofnun forstöðu. Ég tel því, að þeim árlega kostnaði, sem til þess er veittur, sé sæmilega varið, þar sem það er einnig vitað, að þessi maður er mjög vel fær í sinni grein.

Það mun nú ekki margt eftir hjá þessum hv.

þm., sem ég þarf að minnast á. Hann virtist hneykslast mjög á því, að ríkisstj. hafði veitt dýrtíðaruppbót til nokkurra stétta, sem harðast hafa orðið úti upp á síðkastið. Ég skal nú ekki mikið ræða um þetta, en mun þó víkja nokkrum orðum að einni þessari stétt, læknastétt landsins. Það er vitað, að læknar taka laun sín sumpart úr ríkissjóði, en auk þess fá þeir borgun fyrir veitta læknishjálp. Laun þau, sem flestir héraðslæknar fá úr ríkissjóði, eru mjög lág; byrjunarlaun munu oftast vera 2500 kr., en hækka síðan smám saman upp í 3500 kr. Þetta eru heldur lág laun, þótt einnig sé tekið tillit til þess, að þeir fá aukatekjur. En þegar allir fengu kjarabætur 1941, þá var einnig rætt um, að læknar fengju hækkun á gjaldskrám sínum, og þá fóru þeir fram á að fá taxta sinn hækkaðan. En landlæknir vildi síður fara inn á þá braut, meðal annars vegna þess, hve erfitt mundi að fá hann lækkaðan aftur. Í fámennum héruðum eru litlar aukatekjur, og er því oft erfitt að fá þangað lækna. En það mundi verða mun hægara, ef þeir fengju beina hækkun á föstu launin. Árið 1919, er þetta sama mál var á dagskrá, þá veitti þingið 100% hækkun á aukatekjur. Þeir, sem voru læknar í fjölmennum héruðum, fengu því sumir mjög mikla uppbót úr ríkissjóði, en ég veit um einn lækni, sem var í fámennu héraði og hafði aðeins 100 kr. í aukatekjur og fékk því aðeins 100 kr. í uppbót. Það er því ljóst, að þetta hefur komið mjög misjafnt niður, og það var þetta, sem landlæknir vildi forðast. Það var því nú aðeins veitt uppbót á föstu launin, enda er það miklu eðlilegri lausn á málinu en taxtahækkun. Mér finnst óþarft að ávíta fjvn. fyrir þetta, þar sem hún hefur ekki látið í ljós álit sitt á þessu máli og enga afstöðu tekið til þess.

Ég skal svo ekki segja miklu meira við hv. 2. þm. Reykv. Hann hefur reynt að kljúfa fjvn., og hann á sök á því, ef samstarf í n. verður slæmt hér eftir. Það verður honum til hæfilegs og viðeigandi sóma.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Það hefur komið glöggt fram í þessum umr., að meiri hl. þm. ætlast til, að umr. um fjárl. verði stuttar að þessu sinni, a. m. k. 2. umr. Það, sem einkum hefur verið umræðuefnið til þessa, er hin óvenjulega afgreiðsla fjvn. á þessu frv. Það er nokkur ástæða til þess fyrir okkur fulltrúa Sósfl. í fjvn., sem vorum þessari afgreiðslu andvígir, að gefa yfirlýsingar frá okkar hálfu um afstöðu okkar til þessarar óvenjulegu afgreiðslu fjvn. Ég skal nú lýsa því, hvernig sá ágreiningur, sem orðið hefur, kom fram í n.

Er n. hafði starfað í nokkurn tíma og gerðar höfðu verið frumtill. um útgjöld til vegamála, hafnar- og brúargerða o. fl., var byrjað að athuga teknahliðina til þess að sjá, hverju hægt mundi að verja til ýmissa menningarmála. Það var jafnan gott samkomulag í n., meðan gerðar voru þessar bráðabirgðatill. um útgjöld til vegamála, hafnar- og brúargerða og annars. En þegar n. var búin að þessu og farið var að ræða um teknahliðina, þá kom í ljós, að sumir voru á þeirri skoðun, að ekki mundi hægt að hækka svo teknahliðina, að unnt yrði að standa við þær till., sem búið var að gera, nema fjárl. yrðu afgreidd með tekjuhalla.

Hækkun sú á útgjöldum, sem nál. gerir ráð fyrir, nemur um 7 millj. kr. En í þeim frumtill. fjvn., sem gerðar hafa verið, en enn eigi lagðar fram, er gert ráð fyrir, að hækka þurfi framlög til vegamála um 1,8 millj. kr. og til brúargerða um 0,8 millj. kr. Auk þess er nauðsynlegt, ef á að halda fjárpestarvörnunum áfram, að hækka framlög til þeirra um 2 millj. kr. Einnig er hér á ferðinni frv. um fiskveiðasjóð, sem útlit er fyrir, að verði nú að l., og mun það þá auka útgjöld ríkissjóðs um 2 millj. kr. Það mun því alls ekki hjá því komizt að hækka útgjaldalið fjárl. um 17—20 millj. kr. Hæstv. fjmrh. sá enga möguleika til þess að hækka teknahliðina nema um ca. 3 millj. kr., en sumir fulltrúarnir í fjvn. álitu, að ef til vill mundi hægt að hækka hana um 5—6 millj. kr. Þegar það var sýnt, að þessar skoðanir yrðu ofan á í fjvn., gátu frumtill. þær, sem gerðar höfðu verið um vegamál o. fl., ekki komið til greina, nema því aðeins, að fjárl. yrðu afgreidd með tekjuhalla. Þá gerði meiri hl. fjvn. þá furðulegu samþykkt, að geyma skyldi þessar till. til 3. umr. Þá töldum við í minni hl. ástæðu til þess að álíta, að ætlunin væri sú að hækka teknahliðina einungis lítið eitt og afsaka svo með því, að ekki væri hægt að verja meiru til útgjalda. Við erum á þeirri skoðun, að það sé alger óþarfi að hækka ekki meira teknahliðina, svo að hægt sé að leggja þessar till. fram nú þegar. Það, sem ætti nú einkum að liggja fyrir, er það, hvað hægt muni að hækka teknahliðina mikið. Er aðeins hægt að hækka hana um 3 millj. kr. eða 5—6 millj. kr. eða, eins og við álítum, um ca. 20 millj.?

Það hefur jafnvel verið látið skína í það, að þessi bið á að koma fram með till. n. væri að ósk ríkisstj., svo að hún gæti gefið nokkrar upplýsingar um teknamöguleikana. En ríkisstj. óskaði ekki eftir neinni slíkri bið.

Ég skal nú fara nokkru nánar út í það, hverjir þeir einstöku teknaliðir eru, sem einkum munu reynast hærri að okkar áliti. Það eru í raun og veru einkum þrír liðir, sem skipta verulegu máli. Það er í fyrsta lagi 2. liður í 2. gr. frv., um tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt, og svo eru það 12. og 13. liður sömu gr., um tolla. Hina aðra liði teknaliðarinnar mun ýmsa hægt að hækka eitthvað, en það eru einkum þessir þrír liðir, sem ágreiningur hefur orðið um, hve hátt megi áætla. Árið 1942 varð tekju- og eignarskattur 13.6 millj. kr. og stríðsgróðaskattur 7.7 millj. kr., eða samtals 21.3 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir þetta ár eru þessir skattar hins vegar áætlaðir aðeins 15 millj. kr. eða 6,3 millj. króna lægri en þeir reyndust s. l. ár. Nú lítur þó út fyrir, að tekju- og eignarskattur verði enn hærri en áður. Nú hafa flestir fengið 30—40% grunnkaupshækkun og sumir enn þá meira, og er því ástæða til þess að ætla, að þessir skattar verði stórkostlega hærri en nú. Það er því ekki nema að vonum, að okkur þætti þessi liður of lágt áætlaður og lögðum því til, að hann yrði hækkaður úr 15 millj. kr. upp í a. m. k. 25 millj. kr.

Um tollana er það að segja, að vörumagnstollur er nú áætlaður 5 millj. kr., en var s. l. ár 9 millj. og 350 þús. kr. Það er því gert ráð fyrir, að hann verði nærri helmingi lægri en s. l. ár. Þetta er rökstutt með því, að nú sé mjög ljótt útlit með alla aðflutninga á vörum til landsins. En þótt svo kunni að vera, er ekki ástæða til þess að ætla, að vöruinnflutningurinn verði helmingi minni en nú er, og ætti þessi liður því að hækka töluvert.

Verðtollurinn nam s. l. ár 34 millj. og 850 þús. kr. Nú er hann áætlaður 15 millj. kr., eða ekki helmingur þess, sem hann reyndist s. l. ár. Þetta er varið með því, að menn vilja álíta, að lítið verði flutt inn frá útlöndum á næsta ári. Nú er þó svo, að vöruverð *mun almennt hækka og farmgjöld hækka líka eitthvað*, en verðtollurinn miðast einkum við þetta, og álítum við því, að mætti áræða að hækka þennan lið úr 15 millj. í a. m. k. 22 millj. kr.

Ég verð að segja það, að þegar slíkar raddir koma fram í fjvn. og þær svo sterkar, að því nær engar till. eru lagðar fram við 2. umr., þá liggur nærri að álykta, að þær séu ekki lagðar fram af því, að þeim sé alls ekki ætlað að koma fram, og þá er ekki nema eðlilegt, að við álítum þess fulla nauðsyn að benda á, að möguleikarnir til þess að hækka teknahliðina séu allverulegir og af því beri að leggja fram till. um það.

Ég get ekki látið mér nægja það, að því skuli haldið fram, að engin hætta sé á, að till. fjvn. verði ekki samþ. við 3. umr. Það er full ástæða til þess að óttast, að ætlunin sé að stinga þeim undir stól. Eða hvaða skýringu gefa þessir menn á því, að ekki megi leggja til nú þegar að veita 1 millj. kr. til brúargerða, þar sem þess er full nauðsyn? Hví skyldi ekki mega leggja það fram strax við 2. umr., ef möguleikar eru á því?

Ég skal nú víkja nokkrum orðum að mínum brtt. og rökstyðja þær eftir þörfum. Þá er fyrst brtt. á þskj. 312, VI. liður, þar sem við hv. 11. landsk. leggjum til, að veittar verði til brúargerða 1 millj. kr. í stað 150 þús. kr. í fjárlfrv. Þessi brtt. miðast fyrst og fremst við það, hvað minnst er hægt að komast af með að veita til þessara mála. Það var aldrei ætlun mín eða flokksmanna minna hér að hrúga inn till. um ýmis þýðingarlítil málefni. Við höfum aðeins mælzt til þess, að hér yrðu lagðar fram eðlilegar og nauðsynlegar till.

Þá er það í öðru lagi brtt. á þskj. 312, XI. liður, þar sem við hv. 7. landsk. leggjum til, að fjárveiting til flugmála verði hækkuð úr 50 þús. kr. upp í 200 þús. kr. Þetta er að vísu nokkur hækkun, en við teljum hana mjög nauðsynlega, og hún er þó ekki eins mikil og flugmálaráðunautur ríkisins hefur lagt til, að gerð yrði.

Þá er þriðja brtt., sem ég stend að, á þskj. 312, nr. XII. Það kom beiðni frá menntaskólanum á Akureyri um fjárveitingu til endurbóta á leikfimihúsi skólans, en það hefur verið ónothæft um margra ára skeið. Till. er á þá leið, að við 14. gr. bætist nýr liður: „Til endurbóta leikfimihúss kr. 60000.00.“ Nú virtist meiri hl. n. vera fylgjandi brtt., en þó vildi n. ekki bera till. fram í því nál., sem kom frá henni.

Brtt. XIII er um að auka styrk til byggingar barnaskóla upp í kr. 500000.00 úr kr. 100000.00, sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Þörfin er mjög brýn á auknum framkvæmdum í þessu efni samkv. skýrslu fræðslumálaráðuneytisins, og er því sízt nú, þegar tekjur ríkissjóðs eru eins miklar og þær eru, ástæða til að skera við nögl sér framlög til þeirra framkvæmda.

XIV. brtt. er um aukin framlög til styrktar íþróttamálum landsins. N. hafði tekið vel í að hækka þessa fjárveitingu í kr. 300000, en það er lægri upphæð en íþróttafulltrúinn lagði til, að veitt yrði. Upphæðin í fjárl. er ófullnægjandi til þess að verða við kröfum utan af landi um byggingu íþróttahúsa og annarra íþróttamannvirkja, sem komin eru nokkuð áleiðis. Liggur í *augum uppi, að nauðsynlegt er að ljúka þeim*, svo að þau geti sem fyrst komið að notum.

XXVIII. brtt. er um það, að fjárveiting til byggingar nýrra vita hækki úr kr. 200000.00 í kr. 500000. Fjvn. vildi fara upp í kr. 250000.00. Með það var ég óánægður, því að allt í kringum land er brýn þörf umbóta í vitamálum, og sjómannastéttin á annað skilið en að slík smánarupphæð sé veitt í þessu skyni.

Ég skal taka það fram, að ég hefði viljað fara miklu hærra, en þar sem n. vildi það ekki, sá ég mér ekki fært að leggja til meiri hækkun en í kr. 500000.00.

Þá hef ég gert grein fyrir þeim brtt., sem ég hef lagt fram við frv., og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það.

Um fjárlfrv. eins og það liggur nú fyrir þinginu, er það kunnugt, að ekki verður hjá því komizt, að útgjaldaliðir þess hækki mikið, og er þm. það ljóst, að svo hlýtur að fara. Till. um hækkun, sem nemur tugum þúsunda og jafnvel milljónum, hljóta að koma fram. Það væri því æskilegt, að þær till. kæmu fram við 2. umr., en yrðu ekki geymdar til síðustu stundar. Ég hef tilhneigingu til að ætla, að brtt. við fjárl., sem fjvn. hefur samið frumdrög að, en meiri hl. vill nú ekki leggja fram við 2. umr., séu geymdar í þeim tilgangi að leggja þær ekki fram.

Í sambandi við þessa óvenjulegu afgreiðslu meiri hl. fjvn. að leggja nálega engar brtt. fram nú við 2. umr., hefur verið á það minnzt, að rétt sé að bíða með slíkar till. vegna þess að e. t. v. ætli ríkisstj. að koma fram með verulegar breyt. á launagreiðslum í tilefni af dýrtíðarráðstöfunum hennar — þá vil ég geta þess, að raddir hafa komið fram í fjvn. um að fara þá leið að banna að greiða fullar verðlagsuppbætur á laun og takmarka slíkar uppbætur við ¾ af dýrtíðarvísitölunni. En sé þörf að láta till. fjvn. um verklegar framkvæmdir bíða vegna þessa, þá hefði *ekki síður átt að geyma þær till., sem n. nú* leggur fram, sem flestar eru um launagreiðslur og fulla dýrtíðaruppbót.

Ég held, að hv. fjvn. hafi fengið allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi afgreiðslu fjárl. og því sé óþarft að bíða. En því þá ekki að bera fram þessar till. strax í stað þess að geyma það til síðustu stundar, þar sem öll nauðsynleg gögn eru fengin?

Að lokum vil ég lýsa yfir því, að mér þykja till. um fjárveitingar til vegagerða, hafnargerða og annarra slíkra framkvæmda alltof lágar.

Jakob Möller: Herra forseti. — Hv. frsm. fór um það nokkrum orðum, hvernig fjárlagafrv. var búið í hendur hv. fjvn., og má segja, að hann talaði tiltölulega mildilega, eftir því sem við var að búast, og þegar litið var á þær brtt., sem hv. fjvn. gerir á frv. stjórnarinnar. Fráfarandi stj. sá um undirbúning þessa máls með svipuðum hætti og að undanförnu. Þ. e. a. s., hún fékk forstöðumenn stofnana og stjórnardeilda til að gera áætlanir, og eftir þeim áætlunum er fjárlagafrv. gert. En það er vitað mál, að verðlag er mjög á reiki, og eigi er vitað, hvar lendir um dýrtíðina. Má því búast við breyt. á frv., og er það mjög eðlilegt. Mér skilst, að stærstu skekkjurnar á frv., sem hv. fjvn. hefur gert till. um breyt. á, séu um dýrtíðaruppbætur, og efa ég ekki, að hún hefur rétt fyrir sér.

Sú leið var farin, að landsreikningurinn fyrir árið 1941 var lagður til grundvallar og tekið síðan tillit til árshækkunar vísitölunnar við útreikning dýrtíðaruppbótarinnar. Skilst mér, að teknir hafi verið allir launaliðir á þann hátt, og hef ég ekki aðstöðu til að spá nokkru, hvernig það reynist. Auk þess eru nokkrir liðir, sem fjvn. lét standa óbreytta, t. d. um fjárveitingar til strandferða og landhelgisgæzlu. Um þetta er það að segja, að þessir liðir hafa farið fram úr áætlun á s. l. ári. En auðvitað er það á valdi Alþ. að ákveða, hve miklu fé skuli varið af ráðherra til þessarar starfsemi.

Hins vegar er allt í óvissu um það, hvaða ráðstafanir þarf að gera til að lækka dýrtíðina og þá þessa liði. — 16. gr. er þriðji liðurinn, sem þarf að athuga nánar, og er það á valdi Alþ. að taka ákvarðanir um, hvort halda skuli áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið. Þá vil ég taka það fram, að ekki er meiri losarabragur á frv. hjá ríkisstj. en ástæða er til.

Ég hef áður gert grein fyrir þeirri skoðun minni, að ekki eigi að gera ráð fyrir stórfelldum verklegum framkvæmdum. En samkv. till. fjvn. ætlast hún til hins gagnstæða. Ég tel rétt að geyma slíkar framkvæmdir til seinni tíma, og ef tekjur ríkissjóðs verða það miklar, væri hyggilegt að geyma nokkuð af þeim þar til síðar. Þá má líta á það, að efni til framkvæmda hlýtur að skorta. Þess vegna þýðir ekki að gera ráð fyrir miklum verklegum framkvæmdum, svo sem skólabyggingum, læknisbústöðum o. fl. framkvæmdum. Það var gert með ráðnum hug, að ekki var gert ráð fyrir meiri framkvæmdum á árinu en að er vikið í frv. Ekki virðist ástæða til að ætla, að atvinna verði minni, svo að þess vegna þurfi að auka þær, á sama tíma og verið er að vinna á móti aukningu verðbólgunnar.

Hv. frsm. veik að því, að ríkisstj. hefði greitt launauppbætur til ýmissa starfsmanna og stétta, án þess að hún hefði haft til þess samþykki Alþ. Þetta er rétt. Ég hef litið svo á, að til væri heimild til þess að greiða þessa launauppbót. Læknum og prestum hefur verið greidd launauppbót, og loks hafa kjör kennara verið bætt. Þetta hefur helzt ekki komið fram í þessum umr. Það er tvímælalaust rétt að hækka laun presta og kennara, því að þær stéttir voru einna verst launuðu stéttir meðal opinberra starfsmanna. Sú ákvörðun að hækka á þennan hátt laun þessara starfsmanna var tekin í tíð þjóðstjórnarinnar, þótt hún væri ekki komin til framkvæmda, þegar ráðherra jafnaðarmanna gekk úr stjórn. Laun presta hafa verið bætt mikið, en eins og áður er vikið að, eru þeir illa launaðir. Kennarar, einkum farkennarar, hafa fengið mjög bætt kjör, enda lá við borð, að margir farkennarar segðu lausum stöðum sínum og færu í vinnu, sem betur var launuð. Auk þess var launahækkunartímabilið stytt, svo að þeir komast nú fyrr á hærri laun. Enn fremur var gerð breyting á kjörum fastakennara, og munu kennarar yfirleitt sætta sig vel við þau kjör, sem þeir hafa við að búa. En þetta liggur allt undir endanlegum úrskurði Alþ., og mun hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu ganga eftir því, að tekin verði afstaða til þessa máls. Það mun ekki hafa verið gert ráð fyrir hækkun á fjárl. vegna þessarar launahækkunar, en sú hækkun hlýtur auðvitað að koma fram. Ég get fallizt á, að greiðslum þessum sé haldið áfram, en þá þarf einnig að hækka verðlagsuppbót, hvað lækna og presta snertir.

Ég get nú að nokkru leyti fallizt á það með þeim, sem telja þessa aðferð hv. fjvn. miður heppilega, og mér finnst, að hv. n. ætti að fella sig við leiðréttingar, sem nauðsynlegt er að gera og ganga lengra en hennar eigin till. Till. einstakra manna eru margar sambærilegar við till., sem von er á frá hv. n., og get ég í því sambandi nefnt hækkun á greiðslu til íþróttasjóðs og greiðslur til skólabygginga. Mér finnst, að hv. n. ætti að taka einhverjar þessara einstöku till. um greiðsluhækkanir aftur til 3. umr. Það er viðkunnanlegra, að hv. þm. hafi slíkar till. fyrir sér í einu lagi, heldur en að fá sumar nú við 2. umr., en aðrar eigi fyrr en við 3., því að svo þegar hinar till. koma, þá eru þeir e. t. v. búnir að binda sig við einhverjar till., sem þeir hefðu viljað láta sitja á hakanum. Ég segi fyrir mig, að ég á erfitt með að taka afstöðu til sumra þessara till. einmitt af þessum ástæðum.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti.— Umr. hér hafa aðallega snúizt um þær till. fjvn., sem enn eru eigi fram komnar, og er það miður.

Það er mjög leitt, að einn hv. nm. hefur vakið ágreining um ýmis atriði, sem eigi er búið að útkljá innan n. Það er ekki þinglegt, og ég harma, að slíkt skuli hafa komið fyrir. Í n. hefur orðið samkomulag um uppkast að till. um að veita meira fé til verklegra framkvæmda heldur en ráð er gert fyrir í frv., og get ég þar nefnt hækkað framlag til hafnargerðar, 2 millj. kr., og til brúargerða, 900 þús. kr., en enn þá hefur n. ekki gengið frá því, hvað áætla megi tekjurnar, en skoðun mín er sú, að grundvöllur muni fást innan n. til þess að afgreiða fjárl. tekjuhallalaust. Það er mjög leitt, að afgreiðsla meiri hl. skuli hafa vakið slíkar deilur, sem raun ber vitni, en ég álít, að málin upplýsist ekki meir á þessu stigi, þótt þessum deilum sé haldið áfram, og ég vona, að hv. þm. ræði framvegis meir um till. fjvn., sem nú liggja fyrir, og láti umr. um þær till. n., sem eigi eru komnar fram, bíða til 3. umr. Á meðan eigi verður vitað, hvort ágreiningur verður um málin, þá finnst mér eðlilegast að láta allar ádeilur bíða þar til síðar. Ég segi þetta í því trausti, að hæstv. forseti gefi

mönnum tóm til að ræða málið við 3. umr. og þá fái þm. nægan tíma til að athuga og koma fram með brtt.

Svo vil ég víkja aftur að því, sem ég nefndi áðan, að ég tel miður, að einn hv. fjvnm. hefur komið fram með till. við ýmsa liði fjárl., sem honum er kunnugt um, að n. er í raun og veru sammála um í heild að leggja fram við 3. umr. Þar er þá fyrst VI. liður á þskj. 312, um brúargerðir. N. gerði drög að till. um framlög til brúargerða eftir áliti vegamálastjóra, og þó að till. vegamálastjóra og till. hv. 6. landsk. fari saman, þá er ekki rétt hjá hv. 6. landsk. að það hafi verið hann, sem hefði komizt að raun um, að þetta væru réttar upphæðir, því að þetta voru till. vegamálastjóra, en ekki till. hv. 6. landsk.

Svo er það XI. liður á sama þskj., um flugmál, og get ég verið stuttorður um hann. Ég vil benda á, að n. hefur eigi tekið afstöðu til flugmála, en ákvað að geyma þau ásamt fleiru til 3. umr. Ég átti tal við hæstv. atvmrh. um þessi mál og fékk að vita skoðun hans á þeim og ætlaði að fá flugmálaráðunaut og formann flugfélagsins á fund í fjvn., en þá var annar fjarverandi, svo að eigi varð frekar gert í málinu. Það er því óviðkunnanlegt á þessu stigi málsins, að einn hv. nm. skuli leggja fram till. um þessi mál, áður en n. hefur athugað þau til fulls og áður en vitað er, hvort um ágreining er að ræða eða ekki. Sama máli gegnir um XIII. lið á þessu sama þskj. Það mál var óútkljáð í n., og hefði verið æskilegra, að þessi hv. þm. hefði geymt að koma með brtt. um það, þar til atkvgr. hafði farið fram um það í n. — Viðvíkjandi þessum lið, sem var styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða, þá var mér ekki kunnugt um, að hv. 6. landsk. hefði nokkra brtt. um þetta, meðan málið var í n., og sama máli gegnir einnig um framlag í íþróttasjóð, sem hv. þm. hefur nú borið fram brtt. við. Hér er um að ræða mjög óvenjuleg vinnubrögð. En ég vona, að úr þessu rætist hjá hv. 6. landsk., þegar hann hefur starfað lengur í n. hér á hv. Alþ. Hann kom vel fram innan n., meðan hún var að störfum, og það er því miður, að hann skuli hafa farið út yfir þau takmörk, sem nm. venjulega starfa eftir hér á hv. Alþ.

Viðvíkjandi framlagi til íþróttasjóðs, þá munar þar ekki nema 20 þús. kr. á till. hv. 6. landsk. og till. n., vegna þess, að ætlazt er til, að áætlað framlag til fimleikahúss á Eiðum, kr. 50 þús., verði endurgreiðsla á skuld, er skólinn stendur í við íþróttasjóð, og er fremur ástæða til að bera fram brtt. við stærri atriði og láta þetta eiga sig.

Hér hefur verið gerð að umtalsefni tekjuáætlun ríkissjóðs. Fjvn. skipaði tvo menn til þess að athuga það atriði, og þeir hafa lagt grg. fyrir n., en enn þá hefur eigi verið tekin afstaða til hennar. N. hefur í síðustu viku borizt ýtarlegri upplýsingar um tekjuöflun ríkissjóðs 1943, sem gefa vonir um, að tekjurnar verði hærri en gert hefur verið ráð fyrir, þannig að óhætt sé að áætla eigi minna fé til verklegra framkvæmda en fjvn. hefur gert ráð fyrir.

Ég vil leiða athygli hæstv. ríkisstj. að því, að fjvn. hefur ekki tekið í till. sínar áætlun um grunnlaunahækkun síðari hluta ársins 1942 og verðlagsuppbót á henni, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki lagt til við Alþ. að fá þessa heimild framlengda, en hún gildir aðeins til 1. júlí 1943. Enn fremur hefur fjvn. frestað að gera till. um nokkur önnur atriði, t. d. framlag til fiskveiðasjóðs, en frv. um það efni hefur gengið í gegnum hv. Nd., en er eigi enn komið úr n. í hv. Ed. Ef frv. það yrði samþ. eins og það liggur fyrir, þá gæti það breytt gjaldaáætluninni um 2 millj. kr. til hækkunar.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á hina áætluðu dýrtíðaruppbót á 19. gr. Um hana er það að segja, að engin sundurliðuð áætlun var til um hana í stjórnarráðinu, fyrr en núv. hæstv. fjmrh. setti einn starfsmann í stjórnarráðinu í það milli jóla og nýjárs að reikna hana út, og kom þá í ljós, að hún var vanreiknuð um hvorki meira né minna en 1200000 kr. Fjvn. hefur eigi haft aðstæður til að endurskoða þennan útreikning, því að hann barst svo seint, og er þessi áætlun því öll á ábyrgð fjmrn. Ég get því vel skilið, að hv. 3. þm. Reykv., sem er fyrrv. fjmrh., hafi komið þessi upphæð allkynlega fyrir sjónir, þar sem um verulega vanrækslu virðist vera að ræða af hálfu þess ráðuneytis, sem hann veitti forstöðu. Hv. 3. þm. Reykv. sagði enn fremur, að sér fyndist það eigi vera að vinna gegn dýrtíðinni að ausa fé í opinberar framkvæmdir, heldur mundi það auka dýrtíðina. Ég er ekki á þessari skoðun. Ég tel ekki, að um neinn austur sé að ræða, þótt fylgt sé till. fjvn. Hins vegar tel ég, að atvinnuástandið sé svo ótryggt, að alveg óforsvaranlegt væri, ef Alþ. legði eigi meira fé en venjulega til verklegra framkvæmda, ef svo færi, að atvinnuleysi yrði næsta sumar, — og því miður horfir eigi vel, hvað það snertir. — Í þessu sambandi skal ég geta þess, að fjvn. hugsaði sér að geyma fjárveitingar til verklegra framkvæmda til síðari tíma, ef svo færi, að eigi þyrfti að nota þær á þessu ári. Yrðu þær þá lagðar til hliðar til þess að vinna hin sömu verk og nú er gert ráð fyrir, en eigi notaðar í öðru skyni.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist og á aukauppbætur úr ríkissjóði til farkennara. Ég geri ekki ráð fyrir, að þær verði taldar eftir, því að þessi stétt þjóðfélagsins hefur verið illa launuð, en annað mál er það, að viðkunnanlegra er að leita heimilda fyrir þeim greiðslum, heldur en greiða þær án heimilda. Um aukauppbætur til lækna og presta, sem þessi hv. þm. minntist á, var fjvn. sammála um, að þær séu óviðkunnanlegar, meðan þær eru teknar í heimildarleysi.

Hv. 3. þm. Reykv. fannst réttara, að n. tæki ýmsar hækkunartill. sínar aftur til 3. umr. og geymdi þær eins og hinar, sem geymdar voru. — Ég tel þetta óráðlegt, því að mér finnst meira en nóg að geyma þær till. til 3. umr., sem geymdar eru, þótt reynt væri að afgreiða nú þessar till., sem hér liggja fyrir.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ég get ekki stillt mig um að vekja máls á því, að það er dálítið erfitt fyrir okkur sósíalista, sem höfum allt aðra skoðun á rekstri þjóðfélagsins, hvernig hann ætti að vera, að taka þátt í afgreiðslu fjárlagafrv. eins og þessa, ef við lítum t. d. á tekjuhlið fjárl. og sjáum, að allur megin-

hluti tekna þeirra er af sköttum og tollum, en af ríkisrekstri ekki nema um 5 millj. kr. Þetta er leiðinleg spegilmynd af þjóðfélagsrekstrinum sjálfum. Þegar við líka berum saman tekjuupphæðirnar og t. d. útflutninginn hins vegar, þá sjáum við, að það er ekki nema tiltölulega lítill hluti þjóðarteknanna, sem fer í gegnum ríkissjóðinn. Og við vitum, að á síðustu árum hefur óskaplega mikill auður í þjóðarbúið, þannig að ýmsir einstaklingar hafa orðið milljónerar á stuttum tíma. Hins vegar reynir ríkisvaldið að ná til þessara peninga óbeint með sköttum og tollum. En sósialistar sem sagt óska þess, að það væru allt aðrar leiðir farnar til þess að ná tekjustofnum til ríkisins. Ég vildi aðeins vekja máls á þessu, en fer ekki út í það að öðru leyti, heldur verð vitanlega að ræða fjárlagafrv., eins og það liggur hér fyrir til umr.

Afgreiðsla hv. fjvn. hefur, eins og bent hefur verið á, orðið á þann veg í málinu, að við sósialistar teljum ekki viðunandi, en sjáum ástæðu til að koma fram með brtt. við fjárlagafrv. nú við þessa umr., bæði um verklegar framkvæmdir og menningarlegar framkvæmdir, til þess að það sjáist strax við þessa umr., hvaða undirtektir þær muni fá. Flestar till. mínar eru um framlög til bókmennta og lista, og vil ég víkja að þeim fyrst.

Það þarf ekki annað en líta yfir fjárlagafrv. frá ári til árs til þess að sjá, að þessir hlutir eru í nokkuð föstu og jafnvel stirðnuðu formi. Virðist því nauðsyn að staldra við öðru hverju og hugleiða, hvort þau mál þurfi ekki endurskoðunar við. Það standa á fjárl. frá ári til árs örfáar upphæðir til lista, upphæðir, sem lítið breytast. Og t. d. koma þessar upphæðir fram lítið breyttar nú frá því, sem verið hefur, þrátt fyrir það að heildartekjur ríkissjóðs og upphæðir fjárl. yfirleitt hafi stórkostlega hækkað við dýrtíðina.

Og til hvers erum við að styðja bókmenntir og listir? Er það til þess að efla þessa starfsemi, af því að við teljum hana nauðsynlega fyrir þjóðfélagið, eða er það eingöngu gert í viðurkenningarskyni við einstaka menn? Eða er það gert af tómum hégómaskap eða í gustukaskyni við einstaka menn? Satt að segja ríkir hjá okkur Íslendingum furðu mikil ósamkvæmni í allri afstöðu okkar til lista. Það er ekki að efa, að þjóðin er listhneigð, hún ann skáldskap og dýrkar í raun og veru listamenn sína. Samt hefur það endurtekið sig kynslóð eftir kynslóð, að skáld og listamenn okkar hafa ekki fengið að njóta sín vegna ótrúlega þröngra lífskjara. Það er óþarfi að nefna mörg dæmi þessa. Skal ég aðeins benda á tvennt. Eftir Jónas Hallgrímsson liggja í raun og veru mjög fá ljóð. Það er ekki minnsti vafi á því, að miklu meira hefði orðið úr starfi hans, ef hann hefði ekki átt að stríða við skort árum saman. Ævi jafnstórbrotins skálds og Bólu-Hjálmars fór í raun og veru í vesalasta basl og klögumál við samtíð hans. Um áratugi og aldir höfum við séð þessa hluti endurtaka sig. Og getum við efast um, að þjóðin vildi nú hafa gefið stórfé til þess, að eftir Jónas Hallgrímsson hefði fundizt þótt ekki væri nema eitt kvæði umfram það, sem til er eftir hann. Ég held, að það þætti dýrmætt, þó að ekki hefði fundizt nema eitt kvæði í viðbót eftir hann, hvað þá hefði verið hægt að lengja líf hans, þótt ekki hefði verið nema um eitt ár. Og nú skynjar hvert mannsbarn á Íslandi, að ljóð hans eru einn dýrmætasti arfur þjóðarinnar, sem ekki verður metinn til peninga. En meðan hann lifði, var ekkert gert til þess að örfa starfsþrek hans. Ég álít, að það hafi ekki verið af neinni mannvonzku, heldur grundvallarmisskilningi á listastarfsemi og listamönnum. En af viðurkenningu þeirri, sem þessi skáld fá, löngu eftir að þau eru látin, sést, að þjóðin telur verk þeirra jafnvel verðmætust allra afreka, sem unnin eru í þjóðfélaginu. En samtímis hefur þjóðin fram á þennan dag ekki fengizt til að viðurkenna listamennina í lifanda lífi sem starfsmenn þjóðfélagsins, er séu launa verðir á við verst launuðu starfsmenn þess opinbera, svo sem presta og kennara. Það er sorglegt til þess að vita, að enn í dag þykir hæfilegt mánaðarkaup handa skáldum og listamönnum 150—250 kr., sem er lægra kaup en greitt er sendisveinum í verzlunum. Og hver er svo til viðbótar arður rithöfundanna og listamanna af verkum sínum? Eins og ástatt er í þjóðfélagi okkar er hann sára lítill og ekki hægt að meta hann meira en 2—3 þús. kr. af frumsömdum verkum. Maður getur spurt: Hvernig víkur þessu við? Ég held, að svarið sé: „Fram á þennan dag hefur það ekki komizt inn í vitund þjóðarinnar, að það krefst tíma eins og hvert annað starf að rita og skapa listræn verk.“

Við tölum um hinar og aðrar starfsgreinar í þjóðfélaginu, sem nauðsynlegar séu. En hvenær tölum við um skáldskap og listir sem nauðsynleg störf í þágu þjóðfélagsins? Það er viðkvæðið, að ríkið þurfi að styðja þessa og þessa atvinnugrein eða iðngrein til þess að hún geti blómgazt. En mjög sjaldan drögum við þessa líkingu yfir á bókmenntir og listir, vegna þess að okkur er ógjarnt á að setja listir og bókmenntir í samband við fjármagn. En ég álít listastarfsemina hliðstæða við aðrar greinir starfsemi í þjóðfélaginu, er þarfnast aðstoðar ríkisvaldsins eins og þær. Og þegar við höfum gert okkur grein fyrir, að listastarfsemin er ómetanleg í þágu þjóðfélagsins, er nauðsynlegt að viðurkenna, að til þess að nokkur list geti blómgazt, þarf að skapa henni starfsskilyrði. Hún þarf í fyrsta lagi að eiga ákveðnar stofnanir. Og í öðru lagi þarf að vera launaður ákveðinn fjöldi manna, sem getur helgað sig þessari starfsemi. Það er í raun og veru þetta tvennt, sem um er að ræða. Og eins og nú standa sakir, er sérstök ástæða til þess að styrkja listastarfsemina í landinu, vegna þess að nú á þessari öld hafa skapazt hér ýmsar nýjar listgreinar, sem eru í þróun, og í öðru lagi vegna þess, hve listastarfsemin á Íslandi stendur á háu stigi á þessari öld. Við tölum um fornbókmenntir okkar, og okkur getur öllum komið saman um að dást að þeim og viðurkenna gildi þeirra. En þegar kemur að nútíma bókmenntunum, þá er í raun og veru allt annað uppi, og það heyrist jafnvel nú, — þótt maður ekki tali um þau ummæli, að nú sé hvíldartími í bókmenntum hjá okkur, — að það er jafnvel mjög algengt viðkvæði, að bókmenntir

okkar standi á mjög lágu stigi. Þetta álít ég vera hinn mesta misskilning. Sannarlega á það að vera ljúft hverjum Íslendingi að láta listaverk fornaldarinnar njóta sannmælis. Þau eru sígild. En síðari tímar geta líka skapað verk jafn sígild. Og hvernig vegum við og metum verk ólíkra alda? Við verðum að vega þau og meta innan þeirra takmarkana, sem hver tími setur. Og hver vildi þá t. d. taka að sér að dæma um það, svo eitt dæmi sé nefnt, eða úrskurða Einar Benediktsson minna skáld en Egil Skalla-Grímsson? Dýrkun manna á fornbókmenntunum ætti ekki að þurfa að vera svo blind, að þau séu einlægt látin varpa skugga á verk samtíðarinnar, svo að þau fái aldrei að njóta sannmælis. En ég álít, að á 20. öldinni hafi Íslendingar einmitt unnið bókmenntaleg afrek, sem þoli hvort tveggja í senn, samanburð við beztu afrek fornaldarinnar og samtíma bókmenntir erlendis. Á þessari öld er eins og Íslendingar nái sér til fulls eftir margra alda fátækt og basl, þannig að nú koma fram þeir kraftar til að skapa listaverk, sem búið hafa með þjóðinni frá öndverðu. Mér virðist nú vera ný gróska og blómgun í íslenzkri listastarfsemi, eins og ríkisstjóri komst að orði nýlega. Ég held, að kveða megi sterkar að orði: Við lifum á þessari öld mesta blómaskeið íslenzkra lista frá því á tíma fornbókmenntanna.

Ef við athugum þau skilyrði, sem íslenzk list á við að búa, þá eru þau á margan hátt mjög ömurleg. Í sambandi við listamannaþingið komu einmitt fram mjög átakanlegar lýsingar á því, hvernig háttað er lífsskilyrðum íslenzkra lista og þeim aðbúnaði, sem bær eiga á margan hátt. Í því sambandi má, eins og oft hefur verið gert áður, benda á þjóðleikhúsið. Leiklistin hér er húsnæðislaus, og er það í raun og veru til mjög mikillar smánar fyrir okkur, að ekki skuli hafa tekizt að koma þjóðleikhúsinu upp.

Formaður leikfélagsins, Þorsteinn Ö. Stephensen, lýsir þessu í viðtali við Morgunblaðið, 27. nóv. síðast liðinn, þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Menn, sem standa utan við starfsemina, geta ekki áttað sig á því, að leikstarfsemin er öll að kyrkjast í þessum þrengslum". — „Ekkert pláss til æfinga. Við verðum að kúldrast í stofum og einkaherbergjum úti í bæ, hér og þar. Að leiksviðinu í „Iðnó" komumst við oft ekki fyrr en rétt síðustu kvöldin fyrir frumsýningar. Þá verða æfingar að standa langt fram á nótt." — „Þrjú hundruð áhorfendur í „Iðnó" gera ekki betur en borga kostnað kvöldsins. En leikendurnir bera ekki meira úr býtum en svo, að þeir verða að hafa sitt fulla starf við annað á daginn, en nota tímann á kvöldin og nóttunni til æfinga og leika þann tíma, sem aðrir hafa til hvíldar."

Um myndlistina er svo ástatt, að ríkið hefur varið fé til þess að kaupa myndir fyrir listasafn ríkisins, en húsið yfir safnið hefur enn ekki komizt upp. Myndirnar, sem ríkið hefur keypt, eru ýmist dreifðar út um land eða þá liggja undir skemmdum í kjöllurum, og munu jafnvel sumar vera týndar. Það, sem því er aðkallandi fyrir myndlistina, er að koma upp húsi fyrir málverkasafn ríkisins.

Um tónlistina er alveg svipað að segja. Um tónlistarskólann segir Páll Ísólfsson í sambandi við listamannaþingið í grein í Morgunblaðinu, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í:

„Hann er alveg nauðsynlegur fyrir þróun tónlistar í þessu landi. Það hefur hann sýnt þau 11 ár, sem hann hefur starfað. Hann er alltaf fullskipaður. Þar eru 70 nemendur". Og svo bætir hann við: „Hann býr við lélegri húsakynni en flestir, ef ekki allir, skólar landsins."

Ég nefni þetta sem dæmi um það, hvernig þau skilyrði eru, sem íslenzkar listir eiga við að búa á þessari öld. Sannleikurinn er, að okkur vantar bæði stofnanir til þess, að listirnar geti dafnað, og við þurfum að leggja meira fé fram þeim til styrktar á annan hátt. Og þá er að athuga: Hvað gerum við í þessum efnum, og hvað getum við gert?

Við heyrum jafnan kvartanir um það, að Alþ. skeri í þessum efnum allt við neglur sér. Og þó að við veitum tiltölulega meira til lista á fjárl. heldur en aðrar þjóðir, miðað við stærð þjóðarinnar o. fl., sem oft hefur verið sagt, þá held ég, að við getum ekki nema að mjög litlu leyti borið okkur saman við aðrar þjóðir í þessu efni. Við erum fámenn þjóð, og þeir listamenn, sem hér starfa, skáld, listamenn og aðrir, geta ekki fengið neitt líkt því fyrir verk sín eins og listamenn erlendis. Listamenn erlendis fá miklu meiri tekjur af verkum sínum en íslenzkir listamenn eiga kost á að fá. Félagsskapur og stofnanir til eflingar listastarfsemi eru erlendis miklu víðtækari en hér. Og erlendis eru ýmsir sjóðir, sem veita fé til lista, svo sem t. d. Karlsbergsjóðurinn í Danmörku. Vil ég þó sérstaklega leggja áherzlu á það, að listir og bókmenntir eru okkur margfalt meira virði en stærri þjóðum. Listir og bókmenntir eru sjálfstæðismál okkar, og bókmenntir og listir eru landvarnir okkar. Ég þarf líklega ekki að skýra þetta með mörgum orðum. Við vitum það, að í allri sjálfstæðisbaráttu okkar höfum við einmitt litið á bókmenntir okkar, og þá sérstaklega fornbókmenntirnar, sem vopn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Og ekkert erlent ríki hefur treyst sér til að neita því, að þjóð, sem hefur skapað jafn verðmæt listaverk og Íslendingar á heims-mælikvarða, beri fullur réttur til þess að vera talin í tölu sjálfstæðra þjóða. En við megum ekki ætlast til þess, að fornbókmenntirnar geti enzt okkur endalaust í þessu efni, ef ekkert nýtt kæmi til, engin ný slík sönnunargögn, ný rök fyrir réttmæti sjálfstæðis okkar. Þess vegna álít ég það fagnaðarefni, hve bókmenntir og listir standa á háu stigi á þessari öld, þegar við enn á ný verðum að heyja sjálfstæðisbaráttu og leggja þessi gögn fram. Mig hefur tekið það sárt í þessu sambandi, að fulltrúum okkar út á við hefur láðst að nefna þetta sem skyldi. Þeir hafa stundum vitnað í fornbókmenntir okkar sem sönnun fyrir því, að við eigum að vera sjálfstæð þjóð, en þeir virðast ekki hafa skilið, að við eigum nútímabókmenntir og nútímalistir sem sönnunargögn fyrir þessu. Sendiherrar Íslands út á við ættu að nota aðstöðu sína til þess að kynna öðrum þjóðum bókmenntir okkar og listir bæði fornar og nýjar.

Þá vil ég aðeins koma að því, hve mikið það er, sem við leggjum fram til lista, eftir því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir og litlar brtt. hafa komið við frá hv. fjvn. Þessar upphæðir, sem þar er gert ráð fyrir, að varið verði til bókmennta og lista, eru ekki margar, og er mjög fljótlegt og auðvelt að telja þær upp, sem ég vil biðja hæstv. forseta leyfis til. Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna er samkv. ákvörðun Menntamálaráðs: ..... kr. 100000.00
Til leikfélags Reykjavíkur ..... — 12000.00
Til leiklistarskóla Lárusar Pálssonar og Soffíu Guðlaugsdóttur, 1200 kr. til hvors, ... — 2400.00
Til Leikfélags Akureyrar ..... — 1500.00
Til Leikfélags Ísafjarðar ..... — 800.00
Til Tónlistarskólans ..... — 6500.00
Til Hljómsveitar Reykjavíkur ... — 2000.00
Til Hallgríms Helgasonar til útgáfu á þjóðlagasafni ..... — 2500.00
Til Sambands íslenzkra karlakóra — 6000.00
Til Landssambands blandaðra kóra og kvenkóra ..... — 2500.00
Til Einars Jónssonar og listasafns hans ..... — 7500.00
Til Bandalags íslenzkra listam. .. — 1200.00

Samtals kr. 144900.00

Heildartekjur ríkissjóðs eru hins vegar áætlaðar á fjárl. rúmar 48 millj. kr., þannig að þetta, sem við samkv. þessu fjárlagafrv. leggjum fram til bókmennta og lista, er um það bil nákvæmlega 3 kr. af hverju þúsundi króna, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður hafi í tekjur. Og ég vil halda fram, að slíkt framlag til bókmennta og lista sé ekki neitt til að gorta af fyrir okkur. Því að þó við séum fámennir og fátækir, þá höfum við að öðru leyti allt aðra aðstöðu heldur en ýmsar stærri þjóðir. T. d. þurfum við ekki að kosta neinn her, en flestar aðrar þjóðir verða að kosta her til landvarna og verja stórfé til vígbúnaðar, sumar þeirra jafnvel 50—75% af öllum þjóðartekjunum. Og ef við viljum hafa þann skilning, að bókmenntir og listir séu okkar landvarnir, þá finnst mér ekki óeðlilegt að fara fram á, að þessir styrkir til bókmennta og lista verði hækkaðir mjög mikið. Mér finnst ekkert mikið, þótt við legðum fram 5% af tekjum ríkissjóðs til bókmennta og lista, sem mundi, eftir tekjuáætlun fjárl. nú, gera 2 millj. og 400 þús. kr. Við vitum nú, að tekjurnar fara miklu hærra. Ég vil segja, að með þessari upphæð gætum við gerbreytt skilyrðum íslenzkra lista á örfáum árum. Fyrir þessa upphæð gætum við fullgert þjóðleikhúsið og sennilega líka komið upp listasafni ríkisins og styrkt tónlistarskólann meira en við gerum og gert hann að ríkisskóla. Og fyrir þessa upphæð, 5% af þjóðartekjunum, mundum við geta styrkt, ég segi t. d. 80 íslenzka listamenn: 20 rithöfunda, 20 myndlistarmenn, 20 tónlistarmenn og 20 leikara með 5 þúsund kr. hvern á ári. Það mundi gera 400 þús. kr., og þá væri eftir um 2 millj. kr. til annarrar listastarfsemi. — Ég nefni þetta til dæmis, og ég tel, að við hefðum vel ráð á að veita þennan hundraðshluta af ríkistekjunum til listastarfsemi. Ég álít, að við gætum gert þetta, en legg það ekki til að vísu.

Ég skal þá koma að brtt. sjálfum.

Ég ætla þá að víkja að þeim brtt., sem ég hef flutt hér. Það er fyrst till. um styrk til þjóðleikhúsbyggingarinnar. Ég þarf ekki að ræða þetta mál mikið. Það hefur komið fram á þingi þáltill. um að endurgreiða þjóðleikhússjóði skemmtanaskatt þann, sem frá honum hefur verið tekinn, og önnur þáltill. um að skora á stj. að fá þjóðleikhúsið rýmt og smíði þess lokið. Till. um endurgreiðsluna hefur enn ekki verið afgr. og því ekki sýnt, hvernig um hana fer. Þessi till. er borin fram til þess að fá úr því skorið, hvað þingheimur ætlar sér í þessu máli. Ég legg til, að veittar verði 500 þús. kr. í þessu skyni. Eins og hv. þm. vita, er gersamlega óverjandi að láta þjóðleikhúsið standa þannig ónotað, þegar til þess hefur verið varið jafnmiklu fé og gert hefur verið og til mikilla leiðinda fyrir þjóðina, að þetta hús, sem á að vera eitt af veglegustu og myndarlegustu húsum í bænum, skuli vera pakkhús fyrir erlenda setuliðið. En mér skilst, að einhver hreyfing muni vera komin á þetta mál og ekki vanta nema herzlumuninn til að leikhúsið verði rýmt, og þyrfti þá þegar á þessu ári að ljúka smíði þess, svo að það geti tekið til starfa.

Þá ber ég hér fram ásamt hv. þm. N.-Ísf. till. um, að styrkur til listamanna, sem áður var í 18. gr., verði aftur tekinn upp í fjárl. Það er gersamlega óþarft fyrir mig að rekja sögu þessa máls; hún er ekki aðeins þingkunn, heldur landskunn. Með litlum atkvæðamun voru þessir menn felldir út af 18. gr. á þinginu 1939, en upphæðin sett til menntamálaráðs til útbýtingar. Um þetta hefur staðið hinn mesti styr, og hafa komið fram almennar kröfur frá listamönnum og fjölda annarra manna um, að Alþ. sjálft ráðstafi þessum styrkjum og það sé miklu meira virði fyrir þá að fá hann veittan frá þinginu en að menntamálaráð sé látið úthluta honum. Hins vegar er ekki farið fram á, að styrkurinn í 15. gr. komi aftur til þingsins. Ein aðalröksemdin fyrir að taka þetta út úr þinginu var sú, að svo mikið þvarg væri kringum þingið af mönnum, sem vildu komast inn í fjárlögin eða fá styrk, en á það má benda, að það var einmitt í kringum styrkinn í 15. gr., sem mest þvargið stóð, ef hægt er að tala um þvarg í þessu sambandi. Ég held, að það sé almenn skoðun hv. þm., að styrkurinn til skálda og listamanna eigi að vera framvegis í höndum þingsins. Hins vegar er ekki víst, að menn séu sammála um það, hversu rúm þessi 18. gr. eigi að vera, hve marga menn eigi að taka þar inn. Í þessari till. okkar var fyrst fylgt þeirri reglu að taka aftur inn í 18. gr. styrk til þeirra manna, sem voru þar árið 1938 og eru lifandi nú, og það er mikill meiri hl. þeirra manna, sem eru upp taldir í brtt. Við álítum þetta réttlátt, af því að það var talið, að ef einhver maður hafði einu sinni fengið veittan styrk í 18. gr., þá ætti það að gilda sem skuldbinding af hálfu þingsins um, að þessir ættu að fá þennan sama styrk ævilangt upp frá því. Það hefur því verið talið, að með þessu væri brotinn réttur á öllum þeim mönnum,

sem áður fengu styrk í þessari gr. Þess vegna viljum við halda okkur við það, að þeir, sem voru áður í þessari gr. og eru lifandi, verði settir þar inn á ný. Hins vegar höfum við bætt við nokkrum mönnum, sem ég býst við, að flestum muni að athuguðu máli koma saman um, að eigi þar heima. Eru það í fyrsta lagi nokkrir rithöfundar, sem áður voru í 15. gr., eins og Tómas Guðmundsson, Jóhannes úr Kötlum og ef til vill örfáir aðrir, enn fremur Gunnar Gunnarsson, sem flutzt hefur heim síðan. Enn fremur höfum við tekið 2—3 tónlistarmenn, sem ekki voru þar áður, Sigvalda Kaldalóns, sem hefur verið í 15. gr., og Árna Thorsteinson. Þá höfum við enn fremur tekið þrjá gamla viðurkennda leikara, Friðfinn Guðjónsson, Gunnþórunni Halldórsdóttur og Guðrúnu Indriðadóttur. Ég held, að það séu ekki öllu fleiri, sem við leggjum til, að bætt verði við. Við viljum sérstaklega með þessu koma því „principi“ á, að það sama sé látið gilda um alla leikara og um skáld og hljómlistarmenn. Viðvíkjandi þeim nýju mönnum, sem bætt hefur verið við, höfum við farið eftir þeirri reglu, að þetta væru viðurkenndir menn.

Ég skal taka fram, að tala þeirra, sem nú yrðu á 18. gr., er tveimur lægri en áður var. Við gerum till. um 32 menn, en í fjárlögum 1938 voru þeir 36, en þar af voru tveir aldrei felldir burt. Heildarfjárhæðin var áður rúm 70 þús., en nú 86 þús., svo að þar munar litlu.

Ef til vill vilja sumir hv. þm. hafa þetta nokkru þrengra, en ég er ekki viss um, að það væru sterk rök fyrir því. Mér finnst, að í 18. gr. eigi fyrst og fremst að vera þeir, sem eru viðurkenndir listamenn og hafa stundað listastarfsemi sem sitt aðalstarf, eru sem sagt „professionel“ listamenn. Ég mundi jafnvel vilja bæta nokkrum fleirum við. Hins vegar héldi menntamálaráð áfram að veita styrk til þeirra, sem enn þá eru óráðnari, styrk, sem væri óákveðinn frá ári til árs. Ég held, að ég þurfi að svo komnu máli ekki að segja fleira um þetta.

Þá er enn fremur lagt til, að styrkur til skálda og rithöfunda samkv. ákvörðunum menntamálaráðs verði hækkaður úr 100000 kr. í 250000 kr. Ég skal geta þess, að þessi till. er að nokkru leyti flutt til vara, þannig að ég mundi fallast á, að þessi styrkur mætti vera nokkru lægri, svo framarlega sem till. mín verður samþ. við 18. gr., en yrði hún ekki samþ., þá finnst mér þessi upphæð ekki mega vera minni en 250000 kr.

Þá er brtt. við 15. gr., nýr liður: Styrkur til listamanna til náms erlendis samkvæmt ákvörðunum menntamálaráðs að fengnum till. frá félögum Bandalags íslenzkra listamanna, 48000 kr. Ég veit ekki fyrir víst, hvernig skilja á brtt. frá fjvn., þar sem hækka á styrkinn til námsmanna erlendis úr 12500 kr. í 100000 kr. Ég veit ekki með vissu, hvort hann á líka að vera handa listamönnum, eða hvort hann á aðeins að vera handa stúdentum í erlendum háskólum. Ef hann er einnig ætlaður listamönnum, mundi ég geta fallið frá þessari till. aftur, en ég vildi þá í sambandi við þennan styrk, að alveg væri dregin markalína, hvað væri ætlað listamönnum og hvað stúdentum. Listamannaþingið fór þess á leit við Alþ., að veittur yrði styrkur til að kosta einn mann frá hverri deild Bandalags íslenzkra listamanna á ári hverju. Deildirnar eru fjórar, og þessar 48000 kr. eru miðaðar við, að veittar séu 12000 kr. til eins manns árlega. En ef upphæðin skyldi vera jafn há, sem fengist úr þessum 100000 kr., sem fjvn. hefur lagt til, þá get ég fallið frá þessari till.

Þá hef ég ásamt hv. þm. Snæf. lagt til, að hækkaður yrði úr 1200 kr. í 3600 kr. styrkurinn til leikskóla Lárusar Pálssonar. Hann hefur áður í 15. gr. haft jafnan styrk Soffíu Guðlaugsdóttur, 1200 kr. Nú hefur fjvn. lagt til, að þriðja manninum, Jóni Norðfjörð, verði bætt inn í, einnig með 1200 kr., en við leggjum til, að framlagið til Lárusar Pálssonar verði 3600 kr. Skóli Lárusar hefur starfað í þrjú ár, og hafa þar verið 15 nemendur á ári. Auk Lárusar hafa verið tveir kennarar við skólann. Kennslutímar hafa verið 7—8 á viku. Margt af því fólki, sem hefur lært í þessum skóla, er þegar farið að koma fram á leiksviði. Þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm., hversu efnilegur leikari Lárus er, og er ég viss um, að þeir bregðast vel við að styrkja skóla hans eins og hér er lagt til.

Þá er enn ein till., sem líka heyrir til menningarmála. Hún er um að hækka framlag til bóka- og handritakaupa til Landsbókasafnsins. Þessi upphæð hefur verið 50000 kr., en ég legg til, að það verði hækkað upp í 250000 kr. Safnið hefur m. a. vegna fátæktar lítið getað keypt af bókum og því ekki getað fylgzt nærri því svo vel sem skyldi með nútímanum. Það er oft, að menn í ýmsum visindagreinum geta ekki fengið þar þau rit, sem þeir þurfa. Nú eigum við miklar innieignir í Englandi, og tel ég því, að nú sé réttur tími til að gera safnið fullkomnara, og legg ég því til, að veittar verði til þess 250000 kr.

Þá hef ég borið fram þrjár till. um verklegar framkvæmdir. Sú stærsta er um, að framlag til hafnargerðar á Húsavík verði hækkað upp í 250000 kr. Ég þykist viss um, að hv. þm. séu sammála um, að þetta sé verk, sem vinna þurfi. Á síðasta þingi var samþ. að reisa síldarverksmiðju á Húsavík, en hana er ekki hægt að reisa, fyrr en hafnargarðurinn er kominn þar upp. Ég hygg, að fjvn. hafi ætlað að koma með till. um fjárveitingu til þess hafnargarðs, en ósamkomulag hafi frekar verið um, hvort hægt væri að byrja að byggja hann strax og hvað mikið fé ætti að veita á þessu ári. Ég vil eindregið styðja, að þegar sé byrjað á þessu verki og að til þess sé ætluð allrífleg fjárhæð nú á þessu ári. Og samkv. viðtali við vitamálastjóra veit ég, að hann telur, að það sé tiltölulega ódýrara með svona framkvæmdir að byrja á þeim í nokkuð stórum stíl. Og mundi einmitt vera hæfilegt að veita á þessu ári 250000 kr. til þessa fyrirtækis.

Þá er hér annað mál, sem ég hef verið beðinn fyrir úr kjördæminu og ég sé ekki neitt um hér á fjárl. og ég veit ekki, hvað hv. fjvn. ætlar að gera við. Það er till. um framlag til þess að lengja bryggju á Flatey á Skjálfanda. Þeir, sem þar eiga heima, vilja fá þessa bryggju lengda um 30—40 metra. Hún var byggð árið 1940 og er algerlega ónóg. Þar á eynni eru 15 býli, og 120 manns eiga þar heima. Og það er

orðið þröngt fyrir þá 12 báta, sem þarna eiga heima, að leggja upp við þá bryggju. Ég hef lagt til, að 50 þús. kr. verið varið á fjárl. til þessarar bryggju.

Annað mál flyt ég líka brtt. um í sambandi við Flatey á Skjálfanda, og það er, að styrkur til þess hrepps til læknisvitjana sé hækkaður úr 200 kr. upp í 500 kr. Þessi brtt. er komin fram vegna þess, að það stendur nú alveg sérstaklega á um Flatey. Það er afskaplega óþægilegt fyrir þá þar að ná í lækni, m. a. vegna þess, að þeir mega ekki, sem stendur, nota talstöð, sem þar er. Þeir þurfa að sækja lækni til Húsavíkur, og vegna þess, hve símasambandið er ónothæft, þurfa þeir að fara fleiri ferðir til þess en þeir annars þyrftu. — Og er í raun og veru fleira í sambandi við þennan stað, sem þyrfti að taka hér sérstaklega fyrir, þó að ég hafi ekki gert það.

Þá held ég, að ég hafi nú talað nokkur orð með flestum þeim brtt., sem ég hef borið fram, og mun ég því ekki hafa mál mitt lengra.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Það hefur nú allmikið verið rætt um vinnubrögðin við afgreiðslu fjárl. og allhart um þau deilt. Það er nú í sjálfu sér ekki nein ástæða til þess að tala meira um það efni á þessu stigi málsins, þó að ég verði hér raunar að segja um það aðeins nokkur orð, að gefnu tilefni.

Hv. formaður fjvn. (FJ) kvartaði yfir því, að það væru vinnubrögð, sem hann kynni ekki við, að samnm. hans í Sósfl. hefðu hér ásamt öðrum þm. borið fram brtt. við 2. umr. fjárl., áður en fjvn. væri búin að ljúka störfum og áður en fullreynt væri, hvort samkomulag gæti orðið um till. í fjvn. Hann spurði, hvers vegna væri verið að ræða afstöðu fjvn. til mála, sem hún hefði ekki tekið afstöðu til. Þessu er auðvelt að svara. Ef þetta er að einhverju leyti óvenjulegt, þá stafar það eingöngu af því, að hv. fjvn., þ. e. a. s. meiri hluti hennar, hafði óvenjuleg vinnubrögð, að því leyti, að n. skilar ekki sem slík við 2. umr. neinu áliti um þau atriði fjárl., sem mestu máli skipta, bæði um tekjuliði og gjaldaliði, þannig að 2. umr. fellur að þessu leyti niður í því formi, sem hún venjulega er í, að við 2. umr. sé rætt um till. fjvn. og tekin afstaða til þeirra. Og í þeim brtt. felast auðvitað höfuðatriði varðandi afgreiðslu fjárlagafrv. Þar sem nú hv. fjvn. brást þeirri skyldu að bera fram brtt. sínar um aðalatriði fjárl. við 2. umr., leiðir það af sjálfu sér, að minni hl. fjvn., sem andvígur er þessari afgreiðslu, hlýtur að leggja fram sínar till. Það eðlilega og venjulega er, að fjvn. kynni sér vilja þm. við 2. umr. fjárl. um brtt. við fjárl. og afstöðu þeirra til þeirra niðurstaðna, sem n. hefur komizt að. Og verkefni fjvn. milli 2. og 3. umr. er svo að endurskoða afstöðu sína í sambandi við það, sem fram hefur komið við 2. umr. Nú hefur n. brugðizt þeirri skyldu, og því hefði verið eðlilegt, að minni hl. n. hefði borið fram allar sínar brtt. nú, a. m. k. í öllum höfuðatriðum. En það gerði minni hl. n. ekki, og er það til samkomulags við meiri hl. n. Minni hl. n. vill nú freista þess, hvort ekki sé unnt að ná samkomulagi við meiri hl. n. um ýmislegt, sem rætt hefur verið um í fjvn., en ekki hefur verið tekin nein fullnaðar afstaða til. Og úr því að n. er ekki sammála, leiðir það af sjálfu sér, að ágreiningsefnin eru dregin fram við 2. umr. Hv. form. fjvn. þarf ekki að undra það, því það er alveg eðlilegt. En hitt er ákaflega einkennileg hugmynd, sem meiri hl. n. er haldinn af, að það eigi að vera leyndarmál, sem fram fer í fjvn., og að það, sem fram hefur komið í fjvn., eigi að vera mál, sem ekki megi ræða um frammi fyrir þingheimi, sem er þó einmitt höfuðtilgangurinn, að gert sé við 2. umr.

Og þegar hv. formaður fjvn. var að óska eftir því, að þetta mundi lagast, þegar fjvnm. Sósfl. væru orðnir vanari því að starfa í n., þá vil ég segja honum það, að sú von hans mun algerlega bregðast. Þm. Sósfl. verða aldrei svo hagvanir hér, að þeir taki upp slíka afstöðu til nefndastarfa, að þeir fari að halda ágreiningsmálum leyndum frammi fyrir þingheimi, þegar einmitt er höfð umr., sem hefur þann tilgang samkv. þingræðinu að draga ágreiningsmálin fram og ræða þau. En því miður hefur hv. formanni fjvn. ekki tekizt að losa sig úr fjötrum hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Borgf. í fjvn., því að hann fylgir þeim enn í því nál., sem fyrir liggur. En hins vegar vil ég vonast eftir og treysta því, að honum muni takast það, áður en lýkur.

Það hafa nú ýmsir hv. þm. verið ekki lítið undrandi yfir þessum óvenjulegu vinnubrögðum og ekki getað skilið, hvers vegna þau hafa verið höfð. Og ég hef verið að hlusta eftir þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar af hv. meiri hl. fjvn., hlusta eftir þeim rökum, sem þeir bæru fram fyrir þessum óvenjulegu vinnuaðferðum. Og ég hef alls ekki fundið þar nein rök — alls ekki. Það eru vitaskuld engin rök, að þeir hafi ekki verið búnir að átta sig á, hvernig n. ætti að áætla tekjurnar í ár, því að það þýðir ekki annað en það, að henni hafi ekki unnizt tími til þess að ljúka störfum þrátt fyrir þann langa tíma, sem hún er búin að starfa. Og það flýtir ekkert fyrir afgreiðslu fjárl. að setja fjárlagafrv. þannig til 2. umr., að ekki liggi fyrir till. nema um smærri atriðin. Það er því mesti misskilningur, að það geti orðið til þess að flýta störfum, heldur þvert á móti.

En hvað er það þá, sem í raun og veru er orsök þessara vinnuaðferða? Í sambandi við það langaði mig til að bera fram fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s., til hæstv. fjmrh. Það er nefnilega komið nokkuð fram í einu dagblaði bæjarins, Morgunblaðinu, sem er nú eitt af þeim blöðum, sem upp á síðkastið virðist ásamt dagblaðinu Vísi vera eins konar málgagn hæstv. fjmrh. — og er Vísir það náttúrlega í enn ríkari mæli —. Þetta blað, Morgunblaðið, skýrði frá því í gær, að hæstv. fjmrh. hafi látið þau orð falla og á einhverjum vettvangi borið fram þá tilkynningu frá sér, að ríkisstj. mundi beiðast lausnar, ef ekki yrðu afgr. hallalaus fjárl. Og einmitt þessi óvenjulegu vinnubrögð fjvn. eru sett í samband við þessi ummæli ráðherrans.

Nú hefur það verið upplýst hér í umr., að hæstv. ráðh. hafi í fjvn. lýst yfir því, að hann teldi ófært að hækka tekjuhlið fjárl. um meira

en aðeins fáar millj. kr., t. d. eins og 3 millj. En hins vegar er ekki minnsti vafi á því, — og ég geri ráð fyrir því, að meiri hl. fjvn. sé líka á þeirri skoðun, — að eðlilegt sé að hækka tekjuáætlun fjárl. um ekki minna en 20 millj. kr. M. ö. o., það lítur helzt út fyrir, að hæstv. ráðh. líti svo á, að ef tekjuhlið fjárl. er hækkuð um meir en svo sem 3—4 eða 5 millj. kr. og tekjur og gjöld samkv. þeirri áætluu látin standast á, þá séu fjárl. afgr. með tekjuhalla, og samkv. þessum upplýsingum, sem komið hafa fram í þessu blaði, þá hóti hæstv. ráðh. því fyrir ríkisstj. hönd, að hún muni beiðast lausnar, ef fjárl. verði afgreidd á þann hátt.

Hvað þýðir þetta? Það þýðir í raun og veru það, að hæstv. ráðh. er að hóta því, að ríkisstj. segi af sér, nema því aðeins, að fjárl. verði afgreidd þannig, að það verði milli 10 og 20 millj. kr. tekjuafgangur, þ. e. a. s. milli 10 og 20 millj. kr., sem stjórnin gæti ráðstafað utan við fjárl., sem mundi þýða það, að það þyrfti að skera allar stærri atvinnuframkvæmdir niður.

Nú vildi ég spyrja hæstv. ríkisstjórn, — mér þykir leitt, að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur, en ég vonast eftir, að þessi spurning geti komizt til hans —, hvað sé hæft í þessum ummælum Morgunblaðsins, sem ég tilfærði, og í hvaða sambandi þessi ummæli standi við þessa afgreiðslu hv. fjvn. á fjárlagafrv. nú við þessa umr. og viðskipti hans við fjvn. Það er ýmislegt, sem manni kemur í hug í sambandi við þetta. T. d., er það tilviljun, að Morgunblaðið heimtar á sama tíma 20% lækkun á dýrtíðaruppbót á kaupi verkamanna, þetta blað, sem virðist vera málgagn hæstv. fjmrh? Og manni dettur í hug: Þarf hæstv. ráðh. og stuðningsmenn hans kannske á því að halda, að verklegar framkvæmdir verði skornar niður í stórum stíl frá því, sem mundi vera, ef fjárl. yrðu afgreidd eðlilega að þessu leyti? Þarf hæstv. fjmrh. kannske á því að halda, að það verði atvinnuleysi, sem áreiðanlega mun verða fyrr en varir, svo framarlega sem framlög til verklegra framkvæmda verða ekki stórkostlega aukin til þess að koma einhverjum fyrirtækjum á fót til þess að auka atvinnuna í landinu? Þetta eru spurningar, sem manni hljóta að detta í hug við það, þegar slík málfærsla er höfð og þegar þessir tveir hlutir eru þannig hvor öðrum tengdir í þeim áróðri, sem hafður er í frammi í sambandi við þessi mál af hálfu stuðningsmanna hæstv. fjmrh. og enn verandi meiri hl. fjvn. Voru það einhver slík sjónarmið, sem réðu því, að hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Borgf. sóttu það með slíku ofurkappi, að einmitt þessi vinnubrögð væru höfð? Var það til þess að fá tíma til þess að undirbúa einhverja slíka pólitíska áætlun og þá jafnframt torvelda, að frjálslyndari menn gætu komið sér saman um þá afgreiðslu fjárl., sem þeir teldu æskilega?

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að það væri þarflaust og þýðingarlaust að vera að ausa fé í verklegar framkvæmdir, þegar vitað væri, að það þyrfti að hafa mikið af handbæru fé til þess að vinna gegn verðbólgunni. Þetta eru eftirtektarverð orð. Handbært fé til þess að vinna með gegn verðbólgunni er fé, sem ætlazt væri til, að ríkisstj. hefði til sinna umráða utan fjárl. Nú, til þess að vinna móti verðbólgunni, — hvernig á að vinna á móti verðbólgunni? Ég geri ráð fyrir, að það hafi ekki komið fram neinar till. frá ríkisstj. um það fram fyrir þingið, og geri þá ráð fyrir, að meiningin með því væri að hafa handbært fé, sem ríkisstj. gæti varið eins og henni sýndist, eins og gert var á síðasta ári, er varið var milli 20 og 30 millj. kr. til slíkra hluta. Og það gæti kannske verið, að meiri hl. Alþ. þætti þörf á að binda hendur ríkisstj., og það ekki sízt, þegar fengin er reynsla undanfarins árs, um notkun fjár í verðuppbætur í því skyni að telja fólki trú um, að það sé verið „að vinna með því á móti dýrtíðinni“, því að þannig er það orðað. En með verðuppbótum fæst engin varanleg lausn til þess að vinna gegn dýrtíðinni; svo mikið er alveg víst. Þó að verðuppbætur geti verið réttlætanlegar og afsakanlegar í einstöku tilfellum, þá er það algerður misskilningur, að það fáist nein varanleg lausn á dýrtíðarmálunum með þeirri ráðstöfun. Þegar það fé er þrotið, sem handbært er, til verðuppbótar, byrjar skrúfan upp á við aftur, svo framarlega sem þau öfl halda áfram að verka, sem eru valdandi að dýrtíð og eru orsök þeirrar dýrtíðar, sem við eigum nú við að búa.

Það var víst einn af hv. fjvnm., sem hér talaði, hv. 1. þm. Rang. (HelgJ), sem sagði það um þær brtt., sem eru hér á þskj. 312, frá þm. Sósfl., að þær till. væru nú í sjálfu sér ekkert stórkostlegar og væru ósköp hóflegar og hann hefði haldið, að það yrðu miklu stærri og voldugri till., sem fram mundu koma. Ég er feginn að heyra þetta. Ég vonast til þess, að þessar brtt. eigi þá stuðning þessa hv. þm. En hins vegar var hann að undra sig á því, að ekki hefði verið tekið með það í þessar till., sem n. hefði verið búin að koma sér saman um, þ. e. að ekki hefði verið tekið fleira með í þessar brtt. heldur en hefði verið gert. Í hinu orðinu taldi þessi hv. þm. það alls ekki viðeigandi, að minni hl. fjvn. hefði farið þessa leið að taka með í till. sínar þá hluti, sem fjvn. væri búin að koma sér saman um, — og það hefur heldur ekki verið gert. Yfirleitt hefur þeirri reglu verið fylgt við að bera fram þessar brtt. á þskj. 312 að bera ekki fram till. um atriði, sem fjvn. hefur verið búin að koma sér saman um eða svo að segja búin að koma sér saman um. Heldur ekki hafa verið bornar fram till. um framkvæmdir í einstökum kjördæmum. Og það, sem væri nú þess vegna langsamlega eðlilegast, það væri, að þessum brtt. yrði vísað til fjvn. aftur og að n. gæfi sér þá tíma til þess að afgreiða þær ásamt öðrum brtt., sem seinna munu koma fram frá fjvn. og viðeigandi er, að komi fram við 2. umr. Ég sé ekki annað en þm. hljóti að sjá, að þetta eru þau venjulegu, eðlilegu og sjálfsögðu vinnubrögð. Ef aftur á móti ekki getur orðið samkomulag um till. í n., bæði þær, sem hér liggja fyrir, og aðrar, sem ekki er fyllilega búið að ganga frá, en rætt hefur verið um í n., þá kemur til kasta hv. þm. að koma með brtt. sínar við 3. umr., þ. e. a. s., þegar búið er að sannprófa það, hvað getur orðið samkomulag um í n. og hvað af þeim till. nær fram að ganga við 2. umr. málsins. Hvað er því til fyrirstöðu, að þessi vinnubrögð

verði höfð? Það væri gaman að fá að heyra það. Ég er viss um, að hv. þm. mundu fallast á það, — þeir, sem þá ekki hafa eitthvað annað óskiljanlegt í huga, sem ég hef ekki fengið upplýsingar um enn, — að þessi háttur verði á hafður, svo framarlega sem þeir gætu brotið odd af oflæti sínu.

Það eru þá hér nokkrar brtt. á þskj. 312, sem ég er flm. að ásamt öðrum hv. þm. Þá er fyrst brtt. nr. V á því þskj., um Suðurlandsbraut. Þar er lagt til, að til hennar verði veittar 500000 kr. En það er ekkert veitt til hennar á fjárlagafrv., og heldur ekki í þeim till., sem enn eru komnar frá hv. fjvn. Og mér er sagt, að það muni vera eitthvað eftir af fé, sem veitt var til hennar, frá fyrra ári, sem ekki hafi verið notað, vegna þess að ekki hafði þótt vera hægt að ná í nægilegt vinnuafl til þess að framkvæma það verk við hana, sem til var ætlazt. Þetta kemur til af því, að ekki hefur verið nóg vinnuafl þá til að framkvæma verkið.

Það hefur dálítið verið rætt um þýðingu þessa vegar og um hann deilt. Sumir hafa haldið því fram, að það hefði aldrei átt að leggja hann, og sumir jafnvel, að það eigi að hætta við hann. Um þetta má e. t. v. deila. Hins vegar skil ég ekki, að hægt sé að deila um það, að þessi vegur kemur til með að hafa þýðingu fyrir atvinnulíf okkar. Hann liggur um Krísuvík, um Selvog og tengir Reykjavík ekki aðeins við Suðurlandsundirlendið, heldur líka Þorlákshöfn. Það er búið að leggja í hann mikið fé, en enn er hann að engum notum, og allt það fé, sem lagt hefur verið í hann, liggur þarna rentulaust. Slík vinnubrögð eiga ekki að vera til. Þegar um svona mikið fjármagn er að ræða, er ekkert smámál, hvort það rentar sig eða ekki. Þarna er um að ræða atvinnu í nánd við Rvík og gæti haft mikla þýðingu, sem atvinnubætur. Er ekki annars að vænta en þess verði mikil þörf á næsta ári. Það er þegar allmikið atvinnuleysi í Rvík, og má búast við, að það verði meira, margfalt meira.

Ég vil bæta því við, úr því að ég er að tala um atvinnuleysi, að ég er meðflm. fleiri till. á sama þskj. um fjárveitingar til að mæta komandi atvinnuleysi. Býst ég við, að hv. 1. landsk. þm. geri grein fyrir þeim.

Þá er ein stór till., sem ég er flm. að ásamt fleiri þm., á þskj. 312 XXIV, um hækkun á framlagi til alþýðutrygginga úr 2 millj. í 6 millj. kr. Það kann að vera, að einhverjum hv. þm. lítist ekki á að bera það fram. Ég ætla að skýra þessa till. að nokkru. Í fyrsta lagi hygg ég, að 2 millj. sé of lág upphæð til þess að standast þær skuldbindingar, sem ríkissjóði ber að inna af hendi l. samkv. Í öðru lagi liggja fyrir þ. frv., sem má búast við, að verði samþ. og hafa í för með sér aukin útgjöld, og þar að auki hafa verið gerðar ályktanir um endurbætur á alþýðutryggingunum. Loks hefur ríkisstj. lýst yfir því, að hún muni láta fram fara allsherjarendurskoðun á alþýðutryggingunum nú á þessu ári, og enginn vafi er á, að sú endurskoðun mun hafa í för með sér mikið aukin framlög. Að vísu er ekki að vita, hve mikið það verður á þessu ári, en hins vegar tel ég, að þegar svo vel árar sem nú, eigum við ekki að láta tækifærið fara framhjá okkur til þess að leggja mikið fé til tryggingarmálanna, og verði afgangur á þessu ári frá lögbundnum greiðslum, verði það fé lagt í sjóð, sem eingöngu verði varið til tryggingа síðar.

Þetta voru stærstu till. Þá eru aðrar smærri till., t. d. númer XVI, um hækkun á till. til náttúrufræðifélagsins úr 6 þús. í 15 þús. kr. Hér er um smáupphæð að ræða. Það væri ástæða til að veita náttúrufræðifélaginu stærri upphæð, styrkja það til að byggja yfir safnið. Þó er ekki fært að gera slíka till. að þessu sinni, en hér er um að ræða, að það geti haft starfsmann og launað hann sæmilega.

Þá er till. undir lið XXVI, um hækkun úr 2 þús. í 5 þús. kr. til mæðrastyrksnefndar. Hér er um þarft mál að ræða, og e. t. v. gæti fjvn. séð sér fært að hafa þetta nokkru hærra.

Ég er meðflm. að ýmsum öðrum till., sem aðrir munu mæla með, en réttustu meðferðina teldi ég að vísa nú till. til n. og fresta umr., þar til n. hefur fjallað um þær.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 320, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Formaður fjvn., hv. þm. Ísaf., talaði mikið um það í ræðu sinni, að það hefði verið gott samkomulag í fjvn. Ég gat ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að hann vildi segja, að við þessir tveir, sem gerðum ágreining í n., hefðum verið þeim að mestu leyti sammála í meiri hl., en komið svo aftan að þeim á eftir. Ég var hissa á þessari ásökun og hefði þó kannske ekki þurft að vera það, því að ég sé í flokksblaði hv. þm. í fyrradag, að verið er að gefa í skyn, að ekki hefði verið mikill ágreiningur í fjvn., heldur komi nú þessir 2 þm. aftan að n. og geri uppsteytu eftir á. Ég hefði nú ekki tekið þetta svo alvarlega frekar en annað, sem stendur í þessu blaði, en þegar formaður n. endurtekur þetta hér á þ., get ég ekki stillt mig um að segja ofurlítið nánar frá því, hvernig þessu er varið.

Það er gott og blessað að fá vinsamleg og góð ráð, og hv. þm. Ísaf. var að gefa okkur sósíalistunum góð ráð, sérstaklega hv. 6. landsk. þm., og sagðist vona, að seinna, þegar hann hefði fengið meiri reynslu og starfað meira í nefndum, mundu ekki henda hann svo óvenjuleg vinnubrögð. Það, sem hann var sérstaklega að vita, var það, að það hafði verið skýrt frá því, sem gerðist í n. Það hefur aldrei verið samþ. í fjvn., að það væri leyndarmál, sem þar fór fram, eða að óheimilt væri að segja frá því, sem bar á góma, en ef það hefði nú verið einhver regla, að ekki mætti á neitt minnast, vil ég spyrja þennan hv. þm.: Af hverju skýrir hann þá frá afstöðu einstakra manna í n. og segir þar rangt frá? Það kom fram mikill skoðanamunur í n., og við tveir, sem gerðum ágreining í bókun, segjum, að við séum algerlega andvígir því, að fjárlagafrv. sé lagt svona fram, og líka að við séum ósamþykkir ýmsu, sem gerðist í n. Þetta veit formaðurinn, að er rétt, en af hverju kemur hann þá nú og gefur allt annað í skyn? Ég get ekki stillt mig um að setja það í samband við það, að við höfum fyrst orðað

okkar ágreining á dálítið annan hátt, en hann lagði sig í framkróka til þess að fá okkur til að breyta orðalaginu. Okkur datt ekki í hug, að þetta væri af neinni undirhyggju, og við létum það eftir honum að breyta orðalaginu. Eins og orðalagið er nú, er hægara að snúa út úr því, en með þessu orðalagi kemur samt skýrt fram okkar afstaða, og formaðurinn hefur ekki undan neinu að kvarta. — Ég held, að ég hafi þá svarað ásökun hans. Ég vil aðeins geta þess til viðbótar um það, sem hv. formaður sagði, að hann treysti því, að samkomulag mundi nást um þýðingarmikil atriði, eins og t. d. áætlun teknanna, að það er mín skoðun, að slíkt samkomulag sé útilokað og hyldýpi sé staðfest á milli skoðana nm.

Ég vil minnast á út af ummælum hv. 1. þm. Rang., að fyrst þegar það var borið upp í n. að kasta frv. óköruðu inn í þ., var það fellt með jöfnum atkv., en einn nm. sat hjá. Það var unnið í n. fram eftir nóttu og gert fundarhlé til að nm. gætu fengið sér hressingu. En rétt fyrir fundarhlé fór fram þessi atkvgr. Eftir hléð var málið tekið upp að nýju. Ég ætla ekki, að hugir manna hafi breytzt mjög við, að þeir fengu sér brauðbita, en allt um það var auðséð, að eitthvað hafði gerzt á þessari stuttu stund. Hinn kempulegi 1. þm. Rang. var allt annað en hetjulegur ásýndum þegar hann kom úr bléinu og fór að fitja upp á því, að rétt væri að taka þetta aftur til athugunar. Lét hann nú skína í, að hann hefði skipt um skoðun og var eldrauður í framan og stamandi að gera grein fyrir því, en allir nm. vissu, að faðir Jónas var búinn að tala við drenginn, enda féllu orð um það, að annaðhvort þm. N.-M. eða 1. þm. Rang. mundu nú hafa fengið skammir.

Ég held tvímælalaust, að meiri hl. nm. sé þeirrar skoðunar, að eðlilegast hefði verið, að frv. hefði verið afgreitt frá n. hálfu og komið svo þannig afgreitt til 2. umr. í þ. Þetta er ekki heldur nema sjálfsagt. Það sjá allir, að málið væri betur búið undir umr., ef fjvn., sem skipuð er öllum flokkum, væri búin að gera sitt ýtrasta, safna öllum gögnum og vinna úr þeim. Margir þm. mundu vilja koma með brtt., þó að n. hefði afgreitt frv. eins vel og hún gat, t. d. um aukin framlög til verklegra framkvæmda í kjördæmi sínu. Ef þær væru felldar við 2. umr., mundu þeir gjarnan vilja bera þær fram við 3. umr. með lækkuðum upphæðum, sem frekar næðu samþykki. Ég hef heyrt þm. úr bæði Framsfl. og Sjálfstfl. segja, að þeir hefðu viljað eiga kost á þessu. En það var sótt af svo mikilli frekju og offorsi að kasta málinu svona inn, og innan flokkanna hefur það sjálfsagt verið sótt af sömu frekju, þannig að flokksmenn hafa verið hlunnfarnir og bundnir til að vera með þessu. Þetta er í rauninni ekkert einstakt og hefur kannske oft komið fyrir áður, en ég verð að segja, að mig furðar því meir á framkomu hv. þm. Ísaf. sem hann hefur alltaf haldið því fram, að hann væri andvígur þessari aðferð. Ekki hafði flokkur hans bundið hann. Hvað vakti fyrir honum? Var hann af öðrum stórpólitískum ástæðum bundinn hv. þm. S.-Þ.? Það kann að vera svo og kemur þá síðar í ljós. En hvað vakti fyrir þm. S.-Þ. að berja þetta í gegn?

Hæstv. fjmrh. kom á fund n., og hún ætlaði að fræðast af honum, en fór í geitarhús að leita ullar, því að hann sagði n. ekkert, sem hún vissi ekki áður. Hann taldi, að hann gæti ekki fellt sig við, að tekjuliðurinn hækkaði nema um 3—4 millj. kr. Hæstv. fjmrh. sagðist ekki sjá sér fært að taka við fjárlagafrv. með tekjuhalla. Mér skildist, að hann mundi þá ekki verða ráðh. áfram, ef þingið afgreiddi frv. þannig. En hann virtist ekki vera með því að hækka tekjuáætlunina um meira en í mesta lagi 3—4 millj. Ef hún yrði ekki hækkuð meira, þá yrði útkoman sú, að skera þyrfti niður fé til vísinda, skóla, menntamála og annarra framkvæmda.

Ef nm. hafa verið hæstv. ráðh. sammála um þetta, þá er ekkert eðlilegra en þeir vildu engar umr. um frv., því að það er ekki þægilegt að verja það, að ekki sé hægt að hækka tekjuáætlunina um meira en 3—4 millj., og því helzta ráðið að keyra frv. í gegn umræðulaust. Rök þeirra, sem vildu aðeins ræða frv. við 3. umr., voru þau, að svo margar brtt. kæmu fram, að eina ráðið væri að ræða þær ekki fyrr en við 3. umr., svo að n. hefði tíma og tóm til að afgreiða þær hjá sér og gæti betur orðið sammála um þær brtt., sem hún vildi mæla með.

Það má vera, að þessi eining hafi vakað fyrir þeim, sem hvöttu til þessarar aðferðar og trúðu á samkomulagið í n. En það er bezt, að ég noti tækifærið, af því að ekki hefur skort á, að okkar sósíalistum hafi verið gefin ráð, og gefi alþýðuflokksmönnum og framsóknarmönnum það ráð að gera sér það ljóst strax, að þeir þurfa ekki að ímynda sér, að við látum okkur nægja þá samvinnu að nudda eitthvað lítils háttar til málamynda, þegar stefnumál okkar eru brotin og að engu höfð, eins og Alþfl. hefur gert í viðskiptum sínum við Sjálfstfl. t. d. oft og tíðum, og síðan reynt að telja sjálfum sér og öðrum trú um, að allt hefði þó orðið enn þá verra, ef þeir hefðu ekki haft hönd í bagga með því, hversu mjög sem þeir hafa brotið stefnumál sín.

Sósíalistar munu aldrei sökkva í þetta fen. Um hið góða samkomulag í fjvn. er sitt hvað að segja, og ætla ég aðeins að drepa á eitt af því, er þar kom fram og sýndi vel skoðanamuninn í n.

Ég tek dæmi af handahófi. T. d. rekstrarstyrkur til sjúkrahúsanna á Akureyri, Ísafirði og á Seyðisfirði, 100 kr. á hvert rúm. Einhverja uppbót átti svo að veita til sjúkrahússins á Siglufirði. Við sósíalistar vorum andvígir því að styrkja þessi sjúkrahús sérstaklega. Hinir nm. báru fyrir sig rök frá landlækni, þar sem hann kallaði fjórðungssjúkrahús á Akureyri, Ísafirði og á Seyðisfirði og taldi þau mikilvægari en önnur. Það sjá allir, að þessi svokölluðu fjórðungssjúkrahús eru ekkert annað en nokkurs konar „fiks Idé“. Það er engin ástæða til að styrkja sjúkrahús á Seyðisfirði fram yfir t. d. sjúkrahús á Siglufirði, þar sem 4—5-falt fleiri íbúar eru, og auk þess dvelst þar fjöldi manns yfir sumarið af öllu landinu, svo að sjúkrahúsið annar þá oft ekki eftirspurninni. Það væri frekar að taka tillit til þessarar sérstöðu. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta atriði, en bendi á, að þetta er ekkert annað en hlutdrægni, sem kemur fram í þessu.

Við sósialistarnir vorum báðir því fylgjandi, að veitt yrði fé til byggingar leikfimihúss fyrir Menntaskólann á Akureyri. Um þetta voru skiptar skoðanir. Hinir nm. bentu á, að til væri leikfimihús á Akureyri, og voru andvígir þessari fjárveitingu.

Alþýðusambandið sótti um 10000 kr. styrk til fræðslustarfsemi. Fjvn. kleip 2000 kr. af þessari upphæð. Þetta virðist þó óþarfi, einkum þegar litið er til þeirra upphæða, sem veittar eru búnaðarfélaginu og bændum í sama skyni. Um þetta voru einnig skiptar skoðanir í n.

Þá verð ég að segja, að mér kom einkennilega fyrir sjónir, er beiðni kom úr einu framsóknarhéraði um styrk til að gera kirkju eða byggja hana upp víst. En svo háttar til, að kirkja er á næsta bæ, sem er í ca. 2 km fjarlægð, er mér sagt af kunnugum. Ekki virðast menn nú heittrúaðir þarna, að geta ekki sótt kirkju ekki lengri veg. En nú er dýrt að byggja, og þetta er því hugsunarháttur, sem ekki á samleið með neinum verkalýðssinna. Ég þarf ekki að taka það fram, að við sósialistar vorum á móti þessari ráðstöfun, en hún var samþ.

Verkamannafélagið á Siglufirði hefur komið sér upp sjóði til styrktar veikum verkamönnum. Atvinnurekendur þar á staðnum hafa lagt fé í þennan sjóð, og síldarverksmiðjurnar hafa ákveðið að gera það einnig, og ein þeirra, Rauðka, hefur þegar gert það. Þetta félag fór fram á 2500 kr. styrk frá ríkinu árlega. Þá kom það í ljós, að önnur verkamannafélög fengu ekki svo háa styrki, svo að ég fór milliveg og stakk upp á 1000 kr. Frá þessu var ekki gengið í n., en formaður hennar virtist þessu hlynntur og vildi láta það bíða og forða því þannig frá bana, unz betur blési.

Þá vildum við styrkja betur Samband bindindisfélaga í skólum og regluna. Og um fleira voru skiptar skoðanir. Eitt er það enn þá, það var sú ráðstöfun að kaupa 30 refi af Andakílshreppi. Þetta virðist fyrirtæki, sem er að flosna upp eins og fleiri bú, og það kom fram í bréfi, að þeir mundu snúa sér að annarri framleiðslu, sem betur væri styrkt. Ég skal ekki dæma um þetta, enda held ég, að þessi kaup hafi í rauninni áður verið um garð gengin, aðeins eftir þetta formsatriði. En þetta er þó dálítið merkilegt mál vegna skilyrða þeirra, er seljendurnir setja. Þeir áskilja sér rétt að fá að kaupa búið aftur, hvenær sem þeim þóknast, á sama verði og þeir seldu það. M. ö. o., ef seinna kynni að verða arðvænlegra að reka það, þá á ríkið að afsala sér því í hendur fyrri eigenda, en meðan allt er þar í ræfildómi, þá er sjálfsagt að ríkið reki það. Ég var ekki viðstaddur, er þetta var afgreitt. Ég gerði fyrirspurn út af þessum skilyrðum, og lýsti formaður n. því þá yfir, að honum hefði sézt yfir þau, og kvaðst vera á móti þessu svona, og hið sama sögðu fleiri. En ekki fékkst það með nokkru móti, að seljendurnir yrðu að falla frá skilyrðum þessum. Nú hefur formaður n. lýst því yfir, að fella þurfi niður skilyrðin, en allir hv. þm. sjá, að þetta hefði þá þurft að taka fram í samþykkt fjvn. Og ef svo er, sem mig grunar, að raunverulega hafi verið búið að ganga frá þessum kaupum áður, hvernig er þessu þá farið? Nokkuð er það, að ekki fékkst það inn í samþykktina, að seljendurnir þyrftu að falla frá skilyrðum sínum.

Mér finnst andinn í fjvn. yfirleitt vera sá, að gert sé upp á milli sveita og kaupstaða, og þá einkum, ef í hlut eiga kjördæmi nm. Og við vitum það, að þm. sveitanna hafa lengi sýnt málum kaupstaðanna tómlæti og sumir næstum ofsóknir. Ég nefni engin nöfn, en tek dæmi. Einum hv. þm. finnst það sæmilegt, að það taki 7—8 ár fyrir Siglufjörð að komast í vegasamband á sama tíma og veitt er stórfé til vega í hálfgerðum eyðisveitum. Svona er þetta. Það er oft verið að þenja vegi um sveitir, þar sem aðeins 5—10 fjölskyldur búa, en sömu menn, sem að þeim fjárveitingum standa, geta svo aftur verið á móti því að koma stærstu kaupstöðum í vegasamband. Um Siglufjörð vita allir, að af þeim kaupstað hefur þó ríkið haft meiri tekjur en nokkrum öðrum utan Rvíkur, þótt hann hafi orðið út undan með fjárframlög frá ríkinu aftur á móti.

Það er öllum hv. þm. ljóst, að nú eru miklir fjárausturstímar. Tekjur ríkisins eru nú 60—80 millj. kr. fyrir árið, sem var að líða, og verða sennilega meiri næsta ár. Það er því ekki óeðlilegt, að meiri kröfur séu gerðar til þess, að nú sé eitthvað gert. Það er sanngirniskrafa á veltutímum. Og hvaða kröfur gera menn þá helzt? Margir óttast, að á næstunni geti orðið atvinnuleysi, og forsjáll maður stingur upp á því, að eitthvað verði gert til að forða því, og lagt verði til hliðar og lagt í verklegar framkvæmdir. Þá að fé verði varið til vísinda, skóla, menntamála og til að minnka dýrtíðina. Sumir hv. þm. hafa bent á það, að ekki verði hinar raunverulegu tekjur ríkisins minni, þó að þær verði áætlaðar lágt. Að vísu er þetta satt, en hins vegar má einnig með sanni segja, að réttast sé að áætla þær sem næst sanni, svo að menn viti, hvar þeir standa, þegar verið er að bruðla með fé ríkisins. Það hefur nú t. d. sýnt sig, að með einni þál. var hent út 20—30 millj. í verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir með mikilli óforsjálni. Margir hv. þm. mundu endurtaka atkvgr. sína um þetta mál. En þó er nú svo, að þessi afgreiðsla er spor, sem hræðir þá, er hafa ábyrgðartilfinningu, og kennir þeim að athuga málin betur, þegar verið er að veita almannafé, athuga fyrst, hve háar upphæðirnar kunna að verða, og áætla tekjurnar, sem ráðstafa á, sem næst sanni.

Það hafa komið fram brtt. við þetta nál., og er það eðlilegt. E. t. v. verður þó eitthvað af þeim tekið aftur til 3. umr. En ég álít rétt, að þær komi þá fram aftur, þótt nú fari ekki fram atkvgr. um þær.

Um brtt. á 18. gr. vona ég, að verði þó greitt atkv. við þessa umr. En ég segi eins og er, að ég er hræddur um, að það verði vandræði fyrir fjvn. að starfa saman að afgreiðslu þeirrar gr.

Það kynni að verða fjvn. töluvert mikil hjálp, þegar búið er að greiða atkv. um þessar till. við 2. umr. Þegar ymprað hefur verið á því í fjvn. að taka ákvarðanir um þau mál, sem meiri hl. n. er ekki með, þá er eins og menn hafi litið hver í augu annars, eða eins og talað væri um snöru í hengds manns húsi. Það er eins og menn

hafi viljað hliðra sér hjá því að taka nokkrar ákvarðanir um þessi mál. Það vita allir þm., að hvernig sem um breytingartillögurnar fer, þá eiga menn rétt á, að þær séu afgreiddar við 2. umr.

Ég hef leyft mér að flytja hér 2 brtt. Önnur er um það, að tillag til Öxnadalsheiðarvegar verði hækkað úr 80 þús. kr. í 180 þús. kr. Þetta er mjög fjölfarinn vegur milli suður- og norðurlands, og það er ekki vansalaust að hafa þann veg í því ástandi, sem hann er nú. Ég held það hafi að mestu verið einróma álit fjvn., að það bæri að taka upp riflegt framlag til þessa vegar, og það töluvert miklu riflegra en áætlað er á fjárl. Ég hef stungið hér upp á því framlagi, sem ég álít þurfa til að ljúka við veginn, eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér.

Þá höfum við háttv. 7. landsk. (KA) flutt brtt. um það, að hækkað væri framlag til bókasafns verkamanna, sem vegamálastjóri hefur umráð yfir, úr 2 þús. kr. í 10 þús. kr. Þegar bækur eru svo dýrar sem nú er, verða ekki keyptar margar bækur fyrir 2 þús. kr. Þegar góðar bækur bundnar kosta nú um og yfir 100 kr., og miðað við upphæð þá, sem fer til vegamála, er 10 þús. kr. ekki mikil fjárfúlga, en gæti samt orðið til þess, að vegamálastjóri gæti gert bókasafnið sæmilega úr garði, og þyrfti enginn að sjá eftir því.

Um þær brtt., sem hér hafa komið fram, ætla ég ekki að ræða mikið. Háttv. flutningsmenn gera sjálfsagt grein fyrir þeim. En ég get ekki stillt mig um að benda á, að fleiri en við Sósialistar hafa séð sér fært að koma fram með brtt. við 2. umr. Það gleður mig, að ekki hefur tekizt að handjárna menn svo í Sjálfstfl. og Framsfl. hér við 2. umr., að þeir hafi ekki komið með þær brtt., sem þeim hefur leikið hugur á.

Öll þessi óvenjulega meðferð fjárl. og þetta óvenjulega starf fjvn. er lærdómsríkt. Á sama tíma og Framsfl. og Alþfl. eru að tala um samstarf við okkur og látast vera að vinna að því að koma á þriggja flokka vinstri stjórn í landinu, þá leitast þessir flokkar við að bræða sig saman við Sjálfstfl. um afgreiðslu á þessu fjárlagafrv. Ég skal ekki segja neitt um það, hvort þetta er fyrir það, að einhverjir samningar séu komnir á milli þessara flokka. En á sama tíma sem þetta gerist, bendir Morgunblaðið á það, að það sé útilokað, að nokkurt samstarf muni geta tekizt með þessum þremur vinstri flokkum, og telur sig færa rök fyrir því, að það sé útilokað fyrir Alþfl. og Sjálfstfl. að hafa samstarf við Sósialista. Ég skal ekki spá neinu um það, hvort þeir vita meir en þeir segja og þeir séu búnir að fá einhver góð loforð hjá þessum flokkum. En dálítið er það einkennilegt, að á sama tíma sem Framsfl. og Alþfl. látast vera að leita samstarfs við Sósfl., skuli þeir koma fram gagnvart Sósfl. eins og raun ber vitni við afgreiðslu á þessu fjárlfrv. Ég vil endurtaka það til þeirra, að ef þeir búast við að geta haft samstarf við okkur, með því móti að við hlaupum frá öllum einstökum stefnumálum gegn því, að einhverju smávægilegu sé kastað í okkur í staðinn, en það séu þeir sem öllu ráði, þá taka þeir algerlega feil á okkur. Og það er bezt fyrir þá sjálfa, að þeir geri sér það ljóst strax.

Barði Guðmundsson: Það var meining mín að víkja nokkrum orðum að hv. 7. landsk. þm. (KA), en hann er nú farinn úr d., svo að ég get verið fáorður. Þó neyðist ég til þess að minnast nokkuð á mál, sem hann ræddi um. Hann sagði, að Menntamálaráð hefði brotið lög á listamönnum, sem fyrrum nutu launa á 18. gr. fjárl., því að það hefði verið gengið út frá því, að ekki mætti í neinu breyta kjörum þeirra frá því, sem Alþingi einu sinni hafði ákveðið. Þetta er vitaskuld ekki rétt. Það gæti verið að háttv. 7. landsk. hafi óvart sagt „að brjóta lög“, því að vitanlega er enginn lagabókstafur fyrir því, að þeir listamenn, sem laun þágu á 18. gr. fjárlaga, skuli að staðaldri hljóta sömu laun af opinberu fé. Í Menntamálaráði var eitt sinn rætt um það, hvort ráðið væri á nokkurn hátt bundið af 18. grein svo sem hún var áður en menntamálaráði var fengin í hendur úthlutun listamannalaunanna. Við litum svo á Menntamálaráðsmenn, að slíkt gæti verið álit hins háa Alþingis, þar sem það hefur látið 18. greinarmenn og 15. greinarmenn fá hið sama hlutskipti, sem sé falið menntamálaráði úthlutun til beggja. Það er og augljóst, að annars hefði það ekki verið aðeins óþarfi, heldur beinlínis hlægilegt að fela 18. greinarmenn forsjá menntamálaráðs.

Svo er rétt að ég leiðrétti misskilning, sem gert hefur vart við sig og notaður hefur verið í áróðri gegn Menntamálaráði, en hann er sá, að Menntamálaráð hafi öldungis umturnað venjum Alþingis um skiptingu listamannalauna og þá einkum á milli gömlu 18.-greinarmanna. Það er síður en svo, að þær ásakanir séu réttar. Að vísu tel ég, að mistök hafi átt sér stað, er Menntamálaráð lækkaði laun Halldórs K. Laxness úr 5000 kr. í 1800 kr., sem auðvitað jafngilti því að svifta þetta öndvegisskáld öllum skáldalaunum. Það var ekki við því að búast, að skáldið tæki við 1800 kr., svo sem í pottinn var búið. Ég viðurkenni fúslega, að það sé ástæða til að gera aths. út af þessu, enda hef ég gert það áður. Að þessu eina dæmi undanskildu er mér ekki kunnugt um, að nokkur mistök hafi átt sér stað við úthlutun Menntamálaráðs á listamannalaunum, og getur hv. 7. landsk. áreiðanlega sparað sér það að þrástagast á slíku.

Mér skildist af ræðu hv. 7. landsk., að till. sú, sem borin er fram af honum ásamt hv. þm. Snæf. (GTh) og hv. þm. N.-Ísf. (SB), um að taka 32 listamenn og skáld á 18 gr. fjárl., hafi einmitt komið fram vegna þess, að Menntamálaráði væri ekki treystandi til réttsýni. Nú skulum við athuga þessa brtt. ofurlítið. Það er fróðlegt að bera saman þau nöfn, sem hv. þm. hefur tekið í þessari brtt. sinni á þskj. 312 við síðustu veitingar Menntamálaráðs, sem lesa má um í grg. á þskj. 141. Þegar bornir eru saman nafnalistarnir á þskj. 141 og 312, þá munu menn fljótt veita því eftirtekt, að munurinn er furðulega lítill á styrkveitingum Menntamálaráðs og Alþingis.

Ég sé, að þeir, sem hafa verið í hæsta flokki í veitingum Menntamálaráðs og hlotið 3000 kr. hver, eru t. d. allir með tölu teknir upp af 7. landsk. í brtt. við fjárl. En svo tekur maður eftir því, að það er þó gerður nokkur munur á

launum úrvalsrithöfundanna. Hv. 7. landsk. og þeir, sem fluttu brtt. með honum, hafa hér í hæsta flokki 4 skáld: Kristmann Guðmundsson, Halldór Kiljan, Guðmund Kamban og Gunnar Gunnarsson. Ég býst við, að allir séu sammála um, að þetta séu öndvegisskáld, sem undir öllum kringumstæðum eigi að vera í 1. flokki. Þessir menn, að undanskildum H. K. Laxness, eru einnig í 1. flokki hjá Menntamálaráði. Svo hafa flm. séð einhverja ástæðu til þess að reka út úr 1. flokki og setja skör lægra en þessa rithöfunda nokkra menn, sem ég held, að ekki orki tvímælis um, að eigi heiður skilið í líkingu við þá 4 útvöldu. T. d. Tómas Guðmundsson, sem ég býst við, að þm. séu sammála um, að sé framúrskarandi ljóðskáld og standi með þeim fremstu á sviði íslenzkra bókmennta. Hann á samkv. brtt. að fá 4000 kr., 1 þús. kr. minna en hinir 4 úrvalsmennirnir. Davíð Stefánsson á einnig að hafa 4000 og er því settur skör lægra en Kristmann, Laxness, Gunnar og Kamban. Svo er einnig um Guðmund Hagalín, sem er einhver mikilvirkasti og sérkennilegasti rithöfundur þjóðarinnar nú. Sama máli gegnir um Magnús Ásgeirsson. Hann fær ekki heldur að vera í 1. flokki. Þó mun hann sérstæður í íslenzkum bókmenntum og ég hygg, að ekki einn einasti maður, sem hefur vit á bókmenntum, dragi í efa, að hann sé mesti snillingur í ljóðaþýðingum, sem þjóðin hefur átt. Við verðum að athuga það, að starf þessa manns hefur ekki lítið bókmenntalegt gildi í heild sinni. Hann hefur opnað íslenzku þjóðinni nýtt útsýn yfir það fegursta, sem skapað hefur verið í germanskri ljóðagerð.

Af þessum sökum m. a. höfum við, hv. 4. þm. Reykv. og ég, leyft okkur að bera fram brtt. við XXVII. tölulið á þskj. 312 um, að þessir 4 menn, sem ég nefndi nú síðast, Davíð Stefánsson, Guðmundur Hagalín, Magnús Ásgeirsson og Tómas Guðmundsson, séu allir færðir upp jafnhátt þeim, sem hæst eru settir í brtt. hv. 7. landsk. og félaga hans. En þetta gerum við í öryggisskyni nú þegar við 2. umr. fjárl., ef svo skyldi fara, að brtt. hv. 7. landsk., hv. þm. Snæf. og hv. þm. N.-Ísf., yrði samþ. Annars liggur það í hlutarins eðli, að höfuðsnillingar á bókmenntasviði þjóðarinnar verða ekki auðveldlega bornir saman og sagt um einn eða annan, að hann sé meiri en hinn. En almenningsálitið hefur þó skipað bókmenntasnillingunum nokkuð í flokka. Og ég býst við, að mönnum, sem ekki beinlínis vilja vera hlutdrægir, heldur gera hið bezta og réttasta, muni þykja svo sem vel fari á, að þessir 8 menn, sem um hefur verið rætt, séu settir á sama bekk, þegar þjóðin vill heiðra þá með fjárveitingum.

Helgi Jónasson: Ég þarf ekki að hafa mörg orð nú um þau ummæli, sem hér hafa fram komið til okkar, svo kallaðs meiri hl. fjvn. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessa máls í dag. En út af ummælum háttv. 2. landsk. (ÞG) vil ég segja nokkur orð.

Ég játa það, að mig tekur ekki mjög sárt til Sósfl. En ég vorkenni þó þeim flokki, að hann skuli hafa slíkan mann innan borðs, sem háttv. 2. landsk. Ég kenni í brjósti um þjóðina, fyrir að þessum manni skuli nokkurn tíma hafa skolað inn á hæstv. Alþ. Enda er hann kominn þangað inn fyrir óhapp, nefnilega fyrir það, að maðurinn, sem átti þingsætið, var veikur og gat ekki mætt, og þess vegna kom þessi maður í hans stað. En okkar þjóð má fara að gá að sér, að þannig getur farið með kosningar, að svona manni getur skolað inn á þing. Ég hef aldrei orðið var við, að nokkur maður, sem í n. hefur starfað, hafi haft aðra eins framkomu í garð sinna samnm. eins og þessi maður hér í kvöld. Allt, sem hann sagði, var útúrsnúningur, rangfærslur og helber vitleysa. Allur fjöldinn af þeim till., sem hann var að tala hér um, hafa aldrei komið til umr. í fjvn., og um þær hefur aldrei verið tekin ákvörðun í n. Hverjir hafa greitt atkv. á móti því að endurgreiða það, sem tekið hefur verið úr leikhússjóðnum? Og hver hefur greitt atkv. með því að byggja kirkjur í vissum sveitakjördæmum? Öll þessi mál, sem hann talaði um, hafa ekki komið til neinna úrslita í fjvn. Það er ekki það, sem um hefur verið rætt. Við eigum það eftir. (ÞG: Er hv. þm. viti sínu fjær?). Það geta fleiri nm. vitnað um það, að ég fer með rétt mál. Ég hef aldrei orðið var við þennan mikla ágreining í n., hann hefur ekki komið fram enn. Ég veit ekki betur en þær brtt., sem hér koma fram, séu frá allri n. Og eins og ég gat um í dag, hafa allir nm. skrifað undir nál., og n. er því ekki klofin, þótt þessir 2 nm. hafi skrifað undir með fyrirvara um einstök atriði nál.; það er allt annað mál. Og það mætti teygja hér umr. nokkuð lengi, ef hver einstakur nm. ætti að gera grein fyrir þeim fyllstu óskum, sem hann kannske hugsar sér í hverju einstöku máli. Ég býst við því, að allir háttv. þm. geti verið sammála um það, að ekki sé unnt að koma í framkvæmd eftir fyllstu óskum því, sem hv. þm. hugsa sé í einstökum málum. Við vitum það, að hér á okkar landi er svo margt enn þá, sem betur mætti fara, og margt ógert, sem við vitum, að ekki er hægt að gera á einu og sama Alþ. Við verðum að fara að, eins og við teljum skynsamlegast og fært í hvert sinn. En vitanlega verðum við allir að slá meira og minna af okkar fyllstu óskum í þeim efnum.

Hv. 2. landsk. þm. bar mér á brýn, að ég hefði látið kúgast í fjvn. En ég held, að mér sé ekki hættar við því heldur en öðrum þm. Ég hef vanalega fylgt minni skoðun og sannfæringu, eftir því sem ég hef haft bezt vit á, og það gerði ég eins í þetta sinn. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni í fjvn. og ætla ekki að endurtaka það. Hv. þm. ber það á fleiri en mig að hafa látið kúgast, því hann sagði, að 36 alþm. hefðu látið kúgast hér í Alþ. fyrir fáum dögum. Hvaða rétt hefur háttv. 2. landsk. til að koma með slíkar ásakanir hér í hæstv. Alþ.? Ég held, að hann ætti að reyna að temja sér annan ræðuhátt, ef hann vill teljast þinghæfur. Sem sagt; allt, sem hann sagði hér um störf fjvn., var villandi og flest af því beinlínis rangt. Og það er, held ég, alveg einstakt, að maður í n. fari að tilgreina atkv. með og móti málum, áður en þau eru tekin til umr. í sömu n. Ég hef hvergi þekkt slíkt dæmi annars staðar. Ég ætla svo ekki að sinni að eyða fleiri orðum við þennan háttv. þm.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Á þskj. 312 er ég meðflutningsmaður nokkurra brtt., og skal ég geta sumra þeirra að nokkru. Skal ég fyrst nefna Krýsuvíkurveg, en við leggjum til að fá 500 þús. kr. veittar til hans. — Í þennan veg hefur verið mokað peningum undanfarin ár, en enn sem komið er er hann ekki til neins gagns. — Um þennan veg hefur mikið verið deilt, og skal ég ekki hér fara inn í þær deilur. En ég hef alltaf litið svo á, að þessi vegur ætti mikinn rétt á sér, jafnvel sem vetrarvegur, þótt hann sé ærið langur. Enn fremur er á það að líta, að það varðar Hafnarfjarðarkaupstað mjög miklu að fá vegasamband við Krýsuvík, og loks verður svo á það að líta, að Þorlákshöfn er eini staðurinn, sem líklegur er til hafnargerðar á Suðurlandi, og gera verður ráð fyrir, að þar komi upp höfn í framtíðinni. Vegurinn er nú kominn yfir verstu kaflana, en eftir er þó að tengja vegarendana saman. Það er því allt, sem mælir með því, að eigi verði hætt við þennan veg, heldur verði honum haldið áfram, svo að hann komi að gagni.

Þá flyt ég með hv. 6. landsk. þá brtt., að í staðinn fyrir 150 þús. til brúargerða komi 1 millj. kr. Nú skýrði hv. 1. þm. Rang. frá því, að n. væri þessari breyt. sammála, svo að ekki virðist ástæða til þess að tala frekar fyrir henni.

Þá flyt ég með hv. 6. landsk. brtt., sem gengur í þá átt, að tillag til íþróttasjóðs hækki úr 125 þús. kr. í 400 þús. kr., og höfum við þá einkum í huga, að styrkja beri af fremsta megni íþróttastarfsemi í landinu og að hlynnt verði að æskulýðnum, komið sé sem flestum sundlaugum upp, en þeirra er víða þörf, og um hollustu sundiðkanna verður eigi deilt. Peningar, sem varið er til þessa, eru því ekki eyðsla; þeir renta sig margfaldlega og skila sér aftur.

Þá flyt ég með fleiri hv. þm. till. í þá átt, að tillag til náttúrufræðifélagsins hækki úr 6000 upp í 15000 krónur. Það má fullyrða, að hingað til hefur náttúrugripasafninu verið alltof lítill sómi sýndur, og það hefur tíðkað eingöngu fyrir ósérplægni þeirra manna, sem umsjón hafa haft með því, en það var fyrst og fremst Bjarni heitinn Sæmundsson og nú Magnús Björnsson fuglafræðingur. Safnið er mikið sótt, þrátt fyrir það að það er í lélegu húsnæði og hafi hingað til ekki verið sómi sýndur.

Þá er enn brtt. um að tvöfalda aukastyrk til bókasafna. Mér finnst þetta eðlileg hækkun. Verð íslenzkra bóka er nú svo hátt, að söfnin munu vart rísa undir því að afla sér jafnmikils bókakosts og áður, og á hitt er líka lítandi, að nú er hægt að fá enskar bækur við mjög vægu verði og góðum kjörum. Þá þykist ég hafa gert grein fyrir og rökstutt þær brtt., sem ég flyt, en mig langar þó enn að minnast á eina, en það er till. hv. 6. landsk., um að auka tillag til nýrra vitabygginga úr 200000 upp í 500000 krónur. Hingað til hefur það oftast verið svo, að vitagjaldið hefur gert talsvert meira en að hrökkva til útgjalda vitanna. Vitagjaldið er tekið af skipum, sem við landið sigla, og hefur því jafnan að miklum hluta verið greitt af útlendingum. Það hefur því ekki verið vansalaust fyrir ríkið, að vitagjöldin hafa lengst af verið álitin tekjulind fyrir ríkissjóð og notuð þannig. Nú mun vitagjaldið ekki hrökkva til útgjalda vitanna, en hins vegar hafa tekjur ríkissjóðs verið meiri en nokkurn tíma áður. Mér finnst því vel við eigandi og full ástæða til þess, að nú sé veitt ríflega til vitabygginga, því að margt er enn ógert og vitakerfi vort ófullkomið.

Ég verð að taka undir það með samflokksmönnum mínum, að afgr. fjárlagafrv. í fjvn. er mjög ófullkomin, og verð ég að telja n. það til vansa, að hún skyldi skila störfum sínum, eins og raun er á orðin, án þess að hafa gert athugasemdir sínar við þær gr. fjárlaga, sem mikilvægastar eru, bæði tekjuhliðina og framlög til verklegra framkvæmda. Að vísu verður ekki um það deilt, að fjárlagafrv. var illa búið í hendur n., því að ekki verður séð, að frv. það, sem fyrir lá, sé á neinn hátt svo, að það nálgist veruleikann. En því meiri ástæða var það fyrir n. að athuga vel sinn gang og búa það svo í hendur hv. þm. við þessa 2. umr., að hægt væri að fá yfirlit yfir áætlaðar tekjur og gjöld ríkisins, svo að þm. gætu gert till. sínar í samræmi við þetta, en ekki út í bláinn.

Það er því alveg einstakt ábyrgðarleysi hjá meiri hl. n., þegar hann skilur við fjárlögin til 2. umr. eins og nú er kunnugt orðið. Það var þó enn meira ábyrgðarleysi, sem fram kom hjá hv. þm., þegar þeir ætluðu að fara að vilja meiri hl. n. og láta bíða til 3. umr. að gera brtt. við þá liði fjárl., sem mest er komið undir, að vel sé til vandað, en það var sýnilega ætlun þeirra. Hvað mundi það þýða, ef svo hefði til tekizt? Það hefði þýtt það, að fjárl. hefðu verið afgr. af Alþ. með einni umr. í stað þriggja, sem til er ætlazt, eða öllu heldur tveggja, því að 1. umr. virðist vera frekar formsatriði. En hvað þýðir aftur það, að aðeins fer fram ein umr. um fjárlögin? Það þýðir, að hending ein ræður, hvernig þau verða. Því að það er vitanlegt, að þm. munu flytja, ef að vanda lætur, miklar og margar brtt., og þá segir það sig sjálft, að það er með öllu ógerlegt að vita, hvernig fjárl. verða, séð sem heild. Þau geta eins orðið afgr. með miklum tekjuhalla eins og hitt. — Þau verða sem sagt afgr. í algerðri blindni.

Hvað er ábyrgðarleysi, ef ekki þetta? Og svo kemur hv. þm. S.-Þ. og brigzlar okkar flokki um ábyrgðarleysi, þegar við reynum að koma í veg fyrir þetta athæfi. — Maðurinn, sem er potturinn og pannan í þessum ófagra leik. Maðurinn, sem sagður er valdalaus innan Framsfl., honum tekst þó að beygja alla þm. flokksins í þessu máli, meðnm. sína og aðra.

Hvernig stendur á því, að hv. þm. láta hafa sig út í annað eins ábyrgðarleysi og þetta? Ég skil það ekki, og einna sízt skil ég afstöðu hv. þm. Ísaf., sem þó er búinn að lýsa því yfir, að hann sé mótfallinn afgreiðslu nefndarmeirihl. Hann bognar líka og tekur afstöðu móti fyrri afstöðu sinni og fóðrar þá afstöðu sína með því, að formgalli hafi verið á till. hv. 2. þm. Reykv. um að fresta umr.

Þegar hv. 2. þm. Reykv. tók til máls á föstudag, var honum borið á brýn málþóf og hann spurður, hvort hann vissi ekki, hvað slíkt málþóf kostaði. Þetta sagði einn þeirra þm., sem í sumar samþ. málþófslaust þáltill. um að verð-

bæta útfluttar afurðir, þál., sem hefur kostað ríkissjóð 20—30 millj. kr. Eins og málþóf þá og svolítil athugun á málinu í sambandi við það hefði getað sparað ríkissjóðnum tug milljóna, eins er ekki fjarri vegi, að hv. þm. hefðu síðar meir orðið að líta á aðgerðir sínar í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, á sama hátt og þeir nú líta til þál. í sumar, sem þeir skammast sín fyrir. Þessi þál. hefur étið upp allan tekjuafgang ríkisins frá veltuárinu 1942.

Það er kannske ekki mikilsvert atriði, að íslenzki iðnaðurinn, sem vinnur úr þeim afurðum, sem verðbættar eru, er að fara í rúst vegna verðuppbótanna. Það liggja nú fyrir iðnaðarn. beiðnir um verðuppbætur á hrávörur, sem notaðar eru í þessum iðnaði, verðuppbætur, sem mundu nema upp undir 1 millj., ef við þeim er orðið.

Hvernig á sá iðnaður að geta borið sig í samkeppni við erlendan iðnað, þegar hann þarf að greiða allt að því þrefalt verð fyrir hömu hrávöruna? Enda veit ég til þess, að einstöku verksmiðjur hafa upp á síðkastið hætt að nota íslenzku hrávöruna og hafa flutt inn hráefni.

Er það nú búmennska eða hitt þó heldur að gera þeim iðnaði, sem getur unnið úr íslenzkum afurðum, ókleift að starfa. Eftir stríðið hlýtur það að verða stór liður, eigi þessi iðnaður þá nokkurn rétt á sér, sem þessi iðnaður mundi nota af íslenzkri ull og gærum, og manni finnst að slíkur iðnaður ætti að eiga rétt á sér.

En nú er verið að drepa þennan iðnað, sem ætti að vera lyftistöng undir landbúnaðinn. Ég verð að segja, að þetta er léleg búmennska, að styrkja landbúnaðinn með fégjöfum, en höggva um leið eina af stoðunum, sem ber hann uppi. Og þessi þál. var samþ. málþófslaust. Þá þurfti eins og nú að hafa hraðann á. Það er leiðinlegt, þegar hv. þm. láta hafa sig til annars eins athugunarlaust.

Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvað hefur vakað fyrir meiri hl. fjvn. með þeirri afgreiðslu á frv., sem hann hefur viðhaft, en ég á bágt með að skilja það. Ég skal að vísu játa, að talsverð óvissa hlýtur að ríkja við áætlanir á þessum tímum. En n. hafði sér þó til hliðsjónar, að því er mér er kunnugt, upplýsingar t. d. um það, hve miklu ýmsir tekjuliðir fjárlaganna námu s. l. ár, og heildarupphæð tekna þessa árs verða vart undir 89—90 millj. kr. Samkv. nál. er gert ráð fyrir, að tekjurnar verði 48 millj. Það munar hvorki meira né minna en 40 millj. frá tekjunum s. l. ár. Fyrr má nú vera óvissan.

Í áliti n. segir, að n. hafi athugað um fjárframlög til verklegra framkvæmda og gert drög að till. þar að lútandi. Hvers vegna liggur n. á þessum till.? Væri ekki fyrir beztu að þm. hefðu fengið að kynna sér þær? Ég geri ráð fyrir, að margir, ef ekki allir, þm. eigi sér einhver áhugamál vegna kjördæma sinna í þessum till. og langi til að fræðast um þær. Hv. þm. Ísaf. var fullur vandlætingar á því, er einstaka nm. hefðu orðið til þess að veita upplýsingar um þetta. Hann taldi slíkt mjög óþinglegt, en hins vegar væri kannske ekki annars að vænta af nýgræðingi hér á þingi. Og með því vildi hann í yfirlætisleysi sínu afsaka hv. 6. landsk. og virða honum þessa yfirsjón hans á betri veg.

Nú spyr ég: Af hverju mega hv. þm. ekki fá vitneskju um þetta? Hvað á svona pukur að þýða? Lítur hv. þm. Ísaf. á sig og meðnm. sína sem einhverja einræðisherra, sem eiga að ráða ráðum sínum í friði og ró, en okkur þm. sem óvitabörn, sem ekkert mega vita, heldur bara segja já og amen við því, sem hv. n. þóknast að valdbjóða? Það er gott, að svolítil hula hefur verið dregin frá störfum fjvnm. Og mér er enn spurn: Hvernig fór n. að búa til þessi drög að till., fyrst allt var í óvissu um tekjurnar, þessari líka voðalegu óvissu? Eftir hverju fór n. við þennan till.tilbúning? Fyrst n. gat sín á milli orðið sammála um þessar till., hvers vegna þarf þá að dylja þm. þær? Veit meiri hl. n. ekki, að öllum getur skjátlazt og yfirsézt og það er mannlegt, og einmitt þess vegna er ætlazt til þess, að umr. séu þrjár? Eða er hann svo hörundssár, að hann hafi ekki treyst sér til að sýna þessar till. sínar? Það væri alveg nýtt fyrirbrigði hjá þessum hv. stjórnmálamönnum.

Það hefur verið upplýst, að tildrög n. til verklegra framkvæmda hefðu verið til hækkunar. Fyrst meiri hl. gat gert sér í hugarlund till. til hækkunar á verklegum framkvæmdum, þá hlaut hann um leið að hafa gert sér hugmynd um, hverjar tekjurnar mundu verða. Því að ef þetta fylgist ekki að, þá er starf n. ekki eins og það ætti að vera, og n. ekki starfi sínu vaxin, þegar á þetta er litið, að n. hafði gert sér hugmyndir um allt fjárlagafrv. í aðaldráttum. Því í ósköpunum lét hún ekki nál fara þannig frá sér? Það er alveg óskiljanlegt. N. ber það fyrir sig, að hæstv. ríkisstj. hefði enn ekki gert Alþ. grein fyrir, hverjar ráðstafanir hún hyggst að gera og hver áhrif þær væntanlegu ráðstafanir kynnu að hafa á fjáröflun eða fjárframlög.

Er hér ekki farið aftan að siðunum? Er það ekki þingsins eins og stjórnarinnar að gera grein fyrir vilja sínum? Er þingið þjónn stjórnarinnar? Vakir það fyrir hv. n., eða er stjórnin framkvæmdastjórn Alþ.? Það mun ekki um það deilt, að stjórnin á að vera framkvæmdastjórn Alþ., og þess vegna væri það gott fyrir hæstv. stjórn að fá að vita vilja þingsins á þessu stigi málsins, svo að hún gæti undirbúið þær væntanlegu ráðstafanir í samræmi við þann vilja, og hann hefði einmitt komið í ljós nú við 2. umr. fjárlaganna, ef venjuleg aðferð hefði verið viðhöfð í vinnubrögðum n. Því meira sem athuguð eru skil n., því erfiðar verður að mæla þeim bót.

Í einu má þó segja, að n. hafi tekizt að fara rétt með, — og þar get ég verið henni samdóma, — sem sé í þeirri staðhæfingu hennar, að afgreiðsla fjárlagafrv. sé að þessu sinni með nokkuð óvenjulegum hætti. Við sósialistar gerðum okkar til, að þessi flaustursmeðferð fjárlaganna yrði ekki viðhöfð, en þrátt fyrir það að þm. hinna flokkanna vel flestir kannist við það, að þessi meðferð nái ekki nokkru tali, þá heyktust þeir á því að halda þeirri skoðun sinni til streitu og koma í veg fyrir þessa óheyrilegu, kærulausu afgreiðslu fjárlaganna. Við höfum að vísu ekki getað fengið því áorkað, að leiðrétting fengist á þessu. Til þess hafa nm. orðið, sem þó nú munu flestir sjá og viðurkenna með sjálf-

um sér, að við höfum á réttu að standa. Til þess hefur nm. ekki tekizt að brjóta odd af oflæti sínu og kannast við yfirsjón sína. En þó vænti ég, að umr. um þetta mál hér verði nm. sú áminning, sem þeir eiga skilið, og að þetta verði til þess, að slíkt atferli endurtaki sig ekki.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég skal ekki halda hér langa ræðu að þessu sinni. — Það hefur verið gerð tilraun til þess af þeim hv. þm. Sósfl., er hafa talað hér í kvöld, að draga mig í dilk með hv. þm. S.-Þ. út af þessari óvenjulegu afgreiðslu fjárlaganna. Ég skil ekki, með hvaða rökum þeir gera slíkt, því að ég var hv. þm. S.-Þ. ósammála um afgreiðslu frv. hjá fjvn., en ágreiningurinn innan fjvn. var þó ekki svo mikill, að n. klofnaði um afgreiðslu málsins. Annað mál er það, þótt ég hafi greitt atkv. gegn því að fresta þessari umr. og vísa málinu aftur til n., því að slíkt hefur aldrei þekkzt, nema því aðeins að fjvn. hefði óskað þess sjálf. Á þessu sézt, að ég er að öllu leyti sjálfum mér samkvæmur. Ég áleit, að réttara hefði verið að skila við þessa umr. till. um verklegar framkvæmdir, en taldi hins vegar ekki rétt að vekja neinn stóran ágreining um það í n.

Það er mjög vafasamt, hvort hægt er að tala um meiri og minni hl. í n., sem skila sameiginlegu nál., því að þegar n. greinir mikið á, þá skila þær venjulega ekki sameiginlegu nál. Vel má vera, að ef fram hefði komið við afgreiðslu málsins tilraun til að kljúfa n., að ég hefði fylgt þeim meiri hl., sem það hefði kosið. En ekkert slíkt kom fram í n. Ágreiningur virtist svo lítill, að menn töldu ekki nauðsynlegt að kljúfa hana.

Hv. 11. landsk. hafði rangt eftir orð, er ég lét falla í ræðu minni í dag. Hann sagði, að ég hefði talað um það með vandlætingu, að einstakir nm. skyldu hafa gefið upplýsingar um ýmislegt, sem gerðist í n. Ég sagði, að mér þætti miður, að einstakir nm. skyldu vekja ágreining um mál, sem ekki var búið að taka afstöðu til í n. Þetta er tvennt ólíkt, og ég veit, að hv. þm. skilja muninn á þessu, enda þótt það sé ofvaxið skilningi hv. 11. landsk.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að nm. voru ekki sammála um allar till., en ég held mér sé óhætt að fullyrða, að enginn ágreiningur hafi verið milli mín og hv. fulltrúa Sósfl. í fjvn. í neinu máli. Ég talaði aldrei um, að það hefði verið rangt af fulltrúum Sósfl. að koma með fyrirvara viðvíkjandi því að fresta till. um verklegar framkvæmdir. Þetta var heiðarlegur fyrirvari, sem gerður var á formlegan hátt, enda þótt hann hafi verið gerður seinna en venja er til. Annað mál er það, að ég kann ekki við, að hv. 2. landsk. sé að brigzla mönnum um það, að þeir greiði atkv. á móti betri vitund. Hvaða rétt hefur þessi hv. þm. til að vera með slíkar getsakir? Einnig verð ég að segja það, að mér finnst óviðkunnanlegt, þegar hv. þm. eru að lýsa því, hvernig menn hafi litið út, þegar þeir komu á nefndarfund. Mér finnst ekkert óeðlilegt, þótt menn komi stundum órakaðir að morgni dags, en það er of líkt kjaftakerlingarhætti að gera slíkt að umtalsefni hér á hv. Alþ.

Ég fullyrði það, að samkomulagið var ekki svo slæmt í n., að menn þurfi að vekja hér persónulegar illdeilur þess vegna.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að mörg atriði, sem hv. 2. landsk. gat um, voru ekki komin til atkvgr. í n. Nokkur voru tekin á svo kallaðan óskalista, en allmörg komu ekki til atkv. T. d. till. um styrk til leikfimihúss Menntaskólans á Akureyri, og ekki heldur till. um kirkjubyggingarstyrki. Ég geri ráð fyrir, að við hv. 2. landsk. séum á svipaðri skoðun um það mál. Það er oft svo með ýmsar till. í n., að til þess að halda friði liðka menn til hver fyrir öðrum, og er ég ekki í neinum vafa um það, að öll afgreiðsla fjárl. mundi fara í handaskolum, ef nm. sýndu ekki hver öðrum nokkra sanngirni. Ég tel það engan vansa fyrir einn eða neinn fjvnm., heldur sjálfsögð og nauðsynleg vinnubrögð. Ég á ekki þar við, að menn slái af í prinsipmálum eða einhverju, sem þeim þykir mikils um vert. Langt frá því. Til þess ætlast enginn maður. En í smærri málum er óhjákvæmilegt, að fjvnm. liðki hver til nokkuð, eftir því sem menn telja sér fært. Og ég veit, að hv. 2. landsk., sem er greindur maður, þótt hann hafi nú talað dálítið af sér hér við þessar umr. og að sumu leyti ekki til að bæta sig neitt í áliti, áttar sig á þessum hlutum. Hann er vanur félagsstörfum og bætir vonandi ráð sitt, þegar hann áttar sig betur á því.

Annars var ýmisleg ónákvæmni í ræðu hv. 2. landsk., sem ég sé ekki ástæðu til að leiðrétta að öllu leyti. En ég vildi þó í mestu vinsemd benda honum á það, að til þess að ljúka við Öxnadalsveginn nægja nú ekki 360 þús. kr., eins og hann gaf upplýsingar um hér, heldur þarf til þess 3 millj. kr. eftir áliti vegamálastjóra. Það má þess vegna segja, að það sé meira en lítil ónákvæmni að telja, að veginum yfir Öxnadalsheiði megi ljúka með 360 þús. kr. fjárveitingu. Vegamálastjóri gaf fjvn. upplýsingar um það, hvað þyrfti til þess að ljúka ýmsum vegaspottum á Norðurlandsleiðinni og byrjaði á Hafnarfjallsvegi í Hvalfirði, Vatnsskarði og Öxnadalsheiðarvegi og taldi, að 7 millj. kr. þyrfti til þess að ljúka þessum vegum, og þar af til að ljúka Öxnadalsheiðarvegi einum 3 millj. kr.

Viðvíkjandi einstökum till., sem hér liggja fyrir, skal ég vera fáorður. Mér þætti ekki ólíklegt, að við atkvgr. mundu þær margar eða flestallar verða teknar aftur til 3. umr. Mér heyrðist á hv. þm. V.-Ísf., að hann mundi e. t. v. vilja taka brtt. sína aftur til 3. umr., ef menn vildu gera slíkt almennt, og ég get hugsað mér, að svo sé um fleiri. Ég vildi mælast til þess við hv. 7. landsk., að hann vildi taka aftur till. sínar til 3. umr. Það liggja fyrir hjá n. till. frá vegamálastjóra, sem n. bað um, að yrðu sundurliðaðar, um framlög til brúargerða. N. hafði minnzt á 1 millj. kr. til þess, en vegamálastjóri skilaði till. með, að mig minnir, 1100 þús. kr. Og mér þykir ekki ólíklegt, að n. taki till. vegamálastjóra alveg upp. Hv. 7. landsk. hefur eflaust verið kunnugt um þessa tillögu vegamálastjóra, þegar hann gerði sínar till., þó að hann hafi til öryggis talið rétt að láta þetta koma fram við þessa umr.

Annars gerði hv. 2. landsk. nokkra aths. við-

víkjandi þeim ummælum mínum, að ég teldi ekki ólíklegt, að það fengist samkomulag í n. um tekjuáætlunina og um framlög til verklegra framkvæmda. Ég hef náttúrlega ekki neina fulla vissu fyrir þessu. En eftir þeirri samvinnu, sem var í n., áður en þessu nál. var skilað, þá hafði ég nokkra ástæðu til að halda þetta, og ég hef enn fengið ríkari ástæðu til að halda þetta af viðtölum við nm. nú í dag. Ef tekizt hefði fyrir 2. umr. að gera fullnaðaráætlun um verklegar framkvæmdir á þeim grundvelli, sem n. var með, þá var ég a. m. k. ekki í neinum vafa um það, að n. hefði orðið nokkuð sammála í till. sínum. Ég varð ekki var við neinn þann grundvallarágreining í þessu máli, sem mér virtist ekki, að hefði verið mjög auðvelt að ná samkomulagi um, gangandi út frá því, að náðst hefði fullnaðar afgreiðsla á tekjuáætluninni. Ég tel því, að hvorki ég né nokkur annar, sem talað hafa um góða samvinnu í n., hafi á nokkurn hátt ofmælt. Annað mál er, að mér kemur nokkuð undarlega fyrir sjónir, ekki verra samkomulag en verið hefur í n., að menn séu hér svo stórorðir eins og þeir hafa að ýmsu leyti gerzt við þessar umr. En það má kannske segja, að nokkuð miklu valdi sá, sem upphafinu veldur. Og það er mjög fjarri því, að ég vilji að öllu leyti álasa fulltrúum sósíalistanna fyrir það, sem hér hefur skeð. En þrátt fyrir ummæli hv. 2. landsk. þm. vona ég það nú enn þá, að unnt sé að ná sæmilegu samkomulagi um afgreiðslu fjárl., þannig að þingið telji, að afgreiðslu þeirra sé því samboðin. Við höfum hér ríkisstj., sem ekki styðst við neinn þingflokk, svo að vitað sé. Og þess vegna tel ég, að það hvíli meiri skylda á þinginu sem heild heldur en venjulega, ef hér væri þingræðisstjórn, um að sjá um afgreiðslu fjárl., svo að sómasamlegt sé, og þó einkum, að tekjuáætlunin verði færð í það horf, sem þm. telja líklegt, að varlegt sé, og einnig, að sæmilega verði séð fyrir framlögum til verklegra framkvæmda og nokkuð miðað við, að hér geti á árinu skapazt atvinnuleysi, sem því opinbera ber skylda til að bæta úr.

Það þarf ekki að taka það fram, að ég er mjög ósammála fyrrv. hæstv. fjmrh. (JakM), sem fór um það niðrandi orðum, ef ætti að fara að veita verulegt fé úr ríkissjóði í verklegar framkvæmdir á þessum tíma. Ég tel þvert á móti, að það sé óvarlegt af hæstv. Alþ. að ætla ekki talsvert fé til verklegra framkvæmda, því að það getur orðið hér atvinnuleysi á þessu ári. Og þó að svo hafi farið, að það ólán hafi hent þennan fyrrv. hæstv. fjmrh. að skila hér tómum ríkissjóði, eða svo til, í því mesta tekjuöflunarári, sem komið hefur yfir ríkissjóðinn, þá tel ég, að hæstv. Alþ. þurfi að gæta nokkurrar forsjálni um það framvegis að sjá um, að ríkissjóður hafi fé til verklegra framkvæmda.

Jakob Möller: Var þetta formaður og frsm. hv. fjvn., sem var að tala og sagði, að fyrrv. ríkisstj. hefði skilað tómum ríkissjóði? **(FJ:** Já). Já, einmitt. Ég veit þó ekki betur en verið hafi í ríkissjóði 32 millj. kr., þegar ég skilaði honum. En nú er búið að ráðstafa mestu af því fé, en það hefur Alþ. gert, en ekki fyrrv. ríkisstj., og það ætti hv. frsm. fjvn. að vita. Ég held, að ríkissjóði hafi aldrei verið skilað jafnöflugum og hann var, þegar ég skilaði honum; og dettur mér ekki í hug að þakka mér það, heldur var það vegna árferðisins. En þetta er staðreynd, að í ríkissjóði voru rúmlega 30 millj. kr., þegar stjórnarskiptin urðu. Hitt er svo annað mál, að hæstv. Alþ. hefur svo gert samþykktir um greiðslur úr ríkissjóði, sem áætlaðar eru, eins og kunnugt er, um 24—25 millj. kr. Ekki að síður, jafnvel þó að þessar 24—25 millj. kr. væru greiddar úr ríkissjóði, þá geri ég ráð fyrir, að eftir verði 6—7 millj. kr. í ríkissjóði samt. Og eftir því, sem við eigum að venjast hér, þá verður varla kallað, að með því móti sé ríkissjóður tómur, í samanburði við það, sem við þekkjum annars. En mér skilst, að hv. fjvn. hafi hugsað sér að ganga þannig frá ríkissjóðnum, að hann verði svona nokkurn veginn tómur, þegar þetta fjárhagsár er liðið, a. m. k. ef þessi hv. formaður fjvn. á að fá að ráða.

Hv. frsm. fjvn. sagðist vera mér ákaflega ósammála um það, að ekki væri ákveðið í fjárl. yfirstandandi árs að greiða svo að millj. ef ekki tugum millj. kr. skipti, til verklegra framkvæmda. Og hann byggði það á því nú, eins og hann hefur áður gert, að það væri eiginlega fásinna að gera ekki ráð fyrir atvinnuleysisástandi hér á landi á þessu ári. Ég veit nú ekki, á hverju hann byggir það, að það sé nokkurn veginn fyrirsjáanlegt atvinnuleysisástand hér á yfirstandandi ári. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framkvæmdir hafa undanfarið verið stórkostlegar í landinu, þótt ekki hafi verið framkvæmdir af hálfu ríkissjóðs, og atvinnuvegir landsmanna hafa barizt í bökkum út af því, að þeir hafa ekki fengið nægilegt vinnuafl til nauðsynlegra framkvæmda. Þó að það lagaðist nú eitthvað lítils háttar, sé ég ekki, að það þurfi að gera ráð fyrir atvinnuleysisástandi. Það er kunnugt um landbúnaðinn a. m. k., að því hefur verið haldið fram hér á Alþ., að hann hafi beðið mikinn hnekki s. l. ár, af því að hann hafi ekki haft nægilegt vinnuafl. Um fiskveiðarnar eða sjávarútveginn í heild held ég, að nokkuð hins sama hafi gætt, bæði hvað snertir þorskafla og síldar, og það var minna hægt að stunda sjávarútveg á s. l. ári einmitt vegna skorts á vinnuafli heldur en tök hefðu verið á vegna framleiðslutækja. Og þó að svo tækist til, að atvinnuvegir landsmanna gætu fengið aðstöðu til að vera reknir með fullu afli, þá þýðir það ekki það, að framundan sé atvinnuleysi sjáanlegt. Þar við bætist svo hitt, að hér í Rvík er verið að ráðast í framkvæmd, sem verður í framkvæmd vafalaust allt þetta ár, stórkostlegri framkvæmd heldur en nokkurn tíma hefur verið ráðizt í fyrr hér á landi. Og við þá framkvæmd fá hundruð manna atvinnu. Ég held, að það sé miklu fremur ástæða til að gera ráð fyrir, að það verði beinn hörgull á vinnuafli á þessu ári engu síður heldur en verið hefur á undanförnum árum. Og þess vegna er það skoðun mín, að það sé fásinna að ákveða á fjárl. þessa árs stórkostlegar fjárveitingar til verklegra framkvæmda, þegar svo þar við bætist, að það er ekki sjáanlegt af öllum ástæðum, að fjöldi af þeim framkvæmdum geti orðið unninn á árinu sakir þess, að efni, sem þarf til þeirra, mun ekki vera fá-

anlegt. Hins vegar má segja, að það gerir ekki mikið til, þó að framlög til verklegra framkvæmda standi í fjárl., því að ef ekki verði hægt að framkvæma þær á yfirstandandi ári, þá kemur ekki til þess, að peningunum verði varið í það.

Hv. frsm. fjvn. tók til orða eitthvað á þá leið, að hann teldi réttara að ráðast í miklar framkvæmdir á þessu ári heldur en — ja, mér skildist helzt, að það vekti fyrir honum, að ef ekki yrði varið stórfé til verklegra framkvæmda á þessu ári, þá færi þetta fé forgörðum, þannig að þegar til ætti að taka síðar, þá yrði handraðinn tómur og ekki hægt að leggja í svipaðar framkvæmdir á næsta ári. Ég skil satt að segja ekki, hvað fyrir honum vakir. Ég held, að ef peningar koma á annað borð til ríkissjóðs, þannig að möguleikar yrðu til þess að inna þessar framkvæmdir af hendi, þá hlyti fé að safnast fyrir í ríkissjóði, ef framkvæmdirnar yrðu ekki inntar af hendi. (PZ: Það er eftir því, hvaða stjórn er). Ég gerði grein fyrir, að í höndum fyrrv. ríkisstj. hafi það farið þannig, að það safnaðist í sjóð hjá henni yfir 30 millj. kr. Öðru máli gegnir, ef þessi hv. þm. (PZ) fengi nokkru að ráða um að stjórna málum landsins, þá yrðu einhver ráð með að eyða fénu í hans höndum.

Ég legg ekki ákaflega mikið upp úr því í sjálfu sér, hvernig hv. fjvn. og þá hæstv. Alþ. afgreiðir fjárl. að þessu leyti, því að það er ákaflega mikið af þessum framkvæmdum, eins og ég hef sagt, sem er ekki fyrirsjáanlegt að hægt sé að koma í verk vegna utan að komandi áhrifa, og þá skiptir það sem sagt ekki máli. Í öðru lagi, ef tekjurnar ekki hrökkva fyrir gjöldum, — það er hvort tveggja til um það, það skal ég játa, því að það er rennt nokkuð blint í sjóinn með það, hve miklar tekjur ríkissjóðs verða á þessu ári; þær geta farið fram úr því, sem gert er ráð fyrir í frv., en það getur líka farið svo, að þær geri það ekki, — ef þannig fer, að tekjurnar komi ekki inn það miklar, að þær hrökkvi fyrir útgjöldum, er þersýnilegt, að fyrir ríkissjóðinn er ekkert annað að gera en að láta vera að framkvæma svo eða svo mikið af því, sem fjárl. gera ráð fyrir. Þetta er auðsær hlutur.

Annars út af því, sem hv. frsm. fjvn. sagði um tóman ríkissjóð, tel ég rétt, að nokkuð sé vikið að því, að það er Alþ. sjálft, sem gert hefur ráðstafanir til að verðbæta landbúnaðarafurðir með fjárfúlgu, sem reiknað hefur verið út, að næmi 24—25 millj. kr. Þetta er nú tölulegur útreikningur, sem ég er engan veginn sannfærður um, að standist, þannig, að ríkissjóði komi til með að þurfa að blæða svo vegna þeirra ráðstafana. Mjög mikið af þessari fúlgu er þannig til komið, að gert er ráð fyrir stórkostlegum verðuppbótum á ull. Ég geri ráð fyrir, að ef nú væri boðin út öll ull, sem safnazt hefur fyrir í landinu, mundi vera hægt að selja hana fyrir töluvert meira en gert er ráð fyrir, að verðið á henni sé, þegar uppbæturnar, sem ríkissjóður verði að greiða, eru reiknaðar þetta háar. Og ef ríkissjóður kaupir ullina og býður með það til styrjaldarloka að selja hana, þá hygg ég, — því að það var reynslan frá því í lok fyrra stríðsins, sem maður hefur að byggja á um þetta efni, — að gera megi ráð fyrir, að selja megi ullina þá fyrir svo miklu hærra verð heldur en nú er boðið í hana, að það muni koma allverulegur frádráttur á þessum 24 millj. kr., sem reiknað hefur verið til, að ríkissjóður yrði að greiða í þessu skyni.

Hins vegar skal ég lýsa þeirri skoðun minni á þeim uppbótum, að ég tel, að ekki sé rétt, eins og nú er ástatt, að þessar verðuppbætur verði borgaðar út þannig, að í reiðufé sé. Það er um það að segja, að það mundi vinna mjög öfluglega móti þeim ráðstöfunum, sem nú er ráðgert að framkvæma til þess að vinna bug á verðbólgunni. Hvað mundi verða um þetta fé, þessar 24—25 millj., ef þær yrðu greiddar í verðuppbætur í reiðufé til svo og svo margra aðila í landinu? Þær mundu óhjákvæmilega verða til þess að hækka verð. Þetta fé færi að meira eða minna leyti í spákaupmennsku og yrði til þess að hækka verðlag, bæði á kvikfénaði og öðrum eignum í landinu, svo sem fasteignum. Því að þeir, sem fengju þetta fé til ráðstöfunar, mundu ekki vilja láta það liggja hjá sér arðlaust. Og í þessu sambandi ber að gæta þess, að meiri hluti af því fé færi einmitt til framleiðenda, sem hafa mikið umleikis, og mest til þeirra, sem mest hafa, þannig að það kæmi í allstórum fúlgum til einstaklinga, sem svo að sjálfsögðu mundu reyna að nota það til að afla sér meira fjár með aðstoð þess. Þegar við erum að tala um það, að rétt sé og sjálfsagt að binda jafnvel tekjur einstaklinga af vinnu þeirra með skyldusparnaði eða stórum sköttum, þá skilst mér, að ekkert vit sé í því að sleppa slíkri fjárfúlgu sem þessari inn í verðbólguna og láta hana alveg leika lausum hala. Ég teldi réttast, ef til greiðslu kemur á þessu, sem að sjálfsögðu gerir, þá yrði þetta greitt með skuldabréfum, sem innleystust svo síðar, eftir því sem hentast þætti. Og þá hefði ríkissjóður til ráðstöfunar upp úr stríðinu mikið af því fé, sem nú er í ríkissjóði, til að standa straum af þeim framkvæmdum, sem ráðast þyrfti í vegna atvinnukreppu, sem búast má vissulega við, þegar stríðinu lýkur.

Hins vegar er það, að ef yfirstandandi ár verður svo gott tekjuár, sem mér skilst, að fjvn. eða a. m. k. nokkur hluti hennar og sjálfsagt meiri hl. geri ráð fyrir, þá verða tekjur ríkissjóðs það miklar á þessu ári, að þó að ekkert sé lagt í framkvæmdir nú á þessu ári, þá getur það komið að gagni síðar, og því meira gagni sem á þessu ári kynni að verða hægt að vinna á móti verðbólgunni og hækka peningana í verði.

Ég veik því til hv. fjvn. hér í dag, hvort hún vildi ekki taka aftur til 3. umr. nokkuð af þeim till., sem hún hefur borið hér fram og mér skilst, að sé mjög svipað ástatt um eins og þær till., sem hún hefur gert ráð fyrir að koma fram með við 3. umr. Ég hef litlar undirtektir fengið undir þetta. Og reyndar get ég látið mér það í léttu rúmi liggja. En ég átti þar við t. d. 19. brtt. n., þar sem n. gerir ráð fyrir, að tvöfaldað verði framlagið til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli, og einnig 20. brtt., sem er algert nýmæli í fjárl.

32. brtt. er um hækkun á framlagi til áhaldakaupa til vitamálanna. Ég skil nú ekki heldur í þeim lið.

Það er þá líka 47. brtt. fjvn., liðurinn, þar sem

gert er ráð fyrir að hækka framlög til byggingar barnaskóla utan kaupstaða um 90 þús. kr., og 53. brtt., um 70 þús. kr. framlag til byggingar gagnfræðaskóla. Um þessar greinar allar er það sameiginlegt, að ég tel, eins og nú er, litlar líkur til þess, að þetta verði framkvæmt.

Þá er 57. till., þar sem lagt er til að hækka framlag til íþróttasjóðs úr 125 þús. kr. í 300 þús. kr., aðallega í því skyni, að byggðar verði sundlaugar víðs vegar um land. Ég satt að segja geri varla ráð fyrir, að til þess geti komið, að slíkar framkvæmdir verði hægt að ráðast í, að svo miklu leyti sem þar er um nýjar framkvæmdir að ræða. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að ég tók svo eftir, að hv. frsm. n. gerði þannig grein fyrir þessu, að það væri nú ekki aðeins þessar 300 þús. kr., sem gert væri ráð fyrir að greiða í íþróttasjóð, heldur mundi líka eiga að endurgreiða sjóðnum 50 þús. kr., sem hann hefði lagt fram sem lán til sundlaugarbyggingar á Eiðum á síðasta ári. Nú vil ég minna þá, sem áttu sæti í fjvn. á síðasta þingi, á það, að ég skildi það þannig, að það væri um það samið milli fjvn. og ríkisstj., að ef greidd yrði verðlagsuppbót á framlagið til íþróttasjóðs, þá ætti það að ganga til þessarar sundlaugarbyggingar á Eiðum, án þess að hægt væri að endurkrefja það. Hitt er mér ókunnugt, hvort úr íþróttasjóði hefur verið greidd enn hærri upphæð en þessari verðlagsuppót á styrkinn svarar og það sé það lán, sem þarna er gert ráð fyrir að endurgreitt verði. En ef svo er, að þessar 50 þús. kr., þetta lán, sem þarna er gert ráð fyrir að endurgreiða, er verðlagsuppbótin, sem mér er kunnugt um, að íþróttasjóði var gert mögulegt með að veita fé til þessarar sundlaugarbyggingar, þá hafði ég skilið það þannig, að það fé ætti ekki að koma til endurgreiðslu.

Ég verð að segja það um 82. brtt., þar sem gert er ráð fyrir að hækka jarðabótastyrkinn úr 300 þús. kr. í 500 þús. kr., að frá Búnaðarfélagi Íslands hafði ráðunautinu ekki borizt nein aðvörun um það, að það þyrfti að hækka þessa fjárveitingu vegna jarðræktarframkvæmda, sem unnar hefðu verið á s. l. ári. Ég heyrði, að hv. frsm. fjvn. sagði í sínum upplýsingum í fyrri framsögunni á þá leið, að jarðabætur hefðu verið unnar svo miklar á árinu, að þetta væri óhjákvæmilegt. Og þetta er þá ein sönnun þess, hve erfitt er að fá upplýsingar frá þeim ríkisstofnunum, sem eiga að láta ráðunautinu í té áætlanir um gjöld sín. Það skiptir um þennan lið ákaflega litlu máli, hvaða upphæð þar er sett, vegna þess að það er hrein áætlunarupphæð, og mega þá eins standa 500 þús. kr. eins og 300 þús. kr. En það kemur mér sem sagt alveg á óvart, að slíkrar hækkunar þurfi með.

Sama er að segja um 83. brtt., að þar er lagt til, að tvöfölduð verði upphæðin til búfjárræktarstarfsemi. Þetta kemur mér alveg á óvart líka. Það hafði engin aðvörun komið um það frá Búnaðarfélagi Íslands, að þá fjárveitingu þyrfti að hækka.

Framlagið til skógræktarstarfsemi var hækkað verulega í fjárlfrv. frá því, sem áður var. Ég sé á 86. brtt. fjvn., að n. vill gera enn betur og auka það frá því, sem er í frv.

Ég teldi rétt, að þetta yrði allt látið bíða til 3. umr., þannig að hv. alþm. ættu þess kost að yfirvega það, hvað þeir teldu, þegar þær till. koma frá hv. n. aftur, réttast að leggja í og hvað ráðlegt væri að láta sitja á hakanum.

Ég býst ekkert frekar við því, að hv. fjvn. vilji fara að þessum till., en ég hygg nú samt, að það væri skynsamlegast, þótt ekki væri vegna annars en þess, að ef hv. fjvn. gengi á undan með góðu eftirdæmi, þá mundi vera léttara fyrir aðra, sem flutt hafa brtt. við þessa umr., að fresta þeim til 3. umr. En n. þyrfti ekki að vera svo sérstaklega hrædd um, að hennar till. næðu síður fram að ganga fyrir það, ef hún annars er þeirrar skoðunar, að þær séu fullkomlega á rökum reistar.

Jón Pálmason: Ég ætla ekki að blanda mér að neinu leyti í þá leiðinlegu deilu, sem hér hefur orðið milli einstakra manna úr hv. fjvn. Og ég ætla ekki heldur að ræða sérstaklega almennt um afgreiðslu fjárl., jafnvel þó að ýmislegt, sem hér hefur verið sagt, gæfi tilefni til þess að fara um það nokkrum orðum.

En ég kvaddi mér hljóðs aðeins til þess að mæla fyrir tveimur litlum brtt., sem ég hef flutt við þá þætti fjárlfrv., sem fjvn. hefur skilað brtt. við.

Eins og þegar er kunnugt, hefur hv. fjvn. ekki skilað neinum verulegum brtt. við þá gr. fjárl., sem snýr að hagsmunum hinna einstöku héraða, varðandi verklegar framkvæmdir, sem sé 13. gr., og við hana flyt ég þess vegna ekki neinar brtt. En það eru hér tvö atriði, varðandi 16. og 17. gr., sem snerta mitt hérað, sem ég flyt hér brtt. um, og hafði reyndar borið fram óskir um það við hv. fjvn. Fyrri brtt. er við brtt. hv. fjvn. á þskj. 269, 87. lið, og er í brtt. minni farið fram á, að við þennan 87. lið bætist nýr liður: „til landþurrkunar í Þingi í Húnavatnssýslu, 20 þús. kr.“ Þetta land, sem þarna er um að ræða, er áveitusvæði, nokkuð á fimmta hundrað hektarar, sem veitt hefur verið á nokkuð mörg ár og er véltækt, en svo vott, að ekki er í votviðrum hægt að heyja nema lítinn hluta þess, og þess vegna er ákaflega mikil nauðsyn á að fá það framræst. Síðast var veitt til þessa verks 4500 kr., en það fé hefur ekki verið notað, af því að skurðgrafa fékkst ekki þangað. Nú hafa verið gerðar áætlanir um þetta verk, og ef styrkur fæst, stendur ekki annað í vegi fyrir framkvæmdum en það, ef skurðgröfur fást ekki fluttar til landsins. Ég vænti þess vegna, að hv. þm. taki þessari till. með velvilja. En ef svo væri, að hv. fjvn. óskaði eftir að fá að taka till. til frekari athugunar til 3. umr., mundi ég geyma hana þangað til, ef óskir koma fram um það.

Svo er önnur smábrtt. við 17. gr., sem er ekki um nema einar 300 kr. og er alveg í samræmi við þá liði, sem veittir eru á þeirri gr. til sjúkrasjóða. En þetta er till. um framlag til sjúkrasjóðs Engihlíðarhrepps. Vænti ég, að hv. þm. geti samþykkt þessa smávægilegu brtt., því að annaðhvort verður að taka þá sjúkrasjóði, sem þarna eru á 17. gr., út úr fjárl., eða þá að það verður að vera samræmi í þessum veitingum. Og þá er eðlilegt og sjálfsagt, að þeir sjóðir, sem eru

hliðstæðir, njóti sömu réttinda, hvað þetta snertir.

Ég læt bíða til 3. umr. að koma með brtt. við fjárl. í heild, en mun við atkvgr. sýna afstöðu mína, sem nú er, að ég er á móti ýmsum brtt., sem hér liggja fyrir, ekki aðeins þeim, sem komið hafa fram frá einstökum hv. þm., heldur og nokkrum þeim, sem hv. fjvn. hefur flutt og mér virðist vera óþarflega langt gengið í fjárkröfum með.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Á þskj. 312 eru nokkrar brtt., sem ég er meðflm. að, og því ber mér að fara um þær örfáum orðum.

Ég er að vísu ekki flm. að IV. lið brtt. á þskj. 312, en ég hef þó ekki síður áhuga fyrir, að hún nái fram að ganga. Hún er flutt af hv. 2. landsk. þm. (ÞG) og er um aukið framlag til vegar á Öxnadalsheiði, — um að það verði aukið úr 80 þús. kr. í 180 þús. kr. — Það er að vísu á öðrum lið fjárl. ákveðið einnig annað framlag til þessa vegar, þannig að ef samþ. yrði þessi brtt., sem hér liggur fyrir, þá mundi verða veitt til þessarar vegagerðar 360 þús. kr. En samt mundi vera langt frá því, að það nægði til þess að ljúka að fullu vegargerð á þessum kafla, úr Öxnadal h. u. b. miðjum, þar sem vegurinn er kominn, og til Silfrastaða, yfir Öxnadalinn, það sem eftir er af honum, og Öxnadalsheiði og Norðurárdal. En þó að þetta framlag mundi ekki nægja til þess að fullgera þennan veg, býst ég við, að þetta nægði til þess að ljúka þeim kafla vegarins, að svo miklu leyti sem óhjákvæmilegt er að gera við veginn, til þess að vegurinn verði fær að vetrinum, a. m. k. flesta tíma, þegar ekki eru mikil snjóþyngsli. En ég held, að það geti varla verið ágreiningur um það, að þessi leið, sem er ein af aðalsamgönguleiðum landsins, milli höfuðstaðarins og Akureyrar, höfuðstaðar Norðurlands, og þá um leið samgönguleið til að tengja þar við þær fjölbyggðu sveitir, sem eru umhverfis Akureyri, og svo leiðina áfram austur um land — það getur varla verið ágreiningur um, að nauðsyn sé á, að á þessum vegum sé ekki aðeins hægt að klöngrast að sumrinu, heldur beri að stefna að því, að sem allra fyrst verði hægt að komast þessa leið á bílum einnig að vetrinum, þó að snjóþungt væri. En allir, sem til þekkja, vita, að á mestöllum þessum kafla, sem ég greindi, er svo að segja enginn vegur. Þannig er um framhluta Öxnadalsins; á þeim kafla eru niðurgrafnir skorningar, sem bílar komast, þegar snjólaust er, en þegar snjóar, er þar ófært, eins og það er, en ef búið væri að leggja veg þar, mundu bílar komast þar um, þótt snjóar væru. Það er t. d. augljóst, ef þetta er borið saman við Holtavörðuheiði, sem var gersamlega ófær bílum flesta vetur eða mikinn hluta þeirra, áður en nýi vegurinn var lagður yfir hana, en nú, eftir að vegurinn hefur verið lagður þar, er hún fær bílum oftast nær. Og þegar ég kom suður í vetur, var Holtavörðuheiði vel fær, þó að á henni væri meiri snjór heldur en á Öxnadalsheiði, þó að sá hluti vegarins væri ekki fær bílum. Það liggur sem sagt nokkurn veginn í augum uppi, að þessi leið mundi vera fær í flestum vetrum, a. m. k. meginhluta vetrarins, ef veginum yfir hana væri komið í það horf, sem nauðsynlegt er, ef upphleyptur vegur kæmi yfir hana í stað niðurgrafinna skorninga, sem strax fyllast af fönn, þegar nokkuð snjóar. Og ég held, að sú fjárveiting, sem hér er um að ræða, ef þessi brtt. yrði samþ., mundi hrökkva til þess að gera upphleyptan veg á þessum fremri hluta Öxnadals og að lagfæra það, sem nauðsynlegast væri á Öxnadalsheiði. Ég mæli þess vegna með þessari fjárveitingu, þó að ég sé ekki flm. þessarar brtt.

Þá er hér VIII. brtt. á þskj. 312, um, að aukið verði framlag til malbikunar á vegum í kaupstöðum úr 40 þús. kr. upp í 100 þús. kr. Oft hefur þessarar malbikunar verið þörf fyrr, en nú er nauðsyn á að veita ríflega til hennar, því að nú á síðustu árum hefur umferð um vegi vaxið mjög mikið, og þó alveg sérstaklega um þessa vegi í kaupstöðunum. Og mér er sérstaklega kunnugt um það á Akureyri, að vegna setuliðsins og flutninga þeirra, sem það hefur haft, hefur veitzt torvelt að halda við þeim götum bæjanna, sem mest umferð hefur verið um, og það svo, að það er orðinn almanna rómur, meðal bílstjóra t. d. á Akureyri, að götur Akureyrar séu verstu vegirnir, sem þeir þurfi að aka um. Og það er augljóst, að götum þessum verður ekki haldið við með sömu aðferðum, sem að mestu leyti hafa verið hafðar um slíkt viðhald undanfarið. Og þær verða ekki gerðar sæmilega umferðarhæfar fyrir gangandi fólk og ökutæki, nema gert sé meira að því en gert hefur verið undanfarið að malbika eða steypa götur. Nú er það svo, að kaupstaðir og aðrir verzlunarstaðir, sem þetta varðar sérstaklega, hafa nokkuð takmarkaða möguleika til fjáröflunar, og þess vegna verða minni heldur en æskilegt væri þær verklegu framkvæmdir, sem þarf til þess að bæta úr þessu, af hendi viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga sjálfra, og hefur sýnt sig, og er enda þegar viðurkennt, að nauðsyn er að bæta úr þessu með því að veita nokkurt fé í þessu skyni úr ríkissjóði. En 40 þús. kr. er lítið fé til slíkra hluta, þegar litið er á það, hversu dýrt er nú að steypa eða malbika götur, og þó að samsvarandi framlög komi á móti frá viðkomandi stöðum. Þess vegna er nauðsynlegt að hækka þetta framlag ríkissjóðs, og við höfum lagt til, að það verði hækkað í 100 þús. kr. Með samsvarandi framlagi frá viðkomandi bæjar- og hreppsfélögum mundi vera meira hægt að gera með þessu heldur en ella, og væri nokkur bót að fá framlagið hækkað um það, sem hér er farið fram á.

Þá er hér á sama þskj. till. nr. XVII, um það, að hækkað verði nokkuð það, sem kallað er aukastyrkur til nokkurra bókasafna á landinu. Till. er um það, að styrkir til þessara bókasafna tvöfaldist, miðað við það, sem lagt er til í fjárlagafrv. Þessi bókasöfn eru í kaupstöðum, ég held öll utan Rvíkur nema Iðnbókasafnið í Rvík. Þessar upphæðir í fjárlagafrv. eru allar lágar; hæst er 2500 kr., sem mundi eftir brtt. okkar verða 5 þús. kr., en lægst er í frv. 800 kr. tillag til eins af þessum bókasöfnum, sem mundi þá verða 1600 kr. Hér er því ekki um neinar geysifjárupphæðir að ræða, ekki nein mjög aukin útgjöld fyrir ríkissjóðinn. En að hinu leytinu mundi

þó, ef hækkanir þessar væru samþ., þessum bókasöfnum verða gert auðveldara að afla sér nokkurra af þeim bókum, sem á bókamarkaðinum eru, og til þess þannig að ná því takmarki, sem starfsemi bókasafna miðar að, að geta miðlað alþýðu manna, sem sjálf hefur ekki ráð á að kaupa þessar bækur, bókunum samt sem áður til lestrar. Það liggur í augum uppi, að bókasöfnum er miklu torveldara að eignast þær bækur, sem nú eru á boðstólum, heldur en áður hefur verið, ef þau hafa ekki yfir meira fé að ráða en áður, þar sem bækur hafa margfaldazt í verði á síðustu árum. Hins vegar held ég, að styrkur til þessara safna sé óbreyttur frá því, sem áður hefur verið. En ef hann er látinn standa óbreyttur í fjárlagafrv., þá þýðir það það, að söfnin mundu ekki geta keypt nema miklu minna af bókum heldur en áður var. Ég vænti því, að hv. þm. fallist á nauðsyn þessara breyt. á framlögunum til bókasafnanna.

Þá er loks hér á sama þskj. undir XXIV. lið brtt., sem ég er líka meðflm. að ásamt hv. 5. þm. Reykv. (BrB) og hv. 8. þm. Reykv. (SigfS), um stóraukið framlag til alþýðutrygginganna. Hefur þegar verið gerð grein fyrir því, að þessi till. um aukið framlag til trygginganna er hugsuð þannig, að ef síðar á árinu, eins og rætt hefur verið um og hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún mundi vilja, verður látin fara fram endurskoðun á alþýðutryggingal. og ef síðar á árinu yrðu gerðar samþykktir, sem hefðu í för með sér aukin útgjöld vegna alþýðutrygginganna, að þá séu möguleikar til þess að hafa fé fyrir hendi, ef á þann hátt yrði bætt úr ákaflega brýnni þörf, sérstaklega gamalmenna, sem eftir alþýðutryggingal. hafa farið algerlega á mis við allan þann stríðsgróða, sem oltið hefur yfir þjóðina á síðustu árum. Gamalmennin hafa ekki átt þess kost eins og aðrir á þessum tímum að bæta lífskjör sín.

Mér finnst ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þessar till. og ætla ekki heldur, þótt ástæða væri raunar til, að ræða nánar en gert hefur verið um aðrar till. á þessu þskj., en er þeim fylgjandi, enda eru þær flestar fluttar af samflokksmönnum mínum, og þeir hafa gert grein fyrir þeim.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Ég ætla að fara nokkrum orðum um brtt., sem ég á hér á 312. þskj. Fyrst er XVIII. brtt. á þessu þskj., um styrk til Leikfélags Reykjavíkur. Við flm. þessarar till. leggjum til, að styrkurinn sé hækkaður úr 12000 kr. í 20000 kr. Í sambandi við þessa brtt. er það að segja, að allir eru sammála um það, að leikstarfsemi er hið mesta menningarmál. Leikfélag Rvíkur hefur nú að vísu fengið nokkurn ríkisstyrk undanfarin ár, en svo undarlega bregður við, að félagið er venjulega í skuld við ríkissjóð í hvert sinn, er það fær styrkinn. Skemmtanaskattur sá, sem lagður er á félagið, er venjulega hærri en styrkurinn, sem það fær, og hefur styrkurinn þess vegna alltaf verið hækkaður til að mæta því. Mér þykir undarlegt, ef menn eru sammála um, að þetta sé að styrkja þá menningarstarfsemi, sem leikfélagið hefur rekið af þrautseigju og dugnaði.

Þá er önnur smátill., sem ég á, XXV. brtt. á sama þskj., um nokkra hækkun á framlagi til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Rvík. Til þessa er í frv. gert ráð fyrir 4000 kr., eins og mun hafa verið að undanförnu, og mun sú upphæð hafa verið miðuð við það, að í þessum félögum væru um 4000 menn. En nú eru þeir líklega orðnir 8000 eða 9000. S. l. ár munu hafa verið veittar úr sjóðnum 6000 kr. til 60 eða 70 manna, og mun flestum þykja það lítið nú á tímum, sem fellur í hlut hvers eins, þegar ekki stærri upphæð er skipt milli svo margra. Ég fer fram á, að upphæðin sé hækkuð í 8000 kr.

Þá á ég ásamt tveim öðrum hv. þm. XXIII. brtt. á sama þskj. Hún er um það, að liðurinn „Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, 200 þús. kr.“ orðist svo: „Til verklegra framkvæmda í atvinnuaukningarskyni, í samráði við bæjar- og sveitarstjórnir, 1500000 kr.“ Um þetta er það að segja, að síðustu árin hefur að vísu ekki verið þörf á atvinnubótastyrk, og er öllum kunnugt um orsökina til þess. Hún er ekki sú, að atvinnuvegir þjóðarinnar hafi fært mönnum vinnu, heldur hin, að útlendur her hefur setzt hér að og nytjað það vinnuafl, sem svikizt hafði verið um að nytja þangað til. Og nú, þegar setuliðið er farið að fækka mjög íslenzkum mönnum í þjónustu sinni, hafa atvinnuvegir þjóðarinnar ekkert verkefni handa þeim, sem þaðan losna. Fyrrverandi ríkisstj. gekkst beinlínis fyrir því, að setuliðið fækkaði verkamönnum í þjónustu sinni, og bar því við, að þjóðarbúið þyrfti á auknu vinnuafli að halda. En þegar herliðið tekur þetta til greina, kemur í ljós, að þjóðarbúið hefur alls ekkert að gera við þann vinnukraft, sem þannig losnar. Síðan í haust hefur dæmum þess farið fjölgandi, að menn færu niður að höfn að morgni dags og heim aftur án þess að hafa fengið nokkuð að gera. Með þeirri dýrtíð, sem nú er, getur enginn verkamaður staðizt það til lengdar að ganga atvinnulaus marga daga í viku. Við erum sannfærðir um, að hér tekur við sama ástand og áður var, ef ekki verður við því gert í tíma. Undirstaða að öllum styrkjum og framkvæmdum, sem hér er verið að ákveða, er sú, að vinnuorka þjóðarinnar sé nytjuð, en atvinnurekendur landsins hafa ekki reynzt færir um það, eins og í ljós kom árin fyrir stríðið. Þessi till. okkar um hálfrar annarrar millj. framlag er borin fram vegna þess, að vel getur komið fyrir, að atvinnuleysi verði tilfinnanlegt þegar á næsta ári, nema eitthvað sé gert til atvinnuaukningar. Ef efni vantar t. d. í vegi, brýr og slíkt, þá verður ekki hægt að nytja þann vinnukraft, sem fyrir hendi er, og lendir það þá á bæjar- og sveitarfélögunum að sjá þeim mönnum, sem atvinnulausir verða, fyrir einhverjum störfum. Þess vegna þarf að gera ráðstafanir til tryggingar því, að það komi ekki fyrir aftur, að menn eigi við skort að búa hér á landi, þó að eitthvað harðni í ári. Þegar setuliðsvinnan leggst niður, verður allt að vera undir það búið, að hægt sé að skipuleggja þjóðarbúið að nýju. Til okkar koma daglega menn, sem segja, að þeim hafi verið sagt upp vinnu hjá setuliðinu vegna samninga við stjórnarvöldin, enda þótt setuliðið hafi oft þurft á vinnukrafti þeirra að halda. Ég tel það ekki vit-

urlegan búskap að vinna að því að setuliðið hætti framkvæmdum þeim, sem það hefur hér á hendi, þegar sýnt er, að þjóðarbúið hefur ekkert að gera með þann vinnukraft, sem við þær framkvæmdir var bundinn.

Að öllu þessu athuguðu verður ekki deilt um nauðsyn þessarar till. okkar. Hins vegar dylst mér ekki, að þessi upphæð mundi hrökkva skammt til að vega upp á móti því, ef setuliðsvinnan hyrfi alveg. En það verður fróðlegt að sjá, hvort á hv. Alþ. er skilningur ríkjandi á nauðsyn þess að skipuleggja þjóðarbúskapinn þannig, að við getum verið við því búnir, að svo fari á næstunni.

Ég er hræddur um, að langan tíma þurfi til að koma þessu í rétt horf. Skipulag atvinnuveganna þarf að vera fyrir hendi, og til þess þarf nokkurt fé. En ef ekkert er aðhafzt, er atvinnuleysi og fjárkreppa í vændum, sem fyrst kemur niður á bæjunum, en síðan á ríkinu.

Forseti (GSv): Ég vil biðja hv. þm. að ljá því athygli, að svo var til ætlazt, að hægt yrði að ljúka þessari umr. fjárl. áður en mjög langt yrði liðið nætur. Það er nú svo, að klukkan er þegar orðin tvö, og enn eru þm. á mælendaskrá. En þar sem ég þykist vita, að nokkrir þm. muni vilja kveðja sér hljóðs og hafa ekki enn gefið sig fram, þá vil ég mælast til þess, að ég fái nöfn þessara manna á mælendaskrá, til þess að auðið sé að fara nærri um það, hvort hægt sé að ljúka umr., svo að vel sé, á þessari nóttu. Auk þess ber að líta á það og taka tillit til þess, að þingfundir eru verr sóttir að næturþeli en um háhjartan daginn, þó að hins vegar forsetar megi stundum horfa á auða bekkina jafnvel þann hluta sólarhringsins. Ég vil þá enn óska eftir því, að þeir hv. þm., er hafa í hyggju að taka til máls við þessa umr., geri svo vel að gefa sig fram. (Allmargir þm. gefa sig fram við forseta). Ég hef þá skráð hjá mér þá, er hafa kvatt sér hljóðs, og eru það of margir þm., sem komnir eru á mælendaskrá, til þess að hægt sé að ljúka umr. á þessari nóttu, eins og hv. þm. geta sjálfir séð. Verður því horfið að því ráði að halda ekki umr. áfram að þessu sinni miklu meira en orðið er. En ég vil beina því til þeirra hv. þm., er hafa óskað að taka til máls, að umr. þarf að vera lokið á morgun og atkvgr. þá fram að fara. Ég vildi rétt geta þessa, til þess að hv. þm. gætu séð, að þörf er á því, að þeir tali í sem styztu máli, enda ætti svo að geta orðið, þar sem ég sé, að á mælendaskrá eru flestir, sem áður hafa við þessa umr. tekið til máls og lýst brtt. sínum. Gef ég þá hv. frsm. orðið.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég get verið stuttorður. Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að rétt væri að taka brtt., sem fram eru komnar frá fjvn., til athugunar og afgreiðslu við 3. umr. þessa máls. Ég hef áður lýst því, að nóg væri af brtt., sem lagðar yrðu fram við 3. umr. Tel ég það vera langeðlilegast, að þessar brtt. verði afgr. til n. við þessa umr.

Ég tel ekki ástæðu til þess nú að fara út í einstakar till., vegna þess að ég gerði það í framsöguræðu minni í upphafi þessarar umr.

Þá var það ræða hv. 3. þm. Reykv., sem ástæða væri til að gera að umtalsefni. Hann kemur hér og segir okkur, að í sjóði séu 32 millj. kr., en svo kemur hæstv. núverandi fjmrh. og segir, að þar séu ekki 32 millj., heldur 26. M. ö. o. eiga einhvers staðar að hafa legið 6 millj. kr. hjá einstökum ríkisstofnunum. En af þessum 26 millj. kr., er hv. þm. taldi í sjóði, lýsti hann yfir, að 24—25 millj. kr. væri þegar ráðstafað. Nú verð ég að segja það, að mér finnst það ákaflega einkennilegt að vera að telja í sjóði það fé, sem ráðstafað er til greiðslu næstu daga. Ég hélt, að það ætti að gilda sú sama regla hjá ríkinu sem öðrum stofnunum að telja fram bæði eignir og skuldir, eins og það hvort tveggja liggur fyrir í það og það skiptið. Mig langar til í þessu sambandi að minna hv. 3. þm. Reykv. á, að stærsti útgjaldaliðurinn af tekjuafganginum var samþ. með þál., sem var samþ. eftir meðmælum ríkisstj. þeirrar, er hann átti sæti í. Og svo var ákafinn mikill í að fá þessa þál. samþykkta, að þáverandi forsrh. bað um, að till. yrði ekki vísað til n., til þess að hún gæti fengið sem skjótasta afgreiðslu. En þessi till. hefur nú bakað ríkissjóði um 20 millj. kr. útgjöld. Og á þessu lá svo mikið, að málið mátti ekki fá formlega afgreiðslu í nefnd.

Um leið og þál. þessi var afgr., lýsti þáverandi forsrh. yfir því, að hann mundi láta till. koma til framkvæmda og greiða fé úr ríkissjóði eftir fyrirmælum till. Verður að álíta það eftir þessa yfirlýsingu, að hún feli í sér skuldbindingu fyrir ríkissjóð á þessari greiðslu. En nú kemur hv. 3. þm. Reykv. og segir, að það sé ekki rétt að borga verðuppbæturnar í reiðu fé, en hvernig hljóðar það við yfirlýsingu fyrrv. forsrh.? Hefur hún þá verið markleysa ein, eða sér hv. 3. þm. Reykv. eitthvert ráð til þess, að Alþ. og ríkisstj. geti komið sér hjá þessari greiðslu án þess að sóma ríkisins sé misboðið? Þetta er vissulega veigamikið atriði og mikils um vert, að hv. 3. þm. Reykv. geri Alþ. nánari grein fyrir þessu og upplýsi, hvort hægt sé að halda í þetta fé í ríkissjóði án þess þó að bregðast þeim loforðum, sem Alþ. hefur gefið.

Þá var hv. 3. þm. Reykv. að láta alldrýgindalega yfir ullinni. Hann var að tala um, að réttast væri fyrir ríkið að geyma ullina þar til eftir stríð og selja hana þá á háu verði. Hann vildi láta líta svo út, að hér væri um einhvern búhnykk að ræða fyrir ríkissjóð. Ég veit nú ekki, hvað á að segja um þessa bjartsýni hv. 3. þm. Reykv. Mér er kunnugt um það, að hægt er að selja ullina til Ameríku, en ef hv. 3. þm. Reykv. sér einhvern nýjan markað fyrir ullina, þá bið ég hann að gera svo vel að upplýsa Alþ. um það. Mér er nú næst að halda, að þetta tal hv. 3. þm. Reykv. sé sprottið af einhverjum draumsýnum hans hér í kvöld og það sé ekki hægt að draga á land neitt af þeim verðuppbætum, sem að ófyrirsynju hefur verið lofað, eða þá að hann sé hér að reyna að leiða athyglina frá því, hvernig hann hefur skilað af sér ríkissjóðnum, þannig að ekkert verður eftir af brúttótekjum ársins 1942, sem er mesta tekjuár, er yfir okkur hefur komið. Á þessu ári voru tollar og skattar o. fl. áætlað 22 millj. kr., en verða 86 millj. M. ö. o.,

fjórfaldað á við áætlunina. Af öllu þessu peningaflóði er svo ekki annað eftir en lítill sjóður fram yfir skuldbindingar ríkissjóðs. Þetta er nú það, sem eftir þennan fyrrverandi fjmrh. liggur og fylgir honum út úr ráðhembættinu, og honum finnst þetta auðvitað gott og blessað. Það má segja, að hér á það vel við, að litlu verður Vöggur feginn.

Mér skildist helzt á hv. 3. þm. Reykv., að eina ráðið við verðbólgunni væri atvinnuleysi. Það ætti því ekki að leggja í framkvæmdir, heldur reyna að koma á atvinnuleysi hjá verkamönnum og torvelda aðstæður bænda. Þetta er auðvitað svo mikil fjarstæða, að ekki er hægt að eyða orðum að því.

Eins og nú er málum komið, er um tvennt að velja við afgreiðslu fjárl. Annaðhvort er að afgr. fjárl. eins og gert var með fjárl. '42, að áætla ekki nema hluta af tekjum ársins og láta ríkisstj. hafa frjálsar hendur með að valsa með það, sem fram yfir er, eins og henni þóknast. Hin leiðin er sú, að áætla tekjurnar eins nærri sanni og komizt verður á þessum brjáluðu tímum, eins og einn merkur Íslendingur hefur svo sniðuglega komizt að orði, og láta ríkisstj. ekki hafa meira fé til frjálsra umráða en góðu hófi gegnir. Ég aðhyllist þessa síðari stefnu, og ég er sannfærður um, að hún er sú leið, sem við eigum að fara. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að sú stefna verði ekki ofan á.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 2. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 268, 269, 303, 312, 320).

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ég get verið mjög stuttorður. Mér þótti hv. 5. landsk. (BG) vera ærið viðkvæmur fyrir Menntamálaráði. Honum þótti hart, að talað skyldi um, að brotin hefðu verið lög á listamönnum með því að fella þá niður af 18. gr. fjárl. árið 1939. Það hefði vissulega verið réttara að orða það þannig, að það hefðu verið rofin við þá fyrirheit, og það hefur einmitt „agiterað" á móti þessu máli á þeim grundvelli, að Alþ. hefði þarna rofið gefin fyrirheit. Hann varð einnig ókvæða við yfir því, að minnzt skyldi á, að Alþ. hefði afsalað sér réttindum með því að fá Menntamálaráði úthlutun styrkjanna í hendur. Þá bar hann og blak af framkomu Menntamálaráðs í styrkveitingum þess. Það mál hefur nú verið svo mikið rætt, að ég gæti alveg sleppt því hér. Hann taldi og mjög fróðlegt að bera saman brtt. okkar hv. þm. Snæf. (GTh) og hv. þm. N.-Ísf. (SB) um styrkveitingar til listamanna af hálfu Menntamálaráðs, og sagði, að þar væri mjótt á mununum. Það er heldur engin furða, þótt svo sé, þar sem við höfðum til samanburðar skrá yfir þá listamenn, sem voru á 18. gr. fjárl. áður en sá liður var felldur niður af henni, og einnig núverandi styrkveitingar Menntamálaráðs.

Ég skal lýsa því yfir viðvíkjandi brtt. hv. 5. landsk. á þskj. 320, að mér þykir vænt um, að hún skyldi koma fram, og ég mun fylgja henni. Ég er honum sammála um, að það sé leiðinlegt og oft erfitt að gera mun á mönnum. Það yrði þá ef til vill heppilegast að láta jafnt ganga yfir þá alla, sem Alþ. tekur upp á 18. gr. fjárl.

Þá ætla ég að segja nokkur orð viðvíkjandi því, hvort rétt sé að taka aftur réttinn til styrkveitinga frá Menntamálaráði og fá hann Alþ. í hendur. Ég held eindregið, að það verði að gera. Ég skal nú aðeins endurtaka lítið eitt af því, sem hefur verið sagt áður um þetta mál. Þeir, sem komnir voru inn á 18. gr. fjárl., telja með rökum, að þeim hafi þar með verið gefin fyrirheit um að vera styrks aðnjótandi í framtíðinni, en að þau fyrirheit hafi svo verið rofin með því að leggja þennan lið undir Menntamálaráð. Ég held, að það komist ekki sættir á aftur fyrr en þessi liður er kominn inn á 18. gr. fjárl. aftur. Það er hins vegar mjög æskilegt, að friður komist sem fyrst á um þessi mál. Ég fagna því að þurfa ekki að ræða þetta svo mjög, þar sem ég get vísað til samþykktar Listamannaþingsins, en það var einróma áskorun þess, að styrkveitingar til listamanna skyldu teknar upp á 18. gr. fjárl. að nýju. Það er líka annað veigameira atriði í þessu sambandi. Það er mun meiri vegsauki fyrir listamenn, að Alþ. sjálft veiti þeim styrk, og það er betri auglýsing fyrir þá erlendis. Ég tek til dæmis Halldór Kiljan Laxness. Það þótti erlendis til hins mesta sóma fyrir íslenzka ríkið, að Alþ. skyldi hafa veitt honum styrk svo ungum sem hann var. Sama má segja um Gunnar Gunnarsson.

Annars vænti ég, að ég þurfi ekki að ræða þetta frekar. Það er vonandi, að hv. þm. sjái, að það sé réttlátt að draga ekki lengur að gera þessa leiðréttingu, og vænti ég, að þessi deilumál verði leiðrétt nú á þessu þingi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Það hefur verið mikið um það rætt af þm. undanfarið, að allhart og óþyrmilega hafi verið ráðizt að virðingu þingsins nú upp á síðkastið. Það hefur jafnvel verið rætt um það, þótt ekki væri í fullri alvöru, hvort þm. ættu ekki að mynda með sér stéttarfélag og ganga inn í Alþýðusamband Íslands eða eitthvað þess háttar. Hv. 1. þm. Rang. sagði hér í gær, að framkoma okkar sósíalista hér væri aðeins til þess að vekja sundrung og eyðileggja virðingu Alþ. Í því sambandi minntist hann á afgreiðslu þál. um verðuppbætur á landbúnaðarafurðir á síðasta þingi og sagði, að framkoma okkar í því máli væri nokkuð, sem væri geymt, en ekki gleymt. Ég vil því rifja ofurlítið upp afstöðu okkar til þess máls. Þegar þessi þáltill. kom fram, lá engin grg. fyrir um það, hve mikil útgjöld það mundi baka ríkinu, ef hún yrði samþ. Þegar hún var svo tekin fyrir, var rætt um að vísa henni til fjvn., en þá reis hv. þm. Borgf. upp, — en hann á sæti í fjvn., — og taldi þess enga þörf að láta þáltill. ganga til n. Það varð svo endirinn á, að það var samþ. að vísa þessari þáltill. ekki til neinnar n., og það leit jafnvel út fyrir, að hún gengi í gegn án umr. En þá kvaddi sér hljóðs hv. 5. þm. Reykv. (BrB) og lagði til að verðbæta heldur vörur, sem seldar væru á innlendum markaði, og munu margir viðurkenna, að hér hafi verið farið inn á rétta braut. En þó að ýmsir hafi viðurkennt þetta, var þó þessi till. felld með 24:6 atkv. Við

atkvgr. um þáltill. greiddum við sósialistar svo ýmist atkv. gegn málinu eða sátum hjá.

Ég hygg, að nú muni engum blandast hugur um, að betra hefði verið að athuga þessa þáltill. nánar í stað þess að hrapa þannig að afgreiðslu hennar við eina umr. og án þess að athuga hana nokkuð í n., en hún mun nú hafa bakað ríkissjóði um 20—30 millj. kr. útgjöld. Þjóðin mun nú sjálf geta lagt dóm sinn á það, hvort hún telji, að virðing Alþ. hafi aukizt við það að afgreiða þessa þál. við eina umr. og án athugunar í nefnd.

Það mál, sem nú liggur fyrir, er saga, sem endurtekur sig. Það er nú helzt að sjá, að afgreiðsla þessarar þál. eigi að endurtaka sig í afgreiðslu fjárl. Það eru sömu mennirnir, sem afgreiddu þessa þál. svo flausturslega, sem nú standa að því að láta ráðstöfun á 20—30 millj. kr. aðeins ganga í gegnum eina umr.

Hv. 1. þm. Rang. getur haldið því fram, að við þm. sósialista séum að stofna hér til aukins glundroða og rýra virðingu þingsins með því að mótmæla þessum vinnubrögðum, en það mætti vera öllum ljóst, að einmitt þessi aðferð, sem hann og fylgismenn hans vilja hafa við afgreiðslu fjárl., mun verða til þess að rýra mjög virðingu þ. og valda þar auknum glundroða.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál mikið. Það er svo skýrt, að þess gerist ekki þörf. En væntanlega hverfur Alþ. frá þessari óverjandi afgreiðslu fjárlagafrv., því að hún mundi verða Alþ. til skammar.

Á þskj. 312 er brtt. XXIX, um að fella niður XIX. lið fjárlagafrv., en hann er um heimild handa ríkisstj. til að lækka útgjöld ríkisins, sem ekki eru bundin í öðrum l. en fjárlögum, um allt að 35%, ef hún telur sýnilegt, að tekjur ríkissjóðs lækki verulega vegna styrjaldarástandsins. Hér er um það að ræða, hvort þingið eigi að halda virðingu sinni og heiðri. Hér er Alþ. að afhenda ríkisstj. vald, sem því ber með réttu. Nú er eftir að vita, hvort Alþ. vill standa við þessi 65%. Það má vera, að margur segi, að þeir atburðir geti gerzt, sem geri óumflýjanlegar þær breytingar á fjárl., sem hér er farið fram á, og ef þær breytingar eru gerðar, ber Alþ. að samþykkja þær. Því að ef slíkir atburðir gerast, mun Alþ. verða kvatt saman til skrafs og ráðagerða, og ætti það að taka ákvörðun um, hvort víkja ætti frá fjárl. að verulegu leyti.

Það virðist vera ætlun Alþ. að hespa af þær fjárveitingatill., sem fram hafa verið bornar af okkur sósialistum. Hv. forseti var þegar með hamarinn á lofti og byrjaður að hafa yfir: „Þar sem enginn," o. s. frv., þegar við sósialistar kvöddum okkur hljóðs. Við komum fram með margar brtt. í þeim tilgangi að fá 2. umræðu haldið áfram, til þess að hægt væri að ræða þetta mál nánar. Við höfum náð tilgangi okkar, því að umræðu var frestað.

Enn á ný vil ég leggja til, að hv. forseti leyfi, að umr. verði frestað, svo að n. geti athugað brtt. og komið fram með nál., áður en atkvgr. fer fram.

Forseti (GSv): Ég skal til varúðar geta þess, að umr. halda áfram. En ég vil benda á, að svo hefur hagað til, að meiri tími hefur orðið til athugunar á málunum en oft áður. Þetta er 2. umr., og eftir útvarpsumræðurnar fer málið til 3. umr.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég hef ekki séð ástæðu til að taka þátt í þessum umræðum. Eins og vanalega hefur fjvn. haft frv. til athugunar og gert sínar athugasemdir. Umræður kommúnista hafa aftur á móti verið eins konar „grínrevu" þeirra á sjálfum sér.

Ég hef haft annað að gera og því ekki getað verið hér stöðugt á fundum. Úr því að umr. hafa dregizt svona lengi, vil ég taka fram, að það er ekkert nýtt fyrir mig að heyra, hvernig kommúnistar hafa hagað málsmeðferð sinni hér. En sá varanlegi ávinningur, sem af þessu fæst, er sá, að kommúnistar hafa sýnt þeim, sem ekki þekktu áður, sitt sanna eðli. Þeir hafa komið þannig fram, að það er óumdeilanlegt, að þeir skoða sig sem eins konar utangarðsmenn í þjóðfélaginu. Þeir, sem hafa villzt til þess að greiða þessum mönnum atkv., eru margir mestu sómamenn. En þeir bera ábyrgð á því, að þingið hefur innan sinna vébanda svona menn. Hver dagur, sem líður, sýnir, að ekki er hægt að trúa þessum mönnum til nokkurs hlutar, enda er það mála sannast, að ekki þýðir að kjósa þá menn á þing, sem ekki gera annað en þvælast fyrir, rífa niður og tala vitleysu. En ég er þakklátur forsjóninni fyrir það, að þeir hafa afhjúpað sig. Það er verulegur ávinningur fyrir okkur Íslendinga, að þessir menn hafa afhjúpað sig á þennan hátt.

Það hefur aldrei komið fyrir, að máli, sem er í n., hafi verið vísað til n., eins og þessir menn fara fram á. Þessum fáráðlingum er það ekki sjálfum ljóst, að þeir eru að gera sig að athlægi. Þó að búið sé að drepa allar þessar till. þeirra, sem alveg var óhugsanlegt að framkvæma, þá koma þeir bara með till. aftur og aftur.

Kommúnistar hafa hagað sér öðruvísi en áður hefur þekkzt. Þeir úr hópi kommúnista, sem eru í fjvn., hafa tekið upp úr bókum og skjölum n. ýmislegt og komið fram með það hér sem sínar till. En svo vill enginn líta við þessu, eins og líka er eðlilegt. Svona vinnubrögð eru óhæf, auk þess sem sumt af því, sem þeir hlaupa með, er ósannur þvættingur.

Það má segja það sama um kommúnista og hinn mikli gáfu- og lærdómsmaður, Brynjólfur biskup, sagði um Bauka-Jón. Bauka-Jón hafði fengið dóm fyrir meintan glæp, en kom ár sinni svo fyrir borð hjá stjórninni, að hann fékk loforð fyrir vígslu, þegar hann kæmi út, og var Brynjólfi biskupi skipað að vígja dónann, er hann kæmi heim. Alþ. verður að þola, að þessir þingóhæfu menn sitji hér. Hinn merki biskup varð að vígja Bauka-Jón. En af lærdómi sínum og þekkingu fann biskupinn úrlausn. Hann valdi sér að texta: „Sá, sem fer inn í fjárhús öðruvísi en um dyrnar, er bæði þjófur og morðingi". Þó að ég heimfæri þetta upp á kommúnista, þá er það aðeins í andlegri merkingu. Það er öllum ljóst, hvað Brynjólfur biskup á við. Hver, sem fer öðruvísi inn í hús en um dyrnar, hlýtur að brjóta vegginn, og það gerir enginn nema í ó-

leyfilegum tilgangi. Bauka-Jón brýtur vegginn, enda var tilgangur hans óleyfilegur.

Öll aðferð þessa flokks bendir til þess, að líkingin sé vel valin, því að kommúnistar brjóta allar reglur. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna vilja þeir brjóta sér leið á sama hátt. Ég spái því, að örlög þeirra verði hin sömu og Bauka-Jóns. Það er talsverður vandi að fást við þessa menn, sem standa á allt öðrum grundvelli. Það þarf sérstakar aðgerðir, sérstaka tækni til að fara rétt með þá, sem hafa farið öðruvísi inn í þingið en gegnum dyrnar.

Ég vil benda á ummæli eftir hinn merka, brezka stjórnvitring, Balfour, í sambandi við það, hvernig fara þarf með þá, sem komast þannig inn í þingið: „Það er ekki hægt að láta þingræði og þingstjórn lifa lengur en á meðan þm. standa á lýðræðisgrundvelli".

Þegar kommúnistar og nazistar komust inn á þing hinnar stóru og merku þjóðar, Þjóðverja, varð það að skrípamynd. Öllum var ljóst, að Þýzkaland gat ekki blómgast undir stjórn slíkra manna.

Margir álasa íslenzka þinginu fyrir, að það gat ekki myndað stjórn. En ég vil spyrja: Hvernig mundi ganga í knattspyrnu, ef knettinum væri sparkað öfugt við það, sem rétt væri? Fimmti partur þingsins hlýðir ekki reglum þess, heldur haga þeir menn sér eins og ólátabelgir. Lífstefna kommúnista sýnir, að þeir vilja, að farið sé að eins og í knattspyrnu, þar sem alltaf er sparkað öfugt. Þessar umræður og meðferð kommúnista á fjárlagafrv. sannar þetta. Hv. þm. verða að skilja, að hér eru öfl, sem stefna að því að spilla og gera þ. óstarfhæft. Hver, sem hjálpar kommúnistum til að komast annars staðar inn en gegnum dyrnar, er því samsekur þeim.

Ég sé varla ástæðu til að ræða um hnútur þær, sem kastað hefur verið að nefnd, sem ég er í, og á ég þar við Menntamálaráð.

Það er kunnugt, að kommúnistar hafa lagt fram lista með nöfnum ýmissa manna, sem þeir vilja, að komist á föst laun hjá ríkinu. En það mun koma í ljós, þegar gengið verður til atkvæða um þetta, að ekki er hægt að taka það til atkvgr. Nú hafa þau undur gerzt, að tveir þm. úr Sjálfstfl. hafa gerzt flutningsmenn till. um að bæta nýjum staflið við 18. gr. fjárl., sem ég hef áður minnzt á. Er það skiljanlegt að nokkru leyti. Hér er um reynslulitla menn að ræða bæði um störf hér í þinginu og annars staðar. En ég vona, að með tíð og tíma sjái bæði þeir og aðrir, að betra er að fara inn í húsið um dyrnar en öðruvísi.

Hér koma því óþroskuðustu menn þingsins með lista með 32 nöfnum. Þar er Davíð skáld Stefánsson settur lægra en rithöfundar, sem ekkert er keypt eftir. Það er hægt að fara um heilar sýslur án þess að sjá bók eftir þá menn, sem þessir fáráðlingar ætla að stilla hátt. Og það er athyglisvert, að bæði Davíð Stefánsson og Guðmundur á Sandi eru gerðir hálfdrættingar við menn, sem standa þeim langt að baki. Kommúnistar hafa hlunnfært báða þessa reynslulitlu þm., en sett ritfé sitt í hæstu röð. Þessir þm. hafa ekki gætt flokkshagsmuna, eins og eðlilegt hefði verið, heldur látið véla sig af einum allra grunnfærasta viðvaningi þingsins.

Þegar búið er að setja Þórberg og Kristmann Guðmundsson svona hátt, álitum við hinir, að setja beri marga aðra menn eins hátt. En striðsgróðavitleysan á að fá að njóta sín á þessu sviði og standa í eitt ár.

Ég efa það stórlega, að þessir tveir ungu sjálfstæðismenn fái nokkra þökk fyrir þessi störf sín hjá kjósendum sínum, þegar farið verður að þukla um það, sem þeir eru að búa til hér. Það versta við þetta mál er það, ef menn verða settir í tugatali inn í þingið, ekki einungis án allrar ráðdeildar, heldur og á stráksleg an og viðvaningslegan hátt. En þetta er í samræmi við stefnu kommúnista.

Okkur, sem viljum þinginu vel, mundi taka sárt til þess, ef 60—70 menn færu inn í þingið á þennan hátt til þess að vanvirða það. En það væri viss ávinningur. Vanmáttur og eymd þessara manna(kommúnista) yrði þá augljós. Skrílveldi þeirra mundi standa skamma stund og þjóðin fá óbeit á framferði þeirra og heimta, að þeir yrðu vandir af því, jafnvel í grini, að spila nokkra herra hér á Alþ.

Þá ætla ég að víkja að einum þessara manna, sem mest er barizt um, en það er Halldór Kiljan Laxness. Það þarf ekki að fjölyrða um það, að þessi maður er góðum gáfum gæddur og hæfileikamaður. Hann hefur búið sig vel undir starf sitt, farið víða og hefur gott vald á móðurmálinu. Það virtist um stund, að hann mundi geta orðið góður rithöfundur hjá þjóð sinni, eða þar til hann hafði lokið Sölku Völku og fyrra bindinu af Sjálfstæðu fólki. Þó tekur þar að gæta byrjunar á öfgum. Hann verður viðskila við fólkið, en ekki árásarmaður. Þessar bækur sýndu, að Halldór er talsvert skáld, eða a. m. k. lézt leitast við að vera það. Í síðara bindinu af Sjálfstæðu fólki er hann orðinn forhertur flokksmaður og fer þar að koma fram áróður. Þau laun, sem farið er fram á, að Halldór fái, ber því að skoða sem flokkslaun. Allir flokkar hafa menn, sem berjast fyrir málstað þeirra og borga þeim auðvitað fyrir það. Kommúnistar vilja, að ríkið greiði Halldóri laun fyrir áróður hans. Aðrir flokkar mundu fara hins sama á leit, ef þeir hefðu nógu mikla ósvífni til þess. En þetta eru þau sérhlunnindi, sem kommúnistar ætla að veita sínum mönnum.

Það er alltaf eitthvað sorglegt við það, þegar skáld fer að blanda agitation saman við skáldskap. Það var dálítið hliðstætt með Einar H. Kvaran. Hann lamaði sig sem skáld, þegar hann hætti að hugsa um listina, en tók að gefa sig að áróðri.

Svipað fer fyrir öllum rithöfundum, sem taka að vinna fyrir kommúnista. Þeir lamast sem skáld, þegar þeir gerast áróðursmenn fyrir stefnu þeirra, því að hún er fúin.

Einar H. Kvaran var mikill rithöfundur og var mikils metinn, en skáldskapur hans var lamaður af þessu eina, spiritismanum. Þar var ekki lengur hugsað um listina fyrst og fremst, heldur var þar um áróður að ræða. Hið sama má segja um Kiljan; skáldskapur hans er áróður; hann er baráttumaður gegn öllu, sem ekki veitir

bolsevismanum lið. Kiljan er færari í sinni grein heldur en margir hinna, og er honum því meiri eftirtekt veitt. Það hefur farið fyrir Kiljan eins og öllum hinum, sem hafa farið inn á það stig að nota sérstök trúarbrögð í skáldskap sínum. Fólkið vill ekki sjá nýjustu bækur hans, af því að það segir: „Við erum engir kommúnistar og kærum okkur ekkert um að lesa þessar bækur.“ Það vill ekki kaupa bækur um það, að Íslendingar séu svívirðileg þjóð. Kona ein á Akureyri sagði, að þegar hún læsi bækur Kiljans, þá gerði hún það eins og þegar hún færi milli húsa í stórhríð. Það væri eins og mann sviði af kuldanum, og væri því bezt að ljúka því af á sem skemmstum tíma. Komi það fyrir, að menn, sem skrifa bækur, leggi lag sitt við kommúnista, þá er eins og það sé dauðadómur fyrir þá, jafnvel þó að bækurnar séu eftir merka menn. Það er varla hægt að segja, að það fáist ritdómar um þessar bækur; þær eru settar fyrir neðan annað í þjóðfélaginu. Af hverju fá þá kommúnistar liðstyrk? Í sumum öðrum löndum borga Rússar þessum smáskáldum fastan lífeyri til þess að vinna fyrir sig. Hvort svo hefur verið hér, veit ég ekki, en það er eðlilegt, að Rússar vilji leggja slíkt fé fram, það er þeirra „business“. En þetta kemur ríkissjóði okkar ekki við.

Af því að ég vil ekki tefja fyrir því, að málið gangi áfram með hraða, skal ég ekki fara um þetta miklu fleiri orðum. En til viðbótar langar mig til að segja örlítið frá því, hvað mesti höfundur kommúnista hefur að segja um íslenzkan landbúnað. Í bókum þeim, sem komið hafa út eftir Kiljan, eftir að hann skrifaði fyrra bindið af Sjálfstæðu fólki, hefur hann gefið þá lýsingu af Íslandi, að hann hefur tekið allar stéttir nema kommúnistana og svívirt þær, eftir því sem hann hefur bezt getað. Hann lýsir hreppstjórum og oddvitum þannig, að þeir séu mannleysur og níðist á fólki, eftir því sem þeir frekast geti. Læknum lýsir hann sem þeir séu fyrst og fremst með sjúklingana hjá sér til þess að hræða út úr þeim peninga. Það vita allir, hvað hann hefur að segja um prestana og hvernig heimvon þeir eiga í öðrum heimi. Það er ánægjulegt fyrir hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Snæf. að fylgja þeirri till. að veita þessu skáldi kommúnista 16 þús. kr. í laun af fé landsmanna. Ef við tökum lýsingu, sem Kiljan gefur af íslenzkum nútímamönnum, þá er þar sagt, að þeir séu bæði heimskir og illgjarnir. Það er sagt, að skipin séu götótt, til þess að þau geti sokkið með sjómennina, og er gert ráð fyrir því í pólitískum tilgangi. Þannig er lýsingin af íslenzku útgerðarmönnunum. Mér hefur aldrei dottið í hug, að til væru svo lítilmótlegir menn í Sjálfstfl., að þeir færu að styðja slíkan skáldskap. Ég ætla nú með leyfi hæstv. forseta að lesa dálítinn kafla úr allra nýjustu grein Kiljans um bændastéttina, sem hann vill óvirða hvað mest. Þessi kafli hljóðar svo:

„Landbúnaðarafurðir eru hér fátæklegri en í flestum öðrum löndum, þótt Ísland sé að mörgu leyti tilvalið landbúnaðarland. Kjöt er hér fábreyttara og lítilfjörlegra en annars staðar. Aðallega er á markaðnum kindakjöt og fæst þó ekki ferskt nema stuttan tíma á ári, en er illætur matur mikinn hluta árs, bragðlaust eða bragðvont af langri frystingu, næringarrýrt og bætiefnasnautt. Auk þess hefur kjöt þetta verið svo dýr vara, að almenningur hefur ekki haft efni á að neyta þess að jafnaði.

Mjólk sú, sem hér er á boðstólum í Reykjavík, er illnotandi fyrir menn, sem gera nokkra kröfu til þessarar vöru. Hún er iðulega gamall upphristingur og fjörefnarýr, þolir ekki daglanga geymslu nema í aftakakuldum, oft með alls konar óbragði eftir að hafa gengið í gegnum ónýtar vélar, og því hefur verið haldið fram með rökum af heilsufræðingum, að hún sé beinlínis skaðleg neyzluvara.“

Svo bætir hann við, að smjörið sé að vísu ætt, en allt of lítið handa honum, og að það sé hart, að bændur skuli ekki hafa það, sem hann þarf með. Hann segir um mjólkina, að hún þoli ekki daglanga geymslu nema í aftakakuldum. Hann heldur, að mjólkin batni við það að frjósa. Í þessari grein heldur hann því fram, að Ísland sé vont land til landbúnaðar, og hann gerir stöðugt gys að bændastéttinni, og segir það, sem aðeins heimskustu menn í þjóðfélaginu hafa leyft sér að segja um bændastéttina. Það eina, sem hann viðurkennir að sé ætt, er smjörið frá rjómabúunum, en hann segir að það sé ekki til nóg af því. Það liggur næst að halda, að með þessu sé verið að brigzla sveitafólkinu um iðjuleysi og leti. Halda menn, að þetta fólk sé stöðugt í fríum og vinni ekki fyrir kaupi sínu? Nei, það litla, sem þessi maður veit um sveitafólkið, því stingur hann áreiðanlega niður hjá sér.

Svo kemur áframhaldið. Hann vill, að hætt sé að hugsa um að framleiða landbúnaðarvörur til útflutnings; það á bara að framleiða handa bæjarfólkinu það, sem því þóknast að kaupa. Það eina, sem honum finnst vera ætt af sveitaframleiðslunni, er smjörið. Honum finnst líka sjálfsagt, að sveitafólkið framleiði þessa vöru handa honum og hans liði. — Svo tekur Halldór það fram, að það sé mesta vitleysa að halda það, að nokkur bóndi sé öðruvísi en aumingi, andlega og líkamlega, og að okkar andlegu mikilmenni hafi verið frá stórum heimilum og þeir hafi verið efnaðir menn. Ég ætla nú að fara fáeinum orðum um það, hvort saga okkar sannar þetta. Hverjir skrifuðu Íslendingasögurnar? Um það eru aðeins tilgátur, en það má telja víst, að það hafi verið alþýðumenn fyrst og fremst, þó að þar standi tilgáta á móti tilgátu.

Tökum mann eins og t. d. Hallgrím Pétursson. Aðstaða hans í lífinu var eins og flestra okkar beztu manna hefur verið. Allir vita, hvernig efnahagur hans var. Ef við tökum til dæmis búandi mann eins og Þorgils gjallanda, þá er vert að athuga það, að hann var svo greinilegur einyrki, að hann hafði ekki einu sinni heimili algerlega út af fyrir sig, heldur varð hann að búa í öðrum enda baðstofu, þar sem fólk frá tveim búum hafðist við, og vinna þar að ritverkum sínum. Þá má nefna Guðmund á Sandi, sem jafnhliða ritstörfum sínum hefur komið upp stórum barnahóp. Ef við tökum Stephan G. Stephansson og athugum heimili hans, þá sjáum við, að hann var einyrki, eftir að hann kom til Ameríku, og ég hygg, að það mundi ganga illa fyrir

kommúnista að sanna, að hann hafi ekki verið skáld. Ég hygg því, að það megi fullyrða það, að ekkert af skáldum okkar eða andans mikilmennum hafi verið efnaðir menn eða ríkir, ekki einu sinni Einar Benediktsson. Það mætti miklu frekar segja, að allt það bezta, sem gert hefur verið fyrir þjóð okkar í þessum efnum, hafi verið gert af fátækum mönnum, sem ekki hafa leigt sig, hvorki utan lands né innan.

Ég vildi ekki móðga hv. d. með því að lesa meira upp úr landbúnaðarriti Kiljans. Þetta, sem ég las, getur þó verið sýnishorn af því, hvernig hann lýsir þjóð okkar, ekki sízt sveitafólkinu.

Atkvgr. fer fram í dag eða á morgun um það, hvort Alþ. ætlar að veita Halldóri Kiljan fjárstyrk út á það að svívirða sveitirnar og sveitafólkið. Þá kemur það í ljós, hverjir vilja bera ábyrgð á slíkum fjárveitingum. Það er áreiðanlegt, að sveitirnar eru ekki eins aumar eins og Halldór heldur, og ég gæti vel hugsað mér, að sveitirnar eigi eftir að hrista af sér þær svívirðingar, sem hann hefur leyft sér að bera fram um þær, jafnvel þó að síðar verði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. -- Á þskj. 320 ber ég fram brtt., þar sem ég fer fram á að 50000 kr. verði lagðar til þess að byggja nýja símalínu um Suðurfirði og aðrar 50000 kr. til þess að leggja aðra línu frá Vattarnesi um Múlahrepp. Ég vil leyfa mér að benda á, að árið 1935 voru báðar þessar línur teknar upp á símalög ásamt öðrum 5 línum, sem þá voru teknar upp, og þetta eru svo að segja einu línurnar, sem þá voru samþykktar og eftir er að framkvæma, og enn þá er ekki hafizt handa um framkvæmdir á í landinu. Ég vil mælast til þess, að hv. þm. unni þessu kjördæmi þess sjálfsagða réttar að fá framkvæmd þau verk, sem voru lögboðin 1935, eins og öðrum héruðum. Á þessu sama þskj. er einnig brtt. frá mér um að hækka læknisvitjanastyrk í Reykhólahéraði, Gufudalssveit og Flatey, og kemur þetta af því, að Reykhólasveit er læknislaus síðan á nýári og íbúarnir, sem áttu að sækja lækni þangað, verða nú að sækja lækni annaðhvort í Stykkishólm eða í Dalasýslu, og gerir það kostnaðinn miklu meiri. Flatey er læknislaus frá 1. janúar, og verður að sækja lækni í Stykkishólm, og Múlahreppur, sem er læknislaus, verður að sækja lækni í Stykkishólm. Ég vænti þess, að þm. líti með velvilja á þessar sanngjörnu kröfur.

Ég vil þá minnast ofurlítið á það mál, sem hér er á ferðinni, sem er 18. gr. fjárl., — um að setja skáld og listamenn inn á 18. gr. Ég lít svo á, að þegar íslenzka ríkið er að greiða alveg sérstaklega fyrir skáld- og listaverk, sé þar verið að greiða fyrir verk, sem hafi verið gerð, það sé verið að veita verðlaun, nokkurs konar bókmennta- eða skáldalaun, líkt eins og Nobelsverðlaun, og mér finnst, að þessi stefna að fara með þessa menn inn á 18. gr. fjárl. fari í bága við þá stefnu, sem liggur á bak við. Mér finnst langtum eðlilegri sú skoðun, sem réði því, að Menntamálaráð var stofnað, að til sé stofnun í landinu, sem meti það, sem gert er, og veitti þessa styrki sem laun fyrir afköstin. Þegar búið er að setja stóran hóp manna inn í fjárl., er búið að tryggja þeim lífstíðarviðurværi, og eftir það telja þeir sig engar skyldur hafa gagnvart þjóðinni, nema eftir því sem þeim líst sjálfum. Hins vegar er sú hætta, alveg eins og með Halldór Kiljan Laxness, að verða ekki jafnvel metnir fyrir léleg verk eins og góð verk, og það er ekki nema skynsamlegt. Hitt má deila um, hvort menntamálaráð er rétt valið. Úr því á þá að bæta. Ég mundi ekki geta fallizt á, að þessir styrkir yrðu veittir í 18. gr. Hv. 7. landsk. minntist á það í ræðu sinni, að þegar þessir menn, listamennirnir, væru komnir inn í þessa gr., ættu þeir að vera þar framvegis. Ég get ekki fallizt á það. Hann lét og falla orð um það, sem er athyglisvert, að það yrði enginn friður um þessi mál, fyrr en uppfyllt væru loforðin við listamennina. Leyfist mér að spyrja: Er hér um hótun að ræða frá þeim mönnum, sem standa á bak við? Á að skilja það svo, að ef ekki verði uppfylltar þessar kröfur, verði verkfall í þessari grein. Ég skal a. m. k. ekki verða með í að uppfylla þær verkfallskröfur.

Í sambandi við Halldór Kiljan Laxness vildi ég upplýsa það, að ég hef um undanfarin ár ferðast víða um heim og mér til skapraunar hitt menn, sem hafa lesið verk Kiljans, og þeir menn, sem ekki hafa þekkt neitt annað af Íslandi heldur en það, sem þeir hafa kynnzt í gegnum þau verk, hafa ekki haft mikið álit á þjóðinni. Þeir hafa aldrei trúað því, að hér byggi annað en skrælingjar, og ekki skilið í því, þegar þeir hafa mætt mönnum, sem ekki voru skrælingjar, að þeir væru aldir upp í landinu. Ég vil benda á það, að fyrir stríð var ég staddur í Amsterdam. Þar var verið að halda sýningu, sem átti að vera frá Íslandi, og það gekk svo langt, að við urðum í gegnum konsúlatið að stöðva þessa sýningu. Við fengum enga skýringu á þessu aðra en þá, að þessi „sena“ væri búin til eftir bókum Halldórs Kiljans Laxness. Það getur vel verið, að þm. vilji launa slíkt, en einkennilegt finnst mér það. Hvað snertir ritgerðir hans um landbúnaðarmál og sveitalíf, vil ég ekki halda fram, að þær séu brunahæfar, en mér finnst, að bændur landsins ættu að svara þeim, eins og þegar þeir neyðast til að svara Þórarni, ritstjóra Tímans, og stinga upp í hann í sambandi við greinar hans um pólitíska andstæðinga. Það er eins svarið, sem Alþ. og þjóðin ætti að gefa slíkum greinum.

Þá ætla ég að minnast á till. sósíalista á þskj. 312. Ef farið er í gegnum þessa liði, eru þeir margar milljónir, 5 millj. kr. liður við 20. gr., svo er 250000 kr. liður við 13. gr. og 500000 kr. liður við 13. gr., um Krýsuvíkurveg, og síðan við 16. gr. 1½ milljón. Og að bera þetta svo saman við þær ræður, sem hver þm. sósíalista af öðrum heldur. Það er ekki hægt að fá nema eitt út úr þessu, og það er, að stefna þessara manna er að knýja það fram, að ríkissjóður láti framkvæma svo mikið á þessu yfirstandandi ári, að þeim sé alveg óhætt andmælalaust að halda uppi áróðri og kröfum á útgerðarmenn og atvinnurekendur á Suðurnesjum. Þetta er ekki gert til annars en hægt sé að segja við verkamenn og sjómenn í Keflavík og Sandgerði: „Við knýjum stj. til þess að láta ykkur hafa vinnu í Krýsuvík-

urveginum.“ Hann var aldrei lagður til annars en halda uppi vinnu, — það var undir stj. Jónasar —, og það hefur aldrei verið nein ástæða önnur fyrir því að halda honum áfram en að verðlauna með því menn, sem ekki vilja vinna. Þeir gleyma því bara þessir menn, að þegar búið er að leggja atvinnuvegina í rúst og frystihúsin eru stöðvuð og búið að stöðva allan útflutning landsmanna, að þá er ekkert eftir til að standa undir þeim gjöldum, sem þarf til þess að halda uppi vinnu hjá því opinbera í landinu. Þetta kom skýrt fram hjá hv. 2. þm. Reykv., því að hann gerði fyrirspurn til stj. um, hvort tilætlunin væri að lækka laun verkamanna. Hann vildi fá tryggingu fyrir því fyrst og fremst, að launin frá því opinbera væru ekki lækkuð, því að ef það væri ekki tryggt, væri ekki hægt að leika þennan leik. Ég held, að þm. ættu að gera sér það ljóst, þegar þeir greiða atkv. um þennan lið, hver er tilgangurinn með till., og það er þess vegna, sem ég vildi minnast á þetta mál hér.

Þá vil ég ekki láta hjá líða að minnast hér á eitt mál, sem mér finnst hafa verið of lítið rætt, en það er um 25 millj. kr. uppbótina frá síðastliðnu sumri, sem hver eftir annan hefur verið að taka upp. Því er núið okkur um nasir, að við skömmumst okkar fyrir að hafa fylgt því. Mér finnst skylt að mótmæla þessari ásökun. Ég mæli þetta ekki frekar vegna þess, að ég sé þm. sveitamanna en verkamanna, því að það eru fleiri verkamenn en bændur í Barðastrandarsýslu. Ég mæli út frá þeim rökum, sem ég hef kynnt mér í málinu, og vil benda hv. þm. á að líta meira en til annarrar hliðarinnar. Ef við lítum á það, að uppbætur á landbúnaðarafurðir eru fyrst og fremst fram komnar af því, að þær kringumstæður hafa skapazt í landinu, sem gera það ókleift að selja vörur á frjálsum markaði, er þá nokkurt vit í því að láta það ganga yfir fátækustu mennina, að óviðráðanleg öfl hafa skapað það öngþveiti, að þeir geta ekki komið vörum sínum á markað? Þetta er viðurkennt af brezku stj. Hún sá réttlætið í þessu, en Bretar hættu að verðbæta þessar vörur vegna þess að Íslendingar græddu svo stórkostlega. Þess vegna var sjálfsagt að taka þennan gróða og bæta hinum, sem töpuðu.

Viðvíkjandi kjötinu vil ég benda á, að árið 1940 er kjötverðið ekki frjálst, heldur bundið, þannig að bændur fá ekki nema kr. 1.80 upp í kr. 2.00 fyrir kg, en allt árið hefði verið hægt að selja það dýrara, ef salan hefði verið frjáls. 1941 fá þeir kr. 2.80 til kr. 3.00, en allt árið hefði verið hægt að selja það fyrir kr. 5.00. Hvernig getur þing og stj. neytt bændur til þess að selja fyrir svona lágt verð án þess að bæta þeim það upp, og hvað hefur ríkissjóður grætt á því margar milljónir að halda dýrtíðinni niðri? Vilja ekki þeir, sem eru dag og nótt að níða þessa stétt, — vilja þeir ekki reikna þetta út? Eini liðurinn, sem ég mundi breyta til um, ef ég ætti að greiða atkv. aftur, er síldarmjölið. Ég viðurkenni, að það var röng stefna, en því er þá til að svara, að þetta er fordæmi, sem búið er að gefa hér í þinginu á undanförnum árum, svo að það er ekkert nýtt, sem hér er verið að framkvæma. Ég vil bara leyfa mér að spyrja, hvað það kostaði margar milljónir, þegar sósialistar og Alþtl. knúðu fram afnám gerðardómsl. og þær launahækkanir, sem þá urðu. Ég gæti lagt fram sannanir fyrir því, að verkamaður hafi haft kr. 250.00 á dag, en það samsvarar 75000 kr. tekjum hjá bónda, sem vinnur 300 daga á árinu. Ég skil ekki í því, að nokkur maður, sem athugar þetta mál með sanngirni, geti fengið sig til að greiða atkv. gegn því, að þessi eina stétt geti fengið kjarabætur og fremja með því hina mestu rangsleitni gegn henni. Og ég held, að það sé ekki til gagns, hvorki fyrir þingið né þjóðina, að halda uppi ófriði milli verkamanna og bænda, sem vilja vinna saman og þurfa að vinna saman, ef vel á að vera. Það er ekki heldur verið að bæta bændum upp smjörið núna, þótt verið sé að greiða mismuninn milli þess, sem er útsöluverð, og þess, sem þeir fá. Þetta er dýrtíðarráðstöfun, sem ekki er hægt að skrifa á þeirra reikning. Ég vænti þess því, að þm. láti alveg niður falla að gera þessar ómaklegu árásir á bændastéttina hér á þingi. Þessir menn tala líka öðruvísi til hennar, þegar þeir eru að fala hjá henni atkvæðin, a. m. k. talaði hann öðruvísi, kommúnistinn, sem var á 13 fundum í Barðastrandarsýslu. Þá var ekki verið að svívirða bændur fyrir uppbætur eða annað í sambandi við það mál.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég á hér aðeins eina litla brtt. á þskj. 312, um, að læknisvitjunarstyrkir í Vestur-Skaftafellssýslu verði hækkaðir lítið eitt. Eins og nú er, er styrkurinn 300 kr. og 250 kr. Eins og allt hefur hækkað, ekki sízt ferðalög, verður ekki annað séð en að í hlutfalli við annað sé sjálfsagður hlutur að leiðrétta þetta. Þessar upphæðir eru smávægilegar fyrir ríkissjóðinn, en skipta mjög miklu fyrir einstaklinga, sem verða fyrir áföllum. Það er alveg vitað, að 300 kr. er ekki mikið, eins og nú er komið, — í hæsta lagi fyrir 1—2 ferðum, — og eftir því sem allt hefur hækkað, er ekki ósanngjarnt, að þessi liður hækki líka. Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, og býst við, að þess þurfi ekki, en þm. skilji nauðsyn þess.

Inn í þær umr., sem almennt hafa farið hér fram um afgreiðslu fjárl., ætla ég ekki að blanda mér. Menn telja furðulegt, að afgreiðsla fjárl. sé öðruvísi en venjulega, eftir það að útgjöld ríkisins hafa tvöfaldazt á örfáum mánuðum. Ég tel það ekki furðulegt. Mér finnst eðlilegt, að við verðum að einhverju leyti varir við þá fjárhagslegu röskun, sem orðið hefur í þjóðfélaginu, og fáir eru búnir að átta sig á til fulls, en ég verð að telja það furðulegt, að þeir menn, sem settu á stað þessa fjárhagslegu röskun í þjóðfélaginu, sem hefur tvöfaldað útgjöld ríkisins á fáum mánuðum, skuli vera að fjargviðrast yfir því, að allt hefur ekki sinn venjulega gang um afgreiðslu fjárl. Það er furðulegt, að mennirnir, sem stofnuðu til þess í vor að láta allar hömlur niður falla með þeim afleiðingum, að allt verðlag tvöfaldaðist, skuli hafa brjóstheilindi til að minnast á þetta. Það er eins og þessir menn séu þess eigi vitandi, hvað er að gerast í þjóðfélaginu. Ég hygg, að það sé kominn tími til þess, að fjárl. verði afgr. og að þau verkefni, sem blasa

við, ættu að opna augu manna fyrir því, sem gerzt hefur undanfarna mánuði í íslenzkum stjórnmálum. Ég hygg, að þessir menn ættu ekki að áfellast þá, sem standa að afgreiðslu fjárl. Þeir ættu heldur að reyna að rannsaka árangur verka sinna og reyna að koma fremur fram með auðmýkt en með þeim ofstopa, sem hefur einkennt þá við þessa nokkuð óvenjulegu afgreiðslu fjárl., sem hér hefur farið fram.

Um þá brtt., sem hér hefur mest verið rædd, styrkinn til skálda og listamanna, ætla ég að segja það, að ég álít það bjarnargreiða, sem verið er að gera listamönnunum með því að koma með þessa till. inn í þ., og finnst mér, að umr. þær, sem hér hafa farið fram, þar sem teknir eru einstakir menn og rætt um kosti þeirra og galla, séu engum til skemmtunar eða gagns, og sízt listamönnunum sjálfum, og er afgreiðslu málsins þannig farið, að hún hlýtur að vera öllum, a. m. k. þeim, sem hlut eiga að máli, afar hvimleið. Þetta var svo áður fyrr, og nú er stofnað til þess enn á ný að draga þessa menn inn í umr. og láta meta skáldin með þeirri persónulegu afgreiðslu, sem verður, þegar meta á menn og verk þeirra, og hygg ég, að með þessu sé þeim lítill greiði gerður. Hitt álít ég miklu skynsamlegra að láta afgreiða þetta til einnar n. utan þ. og veita til þess ákveðna upphæð. Það er vitað, að ýmsir telja sig óánægða með þessa n., en ég vil benda á það, að það var óánægja með þessi mál, meðan þ. afgreiddi þau, og það verður alltaf einhver óánægja. En á meðan þetta er afgreitt af n., sparast a. m. k. slíkar umr. sem hér hafa farið fram, og hygg ég réttara, að þær fari fram í n. en í þinginu, þar sem eiga sæti 52 menn og allir eða flestir mundu þurfa að láta ljós sitt skína um það, hvernig álit þeir hefðu á þessum mönnum og hvernig þeir væru að innræti og gáfum. Þess vegna vildi ég mælast til þess fyrir listamennina sjálfa, að þessi till. yrði tekin aftur og farin verði önnur leið til þess að úthluta þessu fé en sú, sem þjóðin öll er búin að fá skömm á.

Forseti (GSv): Úthýtt hefur verið á fundinum brtt. á þskj. 324 við fjárlagafrv. Þarf afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Mér datt í hug út af ræðu hv. þm. S.-Þ., að það mundi ekki vera nema réttmætt, að Sþ. og þar með við, sem eigum sæti í Nd., fengjum að njóta þeirrar skemmtunar, sem Ed. er aðnjótandi á degi hverjum, og er því ekki nema eðlilegt, að hann léki nú fyrir okkur þennan grínleik eins og Ed. En það er svo, að öllu gamni fylgir nokkur alvara, og það, sem var alvara í sambandi við þennan grínleik, var vitleysan, heimskan og afturhaldið, sem óð uppi í ræðunni, sem hefur á ákveðnu tímabili megnað að setja sitt mark á Alþ. Það er það hörmulega, sem hefur gerzt, og það, sem nú liggur fyrir, er, hvort takast megi að þurrka þennan blett, sem settur hefur verið á þ. Það er það, sem barizt er hér um.

Hv. þm. lýsti því í ræðu sinni, að utangarðsstefnan ætti að vera í fullu gildi. Það tókst fyrir baktjaldamakk að skapa meiri hl. á Alþ. fyrir þessa utangarðsmenn. Nú liggur fyrir að taka upp aftur nokkur af fremstu skáldum og listamönnum, sem hv. þm. S.-Þ. tókst að koma út af 18. gr. með baktjaldamakki, hótunum og hrossakaupum á bak við tjöldin. Þessi barátta hér á þ. var svo hörð, að frægt er orðið. Hún varð til þess, að hv. þm. S.-Þ. tókst að sölsa undir sig það vald, sem hann hefur síðan beitt þannig, að með endemum er og til smánar fyrir alla þjóðina, því að eitt af því allra helzta, sem hefur orðið til að rífa niður virðinguna fyrir Alþ., er það, hvernig farið hefur verið með menningarmál okkar.

Þessi hv. þm. lýsti því mjög skarplega með öllu því ofstæki, sem honum er lagið, að gera eigi menn eins og Halldór Kiljan Laxness svo að segja útlæga; það eigi að gera ráðstafanir af hálfu ríkisins til að binda enda á starfsemi slíkra manna og a. m. k. ná sér niðri á þeim eins og hægt er. Hann minntist um leið á tvö af helztu skáldum okkar, sem nú eru látin, eins og hann væri að reyna að nudda sér utan í þessi skáld til þess að dylja fjandskap sinn gegn menningarmálum okkar. Hann tilnefndi þá Stephan G. Stephansson og Þorstein Erlingsson. En á sínum tíma var alveg sams konar barátta um þessi skáld, þó ekki eins hörð og verið hefur um Halldór Kiljan Laxness. Það var ráðizt á Þorstein Erlingsson fyrir það, að hann var sósíalisti, vegna þess að hann var bolséviki, eins og nú mundi vera sagt. Það var ráðizt á hann fyrir að hafa gert árásir á einstakar stéttir þjóðfélagsins, fyrir að hæða guðstrúna o. þ. h. Síðan minntist hann á Stephan G. Stephansson. Hann hefði átt að sleppa því. Þessi maður var að tala um, að það væru erindrekar Rússa, sem helzt þyrfti að gera útlæga úr þjóðfélaginu. Stephan G. var ofsóttur þannig fyrir baráttu sína í síðustu styrjöld, að ýmsir þokkapiltar, útbelgdir af föðurlandssást, ætluðu að fá Stephan G. settan í tugthús í Kanada fyrir að halda fram sósíalistiskum skoðunum. Það voru menn af sama tagi og þessi hv. þm., sem hélt hér áðan eina af sínum endemisræðum á móti Halldóri Laxness. Af hverju fara þessir þokkapiltar svona að? Það er af því, að þeir vilja gera óvirka menn, sem hafa þjóðmálaskoðanir eins og Stephan G. og Halldór Laxness, menn, sem hafa sósíalistiskar skoðanir. En þegar Stephan G. er dáinn, kveður við annan tón. Þá er ekki aðeins svo, að hann sé kannske mestur maður af okkar skáldum. Sjálfur segir hv. þm. S.-Þ., að hann sé mesta skáld Kanada, og sumir hafa sagt, að hann væri mesta skáld brezka heimsveldisins. Nú er reynt að nudda sér utan í þessa menn, en meðan þeir lifa, vilja piltar eins og hv. þm. S.-Þ. fá þá setta í tugthús, vilja e. t. v. fara að eins og sá maður, sem hv. þm. S.-Þ. fyrir þrem árum vitnaði til og vildi taka sér til fyrirmyndar, sem sé Hitler, vilja gera þá útlæga úr landinu, brenna bækur þeirra o. þ. h. Það er ekki liðið mönnum úr minni, að á vetrarþinginu 1939, á sama tíma og hv. þm. S.-Þ. hóf árás sína á skáld og listamenn og byrjaði baráttu sína fyrir að ná þeim út af 18. gr., á sama þinginu og hann flutti hið fræga

höggormsfrv., hið mesta svívirðingarmál, sem hér hefur sézt, þá sagði hann, að gera þyrfti í litlum stíl á Íslandi, það sem Hitler gerði í stórum stíl í Þýzkalandi. Þá var ekki verið að leyna því, hver fyrirmyndin væri, það er frekar verið að draga fjöður yfir það nú, en það er hins vegar jafngott, að allur þingheimur átti sig á því, um hvað er verið að berjast í sambandi við 18. gr. Það fer ekki nema vel á því, að þessi hv. þm. S.-Þ. fari stundum að vitna til þessara dánu ágætu skálda, reyni að flika þeirra nöfnum og reyni að dylja menn því afturhaldi, sem hann er að boða. Það er ekki nema eðlilegt, að reynt sé að dylja svo slæma skoðun og ljóta hugsun með sliku. En út af tali hans um, hvernig sum skáld lýsi þjóð okkar, datt mér í hug, hvort við mundum hafa reynt að svelta Bólu-Hjálmar vegna lýsingar hans á Akrahreppi eða lýsingar hans á íslenzku þjóðinni í þjóðhátíðarkvæði hans. Ég get vel trúað þessum hv. þm. til þess, en ég trúi ekki meiri hl. Alþ. til þess. Hann talaði um, við hvaða fátækt Stephan G. hefði átt að búa. Já, hann bjó ekki í 9 herbergja villu né lét afturhaldið í landinu halda sér uppi. En hann var ávallt reiðubúinn að berjast fyrir sósíalismanum. Hann barðist ávallt eins og hver annar fátækur maður fyrir hugsjónum sínum og hagsmunum annarra. En eftir að hann er dáinn, metur íslenzka þjóðin hann meira en nokkurn annan af skáldum sínum. Það mega vera blindir menn, sem á sinni eigin ævi hafa upplifað aðrar eins byltingar á áliti þeirra manna, sem héðan eru gengnir og eru samt eins starblindir og fullir af hatri og heift eins og hv. þm. S.-Þ. er út í þá, sem enn lifa og halda áfram því verki, sem Þorsteinn Erlingsson og Stephan G. Stephansson hafa unnið.

Hitt finnst mér ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem trúa því, að hægt sé að kaupa sannfæringu manna og beygja menn til þess að láta af sannfæringu sinni með því að kúga menn, haldi fast við þá stefnu, sem tekin var upp, þegar 18. gr. var tekin af fjárl. Þessi stefna var flutt fram á þingi í trausti þess, að hægt væri að brjóta niður framfarir í vissum efnum hjá þjóðinni. En reynslan hefur orðið þveröfug. Hv. þm. S.-Þ. var að státa sig af því, að hann hefði barizt á móti sósíalismanum á Íslandi með gáfum sínum og sliku, hann væri maður, sem væri að gera sósíalismanum ókleift að vera til hér á landi. Hver er svo árangurinn af starfi þessa manns? Sósíalisminn hefur aldrei verið eins sterkur hér á landi eins og einmitt nú. Þjóðin hefur aldrei aðhyllzt hann í eins ríkum mæli, aldrei gerzt fylgjandi honum eins ört eins og nú. Það mega vera meira en blindir menn, sem sjá ekki sjálfir, hvernig allt skraf og öll barátta gegn sósíalismanum hefur haft neikvæðar afleiðingar við það, sem ætlað var og þeir sömu menn hugsuðu, að mundi verða, sem mest hafa barizt á móti honum. Og ég held, að það sé rétt að segja það, að það hefur fátt orðið til þess að vekja aðra eins samúð með sósíalismanum hér á landi eins og það, að sá maður, sem hatramast hefur barizt á móti honum, hefur beitt sér svo mikið á móti menningarfrömuðum þjóðar okkar, sem haldið hafa uppi hróðri okkar inn á við og út á við í listum og bókmenntum. Atkvgr., sem fer fram nú um 18. gr., verður prófsteinn á þingið um þessa stefnu. Það er áreiðanlega tími til kominn að þvo af Alþ. Íslendinga þann blett, sem hv. þm. S.-Þ. tókst að setja á það með því að fá skáld og listamenn tekna af 18. gr. fjárl. Atkvgr., sem fer fram um þá gr., kemur til með að vissu leyti að sýna, hvaða stefna sé nú uppi um þetta hér í þinginu. Og ég fyrir mitt leyti er svo bjartsýnn, að ég trúi því, að þau öfl, sem vilja styðja að menningu og frelsi Íslendinga í þessu efni, verði yfirsterkari, en öflin, sem vilja framkvæma það í smáum stíl, sem Jónas Hallgrímsson og aðrir slíkir hafa gert í stórum stíl, verði í minni hluta.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Þessar umr., sem hér hafa farið fram, sýna glögglega, að það var ekki ástæðulaus ótti, sem við bárum í brjósti, sósíalistar, fyrir því, að fjárlagafrv. yrði afgr. með þeirri óvenjulegu aðferð, sem hér hefur með offorsi verið barið í gegn, að höfð yrði. Það hefur greinilega sýnt sig, að þótt að sjálfsögðu margir hv. þm. séu á móti því að viðhafa þessa aðferð og vildu gjarnan, að fjárlagafrv. hefði verið afgreitt á venjulegan hátt, þá eru nokkrir hv. þm., hreinræktaðir fulltrúar afturhaldsins og atvinnurekendavaldsins, sem hafa unnið að því. Þeir skilja, að atvinnuleysi er vatn á millu atvinnurekendastéttarinnar í landinu, og leggja þess vegna lið sitt til þess að vera á móti verklegum framkvæmdum í landinu. Í ræðu hv. þm. Barð. kom fram sjónarmið atvinnurekandans og peningamannsins. Það hefur komið fram í blöðum hér á landi, að það æskilegasta ástand, sem gæti skapazt, væri það, að framboð vinnuafls yrði meira en eftirspurnin, en að það hefði verið vöntun á vinnuaflinu, sem hefði skapað ósvífnar kröfur af launþeganna hálfu. Og það er greinilegt, að það mundi verða til hagsbóta atvinnurekendastéttinni, ef skapazt gæti atvinnuleysi. Þá yrði betra að beygja verkamenn og kúga til þess að láta af kröfum sínum og fá þá, sem ósjálfstæðir og lítilsigldir eru, til þess að vinna fyrir minna en taxtakaup, eins og atvinnurekendur hafa svo oft leikið sér að. Þann tíma þrá atvinnurekendur, og það kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Barð. þetta hreinræktaða sjónarmið afturhaldsins og hins freka atvinnurekanda, sem fyrst og fremst blínir á sína hagsmuni, en vill ekkert tillit taka til hagsmuna launþeganna, sem lítur á launþegana eins og hráefni, vélar og verkfæri og annað það, sem hann þarf til þess að reka atvinnurekstur sinn. Hann, atvinnurekandinn, setur þá á sama borð eins og hluti, sem hann þarf til atvinnurekstrar síns. Og það er ekki efi á því, að Alþ. getur mikið hjálpað atvinnurekendum til þess að skapa atvinnuleysistíma, og að því vilja þeir harðsvíruðustu fulltrúar afturhaldsins vinna. Það er þeirra hagur, að slíkir tímar skapist. En það er líka skylda fulltrúa launþega og frjálslyndra manna að fallast ekki á þetta þrönga sjónarmið afturhaldsins og atvinnurekendavaldsins. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að ræða þetta. Það er þegar búið að útskýra það hér á hæstv. Alþ., hvort æskilegt sé að kasta höndum að því að afgreiða fjárl.

og hvað hætt er við, að fulltrúum afturhaldsins og atvinnurekendavaldsins takist að koma ár sinni svo fyrir borð, að mjög litlu verði varið til verklegra framkvæmda og það geti þannig komið það ástand, sem þeir óska eftir.

Það hefur verið bent á það hér, hvað Alþ. gerði mikla skissu, þegar þáltill. frá sumarþ. fór í gegn, án þess að hv. þm. gæfist kostur á að athuga hana til hlítar, og margir þm. greiddu henni atkv. án þess að gera sér grein fyrir, hvað hún þýddi. Aftur á móti eru ýmsir menn, sem ekki verða sakaðir um allt of mikla ábyrgðartilfinningu, sem hafa sjálfsagt vitað, hvað þeir voru þá að gera. Og þeir voru áhugasamir um það, að sem minnstar umr. yrðu um þáltill., en að hún yrði knúin í gegn með offorsi og frekju. Þeir treystu því, að hægara væri að koma áformum sínum þannig fram, og það hefur verið rétt hjá þeim. En þeir hv. þm., sem eftir á hafa séð, að þeir gerðu þarna skissu, hefðu átt að læra af þessu og ekki brenna sig aftur á sama soðinu. Og margir hv. þm. vildu afgreiða fjárlagafrv. nú á venjulegan hátt, en þeir voru hlunnfærðir og þessi afgreiðsla barin fram af gæðingum Sjálfstfl. og Framsfl.

Hv. þm. Ísaf. (FJ) sagði í ræðu sinni: Hvaðan kemur honum (þ. e. mér) réttur til að saka menn um það, að menn hafi greitt atkv. gegn betri vitund? Ég veit vel um þetta, því að ýmsir hv. þm. hafa játað það við mig, að það væri þeirra skoðun, að eðlilegt væri og sjálfsagt og réttlátt að afgreiða fjárl. á venjulegan hátt, en sagt, að þeir hafi verið bundnir í flokkunum. Sumir hv. þm. viðurkenna þetta þannig sjálfir. Svo það er óþarft fyrir hv. þm. Ísaf. að spyrja svona.

Þá var hv. þm. ergilegur yfir því, að sósíalistar væru að draga sig í dilk með Jónasi Jónssyni, hv. þm. S.-Þ., og reyndi hv. þm. Ísaf. að sverja sig úr skyldleika við hv. þm. S.-Þ. og verk hans. En hv. þm. Ísaf. hefur hjálpað hv. þm. S.-Þ. og öðrum afturhaldsseggjum með atkv. sínu um, að fjárl. skuli verða afgr. á þennan óvenjulega hátt, að þeim yrði ekki vísað til n., svo að n. gæti lokið starfi og frv. komið á venjulegan hátt fyrir þingið. Hann hefur greitt atkv. um þetta. Og þó að hann afneiti hv. þm. S.-Þ., hefur hann leikið þetta þjónshlutverk við hv. þm. S.-Þ. eins vel og hann gat.

Þessi sami hv. þm. var að tala um, að það væri vafasamt, að hægt væri að tala um nokkurn minni hl. í fjvn. Hann er nú að staglast á þessu sama, að í raun og veru hafi enginn skoðanamunur verið í n., þar hafi allir verið á einu máli, og þeir hafi sameinazt um eitt nál. Ég hef útskýrt það áður, og beinlínis lesið upp ágreining okkar hv. 6. landsk. þm. (LJós), þar sem við lýsum okkar afstöðu. Og eins og við gerðum grein fyrst fyrir þessu, var þetta betur orðað, en hv. þm. Ísaf. bað okkur að breyta orðalaginu og hafa það eins og gert var. Og við gerðum það eftir beiðni hans að hafa það orðalag á þessu, sem fram er komið. En það er hægara að snúa út úr yfirlýsingunni um ágreining okkar, þegar hann er með því orðalagi, sem hann er heldur en ef það orðalag hefði verið látið standa, sem við hv. 6. landsk. þm. höfðum á þessu fyrst. Mér datt ekki í hug, að þessi hv. þm. Ísaf. hefði komið fram af undirhyggju eða fláttskap. En þegar hv. þm. Ísaf. segir hér í ræðu eftir ræðu, að bezta samkomulag hafi verið í n., fer mig að gruna, að svo hafi verið, því miður. Ég tók upp nokkrar brtt., sem ég mundi eftir, að ágreiningur hafði verið um í fjvn. Svo koma hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) og hv. þm. Ísaf. og segja, að ég hafi ekki farið rétt með, og röksemdin um það var hjá hv. þm. Ísaf. sú, að það væri alls ekki búið að taka afstöðu til þess, hvort fjvn. vildi mæla með nokkrum tugum þús. kr. til þess að gera við Menntaskólann á Akureyri. Ég veit, að ég sagði aldrei, að það væri búið að afgreiða þetta mál í n. En við hv. 6. landsk. þm. vildum fá þetta inn í nál., en fundum það svo ekki í nál. Við vildum láta standa þar till. um 50 þús. kr. fjárveitingu til aðgerða á leikfimihúsi þessa skóla, en við fengum því ekki ráðið. Ég get ekki um það fullyrt, að n. muni ekki samþ. þetta. En um það verður ekki deilt, að fjvn. í heild vildi ekki hafa þetta í nál. strax, en við hv. 6. landsk. þm. vildum hafa þetta þar með, og um þetta var ágreiningur.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að það hefði verið skylda okkar í þessum svo kallaða minni hl. í n., að ef við hefðum ætlað að gera þetta uppsteyt, þá hefðum við átt að skila sérstöku nál. Þá brosti margur, þegar hann sagði þetta. Slíkur leikaraskapur getur kannske blekkt einhvern, en margir munu hlægja að þessu og öðru í starfi hans í n. Það var gott samstarf, meðan verið var að kjósa hann fyrir formann fjvn. Hann vildi ekki vera „illoyal“ við okkur á meðan, sem studdum hann til formanns í n., en síðan hafa sem mest samstarf við hv. þm. Borgf. og hv. þm. S.-Þ. Og viðleitni hv. formanns fjvn. hefur verið að hafa sem mest samstarf við þessa menn. En það er nú svo, að það getur gengið tíma og tíma fyrir ýmsa menn að leika sér að því við kosningar og sýna, að þeir hafi gott samstarf við vissa menn, meðan verið er að kjósa þá, en hlaupa svo frá öllu saman eftir kosninguna, eins og þessi hv. þm. (FJ) er vanur að gera. Hann gekk til kosninga sem fulltrúi verkalýðsins, en gekk svo til samstarfs og stuðnings við ríkisstjórnina til þess að framkvæma gengislækkunina 1939. En það er ekki hægt að leika það við alla kjósendur að fara slíku fram og þykjast svo hafa verið að gera sitt bezta.

Þá var það enn eitt, sem þessi hv. þm. var að minnast á. Hann sagði, að það hefði gætt dálítillar ónákvæmni hjá mér, og brosti háðskur yfir því, þegar ég hefði sagt, að til þess að ljúka Öxnadalsheiðarveginum þyrfti ekki nema 360 þús. kr. Og hann tók réttilega fram, hvað vegamálastjóri hefði látið í ljós, að þyrfti til ýmissa vega. Mér var þetta vel kunnugt, og datt mér ekki í hug að segja, að ekki þyrfti nema 360 þús. kr. til þess að ljúka þessum vegi. Þar gætir dálítillar ónákvæmni hjá hv. þm. Ísaf., svo að ég noti hans orðalag, þar sem hann segir, að ég hafi sagt þetta. En ég talaði um, að 360 þús. kr. þyrfti til þess að gera veginn sæmilegan, og það er annað en að byggja hann fullkomlega á þann hátt, sem ráðgert er, sem kostar milljónir. Þessi hv. þm. ætti að gæta dálítið meiri nákvæmni í sínum ræðum.

Þá ráðlagði þessi sami hv. þm. mönnum að vera ekki að gera grín að útliti manna. Hann sagði, að ef menn kæmu t. d. órakaðir á fund, þá væri óviðeigandi að geta um slíkt. Það er rétt, og mér mundi heldur ekki koma til hugar annað eins alvöruleysi eins og það að fara að tala t. d. um það, hvað hv. þm. gerir sig stundum teprulegan í málrómnum. Og ég hef heldur alls ekki gert grín að því, að hv. 1. þm. Rang. hefði verið órakaður né að útliti hans á neinn hátt. Ég talaði um, að hann hefði verið á fundi, þegar greidd voru atkv. um mjög alvarlegt mál. Hann sat hjá, þegar greidd voru atkv. um það, hvort ætti að kasta fjárl. hálfköruðum inn í þingið. Svo stendur hann hér upp blóðrauður út að eyrum og stamandi og reynir að bera fram afsakanir fyrir því að hafa orðið að beygja sig á því augnabliki við atkvgr. í n. Þetta er pólitískt mál. Annars hefði ég ekki gert það að umtalsefni. Það er meira en lítið alvörumál, að það skuli geta komið fyrir, að þm., sem eru á réttri skoðun um eitthvert mál, skuli láta kúga sig til þess að breyta á móti sannfæringu sinni. Það er ekkert grínmál. Þetta vil ég leyfa mér að útskýra fyrir hv. þm. Ísaf., sem stundum blandar mjög saman gríni og alvöru.

En ummælum hv. 1. þm. Rang. um mig ætla ég ekki að svara orði til orðs. Honum þóknaðist að lýsa yfir, að það væri vanvirða fyrir Alþ., að slíkur maður eins og ég skyldi hafa komizt hér inn. Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. hefur haft í huga eitthvert stórkostlegt afrek eða stórvirki, sem eftir hann liggi í hans þingsögu, og það hafi komið honum til að tala svo digurbarkalega sem hann gerði. Hann vorkenndi fl. mínum, að ég skyldi sitja hér fyrir hann á Alþ. En það er ekki langt síðan, að margir hv. þm. samþ. það hér á Alþ., að það væri vanvirða fyrir Alþ., að sósialistar sætu á þingi. Og mínir flokksmenn, sem sátu þá á Alþ., tóku því þá eins og vera bar, eins og þeim ágætu mönnum var líkt, eins og smá-skítkasti, sem ýmsum hávaðamönnum og pólitískum misindismönnum tókst að koma fram. Mínir flokksmenn tóku þessu með stillingu og gætni og vorkenndu mönnum, sem gerðu sig seka í því að láta móðursýkistilfinningar ná slíkum tökum á sér. Ég ætla að taka þessum persónulegu árásum með sama jafnaðargeði. Ég tek þetta svo sem hv. 1. þm. Rang. hafi fengið svolitið móðursýkiskast, og þegar það rennur af honum aftur, þá muni hann sjá, að hann hafi ekki orðið neitt meiri maður af þessum ummælum, sem hann hefur haft hér og ég gat um. Og það sýndi bezt, hvað hann átti bágt með að athuga, hvað hann sagði, að hann sagði, að þau mál, sem í nál. eru tekin, hefðu ekki verið rædd eða samþ. í nefndinni. Þetta sýnir, að maðurinn hefur alls ekki haft vald á því, hvað hann var að segja, því að hann var í svo æstu skapi.

Þá var annað mál, sem hann minntist á, hvort ætti að veita 15 þús. kr. til kirkjubyggingar á stað, sem er svo stutt frá næsta kirkjustað, þar sem er reisuleg kirkja, að ekki er nema örskot á milli. Um þetta var ekki greitt atkv. í n., segir þessi hv. þm. Það voru samt greidd atkv. um þetta í n.; að vísu er ekki búið að afgreiða þetta sem endanlega till. fjvn. En það fór fram atkvgr. um það í n., hverjir væru með því að taka þetta á lista til athugunar. Ég og fleiri í n. vildum fella þetta niður að byggja kirkju þar, sem hagar svo til, að kirkja er á næsta bæ svo sem örskot í burtu. En sumum fjvnm. fannst sjálfsagt mál að samþ. þessa fjárveitingu, og hygg ég, að þeir muni greiða atkv. með því, þó að mér virðist það fullkomlega ábyrgðarlaust að gera slíkt.

Ég vil taka fram, að ég þykktist ekki vitund af þessum orðum hv. 1. þm. Rang. Og ég vil í fullu bróðerni óska honum þess, að hann verði svo sjálfstæður maður í öllum sínum sökum, að hann falli aldrei frá skoðunum sínum og sannfæringu og enginn yrði megnugur að kúga hann, og sérstaklega, að það komi aldrei fyrir, að honum verri menn geti beygt hann eða teygt frá málstað sínum. Þess óska ég honum af heilum hug.

Hv. þm. S.-Þ. (JJ) hélt hér langa grínræðu í dag. Menn flykktust þá hér saman og hlógu, og fáir hafa líklega tekið þessa ræðu hans alvarlega. Var þá um margt talað utan við dagskrármálið. Og meiri hluti manna, hygg ég, að hafi tekið í gríni meiri hluta ræðu hans þá. Samt sem áður fólst í þeirri grínræðu djúp alvara að ýmsu leyti, og nokkur atriði í ræðu hans er ekki hægt annað en að minnast nokkuð á. Það er ekki hægt fyrir okkur sósíalista annað en að bera fram eina alvarlega spurningu: Hvert er Framsfl. að fara? Formaður þess fl. stendur hér upp og heldur því fram, að enginn heiðarlegur þm. ætti að leggja sig í það að vinna með kommúnistum, eins og hann kallaði það. Á sama tíma, sem hv. þm. S.-Þ. lýsir sósíalistum sem pólitískum banditum og þjófum og með alla vega sterkum orðum, þá hefur fl. hans starfandi samninganefnd, sem lætur vera að vinna að því, að milli Sósfl., Framsfl. og Alþfl. takist samningar um vinstri stjórn. Það hlýtur að koma fram sú spurning hjá okkur sósíalistum: Hvort er það nefndin, sem kemur fram í nafni Framsfl., eða formaður Framsfl., sem stendur hér upp og lýsti stefnu Framsfl. hér í dag? Við viljum fá skýr svör. Fékk hv. þm. S.-Þ. móðursýkiskast, og fyrirlítur flokkur hans þessa ræðu hans, eða er þessi n., sem lætur vera að ræða við sósíalista um myndun ríkisstj., aðeins að falsa og blekkja? Það er eðlilegt, að þessu sé svarað hér á hæstv. Alþ., en verði það ekki gert, hljótum við sósíalistar að heimta skýr svör af fulltrúum Framsfl. í samninganefndinni.

Hv. þm. sagði, að örlög kommúnista hér á þingi mundu verða þau, sem þeir ættu skilið; allir mundu snúa við þeim baki; enginn heiðarlegur þm. gæti haft við þá samstarf, því að þeir hlíttu ekki settum leikreglum, en stefndu að því að brjóta niður þingræðið og lýðræðið í landinu. Ef þetta væri rétt um fimmta hluta þm., ætti að vera sjálfsagt, að hv. þm. og flokksmenn hans hættu þegar í stað öllum viðræðum við okkur um sameiginlega ríkisstj. Enn fremur lét hv. þm. sér sæma að líkja flokki okkar við flokk nazista í Þýzkalandi, sagði, að kommúnistafl. og nazistafl. væru sams konar ofbeldisflokkar. Það er furðulegt, að nokkur maður, sem þykist vera andstæður nazismanum, skuli geta látið sér slík

orð um munn fara á þessum tímum og ímyndað sér, að hann geti barizt á móti nazismanum jafnframt því að fjandskapast við kommúnismann. Hverjir eru það, sem jafnan hafa verið á oddinum í baráttunni við nazismann? Hverjir aðrir en kommúnistar? Hvernig er um eina ríkið í veröldinni, þar sem stefna kommúnista er ráðandi, Rússland? Berst það ekki hetjulegri baráttu gegn nazismanum? Og hvernig mundi hafa farið fyrir okkur á Íslandi, ef sú barátta hefði ekki verið háð? Mundi ekki vera hér ríkjandi rammasta afturhald? Á meðan nazisminn er eins sterkur og verið hefur nú um tíma, virðist alveg augljóst mál, að nauðsyn sé á því að sameina öll andstöðuöfl nazismans og þar megi enginn skoðanamunur um önnur málefni koma til greina. Þeir menn, sem vinna að því að kljúfa andstæðinga nazismans í fjandsamlegar fylkingar með því að vekja tortryggni gagnvart þeim flokki, er hetjulegast hefur barizt móti nazismanum, þeir eru vitandi eða óvitandi í þjónustu nazismans. Nú á tímum er beinlínis hægt að þekkja heiðarlega lýðræðissinna og andfasista á því, hvort þeir eru með þessari sameiningu allra afla, sem nazismanum eru andstæð, eða ekki.

Í raun og veru var þessi hjákátlega ræða hv. þm. S.-Þ. að miklu leyti í nazistaanda, svo sem þær kenningar hans, að ofsækja bæri og straffa skáld og listamenn, sem væru kommúnistar, neita þeim um styrki og forðast að lesa bækur þeirra. Sama máli gegnir um þá kenningu hans, að sá geti ekki verið skáld, sem gerist áróðursmaður fyrir sérstakan stjórnmálaflokk. Það er óþarfi að sýna fram á, hvílík vitleysa þetta er. Mörg af mestu skáldum heims hafa haft ákveðnar stjórnmálaskoðanir og barizt fyrir þeim. Skáldið Halldór Kiljan Laxness vill hann láta ofsækja og gleðst yfir því, að til eru sveitir á Íslandi, þar sem tekizt hefur að skapa þvílíkt ofstæki manna á meðal, að bækur hans eru ekki lesnar. Þetta minnir óneitanlega á það, er uppæstar nazistastelpur í Danmörku safna saman bókum skáldsins Andersens Nexös og brenna þær á báli. En allir vita, að Halldór Kiljan er jafnframt því að vera ákveðinn sósialisti eitthvert mesta skáld Íslands. Og ég veit, að mikill fjöldi Íslendinga metur hann að verðleikum og skammast sín fyrir þau orð, sem hv. þm. S.-Þ. hefur um hann haft.

En svo er skoplega hliðin á þessu öllu. Hefur hv. þm. sjálfur lifað eftir kenningum sínum? Hann vill ofsækja skáld, sem vitað er um, að eru sósialistar eða kommúnistar. Nú vill svo til um þennan hv. þm., að hann ræður að mestu yfir geysimiklu útgáfufyrirtæki, sem ríkið kostar að vísu. Og hann finnur af hyggjuviti sínu, að vel muni við eiga að gefa út rit skáldsins Stephans G. Stephanssonar, og sjálfur hefur hann farið virðingarorðum um þetta skáld. Nú er það vitað, að St. G. St. hefur ekki aðeins talið sig sósialista, heldur beinlínis bolsévika, eins og glögglega kemur fram í bréfum hans. Ég veit, að hæstv. forseti, sem ég hef ekki reynt að hlutdrægni, leyfir mér að lesa hér upp nokkrar línur úr bréfum St. G. St. Hann segir meðal annars:

„Og nú eru þau (flokksblöðin) að byrja að ljúga sig með lagi út úr sinni eigin lygi um „bolsévismann“ á Rússlandi, þegar engin brögð ætla að duga lengur til að skera hann niður, því hann sigrar heim allan á endanum, af því að hann er sanngjarnastur og eina hjálpin út úr þeim hreinsunareldi, sem mannheimur er staddur í, hann — eða mennirnir í dýpra viti að eilífu, það er ég viss um.“

Ég geri ráð fyrir því, ef Halldór Kiljan Laxness hefði skrifað þetta, að komið hefði löng grein í Tímanum um þennan landráðamann, sem allir góðir Íslendingar ættu að snúa baki við. En Jónas Jónsson hefur þó beitt sér fyrir því, að gefin væru út rit þess manns, sem skrifaði fyrrnefnd orð. St. G. St. segir enn fremur:

„Taflið er aðeins um — fæst þetta með lögum eða aðeins með bardaga? Rússastjórn æskir einskis nema friðar til að fullkomna hjá sér þetta fyrirkomulag, sem hún trúir á, en fær ekki frið. Öll „hervöld helvítanna“, auður og stjórnarvöld allra ríkja, sem nú eru uppi, siga á hana öllum hennar nágrönnum með mútum, undirróðri, liðstyrk, herbúnaði og hótunum. Þetta síðasta veit ég, því að það gerist nú samtíða mér. Hvernig nýja fyrirkomulagið reynist, er ímyndun mín enn, því það er ekki svo þrautreynt enn, né verður í minni tíð, en eftir bezta viti sé ég ekki annað úrræði almenningi lífvænlegt.“

Ég held, að þessar línur sanni, að St. G. St. skoðaði sig kommúnista, enda kallaði hann sig beinlínis bolsévíka. Ef hv. þm. S.-Þ. væri sjálfum sér samkvæmur, hefði hann sízt átt að beita sér fyrir því, að rit þessa manns væru gefin út í geysimiklu upplagi. Í sveitum þeim, þar sem menn vilja ekki líta við ritum H. K. L., að því er hann segir, ætti hann, finnst mér, að benda sínum andlegu sonum og dætrum á það, að háskalegt geti verið að lesa rit St. G. St.

Hv. þm. S.-Þ. deildi á sjálfstæðismenn á þingi fyrir að hafa gerzt aðstoðarmenn kommúnistans Kristins Andréssonar. Hann sagði, að þeir skildu ekki einu sinni, hverjar væru lágmarkskröfur um flokkssiðgæði. Flokkssiðgæði er þá að hans dómi fólgið í því að geta ekki fallizt á að styrkja skáld, ef þau eru pólitískir andstæðingar. Ég veit, að fjöldi hv. þm. hefur hlustað á þetta með viðbjóði. Ég er viss um, að þeir vilja yfirleitt ekki viðurkenna slíkt flokkssiðgæði. Þó að menn séu hér bundnir flokksböndum, treysti ég því, að þetta flokkssiðgæði verði ekki ofan á, heldur reyni hv. þm. að lagfæra þau axarsköft, sem gerð voru með því að taka styrkveitingar til skálda og listamanna úr höndum Alþ.

Hér hefur komið fram brtt. á 324. þskj. við brtt. þá, sem áður var fram komin um það að taka styrki til skálda og listamanna aftur upp í 18. gr. Ég skal ekki ræða þessa till. ýtarlega, en aðeins minna á það, að þeir Davíð Stefánsson, Guðm. G. Hagalín og Magnús Ásgeirsson hafa hér nokkra sérstöðu að því leyti, að þeim voru veittar stöður við bókasöfn úti á landi í viðurkenningarskyni og sem nokkurs konar skáldastyrkur. Það má raunar segja, að það sé ekki styrkur að leyfa þeim að vinna fyrir sér á þennan hátt. En samt var þetta hugsað þannig, og þess ber að gæta, að þessar stöður eru hagstæðar og hafa orðið þeim til mikillar hjálpar. Ég minnist aðeins á þetta, en mun ekki gera það að neinu kappsmáli, hvorki til eða frá. Annars býst ég

við, að orðið geti nokkrar deilur, þegar á að fara að vega og meta það, hverjir eigi að fá 5000 kr., hverjir 4000 kr. o. s. frv., en augljóst virðist þó, að minni hætta er á mistökum, ef þinginu er fengið þetta í hendur en menntmn. Ég mæli því eindregið með því, að frá þessu verði gengið hér í þinginu.

Sigurður Bjarnason: Ég get að mestu leitt hjá mér það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði í sambandi við XXVII. brtt. á þskj. 312 og þátt minn og hv. þm. Snæf. í henni, sérstaklega þar sem það snertir lítt kjarna málsins. Þó verð ég að benda á þá kaldhæðni örlaganna, sem kemur fram í því, er hv. þm. S.-Þ. stendur hér upp og eys auri yfir kommúnista, um leið og lýst er yfir því í blaði hans, að haldið sé áfram samningum við þessa landráðamenn, sem hann líkir við þjófa og morðingja. Það situr þess vegna illa á honum að saka okkur hv. þm. Snæf. um að hlúa að kommúnismanum. Að öðru leyti get ég leitt hjá mér þessa ræðu, sem var lítið annað en uppsuða úr gömlum Tímadálkum. Annars er það furðulegt, þegar verið er að reyna að læða því inn hjá þjóðinni, að verið hé að hlynna að kommúnismanum með því að taka upp þá stefnu, sem listamenn hafa sjálfir óskað eftir. Má benda á það, að meðal þeirra manna, sem óskað er eftir, að veittur verði styrkur í 18. gr., eru mjög fáir, sem verið hafa í tengslum við ákveðna stjórnmálaflokka.

Ég er á sama máli og margir aðrir um það, að óheppilegt sé, að áróðri sé blandað saman við listastarfsemi. Mun það og fremur fátítt hér á landi.

Ég ætla svo að víkja að aðalefni till. okkar, að horfið verði að sama ráði og áður var með því að taka viðurkennda listamenn inn á 18. gr. Það er algerlega óviðunandi, að á þeim fari fram árlegt mat og þeir séu vegnir á vog hálfsefasjúkra gamalmenna eins og hv. þm. S.-Þ., sem hefur haft forustu þeirrar stofnunar, sem úthlutað hefur listamannastyrkjum. Enda hefur þetta fyrirkomulag reynzt hörmulega, svo að skapazt hefur fjandskapur og óvild milli listamanna og þeirra, er úthlutað hafa listamannastyrkjunum. Þetta er því alveg fordæmt skipulag á þessum málum. Þegar formaður menntamálaráðs stendur árum saman í svæsnum og rætnum svívirðingum við þá, sem hann á að styrkja og styðja, þá er auðsætt, að það hlýtur að leiða út í hreina vitleysu. En svona hefur þetta verið.

Af þessum ástæðum flytjum við till. okkar á þskj. 312, en ekki til þess að hlúa að kommúnistum. En það er eitt af herbrögðum hv. þm. S.-Þ. að reyna að kenna alla listamenn við kommúnisma, og ég er viss um, að það herbragð hans hefur aukið fylgi kommúnista meira en flest annað. En ég er mest hissa á því, að flokkur þessa hv. þm. skuli geta staðið í samningum um stjórnarmyndun við þessa menn, sem hann hefur nefnt bæði þjófa og morðingja.

Ég vil í sambandi við þá stefnubreytingu, sem felst í þessari till., minna á, að listamannaþingið í haust samþ. einróma að taka upp þá stefnu, sem í till. felst, og hygg ég, að hv. þm. geti hlustað á rödd þeirra manna án þess að skemma álit þingsins.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða miklu meira um þetta. Ég vil aðeins benda á það, að þótt ég standi að þessari brtt., þá er mér ljóst, að ýmsir gallar geta verið og eru á úthlutuninni samkv. henni. En það raskar ekki þeirri staðreynd, að hver breyt. í þessum málum hlýtur að verða til batnaðar frá því, sem nú er.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um nöfn þeirra listamanna, sem við höfum tekið upp í till. okkar. Til samanburðar höfðum við síðustu úthlutun Alþ. á 18. gr. Um það má vitanlega ýmislegt segja, það má vel vera, að því þingi hafi yfirsézt um eitt eða annað, en við álítum ekki rétt að byrja með því að taka neinn út af þeim mönnum, heldur höfum við bætt ýmsum nýjum við.

Alþ. þarf að átta sig á því, hvernig ástandið raunverulega er orðið í þessum málum, það er alveg óþolandi. Takist aftur á móti samvinna með listamönnum og þeim, sem að þeim eiga að hlynna, og verði þessi till. samþ. og stefnubreyt. mörkuð, þá mætti nokkuð betur una við en áður.

Ég lýk máli mínu með því að óska þess, að Alþ. beri gæfu til að ráða vel og viturlega fram úr þessum málum, svo að ekki endurtakist hinn ljóti leikur undanfarinna ára.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég mun reyna að stytta mál mitt eins og mér er unnt.

Út af ummælum hv. 2. landsk. viðvíkjandi þeim bókavörðunum Magnúsi Ásgeirssyni, Davíð Stefánssyni og Guðmundi Hagalín, um að þeir nytu sérstöðu, þá vil ég benda á, að það er ekki rétt. Þótt þeir standi hér á fjárl., þá hafa bókasöfn þeirra ekki hærri styrk en önnur, eða aðeins kr. 2500 hvert. Það er því rangt, að stofnanir þær, sem þeir vinna við, njóti sérstakra hlunninda. Eini munurinn er sá, að framlagið til þessara bókasafna er bundið því skilyrði, að nefndir menn séu ráðnir við þau sem bókaverðir. Þegar hv. 2. landsk. er því að tala um sérstöðu þessara manna, er grunur minn sá, að honum hafi ekki þótt þeir nógu þægir ljáir í þúfu kommúnista.

Ég lýsi yfir því, að afstaða mín fer eftir því, hvort misréttið í þessari till. er leiðrétt.

Þá skal ég víkja máli mínu að hv. 2. landsk. Hann hefur nú endurtekið þau ummæli sín, að þm. muni hafa greitt atkv. móti betri vitund. Hæstv. forseti hefur ekki vítt þessi ummæli, og hygg ég það stafi af því, að honum hafi ekki þótt ásakanirnar svo þungvægar frá þessum hv. þm. Ég er ekkert undrandi, þótt ég fengi sitt af hverju frá honum. En þó hefur tal hans að þessu sinni farið svo langt út fyrir það, sem venjulegt og frambærilegt er, að það hefur alveg gengið fram af mér.

Hann gerði að umtalsefni formannskosningu mína í fjvn. Sagði, að ég hefði verið nógu blíður, meðan ég hefði verið að fá mig kosinn. Sannleikurinn er sá, að ég færðist undan því að vera kosinn og stakk upp á hv. 2. þm. S.-M. (EystJ). Ég átti tal um þetta við hann, og leyfði hann mér að stinga upp á sér. Eins talaði ég um þetta við hv. 6. landsk. (LJós) og vitna um það til hans. En bæði hv. 2. landsk. (ÞG) og hv. 6. landsk. neituðu að kjósa hv. 2. þm. S.-M. og kváðust ætla að kjósa mig, þótt ég bæðist undan því. Geti hv. 2. landsk. fengið hv. 6. landsk. til

að bera annað í þessu máli en ég hef hér sagt, þá skal hann reyna. En geti hann það ekki, þá stendur hann afhjúpaður sem vera ber. Ég treysti á drengskap hv. 6. landsk., þótt ég treysti ekki á drengskap hv. 2. landsk. Ég hafði ekki búizt við að þurfa að ræða þetta mál hér opinberlega, en verð að gera það að gefnu tilefni.

Hv. 2. landsk. gerði sig hlægilegan að því leyti, er hann lýsti því, hvernig ég hefði átt að ginna hann, þennan skelegga baráttumann, til þess að gefa út allt annan fyrirvara en hann raunverulega ætlaði að gefa út. Ég aðstoðaði þá félaga við að koma fyrirvara sínum í form, það voru öll mín afskipti af þessu máli. Mér fannst það vera skylda mín sem formanns n. að leiðbeina þeim um þinglegan fyrirvara. Ég bjóst aldrei við neinu sérstöku þakklæti fyrir þetta, en að hv. 2. landsk. gerði sig eins að athlægi viðvíkjandi þessu og hann hefur gert, það datt mér ekki í hug.

Ég læt þetta nægja um þennan hv. þm. En ég veit með vissu, að þótt deildar meiningar kunni að vera um ýmislegt í fjvn., þá mun n. öll vera á einu máli um framkomu hans nú. Eins og ég áður hef lýst yfir, þá vann þessi hv. þm. í fjvn. með drenglyndi, að ég hélt, þótt framkoma hans sé nú orðin öll önnur. Ég veit ekkert, hvað veldur þessu, en ég vil að síðustu óska Sósfl. þess, að hann megi vaxa í réttu hlutfalli við sanngirni og drengskap þessa hv. þm. (ÞG).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég skal vera fáorður. Þó vil ég geta þess að gefnu tilefni, að mér virðist form. fjvn. hafa sýnt staka lipurð í starfi sínu.

En ástæðan til þess, að ég stóð upp, var sú, að n. hefur enn ekki getað haft fund um fram komnar brtt., en sumar þeirra eru þannig, að ég mundi óska eftir að geta athugað þær betur, áður en gengið væri til atkvgr. Ég mæli hér aðeins fyrir mig, en ekki fyrir hönd n., en þó munu ýmsir hugsa líkt og ég um þetta.

Það er t. d. brtt. við læknisvitjanastyrkinn. Ég vildi taka það mál upp á öðrum grundvelli og vildi óska, að þetta kæmi ekki til atkvgr. strax.

Þá er brtt. um, að tillag til náttúrufræðifélagsins sé hækkað. Ég er heldur ekki búinn að athuga þá brtt., og er sama um hana að segja, að ég vildi geta athugað hana nánar. Hinu sama gegnir um 21. lið á sama þskj. (þskj. 312), um framlag til Bandalags íslenzkra listamanna. Eins er um skólasjóð og 26. lið á þessu sama þskj. Ég óska eftir, að þessar brtt. séu teknar aftur til 3. umr., og hinu sama gegnir með suma liðina á þskj. 303.

Í fáum orðum sagt stóð ég aðeins upp til þess að fá þessar brtt. teknar aftur til 3. umr. Ég blanda ekki öðru inn í þetta mál mitt, en ég undrast aðeins þær umræður, sem hér hafa farið fram, sem ekkert tilefni virðist hafa gefizt til í n. Þetta er eitthvert móðursýkiskast út af hræðslu við niðurskurð.

Kristinn Andrésson: Það eru aðeins nokkur orð viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ísaf. sagði um brtt. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Styrkhæstir menn höfðu 5000 kr. árið 1938. Þessir allir voru með 2500 kr. Við gátum ekki hækkað þá alla. Við gátum ekki skilið ráðstafanir Alþ. öðruvísi en styrkur sá, sem þeir hafa á 15. gr., til bókasafna, væri bókasafnsstyrkur. En eins og ég tók fram fyrr í dag, greiði ég með ánægju atkv. með þeirri till., sem fram er komin. Ég greiði með ánægju atkv. með því, að ekki sé verið að metast um menn eftir pólitískum skoðunum eða eftir því, hvort einhver litur á þennan sem meira skáld en annan.

Ég get tekið undir það, að þessir styrkir komi aftur undir 18. gr. fjárl. Hins vegar tekur mig sárt, að þessar harðvítugu deilur skuli hafa þurft að vera hér út af listamönnum. Og mér finnst, að Alþ. ætti nú að binda enda á þetta mál með því að láta listamenn fá vilja sínum framgengt í þessu efni og setja þá aftur inn í 18. gr. Það er sorglegt, að þessar illvígu deilur skuli þurfa að endurtaka sig hvað eftir annað, utan þings og innan, um þessi mál. Og ég harma mjög mikið, ef ég þarf framvegis að verða þátttakandi í svona deilum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 3. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 268, 269, 303, 312, 320, 324).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 320,1.a—b felld með 26:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, ÓTh, PM, SB, SK, BBen, EE, GJ, GÍG, GTh, IngJ, JJós, GSv.

nei: JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JPálm, JJ.

KA, LJós, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl greiddu ekki atkv.

1 þm. (HG) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu.

Eysteinn Jónsson: Fjvn. hefur ekki skilað neinum brtt. við ýmsar gr. fjárlfrv. Ég vil ekki taka afstöðu til fjárveitinga á þeim liðum, fyrr en ég hef séð till. fjvn. við 3. umr. og mun því greiða atkv. gegn till. frá einstökum þm.

Brtt. 269,1.a—b samþ. með 39:2 atkv.

— 269,1.c—d samþ. með 32 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 269,2,a—e samþ. með 40 shlj. atkv.

— 269,3 samþ. með 39 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 269,4 samþ. með 40 shlj. atkv.

— 269,5—17 samþ. með 37 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég vildi sérstaklega viðvíkjandi brtt. um læknisvitjanastyrki spyrjast fyrir um það hjá tillögumönnum, hvort þeir vildu ekki taka þær aftur til 3. umr. og að fjvn. athugaði þær til þess tíma, er hún fer fram.

Brtt. 320,2.a—b teknar aftur.
— 312,I—II.a—b teknar aftur.
— 269,18—24 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 312,III felld með 27:10 atkv.
— 269,25—28 samþ. með 41 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 312,IV—VI teknar aftur.
— 312,VII felld með 25:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, SK, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EE, GG, GTh, KA, LJós.
nei: PM, PO, SÞ, SkG, StJSt, ÞÞ, BBen, EystJ, FJ, GÞ, GJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PZ.
SvbH, BSt, BÁ, EmJ, GÍG, PHerm, PÞ, GSv greiddu ekki atkv.
2 þm. (SEH, HG) fjarstaddir.
7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínum:

Stefán Jóh. Stefánsson: Með því að ég hef fengið þær upplýsingar frá hv. fjvn., að þetta atriði sé eitt af mörgum, sem óathugað er í n., og ég vil gefa n. færi á að athuga það, segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Ég vonast eftir, að fjvn. athugi þetta atriði eins og svo mörg önnur, sem bíða til 3. umr., og úr því að flm. þessarar till. hafa ekki fengizt til að taka hana aftur, treysti ég mér ekki til að greiða atkv. að svo stöddu.

Bjarni Benediktsson: Að fengnum upplýsingum hv. 4. þm. Reykv. og með skírskotun til hans röksemda segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Mér er ekki kunnugt um, að nein sérstök von sé til þess, að fjvn. ætli að leiðrétta þennan lið til neins verulegs batnaðar, og segi því já.

Eysteinn Jónsson: Ég álít, að eðlilegt væri að hækka eitthvað fjárveitingu til þessa bókasafns. En með því að hv. 1. flm. þessarar brtt. (ÞG) er einn að fjvnm., en hefur ekki í þeirri n. flutt till. um að breyta þessum lið, áður en hann gerir það með þessari brtt., þá vil ég bara láta í ljós, að mér líkar ekki slík vinnubrögð, og segi því nei.

Finnur Jónsson: Ég segi nei, með tilvísun til grg. hv. 2. þm. S.-M. og með sömu forsendum.

Magnús Jónsson: Mér þykir þessi hækkun allt of mikil og segi nei.

Brtt. 312,VIII felld með 27:9 atkv.
— 269,29—32 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 312,IX felld með 30:10 atkv.
— 312,X felld með 34:9 atkv.
— 312,XI tekin aftur.
13. gr., svo breytt, samþ. með 39:2 atkv.
Brtt. 269,33.a—d. samþ. með 36 shlj. atkv.
— 303,I tekin aftur.
— 269,34—37 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 312,XII tekin aftur.
— 269,38—44 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 269,45.a felld með 28:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BG, BSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍG, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH.
nei: ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, GJ, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SK, STh, StgrA, GSv.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
1 þm. (HG) fjarstaddur.
Brtt. 269,45.b. samþ. með 33:3 atkv.
— 269,46,a—b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 269,47,a.1—2 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 312,XIII felld með 33:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, IngJ, KA, LJós.
nei: PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GJ, GÍG, GTh, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, GSv.
BG, BSt greiddu ekki atkv.
3 þm. (HG, ÓTh, PM) fjarstaddir.
7 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Þorsteinsson: Mér er fullljóst, að það er þörf barnaskólabygginga, en þar sem upplýst er af fjvn., að hér er farið fram á mun hærri upphæð en fræðslumálastjórnin hefur óskað eftir, segi ég nei.

Sigfús Sigurhjartarson: Þar sem Kennarasamband Íslands hefur farið fram á, að varið sé á þessum lið 7 millj. kr., ætla ég, að ekki sé til of mikils mælzt, þótt ég segi já.

Bernharð Stefánsson: Ég álít og hef um það nokkrar upplýsingar, að fjvn. hafi ætlað of lítið til þessarar starfsemi. En hins vegar held ég, að í þessari till. sé farið fram á allt of mikið og treysti mér ekki til að greiða atkv. um hana.

Finnur Jónsson: Einn fjvnm., sem er flm. að þessari till., er einnig flm. að annarri till. um fé til hins sama á þskj. 269, mun lægri upphæð en hér. Ég vildi gefa honum tækifæri til að skýra frá, hver breyt. hefur orðið á þessu máli, síðan hann gerðist flm. fyrri till., og segi því nei.

Forseti (GSv): Ég vil minna hv. þm. á, að umr. er lokið, ef hann er að óska þess, að annar þm. haldi ræðu.

Gísli Guðmundsson: Með tilvísun til röksemda hv. 1. þm. Eyf. segi ég nei.

Ingólfur Jónsson: Með því að mér er ljóst, að barnafræðsla í sveitum er mjög í molum, og enda þótt mér þyki þessi tillaga of lág, þá segi ég já.

Magnús Jónsson: Af því að ekki er hægt að komast að raun um, hvort þetta er of hátt eða of lágt, er víst bezt ég segi nei.

Brtt. 269,47.b samþ. með 33:1 atkv.
— 269,47.c samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 303,II tekin aftur.
— 269,48—56 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 312,XIV felld með 29:9 atkv.
— 269,57 samþ. með 28:4 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 312,XV felld með 26:10 atkv.
— 269,58—59 samþ. með 37:2 atkv.
— 312,XVI tekin aftur.
— 269,60 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 312,XVII felld með 26:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BrB, EOl, FJ, GTh, JJós, KA, LJóh, LJós, SigfS, SG, STh.
nei: SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, HelgJ, IngJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PZ, PM, PO, SEH, SK.
BBen, EE, GG, GÍG, HermJ, PHerm, PÞ, SB, GSv greiddu ekki atkv.
1 þm. (HG) fjarstaddur.
Brtt. 269,61—71 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 312,XVIII tekin aftur.
— 312,XIX felld með 22:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, GG, GÍG, GTh, KA, LJós.
nei: ÓTh, PZ, PM, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, GÞ, GJ, HelgJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ.
PHerm, PÞ, StJSt, FJ, HermJ, IngJ, GSv greiddu ekki atkv.
2 þm. (HG, LJóh) fjarstaddir.
Brtt. 269,72—75 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 303,II tekin aftur.
— 269,76.a samþ. með 29:1 atkv.
— 269,76.b samþ. með 40 shlj. atkv.
— 312,XX tekin aftur.
— 269,77—80 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 312,XXI—XXII teknar aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 312,XXIII tekin aftur.
— 269,81—86 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 269,87—97 samþ. með 34 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 269,98—101 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 312,XXIV—XXVI teknar aftur.
— 269,102 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 269,103,a—b samþ. með 34:3 atkv.
— 320,II,2 samþ. með 28:5 atkv.
— 269,104—110 samþ. með 42 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 269,111—131 samþ. með 36 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Ég vil leyfa mér að fara fram á, að 27. liður á þskj. 312 verði borinn upp í einu lagi. Það er augljóst mál, að um það verður að greiða atkv. áður, hvort þm. vilja hafa úthlutun styrkja til rithöfunda, skálda og listamanna í höndum menntamálaráðs, eins og verið hefur, eða að þessi úthlutun heyri beint undir sjálft Alþ. Fyrr finnst mér það ekki geta komið til mála, að farið sé að greiða atkv. um hvern einstakan mann, er undir þennan 27. lið brtt. heyrir.

Forseti (GSv): Það eru dálítil vandkvæði á þessu. Eins og málið liggur fyrir, tel ég, að skylt sé að bera liðina upp hvern fyrir sig. En þar sem hér er um princip-mál að ræða, get ég á það fallizt, að Alþ. greiði atkv. um það, sem hér er um að ræða. Mun þá til greina koma að greiða atkv. fyrst um stafl. h. Eru að vísu töluverð vandkvæði á þessu, en ef hv. þm. vilja greiða atkv. um þetta sem princip, hvort nýr stafl. h. komi inn í frv., þá verður það gert.

Jakob Möller: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort ekki séu rétt þingsköp að bera fyrst upp brtt. við brtt. á þskj. 312 og síðan brtt. í heild; þá kæmi það af sjálfu sér, að hún yrði borin upp í heilu lagi.

Forseti (GSv): Ég lít svo á, að þetta sé ekki hægt, heldur verður að bera upp röð þessara manna hvert í sínu lagi eftir töluröðinni 1, 2, 3, o. s. frv., þar sem um fjárupphæðir er að ræða við hvern tölul., og staldra þar við, sem brtt. koma til greina á öðrum þskj., og verður þá, eins og hv. þm. mun kunnugt, að bera upp þá till. fyrst, sem hæsta upphæð hefur. — Hin leiðin er svo aftur princip-leiðin, sem mér skilst á hv. þm., að þeir óski atkvgr. um, hvort nýr stafl., stafl. h., komi í fjrlfrv. eða ekki.
Vil ég þá leita atkv. um það, hvort nýjum stafl. h. skuli bætt í 18. gr. fjárlfrv. skv. 27. lið brtt. á þskj. 312, þar sem þess er óskað.

Ólafur Thors: Þrátt fyrir það að hæstv. forseti hefur þegar skýrt það mjög greinilega, hvað hér er um að ræða, þá heyri ég það hér í kringum mig, að þm. er það ekki enn ljóst sumum hverjum, hvað hér er um að ræða. Ég hef skilið þetta svo, að um það eigi að greiða atkv., hvort þm. vilji taka úthlutun styrkja til rithöfunda, skálda og listamanna beint undir umráðasvið Alþ. með því að bæta við nýjum lið, h-staflið, á þskj. 312, XXVII-lið, inn á fjárlfrv. Þeir, sem þetta vilja, segja þá já, en hinir, sem ekki vilja þennan lið inn á fjárl. og vilja hafa úthlutun þessa í höndum menntamálaráðs áfram, segja nei við atkvgr.

ATKVGR.
Fellt að bæta nýjum staflið (h.) á eftir 18. gr. II. g. með 25:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BrB, EOl, FJ, GÍG, GTh, JakM, GSv.
nei: JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PÞ, PM, PO, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, EE, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm.
PZ, BG, GG, HelgJ, HermJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (HG, BÁ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svohljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Þar sem ég tel það með öllu óviðunandi, að úthlutun styrkja til rithöfunda, skálda og listamanna lúti öðru eins veraldarviðundri og form. menntamálaráðs er (Forseti hringir.), þá segi ég já.

Eiríkur Einarsson: Ég lít svo á, að auðveldara sé að hafa úthlutun þessara styrkja í höndum menntamálaráðs en að hún heyri beint undir sjálft Alþingi. Ef einhver óánægja er með þá menn, sem í ráðinu sitja, og störf þeirra þar, þá tel ég, að ætti að laga það með því að skipta um menn frekar en að vera að fara þá leið, sem hér er um að ræða. Því segi ég nei.

Emil Jónsson: Ég tek undir það, að mér finnst rétt, að Alþ. kjósi menn til þess að hafa úthlutun þessa á hendi. Hafi menntamálaráði mistekizt þetta, er réttast að kjósa aðra menn í þeirra stað, og segi ég því nei.

Gísli Guðmundsson: Ég kýs að taka eigi afstöðu til þessa máls, fyrr en því hafa verið gerð skil í fjvn., og greiði því ekki atkv.

Brtt. 312,XXVII.1—32, brtt. 320,III og brtt. 324 lýstar fallnar.
— 269,132—151 samþ. með 37 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 269,152—153 samþ. með 38 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 312,XXVIII felld með 28:11 atkv.
— 269,154 samþ. með 41 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 269,155 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 269,156 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 269,157 felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÞ, ÞÞ, BBen, EE, EystJ, FJ, JJós, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PM, PO, SEH.
nei: STh, StgrA, SvbH, ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, GJ, GÍG, HelgJ, IngJ, JakM, JPálm, KA, LJós, PHerm, PZ, SigfS, SG.
SK, SkG, StJSt, ÁÁ, BSt, BrB, EmJ, GG, GTh, HermJ, IngP, PÞ, SB, GSv greiddu ekki atkv.
(HG, BG, BÁ, LJóh) fjarstaddir.
Brtt. 312,XXIX felld með 27:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KA, LJós, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl.
nei: IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GÞ, GJ, GTh, GSv.
LJóh, PZ, PÞ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍG, HelgJ, HermJ, StJSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (HG, BÁ) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Jón Pálmason: Hver sem afgreiðsla frv. verður, tel ég ekki rétt að fella það að svo stöddu og segi því nei.

Magnús Jónsson: Með tilvísun til grg. þm. A.-Húnv. segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Þar sem fjvn. á eftir að gera grein fyrir áliti sínu, þá greiði ég ekki atkv. í þessu máli.

Páll Þorsteinsson: Með tilvísun til grg. hv. 2. þm. N.-M. greiði ég ekki atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Þar sem full ástæða sýnist til athugunar á þessu máli, en hins vegar ekki tímabært að gera ráðstafanir í því efni á þessu stigi málsins, greiði ég ekki atkv.

Eiríkur Einarsson: Með tilvísun til grg. þm. A.-Húnv. segi ég nei.

Brtt. 312,XXX tekin aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Umr. frestað.
Á 21. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (útvarpsumr.).

Forseti (GSv): Samkvæmt samkomulagi milli þingflokka fara nú fram almennar útvarpsumræður. Verður höfð ein umferð, og hefur hver þingflokkur 40 mínútna ræðutíma og ríkisstjórnin öll jafnlangan tíma.
Samkomulag hefur orðið um þessa röð:
1. Sósíalistaflokkurinn.
2. Framsóknarflokkurinn.
3. Sjálfstæðisflokkurinn.
4. Alþýðuflokkurinn.
5. Ríkisstjórnin.
Af hálfu Sósíalistaflokksins tala þeir hv. 6. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, og hv. 8. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson. Skipta þeir á milli sín ræðutíma flokksins. Af hálfu Framsóknarflokksins talar hv. 2. þm. S.-M., Eysteinn Jónsson, af hálfu Sjálfstæðisflokksins hv. þm. G.-K., Ólafur Thors, af hálfu Alþýðuflokksins hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson. Loks talar af hálfu ríkisstjórnarinnar hæstv. fjármála- og viðskiptamálaráðherra, Björn Ólafsson.

Lúðvík Jósefsson: Það hefur verið föst venja að útvarpa framhaldi 1. umr. fjárl., hinum svonefndu eldhúsumræðum, enda gera þingsköp ráð fyrir því. Við afgreiðslu fjárl. 3 undanfarin ár hefur þetta þó orðið á annan veg. Þjóðstjórnin sáluga braut þessa venju og neitaði að útvarpa eldhúsumræðum. Nú er þjóðstjórnin endanlega dauð, og því hefur nú orðið ofan á að útvarpa eldhúsumræðum, en með sérstöku samkomulagi á milli flokkanna hefur sú ein breyting verið gerð á, að þessar útvarpsumræður eru í lok 2. umr. fjárl.
Af þeirri ástæðu einni, að þjóðstjórnarflokkarnir hafa allt fram að þessu neitað að útvarpa eldhúsumræðum um stjórnarstefnu sína undanfarin ár, væri full ástæða til að rifja nú rækilega upp fjármála- og atvinnupólitík þessara flokka s. l. 4 ár. En bæði vegna þess, að sú upprifjun er óhugnanleg, og eins vegna hins, að allmargt af því, sem þar yrði upp talið, er flestum orðið allkunnugt af undanförnum kosningaátökum, þá mun ég ekki rekja ýtarlega stjórnmálastefnu þjóðstjórnarinnar að þessu sinni. En

allir þeir, sem í alvöru vilja gera sér grein fyrir þeim margvíslegu vandamálum, sem þjóð okkar nú glímir við, geta alls ekki komizt hjá því að íhuga nokkuð þá stjórnarstefnu, sem leitt hefur þjóðina í allan þennan vanda.

Nú er varla til það mannsbarn á landi hér, sem ekki talar um dýrtíðardrauginn, sem allt er hér vitlaust að gera. Varla til sá maður, sem ekki hræðist yfirvofandi atvinnuleysi. Ekki til sá sjómaður, sem ekki gerir sér grein fyrir þeirri hættu, sem minnkandi og úr sér genginn skipastóll þýðir fyrir land okkar. Og fáir munu þeir bændur vera, sem ekki skilja, að landbúnaður okkar er, hvað framleiðslutæki snertir, langt á eftir tímanum.

Skyggnumst nú um, hvað gerzt hefur undanfarin ár, og dveljum þá eins stutt og mögulegt er við stjórnarafglöp þjóðstjórnarinnar.

Þrátt fyrir margendurteknar aðvaranir okkar sósíalista var landið vörubirgðalaust, þegar stríðið skall á. Sú óforsjálni þyddi, að þjóðin var óviðbúin hækkandi vöruverði og háum stríðsfarmgjöldum. Hefðum við átt vörubirgðir á borð við flestar aðrar þjóðir, sem sáu hvað að fór, þá hefðum við getað til mikilla muna dregið úr fyrstu dýrtíðarbylgjunni. Þetta var fyrsta höfuðsynd þeirra, sem með völdin fóru í okkar landi í stríðsbyrjun. Önnur stórsynd þeirra var verðfelling íslenzku krónunnar. Sú ráðstöfun orsakaði stórum aukna dýrtíð og jafngilti í raun réttri því að opna allt upp á gátt fyrir dýrtíðarflóðinu. En þeir, sem með völdin fóru, létu ekki við þetta sitja. Í árslok 1939 breyta þeir tollalöggjöfinni á þann veg, að tollarnir hækkuðu gífurlega, og sem eðlileg afleiðing af því hækkaði vöruverð allt stórkostlega. Nú eru kunnar tölur, sem gefa nokkra hugmynd um, hve stórtæk þessi ráðstöfun hefur orðið á að magna dýrtíðina. Árið 1939, sem er síðasta árið, sem gamla tollalöggjöfin var í gildi, námu tollarnir alls um 9.4 millj. Fyrsta ár hinnar nýju tollalöggjafar (árið 1940) urðu þeir um 13.5 millj., og 1941 námu þeir um 24.7 millj., og s. l. ár 1942 námu þeir um 45.2 millj. Hér er ekki um neina smáræðis hækkun að ræða. Ef borin eru saman árin 1939 og 1942, sést, að tollarnir eru 35.8 millj. hærri 1942 en þeir voru 1939. Og vert er að minnast þess um leið og þessar ferlegu tollafúlgur eru nefndar, að það er ekki nóg með, að þær bætast ofan á hið háa vöruverð í landinu, heldur er öll álagning, bæði heildsala og smásala, einnig lögð á þessa tolla-upphæð. Það er talið, að samanlögð meðaltalsálagning smásala og heildsala sé ekki undir 50%. Þegar því tollarnir nema 45 millj., eins og s. l. ár, hækkar vöru-verðið af vörum þeirra um 65—70 millj. kr.

Auk þessara tilgreindu ráðstafana þjóðstjórnarinnar gömlu, sem allar miða að aukningu dýrtíðarinnar, þróaðist svo undir stjórn hennar skefjalaust gróðabrall kaupsýslustéttarinnar. Eftirlit með vöruverði var nafnið eitt. Þær framtalsskýrslur, sem þegar eru komnar fram, munu sýna, að í ár fer kaupsýslustéttin fram úr stórútgerðarmönnum með gróða þrátt fyrir allt það af tekjum þeirra, sem eflaust ratar að venju fram hjá öllum skattaskýrslum.

Í atvinnumálum hefur stjórnarstefna síðustu ára sízt verið betri en stefnan í viðskipta- og verzlunarmálum. Ekkert hefur verið gert til þess að skapa nýja þætti í atvinnulífi okkar. Aðalatvinnuvegur okkar, sjávarútvegurinn, er hættulega kominn. Fiskiflotinn hefur minnkað og mjög gengið úr sér. Nokkrir stórútgerðarmenn hafa verið látnir græða of fjár, en engin teljandi trygging verið sett fyrir því, að sá gróði komi útgerðinni nokkurn tíma til góða. Hin fjölmenna smáútgerð hefur líka ausið upp verðmætum og auðgað ýmsa, en í skjóli þeirra, sem með völdin hafa farið, hafa hvers kyns braskarar lagzt svo þungt á þennan þátt útgerðarinnar, að nú er hann algjörlega ófær um að endurnýja og bæta veiðitækin, eins og það er nú orðið erfitt. Og hinn aðalatvinnuvegur okkar, landbúnaðurinn, stendur sízt betur að vígi. Framleiðslutækni hans stendur að mestu í stað, og eina leiðin, sem valdhafarnir hafa eygt fram að þessu, er að ausa tugum millj. kr í styrki til þessa atvinnuvegar, en næstum ekkert gert í þá átt að breyta framleiðsluháttunum, svo að þeir samsvari kröfum nútímans. Atvinnuhættir til sveita eru enn þá svipaðir því, sem þeir hafa verið hjá okkur öldum saman, en kröfur sveitafólksins til þæginda og menningar hafa hins vegar, eins og allra Íslendinga, gjörbreytzt. Mikið af landbúskap okkar er rekið á álíka frumstæðan hátt og ef útgerð okkar væri enn stunduð á opnum bátum með handfæri. Það þyrfti að vera dýrt hvert fiskikílóið, ef í stað togaranna, dragnóta- og línubátanna okkar væru komnir litlir handfærabátar, sem framfleyta ættu þeim tugum þúsunda, sem kaupstaðina byggja, með þeim kjörum, sem nú eru gerðar þar til lífsins. Útgerð okkar hefur þróazt frá frumstæðu færafiskirii smábáta til stórra vél- og gufuskipa með nútíma veiðitækjum. En verulegur hluti sveitabúskapar okkar hefur ekki getað af eigin rammleik rutt sér braut til nútímatækni. Það ár, sem nú var að líða, hafa styrkir ríkisins til landbúnaðarins numið um 25—30 millj. kr., eða fyllilega öllum tekjuafgangi ríkissjóðs. Þrátt fyrir þessa geysilegu styrki stendur landbúnaðurinn í sama öngþveitinu. Styrkjunum er frámunalega heimskulega úthlutað, því að þeir fá mest, sem minnst þurfa, en hinir minnst, sem mest þurftu.

Ég hef nú stiklað á því stærsta af stjórnarframkvæmdum síðustu ára. Ég hef bent á, með hvaða ráðum þjóðstjórninni tókst að hafa verðlagsvísitöluna í 272 stigum, þegar síðustu hreytur hennar hrökkluðust frá völdum í árslok 1942. Og ég hef bent á, hvernig atvinnuvegir okkar eru í rauninni í sárum þrátt fyrir öll uppgripin að undanförnu og hvernig allur gróðinn hefur runnið til nokkurra milljónamæringa, en ekki til eflingar atvinnuveganna. Auk þessa má svo bæta við, að ríkissjóði er skilað tómum eftir mestu tekju-öflunarár, sem við nokkru sinni höfum þekkt. Af tekjum ársins 1942 verður ekki hægt að verja neinu í raforkumálasjóð né framkvæmdasjóð, sem áttu þó að raflýsa allt landið og vera til stórfelldra framkvæmda að stríðinu loknu.

Ég ætlaði ekki að dvelja lengur við syndir þjóðstjórnarinnar en nauður rak til, en ég ætla, að þær staðreyndir, sem ég nú hef dregið fram,

sé nauðsynlegt að hafa í huga, þegar gengið er á sjónarhól og svipast um, hvað nú sé framundan. Á s. l. ári fóru fram tvennar Alþ. kosningar, sem leiddu m. a. til þess, að Sósfl., sem einn allra flokka markaði sér stöðu gegn þjóðstjórnarpólitíkinni, jók fylgi sitt til mikilla muna. Þau úrslit sýndu, að þjóðin var yfirleitt óánægð með stefnu þjóðstjórnarinnar og vildi alls ekki að hún héldi áfram. Flokkarnir hafa líka skilið þetta svo. Nú hefur þingið setið í 3 mánuði, og gömlu samstarfsflokkarnir hafa enn ekki lagt í að taka upp gamla þráðinn, þar sem hann slitnaði. Að vísu hefur enn þá ekki orðið samkomulag um nýja stefnu, og því situr nú við það óvenjulega stjórnarástand í okkar landi, sem allir vita. En hvað er þá framundan? Verður lagt út á þjóðstjórnarbrautina aftur? Eða verður upptekin ný stefna? Allmikil óvissa er um þá stjórn, er nú situr. Enginn veit með vissu, hvert hún ætlar, en ýmis sólarmerki benda þó til þess, að lítið muni hún gera stórar breytingar frá því, sem verið hefur.

Þær umræður, sem nú fara hér fram, eru í raun réttri um fjárlagafrv. ársins 1943. Það er þó venja við eldhúsumræður að ræða stjórnmálaviðhorfið almennt, og þá einkum stjórnarframkvæmdir liðins árs. Nú stendur svo á, að fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, er fyrir það ár, sem þegar er byrjað. Fjárl. þau, sem nú verða samþykkt, segja því mjög mikið til um, hvað gera skal — hvert stefna á.

Nú þegar hafa orðið á Alþ. allsnarpar umræður um frv. þetta, og glöggt hefur komið í ljós við það, að allsterk öfl leitast enn við, að svipuð stefna verði mörkuð með þessum fjárlögum og hér hefur að undanförnu ríkt. Meiri hl. fjvn. hefur fram að þessu neitað að leggja nokkrar till. fyrir Alþ. um fjárlög til verklegra framkvæmda, menningarmála og ýmissa annarra félagslegra mála. Þær till. eiga nú ekki að leggjast fram fyrr en við 3. umr., þó að alltaf hafi verið venja að leggja þær fram við 2. umræðu. Það er augljóst, að ástæðan til þess er sú, að í ráði er að verja smánarupphæðum til þessara mála og bera enn sem fyrr við féleysi.

Tekjur ríkissjóðs námu s. l. ár um 86 millj. kr., en helzt er að skilja á afturhaldsseggjum þeim, sem einkum standa fyrir þessu og illu heilli enn þá ráða mestu í stærstu flokkum þingsins, að þeir telji ómögulegt eða óvarlegt, eins og þeir orða það, að áætla tekjurnar í ár meira en 50—55 millj. eða um 30 millj. lægra en þær reyndust s. l. ár. Og ef slíkt yrði gert, er bein afleiðing þess sú, enda auðvitað að því stefnt, að framlög til verklegra framkvæmda, menningarmála og annarra félagslegra mála mundu beinlínis stórlækka frá því, sem þau voru t. d. s. l. ár. Nú vita hins vegar allir, að alþýðan í landinu hefur fastlega vænzt þess, að einmitt nú á þessum miklu peningatímum yrðu framkvæmdir með mesta móti. Allt í kringum landið hafa t. d. bæjar- og hreppsfélög búið sig undir að hefja hafnarbætur, og mörg eru byrjuð á framkvæmdum. Ríkið á að leggja ákveðið framlag á móti, en það virðist helzt vera ætlun gamla þjóðstjórnarandans að hefta þessar framkvæmdir með því að bera við getuleysi ríkissjóðs. Hvað segja þeir, sem búa í vegalausum byggðarlögum úti um land og gert hafa sér miklar vonir um rífleg framlög til bættra samgangna einmitt nú, þegar tekjur ríkisins eru margfaldar á við það, sem þær nokkru sinni áður hafa orðið, ef nú á að bera við féleysi og leggja jafnvel minna til vegamála en áður hefur verið gert? Og hvað segja þeir, sem undanfarin ár hafa treyst því að þegar fjárhagslega úr raknaði fyrir ríkissjóði, mundi hann afmá þá hneysu að láta víðs vegar um landið kennslu barna fara fram í óhæfum húsakynnum, ef nú, þegar tollarnir á alþýðu manna hafa verið hækkaðir um tugi milljóna, á engan lit að sýna til umbóta á þessu sviði? Hvað segja sjómenn landsins, sem mest og bezt hafa stuðið að aukningu tekna ríkissjóðs, og reyndar allra í landinu, ef enn á að gleyma vitabyggingum og ef nota á fyrirslátt um féleysi ríkissjóðs til þess að neita að efla nýbyggingu veiðiflotans, sem óðum gengur úr sér? Já, og hvað ætli þær þúsundir verkamanna segi, sem undanfarið hafa unnið hjá setuliðinu, eftir að ríkissjóður hefur búið við slík fjáraflaár og kunnugt er, ef fyrstu beiðni þeirra um vinnu við ísl. framkvæmdir yrði neitað vegna féleysis ríkissjóðs?

Enginn þarf að efast um, að allir þessir aðilar mundu fyllast réttlátri reiði, ef nú yrðu samþykkt niðurskurðarfjárlög og enn yrði haldið á þjóðstjórnar-brautina. Þeir menn, sem slíka stefnu undirbúa, hafa einnig aðra leið til þess að spara en þá að leggja lítið til verklegra framkvæmda; þeir vilja líka lækka laun þess fólks, sem verkin á að vinna.

Úr gamla þjóðstjórnarskjánum heyrast nú raddir, sem tala um, að nauðsynlegt sé að hætta að greiða fulla verðlagsuppbót á laun. Morgunblaðið talar t. d. um það sem sjálfsagða leið, þ. 23. jan. s. l., að greiða aðeins 80% verðlagsuppbót í stað 100%, sem nú er. Verkafólk getur gengið að því sem gefnu, að árásir verða gerðar á launakjör þess, a. m. k., ef samtök þeirra láta finna á sér nokkurn bilbug. En hvernig hafa þeir herrar, sem fremstir standa í fylkingu þeirri, sem berst fyrir launalækkun verkafólks, hvernig hafa þeir skammtað sjálfum sér laun? Eru þeir ekki flestir í 4—5 háttlaunuðum nefndum og bitlingum auk síns vel launaða starfs? Hafa þeir ekki 6—12 þús. kr. í laun frá hverri n., jafnvel þó að þeir mæti aldrei á fundum eða þurfi á annan hátt neitt fyrir n. að gera? Og ekki hefur þessum herrum dottið til hugar að spara, þegar þeir greiddu sjálfum sér og ýmsum háttsettum embættismönnum á milli 8—900 þús. kr. úr ríkissjóði í laun s. l. ár., án allra lagaheimilda og alveg umfram þær grunnkaups- og dýrtíðar-uppbætur, sem menn almennt fengu. Þeim afturhaldssálum, sem helzt heimta lækkun launa verkafólks, kom ekki í hug sparnaður, þegar þær kepptust við að ausa út fé ríkissjóðs til þess að kaupa sér fylgi við síðustu kosningar. Hin gjörspillta pólitík þessara manna afhjúpar sig greinilega, þegar þeim innbyrðis slær saman í kapphlaupinu um völdin.

Mál eins og úthlutun bifreiða verður stórpólitískt hjá þessum mönnum, að maður nú ekki tali um mál eins og það, hvor flokkanna, Fram-

sóknar- eða Sjálfstfl., skuli hafa réttinn til þess að gefa bændum síldarmjöl rétt fyrir kosningar. Síldarmjöls- og bílapólitík með tilheyrandi bitlinga- og nefndafargani er einkenni á pólitík þeirra manna, sem mestu hafa ráðið og nú undirbúa árás á kjör alþýðu.

Vegna kosningaúrslitanna síðustu hafa afturhaldsöflin enn ekki þorað að opinbera sinn fulla fjandskap og ekki haft mátt til að koma saman stjórn um hugðarefni sín. Vinstri öflin hafa staðið gegn því. Ef alþýðan í landinu sýnir alls staðar þar, sem hún má því við koma, einbeitta andstöðu gegn afturhaldinu og jafn einbeittan vilja til róttækra stefnuskipta, þá mun takast að mynda hér stjórn, sem vinnur fyrir alþýðuna en ekki auðmannastéttina. Spurningin er, hvort alþýðan ber gæfu til að ráða stefnunni með samstillingu sinni um það, sem hún vill, og knýja þá menn til undanhalds, sem enn standa í vegi þess, að slík stjórn geti myndazt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Þessar umr. hljóta að verða með nokkuð sérkennilegu sniði. Ekki hlýðir að gera árásir á fyrrv. ríkisstj. né heldur veitast að óreyndri stjórn, sem nú situr við völd. Ég mun því skýra frá tilraunum þingflokkanna til þess að mynda ríkisstjórn og afstöðu Sósfl. til þeirra tilrauna.

Fyrrv. ríkisstj. fór þess á leit við þingflokkana, að hver þeirra skipaði 2 menn í n. til þess að ræða þjóðstjórnarmyndun. Þingflokkarnir urðu við þessum tilmælum, og 8 manna n. hóf starf sitt. Hún sat lengi á rökstólum, en árangurinn varð harla lítill. Umr. urðu fyrst á víð og dreif, enda var enginn flokkur viðbúinn því að taka endanlega afstöðu. Þann 7. nóv. s. l. kom þing Sósfl. saman hér í Rvík, og á sama tíma komu ýmsir ráðamenn Alþfl. og Framsfl. saman hér. Þann 25. nóv. birtu þessir þrír flokkar í blöðum sínum skilyrði hvers fyrir sig um þátttöku í ríkisstj. Ég mun hér skýra frá skilyrðum Sósfl. Hann spurði ekki um mennina, heldur um málefni, hvernig stefnan yrði, sem hin nýja stjórn ætlaði að starfa eftir.

Í fyrsta lagi lagði flokkurinn fram stefnuskrá sína um það að vinna gegn dýrtíð og upplausn og setti framkvæmd hennar að skilyrði fyrir þátttöku í myndun ríkisstj. Þessa stefnuskrá þarf ég ekki að kynna hér að neinu verulegu leyti; hún var birt fyrir kosningar og rædd á flestum framboðsfundum um land allt. Og ég ætla, að kosningasigur sá, sem flokkurinn hlaut, hafi verið fyrst og fremst því að þakka, að þjóðin var í höfuðdráttum samþykk þeirri stefnuskrá, sem fl. setti fram gegn dýrtíð og upplausn. Flokkurinn setti fram kröfur um afnám tolla af öllum nauðsynjavörum, meðan stríðið stæði, og að tekin væri upp skömmtun á öllum nauðsynjavörum, sem skortur væri á. Ég minni enn fremur á, að hann setti fram svo hljóðandi stefnuskrá:

„Kaupgjald um land allt verði samræmt með frjálsum samningum við verkalýðsfélögin, er feli í sér varanlegar kjarabætur, sem tryggi verkamönnum viðunandi lífskjör til frambúðar, og geri ríkið nú þegar samning við verkalýðssamtökin um kaup og kjör í opinberri vinnu. Kaupið hækki svo eftir vísitölu, og sé þannig komið fastri skipan á kaupgjaldsmálin.“

Viðvíkjandi landbúnaðinum setti flokkurinn fram alveg hliðstætt stefnuskráratriði, og það var þannig:

„Samningar verði gerðir við fulltrúa bænda um fast afurðaverð og verðuppbætur, með það fyrir augum, að ákveðið grunnverð á landbúnaðarafurðum geti haldizt stríðið út, en hækki eins og kaupið, samkv. dýrtíðarvísitölu. Sé verðið miðað við það, að landbúnaðurinn verði samkeppnisfær við aðrar atvinnugreinar og bændum tryggð viðunandi kjör. Jafnframt séu gerðar allar ráðstafanir, sem unnt er, til aðstoðar landbúnaðinum til þess að lækka framleiðslukostnað hans, og þó einkum til að koma núverandi einyrkjabúskap í það horf, að hann verði samkeppnisfær.“

Það eru fleiri atriði í þessari stefnuskrá, sem e. t. v. væri ástæða til að rifja upp. En ég ætla þó að sleppa því, af því að það er margt, sem er meira aðkallandi, að ég kynni fyrir yður í þessu efni. Flokkurinn setti enn fremur að skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstj. margháttaðar endurbætur alþýðu manna til handa. Hann setti það að skilyrði, að gagngerðar endurbætur yrðu gerðar á alþýðutryggingunum. Stefna flokksins í þeim málum hefur komið fram í fjölda mörgum frv., sem lögð hafa verið fyrir Alþ., sem ættu að vera kunn útvarpshlustendum, sem hlusta á þingfréttir.

Þá er það og sett að skilyrði, að framfærslul. verði endurskoðuð og komið í fullkomnara og réttlátara horf en nú er. Einnig, að samþ. verði á Alþ. l. um 8 stunda vinnudag og að hvíldartími á togurum verði lengdur í 12 stundir á sólarhring og gerðar ráðstafanir til að auka öryggi og vinnuvernd fyrir sjómenn á flotanum og fyrir annan verkalýð. Enn fremur, að ákvæði vinnulöggjafarinnar, sem hefta athafnafrelsi verkalýðsfélaganna, verði afnumin og að ráðstafanir verði gerðar með að bæta úr húsnæðisskortinum, svo sem með skömmtun húsnæðis og hagnýting byggingarefnis til íbúðarhúsa fyrir almenning.

Þá er það og sett að skilyrði, að gerðar verði gagngerðar ráðstafanir til eflingar landbúnaðinum, og vitna ég þar til þeirra till., sem Sósfl. hefur sett fram á síðasta Alþ., um að vinna að því að koma landbúnaðinum á þann grundvöll, að hann verði samkeppnisfær við aðra atvinnuvegi, og í sambandi við það, að jarðræktarl. verði breytt í það horf, er farið var fram á í frv. Sósfl. á Alþ. En landbúnaðinum verður ekki komið í það horf, að hann verði þannig samkeppnisfær, nema hann taki í sína þjónustu véltækni nútímans og hann verði rekinn meira en hefur verið á félagslegum grundvelli.

Þá er það sett að skilyrði, að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja smáútgerðarmönnum fullt verð fyrir afurðir sínar og útvega samtökum þeirra skipakost, svo að þeir geti sjálfir flutt fisk á erlendan markað. Jafnframt sé séð fyrir því, að stöðugt sé nóg beita á öllum útgerðarstöðum, tryggð geymsla fyrir hana og komið í veg fyrir okur með beitu og aðrar nauðsynjar útgerðarinnar. Enn fremur, að gerðar séu ýms-

ar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja hagsmuni fiskimanna í samræmi við ályktun 3. flokksþings Sósfl. um sjávarútvegsmál.

Þá er það og gert að skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstj., að tekin sé upp ný stefna í menntamálum til þess að efla vísindi, listir og bókmenntir og vernda og auka íslenzka þjóðmenningu og alþýðufræðslu. Alþ. taki aftur inn á 18. gr. fjárl. styrkveitingar til rithöfunda og listamanna, er felldar voru niður.

Þá er það enn fremur gert að skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstj., að í utanríkismálum sé tekin upp ákveðin stefna með Bandamönnum og móti fasismanum. Ríkisstj. gefi út samúðaryfirlýsingu með Bandamönnum og stuðli að virkri aðstoð Íslendinga við landvarnir Íslands í samvinnu við hernaðaryfirvöldin, jafnframt því sem staðið sé á verði gegn hvers konar yfirgangi erlends valds hér á landi á sviði viðskiptamála og stjórnmála. Tekið sé upp þegar í stað gagnkvæmt stjórnmálasamband við Sovétríkin. Leitað sé samvinnu við Bretland, Sovétríkin og Bandaríkin og stjórnir annarra frjálsra þjóða um öryggi Íslands og tryggingu fyrir friðhelgi þess og algeru sjálfstæði, er friður verður saminn í styrjaldarlok.

Þá er enn fremur gert að skilyrði, að nægilegt fé sé veitt á fjárl. og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir gerðar gegn yfirvofandi atvinnuleysi, fjármagni þjóðarinnar verði varið eins og kostur er til tryggingar atvinnulífinu, kaupa á atvinnutækjum, vélum til útgerðar og landbúnaðar, bátum, skipum og byggingarefni, og að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og unnt er á nauðsynlegum byggingum, verksmiðjum og rafvirkjunarstöðvum. Stórfelldar umbætur verði gerðar á höfnum, þar sem annars eru góð skilyrði til fiskveiða, hafinn undirbúningur undir stofnun byggðahverfa í sveitum, þar sem skilyrði eru hagkvæmust o. s. frv.

Þá er enn gert að skilyrði fyrir samvinnu um ríkisstj., að réttarfari og hegningarlöggjöf verði breytt í frjálslyndara horf. Einfaldari skipan sé komið á starfsmannakerfi ríkisins, afnumdar aukagreiðslur og óþörf embætti og launalögin endurskoðuð.

Í síðasta lagi er sett sem skilyrði, að nauðsynlegar breyt. verði gerðar á framkvæmdavaldinu, embættis- og starfsmannaliði ríkisins og opinberra stofnana til þess að tryggja framkvæmd þeirrar stefnu og þeirra verkefna, sem hér hafa verið talin. Ríkisstj. styðji sig við og hafi samráð við samtök fólksins og bandalag þeirra samtaka, verkalýðsfélög, samvinnufélög, ungmennafélög, stjórnmálafélög og önnur, er sameinast vilja um þessa stefnuskrá. Sem víðast á landinu verði myndaðar sameiginlegar nefndir slíkra samtaka, sem ríkisstj. hafi náið samstarf við.

Og allra síðast er tekið fram: Verði ágreiningur, sem leiðir til samvinnuslita, skuldbindur ríkisstj. sig til þess að leggja málin undir dóm þjóðarinnar með því að rjúfa þing og ganga til nýrra kosninga.

Mörg af skilyrðum Alþfl. og Framsfl. fyrir þátttöku í stjórnarmyndun voru mjög svipuð þeim, sem Sósfl. setti fram. Þegar þessi skilyrði voru komin fram, virtist hafa fengizt nýr grundvöllur undir viðræður 8 manna n. En það kom þá í ljós, að n. sá sér ekki fært að inna það hlutverk af hendi, sem henni var ætlað. Hún sá, að ekki fannst grundvöllur undir fjögurra flokka stjórn. Þess var líka að vænta, því að sannast mála er það, að erfitt verður að samræma vilja auðmannanna, stríðsgróðamannanna og milljónamæringanna við hag verkamanna, bænda og annarra smáframleiðenda. Og niðurstaðan varð sú, að 7. desember var því lýst yfir, að n. hefði lokið störfum sínum og ekki fundið grundvöll undir fjögurra flokka stjórn. Nú leið vika, og fóru fram ýmsar viðræður um möguleika á stjórnarmyndun. En 15. desember ákvað hæstv. ríkisstjóri að taka málið í sínar hendur og skipa utan-þingflokka ríkisstj. Þegar næsta dag á eftir, eða 16. desember, ritaði Sósfl. Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum bréf og einnig Sjálfstæðisflokknum varðandi samstarf í þinginu. Ég vil nú leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það bréf, sem Alþfl. var ritað. Það var svohljóðandi:

„Með skírskotun til samþykktar flokksþings Alþýðuflokksins, sem birt er í Alþýðublaðinu 25. nóv. 1942, og þess, sem fram hefur komið í 8 manna nefndinni, fer Sósialistaflokkurinn þess á leit við yður, að þér hafið samstarf við hann um að hrinda í framkvæmd eftirfarandi málum, sem flokkarnir virðast vera sammála um:

1. Flokkarnir undirbúi og flytji sameiginlega frumvarp um eftirfarandi mál á Alþingi:

a) Lækkun tolla og endurskoðun tollalöggjafarinnar til að vinna gegn dýrtíðinni.

b) Þingið komi á fót stofnun til að hafa yfirstjórn utanríkisverzlunarinnar með höndum í því skyni að hagnýta skipakostinn sem bezt og stuðla að lækkun vöruverðs.

c) Stofnun til eftirlits og rannsóknar á skattamálum til þess að koma í veg fyrir skattsvik.

d) Hækkun skatta á hátekjum og sérstakur skattur á eignaaukningu þá, sem orðið hefur frá stríðsbyrjun. Nýbyggingarsjóðir teknir í opinbera vörzlu og framlag í varasjóði verði ekki skattfrjálst.

e) Binding stríðsgróðans.

f) Ráðstafanir til að hindra brask með fasteignir.

g) Endurskoðun landbúnaðarlöggjafarinnar. Stofnun byggðahverfa. Aukinn innflutningur landbúnaðarvéla. Vísindalegar tilraunir í þágu landbúnaðarins. Aukinn ræktunarstyrkur til smærri býla o. fl.

h) Strangt eftirlit með sölu og notkun byggingarefnis.

i) Ráðstafanir til þess, að bændur og fiskimenn fái nægar nauðsynjar til atvinnureksturs síns með sanngjörnu verði.

j) Ráðstafanir til að tryggja nægilegan skipakost til vöru- og farþegaflutninga með ströndum fram.

2. Flokkurinn vinni að því með Sósialistaflokknum að komast að samkomulagi við fulltrúa bænda um fast grunnverð á landbúnaðarafurðum, er breytist samkvæmt sérstakri vísitölu.

Loks vill flokkurinn gjarnan hafa samstarf við flokk yðar um önnur mál, sem samkomulag kann að nást um.

Jafnframt væntir flokkurinn þess, að þér takið upp umræður við hann um málefnagrundvöll fyrir ríkisstjórn, er þér takið þátt í, ásamt Sósialistaflokknum.“

Framsfl. var ritað annað bréf, sem hafði sömu tilboð að færa, nema hvað þar var lögð sérstök áherzla á mál, sem Framsfl. hefur gert að sínum málum.

Þá var svo Sjálfstfl. ritað bréf og boðið samstarf um framgang vissra mála. En ekki var honum boðið að taka þátt í umr. um myndun ríkisstj., því að sýnt þótti í 8 manna n., að ekki væri grundvöllur fyrir það.

Alþfl. og Framsfl. svöruðu bréfum þessum um hæl á þá lund, að þeir vildu taka þátt í viðræðum um málið, og voru kosnir 3 menn úr hverjum flokki til þess að ræða um samstarf flokkanna og um svo kallaða myndun vinstri flokka ríkisstjórnar. Þessi n. starfar enn. Hún hefur sett undirnefndir til þess að vinna að ýmsum málum, og þær eru enn starfandi.

Nú geri ég ráð fyrir, að hlustendur vilji fá að vita, við hverju megi búast um vinstra samstarf um ríkisstj. Ég get ekki svarað því að svo stöddu, heldur sagt það aðeins, að ég álít, að ekkert það hafi fram komið í viðræðum þessara flokka, sem útiloki, að mynduð verði vinstri stjórn. Og ég álít, að ekkert það hafi fram komið í þeim viðræðum, sem útiloki, að þeir fylgist að um framgang margra nytjamála innan þingsins, og það jafnvel þó að ekki kæmi til stjórnarmyndunar.

Ég geri líka ráð fyrir, að margir muni spyrja: Álítið þið heppilegt, að vinstri stjórn taki nú þegar við völdum? Eða álítið þið, að sá tími sé nú í nánd? Ég vil heldur ekki svara þeirri spurningu beint. Ég segi aðeins, að við höfum nú fengið utan-þings og utan-flokka ríkisstj. Og því hefur verið haldið fram af ýmsum blaðamönnum og stjórnmálamönnum, að það, sem mest væri í vegi fyrir þjóðnýtum framkvæmdum ríkisstjórna, væri það, að þær væru flokksstjórnir fyrst og fremst. Nú höfum við stjórn, sem ekki er flokksstjórn. Hún hefur enn fengið allt fram í þinginu, sem hún hefur um beðið, og er nú gott að sjá, hversu auðveldlega málin leysast. En mér virðist afrek stjórnarinnar til þessa dags næsta lítil, og ég hygg, að brátt muni sannast, að ekki er einhlítt að hafa stjórn, sem er utan þings og ekki háð beinlínis neinum flokki. Það mun sýna sig, að vandamálin mæta henni ekki síður en öðrum ríkisstj., og hún mun ekki eiga hægara með að leysa þau. Ég býst við, ef þessi stjórn situr lengi, þá muni hún reyna þann sannleika stéttaþjóðfélagsins, að ef hún ætlar eitthvað að gera, þá muni hún reka sig annaðhvort á aðfinnslur stríðsgróðamannanna og milljónamæringanna eða verkamanna, bænda og annarra smáframleiðenda, eftir því hvernig hún vinnur. Ég hygg, að reynslan muni sýna, að það er ekki flokkslaus stjórn, sem við fyrst og fremst þurfum, heldur stjórn, sem styður sig við sterka og markvissa flokka, og þá fyrst og fremst við hinn vinnandi fjölda þessa lands.

Ég verð því að segja það við þann mikla fjölda manna um gervallt landið, sem fylgt hefur þessum þremur flokkum: Ég býst við, að þið viljið vinstri stjórn. En til þess að hún geti orðið mynduð, þarf fyrst og fremst fullkomna einingu verkalýðssamtakanna, og ég tel hana þegar fengna. En styrkjast þarf hún betur, og ljóst þarf að vera, ef vinstri stjórn verður mynduð, að það sé stjórn þeirra samtaka og að þau standi þar á bak við, eins og það þarf reyndar líka að vera ljóst, að samtök bænda vilji slíka stjórn og standi á bak við hana. Slík stjórn þarf að vera stjórn þeirra stétta. Þetta er sá stéttalegi grundvöllur, sem þarf að vera fyrir hendi. Stjórnmálalegur grundvöllur þarf einnig að vera fyrir hendi um myndun slíkrar stjórnar. Og það þarf fyrst og fremst öruggt, einhuga og fullkomið samstarf Alþfl. og Sósfl., því að þeir eru að vissu leyti umbjóðendur vissra stétta fyrst og fremst. Það þarf samvinnu þessara flokka, og það þarf að fá fulla tryggingu fyrir því, að þau hægri öfl, sem til eru innan Framsfl. og Alþfl., verði lögð í læðing og fái ekki að spilla áhrifum vinstri ríkisstj., ef mynduð verður. Ég segi við kjósendur míns flokks og vinstri flokkanna almennt: Ef þið viljið vinstri stjórn, þá gerið ykkur ljóst, hvaða skilyrði verða að vera fyrir hendi. Ykkur er ljóst, hvaða skilyrði Sósíalistar hafa sett fram. Og það þarf að knýja flokkana fram til samstarfs með samtökum ykkar. En til þess að við fáum verkhæfa stjórn, er nauðsynlegt, að verkamenn og bændur standi á bak við hana. Slík stjórn þarf að vera til styrjaldarloka, ef á eftir stríðinu á ekki að koma kreppa eins og eftir síðasta stríð. Verkamannasamtökin þurfa að sameina sig til að knýja þrjá vinstri stjórnmálaflokkana til samstarfs, til þess að þeir geti haft þá stjórnarforustu, sem stéttir verkamanna, bænda og smáframleiðenda óska og krefjast.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Áður en ég kem að meginmáli mínu, vil ég svara tveimur atriðum úr ræðu hv. 6. landsk. (LJós). Það var þá fyrst um vörubirgðir í stríðsbyrjun. Hann hafði þessa vanalegu tuggu yfir um það mál, og því er óþarfi að eyða um það mörgum orðum. Vil ég þó enn einu sinni taka það fram, að í stríðsbyrjun var það meira vandamál, hvernig skyldi greiða vörur, sem til landsins voru fluttar, heldur en hvernig átti að fá skiprúm fyrir þær. Af þessu geta menn séð, hvaða ástæður voru til að liggja hér með margar vörur. Verzlunin var gefin frjáls í stríðsbyrjun. Ríkisstj. keypti sjálf inn vörur og styrkti aðra til þess.

Um landbúnaðarmálin vil ég segja við þennan hv. þm., að það er ótrúlegt, eftir ræðu hans að dæma, að hann hafi alizt upp á Íslandi. Öllum nema kannske honum er ljóst, að hér hefur farið fram bylting í landinu á síðustu áratugum á sviði landbúnaðarins. Undrast hann kannske yfir því, að ekki hafi átt sér stað stórkostleg breyting í þessum efnum á stríðsárunum, þegar ekki einu sinni hefur verið hægt að fá menn til að mjólka kýr og gegna öðrum störfum í sveitinni? Svo gersamlega virðist þessi hv. þm. vera vankunnandi um þessi mál, að ég held, að

hann ætti ekki að setja hér á ræðu um þau á Alþ., og sízt við slíkar umr. eins og þessar.

Á öndverðu s. l. ári urðu þau tíðindi, að mikill meiri hluti alþingismanna ákvað að taka upp baráttu fyrir breytingu á kjördæmaskipun landsins, halda tvennar alþingiskosningar á sama ári, — magna með því stjórnmálaófrið í landinu og slá á frest úrlausn annarra verkefna, enda þótt brýn nauðsyn væri á, að Alþ. notaði tíma sinn og aðstöðu til þess að leysa aðkallandi vandamál.

Sjálfstfl. kastaði teningunum, þegar hann snérist með kjördæmamálinu og hafnaði þá samstarfi um fjárhags- og atvinnumál þjóðarinnar. Forustumenn Sjálfstfl. lýstu yfir því um leið og þetta skeði, að engin hætta stafaði að þessu tiltæki, þar sem ríkisstj. flokksins mundi sjá um, að dýrtíðarmálunum yrði eins vel borgið og áður. Í málflutningnum var það talin höfuðnauðsyn að hnekkja valdi Framsfl., og var honum í því sambandi gefinn ófagur vitnisburður.

Mönnum hefði átt að vera það ljóst þegar í öndverðu, að yfirlýsingar fyrrverandi ríkisstj. um, að hún mundi gæta dýrtíðarmálanna þrátt fyrir það stjórnmálaástand, sem tvennar alþingiskosningar sköpuðu í landinu, voru markleysa. Nú er komið í ljós, að ráðherrum þeim, er gáfu þessar yfirlýsingar, hefur sjálfum hlotið að vera þetta ljóst þegar á þeim tíma, sem þær voru gefnar. Dreg ég þetta m. a. af því, að þegar nú er rætt um, hversu farið hafi, benda blöð sjálfstæðismanna eindregið á það, að eigi hafi verið hægt að sjá dýrtíðarmálunum borgið, þar sem það skilyrði hafi verið sett fyrir hlutleysi við ríkisstj. Sjálfstfl., að hún gerði ekkert til að framkvæma löggjöfina, er sett hafði verið til þess að vinna gegn dýrtíðinni.

Á aukaþinginu í sumar, sem leið, eftir alþingiskosningarnar, hlaut að liggja í augum uppi, jafnvel þeim, sem áður vildu ekkert sjá, hvert stefndi í dýrtíðarmálunum. Það var augljóst, að fyrrverandi ríkisstj. sýndi ekki hina minnstu viðleitni til þess að halda í horfinu, hvað þá meira.

Þá, í ágústmánuði, fóru fram útvarpsumræður frá Alþ. Ég benti þá á, fyrir hönd Framsfl., hversu komið væri og hvað framundan hlyti að vera, ef ekki væri þá þegar hafizt handa um að gera ráðstafanir til viðnáms og viðreisnar. Ég benti á, að ef þetta væri ekki gert þá, heldur dregið fram á vetur, fram yfir síðari kosningar, þá mundi hljótast að því tjón, sem aldrei yrði að fullu bætt, og að þegar þar væri komið sögu, mundi verða orðið þannig ástatt í fjárhags- og atvinnumálum landsmanna, að erfitt yrði úr að bæta.

Ég vissi þá, að mögnuð óánægja var almennt í landinu út af því, að upp hafði verið tekið það ráð að fást við kjördæmaskipun landsins í stað þess að snúa sér að lausn aðkallandi vandamála.

Ég benti jafnframt á, að ef aðvaranir væru enn að engu hafðar, heldur lagt út í kosningar í annað sinn, og forustumenn flokka þeirra, sem stæðu að slíkum vinnubrögðum, yrðu þess ekkert varir, að *óánægjan kæmi fram í minnkuðu* fylgi flokkanna við kosningarnar, þá mundi það síður en svo hafa bætandi áhrif á vinnubrögð þeirra í næstu framtíð og sízt vera til þess fallið að veita stjórnmálaflokkunum á Alþ. það aðhald, sem nauðsyn ber til.

Í þessu sambandi og ekki síður út af því, sem síðar hefur gerzt, og því, sem nú er svo mjög rætt manna á milli um störf Alþ. og viðhorf þjóðarinnar til þess, er ekki aðeins réttmætt, heldur skylt að benda á, að ¾ hlutar þjóðarinnar töldu þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru á s. l. ári, eigi svo athugaverð, að þeir létu það hafa áhrif á atkvæði sitt. Sérstaklega er einnig rétt að benda á það, að enn veittu 21 þús. kjósendur í landinu Sjálfstfl. brautargengi í haustkosningunum þrátt fyrir allt, sem á undan var gengið og upplýst var um afskipti þess stjórnmálaflokks af dýrtíðarmálunum, sem menn töldu sér þó hugleikin, og þrátt fyrir það að hann tók með stjórnarmyndun sinni höfuðábyrgð á því, sem aðhafzt var á s. l. ári, — og með þeim afleiðingum, sem hverjum sæmilega glöggum manni var vorkunnarlaust að sjá fyrir í megindráttum, áður en gengið var að kjörborðinu í síðara sinn.

Enn fremur er nauðsynlegt að vekja í þessu sambandi athygli á því einkennilega fyrirbrigði, að fjöldi þessara sömu kjósenda virðist, að loknum þessum leik, sem þeir ekki voru áhorfendur að, heldur þátttakendur í, verða undrandi yfir því, að stjórnmálaflokkarnir á Alþ. skuli ekki þegar í stað geta orðið sammála um allt, sem þarf til þess að byggja það upp, sem rifið hefur verið niður. Er ekki eitthvað undarlegt ósamræmi í undirtektum manna og þátttöku annars vegar í þeim atburðum, sem hér skeðu á s. l. ári, og hins vegar öllum þeim sleggjudómum, sem menn fella nú um Alþ.? Skyldi ekki vera hér til að dreifa fremur takmörkuðum skilningi margra á skyldum þeirra sem kjósenda í landinu og of litilli yfirsýn um þau viðfangsefni, sem við blasa nú og eiga rætur sínar einmitt í því, hvernig á málum hefur verið haldið, — ekki aðeins af stjórnmálaforkólfum, heldur einnig af þeim, sem við tvennar kosningar á sjö mánuðum hafa verið kvaddir til dóms um málin?

Til þess að gera gleggra, hvað við er átt, vil ég með örfáum orðum bregða upp mynd af því, hversu nú er ástatt um nokkur málefni landsmanna.

Þegar Alþ. kom saman eftir kosningarnar, lá það fyrir, að dýrtíðin hafði á þeim sjö mánuðum, sem fyrrverandi ríkisstj. fór með völd, hækkað um 89 stig. Til samanburðar má geta þess, að á 32 öfriðarmánuðum áður hafði hún hækkað um 83 stig, og þótti þó flestum nóg um. Verðhækkunin hafði því meira en tvöfaldazt í landinu á 7 mánuðum. Fyrir nokkrum mánuðum voru afkomuhorfur atvinnuveganna mjög góðar. En þegar Alþ. kom saman nú í vetur, þá voru þær orðnar afar ískyggilegar, að ekki sé meira sagt, og þó hafði fiskverðið verið hækkað með samningum. Frystihúsin voru yfirleitt stöðvuð, og fjöldi þeirra er ekki rekinn enn. Bændur horfðu og horfa enn fram á. að verðlagsþarfir landbúnaðarins eru nú vegna dýrtíðarinnar orðnar margfaldar á við það, sem útflutningsverð landbúnaðarafurða gefur í aðra hönd, og nú verður ljósara með degi hverjum, sem líður, að eigi

verður til lengdar sótt fé í ríkissjóð til þess að bægja frá framleiðslunni afleiðingum verðbólgustefnunnar. Fiskimenn á smærri skipum horfa fram á það hlutskipti að verða hálfdrættingar á við þá, sem í landi sitja, þrátt fyrir hækkun fiskverðsins.

Þessi nýja útsýn blasti við sjónum manna, þegar Alþ. kom saman. En það var fleira, sem skipti máli fyrir Alþ. og ekki lá jafnljóst fyrir hvers manns augum. Hverjar voru horfurnar um afkomu ríkisins? Í byrjun Alþ. lagði fyrrverandi fjmrh. fram fjárlagafrumvarp. Þetta frv. hafði verið, eftir því sem sagt var, endursamið og fært til samræmis við það ástand, sem orðið var. Þegar frv. þetta var lagt fyrir Alþ., gerði fyrrv. fjmrh. grein fyrir tekjum og gjöldum ríkissjóðs, og var ekki annað að heyra á ráðherranum en allvænlega hafði. Ýmsir munu þó hafa gert sér grein fyrir, að því fór fjarri, að öll kurl kæmu til grafar í þessari skýrslu ráðherrans, enda þótt kyrrt væri látið liggja, meðan unnið var að því að fá upplýst, hversu komið var. — Fjárlagafrv. var vísað til n. að venju. Upplýsingar þær, sem fylgdu frv., voru svo ófullkomnar og frágangur þess að öllu leyti svo fyrir neðan allar hellur, að það tók fjvn. þingsins margar vikur að safna gögnum þeim, sem þurfti til þess að fá hugmynd um, hvort fjárlagafrv. væri í nokkru samræmi við það ástand, sem orðið var. Það er skemmst af að segja, að þessar rannsóknir fjvn. Alþ. leiddu það í ljós, að þetta fjárlagafrv. ríkisstj. var svo fjarri öllu lagi, að láta mun nærri, að hækka þurfi útgjaldahlið þess um 10—11 millj. kr. í því skyni einu að leiðrétta bersýnilega ranglega áætlaða útgjaldaliði. Mætti nefna mörg dæmi til þess að sýna, hvernig að frv. hefur verið unnið og hversu auðvelt það hefur verið fyrir Alþ., eða hitt þó heldur að fá upplýsingar um horfur í þessum efnum eftir þeim gögnum, sem fyrir voru lögð.

Jafnframt var unnið að athugun á því, hvernig fjárhagur ríkisins raunverulega væri. Sú athugun leiddi í ljós eftirfarandi staðreyndir, sem raunar hlutu að verða afleiðing þeirrar fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið.

Tekjur ríkissjóðs munu hafa orðið allt að 90 millj. kr. á s. l. ári, og er það meira en fjórfalt hærra en tekjurnar voru fyrir stríðið. Útgjöldin munu hafa numið 50—60 millj. kr. fyrir utan uppbætur þær á afurðum landsmanna og ýmsar aðrar greiðslur vegna dýrtíðarinnar, sem Alþ. og ríkisstj. hafa ákveðið.

Fjármagn það, sem ríkissjóður hefur yfir að ráða, mun ekki hrökkva til þess að inna af höndum þær skuldbindingar, sem á ríkissjóði hvíla nú þegar. En þar eru fyrirferðarmestar uppbætur á útfluttar afurðir og tillag til raforkusjóðs. Nema þessar greiðslur samtals, eftir því sem áætlað er, um 30 millj. kr. Í framkvæmdasjóðinn er ekkert til nema á pappírnum sá hluti af tekjuafgangi ársins 1941, sem þangað skyldi renna. Hér við bætist svo, að skuldir ríkisins hafa sára lítið lækkað og eru um 55 millj. kr. enn, án þess að taldar séu skuldir við raforkusjóð og framkvæmdasjóð.

Dýrtíðin hefur margfaldað útgjöld ríkissjóðs, en ekki aukið tekjurnar að sama skapi, og situr ríkissjóður hér við sama brunn og framleiðslan í landinu. Til dæmis um þetta má nefna það, að launagreiðslur ríkissjóðs og ríkisstofnana voru fyrir stríð um 7.5 millj. kr., en nú munu þær vera orðnar um 25 millj. kr. árlega. Til þess að sýna, hver áhrif verðbólgustefnan hefur haft á þennan útgjaldalið einan, nægir að geta þess, að hefði dýrtíðin verið stöðvuð, þegar vísitalan var 172, og um það voru lagðar fram tillögur af Framsfl. hér á Alþ., mundu þessar greiðslur nú nema helmingi lægri fjárhæð, og þó enn lægri, ef vísitalan hefði verið stöðvuð, þegar hún var 155 stig, en þannig stóð, þegar ég flutti fyrsta frv. mitt til laga um dýrtíðarráðstafanirnar vorið 1941. Það frv. var að vísu samþykkt, en aldrei framkvæmt, vegna þess að sjálfstæðismenn í ríkisstjórninni höfðu í sínum höndum vald til þess að koma í veg fyrir það, þar sem þeim hafði verið trúað fyrir stjórn fjármálanna. Þá er og rétt að geta þess, að hefði dýrtíðin verið stöðvuð, mundu greiðslur vegna útfluttra landbúnaðarvara aðeins nema litlum hluta þeirrar fjárhæðar, sem nú er ætlað að greiða í þessu skyni, og þó verið ólíkt bjartara framundan um afkomu bændastéttarinnar en nú er.

Til marks um það, sem skeði á síðustu 7 mánuðum ársins 1942 í málum þessum, er rétt að geta þess, að kostnaður við verklegar framkvæmdir ríkisins hefur tvöfaldazt til þrefaldazt á þeim tíma, og eigi mun fjarri að áætla, að vegagerð, sem kostaði 100000 kr. 1941, kosti nú 250000 a. m. k. Geta menn svo af þessu ímyndað sér, hvernig horfir um verklegar framkvæmdir í landinu, þegar fram líða stundir.

Ef sæmilega hefði verið á haldið, gætum við nú búið við hið mesta góðæri. Að baki eru tvö mestu gróðaár í sögu landsins. En þrátt fyrir þetta er ástandið nú þannig, að atvinnuvegir landsmanna horfa fram á taprekstur — ýmist nú þegar, ef nokkuð ber út af, eða í nánustu framtíð. Og mjög veigamikill þáttur í sjávarútveginum, hraðfrystihúsin, eru stöðvuð að meira eða minna leyti.

Ríkissjóður er raunverulega þrotinn að reiðu fé. Hins vegar er fyrirsjáanlegt, að framundan bíða óleyst verkefni, sem ríkissjóður verður að gangast fyrir og leysa, þótt þau kosti stórfé, og þjóðin sættir sig ekki við annað en þessi verkefni verði leyst jafnskjótt og vinnuafl er fáanlegt til þess að sinna þeim og efnivörur verða fyrir hendi að því leyti, sem þeirra er þörf.

Þjóðin hefur fram á þennan dag staðið í þeirri trú, að verið væri að safna fjármunum til þess að vinna að þessum framkvæmdum. Allar vonir um, að ríkissjóður ætti milljónatugi í sjóðum að loknu gróðatímabilinu, sem gætu orðið til þessara framkvæmda og til þess að hindra atvinnuleysi að stríðslokum, bregðast gersamlega, nema nú verði gripið til alveg óvenjulegra úrræða til þess að draga saman fé til framfaramálanna.

Hefði sú stefna verið upp tekin að snúast gegn dýrtíðinni, þá hefði fjárhagur ríkissjóðs verið glæsilegur, stórkostlegur tekjuafgangur orðið og milljónatugir verið í sjóðum til þess að standa undir framförum.

Það er eðlilegt, að menn varpi fram þeirri spurningu, hvernig unnt hafi verið að skapa

annað eins ástand við þau skilyrði til góðrar afkomu, sem fyrir hendi voru. Til þess liggja að vísu fleiri ástæður en ein, en þó er að mínum dómi ein meginástæða til þess að hinir sjö síðustu mánuðir ársins 1942 hafa reynzt svo örlagaríkir í þessum efnum, — og hún er sú, að landsmenn skyldu láta bjóða sér það að halda orustu um málefni, sem enga nauðsyn bar til að leysa, og að þeir skyldu gerast þátttakendur í því að halda uppi pólitískum höfuðorustum í nær heilt ár í landinu stjórnlausu, í stað þess að halda einar almennar alþingiskosningar, er skorið gætu fljótt og afgerandi úr málefnaágreiningi um lausn aðkallandi vandamála innan lands, ágreiningi, sem út af fyrir sig var óhjákvæmilegt að skera úr.

Það dregur sig enginn nú undan ábyrgð með því að minna á, að hann hafi verið óánægður eða jafnvel mótfallinn þessum starfsháttum, ef hann getur ekki sagt um leið, að hann hafi gert sitt til þess að stöðva þennan leik. Reynslan mun nú sýna mönnum það, að litlu verður áorkað með því að nöldra í barm sinn og láta þar við sitja.

Þegar menn ræða um stjórnmálaástandið og aðstöðu Alþ., þá mega menn þess vegna ekki gleyma því, að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna lagði lið sitt þeim vinnubrögðum, sem við voru höfð á s. l. ári, og menn mega ekki vera undrandi yfir því, þótt það taki tíma og kosti fyrirhöfn að leysa þau verkefni, sem lágu fyrir hinu nýkosna Alþ., þegar það hóf störf sín.

Hvað hefur þá gerzt á Alþ. nú í vetur?

Sjálfstfl. hafði skorað á landsmenn að efla sig til forustu, og hann hafði heitið slíkri forustu eftir kosningarnar. Þegar á Alþ. kom, virtist flokkurinn hins vegar ekki líta svo á, að hann væri líklegur til þess að takast slíka forustu á hendur, heldur óskaði hann eftir því, að sett væri á stofn 8 manna nefnd frá öllum þingflokkum til þess að ræða stjórnarmyndun allra flokka, — líka þess flokksins auðvitað, sem þjóðinni var sagt fyrir kosningar, að væri svo hættulegur landsmönnum, að þess vegna gætu réttlætzt jafnvel þrennar kosningar á sama ári, hvað þá tvennar, sem annars voru óréttlætanlegar með öllu.

Það kom fljótt fram við störf þessarar n., að ekki var auðvelt að byggja það, sem hrunið hafði. Framsóknarmönnum var það snemma ljóst, að stjórnarmyndun, sem byggjast ætti á því, að meiri hlutinn, sem að henni stæði, hefði gert sér grein fyrir til fulls og gengið frá úrræðum í þeim margháttuðu viðfangsefnum, sem hlutu að verða þættir í viðreisn þeirri, sem gera þurfti, hlaut að taka langan tíma. Þá var um tvær leiðir að velja: Að mynda pólitískt ráðuneyti, sem væri eins konar bráðabirgðastjórn að því leyti, að ekki gæti verið fullgengið frá, hvernig leysa skyldi öll þau stórmál, sem leysa þyrfti, eða þá, að ríkisstjóri skipaði til bráðabirgða ráðuneyti af sinni hálfu, sem færi með framkvæmdastjórnina, unz Alþ. hefði leyst stjórnarmyndunarmálið.

Framsfl. áleit fyrri kostinn heppilegri, eins og á stóð, enda þótt á þeirri leið væru gallar. Þess vegna svaraði Framsfl. því játandi að taka þátt í ráðuneyti allra flokka, sem byggt væri á þessum grundvelli. En sú ráðuneytismyndun strandaði á öðrum. — Af sömu ástæðum spurðist flokkurinn sérstaklega fyrir um það hjá báðum verkamannaflokkunum á Alþ., hvort þeir vildu eiga þátt í myndun stjórnar ásamt Framsfl., sem tæki við þá þegar, ynni að þeim málum á þessu Alþ., er samkomulag næðist um, og leitaðist við að ná samkomulagi um málefnagrundvöll fyrir áframhaldi samstarfsins. Þessi tilraun bar ekki árangur, vegna þess að hinir flokkarnir töldu, að ýtarlegur málefnasamningur yrði að liggja fyrir, áður en stjórnarmyndun ætti sér stað.

Niðurstaðan var sú, að þingræðisstjórn varð eigi mynduð og ríkisstjóri skipaði af sinni hálfu þá stjórn, er nú situr. Enn sem komið er hefur myndun pólitískrar ríkisstj. á Alþ. strandað af þeirri ástæðu, að sumir stjórnmálaflokkarnir hafa ekki viljað ganga í ríkisstj., nema áður væri búið að semja um úrlausnir í flestum vandamálum. En slíkir samningar eru þeim örðugleikum bundnir, eins og ástandið er nú orðið, að það eitt út af fyrir sig hefur valdið því, að stjórnarmyndun hefur ekki farið fram á Alþ. Fram að þessu hefur því stjórnarmyndun á Alþ. strandað þegar af þessari ástæðu. Hins vegar liggur ekki enn þá fyrir, hvort aðrar ástæður verða þess valdandi, að á Alþ. eigi sér ekki stað stjórnarmyndanir með venjulegum hætti fyrst um sinn. Það leiðir reynslan í ljós, og er of snemmt að ræða það mál til nokkurrar hlítar á þessu stigi.

Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur með nokkrum bráðabirgðaráðstöfunum í dýrtíðarmálunum, sem gerðar hafa verði í samvinnu við Alþ., gefið Alþ. og þjóðinni tóm til þess að átta sig á þeim stóru viðfangsefnum, sem framundan liggja. Ráðstafanir ríkisstj. hafa fram að þessu miðað að því, að ekki þyrfti að verða áframhaldandi tjón að þeim drætti, sem óhjákvæmilega hlaut að verða á því, að meiri háttar framkvæmdir væru gerðar vegna þess undirbúnings, sem slíkar ráðstafanir hljóta að krefjast. Slíkt hlé varð ekki skapað, meðan fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, þar sem hún sýndi enga viðleitni til nokkurs viðnáms og skuggatilvera hennar lá eins og martröð á þingi og þjóð.

Ráðstafanir núverandi ríkisstj. hafa fram að þessu yfirleitt byggzt á því, sem samkomulag var orðið um milli flokkanna í þeim stefnuyfirlýsingum, sem frá þeim höfðu komið. Þessum bráðabirgðaráðstöfunum hefur verið vel tekið, m. a. fyrir það, að þær stinga í stúf við algert afskiptaleysi fyrrv. ríkisstj.

Um tillögur og úrræði núverandi hæstv. ríkisstj. að öðru leyti er eigi unnt að ræða á þessu stigi málanna, þar sem ókunnugt er, hverjar leiðir hún vill fara í úrlausn þeirra vandamála, sem framundan eru. Eigi er enn vitað, eftir hvaða leiðum hæstv. ríkisstj. hyggst að vinna að lækkun dýrtíðarinnar og eigi er enn fram komið, hvaða stefnu ríkisstj. telur heppilega um afgreiðslu fjármála og skattamála. Verður því eigi af minni hálfu rætt öllu frekar um hæstv. núverandi ríkisstj. við þessar umræður.

Framundan bíður það verkefni að endurskipuleggja hagkerfi landsins, ef svo má að orði

kveða, og leysa þau stórkostlegu vandamál í atvinnumálum þjóðarinnar, sem við munu bætast að lokum yfirstandandi styrjaldar. Þessar ráðstafanir eru svo stórar og mikilvægar, að þær verða ekki af öðrum gerðar en Alþ., og Alþ. hlýtur að verða að taka á þeim fulla ábyrgð. Þegar kemur að því að taka stór skref í þessum málum, verður að vera fyrir hendi á Alþ. þingfylgi til þess að samþykkja nauðsynlega löggjöf og framkvæma hana. Það væri auðvitað æskilegt, að flestir, — já allir, gætu staðið saman, og það er auðvitað áríðandi, að sem mest og bezt samtök geti myndazt um þessi verkefni og sem almennastur skilningur ríki um það, sem gera þarf. En það er rétt að gera sér ljóst nú þegar, að meðal þess, sem gera þarf, hljóta að verða vissar ráðstafanir, sem skoðanir verða skiptar um, en fram úr þeim málum verður samt að ráða, og fram úr þeim málum verður ekki annars staðar ráðið en á Alþ.

Það er mikið talað nú um samstarf og nauðsyn á því. Samstarf er vitanlega nauðsynlegt, og margir ræða um það efni af fullri hreinskilni og einlægni. En þjóðin verður að gera sér grein fyrir því, að á bak við sumt af þessu tali getur staðið, — og stendur áreiðanlega því miður, annað og meira en viljinn einn til þess að leysa stórmálin. Við höfum séð, hvernig samstarfsþörfin á tímum þjóðstjórnarinnar var notuð til þess að standa gegn því að stríðsgróðinn væri notaður til þess að halda niðri dýrtíðinni. Það var gert, hvernig sem reynt er að vefja það fyrir mönnum nú. Við höfum séð, hvernig allt í einu hefur verið snúið við blaðinu og talið um samstarf snúizt upp í lögeggjanir til pólitísks ófriðar, þegar allra verst stóð á. Við höfum séð, hvernig þetta tal hefur svo aftur á svipstundu snúizt upp í umræður um nauðsyn friðar og samstarfs.

Við erum vottar að því, hvernig nú, eftir þessar deilur, er reynt að snúa eðlilegri gagnrýni manna á þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið, upp í móðursýkiskenndan ótta við eðlilega málefnagagnrýni, sem auðvitað er alveg heilbrigð og ómissandi. Við erum vottar að því, hvernig heilbrigðri gagnrýni á störfum Alþingis og stjórnmálamanna er nú snúið upp í almennt „taugastríð" gegn þingræði og lýðræði með því að telja mönnum trú um, að allar umræður um þjóðmál sé auvirðilegt rifrildi auvirðilegra manna. Undir þenna söng taka margir þeirra, sem ekki telja sig metna að verðleikum, og sumir þeirra, sem hæst hrópa ámælisorðin til Alþ. og þingmanna, eru úr hópi þeirra, sem fastast eggjuðu til þeirra sviptinga á s. l. ári, sem mestum ófarnaði hafa valdið, og því úr hópi þeirra, sem mestu valda um ástand það, sem nú hefur verið Alþ. fjötur um fót í störfum þess. Við erum vottar að því, hvernig reynt er að nota ofureðlilega þreytu þjóðarinnar á háværum deilum til þess að bæla niður gagnrýni á stórfelldum stjórnmálahneykslum, sem átt hafa sér stað. Þannig er t. d. reynt að telja til óþarfa rifrildis og ófriðar gagnrýni á því, að á s. l. hausti var þannig haldið á fóðurbætismálum landsmanna, að allt að helmingi meira var úthlutað af fóðurbæti en venjulega, en þrátt fyrir það er fjöldi bænda í landinu í stórkostlegum vandræðum með fóðrun búpenings vegna skorts á þessari vöru, og hér við bætist, að menn voru leyndir því, hvernig komið var, þangað til eftir kosningar.

Þannig er einnig reynt að telja það óþarfa rifrildismál, að gagnrýnt sé opinberlega annað eins hneykslí og bifreiðaúthlutun fyrrv. ríkisstj.

Við erum vottar að því, hvernig reynt er að fá almenning í landinu til þess að gefast upp við meðferð þjóðmálanna með því að prédika þá trú, að þjóðmálastarfið sé þýðingarlaust, allir stjórnmálaflokkar séu eins og allir stjórnmálaleiðtogar eins. Það sé vonlaust að reyna að greina á milli þess, sem satt er eða logið, og þekkja rétt frá röngu. Í hvaða skyni er þetta gert? Hvar endar þetta? Ef þjóðin verður fórnarlamb þessa áróðurs, þá er lýðræðið á Íslandi úr sögunni. Þjóðin má ekki láta leggja á sig þann herfjötur, sem leiðir til falls lýðræðisins.

Þingræðið og lýðræðið er byggt á málamiðlun að vissu marki, en ekki stöðvunarvaldi kyrrstöðunnar *í skjóli þess, að enginn skoðanamunur* eigi rétt á sér. Þjóðin verður að leggja það á sig að þekkja mismun á réttu og röngu, þekkja gagnrýni frá rógi og rök frá lýðskrumi. Þjóðin þarfnast ekki uppgjafar í almennum málum, heldur aukinnar árvekni og samvizkusemi.

Við þörfnumst heldur ekki þess, að á Alþ. standi allir saman um að gera ekki neitt. Ekki heldur að allir séu ósammála um allt. Hvort tveggja þetta hefur verið reynt. Það, sem við þurfum, er, að sem flestir eða a. m. k. nógu margir standi saman um að gera það, sem þeim finnst rétt, taki hæfilegt tillit til hinna, en fyrst og fremst fulla ábyrgð á því, sem þeir gera, og standi eða falli síðan með þeim dómi, sem þjóðin kveður upp.

Við þörfnumst rólegrar yfirvegunar, manna, sem meta rök meira en upphrópanir og gefast ekki upp við að finna kjarna málanna, þótt tilraunir séu gerðar til þess að leyna honum.

Það er ekki fyrirhafnarlaust eða vandalítið að vera kjósandi í lýðræðislandi, þótt það sé fámennt land, jafn flókin og mönnum finnst stundum viðfangsefnin vera. En menn verða að skilja, að ekkert mikilvægt vinnst eða helzt án fyrirhafnar. Ef kjósendur reynast vandanum vaxnir, þá verður öllu borgið. Ef þeir gefast upp, leggja árar í bát, þá er leikurinn tapaður og lýðræðið hefur beðið ósigur.

Ég benti áðan á, hvernig ástatt er nú um fjárhagsafkomu ríkissjóðs og atvinnuveganna. Mun ég fara nokkrum orðum um það, sem næst virðist framundan liggja.

Tekjur ríkisins hafa árið 1942 náð hámarki sínu, þó að allt sé það fé svo gott sem horfið vegna ráðleysis. Rekstrarútgjöld ríkisins verða hins vegar hærri á þessu ári en nokkurn tíma fyrr, nema stórfelldari ráðstafanir verði gerðar í dýrtíðarmálunum. Það er útlit fyrir lækkandi tekjur með óbreyttum sköttum og tollum, en vaxandi rekstrargjöld. Það er því ekki hægt að vonast eftir stórfelldum tekjuafgangi á þessu ári, er gert er ráð fyrir eðlilegum verklegum framkvæmdum og það, þótt ekki sé ráðizt í að leysa neitt af hinum allra stærstu framfaramálum, sem nú eru á döfinni.

Hér þykir mér rétt að geta þess, að þingmenn Sósfl. hafa nú, síðan nál. fjvn. við aðra umr. fjárlaga kom fram, gert úlfaþyt nokkurn á Alþ. og haldið því fram, að samsæri mikið mundi vera í undirbúningi til þess að skera niður framlög til verklegra framkvæmda. Hafa þeir notað sem átyllu fyrir skrafi sínu, að meiri hluti fjvn. taldi sig ekki tilbúinn að skila till. nefndarinnar um verklegar framkvæmdir fyrr en við 3. umræðu. Þessi vindmylluviðureign háttv. þm. er að vísu brosleg, en hún er einnig fyllilega óviðurkvæmileg, þegar það er athugað, að fjvn. hefur sem heild lýst því yfir, að í n. hafi verið undirbúnar ágreiningslaust till. um verklegar framkvæmdir, sem lagðar verði fram við 3. umr.

Þessir háttv. þm. vita það vel, að hvorki í fjvn. né á Alþ. sjálfu er nokkur meiri hluti fyrir niðurskurði verklegra framkvæmda, enda engin frambærileg ástæða til þess að viðhafa þau vinnubrögð. All þetta tal háttv. þm. er því ekkert annað en *misheppnaðar tilraunir til þess að láta líta svo út* að þeir séu þeir einu á Alþ., sem hafa áhuga fyrir verklegum framkvæmdum. Af sama toga er spunninn tillöguflutningur hv. þm. við þessa 2. umr., og tekur út yfir að nokkur þingfulltrúi úr fjvn. skuli hafa sig til þess að viðhafa þau vinnubrögð, t. d. að hnupla tillögum meðnefndarmanna sinna og samstarfsmanna úr fjvn. og auglýsa sig með þeim í skjóli þess, að aðrir þm. sýna fjvn. þá sjálfsögðu kurteisi í samræmi við margra ára þingvenju að bíða eftir till. hennar um áhugamál, sem þeir hafa til n. komið.

Ég gat um útlitið á þessu ári. Stórum alvarlegra er þó útlitið, ef lengra er horft fram. Má gera ráð fyrir enn lækkandi tekjum einstaklinga *og fyrirtækja og lækkandi skatttekjum*. Það er fyrirsjáanlegt, að eigi verður komizt hjá hruni í fjárhagsmálum ríkisins á næstu árum, nema gerðar verði stórfelldar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum.

Nú mundi margur segja, að grípa þyrfti til sparnaðar, og er það rétt, ef það orð er notað í réttri merkingu. Það þarf að sýna fyllstu ráðdeild í öllum rekstri ríkisins, alveg gagnstætt því, sem gert hefur verið síðan Sjálfstfl. tók við fjármálastjórn, og það þarf að vinna að því að lækka gjöld ríkisins og opinberra sjóða með skynsamlegum dýrtíðarráðstöfunum.

Aftur á móti tel ég það illa farið, ef þær ályktanir væru dregnar af því, sem upplýst er um afkomu og afkomuhorfur ríkissjóðs, að senn yrði að verða kyrrstaða í verklegum framkvæmdum og framförum í landinu og Alþ. yrði að gefast upp við að framkvæma áform þjóðarinnar í þeim málum.

Ef við lítum á afkomu þjóðarinnar undanfarið, þá sjáum við, að hún hefur eignazt erlendis í innieignum hátt á þriðja hundrað millj. kr. og *drjúgum lækkað skuldir*. Það liggur ekki ljóst fyrir á þessu stigi málsins, hverjir þetta fé eiga, en augljóst er af þessu, að mikill fjöldi landsmanna hefur hagnazt stórkostlega undanfarið og sumir beinlínis á þeirri ringulreið, sem ríkt hefur í landinu.

Á málunum hefur hins vegar verið haldið á svo dæmalausan hátt, að ríkið sjálft, ríkissjóðurinn, á ekkert af þessu fé, svo sem gerð hefur verið grein fyrir, og er það þó ekki fyrir það, að ríkið hafi varið stórfé þessi árin til framfaramála. Verklegar framkvæmdir hafa verið fremur litlar, og er það alveg eðlilegt, eins og á hefur staðið. En þeim mun geigvænlegri er niðurstaðan.

Þessi óstjórn má þó ekki valda því, að hér verði kyrrstaða í framkvæmdum í stað þess framfaratímabils, sem menn hafa ætlað sér að hefja jafnskjótt og vinnuafl og efnivörur er fyrir hendi.

Það verður með engu móti þolað, að raforkumálin, endurbygging skipastólsins, samgöngubætur, ræktun og bygging nýbýla, — svo aðeins fá dæmi séu nefnd, — verði stöðvuð fyrir þá handvömm sem orðin er, þar sem fjármagnið er til í eigu landsmanna. Það verður heldur eigi við það unað, að hér hefjist tímabil atvinnuleysis með þeim afleiðingum, sem það hefur fyrir afkomu verkamanna og framleiðslustéttanna í *landinu, en aðaláhugamál manna bíði óleyst*, þótt fjármagnið sé til.

Með því að fylgja verðbólgustefnunni hefur því fé, sem ríkissjóður að réttu átti að eignast til þess að standa undir framförum, verið ausið út jafnhraðan. Úr þessu verður að bæta, og úr þessu verður ekki bætt til hlítar með öðru móti en því að gera landsmönnum skylt að greiða til ríkisins ákveðinn hluta af því, sem þeir hafa aukið eignir sínar á stríðsárunum, en af sjálfsögðu yrði að undanskilja tiltekna lágmarkseignaaukningu. Til þess að koma þessu í framkvæmd yrði að fara fram hreint allsherjaruppgjör á eignabreytingum í landinu frá stríðsbyrjun. Þessar ráðstafanir verða að fylgja því, sem gert yrði til lækkunar dýrtíðinni.

Jafnframt er af sjálfsögðu nauðsynlegt að endurskoða skatta á tekjur, en slíkar ráðstafanir munu ekki reynast eins og nú er komið einhlítar til þess að bæta úr því öngþveiti, sem þessi mál eru komin í.

Eigi verður til frambúðar komizt hjá gengishruni, nema sérstakar öflugar ráðstafanir verði framkvæmdar gegn dýrtíðinni. Afleiðingar þess ástands sem nú ríkir, ef ekkert væri að gert, hljóta að verða samdráttur framkvæmda og framleiðslu, atvinnuleysi og alveg sérlega geigvænleg landbúnaðarkreppa, þar sem verðfall á innlendum markaði bættist ofan á þá gífurlegu örðugleika, sem þegar eru fyrir hendi vegna verðlags landbúnaðarafurða erlendis. Þegar þetta ástand hefði staðið um hríð og landsmenn etið út eignir sínar, kæmi svo gengishrunið, sem hefði í för með sér raunverulega lækkun launa og lækkun afurðaverðs á innlendum markaði.

Þessi þróun væri stórskaðleg allri þjóðinni, en afleiðing hennar mundi þó ekki sízt bitna á verkamönnum og launamönnum annars vegar og *bændum hins vegar*. Ég hef svo þráfaldlega sýnt fram á, í hverju það liggur, að ég geri það eigi nánar hér.

Ég held því hiklaust fram, að engir eigi meira undir því en bændur og launamenn, hversu til tekst um þessi mál, enda munu þær ráðstafanir, sem óhjákvæmilegt yrði að gera í málum þessum, snerta þá beinna en flesta aðra landsmenn.

Ég tel það alveg undirstöðuatriði, að þessar

stéttir eigi sem mestan beinan þátt í því, sem gert verður í dýrtíðarmálunum og standi saman um úrræði, jafni með sér þann ágreining, sem koma kann upp þeirra á milli, með það fyrir augum, að framtíð hvorra tveggja er að verulegu leyti komin undir því, hvernig til tekst.

Hér er vandasamt verkefni, og rétt er að minna á, að eins og nú er komið, munu ýmsar ráðstafanir, sem allvel hefðu reynzt til þess að stöðva verðbólgu, reynast áhrifalitlar, eins og nú er komið, til þess að lækka. T. d. má nefna, að 1 krónu lækkun á kjötkílói, sem nú hefur verið framkvæmd af hæstv. ríkisstj., kostar ríkissjóð 4—4½ millj. kr. á ári, en lækkar dýrtíðarvísitöluna sára lítið, þótt öll áhrif, bein og óbein, séu meðreiknuð.

Undanfarin ár hefur leið samtakanna í dýrtíðarmálum ekki verið fær. Hún hefur verið gerð ófær. Vegna innbyrðis óeiningar, klofnings og pólitískra fangbragða forustumannanna, hefur verkalýðurinn haldizt utan við framkvæmdir í dýrtíðarmálum, fjárhagsmálum þjóðarinnar. Þetta hefur reynzt hið versta böl.

Nú ætlast alþýða manna áreiðanlega til þess, og launamenn, að eigi fari á sömu leið. Verkamenn og launamenn á landinu finna nú áreiðanlega, hvert stefnir um þeirra hag í náinni framtíð, ef þeirri stefnu væri fram haldið að auka upplausnina og stefnt markvisst — fyrst að atvinnuleysi og síðar gengishruni. Þeir vilja ekki niðurrif, heldur umbætur.

Nú veltur hins vegar mjög á því, að þeir, sem falin hefur verið forusta í málum verkamanna, hafi þetta sjónarmið og vinni í samræmi við það. Hitt væri illa farið og mundi vekja gífurlega athygli og andúð, ef nú yrði skotið fram fyrir umbótamálin og haldið fast við sérkreddum og pólitískum trúaratriðum, sem síður en svo hefðu nokkra jákvæða þýðingu fyrir almenning á Íslandi eða íslenzku þjóðina og þessi og önnur slík atriði notuð sem átylla fyrir neikvæðu starfi. Er því Sósfl. gott að taka eftir þessu, og segi ég það að gefnu tilefni frá hv. 8. þm. Rvíkur, sem veik hér áðan að innanflokksmálum Framsfl. og Alþfl.

Bændur og aðrir smáframleiðendur í landinu vaða heldur ekki í neinni villu um það, hvað framundan er í málum þeirra, ef ekkert er aðhafzt. Veltur þá einnig mikið á því, að af þeirra hálfu sé á málunum haldið af viðsýni og framsýni.

Mér er nær að halda, þótt ég hafi hér sérstaklega nefnt bændur og verkamenn, að þjóðin öll hafi sjaldan átt meira undir því, hvernig úr málum ræðst, en einmitt nú.

Forseti (GSv): Þá hefur hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu Framsfl. og notaði tíma flokksins næstum nákvæmlega.

Þá tekur næst til máls hv. þm. G.-K. (ÓTh) og talar af hálfu Sjálfstfl. og notar tíma flokksins, sem er um 40 mínútur.

Ólafur Thors: Það mun vera Framsfl., sem óskað hefur þess, að þessar útvarpsumræður færu fram. Sjálfstfl. lagði til, að þeim yrði frestað, þar til hægt yrði að opna þjóðinni innsýn í framtíðina, eftir að hin nýja ríkisstj. hefur kunngert, hvað hún hyggst fyrir og með hverjum hætti hún ætlar að freista þess að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar, en þeirri ósk fékkst ekki framgengt.

Það er réttur hvers þingflokks, samkv. þingsköpum, að krefjast slíkra útvarpsumræðna, og vildi þá Sjálfstfl. ekki skorast undan að taka þátt í þeim, enda þótt við teljum að þjóðin sé nú eftir tvennar Alþingiskosningar á síðasta ári orðin þreytt á þrasi og þrætu um, hvort þessi valdi eða hinn, að margt hefur farið miður en skyldi, og hugsi nú meir um það, sem framundan er, en liðna tímann. En eðli málsins samkv. hljóta þessar umræður að fjalla mest um fortíðina, þar eð allir flokkar Alþ. virðast hafa gert um það þegjandi samkomulag að leggja engar till. fram á Alþ. um lausn dýrtíðarmálanna, meðan ríkisstj. vinnur að undirbúningi þeirra mála. Má og segja, að með þeim hætti sé bezt búið að ríkisstj. og meiri líkur fyrir því, að till. hennar fái þingfylgi.

Af þessum ástæðum er þess lítill eða enginn kostur að gera framtíðinni skil, og mun ég því að þessu sinni aðallega gefa skýrslu um það, er skeð hefur að undanförnu. Mun ég leitast við að gera það í fáum höfuðdráttum með sérstakri hliðsjón af dýrtíðarmálunum og afstöðu Sjálfstfl. til þeirra og með viðkomu á einstöku öðrum sjónarhól á vettvangi stjórnmálanna. Eg mun leitast við að láta staðreyndirnar tala, að segja óvilhallt frá atburðunum, eins og þeir hafa verið, og með því hrekja rökvillur, rangfærslur og áðeilur, er nú og áður hafa verið í frammi hafðar af andstæðingum Sjálfstfl. og ekki sízt ræðu háttv. síðasta ræðumanns, Eysteins Jónssonar.

Sjálfstfl. mun svo skýra framtíðarfyrirætlanir sínar, eftir því sem tilefni gefst til, þegar stjórnarfrumvörp þau, sem væntanleg eru, verða rædd á Alþ.

Þegar íslenzk króna var verðfeld snemma árs 1939, þótti sýnt, að af því mundi leiða hækkandi verðlag í landinu. Í því skyni að hafa hemil á verðlaginu voru þá með lögum settar miklar skorður við hækkun á innlendu afurðaverði og kaupgjaldi. Segja má, að þau lög næðu tilgangi sínum, og urðu með þeim hætti af krónulækkuninni litlar verðhækkanir. Árið eftir var þess krafizt af umboðsmönnum bænda á þingi, að lögbindingin yrði leyst af innlenda afurðaverðinu, og náði það fram að ganga. Eftir það má telja, að þessi nytsömu lög misstu marks og yrðu óvirk, enda voru þau skömmu síðar, eða í árslok 1940, úr gildi felld, hvað snerti kaupgjaldið.

En afleiðingin lét ekki á sér standa. Þá hófst hið illræmda kapphlaup milli afurðaverðsins og kaupgjaldsins. Hver hækkunin elti aðra, og hin fyrsta og örlagaríkasta dýrtíðaralda flæddi yfir landið og náði hámarki í árslok 1941, þegar vísitala framfærslukostnaðar komst upp í 183 stig.

Þegar hér var komið sögu, þótti mörgum, sem eigi mætti við svo búið standa. Náðist þó eigi samkomulag um úrræðin. Á haustþinginu 1941 lagði Sjálfstfl. til, að reynd yrði hin svo kallaða frjálsa leið, þ. e., að launþegar hétu því að krefjast engra grunnkaupshækkana gegn því, að nefndir þær, er ráða verðlagi innlendra afurða, tryggðu, að það héldist óbreytt. Var þessu og vel

tekið af stærstu verkalýðsfélögunum og einmitt þeim félögum, er innan sinna vébanda telja þær stéttir, er minnst bera frá borði. Var að því ráði horfið. En er leið að árslokum 1941, varð hljóðbært, að þeir launamenn, er við betri kjör búa, mundu krefjast allverulegra hækkana, og reyndist það satt að vera. Var nú sýnt, að eigi yrði lengur treyst á frjálsu leiðina, og tók þá Sjálfstfl. hinum einu rökréttu afleiðingum af því og bauðst til að lögfesta hvort tveggja, grunnkaupið og afurðaverðið, enda hafði flokkurinn þegar í öndverðu lýst yfir því, að enda þótt hann stefnu sinni samkv. vildi í lengstu lög byggja á frjálsu leiðinni, mundi hann eigi hika við að grípa til lögbindingar, ef annað reyndist óvirkt.

Það varð svo að samkomulagi í janúar 1942 milli Sjálfstfl. og Framsfl. að setja gerðardómslögin, en Alþfl. skarst úr leik, dró ráðherra sinn úr ríkisstjórninni og hóf jafnframt, ásamt sósialistum, megnan áróður gegn lögunum. Dró það að sönnu mjög úr líkum fyrir nytsömum og nauðsynlegum árangri laganna, en þó komu þau þegar í stað að liði og stöðvuðu vöxt dýrtíðarinnar um nokkurra mánaða skeið. Stóð svo, þar til sundur dró milli Sjálfstfl. og Framsfl., en eftir að samstarf þessara flokka rofnaði út af kjördæmamálinu, snérist Framsfl. gegn lögunum, og var þá sýnt um örlög þeirra. Hófst þá hinn svonefndi smáskæruhernaður, er meðal annars stöðvaði afgreiðslu kaupskipaflotans, er svo aftur leiddi til þess, að Bandaríkin hótuðu að svipta Íslendinga þeim skipakosti, er með engu móti varð komizt af án. Stóð þá valið milli þess að hækka kaup umfram heimild gerðardómslaganna eða setja þjóðina í svelti.

Frá þeirri stundu urðu gerðardómsl. ekkert annað en dauður bókstafur, og því um ekkert að ræða annað en nema þau úr gildi til þess með því að forðast, að ofan á þá ógæfu, að þau yrðu þannig með öllu óvirk, bættist sú smán að viðhalda í orði löggjöf, sem brotin var og að vettugi virt að staðaldri.

Það var ekki ólán, heldur ill nauðsyn, að nema lögin úr gildi. Hitt var ógæfa, að þau skyldu brotin á bak aftur, en á því bera aðrir ábyrgð en Sjálfstfl., sem átti sinn þátt í að setja lögin og einn allra flokka sýndi þeim alla tíð hollustu.

Og nú sem fyrr kom hin óumflýjanlega afleiðing tafarlaust í ljós, eins og sjálfstæðismenn alla tíð sögðu fyrir. Ný dýrtíðaralda reis, flæddi yfir landið og náði hámarki í desember s.l., er vísitalan komst í 272 stig.

Þetta er í fæstum orðum saga dýrtíðarinnar. Líklegt er, að hún sé að talsverðu leyti sjálfskaparvíti, en hitt verður að viðurkenna, að enn er órannsakað mál, hvort eða að hve miklu leyti hægt var að búast við, að við Íslendingar gætum glímt við þau alveg einstöku fyrirbrigði á sviði athafna- og fjármálalífsins, sem á vegi okkar höfðu orðið, er saman fór margfalt verð útfluttra afurða, áður óþekkt eftirspurn íslenzkrar vinnuorku og aðrar stórtekjur þjóðfélagsþegnanna vegna fjáreyðslu hinna erlendu setuliða, allt með þeim árangri, að hagur landsmanna út á við hefur batnað um 300—400 milljón kr. á 2—3 árum. Verður að telja vafasamt, að nokkur þjóð, jafnvel þótt meiri hafi reynslu í fjármálum en Íslendingar, hafi náð tökum á þeim óvæntu og lítt útreiknanlegu sveiflum.

Það er ekki margt, sem íslenzkir stjórnmálamenn eru sagðir sammála um á þessum síðustu og verstu dögum, enda sæta þeir fyrir slíkum ámælum, að hver aulabárður af öðrum þykist bær um að kasta hnútum að Alþ., og vita þó að sönnu fæstir, um hvað þeir eru að fjasa. Eitt virðist þó ríkja um full eining innan Alþ., en það er, að öll verðbólgan og dýrtíðin sé eitthvert hið ægilegasta þjóðarböl, er yfir Íslendinga hefir verið fært, og keppist því hver við að kenna öðrum um.

En hvað er þá þessi dýrtíð, þetta hræðilega böl, sem helzt virðist jafnað til Svarta dauða eða Stóru bólu eða, svo að mildara sé að kveðið, hallæris og hungurs?

Hagstofan segir, að 4/5 hlutar dýrtíðarinnar stafi frá kaupgjaldi og verðlagi innlendra afurða. Eftir því eru það þeir, sem barizt hafa fyrir grunnkaupshækkunum og hækkun á verði framleiðsluvara bænda, sem ógæfunni valda. Og samkv. þessari umsögn Hagstofunnar, þá ætti mikil vinna og hátt kaup annars vegar, en sæmilegar tekjur bænda vegna hagstæðs afurðaverðs hins vegar að vera alveg einhliða þjóðarógæfa að dómi almennings. Nei, ætli hér fari ekki sem fyrr, að tvær hliðar eru á hverju máli. Sæmileg klæði og skæði og þolandi lífsviðurværi þeirra, sem minnst hafa frá borði borið, og linun á skuldaviðjum bænda eru út af fyrir sig ekki ógæfa og ekki hryggðarefni, heldur gæfa og gleðiefni. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur reynzt ráð til auðdreifingar, miðlað milli þeirra, er stundað hafa arðsömustu framleiðslu verðhárrar útflutningsvöru, og margra annarra þjóðfélagsþegna. Og frá því sjónarmiði er a. m. k. viss vinningur við dýrtíðina.

Það er þá líka sannmæli, að a. m. k. framan af stefndu margir þm. og ýmsir valdamenn utan þings markvisst að því að hækka dýrtíðina, og sumir hafa unnið að því, beint og óbeint, fram á þennan dag. Hefur fyrir mönnum vakað ýmist að losa bændur úr skuldum eða að draga fram hlut launþega. Og hitt mun einnig sannast, að takist að lækka vísitöluna og þar með afurðaverð og kaupgjald, jafnvel þótt án grunnkaupslækkana yrði, en með milljónatugum úr ríkissjóði, þá mun koma annað hljóð í strokkinn úr ýmsum áttum. Þá mun lofið alls ekki verða einróma. Það skal sannast.

En þetta er aðeins önnur hlið málsins. Hin er, að í fyrsta lagi var auðvelt að jafna milli þegnanna með því að beita gildandi skattalagaákvæðum, og á þann hátt að safna meginhluta gróðans í opinbera sjóði. Þetta var vafalaust hið eina rétta, þegar dýrtíðin hafði náð vissu marki. En auk þess bar að halda dýrtíðinni í skefjum vegna þess, hversu mjög hátt verðlag á innlendum markaði eykur örðugleikana, sem bíða þjóðarinnar, þegar útflutningsafurðir okkar falla í verði. Og loks, — og það er að því leyti aðalatriðið, að fram hjá því verður með engu móti komizt, — að þegar svo er komið sem nú er í okkar þjóðfélagi, að ýmist er framleiðsla útflutningsvarna þegar stöðvuð eða komið á fremsta hlunn með, að svo verði, beinlínis vegna þess, að verðlag afurðanna, sem ekki er sjáanlegt, að verði hækkað,

ris engan veginn undir kaupgjaldinu og öðrum tilkostnaði í landinu, — þá er það alveg óumflýjanleg nauðsyn að stöðva dýrtíðina.

Af þessum ástæðum, þótt einar væru, verður að hefta vöxt dýrtíðarinnar og hefja öfluga baráttu til að lækka hana, en margt annað mælir auk þess með, að slík barátta verði hafin, og má þar t. d. nefna þær búsifjar, sem lækkandi verðgildi gerir þeim, er afkomu sína hafa byggt á föstum lífeyri eða vöxtum þess fjár, sem þeir hafa dregið saman með sparsemi og ráðdeild á langri lífsleið.

Það sem ég sagði um friðindi þau, sem mörgum hafa í skaut fallið vegna verðfalls peninga og vaxandi dýrtíðar, má enginn skilja sem andmæli gegn glimunni við dýrtíðina. Þær athugasemdir eru fremur fram settar í því skyni að varpa ljósi á báðar hliðar þessa máls, en einkum þó til þess að minna menn á, að enda þótt víst megi telja, að hækkandi verðgildi peninga og lækkandi dýrtíð þyki ekki einhliða gæði þegar — og ef — þjóðin öðlast það hnoss, sem hún að óreyndu svo mjög þráir, þá eru staðreyndir þó þær, að svo sem komið er högum Íslendinga, er það bein lífsnauðsyn, að verðhækkun sé stöðvuð og byrjað að klífa niður stigann, meðan enn er tími til þess. Það er holt, að menn geri sér nú þegar ljóst, að líkt er um dýrtíðina eins og skóna, sem konan ætlaði forðum að kaupa. Hún bað um skó, sem væru nægilega rúmir, til þess að þægilegt væri að vera í þeim, en þó svo smáir, að hún sýndist sérlega fótnett. Menn vilja fá hátt kaup og mikla peninga fyrir vinnu sína, en framleiðandinn vill samt kaupa ódýra vinnu og launamaðurinn fá ódýra vöru.

Um það, hversu ráða beri niðurlögum dýrtíðarinnar, er óþarft að fjölyrða, vegna þess að allir þekkja þær leiðir. Vandinn er aðeins sá að ná nauðsynlegri einingu í þeim efnum. Haldbezta úrræðið og það, sem líklegt þykir, að ríkisstj. reyni að beita eftir því, sem vitað er um álit ráðherranna í þeim efnum, er lækkun grunnkaups og afurðaverðs. Hitt er svo annað mál, hvort stjórninni tekst að sameina þjóðina til átaka á því sviði. Ella vilja sumir reyna að lækka vísitöluna með því að halda niðri vöruverði á kostnað ríkissjóðs. Má vera, að það geti lánazt, en þó auðvitað að því tilskildu, að ríkissjóður hafi til þess handbært fé og að talið verði rétt að verja sjóðseign ríkisins í þessu skyni, þótt af því kunni að leiða, að ríkið reynist þá ekki þess megnugt að inna af hendi aðrar skyldur, þegar kreppan kemur, eftir að verðhrun útflutningsvörunnar skellur á. En um þetta þykir ekki tímabært að ræða, fyrr en hæstv. ríkisstj. leggur fram sínar tillögur í þeim efnum, enda verður lengst af matsatriði, hvað fært þykir, og viðhorfið breytist frá degi til dags.

Ég gat þess áðan, að í allri sundurþykkjunni yrðu menn æ meir sammála um að fordæma dýrtíðina. Ég bæti því við, að því meir sem sú eining hefur vaxið, því ríkari áherzlu hafa andstæðingar Sjálfstfl., einkum þó Framsóknarflokksmenn, lagt á að koma sökinni á Sjálfstfl. með þeim rökum, að hann hafi farið með stjórn landsins, þegar síðari dýrtíðaraldan reið yfir. Ég tek sem dæmi það, sem Eysteinn Jónsson áðan sagði, að ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð í 183 stigum, þá hefðu uppbæturnar til bændanna aðeins numið litlum hluta þess, sem þær nú verði, og um þetta hefur hann einnig nýverið ritað grein í Tímann, þar sem hann ræðst að Sjálfstfl. og sakar hann um vöxt dýrtíðarinnar síðustu mánuðina. Kallar E. J. það „helstefnu" Sjálfstfl. og sannar víti hennar aðallega með því, að vegna hækkandi vísitölu verði ríkissjóður nú að greiða bændum margfalt hærri uppbætur á kjöt, ull og gærur en ella hefði þurft. Um þetta segir Eysteinn Jónsson orðrétt:

„Það er enn eitt dæmi til glöggvunar á óheillastefnu þeirri, sem ráðið hefur í dýrtíðarmálunum, að ekki mundi hafa þurft nema lítinn hluta af þeirri upphæð, sem nú þarf til að verðbæta landbúnaðarafurðirnar, ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð."

Ég bið menn að festa í minni orð þessa fyrrverandi ráðherra. Lítinn hluta hefði þurft til að verðbæta ullina og gærurnar af því, sem nú þarf, ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð í 183 stigum, en það var hún, þegar Alþ. samþykkti þessar uppbætur, segir Eysteinn Jónsson.

Ég minni aðeins fyrst á, að þegar flokkur Eysteins Jónssonar talar við bændur, mun hann krefjast að eiga a. m. k. engum öðrum flokki minni þátt í þeim ákvörðunum Alþingis að verðbæta þannig afurðir bænda eftir vísitölunni, enda var það flokksbróðir Eysteins, sem var fyrsti flutningsmaður þeirrar till. á Alþ. Mun bændum finnast fátt um harmagrát Eysteins yfir því, að þeir fái nú margfalt hærri bætur úr ríkissjóði á ullina og gærurnar en verið hefði, ef dýrtíðin hefði haldizt óbreytt á síðasta ári. En auk þess er þetta allt tómur misskilningur hjá Eysteini Jónssyni, ónóg athugun á málinu eða of lítil sannleiksást, en ágætt sýnishorn þeirrar gagnrýni, sem beitt er gegn fyrrv. stjórn, því hér er ekki eitt rangt, heldur allt.

Í fyrsta lagi er ekki um vöxt dýrtíðarinnar að sakast við Sjálfstfl. öðrum fremur, nema síður sé, eins og ég þegar hef sannað.

Í öðru lagi getur Framsfl. og Eysteinn Jónsson allra sízt ráðizt á Sjálfstfl. fyrir, að bæturnar fari fram úr vísitölu, úr því að þeir sjálfir fluttu þá till. á Alþ.

Og í þriðja lagi er það ekkert nema helber vitleysa, að ekki hafi „þurft nema lítinn hluta af þeirri upphæð, sem nú þarf, til þess að verðbæta landbúnaðarafurðir, ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð."

Sannleikurinn er sá, að nú er ætlað, að verðbæta þurfi gærurnar með 8 millj. kr., en ullina með 5.3 millj. kr. Ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð í 183 stigum, eins og hún var, þegar Alþ. ákvað þessar verðbætur, hefðu þær orðið fyrir gærurnar um 1.3 millj. kr. minni, en fyrir ullina 584 þús. kr. minni. Eða m. ö. o., ef dýrtíðin hefði verið stöðvuð, þá hefðu bæturnar orðið nær 87% af því, sem þær nú verða. Það eru þessi 87%, sem E. J. kallar „aðeins lítinn hluta af þeirri upphæð, sem nú þarf til þess að verðbæta landbúnaðarafurðirnar", og það er á svona vinsamlegri athugun málanna, að Eysteinn Jónsson reisir ákæru á hendur Sjálfstfl. fyrir „helstefnu" í fjármála- og atvinnulífi þjóðarinnar.

Ég þarf engin orð að velja slíkri málfærslu. Hún lýsir sér sjálf. Hún dæmir og fordæmir sig sjálf.

En sleppum því og spyrjum um hitt: Hvernig stendur sá flokkur að vígi um að lýsa sök á hendur Sjálfstfl. fyrir vaxandi dýrtíð og með þeim rökum, að hækkanir hafi skeð í stjórnartíð Sjálfstfl., sem sjálfur átti veigamesta þáttinn í, að dýrtíðinni var hleypt af stokkunum með því að taka lögbindingu afurðaverðsins úr festingarlögunum árið 1940, en fór svo auk þess með stjórnarforustu, allt þar til að dýrtíðin komst í 183 stig, en ýtti loks undir síðari dýrtíðarölduna með því að bregðast gerðardómslögunum, þegar verst gegndi? Allt þetta gerði flokkur Eysteins Jónssonar. Er of mælt, að hér kasti sá grjóti, sem sjálfur býr í glerhúsi?

Slíkar ádeilur eru ósanngjarnar og engum til framdráttar, og sízt þeim, sem allir skilja, að kunna svo vel skil á gangi þessara mála, að þeir vita betur.

Sannleikurinn er sá, er ég áður lýsti, að Sjálfstfl. hefur frá öndverðu skilið böl skefjalausrar dýrtíðar og því reynt að sporna gegn henni. En vegna þess að stjórn Sjálfstfl. naut aðeins stuðnings minni hl. Alþ., þá studdist hún við eina og aðeins eina stoð í baráttunni við dýrtíðina, sem sé gerðardómslögin. Sú stoð brást, þegar Framsfl. bættist í hóp árásarmanna þeirra laga. Eftir það gat stjórn Sjálfstfl. við ekkert ráðið í þeim efnum, en neyddist til að taka því, sem að höndum bar þá fáu mánuði, meðan verið var að ljúka því hlutverki, er hún hafði tekið að sér að leysa. Þetta vita allir þm. mæta vel. Árásir á fyrrv. stjórn út af þessu eru því alveg út í hött og ekki drengilegar. Og það er beinlínis hlægilegt, þegar menn, sem þóttust bera sjálfstæðis- og kjördæmamálið fyrir brjósti, en samt settu ríkisstj. þau beinu skilyrði fyrir að firra hana vantrausti, meðan nefndum málum var siglt heilum í höfn, að hún vekti ekki ágreining, og þá allra sízt í þeim efnum, er viðkvæmust höfðu reynzt, dýrtíðarmálunum, hafa brigzlað henni um úrræða- og athafnaleysi, og það einmitt í dýrtíðarmálunum.

Hið sanna í málinu er einmitt það, sem einn vitrasti andstæðingur Sjálfstfl. á Alþ. og sá, sem hvað mestrar virðingar nýtur allra þingmanna, sagði, að ef stjórn Sjálfstfl. hefði leyft sér að verja milljónum eða milljónatugum úr ríkissjóði til þess að greiða niður dýrtíðina, þá hefði hún beinlínis svikið þau fyrirheit, er hún gaf í ræðu forsrh., er stjórnin tók við völdum, og verið stór vítaverð fyrir.

Hitt er svo annað mál, að auðvitað var það með öllu óviðunandi fyrir fyrrv. stjórn að þurfa að horfa á það auðum höndum, að dýrtíðin færi stöðugt hækkandi. En stjórnin gerði þá líka það eina, sem hún gat og henni bar að gera í þeim efnum. Hún kallaði saman fund í flokksráði Sjálfstfl., svo fljótt sem auðið var að loknum haustkosningunum, lagði þar fram og fékk samþykkta tillögu um, að stjórnin skyldi beiðast lausnar þegar í stað, er þing kæmi saman, en tilkynnti síðan tafarlaust hæstv. ríkisstjóra þennan ásetning og lagði jafnframt til, að skipuð yrði nefnd manna úr öllum flokkum í því skyni að freista þess að koma á þjóðlegri einingu til sameiginlegrar andstöðu gegn aðsteðjandi örðugleikum og virks viðnáms gegn vaxandi dýrtíð, og var n. sú skipuð nær hálfum mánuði fyrir þingsetningu.

Það er því mælt af engum drengskap og gegn betri vitund, þegar hæðiyrðum er stefnt gegn fyrrv. ríkisstj. fyrir úrræða- og athafnaleysi í glímunni við dýrtíðina, jafnt sem hitt, að stjórnin hafi hrökklazt frá völdum við litinn orðstír. Stjórnin hafði lofað að sigla kjördæmamálinu heilu í höfn. Það gerði hún. Hún lofaði að koma sjálfstæðismálinu svo langt áleiðis sem auðið yrði. Það gerði hún. Hún lofaði að taka ekki upp ágreiningsmál, þ. á m. og allra sízt allra mesta deilumálið, dýrtíðarmálin. Það efndi hún líka, að vísu nauðug og af því að hún hafði ekki bolmagn til annars. Og loks baðst svo stjórnin tafarlaust lausnar, þegar hún hafði efnt heit sín, og gerði um það skynsamlega og góðviljaða tillögu, hvað við skyldi taka.

Að öðru leyti verða þeir, er dæma vilja sanngjarnlega um fyrrv. ríkisstj., að hafa hugfast, að hún sat að völdum aðeins 7 mánuði. Á þeim tíma voru tvennar Alþingiskosningar og Alþ. háð þrisvar sinnum. Stjórnin þurfti þá sem ella að sinna mörgum vandasömum daglegum framkvæmdastörfum. Þykir mér ekki viðfelldið að rekja þau, en minni þó t. d. á það tvennt, að ríkisstj. átti a. m. k. veigamesta þáttinn í því að hækka verð á öllum útfluttum nýjum fiski um 5 aura kílóið. Það munaði landið milljónum króna á ári. Hitt skipti þó margfalt meiru, að fyrir frumkvæði og atbeina ríkisstj. fengust opnuð fiskimið, er um langt bil höfðu verið lokuð, en þó látið kyrrt liggja, að farið væri inn á þau þar til snemma á síðasta ári, að fiskiskipin fengu um það ströng fyrirmæli, sem fylgt var á eftir, að hafa sig þaðan í brott tafarlaust. Stóð svo um hríð, að til mikilla vandræða horfði, bæði fyrir vélbátana og togaraflotann, þar til stjórninni tókst að fá lagfæringu málanna, og er ekki of mælt, þótt sagt sé, að þjóðarbúið hafi hagnazt um marga milljónatugi á þeirri lagfæringu. Í þeim samningum stóð ríkisstj. sjálf og ein gagnstætt því, sem venja er um sölu afurða og allt, sem í sambandi við þau viðhorf stendur, eins og t. d. nú síðast um fríðindi til handa frystihúsunum, en þau störf annast viðskiptanefndin ýmist að mestu eða öllu leyti.

Hirði ég ekki að rekja dagleg afskipti fyrrverandi stjórnar af innanríkis- og utanríkismálum, en þori, þegar alls er gætt, þar á meðal þess, að ráðherrar voru þá aðeins þrír, að vona, að sanngjarnir dómar muni telja, að stjórnin hafi unnið störf sín af góðum vilja og farizt þau eftir atvikum farsællega úr hendi.

Út af ummælum, sem höfð eru eftir formanni fjvn., að fyrrverandi ríkisstj. hafi sett met í umframgreiðslum, þykir mér rétt að gera þessar athugasemdir.

Tekjuafgangur ríkissjóðs hefur fram að þessu aldrei orðið jafn hár sem 1942. Árið 1941 var tekjuafgangur um 18 millj. kr., en 1942 varð tekjuafgangur á rekstursreikningi milli 30 og 40 millj. kr. Þar af hafa um 11 millj. gengið til skuldagreiðslna; um 26 milljónir eru í sjóði, en afgangur ýmist innistæður hjá ríkisstofnunum

eða greitt fyrir eignir, sem ríkissjóður hefir keypt. Á þessum 50—60 millj. kr. gróða hvíla að vísu loforðin um bætur til landbúnaðarins. Þær bætur hefur Alþ. ákveðið, en ekki stjórn Sjálfstfl., og ber hún því á þeim enga ábyrgð fram yfir ýmsa aðra, og sízt Framsfl., svo sem ég þegar hef sannað.

En þá þingmenn sósíalista og Alþfl., sem mest fárast yfir þessum uppbótum til bændanna, vil ég aðeins minna á það, að þær eru alveg bein afleiðing af þeim kauphækkunum verkalýðnum við sjávarsíðuna til handa, sem þessir þm. hafa barizt fyrir, og fela í sér tilsvarandi kauphækkanir til bændanna.

Þá hefur fyrrverandi stjórn verið hart dæmd fyrir að hafa greitt launabætur til einstakra stétta og staðhæft, að hún beri þá ábyrgð ein. En einnig þetta er mikil fjarstæða. Það var gamla þjóðstjórnin, sem bætti laun prófessora, sýslumanna, lækna og kennara. Í farveginn flutu svo eðlilega og óhjákvæmilega prestarnir, og er það sú eina launahækkun, er varð í tíð stjórnar sjálfstæðismanna.

Hitt er svo ekki um að sakast við fyrrverandi stjórn, að sívaxandi dýrtíð eykur af sjálfsögðu bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs.

Finnur Jónsson: Síðan eldhúsumræðurnar voru síðast hafðar um hönd, hafa tvisvar sinnum orðið stjórnarskipti, en hin nýja stjórn, sem nú hefir tekið við, hefur setið svo stuttan tíma að völdum, að ekki er ástæða til að gera starf hennar mjög að umtalsefni. Uppgjör við hina sameiginlegu stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur farið fram að nokkru leyti í kosningunum í sumar og haust, og um stjórn Sjálfstfl., sem var í raun og veru ekki annað en eðlilegt áframhald af því, sem skeði þann 8. janúar, þegar gerðardómslögin voru sett, er ekki ástæða til að fjölyrða. Þó verður ekki komizt hjá því að minnast hennar nokkuð.

Reynsla okkar á árinu, sem leið, hefði átt að sannfæra okkur um það, ef við hefðum ekki vitað það áður, að það er engu síður vandi að stjórna í góðæri, þegar allt flóir í peningum, heldur en í harðæri, þegar þröngt er í búi. A. m. k. er vafasamt, hvort heildarútkoman af árinu, sem leið, hefur orðið nokkuð betri heldur en á mörgum kreppuárum, sem yfir landið hafa dunið. Enginn mundi óska eftir kreppuárum. En hins vegar gefur reynsla okkar af stjórnarfarinu á árinu, sem leið, fullt tilefni til að athuga þær veilur, sem vissulega hafa verið í stjórnarfari okkar. Veilur, sem hafa orðið þess valdandi, að það góðæri og það mesta peningaflóð, sem yfir landið hefur komið, hefur eigi verið notað betur en svo, að atvinnuvegirnir eru litlu betur farnir en þó að hér hefði verið hálfgert hallæri. Aldrei í sögu landsins hafa tekjur ríkisins orðið neitt líkt því, sem þær urðu á árinu 1942. Tekjurnar höfðu verið áætlaðar í fjárlögum fyrir árið 1942 22 milljónir króna, en munu hafa orðið 86—88 milljónir, eða ferfalt við það, sem áætlað var. Aldrei í manna minnum hefur ríkið haft aðrar eins tekjur.

Hvað er þá orðið af þessum tekjum? Liggja þær í gullkistum hjá ríkisféhirði? Nei, hv. þm. G.-K. var að tala um mikinn tekjuafgang og lagði mikla áherzlu á það, en hann skilar hinni nýju ríkisstjórn svo miklum skuldum, að tekjuafgangur finnst ekki.

Tekjunum hefir verið eytt í löglegar og ólöglegar greiðslur, og virðist tilviljun ein hafa ráðið, hvort heldur var. T. d. hefur vissum embættismönnum verið borguð dýrtíðaruppbót af launum, sem þeir ekki höfðu, svo að hundruðum þúsunda króna skiptir, allt án nokkurrar heimildar eða samþykkis frá Alþingi. En þrátt fyrir það mesta bruðl, sem þekkzt hefur í sögu landsins, varð samt sem áður 2 millj. kr. tekjuafgangur, en aðeins á pappírnum, því að það er búið að ráðstafa honum til þess að greiða bændum uppbætur á ull, gærur og kjöt, og nemur sú upphæð samtals um 25 millj. króna, og eru þá ekki meðtaldar greiðslur fyrir síldarmjöl til bænda, tilbúinn áburð og uppbót á kjötverð innan lands, en öll þessi upphæð mun samtals nema um 30 millj. króna.

Af þessari laglegu summu voru ógreiddar um áramót um 22 millj. króna, þannig, að hinn raunverulegi tekjuafgangur, sem Sjálfstfl. skilar í ríkissjóð af 88 millj. króna árstekjum árið 1942, er í hæsta lagi 1—2 millj. kr., ef hann þá er nokkur.

Af þessu mega þeir nokkuð læra, sem hafa trúað á þá kórvillu, að Sjálfstfl. væri aðgætinn í fjármálum. Reynslan er sú, að enginn flokkur hefur verið eins útausandi á ríkisfé eins og Sjálfstfl., því að samfara mestu tekjum, sem ríkissjóður hefur fengið á einu ári í sögu sinni, hefur Sjálfstfl. sóað ríkisfé langt umfram það, sem nokkurn tíma hefur þekkzt á þessu landi. Losarabragurinn, sem kominn er á allt líf manna, eins og venja er til á ófriðartímum, hefur í ríkum mæli haft áhrif á stjórnarfarið og það jafnvel framar öllu öðru.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um fjárhagsafkomuna hjá ríkissjóði. Hún liggur fyrir deginum ljósari, svo að hvert barn, sem getur lagt saman tvo og tvo, getur áttað sig á henni. Fjársóun Sjálfstfl. verður með engu móti leynt fyrir þjóðinni.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að fjárlagafrumvarpinu, sem stjórn Sjálfstfl. lagði fyrir Alþ. Þrátt fyrir það að vitað var, þegar frv. var lagt fyrir aukaþingið í haust, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1942 yrðu því nær fjórfaldar við það, sem áætlað hafði verið, voru þær eigi í frv. fyrir 1943 áætlaðar hærri en hér um bil 48 millj. kr. Í samræmi við þessa tekjuáætlun hafði stjórn Sjálfstfl. slumpað á útgjöldin einna líkast því og gert hefði verið ráð fyrir, að ríkisbókhaldið og fjárlagaáætlunin væri eins konar vasabókarreikningshald eingöngu til málamynda, en ekki þannig, að nein alvarleg tilraun væri gerð til þess að fá hugmynd um raunverulegar tekjur og útgjöld ríkissjóðs.

Fjvn. hefur nú setið að störfum flesta vinnudaga frá því í þingbyrjun og gert á þessu frv. leiðréttingar, sem nema um 5 millj. kr., en það er sama sem að gleymt hefði verið að áætla níundu hverja krónu til útgjalda, og eru þar eigi með talin ýmis útgjöld, sem fyrirsjáanleg voru, þegar frv. var samið, svo sem 2 millj. kr. til mæðiveikinnar. Alls verða beinar leiðréttingar á frv. um 10 millj. kr. Dæmi voru þess, að áætlanir væru rangar, svo að millj. kr. skipti, t. d.

voru verðlagsuppbæturnar vanreiknaðar um 1300 þús. kr. og grunnlaunauppbótin fyrir hálft árið og verðlagsuppbót af henni vanreiknuð um 550 þús. kr. Þegar spurzt var fyrir um sundurliðaða áætlun á þessum upphæðum, þá var hún ekki til í fjármálaráðuneytinu, og þegar hún loksins fékkst, — en það var ekki fyrr en eftir nýjár, — kom þessi skekkja í ljós. Hafði þó verið upplýst, að þessir tveir liðir mundu vera nægilega áætlaðir í fjárlagafrumvarpinu.

Ég hef gert hvort tveggja þetta að umtalsefni, ekki í því skyni að álasa fyrrverandi ríkisstj. né heldur Sjálfstfl. fyrir þessa dæmalausu meðferð á fjárhagnum og fjárlögunum, þótt full ástæða væri til þess, heldur til að sýna, að hér er um sérstaka stefnu að ræða. Tekjurnar hafa viljandi verið áætlaðar miklu lægra en líkur bentu til, að þær mundu nema, til þess að ríkisstj. hefði rúmar hendur um ýmiss konar greiðslur. Á þennan hátt er fjárveitingavaldið dregið úr höndum Alþ. og afhent ríkisstj., sem fer svo með það eftir sínum geðþótta.

Sparsemdarmenn hefðu safnað gróða góðu áranna til þess að geta unnið að verklegum framkvæmdum og bætt úr atvinnuleysi og vandræðum hörðu áranna, en ekkert slíkt hefur ráðið aðgerðum Sjálfstfl. eða Framsfl., meðan hann var í stjórn með Sjálfstfl. Gróði góðærisins hefur horfið í sjálfu góðærinu. Faraó dreymdi magrar kýr, sem komu og átu upp feitu kýrnar, en af því hefur jafnan síðan verið dregin sú ályktun, að rétt væri að geyma gróða góðærisins til hinna mögru ára. Mögru árin eru ekki komin yfir okkur enn þá, en þó hefur gróðinn horfið. Sjálfstfl. hefur tekizt að láta feitu kýrnar éta sjálfar sig, þannig, að þær eru nú allar horfnar.

Viðskilnaður Sjálfstfl. í fjármálum ríkissjóðs er hinn versti, sem orðið hefur hjá nokkurri ríkisstj., síðan við fengum sjálfstæði okkar aftur.

Eg tel, að þessi hörmulegi árangur af fjármálastjórn Sjálfstfl. stafi af því, að Sjálfstfl. vanti holla lífsskoðun og víðsýni. Flokkur, sem hefði haft hvort tveggja til að bera, hefði aldrei getað hagað sér á þennan hátt í fjármálum þjóðarinnar sem Sjálfstfl. hefur gert. Fjarri fer því, að ég sé að halda því fram að engir víðsýnir menn séu í Sjálfstfl., en þótt svo væri, þá haggar það ekki þeirri staðreynd, að þetta grundvallaratriði fyrirfinnst ekki í stefnu hans eða framkvæmdum. Hefði svo verið, gæti ekki hjá því farið, að stjórnarfarið í landinu hefði orðið á allt annan hátt en verið hefur. Víðsýnn stjórnmálaflokkur, byggður á grundvallaðri lífsskoðun, hefði ekki getað komizt hjá að horfa svolítið fram í tímann og stjórna landinu af meiri víðsýni og framsýni með hag almennings og hinnar uppvaxandi kynslóðar í landinu fyrir augum en Sjálfstfl. hefur gert.

Sem dæmi um skort á framsýni Sjálfstfl. má nefna, að í fjárlagafrv., sem ríkisstj. þessa flokks skilaði í hendur Alþ. og hefur nú til meðferðar, er fylgt þeirri stefnu, sem ég áður nefndi, að áætla tekjurnar ótrúlega lágt og kasta höndunum til áætlunarinnar, láta handahóf ráða um ýmsar áætlanir og áætla ekki svo að neinu nemi til verklegra framkvæmda. Sjálfstfl. lauk stjórnarferli sínum með því að afhenda niðurskurðarfjárlög álíka og fjárlögin, sem afgr. voru fyrir árið 1939. Sá samanburður er þó fjárlagafrumv. Sjálfstfl. fyrir árið 1943 of mjög í vil. T. d. má geta þess, að í fjárl. fyrir árið 1939 var áætlað til verklegra framkvæmda í 16. gr. um 24% af útgjöldunum. En á fjárlagafrv. Sjálfstfl. fyrir árið 1943 er áætlað til verklegra framkvæmda á 16. gr. aðeins 15,8% af útgjöldunum, eftir að búið er að breyta því samkv. leiðréttingum fjárveitinganefndar. Hefur þó nefndin hækkað þessa liði á 16. gr. um 1 millj. kr.

Nú, þegar farið er að bera á atvinnuleysi í landinu, er vægast sagt ógætilegt að leggja slík fjárlög fyrir Alþ., því af sjálfsögðu verður ríkið að gera ráðstafanir til þess að leggja fram fé í verklegar framkvæmdir, jafnskjótt og atvinnurekstur annarra fer að dragast saman og atvinnuleysi myndast af þeim sökum.

Þetta fyrirhyggjuleysi Sjálfstfl. í fjármálum er því miður ekkert einsdæmi. Hið sama fyrirhyggjuleysi hefur komið fram á öðrum sviðum og þá ekki sízt í dýrtíðarmálunum. Stjórnarfar, sem ekki byggist á jafnrétti þegnanna, er dauðadæmt, en Sjálfstfl. og Framsfl. brutu jafnrétti þegnanna með gerðardómslögunum. Með þeirri löggjöf var þetta grundvallaratriði stjórnarfarsins brotið, þegnunum var mismunað á hinn herfilegasta hátt og hver vandræðaráðstöfunin rak aðra. Gullstraumurinn blindaði menn. Dýrtíðin var látin leika lausum hala. Verðlagseftirlitið var kák eitt. Heildsalarnir gengu í búðirnar og keyptu upp vörurnar í smásölu og seldu aftur í heildsölu. Álagning á vörur var að vísu lögboðin, en enginn fór eftir þeirri löggjöf nema ef til vill örfá heiðarleg verzlunarfyrirtæki. Verðið á afurðum bænda var hækkað óðfluga, og jafnhliða voru bændum ákveðnar stórkostlegar greiðslur úr ríkissjóði í ofanálag á hið háa afurðaverð.

Bændastéttin, sem sagt hefur verið um, að bóndi sé bústólpi og bú landstólpi, var með einni eða tveimur þingsályktunartillögum gerð að stærstu styrkþegum landsins.

Fyrrverandi forsrh. Ólafur Thors vill nú eigna Framsfl. einum þessar ráðstafanir, en sjálfur tók hann þeim svo fegins hendi fyrir kosningarnar í sumar að hann mæltist til þess, að till. fengi ekki formlega afgreiðslu í nefnd og að hann mundi hiklaust greiða þær milljónir, er till. ákvað, af hendi.

Í niðurskurðarfjárlögunum frá 1939 var í 16. gr., svo sem áður er sagt, áætlað til verklegra framkvæmda fjórðungur af ríkistekjunum, en í því stórkostlegasta góðæri, sem komið hefur yfir ríkissjóð, á árinu 1942, fá bændur 25—30 millj. kr. úr ríkissjóði, eða nær 1/3 allra ríkisteknanna.

Árangurinn verður sá, að ríkissjóður stendur uppi slyppur og snauður eftir góðærið. Það er talið, að þessi stórkostlega upphæð sé greidd úr ríkissjóði vegna erfiðleika um útflutning á vörum bænda, og er vissulega ekkert nema gott við því að segja, að hér væri um fullt réttlæti að ræða.

En í þessu sambandi má benda á, að ýmis annar atvinnurekstur hefur orðið fyrir vandræðum vegna ófriðarins og ekki fengið neinar uppbætur

úr ríkissjóði. Má þar t. d. nefna síldarsöltun, sem hefur nær því alveg lagzt niður, saltfiskútflutningurinn sömuleiðis. Ef þeir, sem þennan atvinnuveg stunduðu, hefðu átt að njóta hlutfallslega styrks úr ríkissjóði á við bændur, hefðu *hinar risavöxnu ríkistekjur ársins 1942 ekki* hrokkið til að greiða þær uppbætur.

Þegar ekki er greidd nein uppbót til annarra atvinnuvega en landbúnaðarins, sem sannanlega hafa alveg lagzt niður, hlýtur sú spurning að vakna hjá mönnum, hvort þegnunum sé sýnt fullt jafnrétti. Bændur eru að sjálfsögðu alls góðs maklegir, og það er ánægjulegt að vita, að hægt er að styðja atvinnuveg þeirra. Enginn óskar *eftir því, að þeir safnist fleiri en orðið er á mölina.* En hvað getur þessi styrkjapólitík haldið lengi áfram? Hvernig getur ríkissjóður enzt til þess að greiða einum atvinnuvegi tugi millj. kr. á ári? Og er hagur þessa atvinnuvegar þannig, að það sé nauðsynlegt? Er bændunum sjálfum gerður með þessu nokkur greiði? Var verð á afurðum bænda á þessu og undanfarandi ári svo lágt, að þessar uppbætur væru nauðsynlegar? Engar *sannanir hafa verið færðar á það.*

Allar þessar spurningar hljóta að vakna í hugum manna í sambandi við þessar styrkgreiðslur. Bændur voru lengi vel taldir sjálfstæðasta og bezt menntaða vinnustéttin í landinu. Halda þeir virðingu sinni áfram gagnvart öðrum stéttum, ef haldið verður áfram á þessari braut? Verða þessar miklu greiðslur úr ríkissjóði til þess að auka sjálfstæðiskennd þeirra og manndóm? Og *bregður þeim ekki við, þegar ríkissjóður er orð*inn svo þurrausinn, að ógerningur er að halda þessu áfram?

Ég spyr þessa af fullri vinsemd og af umhyggju fyrir bændastéttinni. Ég bendi á, að atvinnuvegi þeirra og hugsunarhætti getur verið hætta búin, ef haldið er áfram á þessari braut. Og þetta er leið, sem tekur brátt enda. Og hvað verður þá gert? Ég hefði haldið, að nauðsyn bændastéttarinnar væri sú að styðja verulega að ræktun sveitanna, svo sem verið er að gera nú með því að taka upp á fjárlög fjárveitingu til þess að kaupa mikilvirkar skurðgröfur til landsins, auka þekkingu á jarðvegi og kunnáttu á jarðrækt, gera framleiðslu bænda fjölþættari en hún er nú og koma við bættum vinnuvísindum, vélavinnu og öðrum vísindum í búskap, þannig að lífvænlegra yrði í sveitum en áður. Ekkert af þessu vinnst með styrkjaleiðinni, og styrkjaleiðin er, eins og ég sagði áðan, svo skammgóður vermir, að engar líkur eru til, að unnt verði að halda henni áfram lengur.

Þetta er í rauninni almennt orðið viðurkennt, og nú eru menn í vandræðum með, hvað gera skal.

Sameiginleg vanræksla Framsfl. og Sjálfstfl., meðan þeir voru saman í ríkisstj., um það að ráða bót á dýrtíðarmálunum varð þess valdandi, að allur atvinnurekstur landsmanna er í mikilli hættu. Dýrtíðin gerir það að verkum, að krónurnar, sem þarf að borga fyrir hverja klukkustund, eru orðnar ótrúlega margar í samanburði við það, sem fæst fyrir útflutningsvöruna.

Ýmsir halda því fram, að þetta sé af því, að kaupgjald sé orðið of hátt. En menn gleyma því venjulega, þegar verið er að tala um kaupgjaldið, að mikill meiri hluti hins svonefnda kaupgjalds er dýrtíðaruppbót og því alls ekki raunverulegt kaupgjald, það eru greiðslur, sem hafa orðið til meira og minna fyrir vanrækslusyndir þess opinbera. Þegar verið er að tala um kaupgjald, verða menn að gera greinarmun á vinnulaunum og dýrtíðaruppbót, eða hver mundi ekki vilja skipta á því að láta niður falla dýrtíðaruppbót sína, ef dýrtíðin væri afnumin? Það er ekkert annað en falsanir að telja dýrtíðaruppbótina kauphækkun. Atvinnuvegina munar að sjálfsögðu um hverja kr., sem þeir verða að borga, en það er ekki kaupgjaldið, sem er að sliga atvinnuvegina, *heldur dýrtíðin, sem er að gera það.*

Dýrtíðarmálin eru eins og sakir standa mestu vandamálin, og þau krefjast bráðastrar úrlausnar, en dýrtíðarvísitalan hefur hækkað á einu ári ýmist fyrir aðgerðaleysi eða beinar aðgerðir Framsfl. og Sjálfstfl. úr 183 stigum í 272 stig. Slík hækkun hefir orðið fyrir forsjárleysi þessara flokka og skort þeirra á framsýni og umhyggju fyrir almenningshag. Þessir flokkar hlupu hvor í kapp við annan um að hækka afurðaverðið, og það er innlenda afurðaverðið, sem er langstærsti þátturinn í hækkun dýrtíðarinnar. Það er þýðingarlaust að loka augunum fyrir þessu. Kapphlaup sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um kjörfylgi bænda hefur orðið til þess að hleypa dýrtíðinni upp úr öllu valdi.

Eins og ég sagði áðan, neitar enginn því, að full nauðsyn er á að búa vel að bændastétt landsins og láta hana njóta fulls jafnréttis við aðrar vinnandi stéttir. En jafnhliða því er full nauðsyn að koma í veg fyrir hækkandi dýrtíð, og þótt þær ríkisstj., sem hér hafa setið að völdum, hafi eigi borið gæfu til að gera það þrátt fyrir tilraunir Alþfl. til að koma fyrir þær vitinu, hafa ríkisstj. annarra landa fundið leiðir til þess að halda niðri dýrtíðinni án þess á nokkurn hátt að ganga á hlut bænda. Krónutalan, sem bændur greiða í kaup, hefur skrúfazt upp vegna hækkunar á afurðaverðinu og veldur bændum þungum búsifjum, og útgerðin hefur orðið fyrir hinu sama.

Fisksölusamningurinn, sem öll smáútgerð byggist á og öll hraðfrystihús einnig, er gerður til eins árs í senn. Þegar samningurinn var gerður 1. júlí s.l., var vísitalan 183 stig. Verðið hækkaði þá ári eftir á vegna vaxandi dýrtíðar, en í samningnum var ekki gert ráð fyrir nýrri stórkostlegri hækkun á dýrtíðinni. Ríkisstj. gerði samninginn, en gætti þess ekki að hafa nokkurt minnsta taumhald á dýrtíðinni, og nú hefur fisksölusamningurinn af þessum ástæðum, að ríkisstj. lét dýrtíðina lausa, orðið svo óhagstæður, að mikið vafamál er, hvort hægt er að gera út á vertíð, svo að nokkurt vit sé í. A. m. k. mun reynslan verða sú hjá flestum, sem hafa gert út í haust, og það sem af er vetrinum á fiskveiðarnar hér við land, að stórt tap er á útgerðinni. Fiskimenn gætu vissulega komið til ríkissjóðs og krafizt uppbóta með sama rétti og bændur.

En til leiðbeiningar fyrir þá, sem halda því fram, að hraðfrystihúsin geti ekki starfað vegna kaupgjaldsins, skal þess getið, að atvinnurekendur hafa nú fyrir þrem dögum síðan gert

samninga við verkalýðsfélagið í Sandgerði um kr. 2.10 á tímann fyrir karla og kr. 1.40 fyrir konur, 8 stunda vinnudag, 25% hækkun fyrir eftirvinnu og 50% hækkun í næturvinnu. Þessi samningur er um kaupgjald í 3 hraðfrystihúsum.

Hin vaxandi dýrtíð hefur komið útgerðarmönnunum í koll ekki síður en bændum. Og hvernig fer dýrtíðin svo með verkamenn? Eins og sakir standa, er talið, að þeir fái fulla dýrtíðaruppbót, og meðan þeir hafa vinnu, er dýrtíðin þeim ef til vill ekki tilfinnanleg, þ. e. a. s., ef vísitalan er rétt reiknuð út. En í sama bili og vinnan stöðvast, þó að ekki sé nema dag og dag í senn, þá kostar svo margar krónur að framfleyta lífinu hvern dag, að þeim, er stunda daglaunavinnu, er voði vís vegna dýrtíðarinnar.

Enginn má skilja orð mín svo, að ég kenni eingöngu verðinu á innlendu afurðunum um dýrtíðina. Þar liggja margar ástæður til og ein sú, sem ekki er veigaminnst, slælegt verðlagseftirlit í landinu. Sjálfstfl. hafði verið trúað fyrir verðlagseftirlitinu. Og hvernig hefur honum farizt það úr hendi? Segja má, að síðustu mánuði þjóðstjórnarinnar og í rauninni alla tíð síðan hafi í rauninni ekkert verðlagseftirlit verið.

Ýmsir helztu máttarstólpar Sjálfstfl. hafa tekjur af verzlun, og það hefði verið meira en mannlegt, a. m. k. miklu meira en hægt er að gera kröfu um til Sjálfstfl. eins og hann er skipaður, ef hann hefði tekið föstum tökum á verðlagseftirlitinu í landinu. Reynslan hefur líka sýnt, að um verðlagseftirlit hefur ekki verið að tala. Við höfum haft dómnefnd í verðlagsmálum, sem hefur kostað mikið fé, en þar með er líka upp talið. Verkamenn og launastéttirnar yfirleitt hafa grunnlaun og dýrtíðaruppbót. Þetta grunnkaup hækkaði nokkuð að vísu á árinu, sem leið, en hefur annars verið óhreyfanlegt og aðeins hækkað um það, sem dýrtíðinni nam. Sama máli er að gegna um verzlunarmenn, en þeir, sem verzlunina eiga, hafa ekki verið háðir þessu sama lögmáli, heldur hefur verzlunarálagning verið leyfð sem hundraðshlutaálagning á vörurnar, og sá gróði hefur ekki staðið í neinu hlutfalli við dýrtíðaruppbót annarra stétta. Á þennan hátt hafa aðrar stéttir verið beittar misrétti. Eðlilegast hefði verið, að teknar hefðu verið upp till. Alþfl. um ákveðna álagningu á vörueiningu, reikna síðan út vísitölu fyrir verzlunina og leyfa eigi aðra hækkun á álagninguna en í hlutfalli við vaxandi dýrtíð eftir vísitölunni. Jafnframt þyrfti að taka upp samvinnu við neytendurna, t. d. verkalýðssamtökin, á hverjum stað um verðlagseftirlitið. Eins og verðlagseftirlitinu hefur verið háttað, græðir sá, sem á verzlun, því meira sem verðið á vörunni er hærra í innkaupi. Hinar gildandi reglur um verðlagsákvæði freista manna þannig beinlínis á þennan hátt til að sæta óhagkvæmum og dýrum innkaupum.

Hundraðshluta álagning sú, sem verðlagseftirlitið hefur leyft, hefur undanfarið verið svo há, að ýmis kaupfélög úti á landi hafa að jafnaði selt vörur undir hámarksverði og staðizt þá freistingu, sem verðlagseftirlitið leiddi þau í um að hækka verðið, en þetta eru undantekningarnar.

Það er nauðsynlegt að koma á réttlæti milli allra stétta, freista þess að gera rétt þegnanna jafnan, hvort sem menn eru bændur, verkamenn, sjómenn, kaupmenn eða embættismenn. Þar með er ekki sagt, að allir eigi að hafa jafnt kaup. En þar sem mikill þorri landsmanna býr, svo sem ég hef áður sagt, við grunnkaup og vísitölu, verður ekki hjá því komizt, ef þegnarnir eiga að njóta jafnréttis, að reikna út grunnkaup og vísitölu fyrir sem allra flestar stéttir í landinu. Ég á ekki við með því, að ríkið fari að ákveða mönnum kaupgjald, heldur að koma á þennan hátt í veg fyrir, að einstakar stéttir geti hagnazt á dýrtíðinni eða beinlínis haft hagsmuni af því, að dýrtíðin sé sem mest í landinu, svo sem verið hefur um heildsala- og kaupmannastéttina undanfarið. Í þessu felst engin ásökun eða deila á kaupmannastéttina. En kaupmannastéttin er vissulega menn eins og aðrir menn, og með allri virðingu fyrir þeirri stétt verður það að segjast, að með óheppilegum verðlagsákvæðum hafa verið að undanförnu lagðar meiri freistingar fyrir þessa stétt en flestir hefðu staðizt.

Stjórnarstefna Sjálfstfl. í dýrtíðarmálum og fjármálum hefur leitt flokkinn og þjóðina út á ógæfubraut, en eins og ég sagði áðan, þá er þetta ekki dómur um einstaka menn innan Sjálfstfl., heldur sönnun þess, að sú stefna, sem Sjálfstfl. hefur fylgt, á engan rétt á sér, og tel ég það stafa af því, að flokkinn hefur skort lífsskoðun, sem heilbrigð gæti talizt. Stjórnmálastefna, sem ekki byggist fyrst og fremst á því að jafna réttinn milli stéttanna, jafna kjör þegnanna, hlýtur að hverfa í umróti núverandi styrjaldar.

Alþfl. varaði hvað eftir annað við því að láta dýrtíðina vaxa eins og gert var. Hann varaði við því að láta stríðsgróðann fljóta, svo að milljónum skipti, í vasa einstakra manna. Hann varaði við því stjórnleysi, sem ríkti í verzlunarmálunum og flutti till. á Alþ. um að skipa öllu í réttara horf og til betri vegar, en þær tillögur fengu engan byr, og því fór sem fór. Máttarstólpar Sjálfstfl. voru ánægðir, meðan þeir gátu hirt stríðsgróðann. Heildsalar og kaupmenn rökuðu saman verzlunargróða, og bændum var í bili blinduð sýn með því að veita þeim stórar upphæðir úr ríkissjóði, svo stórar, að slíkt getur aldrei framar endurtekið sig.

Alþ. kom saman að loknum kosningum, og þá kom í ljós, að það var eigi þess um komið að mynda ríkisstj. Gekk í þófi um þetta um mánaðartíma. Að lokum skipaði hæstv. ríkisstjóri ríkisstj., án þess að hún hefði stuðning nokkurs stjórnmálaflokks að baki. Þessi ríkisstj. hefur gefið út stefnuskrá, sem virðist í aðalatriðum vera þannig, að í hana séu upp tekin ýmis þau mál, sem þjóðmálaflokkarnir hafa lýst sig samþykka. Þessi ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið nokkur lagafrv., sem í rauninni eru ekki annað en formsbreytingar á þeirri löggjöf, sem áður gilti um sama efni. Enn hafa ekki komið fram nein mál frá ríkisstj. til Alþ., sem marka stefnubreytingu í dýrtíðarmálum eða verðlagsmálum. Þessi nýja ríkisstj. er eins og rithöfundur, sem segist ætla að semja nýja bók, hefur byrjað á formálanum og er enn ekki kominn lengra.

Ég vil engu spá, hvernig ríkisstj. tekst að leysa

þau mál, sem hún hefur lýst yfir, að hún vilji leysa. En hvernig henni tekst þetta, fer eftir því, hversu hyggilegar till. hún gerir um það að jafna rétt hinna einstöku þegna í þjóðfélaginu og hinna einstöku stétta og hvernig hún framkvæmir þær tillögur. Geri hún tillögur, sem horfa til bóta á þann hátt að taka stríðsgróðann í almenningsþarfir og efla atvinnuvegina í landinu, svo að eigi þurfi að koma til atvinnuleysis, en jafnframt þessu séu varðveittar kjarabætur, sem vinnandi stéttir hafa náð, mun henni vel farnast. En þetta er meira vandaverk en svo, að um það verði nokkru spáð fyrirfram, hversu takast megi.

Segja má, að menn hafi orðið fegnir því, að þessi ríkisstj. tók við völdum. Menn vona, að eitthvað rætist fram úr öngþveitinu, en enn hafa menn ekkert nema góðar vonir í sambandi við yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. til þess að byggja á.

Hin nýja ríkisstj. byrjaði starf sitt á því að fá Alþ. til að samþykkja verðfestingarlög, þar sem heimild var veitt til að banna að selja nokkra vöru hærra verði nokkurs staðar á landinu en hún var seld lægst á þeim sama stað hinn 18. des. s. l. Þessi lög eiga að gilda til 28. þ. m., og urðu menn alls hugar fegnir, er þau gengu í gildi. Þetta var fyrsta skref ríkisstj. á þeirri braut að stöðva dýrtíðina. Og til þess að mönnum skildist, hve henni var mikil alvara, tók hún upp þann nýja sið að láta hæstv. ríkisstjóra sjálfan undirrita tilskipun um, að eigi mætti selja neina vöru hærra verði en hún var seld lægstu verði hinn 18. des. s. l. á hverjum stað. Þessari ráðstöfun stjórnarinnar tóku menn með fögnuði og hafa trúað því, að henni væri þetta alvara, allt þangað til *nú fyrir skemmstu, að* hæstv. viðskiptamálaráðh. gaf út skýringu á tilskipun hæstv. ríkisstjóra, sem er á þá lund, að tvenns konar hámarksverð hafi gilt víða um land á skömmtunarvörum. Tilskipun hæstv. ríkisstjóra um, að lægsta vöruverð skuli gilda, megi eigi takast bókstaflega, heldur hafi menn fullt leyfi ríkisstj. til þess að selja vörur með hinu hærra hámarksverði, sem væntanlega er þá hæsta verð, sem gilt hefur á hverjum stað, en ekki það lægsta.

Þessi vægast sagt óheppilega skýring á jafnvirðulegri tilskipun hefur óneitanlega orðið til þess að draga nokkuð úr trausti ríkisstj. meðal almennings, og eftir að hún var gefin, munu ýmsir hafa veikzt í trúnni og ekki lifa í jafnbjartri von í sambandi við yfirlýsingar hæstv. ríkisstj.

Reynslan hefur því miður orðið sú hér á landi í verðlagsmálum, að illa hefur gefizt að fela umboðsmönnum heildsala eftirlit og umsjón verðlagsráðstafananna, en í þessari nýju ríkisstj. er það einmitt einn höfuðsmaður heildsalanna, sem á að hafa þetta mikilsverða starf með höndum.

Um vilja hans eða getu til að leysa starfið vel af hendi skal ég í engu efast. Á öllum tímum hafa fundizt mikilmenni, sem hafa sett sig ofar eiginhagsmunum og stéttarsjónarmiðum, en yfirlýsing hæstv. viðskiptamálaráðh., sú er ég áður nefndi, sem í rauninni hefur haft endaskipti á tilskipun hæstv. ríkisstjóra, hefur óneitanlega orðið til þess að vekja nokkurn efa um, að hæstv. viðskiptamálaráðherra sé prýddur þeim kostum, sem slík stórmenni þurfa að vera gædd. Og ekki er örgrannt um í þessu sambandi, að ýmsir óttist, að niðurstaðan af því að setja einn af höfuðsmönnum heildsalanna á Íslandi yfir verðlagsmálin, gæti orðið sú sama og í dæmisögunni, þegar úlfurinn var settur til að gæta lambahjarðarinnar. Enn þá er þó aðeins lítil reynsla fengin, en framhaldsins munu menn bíða með nokkurri eftirvæntingu.

Margir munu líta svo á, að skipun þessarar nýju stjórnar sé eins konar gjaldþrot fyrir lýðræði og þingræði í landinu. En þó að svo hafi til tekizt, að Alþ. hafi eigi komið sér saman um þingræðisstjórn, þá er það vitað um þessa nýju stj., að hún situr aðeins meðan eigi liggur neitt fyrir um myndun þingræðisstjórnar. Hún situr meðan hún eigi gerir neitt það, sem meiri hl. Alþ. er óánægður með. Beri hún gæfu til að koma fram með löggjöf í því formi, að hún geti fengið vilja meiri hl. Alþ. fyrir því, og framkvæmi hún þá löggjöf þannig, að meiri hl. Alþ. geri sig ánægðan með hana, leysi hún dýrtíðarmálin og geti komið á jafnvægi og réttlæti í hinum ýmsu þjóðfélagsvandamálum, er ekki að efa, að hún hefur til þess fylgi Alþ. Meðan svo er, getur stj. talizt þingræðisstj., og þarf þá ekki af þeim ástæðum að örvænta um, að þingræði og lýðræði er hið rétta fyrirkomulag og það, sem bezt hentar okkur Íslendingum. Þó verður eigi annað sagt en þetta fyrirkomulag um val ríkisstj. sé ekki æskilegt til frambúðar, því að enginn veit, hvert það kynni að leiða, ef einræðissinnaðir menn veldust til þessara starfa.

Það hefur verið mikið talað um skipbrot Alþ. í sambandi við þessa stjórnarskipun, og ýmsir *menn, sem annars hafa ekkert unnið sér til á*gætis í opinberum málum, svo að kunnugt sé, hafa látið sér sæma að dæma Alþ. mjög hart í sambandi við hana. En kjósendurnir verða vel að gá að því, að þingið er ekkert annað en spegilmynd af vilja þeirra sjálfra, og ef þeir hafa valið Alþ. þannig, að það getur ekki komið sér saman um myndun þingræðisstjórnar, þá mega þeir sjálfum sér um kenna.

Frá því fyrsta að við eignuðumst Alþ., hefur það notið þeirra forréttinda að verða gagnrýnt af almenningi meira en nokkur önnur stofnun í þjóðfélaginu. Má þar til sannindamerkis nefna, að í Brandsstaðaannál segir svo um Alþ. árið 1847: „Þá alþt. komu í ljós, kepptist hver við annan um að sjá þau sem fyrst. Þóttust menn finna þar framför manna í mælsku með hnifilyrðum óþörfum, en ekki tiltakanlegri framkvæmd við afgreiðslu mála.“ Þessi gagnrýni hefur eflaust oft verið réttmæt, en jafnframt því, að hún er gagnrýni á þingið, þá er hún gagnrýni á þjóðina sjálfa.

Í þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til stjórnarmyndunar, hefur hver stjórnmálaflokkurinn kennt öðrum um, að stjórnarmyndunin mistókst. En þó verður því eigi neitað, að tilraun sú, sem Haraldur Guðmundsson gerði til stjórnarmyndunar og að síðasta tilraunin sem gerð var af hálfu þingflokkanna til þess að mynda ríkisstj. eftir uppástungu Alþfl., strandaði á þingmönnum Sósfl. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þá sögu nánar, hún er öllum landsmönnum kunn, en ég tel ástæðu til að segja í þessu sam-

bandi, að ég álít, að eina vonin til þess, að hér verði mynduð öflug þingræðisstjórn, sem þjóðin getur unað við, er sú, að vinstri flokkarnir geti komið sér saman um stjórnarmyndun.

Á því verða þó miklir örðugleikar. Framsfl. er, eins og menn vita, bæði frjálslyndur og íhaldssamur flokkur. Flestir kjósendur hans eru mjög frjálslyndir, a. m. k. í orði. Í þeim flokki er vissulega mikill vilji til vinstra samstarfs. En flokkurinn hefur menn innan sinna vébanda, sem eru mótfallnir vinstri samvinnu og hafa í hyggju samvinnu við Sjálfstfl. Þessir menn hafa sína lífsskoðun, sem er á þá leið, að hinni núverandi þjóðfélagsskipun megi í engu breyta. Þeir eru komnir á það stig að telja, að kaupfélögin eins og þeim er nú stjórnað og flokkaskipunin eins og hún er í landinu nú sé fullkomnasta þjóðskipulag, sem verið geti hér á landi. Þessir menn börðust á sínum tíma góðri baráttu fyrir því að koma skipulagi á verzlun landsmanna, en þeir hafa stöðvazt við þróunina eins og hún var fyrir tugum ára síðan og vilja enga vinstri samvinnu.

En það er langur vegur frá, að vandræðin við að koma á vinstri samvinnu stafi eingöngu frá Framsfl. Þau koma ekki síður frá kommúnistunum, sem nú eru hluti Sósfl. Þessi flokkur hefur vaxið mjög ört nú hin síðustu ár. Hann hefur breytt um nafn, kallar sig ekki lengur Kommúnistaflokk, og hefur einnig breytt um stefnuskrá og aflað sér á þann hátt aukins fylgis. Þó er vitað, að sterkustu mennirnir í miðstjórn flokksins eru hinir svo kölluðu Moskvukommúnistar og fyrir þá eru stjórnmálin miklu fremur trúaratriði en stjórnmál, og skoðun þeirra mótast af þessu. Þeir eru eins og ofsatrúarmenn, sem aldrei sjá annað en það, sem þeir vilja sjá, og eru af þeim ástæðum hættulegir hinu lýðræðissinnaða stjórnarfari. Hins vegar eru einnig í þessum flokki margir nýtilegir menn, sem hafa svipaða skoðun í þjóðmálum og Alþfl. yfirleitt og vilja vinna að heilbrigðri þróun í þjóðfélaginu, hvað sem hinum rétttrúuðu kommúnistum líður. Þessir menn gætu vel átt samleið með Alþýðuflokksmönnum og hinum frjálslyndari framsóknarmönnum í ýmsum umbótamálum, ef þeim héldist það uppi að halda skoðunum sínum og stefnu sinni fyrir yfirgangi ofsatrúarkommúnistanna, en á þessu vill verða mikill brestur, og ekki er annað að sjá en ofsatrúarmennirnir í Kommúnistaflokknum geri allt, sem þeir geta, til að spilla fyrir því, að vinstri samvinna megi takast, á sama hátt og íhaldsöflin gera í Framsfl., og að því leyti eiga þessir öfgamenn í Framsókn og öfgamenn Sósfl. samleið. Ofsi og starblinda þessara manna hefur valdið því, að í Alþfl. eru margir, sem hafa vantrú á því, að vinstri samvinna geti tekizt, þó að það væri í alla staði æskilegast og í samræmi við lífsskoðun þá og grundvallarstefnu, sem Alþfl. alla jafnan hefur starfað eftir.

Mikill vandi er að brúa þetta bil, fyrst og fremst milli skoðananna innan hvers þessara flokka og síðan á milli flokkanna sjálfra. Bændur og verkamenn hafa í raun réttri sameiginlegra hagsmuna að gæta, en það vill sífellt gleymast í hinni raunalegu deilu um afurðaverð og kaupgjald. Músarholu- og matarsjónarmið ráða meiru um úrslit mála, þegar á á að herða, heldur en heildarhagsmunir og sameiginlegir hagsmunir þessara stétta. Þeir, sem safna stríðsgróða, lifa á ónýtu verðlagseftirliti, þeir, sem byggja upp Sjálfstfl., lifa á sundurlyndi þessara stétta, sem þó vissulega eiga fulla samleið. Tækist að sameina hin frjálslyndari sjónarmið og víðsýnni öfl í þessum flokkum til heilbrigðrar samvinnu, tel ég, að grundvöllur væri fenginn fyrir varanlegri vinstri stjórn, og þar með lausn þeirra vandamála, sem alþýðunni á Íslandi er bráðust nauðsyn að fram úr verði ráðið.

Árásir verða gerðar á næstunni á þau fríðindi, sem hinar vinnandi stéttir til sjávar og sveita hafa innunnið sér, og þær árásir verða enn þá sterkari, ef innbyrðis deilur eru milli þessara stétta.

Það verður því að leita allra ráða til að jafna þessar deilur, því að meðan þeim er haldið við, er eigi von um, að alþýða Íslands sameinist um að koma á réttlátu þjóðskipulagi. Hinn blóðugi hildarleikur, sem nú er háður í heiminum, mun leiða til tortímingar á allri menningu, ef alþýðan í öllum löndum til sjávar og sveita ekki sameinast um að taka stjórnina í sínar hendur. En stjórn alþýðunnar einnar saman mundi eigi koma að gagni, ef eigi vektu fyrir henni göfug sjónarmið. Alþýðan þarf að eiga sínar hugsjónir og þarf að hafa víðsýni og frjálslyndi til þess að framkvæma þær. Þjáningar þær, sem menn nú eiga við að búa af völdum stríðsins í öllum löndum, eru afleiðingar þess þjóðskipulags, sem ráðið hefur umheiminum, auðvaldsskipulagsins, þess þjóðskipulags, sem nú er að hrynja í rústir um allan heim.

Blóðugar byltingar og ofbeldi leiða jafnan til annars ofbeldis og nýrra blóðsúthellinga. Það er háttur siðmenntaðra manna að jafna mál sín á friðsamlegan hátt. Sama regla þarf að gilda í þjóðfélagsmálum. Jöfnuði og réttlæti þarf að koma á, enginn má líða skort, atvinnuleysi verður að hverfa. Enginn má auðgast á annars kostnað. *Mannúð og réttlæti verður að sigra.*

Fyrir ófriðinn höfðu máttug samtök bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum vísað okkur veginn. Þar var verið að undirbúa jarðveg undir framkvæmd jafnaðarstefnunnar. Enginn veit, hvað við tekur að ófriðnum loknum, en við Íslendingar getum ekki komizt hjá því að verða fyrir *áhrifum utanlands frá. Við erum næsta þýðingarlitlir eða þýðingarlausir í þeim hildarleik, sem háður er, en þó ber okkur skylda til að vinza úr þeim stefnum, sem hingað berast, allt það bezta, sem verða má til þess að byggja upp hér á landi réttlátt þjóðfélag, og það þjóðfélag mun verða á grundvelli jafnaðarstefnunnar.*

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Fjárlög þau, sem hér liggja fyrir, voru lögð fram af fyrrv. ríkisstj., og hefur núv. ríkisstj. því sama og ekkert um þau fjallað að öðru leyti en því, að ríkisstj. sem heild hefur í eitt skipti átt tal við fjvn. og ég hef þar að auki í nokkur skipti rætt við n., aðallega um tekjuhlið fjárl. Ég geri því ráð fyrir að svo komnu máli, að núv. ríkisstj. beri hvorki lof né last í sambandi við þetta fjárlfrv.

Frv. eins og það liggur hér fyrir frá fjvn. sýnir

greiðsluhalla á sjóðsyfirliti, er nemur rúmlega 4 millj. kr. Hefur þá ekki verið tekið með í útgjöldum uppbót til starfsmanna ríkisins fyrir síðari helming ársins, er nemur 1750 þús. kr., sem stjórnin hefur lagt til, að greitt verði og að heimild verði framlengd til 30. desember 1943. Þá er enn fremur óráðið um uppbætur til lækna, presta, sýslumanna og prófessora, sem hingað til hefur verið greitt án heimildar í fjárl. Mun ég gera till. um þennan lið fyrir 3. umr., enda má teljast óviðunandi, að svo stór liður sem þessi sé greiddur án heimildar í fjárl.

Auk þessa mun talið nauðsynlegt að hækka framlag vegna mæðiveikinnar um allt að 2 millj. kr. Eftir eru þá aukin tillög til verklegra framkvæmda, sem frv. gerir ekki ráð fyrir, en æskileg væru, og getur það numið miklu fé, svo að milljónum skiptir, ef í er ráðizt.

Af þessu er ljóst, að útlit er fyrir stórkostlegan greiðsluhalla fjárl., nema á móti komi tekjur umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir enn sem komið er.

Áætlun fyrrv. fjmrh. er samin af skynsamlegri varfærni, sem sízt verður lastað, eins og nú standa sakir, þegar allt er á hverfanda hveli og alger óvissa ríkir um afkomu landsmanna. Hins vegar má lengi um það deila, hvort áætla beri milljóninni meira eða minna tekjur ríkissjóðs af sköttum og tollum, sem eru stærstu tekjuliðirnir og fara eftir árferðinu í landinu.

Samkv. frv. eru tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur áætlaðir 15 millj. kr. á móti tekjum af þessum sköttum 1942, sem áætlað er að nemi um 21 millj. kr. Nú er ógerlegt enn sem komið er að segja um, hvort skattarnir 1943 verði svipaðir og árið áður. Að vísu hafa tekjur manna hækkað talsvert vegna síhækkandi vísitölu, en þar á móti kemur efasemd um það, að vinna hafi verið jafnmikil og hún var 1942. Mér þætti því skynsamlegt, að farinn væri hér millivegur við frv. og greiddra skatta fyrra ár og áætlað um 17 millj. kr.

Hinn aðalliðurinn er vörumagnstollur og verðtollur, áætlaður samtals 20 millj. kr. Þessir tollar hafa orðið samkv. bráðabirgðauppgjöri 44 millj. árið 1942. Hér er því um mikinn mismun að ræða milli þessara tveggja ára. En þess verður og að gæta, að útlit um vöruflutninga til landsins á þessu ári er allt annað en var 1942. Má fyrst og fremst búast við, að stórfelldur samdráttur verði í verzluninni og að ýmist verði bannaður eða stórkostlega skertur innflutningur á þeim vörum, sem hæstir tollar eru greiddir af í ríkissjóð.

S. l. ár nam innflutningurinn 247 millj. kr., og hefur hann aldrei fyrr komizt í námunda við það að krónutölu. 1941 var innflutningurinn 129 millj. Það er erfitt að áætla, hvað innflutningur næsta árs gefi af sér í tollum, en ég tel alveg fráleitt með því útliti, sem nú er um vörukaup og vöruflutninga, að áætla hærri tekjur en varð af innflutningnum árið 1941, en það var 23½ millj. kr. Þetta væri hækkun um 3½ milljón frá því, sem er í frv.

Ég hef þá að nokkru rætt um þá tekjuliði frv., sem þola mundu nokkra hækkun og ætla má að helzt muni valda ágreiningi, hversu áætla skuli. Við þessa umr. mun ég ekki fara nánar út í tekjuhlið frv. né ræða þær breytingar á gjöldunum, sem fjvn. hefur þegar komið fram með.

Fjárlög má afgreiða á tvennan hátt: Með eða án greiðsluhalla. Þegar eins stendur á og nú, að þjóðin svo að segja berst fyrir tilveru sinni gegn flóði verðþenslu og dýrtíðar, þá er ljóst, að mikill greiðsluhalli á fjárl. ríkisins mundi verða þungt lóð á vogarskálinni með verðbólgunni og jafnframt verka truflandi á þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að lækka dýrtíðina og verja atvinnuvegina áföllum.

Fjárl., sem afgreidd væru án greiðsluhalla með því að hækka áætlun teknanna óeðlilega og fjarri skynsamlegu viti, mundi hafa sömu verkanir og beinn greiðsluhalli, þó að útliti fjárl. væri með því borgið.

Það, sem jafnan er nauðsynlegt, er skynsamleg og varleg áætlun tekna og útgjöld í samræmi við þær. Er á þessu sízt minni nauðsyn nú, þegar óvissan um framtíðina er meiri en nokkru sinni.

Að því er snertir verklegar framkvæmdir, vegagerðir, brúarsmíði, hafnargerðir og þess háttar, eru allir sammála um það, að slíkt sé mjög æskilegt. Og erfitt væri nú að starfa og lifa í þessu landi, ef ekki hefði verið ráðizt í slíkt, þótt oft hafi af litlum efnum verið gert.

Hins vegar stendur nokkuð sérstaklega á um slíkar framkvæmdir á þessu ári. Verðlag í landinu er nú svo hátt, að telja má, að í algert óefni sé komið. Þess er þó að vænta, að verðbólgan hafi náð hámarki sínu og hjaðni niður smátt og smátt, ef þjóðin leggst nú á eitt með, að svo megi verða. Leiðin til baka í áttina til heilbrigðara verðlags getur þó orðið erfið og seinfarin. Það eru því öll líkindi til, að verklegar framkvæmdir muni verða talsvert ódýrari næsta ár en þær eru nú. Af því leiðir, að meiri og stærri framkvæmdir fengjust á næsta ári fyrir sama fé og nú.

Brúargerðir eru nú taldar 3½ sinnum dýrari en þær voru fyrir stríð. Vegalagning er 4 sinnum dýrari. Vegarspotti, sem 1939 kostaði 10 þús. kr., kostar nú 39 þús. kr. M. ö. o., við fengjum einn fjórða hluta nú gerðan af vegalagningu 1938 fyrir það verð, sem þá var greitt.

Ég tel því ekki aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að fresta framkvæmdum um nýja vegi, brýr, hafnargerðir og aðrar byggingar, sem eru ekki alveg sérstaklega aðkallandi, meðan verðlag allt er eins og nú.

Að því er snertir þá atvinnuaukningu, sem slíkar framkvæmdir hefðu í för með sér, þá verð ég að telja, að allt útlit sé um það, að nægileg vinna verði í landinu á þessu ári, ef það lánast að draga úr verðbólgunni. Framkvæmdirnar eru því ekki nauðsynlegar vegna atvinnuskorts. Þær gætu haft öfug áhrif með því að draga til sín vinnukraft úr sveitum og þannig skapað samkeppni við landbúnaðinn um vinnukraft, sem hann ætti eðlilega að hafa.

Ég er ekki að mæla á móti, að fé sé lagt til verklegra framkvæmda, heldur á móti því, að í þessar framkvæmdir verði ráðizt á þessu ári. Ég teldi réttast, að ákveðin fúlga yrði lögð til hliðar af tekjum þessa árs í því skyni að ráðast í tilteknar framkvæmdir á næsta ári, eða strax og tiltækilegt þætti. Gæti þá svo farið, að slíkar

framkvæmdir kæmu þjóðinni að tvöföldum notum síðar með því að bæta úr samgönguþörf og með því að skapa vinnu, þegar aftur fer að þrengjast um atvinnu meðal almennings.

Nú kann einhver að spyrja í þessu sambandi, hvort stjórnin ætli sér ekki að bera fram einhver þau dýrtíðarfrv., sem áhrif hafi á afgreiðslu fjárl., eða hvort ríkisstj. ætli ekki að bera fram sérstakar till. til nýrra tekna á fjárl.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er án vafa tekjuhæsta fjárlfrv., sem nokkru sinni hefur verið lagt fyrir Alþ. Íslendinga. Einstakir tekjuliðir þess eru hærri en nokkur maður innan þessara sala hefur fyrir einu ári látið sér til hugar koma að gera ráð fyrir. Ég lít því svo á, að það væri ekki ósvinna að halda fram, að jafnvel varlega áætlaðar tekjur ársins 1943 eigi að geta staðið undir öllum nauðsynlegum gjöldum ríkisins á því ári. Ég hef því ekki hugsað mér, að til þess þyrfti að koma að hugsa fyrir nýjum tekjulindum í þessu sambandi.

Ég skal viðurkenna, að áframhaldandi verðbólga gæti komið ríkissjóði á kaldan klaka *eins* og allri afkomu landsmanna. En fyrir slíku verður ekki séð á neinn hátt, svo að dugi, þótt nýir takmarkaðir tekjustofnar væru fundnir, enda mundi það ná skammt til halds og trausts í vaxandi *flóðöldu dýrtíðarinnar*.

Það, sem Alþ. og landsmenn verða nú að byggja von sína á, er það, að takast megi að stöðva verðbólguna og þrýsta henni niður. Vísitalan er nú 263, en þetta frv. til fjárl. er byggt á vísitölu 250. Er því sýnilegt, að ekki má mikið út af bera, og takist ekki að lækka vísitöluna frá því, sem nú er, þá eru útgjöldin, sem við ættu að bætast hjá ríkissjóði vegna þessara 13 stiga, í kringum 1½ milljón kr.

Ríkisstj. hefur látið þess getið, að hún muni bera fram frv. um nýja skatta. Fyrir henni vakir, að þær tekjur, sem á þann hátt fengjust, verði eingöngu notaðar til að vinna bug á dýrtíðinni, eftir því sem með þarf. En það, sem afgangs kynni að verða, yrði notað til verklegra framkvæmda að stríðinu loknu.

Öllum kemur saman um það, að erfitt sé að ganga frá fjárl. fyrir árið, sem þegar er byrjað, vegna þeirrar óvissu, sem nú ríkir um afkomu þjóðarinnar. En eftir tæpar tvær vikur á lögum samkv. að leggja fyrir nýtt þing frv. til fjárl. fyrir árið 1944. Það mun öllum vera ljóst, að ekki er hægt, eins og sakir standa, að gera sér neinar hugmyndir um það, hvernig afkoma muni verða á næsta ári. Hún er að miklu leyti undir því komin, hvort það tekst að vinna bug á dýrtíðinni eða hvort hér heldur áfram óstöðvandi verðbólga, þangað til atvinnuvegir landsmanna stöðvast. Úr því fæst ekki skorið næstu tvær vikur. Fjárlfrv., sem lagt yrði fram um miðjan febrúar, mundi verða spámynd þeirrar sorglegu óvissu, sem nú spennir greipum allan hag þjóðarinnar. Það yrði áætlun, sem allir vissu, að hefði litla eða enga stoð í veruleikanum og því aðeins lagt fram til að fullnægja því formi, sem stjskr. *mælir fyrir um í sambandi við setningu* hvers reglulegs löggjafarþings.

Stjórnin hefur því farið þess á leit, að reglulegu Alþingi, sem á að koma saman 15. febrúar, verði frestað til hausts. Með því móti gæti þing það, sem nú starfar, haldið áfram og lokið öllum nauðsynlegum málum, sem fyrir því liggja og lögð kunna að verða fram. Eins og sakir standa, er þetta sú leiðin, sem stj. telur heppilegasta, því að það gæti varla kallazt hagkvæm vinnubrögð að slíta nú þingi eftir nokkra daga og láta öll mál niður falla, sem komin eru áleiðis, sum að því komin að verða að lögum. Hinn 15. febr. yrði svo nýtt þing sett, þar yrði lögð fram spámynd af fjárl., sem enga afgreiðslu fengju fyrr en á haustþingi. Síðan yrðu lögð fram á nýjan leik öll frv., sem döguðu uppi á fyrra þinginu. Allt prentað að nýju, allt rætt á nýjan leik. Væntanlega mun ekki til þess koma. En hitt hlýtur öllum að vera ljóst, að ríkisstj. getur ekki borið fram dýrtíðarfrv. sín fyrr en ákveðið er, hvort þingi verður frestað eða ekki.

Um það hefur mikið verið rætt innan þings og utan, hvort ríkissjóður fái staðið undir þeim böggum, sem þegar hafa verið lagðir á hann með lögum og þingsályktunum. Mér finnst það ekki *úr vegi við þessa umr. að gera nokkra grein fyrir*, hversu við horfir í þessu efni.

Þau ár, sem styrjöldin hefur staðið, hefur ríkissjóður haft samtals í tekjuafgang 49 millj. kr., og er þá áætlaður tekjuafgangur ársins 1942. *Tekjuafgangurinn* hefur verið hvert árið eins og hér segir:

1939	552	þús. kr.
1940	5497	— —
1941	18128	— —
1942 (áætlað)	25000	— —
Samtals	49177	þús. kr.

Þetta er mikið fé og gæti náð langt til að gera ríki skuldlaust, ef því hefði verið varið til þess. En á miðju árinu, sem leið, var öllum þessum tekjuafgangi ráðstafað og þótt meira hefði verið.

a) Hinn 21. maí 1942 voru samþykkt á Alþ. lög um framkvæmdasjóð ríkisins. Til sjóðsins eiga að renna 8 millj. kr. af tekjuafgangi ríkisins 1941. Enn fremur ⅜ hlutar þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé sjóðsins skal geymt í Landsbankanum.

b) Hinn 23. maí 1942 var samþykkt þál. um að greiða uppbót á framleiðslu ársins 1941 af ull, gærum og görnum. Sú fjárhæð hefur verið áætluð samtals 4½ millj. kr. Af því er þegar greitt 2½ millj. kr.

c) Hinn 31. ágúst 1942 var samþykkt þál. um verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Landbrn. hefur nú látið reikna út, hversu mikið fé hér sé um að ræða, og hefur það verið áætlað um 21 millj. kr.

d) Hinn 4. sept. voru samþykkt lög um raforkusjóð, og skal ríkissjóður greiða til hans 10 millj. kr. af tekjuafgangi áranna 1941 og 1942 og síðan 500 þús. kr. á ári eftir 1942. Skal þessi sjóður ganga fyrir framkvæmdasjóði um tillag, ef tekjuafgangur ríkisins nægir ekki báðum sjóðum. Sjóðinn skal geyma og ávaxta í banka.

Þannig hafði Alþ. þegar á s. l. ári ráðstafað væntanlegum tekjuafgangi ríkisins. Hinum áður

greindu 49 millj. hefur því, nánar tiltekið, verið ráðstafað svo sem hér segir:

1.	Til lækkunar á lánum ríkisins ..	11152 þús. kr.
2.	— verðuppb. á landbúnaðarv. .	23000 — —
3.	— Raforkusjóðs	10000 — —
4.	— Framkvæmdasjóðs	5000 — —
	Samtals	49152 þús. kr.

Verðuppbæturnar á landbúnaðarvörum eru hér taldar 23 millj. kr., sökum þess að 2½ millj. var greidd á fyrra ári og koma því í gjöld þessa árs.

Hér er um að ræða 38 millj. kr., sem ríkissjóður á að standa skil á til lögfestra sjóða og verðuppbóta. Sjóðseign ríkisins í dag, áður en farið er að inna þessa greiðslu af hendi, er nálægt 26 millj. kr. Þar við bætist skyndilán (sem kallast gæti rekstrarfé) til ýmissa ríkisstofnana, 6 millj. kr. Ef það væri innheimt, — sem að líkindum væri gerlegt, en mundi valda talsverðum óþægindum —, hefði ríkissjóður handbært 32 millj. kr. Skorti þá enn 6 millj. kr. á, að hægt væri að inna greiðslurnar af hendi. Að sjálfsögðu á ríkissjóður reikningslega að geta greitt þetta, og ber þess að gæta, að bæði er mikið af tekjum ekki enn innborgað og talsverðar greiðslur óleystar af hendi. Auk þess þarf ríkissjóður jafnan að annast miklar greiðslur fyrri hluta árs, áður en skattar greiðast, og þarf því nauðsynlega á miklu rekstrarfé að halda, sem æskilegt væri, að ekki þyrfti jafnan að taka til láns.

Allar líkur eru fyrir því, að hér eftir verði ekki hægt að búast við miklum tekjuafgangi. Tímabili stríðsgróðans er lokið, einnig hjá ríkinu. Til þess að standa straum af ráðstöfunum, sem gera þarf í sambandi við dýrtíðina, eru engir sjóðir handbærir, nema ef telja skyldi heimild í l. nr. 98 1941, um að verja 5 millj. kr. af tekjum ársins 1941 vegna dýrtíðarráðstafana. Hefur þegar verið notað í þessu skyni 1½ millj. kr. og mundi þá 3½ millj. kr., sem enn má nota, verða að takast af fé því, sem ætlað er framkvæmdasjóði. Væri þá ekki eftir í honum nema 1½ millj. kr.

Sparsemin er oft nytsöm dyggð, ekki síður hjá ríki en einstaklingum. En nú er sparsemi nauðsyn. Sú lausung í fjármálum, sem verið hefur undanfarin tvö ár hjá ríkinu og öllum almenningi, á höfuðsök á verðbólgunni og því ófremdarástandi, sem hún hefur skapað. Fæstir hafa kunnað að gæta fengins fjár. Menn hafa fengið það auðveldlega upp í hendurnar og lítilsvirðingin á gildi peninganna hefur vaxið að sama skapi og tekjurnar hafa aukizt. Fénu hefur verið kastað út án nokkurrar áhyggju fyrir morgundeginum. Þessi lausung hefur náð tökum á mörgum vegna þess að þeir trúðu því, að gengi krónunnar mundi að litlu eða engu verða.

Þjóðin er nú að hverfa frá þessari villu, enda er henni lífsnauðsyn að breyta um skoðun og haga sér eftir því. Nú er kominn tími til fyrir landsmenn að spara og gæta fengins fjár. Krónurnar þeirra geta vaxið í verði á nokkrum mánuðum. Eftir nokkurn tíma geta þær e. t. v. keypt miklu meira verðmæti en þær geta í dag. Menn verða að fara að hugsa fyrir morgundeginum, því að hann kemur, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Landsmenn verða nú þegar að venja sig við þau óþægindi að horfa í aurana. Þeir verða að spara það, sem óþarft er og einskis nýtt, og forðast það, sem gleypir krónurnar þeirra, þegar aftur tekur að fjara út. Þetta er rétta leiðin fyrir þjóðina að fara til að komast út úr feni verðbólgunnar og vinna bug á dýrtíðinni. Auk þess mundu þá færri hafa um sárt að binda í sambandi við verðfall að stríðinu loknu.

Á því er enginn vafi, að þjóðinni er yfirleitt að verða ljós sú hætta, sem yfir henni vofir vegna hinnar taumlausu verðbólgu, sem hér hefur átt sér stað undanfarandi missiri. Verðstöðvunarlögin, sem Alþ. samþykkti 19. des., hafa þegar haft geysilega víðtæk áhrif á viðhorf alls almennings í landinu til dýrtíðarmálanna. Fólkið finnur og viðurkennir, að það er brjálæði að halda lengur áfram á þeirri braut, sem við höfum verið á undanfarið. Nú verður að spyrna við fótum og snúa til baka. Stöðvunin er komin. Sums staðar er verðlagið farið að renna til baka, þótt hægt fari. Það er undir þingi og þjóð komið, hvort hægt verður að halda áfram í rétta átt.

Ég álít, að verðstöðvunarlögin hafi þegar gert meira gagn, beint og óbeint, en flestir þorðu að gera sér vonir um, þegar þau voru sett. Í stað þess, að verðlag fór sífækkandi og margir kepptust við að setja verð í samræmi við dýrtíð og eftirspurn, hefur nú stöðvun komizt á, og margir hafa lækkað vöruverð af sjálfsdáðum til þess að fylgjast með þeim straumhvörfum, sem allir búast við, að nú hljóti að verða.

Mér finnst það því fjarri allri sanngirni að veitzt sé að ríkisstj. með dylgjum út af setningu verðstöðvunarlaganna og framkvæmd þeirra. Það var full ástæða til í byrjun að gera ráð fyrir því í sambandi við þessar víðtæku ráðstafanir, að ýmsir árekstrar mundu verða og framkvæmdin því að mörgu leyti erfiðleikum bundin. Nú hafa lögin staðið í einn og hálfan mánuð, og árekstrar hafa ekki enn orðið, hvað sem síðar kann að verða. Tel ég þetta miklu betur farið en vonir gátu staðið til í byrjun.

Þeir, sem alltaf eru að leita að snöggum blettum á ríkisstj., hafa reynt að gera nokkurt veður út af verðlagi á sykri og nokkrum tegundum kornvöru og halda því fram, að stjórnin hafi brotið sín eigin lög, þau lög, sem hún hafi byggt tilveru sína á. Því er til að svara, að stjórnin setur engin lög. Það gerir Alþ. Hún hefur byggt tilveru sína og mun byggja hana á heilbrigðri dómgreind þjóðarinnar og Alþ.

En að því er snertir verðlagið á umræddum skömmtunarvörum, kornvöru og sykri, þá var verð það, er nú gildir, sett á af dómnefnd í verðlagsmálum 2. desember, eða þrem vikum áður en lögin voru samþykkt, og gilti þetta verð um land allt 2. desember, en þeir, sem framsýnir höfðu reynzt og áttu þá enn birgðir með lægra verði, voru skyldaðir til að selja þær með gamla verðinu, meðan þær entust. Þessar birgðir entust hjá sumum, sérstaklega úti um land, allt til áramóta. Ríkisstj. var kunnugt um þetta, enda gera lögin ráð fyrir, að hægt sé að ákveða um það, hvaða verð skuli gildandi, ef ágreiningur verður. Hið auglýsta verð dómnefndar tekur af allan vafa í þessu efni.

Þetta mál er eitt af þeim, sem nota má til að vekja grunsemdir og tortryggni, ef fullur vilji

er til að nota það í því skyni. En þetta er líka eitt af þeim atriðum, sem komið geta upp við framkvæmd svo viðtækra laga sem hér um ræðir, enda var ráð fyrir þessu gert í byrjun. Ríkisstj. hefur ekki ástæðu til að biðja neinnar afsökunar í þessu efni. Verðfestingarlögin hafa til þessa gert meira gagn en stjórnin þorði að gera sér vonir um í byrjun, og það rýrir ekkert gildi þeirra, þó að þeir, sem eru í leit að árásarefnum á ríkisstj., geri veður út úr framkvæmdaratriði eins og því, sem ég hef rætt um.

Eg skal að endingu endurtaka það, að það er ekki ástæða fyrir fjvn. að fresta nokkuð ákvörðun um fjárl. vegna væntanlegra till. ríkisstj. um tekjuöflun. Engar slíkar till. eru væntanlegar í sambandi við fjárl. Hins vegar verða þær till. um aukna skatta, sem ríkisstj. mun leggja fram, eingöngu miðaðar við það, að tekjurnar verði notaðar til að vinna bug á dýrtíðinni og ef eitthvað verður afgangs, til að verja tli verklegra framkvæmda að stríðinu loknu.

Forseti (GSv): Þá hefur hæstv. fjmrh. og viðskmrh. lokið máli sínu. Hann talaði af hálfu ríkisstj. og notaði tíma hennar, eftir því sem hann kaus.

Þá er þessari útvarpsumr. lokið og þar með dagskránni.

Atkvgr. um að vísa frv. til 3. umr. verður frestað til næsta fundar, sem ákveðinn er á morgun.

Umr. (atkvgr. um að vísa frv. til 3. umr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 4. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 355 og 390, 387, 388, 410, 411).

Forseti (GSv): Ég vil benda á, að nauðsyn ber til að hraða fundi, ef ljúka á þessari umr. í nótt. Fundarhlé mun verða milli kl. 7 og 9 í kvöld.

Frsm. (Finnur Jónsson): Eins og hv. þm. er kunnugt, var því frestað til þessarar umr. að gera brtt. við tekjuáætlunina og ýmsa útgjaldaliði, sem fjvn. vissi, að ekki varð komizt hjá að breyta.

Brtt. n. eru á þskj. 383. Viðvíkjandi tekjuhliðinni er það að segja, að eftir till. n. er hún hækkuð úr 47 millj. upp í 65 millj. kr., eða um rúmar 17 millj. kr. Aðalhækkunin er á tekju- og stríðsgróðaskattinum, úr 15 upp í 23 millj., og er um þann lið að segja, að af honum mun renna mest allt í ríkissjóð. Undanskilinn er þá sá hluti stríðsgróðans, sem rennur til kaupstaða og bæja. Við athuganir sínar gerði n. ráð fyrir, að hreinn tekjuskattur mundi hækka frá fyrra ári, af því að tekjur væru meiri. Hins vegar gerði hún ráð fyrir minni stríðsgróðaskatti, svo að ekki þótti gerlegt að áætla þennan lið hærra en 23 millj. kr. samtals, þótt sumir álitu, að áætla mætti hann einni millj. hærra.

Aðra verulega breyt. hefur n. gert á vörumagnstolli, hækkað hann úr 5 millj. upp í 6 millj. Hann reyndist 9,4 millj. á síðasta ári, svo enda þótt gera megi ráð fyrir minnkandi innflutningi á þessu ári, þá er skipakostur okkar hinn sami til þeirra flutninga, svo að ekki virðist ástæða til að færa áætlun vörumagnstollsins meira niður.

Þriðja aðalbreyt. á tekjuáætluninni er á verðtollinum. Hann er áætlaður 15 millj., en n. leggur til, að hann verði áætlaður 21,5 millj. Hann reyndist rúmar 38 millj. á s. l. ári. Jafnvel þótt einhver breyt. verði á um innflutning, þá virðist þetta ekki óviturlega áætlað. M. a. s. er það álit sumra, að þessi liður sé áætlaður af n. 2—5 millj. lægri en hann muni reynast. N. virðist því hafa ratað meðalhófið eins og raunar í áætlun allra ríkisteknanna, sem reyndust 80—90 millj. síðasta ár, en eru nú áætlaðar af nefndinni 65 millj. króna.

Þá er það breyt. á áætluðum rekstrarhagnaði ríkisstofnana. Hagnaður á áfengisverzluninni er í frv. áætlaður 2 millj., en n. hefur hækkað hann upp í 3,5 millj. Hagnaður síðasta ár reyndist 5 millj.

Áætlaðan hagnað á tóbakseinkasölunni hefur n. hækkað úr 1,5 millj. upp í 2,5 millj. S. l. ár reyndist hagnaðurinn 2,8 millj.

Ég kem þá að till. n. um breyt. á útgjöldum.

Fyrsti liðurinn er sá, að tekið verði upp 200 þúsund kr. framlag til viðbótarbyggingar við Landspítalann. Það lágu fyrir tilmæli frá landlækni um allt að einnar millj. kr. framlag í þessu skyni, þar eð hann telur, að ekki verði hjá þessu komizt nú. N. treystist ekki til að fara svo hátt, en vildi gera, hvað hún gat. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að á 20. gr. hefur n. lagt til, að lagt verði fram úr ríkissjóði ⅓ stofnkostnaðar fæðingarheimilis í Reykjavík, ef samningar takast um þetta við borgarstjóra og heilbrigðisstjórnina, og gæti þetta framlag núna þá gengið til þess, ef það væri af ráðið. Annars má segja í þessu sambandi, að ekki er síður að leggja slík framlög á einu ári, heldur er venja að skipta þeim niður á 3 ár.

Næsti liður, sem ég vildi tala um, er byggingarstyrkur, ⅓ kostnaðar, allt að 70 þúsund kr. til viðbyggingar sjúkrahússins á Akureyri. Sjúkrahúsið á Akureyri er gamalt. Ætlunin er að reisa þar nýtízku sjúkrahús, og hefur verið reistur lítill hluti þess. Virðist mega bæta talsvert úr þörfinni með því að byggja ofan á þennan nýja hluta. Ekki er víst, að þetta fé nægi, en þá eru vonir um viðbótarfjárveitingu síðar.

Þá hefur n. gert till. um, að vegafé hækki um kr. 2232000 frá því, sem er í frv. Bæði hafa komið fram óskir í n. sjálfri og einnig borizt til hennar utan að um bætt vegasamband við ýmsa staði. Ég mun nú koma að hinum ýmsu liðum, en þó stikla ég aðeins á þeim stærstu.

Þá er fyrst 200 þúsund kr. hækkun til Hafnarfjallsvegar. Hann er á norðurleið, en getur verið vondur farartálmi á þeirri fjölförnu leið. Þessi fjárveiting á því fullan rétt á sér. Þessi vegur er allur áætlaður um 900 þúsund, og verður þá veittur ⅓ hluti til hans á þessu ári.

Þá hefur n. lagt til, að liður til Súgandafjarðarvegar falli niður, þar eð sá vegur er nú full-

gerður. Hins vegar verði lögð fram 50 þúsund til Rafnseyrarheiðarvegar.

Þá hefur n. lagt til, að framlög til vegalagninga á Vestfjörðum verði samtals hækkuð um 450 þús. kr. Þar af eru 350 þús. kr., sem n. leggur til, að verði veittar til Þorskafjarðarheiðarvegar, en þar er um 25 km, sem þarf að leggja veg yfir. Mun þessi upphæð nú langt til þess að fullgera helming vegarins og þyrfti þá álíka upphæð á næstu fjárlögum til þess að Vestfirðir kæmust í samband við aðalvegakerfi landsins. Það er einhvern veginn svo, að Vestfirðir hafa gleymzt á undanförnum árum, þegar fé hefur verið veitt til vegalagningar, en till. n. eiga nú að bæta úr þessu. Samgöngur á sjó eru þarna mjög erfiðar og hættulegar, vegna þess að nú fylgir sérstök hætta af tundurduflum, sem eru þarna víða á reki. Það sýnist því ekki til of mikils ætlazt, þótt verulegt fé verði lagt fram til þess að koma Vestfjörðum í akvegasamband við aðra landshluta nú á næstunni og bæta þannig úr því misrétti, sem hefur átt sér stað.

Þá hefur n. lagt til, að framlög til vega í Strandasýslu séu sundurliðuð, sem segir í brtt. n., auk þess sem lagt er til, að framlagið verði hækkað nokkuð. Þá er næst till. um framlög til Vatnsskarðsvegar, sem n. leggur til, að verði hækkað um 40 þús. kr., og nema þá framlög til hans samtals 300 þús. kr., en vegamálastjóri hefur áætlað, að alls þurfi um 1100 þús. kr. til þess að fullgera hann með núverandi verðlagi.

Þá er lagt til að framlag til Hofsósvegar verði hækkað úr 35 þús. kr. í 100 þús. kr., en á þeim vegi er mjög slæmur krókur, sem þarf að nema burtu. Þá er það Siglufjarðarskarð. Siglufjörður er, sem kunnugt er, fjölmennur bær, einkum á sumrin, en hann er þó ekki í sambandi við vegakerfi landsins. N. leggur því til, að framlag til vegar yfir skarðið verði hækkað um 250 þús. kr., og er þá ætlazt til þess, að skarðið verði lækkað með því að sprengja það niður og ryðja það, en sú fjárveiting, sem fjárlfrv. gerir ráð fyrir til þessa vegar, ætlast n. til, að verði notuð til þess að fullgera veginn frá Brúnastöðum að Hrauni í Fljótum.

Þá er lagt til, að framlag til Öxnadalsheiðarvegar verði hækkað úr 80 þús. kr. í 120 þús. kr., en það er áætlað, að þessi vegur muni alls kosta um 3 millj. kr.

Þá eru lagðar til nokkrar hækkanir til vega í Suður-Þingeyjarsýslu í samræmi við aðrar hækkanir og einkum með tilliti til þess, að fjárþestin er nú mjög farin að herja fjárstofn bænda þar, svo að þeir munu sums staðar þurfa að breyta um búnaðarhætti og taka upp meiri kúarækt en þeir hafa nú. Er þeim því nauðsynlegt að geta komið frá sér mjólkinni á markað.

Þá er lagt til, að hækkað verði framlag til Brekknaheiðarvegar úr 15 þús. kr. í 100 þús. kr. Þessi vegur á að liggja milli Norður-Múlasýslu og þess hluta Norður-Þingeyjarsýslu, sem liggur næst Langanesi. Þegar þessi vegur er fullgerður, mun sá landshluti komast í akvegasamband við Vopnafjörð, en það er gert ráð fyrir, að þessi spotti verði fullgerður á tveimur árum.

Þá leggur n. til, að framlag til Fáskrúðsfjarðarvegar hækki úr 20 þús. kr. í 100 þús. kr. Þarna er 2—3 km langur spotti ófullgerður, og mundi hann verða fullgerður með þessari fjárveitingu.

Stærsti kaupstaður Austfjarða, Norðfjörður, er ekki í sambandi við vegakerfi landsins. Það var tekin upp sú leið að leggja akveg til Viðfjarðar og fara þaðan sjóleið alllangan veg til Norðfjarðar. Þessi leið er mjög óhentug og er tvímælalaust heppilegra að koma Norðfirði í beint akvegasamband, og leggur n. því til, að veittar verði 200 þús. kr. til vega yfir Oddaskarð. Þá er það Berunes- og Breiðdalsvegur. Hann mundi sennilega verða nær fullgerður með þeirri fjárveitingu, sem n. leggur til, að veitt verði til hans. Þá er lagt til, að veittar verði til Suðurlandsbrautar 250 þús. kr. Nú síðustu daga hefur legið við, að samgöngur tepptust milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins, en það er hætt við, að mundi verða ærið mjólkurlítið í bænum, ef slíkt kæmi fyrir. Það er því áríðandi að koma lagningu Suðurlandsbrautarinnar sem fyrst áleiðis, en það, sem fyrst liggur fyrir, er að koma brautinni til Krýsuvíkur, svo að Hafnfirðingar fái góðan aðgang að hinu ágæta ræktunarlandi þar í sveit.

N. hefur tekið upp þá nýbreytni að sundurliða framlög til brúargerða. Það er þó ekki fullkomið samkomulag í n. um þetta. Sumir vildu hafa þetta áfram í höndum vegamálastjóra, en aðrir vildu sundurliða það og varð það ofan á. Þótt hér sé um að ræða 996 þús. kr. hækkun, eru ekki áætluð framlög til neinna brúa yfir stórvötn, heldur aðeins hinar allra nauðsynlegustu brúargerðir yfir smærri ár. Í þskj. er prentvilla, því að Reykjadalsá hjá Laugum er tvítalin, þ. e., hún er talin bæði í 9. lið og 23. lið a. í brtt. nr. 16. Í liðnum um brýr á sýsluvegum á Laxá hjá Arnarvatni að koma í stað Reykjadalsár og mun n. leggja fram brtt. til leiðréttingar á þessu. Fyrir n. lágu upplýsingar frá vegamálastjóra um ýmsar nauðsynlegar brúargerðir. Meðal annars taldi hann nauðsynlegt að endurbyggja Ölfusárbrú, en það mun nú kosta um 1 millj. kr. N. treysti sér þó alls ekki til þess að mæla með stórframlögum til brúargerða á þessu ári og bar því enga till. fram um þetta.

Þá hef ég í stórum dráttum gert grein fyrir hækkunum n. á framlögum til vega- og brúargerða og mun þá næst víkja að vitamálunum. Þar hefur n. lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, þ. e. 500 þús. kr. fjárveiting til kaupa á dýpkunarskipi, sem ætlazt er til, að ríkið eigi og reki. Hér eru nú til 3 dýpkunarskip, eitt á Rvíkurborg, annað á Vestmannacyjakaupstaður, og hið þriðja er í eigu einstaks manns. Nú á næstu árum liggur fyrir mikil vinna fyrir dýpkunarskip við samtals 16 hafnir hér á landi, en ekkert þeirra dýpkunarskipa, sem hér eru til, er hæft til þess að vinna að alhliða dýpkun. Vitamálastjóri hefur nú undanfarið aflað sér upplýsinga um, hvað bezt mundi henta, og liggja fyrir ýtarlegar till. um það. N. hefur þó ekki talið fært að leggja í það að kaupa dýpkunarskip í þessari dýrtíð, en samkv. tilmælum vitamálastjóra og sjútvn. Nd. hefur hún fallizt á að mæla með þessari fjárveitingu. Ætlunin er, að fé verði lagt til hliðar og notað síðar, þegar tímarnir breytast og fært þykir að ráðast í þessar framkvæmdir. Þá hefur n. lagt

til, að framlög til hafnargerða og lendingarbóta verði hækkuð um samtals 1382 þús. kr., en samkv. áætlun fjárl.frv. var gert ráð fyrir að veita 261 þús. kr. til þessara mála.

Þar er í fyrsta lagi till. um að hækka framlag til hafnargerðar á Húsavík úr 18 þús. kr. í 100 þús. kr. Þar liggur nú fyrir að búa til hafnargarð, og þótti því rétt að mæla með þessari fjárveitingu, enda þótt hún sé ekki fullnægjandi og aðeins byrjunarfjárveiting. Á Skagaströnd og Dalvík er nú unnið að hafnargerðum í samræmi við loforð fyrrverandi ríkisstj. Það mun alls ekki ofætlað að veita 100 þús. kr. í hvorn staðinn fyrir sig, og gerir það ekki meira en að fullnægja gefnum loforðum. Í Hornafirði er nú verið að byggja öldubrjót, og er þegar búið að vinna fyrir meiru en lagt hefur verið fram, og þar sem hér er ekki áætlað nema hluti af því sem lög gera ráð fyrir og ríkissjóði ber að greiða, þá verður að álíta þá hækkun, sem n. hefur lagt til, sjálfsagða. Þá er einnig unnið að hafnarbótum á Ísafirði, Akranesi, Neskaupstað og Stykkishólmi, og hefur n. lagt til, að nú yrði lagður fram viss hluti kostnaðarins við það.

Hafnargarðurinn í Vestmannaeyjum hefur bilað, og hluti ríkissjóðs í viðgerðarkostnaðinum mun aldrei nema minna en 58 þús. kr. Auk þess er nú unnið að því að dýpka höfnina, og mun verða svo á þessu ári, þannig að það framlag, sem n. hefur lagt til, að veitt yrði, mun varla hrökkva til að greiða hluta ríkissjóðs í kostnaðinum.

Þá hefur n. lagt til, að veittar verði 75 þús. kr. til öldubrjótsins á Siglufirði og er það lokagreiðsla.

Í Keflavík hefur verið unnið að því eftir ráðstöfunum fyrverandi ríkisstj. að framlengja bryggjuna um 40 metra. Til þess er þegar búið að veita 300 þús. kr., en eftirstöðvarnar eru 120 þús. kr., og leggur n. til, að helmingur þessarar fjárveitingar verði tekinn upp á þessa árs fjárl.

Á Höfn í Hornafirði stendur til að gera verulegar hafnarbætur. Það er ekki víst, að verkið verði hafið á þessu ári, en n. taldi þó rétt að leggja fram 75 þús. kr. nú.

Ég sé svo ekki ástæðu til að gera fleiri einstaka liði á fjárveitingum til hafnargerða að umtalsefni, nema sérstakt tilefni gefist til þess síðar. Þetta eru allt till., sem miða að því að bæta aðstöðu manna til sjósóknar, og þótt það sé há upphæð í heild, þá er það ekki mikið í hvern stað, en sumir staðir hafa nú fé til þess að leggja fram á móti til þessara hluta, sem ekki hafa getað það áður.

Þá vil eg minnast á flugmálin. Hér á landi eru nú til tvær farþegaflugvélar. Þær hafa nú orðið fyrir talsverðum slysum á síðasta ári, og hefur orðið halli á rekstrinum. Framlög einstaklinga og stofnana til Flugfélags Íslands munu nú komin hátt á fjórða hundrað þús. kr. án nokkurs verulegs framlags frá ríkinu. Það er enginn vafi á því, að á næstu árum munu samgöngur breytast þannig, að þær munu fara að miklu fram í lofti. Félagið hefur því unnið hér mikið og merkilegt starf til undirbúnings fyrir framtíðina. Þetta brautryðjendastarf má ekki leggjast niður, heldur verður að halda því áfram á þessu ári.

N. hefur lagt til, að framlag til flugmála verði hækkað úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr. og að það fé verði fengið ríkisstj. til ráðstöfunar, eftir því sem hún álítur réttast til þess að undirbúa lendingarstaði fyrir flugvélar á nokkrum stöðum á landinu, svo og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar og athugun og umbætur á nauðlendingarstöðum fyrir landflugvélar. Auk þess leggur nefndin svo til, að Flugfélagi Íslands verði veittur 50 þúsund króna styrkur. Það þarf nú að greiða um 12 þús. kr. á mánuði í vátryggingar. Þessar vátryggingar hafa verið nokkuð óhentugar, og þær hafa eiginlega hvorki verið fugl né fiskur. Farþegavátryggingar hafa ekki fengizt, þótt flestir hafi staðið í þeirri meiningu, að farþegar hafi verið vátryggðir. Enn fremur eru tryggingar á sjálfum vélunum óhentugar, og þær renna ekki út fyrr en í apríl n. k. og það verður að halda þeim áfram þangað til. Það þyrfti því að styrkja félagið, svo að starfsemi þess leggist ekki niður þennan tíma. Auk þess hefur n. lagt til, að í 22. gr. fjárl. yrði tekin upp heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka að sér tryggingu á vélum félagsins, eftir því sem um semst, og mundi hún þá athuga möguleika á að fá hagkvæmari tryggingar annaðhvort í Englandi eða Ameríku. Flugfélagið sjálft hefur ekki verið þess umkomið hingað til að fá nægilega hagkvæmar tryggingar, og liggur beint við að taka þetta mál upp nú, þar sem núgildandi tryggingarsamningar renna út í apríl n. k. N. ætlast til, að þetta mál verði athugað af félaginu í samráði við atvmrh.

Þá er lagt til að teknar verði upp fjárveitingar til þriggja kirkna, alls 5 þús. kr., og skal ég ekki ræða þá till., því að ég býst við, að hver geri grein fyrir sinni kirkju.

Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir nýjum lið, 53 þús. kr. fjárveitingu til þess að stofna til kennslu í náttúrufræðum við háskólann. N. hefur lagt til, að þessi liður verði felldur niður að þessu sinni. Það mun vera heimild til í lögum til þess að setja á stofn deild til undirbúningskennslu í náttúrufræðum við háskólann. En þetta mun vera því skilyrði bundið, að samkomulag hafi náðst við aðra háskóla um, að þessi undirbúningsmenntun skuli tekin gild við erlenda háskóla. Þetta samkomulag mun ekki enn vera fengið, og á meðan svo er ekki, sér n. ekki ástæðu til þess að taka upp fjárveitingu í þessu skyni.

Þá hefur n. lagt til, að hækkuð verði framlög til barnaskóla utan kaupstaða úr 190 þús. kr. í 250 þús. kr. Það mun nú mikill hugur á því í sveitum landsins að bæta skólahúsin, enda liggja fyrir óskir ýmissa sveitarfélaga um það, og þar sem hér á að bæta úr brýnni þörf, mun þetta sízt of hátt áætlað. Á undanförnum þingum hefur verið stefnt mjög að því að bæta húsmæðrafræðsluna í landinu. Ríkið hefur tekið að sér að greiða ¾ hluta stofnkostnaðar við húsmæðraskóla og enn fremur nokkurn hluta rekstrarkostnaðar þeirra. Húsmæðrafræðslan hefur mjög verið vanrækt þar til á allra síðustu árum. Nú lágu fyrir n. ýmsar beiðnir um byggingu húsmæðraskóla, en hún sá sér þó ekki fært að taka þær til greina nema að litlu leyti, þannig að hún hefur lagt til, að veittar verði 150 þús. kr. til byggingar húsmæðraskóla í sveitum og jafn mikið til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum.

Á 28. brtt. eru þrír nýir liðir:
a. Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum
b. Til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum.
c. Til húsmæðrakennaraskóla ríkisins, sem nú þegar er tekinn til starfa.

Á 22. gr. fjárlagafrv. var heimild til þess að greiða 12 þús. kr. til rekstrar húsmæðrakennaradeildar í sambandi við húsmæðraskóla í Rvík. En fjvn. taldi rétt, úr því að búið var að setja þennan skóla á stofn, að hafa þetta ekki lengur á heimildargrein, heldur taka tillag til þessa skóla upp á fjárl. sem fastan styrk. Af þeim, sem sækja um fjárframlög til byggingar húsmæðraskóla í sveitum, munu húsmæðraskólinn við Veggjahver í Borgarfirði og húsmæðraskólinn á Laugarvatni lengst komnir í undirbúningi. Og mundi þá ekki vera ósanngjarnt, að slíkir skólar, sem búnir eru að safna mestu fé og lengst eru komnir að öðru leyti um undirbúning, sitji fyrir styrk til þess að koma skólunum upp. En af kaupstaðaskólunum mun vera búið að safna mestu fé til Akureyrar-skólans, og mundi þá gilda sama um styrk til hans.

Þá hefur n. lagt til, að tekinn yrði upp styrkur til Nýja stúdentagarðsins, byggingarstyrkur kr. 150 þús. Þessi bygging mun hafa kostað nálega 1 millj. kr. Hún hefur fengið styrk úr ríkissjóði áður, 150 þús. kr., og ef þessi till. fjvn. verður samþ., yrði framlagið alls 300 þús. kr. frá ríkissjóði. Til þessarar byggingar hefur safnazt mjög mikið fé frá einstökum mönnum, þannig að skuldir, sem nú hvíla á byggingunni, munu ekki vera nema 200—300 þús. kr. Þessi nýi stúdentagarður ætti vel að geta staðið undir sér. Ef ríkið legði fram um ⅓ hluta kostnaðar við byggingu þessa sem styrk, þá mundi þessum stúdentagarði verða gert líkt undir höfði og a. m. k. ekki hærra en öðrum skólastofnunum, sem byggðar eru í landinu.

Samkv. 1., sem afgreidd voru á síðasta Alþ., hefur verið settur upp ríkisíþróttaskóli á Laugarvatni. Þessi skóli á við mjög þröngan húsakost að búa og mun reyndar verða svo nokkuð enn, að hann fái vist í húsakynnum skólans þar. En þó hefur fjvn. talið rétt að leggja til, að að þessu sinni yrðu teknar 150 þús. kr. styrkur á fjárlög til byggingar íþróttaskóla á Laugarvatni. Er þá gert ráð fyrir, að samstarf verði milli héraðsskólans og íþróttaskólans, þannig að íþróttaskólinn njóti húsnæðis fyrir nemendur og eins til kennslu hjá héraðsskólanum þar, en hins vegar fái héraðsskólinn afnot af leikfimihúsi íþróttaskólans. Með þessu yrði á þessum stað miðstöð íþróttakennaraskólans í landinu. Og þar sem búið er að afgreiða 1. um sérstakan íþróttakennaraskóla, þá mun ekki fært, að hann hafi ekki a. m. k. aðstöðu til þess að kenna leikfimi, þó að annað yrði látið bíða betri tíma.

Aðrar brtt. fjvn., sem eru smábrtt., sé ég ekki ástæðu til að taka nú til sérstakrar meðferðar. Eg vil aðeins minnast á það, að lagt er til með 38. brtt. við 15. gr., að tekinn verði upp nýr liður "Til blaðanna Lögbergs og Heimskringlu, 10000 kr. til hvors, gegn því að fræðslumálastjórinn fái blöð til útbýtingar hér á landi". Og er ætlazt til þess, að íslenzka ríkið sýni þessum íslenzka stofni, — í Ameríku, — er heldur uppi þessum blöðum og gjarnan vill halda við sambandi við heimalandið, viðleitni til nokkurs skilnings með því að taka upp þessa fjárveitingu.

Viðvíkjandi öðrum liðum á 15. gr. vildi ég minnast á 53. liðinn (39 brtt.). Þar hefur verið gert ráð fyrir því, að tekinn verði upp nýr háttur um úthlutun styrkja til skálda og listamanna, þannig að Menntamálaráð úthlutaði fjárhæðinni milli einstakra deilda Bandalags íslenzkra listamanna, en að hver deild kysi síðan úr hópi sinna félagsmanna nefnd, sem úthlutaði styrknum milli félagsmanna og annarra. Ég skal geta þess, að fjvn. leiddi sem allra mest hjá sér, — þó að meiri hluti hennar mæli með að samþ. þetta —, að deila um þennan lið. Og tel ég, að einstakir nm. hafi óbundnar hendur um það, hvernig þeir greiði um hann atkv., bæði um fjárhæðina og fyrirkomulagið.

Viðvíkjandi brtt. við 16. gr. vil ég taka fram, að þar eru þrjár stærstar, og nefni ég þar fyrst framlag til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, þar er lagt til, að sá liður verði hækkaður úr 200 þús. kr. í 500 þús. kr. Þessi fjárveiting hefur jafnan á undanförnum árum verið 500 þús. kr. Að vísu mun hún ekki hafa verið notuð að fullu, árið, sem leið. En hæstv. félagsmrh. óskaði eftir, að hún yrði höfð a. m. k. ekki lægri nú heldur en þarna er tilgreint, og taldi n. rétt að verða við þeirri ósk og flytja brtt. þessa (brtt. nr. 42).

Þá hafði hæstv. atvmrh. skrifað fjvn. og óskað eftir, að tekinn yrði upp nýr stafl. undir þessari gr.: „Til bygginga á jörðum ríkisins" 100 þús. kr. Lágu fyrir upplýsingar um það, að landsetar á jörðum ríkisins ættu erfitt með að koma byggingum á þeim jörðum þannig fyrir, að viðunandi mætti telja. Þótti n. rétt að verða við þessum tilmælum hæstv. atvmrh. um að taka upp þessa fjárveitingu.

Þá er enn brtt. við þessa gr., 47. brtt. n. um 100 þús. kr. framlag til áhaldakaupa handa rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna. Það lá fyrir fjvn. sundurliðuð áætlun um þau áhöld, sem þyrfti að kaupa, og er hér um að ræða endurnýjun á mörgum áhöldum, sem hafa gengið úr sér, og enn fremur tilmæli um að kaupa nokkur ný áhöld, sem hinar einstöku deildir rannsóknarstofnunarinnar telja óhjákvæmilegt, að keypt verði á þessu ári, þar á meðal nokkur áhöld til fjörefnarannsókna.

Þá hefur n. lagt til, að tekinn yrði þarna upp nýr liður til ræktunarvega í ýmsum eyjum, samtals 30 þús. kr. Þessar eyjar borga meiri og minni benzínskatt til ríkisins, en fá ekkert þjóðvegafé, og þótti eftir atvikum rétt að leggja til, að þessi liður yrði tekinn upp.

Ég sé ekki ástæðu til að þreyta hv. alþm. á því að gera ýmsar smábrtt. fjvn. við þessa gr. að umtalsefni, þar eð ég geri ráð fyrir að þær muni ekki valda neinum sérstökum ágreiningi. Það lágu fyrir nokkrar till. um að hækka framlög til einstakra kvennasambanda. N. taldi ekki fært að verða við þeim till., en gerði nokkrar till. til hækkunar á þessum styrkjum, sem allir eru heldur lágir og aðeins viðleitni til þess að sýna þessari starfsemi, sem oft virðist koma að talsverðu gagni, nokkra viðurkenningu.

Langstærsta brtt., sem fjvn. flytur að þessu

sinni, er hækkun til mæðiveikivarnanna um 1815 þús. kr. Eg sé ekki ástæðu til þess og hef heldur ekki kunnugleik á því að fara að gefa hér neinar upplýsingar um mæðiveikivarnirnar. Það virðist vera svo mikið vandræðamál, að enginn viti í raun og veru, hvað bezt hentar að gera í því efni. Fyrir fjvn. lá sundurliðuð áætlun frá n. þeirri, sem hefur þessar mæðiveikivarnir með höndum, og hefur fjvn. tekið till. hennar upp að nokkru leyi, en þó dregið úr þeim. Mæðiveikin er nú búin að kosta ríkið allmargar millj. kr., og sýnist ekki, að við séum neinu nær um að ráða niðurlögum hennar eða hindra útbreiðslu hennar heldur en við vorum þegar mæðiveikivarnirnar hófust fyrst. Þó eru einstakir landshlutar, sem hafa verið afgirtir, þar sem mæðiveikin er enn ekki komin. Reynslan mun sýna, að varnirnar, varzla og girðingar, hafa ekki dugað til fullnustu það sem af er. Hækkun sú, sem fjvn. leggur til á þessum lið, er 1815 þús. kr., og verður varla komizt hjá henni, ef halda á mæðiveikivörnunum í sama horfi og á undanförnum árum.

Þó að fjvn. hafi nú yfirleitt lagt fram till. til hækkunar, en ekki lækkunar, þá er lagt til, að 83. og 84. liður á 16. gr., um dómnefnd í verðlagsmálum og skömmtunarskrifstofu ríkisins, falli niður, en það nemur samtals 396 þús. kr. Viðskiptaráð mun taka við störfum beggja þessara stofnana, og auk þess annarra stofnana, svo sem gjaldeyris- og innflutningsn. og útflutningsn. Viðskiptaráði er áætlað allmikið fé. Og þó ekki lægju fyrir neinar upplýsingar um tekjur og gjöld viðskiptaráðs, taldi n. ekki ástæðu til að taka upp til þessa neina sérstaka fjárveitingu, m. a. vegna þess, að upplýst var, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd ætti allmikið fé í sjóði, sem þá mætti nota til þessara hluta.

Eg mun svo ekki gera aðrar brtt. við þessa gr. og 17. gr. sérstaklega að umtalsefni. Það er gert ráð fyrir hækkun á framlagi til styrktarsjóða þriggja verkalýðsfélaga gegn þreföldu framlagi annars staðar frá. Það var upplýst fyrir n., að þarna væri ekki um starfsemi að ræða, sem kæmi undir sjúkrasamlög, heldur hefðu þessi félög sjóði, sem notaðir væru til þess að bæta mönnum ýmis áföll, sem ekki féllu undir hinar almennu tryggingar.

Af þeim brtt., sem tilheyra 18. gr., sé ég heldur ekki ástæðu til að gera margar að umtalsefni. Vildi eg þó minnast á 73. liðinn, þar sem gert er ráð fyrir, að Hallgrími Jónssyni skólastjóra verði greiddar 2250 kr. Til fjvn. bárust þær upplýsingar frá fræðslumálastjóra um þrjá skólastjóra, sem jafnframt væru kennslubókahöfundar, að þeir væru búnir að starfa við kennslu frá 40 til 44 ár, og þessir skólastjórar hefðu byrjað að starfa, áður en stofnað var til lífeyrirssjóðs barnakennara, og verða þess vegna mikið út undan um ellilaun móts við þá, sem þau fá nú, en hafa þó líkan starfsaldur að baki eins og þessir þrír merku skólamenn. Fræðslumálastjóri lagði til, að þeim yrðu tryggðir ¾ hlutar þeirra launa, sem þeir höfðu, þegar þeir létu af störfum, og hefur fjvn. tekið þessa tillögu upp. Hallgrímur Jónsson er nú hættur kennslu, og hefur fjvn. lagt til, að hann yrði tekinn inn á 18. gr., en hinir, Karl Finnbogason og Valdimar Snævarr, munu hætta á þessu ári, og hefur fjvn. lagt til, að þeir verði teknir á 22. gr., en væntanlega munu þeir færast inn á 18. gr. síðar, þegar þeir hætta störfum.

Við 19. gr. er tekin upp ein brtt. (nr. 87), um grunnlaunahækkun embættismanna um, að hún hækki úr 1750 kr. í 3500 kr. Er þetta eingöngu leiðrétting, þar sem komið hefur í ljós, að upphæð þessi er vanáætluð á frv. um þessa upphæð.

Við 20. gr. hefur fjvn. lagt til, að hækkað verði framlag til nýrra vita um 100 þús. kr. frá því, sem það var eftir till. þeirri, sem n. hafði áður gert.

Heimildir, sem hér er lagt til, að teknar verði upp í 22. gr., ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um. Þar er m. a. gert ráð fyrir að heimila ríkisstj. að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus 3 mánuði á árinu eða lengur, og nemi þeir allt að hálfum læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust. Fjvn. taldi rétt að taka upp þessa heimild, vegna þess að nokkur héruð, sem lítt er sótt um af læknum að komast í, munu nú vera læknislaus, þannig að eitthvað virðist þurfa að gera til þess að bæta úr fyrir þeim mönnum, sem verða fyrir því að fá ekki lækna í héruð sín. Hins vegar höfðu legið fyrir við 2. umr. brtt. frá nokkrum hv. þm. um að hækka vissa læknisvitjanastyrki. En í þessu sambandi vill fjvn. benda þeim hv. þm., sem flytja slíkar brtt., á það, að til er löggjöf um læknisvitjanasjóði, og mundi vera réttara fyrir þessi héruð að nota hér þær heimildir um nokkurt framlag til þess að geta fengið þau hlunnindi, sem þau geta náð eftir þeim l., heldur en að farið yrði að hækka einstaka læknisvitjanastyrki, en aðrir yrðu látnir óbreyttir. N. leggur þess vegna á móti því, að hækkaðir verði læknisvitjanastyrkir til einstakra héraða.

Þá er 92. brtt., við heimildargr. um að greiða ⅓ kostnaðar, allt að 100 þús. kr., til byggingar fæðingarheimilis, sem bæjarfélag Rvíkur ætlar að reisa. Ég hef gert þessa till. áður að umtalsefni og læt nú að þessu sinni nægja að vísa til þess, er ég hef áður sagt.

Þá eru hér tvær till. um heimildir til að reisa tilraunabú, önnur um framlag til stofnunar sauðfjárræktarbús á mæðiveikisvæðinu, 100 þús. kr., sem tekin var upp eftir till. sauðfjárræktarráðunautsins. Telur hann, að rétt muni vera að stofna slíkt bú á mæðiveikisvæðinu og gera tilraunir til að fá þar upp fjárstofn, sem þoli þessa veiki, sem hefur orðið mjög skæð fyrir sauðfé landsmanna. Hinn liðurinn er um að greiða allt að 150 þús. kr. til að stofnsetja hrossaræktarbú á Bessastöðum í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Ég tel mig ekki færan um að túlka þessa till. fyrir hv. þm. á þann hátt, sem tillögumaður eflaust mundi óska, og fyndist mér réttara, að hann gerði sjálfur grein fyrir henni.

Þá er till. um heimild handa ríkisstj. til að verja 150 þús. kr. til byggingar drykkjumannahælis, enda verði hælið reist við jarðhita í sveit. Stórstúkan stofnaði til drykkjumannahælis á s. l. ári í Kumbaravogi í Árnessýslu. Sá staður mun af mörgum vera álitinn ekki vel heppilegur til þessara nota. En hins vegar er bæði þörf fyrir drykkjumannahæli og stærra en hægt er að koma fyrir í Kumbaravogi. N. taldi því rétt að taka upp

heimild um þetta handa ríkisstj., enda yrði þá valinn staðurinn í samráði við ríkisstj. og eftir till. heilbrigðisstjórnarinnar, og sennilega yrði hann þá einhver annar heldur en sá tilraunastaður, sem tekinn hefur verið til þess í Kumbaravogi.

Þá hefur n. lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 300 þús. kr., þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar, til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Rvík samkvæmt l. Þessi mjólkurstöð á að kosta 3—4 millj. kr. upp komin, en upp í byggingarkostnað hennar mun koma andvirði gömlu mjólkurstöðvarinnar, ef hún verður seld. Ekki er líklegt, að mjólkurstöðin verði fullgerð á þessu ári. Og þó að þessi fjárveiting sé ekki nægileg, taldi n., að mjólkurstöðin yrði sennilega ekki komin lengra á árinu heldur en svo, að þessi upphæð mundi hrökkva.

Um aðrar heimildartill. vil ég taka fram: Nm. hafa gert nokkurn fyrirvara viðvíkjandi þeim, og sérstaklega tveim till., b- og d-lið 95. liðar brtt. og eins um 97. liðinn í brtt. fjvn. D-liður 95. liðar er um að verja allt að 2 millj. kr. til atvinnuaukningar, ef atvinnuleysi verður á árinu, og að einkum skuli þá vinna fyrir þetta fé að auknu landnámi með stofnun samvinnubyggða fyrir augum eða vegarlagningu í Krýsuvíkurvegi, Vestfjarðavegi, Siglufjarðarskarði og Oddsskarði. Samkv. l. um landnám ríkisins ber ríkissjóði að leggja fram nokkurt fé í því skyni. N. hafði nú ekki tekið fjárveitingu til þessa upp í fjárl. sérstaklega, en taldi, að rétt mundi vera að taka upp á heimildargr. till. um þetta efni til ábendingar, ef fært þætti að ráðast í eitthvað af þessu tæi. Það mun vera nokkur ágreiningur um þessa till. í n., og munu menn sjálfir gera grein fyrir afstöðu sinni til hennar.

97. liðurinn er brtt. við svo nefnda niðurskurðarheimild, sem hefur staðið á fjárl. nokkur undanfarin ár. En liðurinn, sem þessi brtt. (97. liður) er við, er um það, að ríkisstj. sé heimilt að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum l. en fjárl., eftir jöfnu hlutfalli um allt að 35%, ef ríkisstj. telur sýnilegt, að áhrif styrjaldarinnar verði þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyrir gjöldunum. Meiri hl. n. leggur til, að liðurinn orðist svo: „Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnukrafti gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.“ Þessar till. fara nokkuð í bága hvor við aðra, þó að segja mætti, að þær gætu e. t. v. að einhverju leyti samrýmzt. Ég mun ekki að þessu sinni gera þær hér að umræðuefni, en ítreka það, að nokkrir hv. nm. hafa gert um þetta fyrirvara, sem þeir efalaust gera grein fyrir.

Ég vildi svo minnast á smástyrki, sem eru veittir á fjárl. og n. hefur gert till. um að yrðu hækkaðir. Þá er fyrst að nefna till. um að þrefalda bókasafnastyrkinn. N. taldi ekki ástæðu til að fallast á þá till., en hins vegar var hún á þeirri skoðun, að nokkur nauðsyn væri á hækkun. Í því sambandi vill n. benda á það, að á s.l. ári hefur verið greidd dýrtíðaruppbót á nokkra bókasafnastyrki, og taldi hún því rétt að dýrtíðaruppbót væri greidd á alla styrkina í stað þess að auka styrkina. Sú fjárveiting mundi ekki nema neinni verulegri upphæð, en mundi hins vegar verða til talsverðs stuðnings fyrir bókasöfnin.

Útgjöld þau, sem n. gerir ráð fyrir í þeim till., er hún nú leggur fyrir, umfram lækkanir nema samtals 10 millj. og 400 þús. kr. Samkv. fyrri till. n. voru hækkanir umfram lækkanir 6 millj. og 800 þús. kr., þannig að samtals eru hækkunartill. n. umfram lækkanir að meðtöldum hækkunum til vita um 17 millj. og 400 þús. kr.

Alls hefur n. nú hækkað tekjubálkinn um 17 millj. og 695 þús. kr. Greiðslujöfnuður samkv. sjóðsyfirliti er svipaður og var í fjárlagafrv., þegar stj. lagði það fyrir þingið; hann var samkv. frv. 6 millj. og 240 þús., en er eftir till. n. um 7 millj. kr.

Þó að fjárlagafrv. taki ofurlitlum breyt., ef till. n. verða samþ., þá hafa niðurstöðutölurnar ekki breytzt í verulegum atriðum.

Tekjur ríkissjóðs á árinu, sem leið, virtust vera þannig að ríkissjóður hefði getað staðið við ýmis lögboðin útgjöld, sem fyrrverandi ríkisstj. hafði gert ráð fyrir. — Nú er það svo, að núverandi ríkisstj. hefur ekki haft verulegt samstarf við n. um afgreiðslu þessara fjárl., enda hefði hún komið að þessum störfum nokkuð ókunnug. Hins vegar hefur hæstv. stj. haft öðrum störfum að sinna. Eg hef heyrt, að menn séu farnir að nefna þessi fjárl., sem hér liggja fyrir, „risafjárlög“ og að mönnum þætti fjvn. drjúg í því að leggja fram hækkunartill. Eg minntist á það, að hækkunartill. n. næmu samtals nokkuð á 17. millj. kr., en af þessum hækkunartill. eiga 8 millj. og 400 þús. kr. að fara til aukinna verklegra framkvæmda, og er það um helmingur hækkunartill. Hinn helmingurinn er leiðrétting á fjárlfrv. og till. um útgjöld, sem ríkisstj. bar að inna af höndum lögum samkv. eða hin nýja stj. hefur lagt til, að teknar yrðu upp. Útgjöld samkv. till. hinnar nýju stj. nema samtals rúmlega 2 millj. kr. Menn telja, að ríkisstj. ætti á þessum tímum að sýna nokkurn lit í því að veita fé til verklegra framkvæmda og þá sérstaklega til vegagerða. Í þessu hefur n. ekki farið langt, miðað við heildarútgjöld ríkissjóðs, en hins vegar þótti n. rétt að koma á móti mönnum, svo sem henni þótti fært, með vegagerðir og þá einkum vegna þess, að til þeirra þarf ekki neitt verulegt af erlendu efni. Hins vegar þarf til bygginga mikið erlent efni, sem erfitt er að fá á þessum tímum og er mjög dýrt, og hefur n. þess vegna ekki farið langt í þeim till. Það má vel vera að mörgum ógni það, að lagt er til að hækka útgjöld fjárlagafrv. um 17 millj. kr. En þegar þess er gætt, að helmingurinn af þeim hækkunartill. er bein leiðrétting á fjárlagafrv. eða útgjöld, sem Alþ. getur ekki komizt hjá að greiða lögum samkv., þá líta þessar hækkanir ekki eins ofboðslega út. Annars lítur út fyrir, þó að mörgum finnist þessar hækkanir miklar, að hv. þm. þyki hér of skammt farið ef dæma má af brtt. þeim til hækkunar er þeir leggja fram. Fjvn. hefur vegna þessarar umr. lagt fram 97 brtt. með hækkun samtals um 10 millj. kr., þar af er þó allmikið af hækkunum, sem ekki verður komizt hjá að greiða. En hv. þm. þykir þetta of skammt farið. Þeir hafa lagt fram álíka marga liði um breyt. á

fjárl. eins og fjvn., og þessar hækkunartill. nema samtals 9 millj. og 660 þús. kr., eða álíka upphæð eins og fjvn. kemur með við þessa umr. Ég finn ástæðu til að benda á þetta þegar í þessari framsöguræðu. Ég get ekki gert þessar brtt. einstakra þm. að umtalsefni nú, vegna þess að þær eru allar nýlega komnar í hendur mínar. Ég tel líka rétt, að fjvn. fái þær til nokkurrar athugunar, ef hlé verður á þessari umr. En eg vildi vekja athygli á því nú þegar, að það er ástæða til þess fyrir hv. þm. að athuga nokkuð, hvort hægt er að fara lengra í því að hækka till. um fjárveitingar heldur en fjvn. hefur lagt til, og enn fremur, hvort ekki þyrfti að finna tekjur á móti, eða þá í öðru lagi að skera niður eitthvað af þeim hækkunum, sem fjvn. hefur lagt til, sjái hv. þm. önnur útgjöld nauðsynlegri en þau, sem fjvn. hefur komið auga á. Það vill svo sérstaklega til við afgreiðslu þessara fjárl., að við sitjum hér með stj., sem ekki styðst við neinn sérstakan flokk í þinginu, og að samvinna á milli stj. og fjvn. hefur orðið mjög lítil. Það kemur þess vegna alveg sérstaklega til kasta Alþ. sjálfs að þessu sinni að afgreiða fjárl., sem þm. treysta sér til að bera ábyrgð á. Þessu hefur ekki verið svo varið við fjárlagaafgreiðslu hér áður. Það hefur verið einhver flokkur eða flokkar, sem hafa borið ábyrgð á afgreiðslu fjárl. og tekið í sínar hendur að sjá um, að fjárl. voru þannig, að þau teldust framkvæmanleg. Að þessu sinni er hér ekki neinu slíku til að dreifa, og þess vegna verður það að vera skylda hvers einasta þm. sérstaklega og sameiginleg skylda allra þm. að afgreiða fjárl. þannig, að Alþ. geti verið þekkt fyrir afgreiðslu þeirra.

Frsm. samvn. samgm. (Gísli Sveinsson): Nál. samvinnun. samgöngumála er að finna á þskj. 355. Eins og þar kemur greinilega fram, hefur samvinnun. átt örðugt með að ákveða svo þau málefni, sem þar lágu fyrir, að hún gæti fundið til þess, að öllu væri borgið. Eins og kunnugt er, þá má nú heita ógerlegt að sjá nokkuð fram í tímann, og þá sérstaklega um allt það, er viðkemur því að áætla fjárframlög. Nú er svo sérstaklega ástatt um þetta málefni, — bátaferðirnar kringum landið, — að upp á síðkastið hefur komið í ljós, að mjög erfitt er að fullnægja þeirri þörf, sem fyrir hendi er í þeim efnum, jafnvel þó að nægilegt fjármagn væri til, og stafar það af því, að skipakostur er af skornum skammti til þessara ferða. Eins og tekið er fram í nál., hefur samvinnun. notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem eðlilega er þessum hnútum kunnugastur, og hefur hann verið eins konar umboðsmaður Alþ. til þess að fara með þessi mál og gera till. um, hversu haga skuli þessum styrkveitingum. Það hefur verið föst regla árum saman, að samvinnun., sem vinna fyrir báðar d., hafa verið einráðar um þessar fjárveitingar, og fjvn. hefur ekki árum saman gert tilraun til þess að raska því, sem samvinnun. hefur ákvarðað, og hefur fjvn. síðan tekið þessar till. upp í fjárlfrv., og þannig er þetta enn. Eins og kemur fram í nál., hefur orðið að stórhækka fjárframlög til þessara samgangna.—

Þá er fyrsti liðurinn, Djúpbáturinn. Hækkunin á þeim lið hefur orðið úr 72 þús. kr. upp í 170 þús. kr. Nú er náttúrlega ekki þess að dyljast, eins og líka ber að taka fram, að full von er til þess, þegar þessar samgöngur eru komnar í fullt lag, að þá rýrni þessi mikli kostnaður, sem nú er yfirleitt á þessum flutningum, og þá minnkar auðvitað það tillag, sem hið opinbera verður að leggja fram í þessu skyni.

Næsti liður er Skagafjarðar- og Fljóta-bátur til Siglufjarðar. Kostnaður við þessar ferðir hefur orðið 42 þús. kr. á s. l. ári, en nú er áætlunin hækkuð upp í 50 þús. kr., og þykir hér ekki of hátt farið, og má ætla, að þessi hækkun sé eðlileg, ef miðað er við þá dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur á þeirri útgerð.

Þá er næst Norðurlands-bátur til Austfjarða, (Seyðisfjarðar). Hann fékk 42 þús. kr. á s. l. ári. Á þessum lið verður að vera stórkostleg hækkun, ef þessar ferðir eiga ekki að leggjast niður, enda er styrkurinn hækkaður upp í 75 þús. kr. Þetta er lengsta og erfiðasta svæðið, og það er mjög áríðandi, að ferðir milli þessara landshluta falli ekki niður, enda er hér um mikla hækkun að ræða.

Þá er næst lítill bátur, Flateyjarbátur (á Skjálfanda). Hann hefur tekið vissa upphæð fyrir hverja ferð, og er lagt til, að sá styrkur verði hækkaður um helming.

Hornafjarðar-Austfjarðabátur hækkar úr 20 þús. í 30 þús. kr. Það er líku máli að gegna með þennan bát eins og aðra samgöngubáta við Norður- og Austurland, að það hefur verið mjög undir hælinn lagt, hvort hægt hefur verið að fá nokkurn bát til þessara ferða. Það var svo á s. l. ári, að alls enginn viss bátur annaðist þessar ferðir, en Skipaútgerð ríkisins sá um þetta og hafði að vísu til þess bát, og mun svo enn verða fram eftir þessu ári. Þá hefur n. ekki séð sér annað fært en að annast fyrirkomulag bátaferða um sunnanverða Austfirði. Það voru að vísu til í till. tveir bátar, annar var Reyðarfjarðarbátur, — en ferðir hans lögðust alveg niður á s. l. ári, — hins vegar var svo Loðmundarfjarðarbátur. Nú er lagt til, að þessir fjarðabátar verði fimm, svo að haldið verði uppi þessum samgöngum í samræmi við landsamgöngurnar um þessar slóðir. En þær eru nú að komast á það stig, að ætla má, að þessara bátaferða verði af þeim sökum full þörf.

Í sambandi við þessar till. má nefna Akranesssamgöngurnar, sem ég tel, að fullnægjandi grein sé fyrir gerð í nál. Að öðru leyti má bæta því við, að þess má vænta, að úr þessu muni rætast á þessu ári, og hafa hlutaðeigendur látið það í ljós, að þeir hafi hug á að leysa þetta spursmál sjálfir, eins og gert hefur verið í Borgarnesi.

Bátaferðir innan Austur-Skaftafellssýslu hafa hækkað allmikið í rekstri, enda er svæðið mikið, sem farið er yfir. En hækkunin er eðlileg, eftir því sem nú horfir um allan tilkostnað, og er, eins og hv. þm. sjá, enn þá áætlað sérstakt framlag til Öræfanna.

Þá er enn komið að því, sem hefur verið mjög örðugt að fást við upp á síðkastið, sem eru samgöngur milli lands og Eyja, sem heitir nú milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja, því að samgöng-

ur þær, sem eðlilegastar voru og mest fullnægjandi og þær einu, sem í framtíðinni ættu að geta komið til mála, samgöngur milli Vestmannaeyja og Rvíkur, hafa svo að segja lagzt niður. Hins vegar hafa samgöngurnar milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja orðið talsverða þýðingu fyrir samgöngurnar milli lands og Eyja. En það hefur nú verið erfitt að fá til þeirra samgangna báta, sem væru fullnægjandi. Og hefur því verið rik nauðsyn á að hækka þann styrk, sem til þessa er ætlaður. Á síðasta ári var veitt til þessara samgangna 30—40 þús. kr. En það er nauðsyn á að hækka þennan styrk upp í 45 þús. kr.

Um Mýrabátinn og Rangársandsbátinn hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að gera ekki upp á milli þessara báta, heldur láta hækkunina vera jafna á báðum, sem sé, að 2 þús. kr. verði veittar til þessara samgangna og héruðin annist farkost til þessara flutninga.

Þá eru Breiðafjarðarsamgöngurnar. Til þeirra er hækkað framlag, sem talin er nauðsyn á samkv. umsókn og skýrslum þar um, úr 30 þús. kr. á síðasta ári og upp í 46350 kr. Hér er um að ræða þá upphæð til þessara samgangna, sem fjvn. hefur komizt að niðurstöðu um, að væri kleif og nauðsyn ræki til. Þessum Breiðafjarðarsamgangnastyrk hefur svo verið skipt hér af n. eftir till. kunnugra manna og með ráði Skipaútgerðar ríkisins, þannig að hér er greint, hvað hver samgangnaþáttur á Breiðafirði eigi að fá í sinn hlut af þessu fyrir sig. Hvort þessari áætlun verður breytt eitthvað til eða frá og önnur hlutföll látin gilda um skiptingu á þessum heildarstyrk, verður látið afskiptalaust af fjvn.

Þá er eitt atriði, sem enn er ódrepið á, er snertir samgöngur hér á Suðurlandi. Það er svo kallað Suðurlandsskip, sem ávallt hefur verið veittur til nokkur þús. kr. styrkur. Og síðan stríðið hófst, færðist þessi styrkur, sem ætlaður var til sjóflutninga, yfir til landflutnings. Og það var í fullu samráði við ríkisstj., sem veitti þennan styrk, 3, 4, 5 eða 6 þús. kr. á ári og á síðasta ári 8 þús. kr., að þessum styrk, sem veittur var til Suðurlandsskips áður, væri ráðstafað af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýlu í samráði við viðskiptastöðvar héraðanna, verzlanir þar, til lækkunar á flutningsgjöldum á landi, og er svo enn. Nú hefur þessi styrkur í höndum hv. fjvn. verið tvöfaldaður og er kominn upp í 16 þús. kr. En samt sem áður sé ég að einn hv. nm. kemur með brtt. um stórkostlega hækkun á þeim styrk, og skal ég ekkert um það segja á þessu stigi. Ég mun telja það algert skilyrði, að þessi styrkur, hvernig sem hann er samþ., notist eingöngu í Vestur-Skaftafellssýslu, því að annars er rofið það samkomulag, sem gert var við ríkisstj., að hann skyldi veittur til þeirra samgangna, ef hann yrði veittur til landsamgangna. En þó að sá hv. fjvnm. hafi komið með þessa brtt. án þess að gera grein fyrir henni, mun hann að sjálfsögðu síðar við umr. gera grein fyrir þessari brtt.

Ég skal geta þess í viðbót við það, sem greint er í nál., að fjvn. hefur öll orðið sammála um það — eins og hún er sammála um allt, sem er í brtt. n. — að telja það skilyrði fyrir útborgun styrkjanna, sem mætti skoða í sambandi við það, sem ég hef tekið fram um ýmsa staði á landinu, sem nú njóta mikils styrks vegna samgangna og vegna erfiðleika í sambandi við þær, að ef árar það vel á þessu ári, að hlutaðeigandi aðilar gefa þær skýrslur, eftir því sem krafizt er, sem að dómi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins í samráði við Alþ. eða ríkisstj. þykja gefa til kynna, að draga megi úr áætluðum styrkjum til þessara samgangna, þá verði það gert. Því að það er alls ekki gert ráð fyrir því hér að veita fjárfúlgur til þessara hluta fram yfir það, sem nauðsyn krefur, enda mun svo vera til ætlazt af sjálfum hlutaðeigendum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Form. fjvn., hv. þm. Ísaf., lauk máli sínu með því að minna þm. á það, að þeim bæri nú skylda til hverjum fyrir sig að afgreiða fjárl., sem telja mætti, að væru þinginu til sóma. Hann minntist á, að það mundu vera um 9 millj. kr. þær till. sem komið hafa frá einstökum þm. og það væri svona hér um bil það sama eins og till. frá fjvn. En mig langar til í sambandi við þetta að spyrja formann fjvn. um það, hvort þetta liggi ekki að einhverju leyti í þeirri samvinnuaðferð, sem hefur verið milli fjvn. annars vegar og þm. hins vegar. Ég hef haft samvinnu, sem hv. 10. landsk. (GSv) lýsti áðan, í n., sem átti að gera till. um samgöngumál. N. tók að sér að grennslast eftir vilja allra, sem hlut áttu að máli, viðvíkjandi þörfum á samgöngum á sjó, og ég held, að allir þeir aðilar, sem hlut áttu að máli, hafi verið ánægðir með till. n., enda er mér ekki kunnugt um, að ósamkomulag hafi orðið um þær. Mér er ekki kunnugt um, að fjvn. hafi haft þennan hátt í störfum sínum. Eg veit að vísu ekki um nema það, sem að mér snýr, en það hefur verið afar erfitt að fá aðgang að þeim meiri hl. fjvn., sem ekki fylgir Sjálfstfl. um þau mál. Eg held, að það, að svona margar brtt. koma fram, sé eingöngu af því, að ekki er af sanngirni og rökum tekið nógu mikið tillit til þeirra krafna, sem gerðar eru. Ég get ekki fundið nein önnur rök fyrir því, að einstakir þm. skuli koma með svo stórfelldar brtt., en að ekki sé nægileg samvinna milli þm. og fjvn.

Þá ætla eg að leyfa mér að minnast á þær till., sem ég hef borið hér fram. Við fjvn. sjálfa og við 2. umr. bar ég fram till. um stórt fjárframlag til símalagninga í Barðastrandarsýslu. Mér er kunnugt um, að fjvn. vildi ekki taka þetta til greina með þeim rökum, að ekkert væri lagt til síma. Eg get fellt mig við þessa skýringu að vissu takmarki, en svo stendur á, að þessar línur voru samþykktar á þingi fyrir 8 árum ásamt fleiri línum, og þetta eru einu línurnar, sem enn þá eru ólagðar, að undanskildum þeim línum, sem aldrei verða lagðar, — og hef ég þessar upplýsingar beint frá símamálastjóra. Þess vegna eru sterk rök fyrir því að láta leggja þessar línur, sem samþykktar voru fyrir 8 árum, og það er ekki hægt að vísa þessu á bug með því, að ekkert sé lagt til síma, þar sem fyrir þessu er loforð, og á þeim tíma, sem fjvn. ætlar af náð sinni að veita þm. viðtal, mun ég gera nánari grein fyrir þessu (Forseti: Ég skýrði frá því, að fjvn. hefði tíma frá 7—9, ef

hún vildi athuga till. frá einstökum þm.). Það er þá á misskilningi byggt, að fjvn. ætli að hafa viðtalstíma. Þetta eru aðeins 10 þús. kr. til hvors hrepps fyrir sig til þess að hefja verkið. Ég ætla ekki að dvelja lengur við það, en finn ástæðu til að dvelja við þau framlög, sem ætluð eru til vega í Barðastrandarsýslu. Ég hef aldrei getað skilið, hvernig fjvn. hefur getað afskipt þessa sýslu um vegi, eins og hér er gert, fyrr en nú, að form. fjvn. skýrir þetta með alveg einstökum forsendum. Hann segir, að til Vestfjarðavegar sé lagt til, að veittar verði 450 þús. kr. og þá muni Vestfjarðakjálkinn komast í samband til Bíldudals. Ef það er á þeim rökum, sem vegir í Barðastrandarsýslu eru skornir niður, skil ég það. En hvernig hugsar hann sér að tengja Patreksfjörð við þennan veg? Ég veit ekki betur en hann liggi yfir Þorskafjarðarheiði og inn í Ísafjarðardjúp og síðan sjóleiðina með hinum ódýra bát, sem kostaði 400 þús. kr. á síðasta ári; þá taka við þrjár til fjórar heiðar, og enn liggur Arnarfjörður milli vegarins og Bíldudals. Það sjá allir, hve auðvelt er fyrir Patreksfjörð að nota þetta. Ég vænti þess, að þegar þm. hefur fengið þessa skýringu á landafræði Vestfjarða, falli hann frá því, að þetta komi undir Vestfjarðaveg. Það er annað miklu alvarlegra í þessu máli, og vildi ég mega beina því til form. n. og hv. þm. S.-Þ., af því að hér liggja sömu rök fyrir og hann færði hér fram, er hann fer fram á stórkostlega aukin vegaframlög í Suður-Þingeyjarsýslu. Á Patreksfirði er þorp með um 800 manns. Það er verið að svelta þessa menn, með því að þm. hafa ekki skilið, að þeir þurfa veg yfir fjallið. Á þessu ári hefur þorpið fengið 4500 lítra af mjólk, sem svarar 5 l. á mann á mánuði. Hinum megin við heiðina liggur Barðaströndin, einhver blómlegasta byggð á landinu. Það er líka verið að svelta þá, sem þar búa, vegna þess að þeir geta ekki komið frá sér mjólkinni. N. hefur lokað augunum fyrir þessu, og eftir að vegamálastjóri hefur lagt til, að lögð verði fram ákveðin upphæð, kr. 75000, hefur hún lagt til, að hún verði færð niður í 38000, og má þó geta nærri, að vegamálastjóri, sem hefur þótt handfastur á fé ríkissjóðs, mundi ekki hafa lagt til, að lagðar væru 75000 í þennan veg, nema til þess hafi borið brýna þörf, og þegar form. fjvn. lýsir því yfir hér, að það sé lagt nokkru hærra vegaframlag í Suður-Þingeyjarsýslu vegna nauðsynjar þess að koma frá sér mjólk, get ég ekki skilið hvernig sami form. í sömu n. getur staðið hér og lagt til, að skorið verði niður framlag til vegar, þar sem svelt er þorp með 800 manns fyrir mjólkurleysi og heil blómleg sveit svelt, vegna þess að hún kemur ekki mjólkinni frá sér. Ég ætla í viðbót að benda á það, að ef athuguð eru fjárl. frá 1942 og borin saman við till. n. nú, sést, að framlög eru hækkuð stórkostlega til hvers einasta vegar á landinu, og þetta er eina sýslan á landinu, sem ekki fær sambærilega hækkun til sinna vega. Ef þessi sýsla hefði verið búin að fá mikið af vegum áður, hefði ég getað skilið þetta. En ástandið er þannig, að það eru aðeins 14 km. í Barðastrandarsýslu, sem hægt er að skríða yfir í bíl að sumarlagi. Hvað mundu þm. segja, sem búa í héruðum, þar sem bílvegir eru heim að hverjum bæ, að heita má, ef þeir yrðu afskiptir á sama hátt, ef þeim yrði ekki skammtað stærra til vega hlutfallslega heldur en skammtað er til Barðastrandarsýslu? Og ég vil benda á það, að þessir tveir staðir, Bíldudalur og Patreksfjörður, hafa ekki greitt minna en 2 millj. kr. til ríkisins á síðasta ári. Allt þetta væri æskilegt, að form. fjvn. tæki til athugunar og segði svo, hvort það er fyrir ókunnugleika eða eitthvað annað, sem fjvn. leggur þetta til. Ég vil benda á, að fjvn. hefur lagt til, að 50 þús. kr. nýtt framlag komi til Rafnseyrarheiðarvegar. Nú er það svo, að þessi vegur tengir saman þjóðveginn annars vegar og Auðkúluhreppinn hins vegar, þar sem ekki minna en 5 beztu jarðirnar hafa lagzt í eyði á þessu ári — ekki fyrir vegaleysi, heldur af allt öðrum ástæðum. Það er undarlegt, þegar svona misskipting getur átt sér stað, og skal ég ekki segja um, hvort þetta stafar af því, að flokksbróðir hv. form. fjvn. er þar þm., en vænti, að svo sé ekki. Vegurinn til Brjánslækjar frá Patreksfirði er 55 km., og þetta er aðalvegurinn í Barðastrandarsýslu til þess að komast í samband við Suðurlandsveginn með Flóabátnum. Og það hefur sýnt sig, að það er þörf fyrir þennan veg, því að það hafa ekki færri en 1400 manns farið þessa leið á síðasta ári. Það er því ófyrirgefanlegt af þm. að ganga svo frá þessu að leggja ekki meira til þessara mála. Ég vænti, að hv. form. fjvn. og þm. fallist á að hækka þetta tillag aftur upp í 5 þús. kr., sem vegamálastj. lagði til, að lagt yrði fram, og er þá lagt til vegarins alls kr. 100 þús. á þessu ári, og er það nægilegt til þess að tengja saman Borgarfjörð og Barðaströnd. Ég vil einnig benda á, að þegar vegurinn hefur verið lagður inn í botn Patreksfjarðar, er aðeins stutt eftir til þess að tengja aðra blómlega sveit, Rauðasandinn, við Patreksfjörð.

Þá vildi eg minnast dálítið á brúarl. Ég sé, að fjvn. hefur tekið til athugunar till. vegamálastjóra um að leggja til 35 þús. kr. til brúar á Haukabergsá, sem er á þessari leið, en á þskj. 410 hef ég lagt til, að sama upphæð verði lögð til brúar á Litlueyjará í Bíldudal. Þessarar brúar er mikil þörf, en það mundi kosta ríkissjóð minna að brúa þetta á sama ári, vegna þess að þá mætti nota sama steyputimbur og sömu menn til að vinna verkið, svo að þetta yrði miklu hagkvæmara heldur en ef unnið er að brúnum hvorri fyrir sig. Þá óska ég eftir, að Laxá í Reykhólahreppi, sem er á leiðinni til Vestfjarða, verði tekin upp á brúarlög og að það verði tekin upp ný fjárveiting til þessarar brúar, svo að hún verði ekki lengur farartálmi á þessari leið, sem nú er svo fjölfarin og verður fjölfarnari. Þá hef eg einnig óskað eftir, að samþykktar verði 35000 kr. til hvorrar brúar á Móru og Arnarbýlisá á Barðaströnd. Suðurfjarðarhreppur er fús til þess að leggja eins mikið og hægt er til þess að gera þarna veg, en þessi farartálmi er á leiðinni, og það er ekki hægt að halda áfram við veginn, vegna þess að áin er ekki bílfær, og án þess að vegur sé bílfær, er hann alveg árangurslaus. Það er þess vegna, sem óskað er eftir, að þessi fjárveiting verði

samþykkt, svo að hreppurinn geti haldið áfram vegarlagningu sinni um sveitina og þannig komizt í vegasamband við þá menn, sem framleiða mjólkina fyrir þá 500 menn, sem búa á Bíldudal.

Þá hef eg óskað eftir, að tillagið til ræktunarvegar í Flatey verði hækkað úr 1500 kr. upp í 3000 og vil gefa hv. fjvn. og þm. þá skýringu á þessu máli, sem þeim er ókunn. Þetta fé var lagt fram á sínum tíma til þess að bjarga atvinnuleysi í þorpinu. Nú er aftur verið að byggja höfn í Flatey, sem kostar upp undir ½ millj. kr., og það hefur ekki verið óskað eftir neinni fjárveitingu úr ríkissjóði til þess, þótt ýmsir hreppar fái upp undir 50 þús. kr. til lendingabóta samkv. þessu frv. Þessi vegur mundi vera lagður frá verzlunarstaðnum út að þeim stað, sem hefur af sérfræðingum verið valinn sem lendingarstaður og mundi skapa mjög mikla möguleika fyrir Breiðafjörð í framtíðinni. Ég vænti því, að þm. meti það, að Flateyjarhreppur er að reyna að koma upp höfn án þess að leita um meira en þetta litla framlag til ríkissjóðsins fyrir veginum, sem liggur þangað. Ég hef einnig borið fram brtt. til hækkunar við brtt. fjvn. um eftirlaun Sigríðar Snæbjörnsen og legg til að hækka þau úr 400 kr. í 500 kr. Hún hefur verið í þjónustu landsímans nærri 40 ár og slitið þar kröftum sínum og fengið þá viðurkenningu að hafa rækt starf sitt einna bezt af öllum símastjórum vestan lands að öðrum ólöstuðum. Hún á skilið, að henni sé sýndur sómi.

Þá hef ég lokið máli mínu um það, sem snertir hagsmuni héraðsins sjálfs, og vildi því næst minnast á brtt. við 15. gr. um að hækka styrkinn til bygginga á ríkisjörðum úr 100 þús. kr. í 200 þús. Ég veit ekki, hvort nokkur maður í fjvn. þekkir þau híbýli sum, sem ríkið leyfir sér að byggja landsetum sínum. Ég hef komið í þessi híbýli, og sum hafa ekki verið skepnum bjóðandi, hvað þá mönnum. Í því er ekkert samræmi að deila um, hvort betra sé, að ríkið eigi sem flestar jarðir eða einstaklingarnir, en ríkið skeyti ekki um að húsa þær jarðir, sem það á, svo að því sé ekki stórkostlegasta skömm að eiga þær í þessu ástandi. Þar eru íbúðir með þakjárnið bert að innan, yfir íveruherbergjunum. Þess eru þar dæmi, að fólkið verður að flýja norðurendann í norðanveðri og suðurendann í sunnanveðri, því að vindur, snjór og vatn eiga þar inngang. Þetta á sér stað á glæsilegri jörð, sem ég gæti nefnt. Ríkið verður að koma þessum jörðum sínum í sæmilegra ástand, og það verður ekki gert með einum 100 þús. kr. Mikil ástæða er til að skora á búnaðarfél. að kynna sér þetta mál. Ég veit ekki, hvort formaður þess, hv. þm. Mýr., hefur skriðið inn í marga þessara bæja, en mér væri ánægja að skríða með honum inn í þá sem flesta, ef það gæti vakið skilning hans. Ég get fullyrt, að í minni sýslu er byggingin yfirleitt langsamlega lélegust á ríkisjörðunum.

Að öðru leyti vildi ég minnast á það við hv. þm., hvort ekki sé ástæða til að athuga nánar allt það fé, sem fer til mæðiveikivarna. Þegar farið er að greiða 2½ millj. kr. til þeirra, væri a. m. k. ekkert að því, að þm. ættu aðgang að fullum upplýsingum um það mál. Þar er bæði veittur styrkur til þess að slátra fé og styrkur til þess að ala upp, og vonandi eru það ekki sömu kindurnar, sem þannig er hjálpað til að koma upp og farga svo. Það væri e. t. v. ekki minni ástæða til að setja þingkjörna n. til að rannsaka þetta en til að rannsaka ýmislegt hjá öðrum atvinnuvegum, eins og sumir hafa mikinn áhuga á.

Mér er persónulega kunnugt um, að það var stórkostlegt slys, kannske ekki af vanrækslu, heldur af mistökum, að ekki tókst að frelsa allan Vestfjarðakjálkann frá mæðiveikinni. Hvað sem það hefði kostað og þótt þurft hefði að gera steinsteypugarð með glerbrotum ofan á milli Bitrufjarðar og Gilsfjarðar, hefði borgað sig að gera það í tæka tíð, sem þurfti, til þess að Vestfjarðavarnirnar biluðu ekki og þar mætti ala upp ósýktan fjárstofn handa öðrum héruðum á sínum tíma. Ef allur sauðfjárstofn dræpist á Vestfjörðum, verður ekki komið þar upp kúabúum í staðinn eins og í Borgarfirði og austan fjalls. Ég álít að rannsaka beri skilyrðin, sem eru til að ala upp fjárstofn vestra.

Viðvíkjandi læknisvitjanastyrkjum vil ég taka fram, að ég gerði eins og flestir ráð fyrir, að sama yrði látið ganga yfir alla. Ýmsir þm. hafa þó borið fram till. um hækkun á styrkjum. Ef þær brtt. verða samþ. vænti ég þess fastlega, að styrkirnir verði hækkaðir að sama skapi um allt land.

Enn vildi ég drepa á till. fjvn. að heimila 150 þús. kr. til að stofna hrossaræktarbú á Bessastöðum. Ég held, að þeir, sem þessu ráða, og það virðist vera Búnaðarfélag Íslands, þekki þá lítið til á Álftanesi. Með þessu er verið að eyðileggja beit Álftnesinga í Bessastaðanesi (BÁ: Þeir eru hættir að beita þangað). Nei, þeir eru ekki hættir því. Hitt er aftur spurning, hvort ekki væri rétt að setja svo og svo margar þúsundir í það að stífla ósinn framan við Bessastaði. Þá fengist mikið töðugæft land fyrir tiltölulega lítið fé og fyrirhöfn.

Ég vænti þess enn, að mér gefist tækifæri til að tala við fjvn. um hækkun á styrk til þessara vega, sem menn verða að viðurkenna þörfina á, og þegar stórfé er lagt til annarra vega, þar sem aka má með allt að 100 km. hraða að sumarlagi, er ekki sanngjarnt að afskipta svo þessa vegi.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Eg ætla að byrja mál mitt með því að ræða brtt. við 19. gr. 2, það er nýr liður: „Sérstakar launabætur, án uppbóta“:

a. Til sýslumanna, bæjarfógeta, lögmanns og sakadómara í Reykjavík, presta, héraðslækna, háskólakennara, landsbókavarðar, þjóðskjalavarðar og þjóðminjavarðar, 2000 kr. til hvers, alls 384 þús. kr.
b. Til lögreglustjóranna í Keflavík, Bolungavík og Ólafsfirði, 1000 kr. til hvers, alls 3 þús. kr., en samtals 387 þús. kr.

Uppbætur til þessara embættismanna hafa undanfarið verið greiddar án heimildar í fjárl. og greiddar með sérstökum hætti, einkum til presta og héraðslækna. Þeim embættismönnum hafa

verið áætlaðar 7800 kr. árstekjur, þótt það sé mun hærra en þeir hafa yfirleitt, og verðlagsuppbætur greiddar, sem svarar þeirri launahæð. Nú má telja frágangssök að hafa þetta þannig. Til þess að svipta þessa embættismenn ekki með öllu þeim styrk, sem þeir hafa, leggur ríkisstj. til að veita þeim þessa 2 þús. kr. uppbætur án verðlagsuppbóta. Þetta er þrautalending, sem taka verður, unz launin fást ákveðin með launalögum. Stjórnin mun hins vegar láta undirbúa launalög með það fyrir augum, að þau geti fengið afgreiðslu á næsta haustþingi, og mun hún, ef hún situr áfram, láta leggja frv. fyrir það þing, svo að losna megi úr því öngþveiti, sem þessi mál eru í.

Dýralæknar eru taldir til héraðslækna í þessari till., þótt það sé ekki beint tekið fram.

Þá ætla eg að víkja að fjárl. í heild, eins og fjvn. gengur frá þeim. Hún hefur hækkað ýmsa tekjuliði. Tekjuskattur og stríðsgróðaskattur eru hækkaðir um 8 millj. úr 15 millj. í 23 millj. kr. Árið 1942 munu þessir skattar hafa farið 7,7 millj. fram úr áætlun og numið 21,3 millj. kr., og þannig áætlar fjvn., að þeir verði 1,7 millj. hærri en það á þessu ári. Það er vitaskuld alltaf álitamál. En mér vitanlega liggja ekki nein rök fyrir, um að þetta geti staðizt, þótt segja megi, að tekjur manna almennt séu nokkru hærri en í fyrra. Ég get ekkert fullyrt um, að n. hafi þarna rangt fyrir sér, og orð mín og hennar verða aðeins staðhæfing móti staðhæfingu. Ég er hræddur um, að lítið sé komið enn af framtölum þeirra skattgreiðenda, sem mestar hafa tekjur, og útlit er fyrir, að stríðsgróðaskattur verði ekki sá, sem hann var s. l. ár, enda viðurkenndi n. það. Þá er vörumagnstollur og verðtollur. Þeir voru áætlaðir 20 millj. kr., en n. hefur hækkað það í 27,5 millj. eða um 7,5 millj. kr. S. l. ár urðu tekjur af þeim 24,4 millj. kr. En það er ekki hægt að loka augum fyrir því, að ástandið í þessum efnum er gerbreytt. Hv. frsm. sagði, að upplýst hefði verið, að skipakostur væri mjög hinn sami og verið hefði s. l. ár. Því miður verð ég að halda hinu gagnstæða fram, og hafi n. fengið slíkar upplýsingar, eru þær ekki réttar. Að vísu hefur verið gefið vilyrði um nokkurn innflutning umfram það, sem haldið var fram í umr. á Alþ. fyrir nokkru, en þótt það vilyrði væri uppfyllt fyllilega, vantaði 20 þús. smál. skipakost móti því, sem var í fyrra, frá Ameríku. Auk þess er það ekki aðalatriði, heldur að þær vörur, sem mestar tolltekjur gefa ríkissjóði, verða annaðhvort stórum rýrðar eða alls ekki fluttar inn. Pelsar eru t. d. í hæsta tollaflokki, en það er vara, sem ólíklegt er, að flutt verði inn. Ýmisleg vefnaðarvara, sem gefur mikinn toll, mun raunar verða flutt inn, en með hverjum deginum verður erfiðara að fá að kaupa þær vörur (auk flutningatregðunnar) í þeim löndum, sem við eigum aðgang að. Ég hef þess vegna haldið því fram, að óvarlegt væri að áætla tolla af þessari vöru hærri en þeir voru 1941. Þó að enn séu ekki orðnar skýrar línur um það, hvernig um innflutning muni haga á árinu, er ég sannfærður um, að sú áætlun fari einna næst lagi.

Tekjur af áfengi eru hækkaðar úr 2 millj. í 3,5 millj. kr. S. l. ár urðu þær tekjur nokkru hærri, og getur þetta þá staðizt að því tilskildu, að áfengi fáist til landsins og verði selt með svipuðu móti og s. l. ár. En erfiðleikar geta orðið á að ná þessari vöru, hversu æskilegt sem mönnum kann að þykja að láta hana hafa mikið skiprúm. En hjá því verður ekki komizt, ef hún á að veita þessar tekjur.

Tekjur af tóbaki hefur n. hækkað um milljón upp í 2,5 millj. Hagnaður síðasta árs var um 3 millj., svo að ætla mætti, að þetta stæðist. Þó vil eg benda á, að vafasamt er, að hægt sé að ná hingað nokkrum tegundum, sem beztan hagnað hafa gefið og fást hvorki frá Englandi né Ameríku. Má því lítið út af bera til þess að áætlanir n. um þessa liði bregðist stórkostlega.

Aðrar hækkanir á tekjuliðum skipta ekki stórmiklu máli, og mun ég ekki fara út í þær sérstaklega. Hins vegar verð ég að minna á, að samkv. frv. um Fiskveiðasjóð, sem búizt er við, að verði að l., á ríkið að greiða þeim sjóði 2 millj. kr. auk útflutningsgjaldsins. Samkv. því verður að draga 2 millj. kr. frá þeirri upphæð, sem til ráðstöfunar er á fjárl. Þó að einhver kalli það ótímabært að reikna með útgjöldum þessum fyrr en frv. er samþ., má ekki gleyma þessu.

Enn er að geta þess, að fjárlagafrv. er byggt á vísitölunni 250, en væru útgjöld þess reiknuð með núv. vísitölu, 263, ættu þau að hækka um tvær millj. kr.

Að öllu athuguðu verð eg að álíta, að hér sé ekki aðeins farið á tæpasta vaði, heldur séu fjárl. frá hendi fjvn. með gífurlegum greiðsluhalla, svo að nema muni 5—6 millj. kr.

Framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru samkv. till. n., telst mér nema heildarfjárhæðum, sem hér segir:

Vegagerðir	2232	þús. kr.
Brúargerðir	996	“ “
Ýmsar byggingar	1219	“ “
Hafnargerðir	235	“ “
Bryggjugerðir og lendingarbætur	1147	“ “

Samtals eru það 6 millj. kr. Við meginið af þessum framkvæmdum þarf vitanlega erlent byggingarefni í stórum stíl, og allt þarf þetta mikinn vinnukraft. Eins og ég gat um í útvarpi fyrir skömmu, er nú ferfaldur kostnaður við t. d. vegagerðir á við það, sem var fyrir stríð. Á þessum tímamótum, þegar við vitum ekki, hvort kostnaður fer upp á við eða niður á við, ætti mönnum að vera ljóst, að allar stórframkvæmdir eru hæpnar, sérstaklega ef þær geta ekki talizt nauðsynlegar til að halda uppi atvinnu í landinu. Þær eru ekki hagkvæmar, ef hægt er að komast hjá þeim. Þá kemur það m. a. til greina, að þær skapa kapphlaup um vinnuaflið. Ég er því ekki í vafa um, að það er heppilegra að fresta þeim framkvæmdum, sem hægt er að fresta, en ég tel það sjálfsagt og fullkomlega sanngjarnt, að það fé, ef handbært verður, verði lagt til hliðar til þessara sérstöku framkvæmda, þegar tímarnir breytast til batnaðar. Það kynni þá að fara svo, að þær framkvæmdir gætu bætt úr vinnuþörf, sem vonandi verður ekki fyrir hendi á þessu ári.

Einstakar útgjaldatill. ætla ég ekki að fara nánar út í. En ég vil segja, að ég tel, að það

skipti ekki mestu máli, hvort þessi eða hinn liðurinn er samþ., heldur, hvernig niðurstaðan verður.

Heimildin í 22. gr. fjárl. um að lækka útgjöld ríkissjóðs um 35%, ef svo færi af völdum þess ástands, sem ríkir, að ríkissjóður geti ekki staðið undir gjöldunum, hefur verið felld niður með einkennilegum hætti. Ég á bágt með að skilja, hvað vakir fyrir n. í þessu efni. Þessi heimild hefur verið talin sjálfsögð handa fyrrv. ríkisstjórnum, allt frá því er ófriðurinn hófst. Hvaða munur er á þeim og núv. ríkisstj.? Eða á þetta að vera vottur um vantraust á stj., að henni sé ekki trúandi til að lækka gjöldin, ef ríkissjóður kæmist í greiðsluþrot? Það mætti kannske líka snúa því upp í traust, þannig að hún geti séð um greiðslu á þessum liðum, jafnvel þótt ríkissjóður kæmist í greiðsluþrot. En hvernig sem það er, vænti ég, að hv. Alþ. sjái nauðsynina á, að þessi heimild megi standa áfram í fjárl.

Hv. þm. bera fram ýmsar till. að upphæð samtals rúmlega 9 millj. kr. Ég vil taka undir niðurlagsorð hv. frsm. um þá sérstöku aðstöðu, sem hér er um afgreiðslu fjárl., að sú skylda hvílir á hverjum þm., að Alþ. skili fjárl. í því formi, að enginn geti með rökum borið fram þá þungu ásökun, að með ábyrgðarleysi hafi verið um þau fjallað.

Jónas Jónsson: Ég vil fara fáeinum orðum um vissa hluti í frv. og þá fyrst, þar sem hæstv. fjmrh. hefur nú talað, beina til hans einni spurningu. Eins og mun hafa borizt þm. til eyrna, var fjvn. tvíróma um eitt atriði, sem sé, hvort haldast skyldi sú varúðargrein, að ef illa gengi um atvinnulíf og tekjur ríkissjóðs rýrnuðu, mætti fella niður þær framkvæmdir, sem ekki eru lögbundnar. Meiri hl. fjvn. áleit, að þetta ætti ekki að standa, og bar fram brtt. um að fella þetta burt. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma, hvort þetta er rétt eða ekki, heldur vil ég beina því til hæstv. fjmrh., hvernig hann muni snúast við þessu. Ef nú kemur harðæri, sem vel getur komið fyrir, t. d. ef kafbátahernaðurinn vex, þá sýnist svo sem fjmrh. geti ekki gert nema eitt af tvennu. Annaðhvort að biðja Alþ. um heimild til að taka 12 millj. kr. innanlandslán til að mæta þessu áfalli eða þá að leggja á nýja skatta. Það er óhjákvæmilegt að vita, hvernig ríkisstj. álítur réttast að snúast við þessu. Ég vil óska, að hæstv. ráðh. láti í ljós skoðun sína um þetta.

Þá vil ég minnast á till. viðvíkjandi menntamálaráði, sem samþ. var af meiri hl., en ekki af allri fjvn., og er afleiðing af því, sem áður hafði gerzt. Það hefur verið haldið uppi miklum ófriði á hendur menntamálaráði af nokkrum skrifandi mönnum og á hendur Alþ., þar sem þessir óánægðu menn hafa haldið því fram, að vissir rithöfundar, sem hafa rekið pólitiskan áróður í bókum sínum, ættu að fá hæstan styrkinn. Menntamálaráð hefur ekki viljað samþ. það. Í skjölum, sem hinir óánægðu menn hafa sent þ., hafa þeir sagt: „Það er óhæfa, ekki aðeins að menntamálaráð, heldur nokkur n. hafi slíka úthlutun með höndum, því að enginn hefur vit á að meta list nema listamennirnir sjálfir.“ Þessi skoðun hefur verið véfengd af mér og fleiri mönnum. En af því að rétt þótti að athuga betur tilefnið til óánægjunnar, varð það að samkomulagi milli mín og fleiri nm. að lofa þessum mönnum að reyna sig í eitt ár, og um það höfum við flutt till., sem liggur hér fyrir á þskj. 387,39, og er afleiðing af því, að Alþ. felldi það að setja listamennina inn á 18. gr. Nú er það mín skoðun, að það sé aukaatriði, hvaða n. úthlutar peningunum. Aðalatriðið fyrir Alþ. er, að hér þurfi ekki að vera að flækjast mikill fjöldi af mönnum á hverju þ. með leiðinlegan áróður, og sá áróður er svo gamall, að einn þm., sem var þingskrifari 1917, sagði mér, að hann hefði ekki haft frið fyrir áróðursmönnum, sem vildu fá hann til að róa í þm. Flestum þm. finnst þetta hvumleitt. Ég hef því viljað gera tilraun bæði í gamni og alvöru, en mest í alvöru, og segja við þessa menn: „Þið hafið alltaf verið óánægðir. Þið segið, að enginn hafi vit á málefnum ykkar, og í Ed. hefur sá uppbótarþm., sem bauð sig fram í kjördæmi mínu, sagt, að það væri bezt, að þið fengjuð sjálfir að ráða. Nú stendur þetta til boða.“ En þá bregður svo undarlega við, að í fjvn. rísa upp fulltrúar kommúnista og segja, að þetta sé mesta goðgá. Þeir virðast alveg hafa farið í kringum sjálfa sig. Þetta sýnir, eins og vitanlegt var, að það þarf sérstök úrræði til að lynda við þetta fólk.

Ég fékk reikningsglöggan mann í landsins þjónustu til að reikna út, hvað það kostaði fyrir landið að samþ. hinn fræga h-lið, sem var felldur við 2. umr. Það var um 32 menn að ræða. Frumsumman var 87 þús. kr. og með öllum uppbótum tæp 300 þús. kr., svo að auðséð er, að þegar búið væri að bæta við a. m. k. öðrum 30, gæti þetta orðið upp undir 600 þús. kr. Ég held, að það sé fullkomin ofrausn, sem þarna kemur fram. Fyrrv. ríkisstj. greiddi venjulega dýrtíðaruppbót, svo að það hefur verið mjög sómasamlega frá þessu gengið.

Mér finnst nú ekki eðlilegt annað en unna vinum bandalagsins að fá sinn vilja og lofa þeim að sýna sig, en mín spá er sú, að margir verði óánægðir með skiptin, svo að hlýða þyki að taka þetta mál aftur til meðferðar, og þá verði því annaðhvort vísað til menntamálaráðs eða kosin sérstök þn.

Mér finnst rétt við þessa umr. að benda á, að einn af þeim mönnum, sem fastast var sótt um við 2. umr., Halldór Kiljan Laxness, var ætlazt til að fengi um 16 þús. kr. með uppbótum, en þessi sami maður hefur nýlega í flokkstímariti kommúnista haldið því fram, að öll bændastétt landsins væri ölmusulýður. Mér finnst ósamræmi í því, að sá, sem vill hafa 16 þús. kr. án annarrar skyldu en að vera rithöfundur og agitera fyrir kommúnisma, hefur þessa skoðun á því fólki, sem við erfiðar aðstæður er að byggja upp landið. Hann stimplar þetta dugmikla fólk sem ölmusulýð. Þessi maður er þó einna bezt gefinn af þeim á órólegu deildinni, og þegar svona er um hin grænu tré, geta menn gizkað á hugarfar þessara manna almennt.

Ég skal verða við tilmælum hv. formanns fjvn., sem eru í samræmi við þá skoðun, sem flokksblað hans hefur látið í ljós, og útskýra till. um hrossarækt á Bessastöðum. Það er upphaf máls-

ins, að seint á þ. í fyrra vetur kom ósk frá þáv. landbrh. um, að n. mælti með því, að varið yrði 150 þús. kr. til að byggja upp fjós og hlöðu á Bessastöðum. Þessum tilmælum fylgdi sá rökstuðningur, að fjósið, sem þar stæði, væri mjög úr sér gengið. Um sama leyti var ríkisstjóri búinn að láta laga jörðina og húsin með miklum tilkostnaði, og þá kom upp sú spurning, hvort þarna ætti að vera ríkisbú eða hvort ætti að leigja jörðina einstökum manni. Þáv. landbrh. lagði þetta fyrir fjvn., sem ekki var sammála. Einn maður, hv. þm. Borgf., sem ekki hefir mikla trú á ríkisrekstri, vildi, að jörðin væri leigð. En mikill meiri hl. n. taldi ekki líklegt, að ríkisstjóri sætti sig við annað en ráða yfir jörðinni allri, og meiri hl. mælti því með því, að þarna skyldi vera ríkisbú, til þess að staðurinn nyti sín hið bezta. Næsta stigið er, að landbrh. lætur n. vita, að það þurfi að leggja 150 þús. kr. í að byggja fjós og hlöðu. En um sama leyti mun það hafa hvarflað að ríkisstjóra, að leitt væri að hafa mikinn tekjuhalla á búinu, og sérfróður maður, sem hann mun hafa leitað til, skólastjórinn við Garðyrkjuskólann á Reykjum, hélt því fram, að það væri ólán að hafa þar kúabú með 20 kúm, því að fólkshald væri í dýrasta lagi. Skólastjórinn stakk svo upp á því, fyrst við ríkisstjóra og síðan við ýmsa þm., að þar sem í ráði væri að koma upp kynbótabúi fyrir hesta, væri til athugunar að nota Bessastaðaland til þess. Úr því að á annað borð var talið nauðsynlegt, að sérstakt ræktunarbú þyrfti fyrir hesta í landinu, jafnvel tvö, og annað búið yrði á Suðurlandi, þá hefur búnaðarfélagið mælzt til þess, að úr þessu yrði. Það tók þetta mál til meðferðar, og eftir nána yfirvegun mælti stj. félagsins öll með því, að dráttarhestabú yrði sett á stofn á Bessastöðum, en reiðhestabú á Hólum í Hjaltadal.

Nú er það vitað, að ef kúabú yrði sett á Bessastöðum í stærri stíl, mundi af því hljótast öruggur rekstrarhalli, er allt öðru máli að gegna með hrossaræktarbú, því að við slíkt bú þarf miklu minni vinnukraft en við kúabúin. Auk þess stendur svo sérstaklega á með beitina í Bessastaðalandi, að hún er talin vera ein bezta hestabeit hér á landi.

En úr því að ég er farinn að mæla fyrir þessari brtt. fjvn., er bezt að ég segi frá því, að Gunnar Bjarnason ráðunautur er þessu máli fast fylgjandi. Hann fullyrðir, að hægt sé að stórbæta dráttarhestakynið frá því, sem nú er, með því að koma upp slíku hrossaræktarbúi þannig að velja úr beztu folana, ala þá og sjá svo um, að öll afkvæmi dráttarhesta verði undan þessum úrvalsgripum.

Allir, sem nokkuð vit hafa á þessum málum, sjá nauðsyn þessa fyrir hrossaræktina í landinu. Því að alltaf verður hestaaflið mikið notað sökum gæða þess á ýmsan hátt þrátt fyrir aðflutt afl og olíu.

Nú vill svo til, að þessi ráðunautur hrossaræktarinnar, Gunnar Bjarnason, vildi gjarnan búa á Bessastöðum, og er það til mikils sóma fyrir hann að vilja vera í sveitinni. Hann getur með hægu móti verið ráðsmaður á Bessastöðum um leið.

Eg er viss um það, að hv. Alþ. á eftir að iðrast þess síðar, ef það vill nú ekki fara að þessum ráðum, en í þess stað setja á stofu tekjuhalla búskap á Bessastöðum. En ég vona samt, að hv. þm. verði svo réttsýnir í þessu máli, að þeir geri það, sem þeir menn, er vit hafa á þessum málum, með rökum sérþekkingar leggja til, að gert verði.

Þá þykir mér rétt að geta þess, að Alþýðublaðið er með ofhrós um mig varðandi þetta mál. Það er nú ekki ég, sem á hugmyndina um þetta, eins og blaðið vill vera láta, heldur er þetta komið frá Búnaðarfélagi Íslands. Ég hefi aðeins stutt að framgangi málsins í hv. fjvn., þar sem ég lít svo á, að það eigi að komast í framkvæmd.

Þá hef ég flutt eina till. við heimildargr., sem ég vonast til, að ekki sýnist ósanngjörn. Hún er um það, að Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, er prentar allar kennslubækur barnaskólanna, sé og falið að gefa út nauðsynlegar kennslubækur gagnfræða- og héraðsskóla í samráði við fræðslumálastjóra og aðra trúnaðarmenn skólanna þar til kvadda. Í skólum þessum eru hátt á annað þús. nemendur, og því ætti með þessu móti, að gagnkvæmir samningar færu fram, ekki að þurfa að vera halli á útgáfu þessara námsbóka, ef það verður tryggt, að nægilega margir verði kaupendur að þeim. Vænti ég því, að þessi till. verði samþ.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um drykkjumannahælið, sem í ráði er, að reist verði.

Eg gat um það í sumar í sambandi við þál. um drykkjumannahæli, er þá var flutt á sumarþ., að ekki ætti að byggja þetta hæli eitt sér, heldur í sambandi við sjúkrahús einhvers konar, þannig að hér væri ekki einungis um drykkjumannahæli að ræða. — Það var rætt í n. að nefna þetta hæli eitthvað annað en drykkjumannahæli. Er það vissulega athugandi að hafa ekki þetta nafn á þessari væntanlegu byggingu, því að það hlýtur að koma til með að verka óþægilega á þá, sem fyrir á að liggja að dvelja þar, að fá kannske þetta nafn til að loða við sig um lengri tíma, eftir að sjúklingurinn er farinn af hælinu — að þessi og þessi hafi nú verið á drykkjumannahælinu—. Ég ætla ekki að fara að halda því fram, að ég hafi einhverja sérþekkingu á eðli ofdrykkjumannsins, en almenn skynsemi hlýtur bara að blása manni því í brjóst, að það sé bezt að sjúklingurinn, þ. e. a. s. ofdrykkjumaðurinn, viti sem minnst af því, að hann er á ofdrykkjumannahæli, eða a. m. k. þurfi ekki að eiga það yfir höfði sér, að nafn ofdrykkjumannsins loði við hann alla ævi, eftir að hann einu sinni hefur þurft að dvelja á hælinu.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vil aðeins, jafnframt því, sem ég hef sagt um nafnið á slíku hæli, leiða athygli að því, að þetta hæli verði ekki eitt sér, heldur byggt, er þar til kemur, sem ein deild í stærri og meiri byggingu, sem væri ætluð sjúku fólki. Það vantar t. d. hæli fyrir gigtveikt fólk, fyrir þunglyndisveikt fólk. Þessi bygging þarf að verða reist við jarðhita, sem hefði jafnvel möguleika til að laða að sér fólk úr öðrum löndum. Sums staðar erlendis eru hressingarhæli, sem fólk sækir jafn-

vel til úr fjarlægum löndum. Eitt slíkt hressingarhæli ætti að geta risið hér á Íslandi, því að flest skilyrðin eru hér áreiðanlega fyrir hendi til þess. Gæti þá einmitt þetta hæli fyrir drykkjumenn verið tengt slíku hressingarhæli og verið í sömu byggingu. Ég vildi biðja hæstv. stj. að hafa þetta til athugunar, ef til framkvæmda kemur á næstunni. Þess verður um fram allt að gæta í þessu efni, að því fólki, sem hefur orðið ofdrykkjunni að bráð, sé hjálpað eins andlega og líkamlega, því að það ríður ekki síður á því.

Sveinbjörn Högnason: Ég á nokkrar brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1943, sem ég ætla að fara nokkrum orðum um til skýringar, svo að hv. þm. geti gert sér grein fyrir því, sem þær fara fram á.

Ég held, að það sé rétt, að ég byrji þá að tala um XXIII. brtt., er ég á á þskj. 410 um hækkun á styrk til Suðurlandsskips um 49 þús. kr., enda verði honum úthlutað á sama hátt og undanfarin ár.

Það kann að virðast nokkuð einkennilegt, að eg hef skrifað undir nál. samvn. samgm. án fyrirvara, en flyt síðan þessa brtt., og mér skildist jafnvel á ræðu hv. frsm. samgmn., að ég hafi skrifað undir nál. ágreiningslaust. En skýringin á því, að ég flyt þessa brtt. mína, er sú, að á sumarþ. flutti ég ásamt hv. 1. þm. Rang. þál. um, að 200 þús. kr. styrkur yrði veittur vegna landflutninga þungavöru til hafnleysishéraða landsins. Þessi till. var ekki afgr. úr fjvn., og mér var af nm. gefið í skyn, að ef till. þessi yrði samþ., mundu fleiri slíkar till. fylgja á eftir, því að þá væri fordæmið skapað.

Hins vegar var mér bent á það af nm. fjvn., að flutningar á sjó til Vestur-Skaftafellssýslu hafi fallið niður, en styrkur sá, er veittur hafi verið til Suðurlandsskips, 8 þús. kr., sé notaður til styrktar landflutningum og honum úthlutað þar milli aðila. Varð það að samkomulagi, að ég athugaði, hvernig þessum styrk og úthlutun hans væri hagað eystra og hvort tiltækilegt væri að styrkja landflutningana með því að hækka þennan styrk, og yrði þá þetta á ný tekið til athugunar í nefndinni.

Eftir að ég nú hafði aflað mér þeirra upplýsinga, varðandi þennan styrk til Suðurlandsskips og úthlutun hans til styrktar landflutningum, og komizt að raun um, að ánægja ríkti gagnvart þessu fyrirkomulagi, átti ég von á því, að fjvn. féllist á till. mína um hækkun til þessarar styrktarstarfsemi, en er þetta kom til atkv. í n., var till. mín felld með jöfnum atkv.

Þegar þetta réttlætis og sanngirnis mál hafði fengið slíka afgreiðslu hjá fjvn., taldi ég mér skylt að leggja það undir úrskurð hv. Alþ. í von um, að það næði fram að ganga, þó að fjvn. hefði ekki viljað veita því sinn stuðning. Þetta hef ég svo gert með því að flytja brtt. við brtt. samvn. samgm. á þskj. 388 um að hækka heildarupphæðina, sem samvn. samgm. leggur til, að verði um 49 þús. kr., og að sú hækkun gangi til þess að styrkja vöruflutninga á landi til Vestur-Skaftafellssýslu.

Um þörfina á þessari styrkveitingu ætla ég ekki að fara að ræða nú. Ég hef áður í sambandi við þetta mál hér á þ. bent á, hversu brýn nauðsyn er á því, að þessi styrkur verði veittur, og ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. hafi þegar áttað sig á því, að hér er um aðkallandi réttlætismál að ræða.

Þetta hérað, sem hér um ræðir, er eitt allra héraða á landinu, sem eingöngu verður að byggja alla sína flutninga, smáa sem stóra, á landleiðinni. Af þessu leiðir, að langkostnaðarsamast verður fyrir þá, sem þarna búa, að flytja vörur sínar, og þá sérstaklega þungavöruna, því að flutningar á landi eru margfalt dýrari en flutningar á sjó. Eftir upplýsingum, sem forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur tjáð mér, kostar 40—50 kr. að flytja smálestina á sjó, en 200 kr. á landi til sömu staða, 580 eða samsvarandi.

Þegar bornir eru saman styrkir þeir, sem veittir eru til flóabáta hér og hvar á landinu, við það framlag, sem ætlazt er til, að greitt verði til vöruflutninga landleiðis til Vestur-Skaftafellssýslu, þá sést, að hér er farið mjög vægt í sakirnar. Hvað er t. d. þetta litla framlag mikið saman borið við þær 170 þús., sem greiða á til Djúpbátsins? Í raun og veru á Vestur-Skaftafellssýsla heimtingu á því, að sjóferðum sé haldið uppi til sýslunnar, en þar sem samgöngur eru svo góðar á landi, hafa flutningar verið látnir fara fram þar eingöngu landleiðina vegna hafnleysisins, en nú eru þessir flutningar á landi orðnir svo kostnaðarsamir, að bændum er ekki kleift að halda þeim lengur uppi, og því er það beinlínis skylda Alþ. að koma hér til hjálpar og styrkja bændur til þess að geta haldið þessum flutningum áfram, sem eru orðnir fjórfalt dýrari en flutningar sjóleiðis.

Ég vænti þess fastlega, að hv. Alþ. sjái nauðsyn þessa máls og réttsýni og sanngirni fái að ráða við afgreiðslu þess, og því fremur þar sem svo vægt er í sakirnar farið, að í raun og veru er farið fram á ¼ af upphæð þeirri, sem sambærilegt er, að þetta hérað fái, borið saman við önnur héruð á landinu.

Þá á ég og IV. brtt. á þskj. 410 um læknisvitjanastyrk, að hann hækki um helming frá því, sem gert er ráð fyrir, að hann verði í fjárl. 1943, þ. e. a. s. í tveimur héruðum, Síðuhéraði og Mýrdalshéraði, og nemur hækkunin um 1000 kr. Fjvn. hefur ekki lagt neitt til um hækkun á þessum styrkjum, en nokkrir þm. flytja brtt., er ganga í sömu átt og brtt. mín, og verður það að teljast eðlilegt. Hér er um að ræða aðeins smáupphæðir, sem á engan hátt verða tilfinnanlegar fyrir ríkissjóð, en verða þó að miklum notum fyrir þá, sem þessa læknisvitjanastyrki hljóta. Eins og þessir styrkir eru núna, hrökkva þeir skammt til þess að koma að nokkrum notum fyrir það fátæka fólk, sem þessara styrkja á að njóta. Öllum er það kunnugt, hve bílaferðir eru rándýrar, eins og á stendur, svo að jafnvel 2—300 kr. geta farið í þann kostnað fyrir eina læknisvitjun. Er óþarft að vera að eyða mörgum orðum um þetta atriði, þar sem það liggur svo augljóst fyrir, að hér er um að ræða sanngirnismál, sem leggur litla sem enga fjárhagslega byrði á ríkið.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. við framlög til vega og brúargerða, XV. brtt. nr. 1 og 2 á þskj. 410.

Eins og eg minntist á, verður Vestur-Skaftafellssýsla eingöngu að treysta á samgöngur á landi. Því er það höfuðskilyrði, að vegir þar séu í góðu lagi. En svo háttar til þar eystra, að sums staðar eru vegir illfærir, og ein sveit er t. d. alveg vegasambandslaus, þó að hægt sé að komast þangað með því að fara á ferju og eftir óupphleyptum vegi.

Ég legg til, að hækkað verði framlag til Meðallandsvegarins úr 12 þús. kr. í 25 þús., en það mundi verða til þess, að hægt yrði að koma tveimur sveitum í sambandi við bílvegakerfið. Þetta yrði gert með því að leggja upphleyptan veg niður Landbrotið að fyrirhugaðri brú á Eldvatni, sem þar á að reisa samkv. till. fjvn.

Eftir hækkun annarra framlaga til vegagerða, þá sýnist mér fullkomlega réttmætt, að gerð verði þessi hækkun til Meðallandsvegarins; mætti jafnvel segja, að hér væri nokkuð vægt í farið.

Þá er í þessari sömu brtt. tekinn upp nýr liður, Mýrdalssandsvegur, og lagt til að hann verði settur inn á fjárl. Það er enginn vafi á, að þótt hér sé ekki farið fram á neitt stórt framlag, þá er hægt að laga mikið austanverðan sandinn fyrir ofan Álftaver. Það er engum vafa bundið, að réttmætt er að byrja á þessu *sem fyrst með því að leggja* til þessa verks smáfjárveitingu, og þó að einhver hv. fjvnm. hefði þau orð um munn, að ekki væri hægt að hreyfa neinu verki nema fyrir milljónir, þá hagar þessu svo til þarna eystra, að frá náttúrunnar hendi eru bærileg skilyrði til þessa verks og því ekki nauðsyn á eins miklu fjármagni og ella hefði þurft.

Ég vona, að hv. Alþ. sjái nauðsyn þess, að vegir séu í sem beztu lagi og vegakerfið sé sem bezt einmitt í þessum hafnleysishéruðum, og þetta verði því til þess að leggja þessa smáupphæð fram úr ríkissjóði til Mýrdalssandsvegar.

Þá er enn fremur í XV. brtt. nýr liður, sem er, að brú verði reist á Djúpá í Fljótshverfi.

Árið 1939 var áætlað, að til þessarar smíði þyrfti 36 þús. kr., og er ekki með nákvæmni hægt að segja um, hvað þetta framlag þyrfti að vera hátt nú. En ég hef lagt til, að það yrði hækkað um helming, og ætti það að vera nokkuð nærri sanni.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessarar brúargerðar, og læt ég nægja að vitna til þess, sem hv. fjvn. lét bóka um þetta atriði, er málið var rætt í n. Þá var málið komið langt, að mér var falið að kaupa efni til þessarar brúargerðar, og keypti ég svo rekavið fyrir austan í þessu skyni. Á þessi er á þjóðvegi austur og er mikill farartálmi, að hausti til stundum ófær með öllu. Með brúnni yrði fært alla leið að Núpstað eða að Skeiðarársandi.

Þetta eru þær till. til verklegra framkvæmda í þessu héraði, er ég legg mesta áherzlu á, og þó að þetta væri allt þegar veitt, þá er þetta hérað samt í tölu þeirra héraða, er hafa minnst fjárframlög fengið frá hinu opinbera.

Þá hef ég flutt enn fremur með öðrum hv. þm. till. um fjárveitingu til leikfimihúss við Menntaskóla Akureyrar. En það virðist augljóst mál, að úr þessari þörf M. A. verður að bæta, svo að nemendur þurfi ekki úr skólanum út í bæ í leikfimitima. Um stóra heimavistarskóla er það svo, að æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt er, að öll skólastarfsemin geti farið fram á skólaheimilinu. Það veldur stórkostlegum óþægindum, þegar nemendur þurfa að vera á þönum hingað og þangað út um bæinn við námsiðkanir. Hér er líka um svo litla fjárhæð að ræða, að það virðist sjálfsagt, að hún sé veitt.

Þá hef eg ásamt hv. 2. þm. Rang. o. fl. flutt till. nr. XXXII um framlag til bændaskóla á Suðurlandi. Það er vitað, að byrjað verður að byggja skólann, þegar valinn hefur verið hentugur staður fyrir hann, og starfar nú nefnd manna að því. Það virðist þess vegna rétt, að nokkurt fé sé ætlað til skólans á þessum fjárl.

Þá flyt ég ásamt 3. þm. Reykv. till. um viðbót við 18. gr. þess efnis, að Böðvari Bjarnasyni, fyrrum presti á Rafnseyri, séu veittar 1200 kr. í stað 600. Ég held það sé viðurkennt af öllum sem til þekkja, að margir þeir á 18. gr. fjárl. fá hærri upphæðir að minni verðleikum en þessi prestur, sem í mörg ár hefur af ósérplægni lagt mikið starf í það að kenna ungum mönnum heima hjá sér starf, sem hefur orðið að miklu gagni. Væri viðeigandi, að tekið væri tillit til þess og það viðurkennt.

Þá vil ég loks geta þess, að ég fór fram á það við hv. fjvn., að hún tæki upp heimildarframlag til nýrrar mjólkurverkunarstöðvar í Rvík, *sem byrjað er að reisa. Í 1. stendur*, að ríkissjóður skuli greiða allt að ¼ byggingarkostnaðar slíkra stöðva. Hins vegar hefur það verið svo, að flestar stöðvar hafa fengið greiddan helming stofnkostnaðar. Nú er vitað, að þessi nýja mjólkurverkunarstöð muni aldrei kosta minna en 3 millj. kr., eftir því sem áætlað var s. l. sumar. Nú sé ég, að hv. fjvn. hefur lagt til, að greiddar verði 300 þús. kr. í þessum tilgangi, „þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar."

Ég vil benda á, að að öllum líkindum verður þessi stöð komin upp fyrir næsta vetur, ef ekkert óvænt kemur fyrir. Því þarf ekki að blekkja með að áætla lægri upphæð en ríkinu er skylt að greiða, en það verður aldrei undir 800 þús. kr., miðað við það, sem lögin ákveða.

Þegar maður er neyddur til að byggja á dýrasta tíma einmitt fyrir ráðstafanir þess opinbera, því að við óskuðum að byggja fyrir stríð, en var synjað um innflutningsleyfi, þá er sjálfsagt að styrkja þetta fyrirtæki ekki síður en önnur hliðstæð fyrirtæki. Og þegar vinna er jafndýr og raun ber vitni, en afurðir fara hins vegar að *hrynja* í verði, þá er sjálfsagt að ríkið kannist við þá erfiðleika og hækki heldur fremur en lækki framlag sitt. Ég mun því flytja brtt. um, að varið sé til þess arna allt að helmingi stofnkostnaðar stöðvarinnar.

Það er að vísu svo, að ég er meðflm. að fleiri till., en ég hygg, að meðflm. mínir muni skýra frá þeim, og kæri mig ekki um að hafa mál mitt lengra að þessu sinni.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja nokkrar till. hér með öðrum eða einn.

Fyrst eru þrjár till. sem ég er fyrsti flm. að. Sú fyrsta þeirra er stærst og mikilvægust og er á þá leið, að við 12. gr. 13 bætist nýr stafliður á undan a um, að lagðar verði fram kr. 200000.00 til byggingar fæðingardeildar í sambandi við Landsspítalann. Það er að vísu svo að nokkurt fé hefur verið ætlað til byggingar fæðingardeildar, eða allt að 1/3 kostnaðar. Ég geri ráð fyrir því, að þótt orðalag sé annað, þá sé hugsunin sú sama. Fjárveitingin er allt of lág til þess að koma að fullum notum. Fyrir okkur, sem flytjum þessa till., vakir það, að fæðingardeild Landsspítalans verði stækkuð, reist verði sérstakt hús á lóð Landsspítalans, og losnar þá pláss það, sem deildin nú hefur. Yrði síðan samkomulag um rekstur þess milli Rvíkurbæjar og Landsspítalans, og er gert ráð fyrir, að bærinn taki fyllilega sinn þátt í rekstrarkostnaðinum. Minna máli skiptir, hver telst eigandi stofnunarinnar.

Eins og öllum er kunnugt, er nú sem stendur mjög mikill skortur á húsrúmi, þar sem konur geti fætt börn sín. Það hefur mjög færzt í vöxt á síðari árum, að konur legðust frekar inn á fæðingardeildina en að ala börn sín í heimahúsum. Eftir því sem fólksfæðin hefur vaxið og íbúðir þær, sem fólk verður að notast við, minnkað, hefur þörfin á því, að konur gætu átt kost á að ala börn sín utan heimilisins, vaxið mjög. Nú er það að vísu svo, að læknar telja ekki gott að ýta undir það, að konur fæði utan heimilisins. Þeir telja eðlilegra og heppilegra, að þær ali börn sín heima, þar sem því verður við komið. En eins og ég sagði, geta ástæður verið svo, að þetta sé ógerningur. Því að þótt ekki sé gert ráð fyrir eðlilegri fjölgun fæðinga, hefur reynsla undanfarinna ára leitt í ljós, að fæðingar utan veggja heimilisins fara mjög fjölgandi. Ýmsir hafa talið eðlilegt, að Rvíkurbær kæmi upp slíkri stofnun sjálfur með styrk ríkisins og ræki hana á svipaðan hátt og sjúkrahús, án beinnar íhlutunar ríkisins. Um þessa till. er það að segja, að það væri mjög fávíslegt, að hið opinbera færi að reka tvær fæðingarstofnanir í ekki stærri bæ en Rvík. Skynsamlegast væri að koma upp einni slíkri stofnun með sameiginlegu átaki ríkis og bæjar. Þá væri málið leyst svo, að báðum aðilum væri sómi að.

Legg ég höfuðáherzlu á, að stofnuð verði ein fæðingardeild. Það er sparnaður bæði fyrir bæ og ríki og þægilegra öllum almenningi og kemur að meira gagni með því móti.

Ég hef átt tal um þetta mál við marga lækna. Skoðanir þeirra hafa verið nokkuð skiptar um það, hvort konur ættu að ala börn sín utan eða innan veggja heimilisins. En allir hafa þeir verið sammála um að hafa stofnunina eina.

Nú stendur málið þannig, að Rvíkurbær hefur á fjárhagsáætlun sinni ætlað 600000.00 kr. í þessu skyni. Er sérstaklega tekið fram, að þessari stofnun sé ætlað að taka við hlutverki fæðingardeildar Landsspítalans, sem ríkið kostar. Væri eðlilegt, að ríkið legði jafnháa upphæð á móti, enda í samræmi við breytingu á 1. um sjúkrahús.

Sýnast allar líkur benda til þess, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og virðist það líka vera í samræmi við þann vilja, sem fram kemur við breytingar á l. um sjúkrahús.

Það mætti hugsa sér, að þetta þætti nokkuð há fjárveiting, en ætla má, að þm. geri sér ekki grein fyrir öllum atriðum í sambandi við málið, þar sem ekki er búið að samþykkja frv. En ætla mætti, að þessi stofnun fyrir Rvík yrði ekki látin sæta lakari kjörum en sjúkrahús og alltaf verða veittur 1/3 kostnaðar eða 1/2 móti Rvíkurbæ. Þess vegna er till. um 300000.00 kr. til vara borin fram.

Samkv. upplýsingum frá landlækni kostar slík bygging ekki undir 300 þús. kr., og nú er allur byggingarkostnaður fjórfaldur, miðað við það, sem var fyrir stríð, og yrði hann þá í þessu tilfelli ekki lægri en 1200 þús.

1000000.00 kr. hafa enga þýðingu í þessu efni, og væri það sama og að Alþ. stöðvaði framlög sín til hálfs, ef sú lága upphæð yrði samþ. Þess vegna vil ég treysta því, að hv. þm. bregðist vel við þessu nauðsynjamáli höfuðstaðarins, og hefur hér ekki verið farið fram á annað við hv. þm. en það, sem er í alla staði sanngjarnt. Rvíkurbær, sem leggur fram mikið af þeim tekjum, sem í ríkissjóð renna, hefur ekki verið ofhaldinn af framlögum úr honum að undanförnu, og sýnist því ekki vera til of mikils mælzt með þessari till. Vona ég, að þm. greiði fúslega fyrir þessu mikla velferðarmáli bæjarins.

Þá vil eg að lokum geta þess, að hér í bæ er margs konar félagsskapur, sem mun gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að þetta nái fram að ganga, ýmist með fjárframlögum eða annarri aðstoð. Geng ég þá frá þessu máli og vænti góðra undirtekta.

Næst er brtt. á þskj. 410, XXXV, sem ég er samflm. að. Hún er um það, að fjárveiting til Gagnfræðaskóla Reykvíkinga hækki úr kr. 5000.00 í 53000.00. Til vara kr. 25000.00 Er þá gert ráð fyrir, að skólinn verði sama styrks aðnjótandi og aðrir gagnfræðaskólar í landinu.

Þessi skóli er ekki stofnaður samkv. lögum, heldur hafa borgararnir sett hann á stofn og haldið uppi með fjárframlögum frá sér vegna brýnnar nauðsynjar á því að mennta börn sín, og hafa þeir fórnað miklu til að halda honum við. Árið 1942 voru veittar úr bæjarsjóði kr. 50000.00 til skólans, og hækkaði tillagið árið 1943 upp í kr. 80000.00, og er þá gert ráð fyrir, að vanti um 20000.00 kr., til að skólinn fái staðizt, þótt tekið sé tillit til þess, að foreldrar greiða há skólagjöld með börnum sínum. Þess vegna fannst okkur sanngjarnt, að ríkið legði fram sama tillag til þessa skóla og annarra gagnfræðaskóla.

Þetta er nokkuð mikil hækkun, og þess vegna fluttum við varatill., ef hv. þm. þætti hin of há. Þá er fengin sú upphæð með framlögum ríkis og bæjar, sem skólinn má allra lægst fá, ef hann á að geta starfað. En ekki er útlit fyrir, að börn nema hinna efnaðri foreldra geti orðið menntunar aðnjótandi, þótt það sé sjálfsögð skylda ríkisins að sjá um, að börn hinna verr stæðu fari eigi á mis við menntunina.

Þá er það brtt. XL á sama þskj. um, að styrkur til Bæjarbókasafns Reykjavíkur hækki úr 8000 kr. upp í 25000 kr. Hingað til hefur verið gert ráð

fyrir því í fjárl., að ríkið greiði 1/6 hluta kostnaðar við bókasafnið, og það getur vel staðizt, að í þá daga hafi 8000 kr. verið 1/6 hluti kostnaðarins, en nú sökum aukins verðlags má gera ráð fyrir, að þessi hluti verði ekki undir 25 þús. kr. Ég vona, að hv. þm. samþykki þessa brtt.

Þá eru tvær brtt., sem eg flyt einn, og er það í fyrsta lagi brtt. við 17. gr. fjárl. lið 35, að styrkur til Elliheimilisins Grundar hækki úr 5000 kr. upp í 10000 kr. Það vakti furðu við 2. umr. fjárl., þegar styrkur til allra elliheimila á landinu utan Rvíkur var hækkaður um helming, en ekkert hækkað til Elliheimilisins Grundar. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég hefði flutt þessa brtt., ef styrkur til annarra elliheimila hefði ekki verið hækkaður. En allir hljóta að sjá, að í því felst engin sanngirni að hækka styrk til allra elliheimila á landinu nema hér í Rvík. Þó er vitað mál, að Elliheimilið Grund er bezta elliheimili á landinu, og þar að auki hið eina heimili, sem tekur fólk af öllu landinu. Ég verð því að álíta, að þetta hafi verið af vangá hjá hv. fjvn., og mun þá brtt. mín frekar skoðast sem leiðrétting.

Loks er ein smávægileg brtt. frá mér á þskj. 410, við 15. gr. fjárl., 48. lið. Þar segir, að til útgáfu héraðssagnarita sé veitt eftir till. fræðslumálastjóra. Ég verð að segja það, að enda þótt fræðslumálaskrifstofan sé góð skrifstofa og fræðslumálastjóri ágætur maður, þá tel ég þó eigi, að hann eigi að vera yfirdómari í menningarmálum landsmanna. Ég legg því til í brtt. minni, að styrkjunum verði úthlutað af heimspekideild Háskólans, eða ef menn vildu heldur, menntamálaráði. Það hefur ef til vill ekki mikla þýðingu, hvort þessi brtt. verður samþ., en mér finnst, þótt í smáu sé, að Alþ. muni gera sig að viðundri með því að láta fræðslumálastjóra úthluta þessum styrk. Ég tel mig þá hafa gert grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt bæði einn og með öðrum hv. þm. og vona, að hv. þm. sjái, að þær eru allar reistar á sanngirni og mæla með sér sjálfar.

Jóhann Jósefsson: Vegna þess að enginn er nú viðstaddur af hv. fjvnm., en ég þyrfti að ræða alvarlegt atriði við hana, þá vildi ég fá að bíða lítið eitt með ræðu mína. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort ekki sé tilhlýðilegra að fjvn., eða a. m. k. einhver hluti hennar, sé viðstaddur við þessa umr., enda þótt hún sé vitur vel.

Forseti (HG): Ég hef þegar vakið athygli hv. fjvn. á því, að umr. séu byrjaðar, en ég get látið hana vita aftur, að eftir henni hafi verið spurt.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það hafa fallið orð um það við þessa umr., að einstakir alþm. hafi gerzt djarfmæltir í till. sínum fram yfir það, sem hv. fjvn. vildi taka til greina. Ég tel nú samt, að margar till. einstakra þm. eigi ekki síður rétt á sér en ýmsar till. fjvn., og get ég þar nefnt eitt dæmi, sem sé till. um hrossaræktarbú á Bessastöðum. Ég mæltist til þess, að hv. n. sýndi þm. þá kurteisi að vera viðstödd, þegar farið væri að ræða hinar ýmsu till. og liði fjárl., því að það er mjög óviðkunnanlegt, þegar hv. n. gengur af fundi og sést ekki tímunum saman.

Ég hef orðið fyrir því að vera neitað um áheyrn hjá hv. n. viðvíkjandi hafnarmálum Vestmannaeyja, enda þótt ég hafi sent n. ítrekaðar beiðnir um það. Það má vera, að þetta hafi stafað af misgáningi hjá hv. n., en hvað um það, þá hefur þetta orðið til þess, að framlag til Vestmannaeyjahafnar er of lágt í till. fjvn. Ég mun nú skýra frá hinum ýmsu till. mínum.

Ásamt hv. þm. Siglf. flyt ég brtt. á þskj. 410, VI. og VII. lið, að sjúkrahúsin í Vestmannaeyjum og á Siglufirði njóti sömu réttinda og önnur sjúkrahús. Það er hart gengið, þegar verið er að styrkja sjúkrahús, að ganga fram hjá þessum tveimur, þegar þessir tveir staðir eru báðir mjög mikilvægir, því að á vissum árstímum starfa þarna menn úr öllum landshlutum. Rvíkurbær á ekkert sjúkrahús, og Landsspítalinn er rekinn fyrir alþjóðarfé, en bæjarfélögin úti um land þurfa að mestu leyti að kosta sín sjúkrahús, og sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum hefur aldrei notið neins styrks frá ríkinu, aldrei fengið einn eyri. — Það ætti því ekki að þurfa að torvelda það, að þessar brtt. okkar verði samþ. Þá hef eg flutt brtt. á sama þskj., að í staðinn fyrir 500 kr. styrk til sjómannalesstofu í Vestmannaeyjum komi 800 krónur. Þessi brtt. er flutt með tilliti til mjög aukis kostnaðar við bókakaup.

Þá flyt ég ásamt einum hv. þm. Sósfl. brtt. við 16. gr., 20, að þar komi nýr liður: "Vegna vatnsleitar í Vestmannaeyjum 19000 kr., til vara 16 þúsund". — Ég sendi hv. fjvn. erindi um þetta mál og gat þess, að s. l. haust hefði verið hafizt handa í þessa átt, en kostnaður reynzt mjög mikill, og enn fremur stæði til að fá borunartæki. Hv. n. sá sér ekki fært að verða við þessum tilmælum mínum og gaf mér enga skýringu á því.

Ég vil leiða athygli hv. þm. að því, að þetta vatnsmál í Vestmannaeyjum er hið mesta nauðsynjamál og eigi er hægt fyrir kaupstaðinn að una lengi við það ástand, sem nú ríkir á þeim sviðum. Ég vænti því þess vegna fastlega, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þessa brtt. okkar. Enn fremur á sama þskj. er brtt. frá mér um styrk til kvenfélagsins Líknar í Vestmannaeyjum, að upphæð kr. 500. Eins og nafnið bendir til, þá hefur þetta félag líknarstarfsemi með höndum, og hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf undanfarin ár. Ég sé, að kvenfélög og kvennasambönd víða um landið fá styrk til starfsemi sinnar, og finnst mér óréttlátt að láta þetta félag verða útundan.

Ásamt nokkrum hv. þm. úr Frams.- Alþ.- og Sósfl. flyt ég brtt. á þskj. 410 um að hækka styrk til Bandalags skáta úr 400 kr. upp í 2000 kr. Í fjárl. er gert ráð fyrir styrkjum til Farfuglafélagsins og Ungmannafélags Íslands, og ég viðurkenni, að þessi félög eigi rétt til að fá styrk, en Bandalag skáta á það eigi síður skilið, því að skátahreyfingin er viðurkennd einhver hollasta ungmennahreyfing í öllum lýðræðislöndum. Í þessari hreyfingu eru börn allra stétta þjóðfélagsins, og þar gilda aðeins skátareglur,

sem veita hin hollustu uppeldisáhrif, sem völ er á. Sé sanngjarnt, að Farfuglafélagið fái 15 þús. kr., þá má ekki minna vera en að Bandalag skáta fái 2000 kr. Þá er brtt. frá mér um, að tillag til Ekknasjóðs Vestmannaeyja hækki úr 800 í 1000 kr. Þessi sjóður var stofnaður fyrir tugum ára og hefur haft það göfuga hlutverk að styrkja ekkjur, sem hafa misst menn sína í sjó eða við bjargsig. Af sjálfsögðu hefur þessi sjóður ekki getað veitt stórar upphæðir, en hann hefur þó lagt drjúgt af mörkum.

Enn fremur á ég brtt. með hv. þm. Siglf., að Guðlaugur Hansson fái 400 kr. í stað 300. Þessi maður er orðinn heilsutæpur og veitir ekki af þessari upphæð.

Ásamt hv. 11. landsk. flyt eg brtt. um 100 þús. kr. hækkun til vitabygginga, eða úr 350 þús. upp í 450 þús. kr. Það hefur setið á hakanum að veita fé til vitabygginga, en nauðsyn nýrra vita er mikil, eins og öllum hv. þm. er vel kunnugt um.

Aðra brtt. flyt ég og með hv. 11. landsk. þess efnis, að allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1943 verði varið til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum. Áður hefur verið samþ. till. líks eðlis, og þá hófust framkvæmdir í þessa átt, en síðan kippti hv. Alþ. að sér hendinni með þetta, og framkvæmdir hafa legið niðri síðan þá.

Það er vel þess vert fyrir ríkið að leggja fé í þetta, og við förum aðeins fram á 13 þús. kr. Þetta litla land gefur af sér um 1 millj. kr. árlega fyrir ríkissjóð. Þeir hv. þm., sem stóðu gegn því, að Vestmannaeyjakaupstaður fengi keyptar lóðir þarna, ættu að athuga þessa brtt. okkar, og þá munu þeir komast að raun um, að þetta er sanngirnismál.

Þá vil ég að lokum minnast á till. mína um hafnarmál Vestmannaeyja, sem mér þótti mjög fyrir, að hv. fjvn. skyldi misskilja svo mjög, sem till. hennar bera með sér. Fyrir hv. n. lágu tvö erindi um þetta mál, annað dagsett 30. marz 1942 og hitt 17. desember s. á.

Þær 100 þús. kr., sem hv. fjvn. hefur lagt til, að veittar verði til hafnarinnar í Vestmannaeyjum á árinu 1943, eru ætlaðar til alveg ákveðinna framkvæmda á þessu yfirstandandi ári. Nú bar það við í fyrra, meðan Alþ. sat, að þá biluðu hafnargarðarnir í Vestmannaeyjum mjög tilfinnanlega, sérstaklega suðurgarðurinn, og varð ekki hjá því komizt að leggja í mikinn kostnað þar þegar í stað til þess að lagfæra þetta. Því að ég verð að geta þess hv. þdm. til athugunar og skilningsauka, að þegar hafnargarðarnir í Vestmannaeyjum bila að ráði, þá verður undir eins og veður lægir að ráðast í að gera við þá, ef ekki á að hljótast verra af. Svo var það og í þetta sinn, þó að ekki væri fyrir hendi nema 50 þús. kr. framlag áætlað fyrir hafnarframkvæmdir þar árið 1942. Það varð að ráðast í að gera við þennan hafnargarð. 50 þús. kr. framlag var áætlað til hafnarinnar á fjárl., það þýddi það, að við gátum unnið fyrir 150 þús. kr. Því að sú regla hefur verið höfð fyrir Vestmannaeyjar síðari árin, að til verklegra framkvæmda og endurbóta við höfnina hefur staðurinn fengið ⅓ hluta framlags úr ríkissjóði móti ⅔ hlutum úr hafnarsjóði. Þessi viðgerð, sem fram fór á hafnargörðunum og óhjákvæmileg var, kostaði ásamt öðrum framkvæmdum, sem fyrirhugaðar höfðu verið á því ári, 1942, 324 þús. kr. Það var því unnið fyrir 174 þús. kr. meira en ríkissjóðsstyrkheimildin var fyrir ásamt tvöföldu framlagi frá hafnarsjóði þar á móti. Hafnarn. leit svo á, að mér bæri að fara fram á 87 þús. kr. framlag úr ríkissjóði sem ⅓ hluta af þessum kostnaði. En við nánari athugun einstakra nm. í hv. fjvn. og mína kom í ljós, að krafan, sem hægt væri að gera fyrir Vestmannaeyjar í þessu skyni til ríkissjóðs, væri, að greiddar væru 58 þús. kr. af þessum kostnaði úr ríkissjóði. Ég get sagt það, að þetta kom fram í samtölum, sem ég hef átt við einstaka hv. nm. úr fjvn. hér frammi á göngunum, því að annars staðar fékk ég ekki að tala við þá hv. n. Ég skal ekki véfengja, að þeir hafi haft rétt fyrir sér þar. En ég hafði fulla ástæðu til þess að álíta eftir einkasamtölum, sem ég átti við einn eða tvo meðlimi hv. fjvn., að ég mætti ganga að því visu, að þessar 58 þús. kr. yrðu þó a. m. k. lagðar fram fyrir viðgerðina á hafnargörðunum, sem fór fram árið 1942. Svo koma till. hv. fjvn., og þar er gerð till. um að leggja 100 þús. kr. fram til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, þ. e. a. s. ⅓ framlags á móti ⅔ úr hafnarsjóði til fyrirfram ákveðinna framkvæmda á árinu 1943, en viðgerðinni á hafnargarðinum er algerlega sleppt, sem búið var að setja sig í skuld fyrir. Þetta kom mér svo mjög á óvart, að ég verð að líta svo á, að hv. fjvn. hafi gert þetta í mistökum, það séu mistök, sem til þess liggi, en ekki hitt, að hv. fjvn. hafi ekki endilega viljað hlunnfæra þennan kaupstað fyrir einar 58 þús. kr. Því að ég var búinn að beygja mig undir þann skilning, að þar ættu að veitast 58 þús. kr., en ekki endilega 87 þús. kr. Ég fæ ekki skilið með þeim austri, sem hv. fjvn. hefur haft gagnvart ýmiss konar framkvæmdum upp til sveita og víðar, að það sé virkilega skoðun n., að þessa peninga beri að hafa af Vestmannaeyjakaupstað. Hingað til hefur það verið viðurkennt sem föst regla, að þegar um hafnarframkvæmdir hefur verið að ræða, þá hafa viðkomandi umdæmi fengið sums staðar ⅔ hluta úr ríkissjóði, sem til þeirra hefur þurft, og sums staðar ⅓ hluta þess, Við Vestmannaeyingar höfum orðið að sætta okkur við að fá aðeins ⅓ hluta greiddan úr ríkissjóði.

Nú hefur hv. form. fjvn. gefið mér þá skýringu á þessu, að þessar 58 þús. kr., sem ég hef farið fram á, eins og ég hef getið um, úr ríkissjóði, getum við tekið af þeim 100 þús. kr., sem fjvn. hafi ætlað til hafnarframkvæmda í Vestmannaeyjum á árinu 1943. Ég held, að þetta sé heldur létt tekið á þessu efni, og ég get ekki skilið, að það sé alvara hv. fjvn. að ætlast til þess, að fjárveiting, sem n. er búin að samþ. fyrir ákveðnar framkvæmdir, sem hafa verið lagðar skjallega fyrir hv. fjvn. og vitamálastjóri hefur staðfest og eiga að vinnast á árinu 1943, eigi að verða líka til þess að dekka skuldir fyrir viðgerðir á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum, sem unnar voru 1942.

Ég vænti, svo mikið tekjupláss sem Vestmanna-

eyjar eru fyrir ríkissjóð og allt landið, að till. um þessa greiðslu sæti betri meðferð og afgreiðslu Alþ. heldur en ég verð, — þótt leiðinlegt sé, — að segja frá um meðferð hv. fjvn. á þessu máli. En ég vil, sem sagt, álíta, að þetta sé af misskilningi gert hjá háttv. n., misskilningi, sem ég verð að berjast fyrir, að ekki festi rætur hjá hæstv. Alþ. Því að það, að hafnarmannvirki í Vestmannaeyjum séu í lagi, er hyrningarsteinninn undir öllu atvinnulífi í eyjunum. Og hv. þm. mega trúa mér, þegar ég segi, að þó að margar framkvæmdir séu þarfar austur þar, þá eru hafnarmálin og hafnarframkvæmdirnar það nauðsynlegasta af því öllu, vegna þess að allar aðrar framkvæmdir í atvinnurekstrinum þar eru tengdar við höfnina. Og atvinnurekstur þar snertir ekki aðeins Vestmannaeyjar sjálfar, heldur mörg hundruð aðra landsmenn beinlínis.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja tímann með því að ræða fjárl. almennt, enda þótt til þess væri nokkur ástæða, þar sem svo langt virðist nú gengið í ýmsum till. til fjárveitinga, sem raun er þegar á orðin. En ég skal snúa mér að örfáum brtt., sem ég er við riðinn og hef af sérstökum ástæðum flutt.

Er þá fyrst brtt. sú XI. í röðinni á þskj. 410, um það, að til Skagastrandarvegar verði varið í stað 40 þús. kr. 50 þús. kr. Þetta er flutt að mestu leyti í samræmis skyni, vegna þess að ég sé, að hv. fjvn. gengur svo langt almennt í því að veita til vega úti um land; og enda þótt ég hefði sætt mig við, að ekki hefðu verið veittar nema 40 þús. kr. til þessa vegar, ef það væri í samræmi við það, sem gert er í öðrum héruðum, þá er nauðsynin þarna mjög mikil fyrir hendi, og af þeim sökum hef ég leyft mer að flytja þessar hækkunartill., og vænti, að hv. þm. sjái, að full sanngirni mælir með því, að þessi hækkun verði samþ., borið saman við það, sem lagt er til fyrir önnur héruð.

Þá er önnur brtt., sem ég er 1. flm. að, nr. LVI á sama þskj., og sem þeir eru meðflm. mínir að hv. 2. þm. Rang. (IngJ), hv. 1. þm. Árn. (JörB) og hv. þm. V.-Húnv. (SkG). Og þessi brtt. er um það að færa inn á 16. gr. fjárl. 500 þús. kr. upphæð til raforkusjóðs. Þetta er í raun og veru ekkert annað en leiðrétting, vegna þess að þetta er lögboðið framlag samkv. 1. frá þinginu í sumar. Að við flytjum þetta, stafar náttúrlega öðrum þræði af því, að við höfum áhuga fyrir þessu máli, og að hinu leytinu af því, að við erum saman í mþn. í raforkumálum og viljum ekki láta sjást, að fjárl. séu svo afgr. að þessi upphæð standi þar ekki. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að mæla fyrir þessari brtt., þar sem þetta er leiðréttingarupphæð.

Þá er 3. brtt., sem ég flyt hér á sama þskj., LIX liður, er snertir það að hækka liðinn um kostnað vegna 1. um lax- og silungsveiði úr 15 þús. kr. í 18 þús. kr. Ég hafði talað við hv. fjvn. og skrifað henni og sent henni frá stjórn Veiðifélags Vatnsdalsár áætlun yfir kostnað við það að tryggja laxagöngur í þá á og fór í því skyni fram á 8 þús. kr. fjárveitingu. Hv. fjvn. hefur ekki orðið við þessari beiðni, en látið í ljós, að við mundum geta fengið nokkra upphæð af þessum 15 þús. kr. Nú stendur það svo, að mjög mikið er að grynnast mynni árinnar, þar sem hún rennur út í svo kallað Flóð, og vill oft til á sumrin um fjöru, þegar laxinn er að ganga upp í ána, að hann strandar á eyrunum. Til þess að koma í veg fyrir, að laxagangan í ána teppist, er talið nauðsynlegt að hlaða fyrir 2 eða 3 kvíslar árinnar og dýpka farveginn á einum stað. Um þetta liggur fyrir áætlun gerð af vatnsveituverkfræðingnum Ásgeiri L. Jónssyni.

Nú er farið fram á það í brtt., að liðurinn verði 18 þús. kr. og að af því fari 6 þús. kr. til þessa mannvirkis. Ég vænti, að hv. þm. líti með sanngirni á þessa till., því að ef fært verður á þessu ári að hlaða þarna fyrir og tryggja laxagönguna í ána, mundi það verða mjög kostnaðarsamt verk, og þessar 6 þús. kr. eru ekki nema lítill hluti af þeim kostnaði, sem við það mundi vera í framkvæmdinni. Og það er mikils vert, að þetta verk strandaði ekki á því, að opinber hjálp fengist ekki til þess.

Fleiri brtt. eru það svo ekki, sem ég er við riðinn og fram eru komnar. En ég hef ásamt hv. þm. Mýr. flutt brtt., sem enn er ekki búið að útbýta, sem ég verð að láta bíða að mæla fyrir, þangað til hún kemur fyrir augu hv. þm.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram nokkrar brtt. við fjárlagafrv., sem fyrir liggur, ásamt nokkrum hv. þm. Áður en ég kem að þeim brtt., verð ég að víkja að einni brtt. hv. fjvn. Er það 54. brtt., við 16. gr., um það, að styrkur til Sambands sunnlenzkra kvenna falli niður. Það mun vera af einhverjum misgáningi hjá hv. fjvn., að hún leggur til, að þessi liður falli niður. Mér hefur að vísu verið sagt af hálfu n., að hún hafi flutt til þann lið og fært upphæðina á 58. liðinn, þ. e. „til Sambands sunnlenzkra kvenna, enda haldi það uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni“, eins og 58. liðurinn hljóðar um. Samband sunnlenzkra kvenna hefur um langt skeið haldið uppi slíkum námskeiðum og mun gera það framvegis meðan nokkur tök eru til, en því er algerlega haldið utan við fyrri liðinn. Hann er til allt annarra nota, og hentar ekki að blanda því saman. Mér finnst líka, að hv. fjvn. hafi missýnzt þar í fleiru, því að hún tvöfaldar tillög til annarra félaga, sem eru alveg sambærileg hvað starfsvið áhrærir, en við þessa liði báða, sem ég nefndi, bætir hún aðeins 100 kr., og skildist mér á einum hv. nm., sem mun hafa átt drjúgan þátt í þessu, að þar verði þær að búa við; og það kann nú að vera þakkar vert. En þó hygg ég, að bæði sá hv. nm., sem sagði mér þetta, og reyndar hv. fjvnm. allir aðrir, hafi ætíð sýnt meiri höfðingslund í framkomu sinni og gestrisni heldur en í þessari till. Og hygg ég nú, að þegar ég er búinn að upplýsa málið, þá taki fjvn. þessa till. sína aftur, 54. brtt., en láti seinni liðinn eigi að síður standa, því að þá er í hóf stillt og betur að farið og hv. fjvn. fremur sæmandi afgreiðslan á þessu með því móti.

Þá kem ég að brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram ásamt ýmsum hv. þm. Það er þá fyrst

XVII. liður á þskj. 410, þar sem ég er meðflm. hv. samþm. míns (EE), sem er fyrsti flm. þeirrar brtt. Liður þessi er um framlag til nokkurra brúa. Ég veit, að hv. 2. þm. Árn. gerir því máli full skil, og fer ég þess vegna ekki mikið út í þá brtt. Þess vil ég þó geta, að þessar brýr eru á vatnsföllum, þar sem að liggur þjóðvegur. Það er búið að byggja vegi sums staðar að þessum vatnsföllum, sem lagt er hér til, að brýr komi á, sums staðar nokkuð langa, eins og t. d. í Hrunamannahreppi, og Litla-Laxá eyðileggur umferð eftir veginum, svo að hann kemur að litlum notum nema um hásumarið, en bílar komast venjulega ekki nema að Laxá. En nú er lagður vegur miklu lengra, og það er því mjög bagalegt fyrir menn, sem búsettir eru þar í sveit, að fá ekki brú á ána.

Um brúna á Hvítá hjá Iðu er það að segja, að Hvítá er stórt vatnsfall, sem klýfur læknishéraðið í tvennt, og stundum er áin gersamlega ófær á vetrum, og má fara nærri um, hve óþægilegt er, að ekki er hægt að vitja læknis yfir um ána, þó að líf liggi við. Hv. 2. þm. Rang. minntist á þetta mál nokkru frekar, og ætla ég því ekki að fjölyrða meira um það.

Þá flytjum við enn fremur, hv. 2. þm. Árn. og ég, aðra brtt., þá XX. á sama þskj., um framlag til ferjuhalds, að fyrir 7000 komi 7100, og í því skyni, að 100 kr. bætist við grunnstyrk ferjumannsins á Iðu, sem er ekki annað en sanngirniskrafa. Mundi þetta verða til samræmingar við það, sem aðrir fá, sem ferja yfir vatnsföll. Við brtt. berum við fram aths. um þetta, til þess að ekki komi til greina misskilningur um það, til hvers þessi viðbót er ætluð.

Þá er ég meðflm. að brtt. nr. XXXI á sama þskj., sem er um, að til leikfimishúss Menntaskólans á Akureyri verði veittar 55 þús. kr. Við flytjum þessa brtt. margir, og ég ætla aðeins að segja örfá orð um hana. Nú um nokkurra vetra skeið hefur leikfimikennsla Menntaskólans á Akureyri fallið gersamlega niður. Leikfimishús skólans er ónothæft, og skólameistarinn telur sér ekki hent, að nemendur Menntaskólans fái leikfimiskennslu í öðru húsnæði heldur en skólans sjálfs. Og hann telur það svo miklu varða, að hann hefur sagt við mig og vafalaust fleiri hv. þm., að í skólastjórnartíð sinni verði það ekki, að sínir nemendur verði sendir til leikfimisnáms í öðru húsnæði en skólans sjálfs. Skólameistarinn er tvímælalaust einhver mesti skólamaður þessa lands. Og ég ætla, að það sé trygging fyrir því, þegar hann hefur svo sterk orð, að nemendur sínir skuli ekki sækja nám í húsnæði annarra stofnana, þá hafi hann þar mikið til síns máls og óhætt sé að leyfa honum að ráða þar tilhögun um kennsluna. Ég vænti því, að hæstv. Alþ. verði við þessum tilmælum skólameistarans. Mér er meira að segja ekki grunlaust um, að það kunni að flýta fyrir því, að hann láti af sínu starfi, ef Alþ. fellst ekki á þessar óskir hans. Það er ekkert vafamál, að þeim unglingum, sem nám sækja í þennan skóla, er leikfimishús öldungis nauðsynlegt, og það er skólameistaranum alveg ljóst. En af því má þá líka sjá, að úr því að hann lætur nemendur sína ekki sækja nám sitt annað, hve ríka áherzlu hann leggur á það, að skólinn eigi sitt eigið leikfimishús

Þá er ég meðflm. ásamt nokkrum öðrum hv. þm. að brtt. um framlag til bændaskóla Suðurlands, um að byrjunarframlag til hans verði nú ákveðið á fjárl. 100 þús. kr., sem vonandi verður samþ. Og þó að ekki verði hafnar framkvæmdir á þessu ári til byggingar hans, þá virðist mér sjálfsagt, að þessi fjárveiting verði samþ. til skólans og féð geymt.

Þá hef ég flutt brtt. á sama þskj., nr. XXXVII, ásamt þeim hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. Vestm., um, að styrkur til skóla Árnýjar Filippusdóttur verði hækkaður úr 5000 kr. í 7000 kr. Þessi merkiskona hefur stjórnað skóla sínum með hinum mesta myndarskap, og hann er meira en fullskipaður, því að um hann sækja miklu fleiri stúlkur en komast þar að. Hann starfar mikið af árinu, með námskeiðum meðal annars. Og ég hef þær spurnir af því skólahaldi, að skólinn gangi prýðilega og stúlkurnar sæki þangað bæði hagnýta menntun og mikinn fróðleik. Ég vonast eftir, að hv. þm. samþ. þessa brtt. Árný hefur lagt í mikinn kostnað til að stækka skóla sinn og hefur í hyggju að stækka hann enn.

Hún hefur raflýst skólahúsið og varið til þess miklu fé, og nú er í ráði að stækka skólann. Þetta væri aðeins lítill viðurkenningarvottur fyrir fórnfýsi hennar í starfi.

Þá ber ég fram brtt. um hækkun styrks til Bókmenntafélagsins, en hún er ekki komin fram enn þá, og læt ég því bíða að tala fyrir henni.

Enn ber ég fram XLIV. brtt. á 410 þskj. ásamt fimm mönnum öðrum um að hækka styrkinn til Fræðafélagsins til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns úr 1000 kr. í 15000 kr. Það er nú langt síðan byrjað var að gefa út þetta rit. Það er eitt gagnmerkasta rit okkar, og er þá mikið sagt. Mun nú vera búið að gefa út 9 bindi af því, og ef til vill 10, en eftir eru þá 3 eða 4. Með 1000 króna styrk á ári mundi það líklega taka tvo áratugi að ljúka verkinu, og teldi ég það ekki vansalaust þjóðinni. Upplagið hefur verið mjög lítið, ég held ekki nema um 300 eintök, vegna þess, hve Fræðafélagið hefur haft úr litlu að spila, og nú er svo komið, að þrjú fyrstu bindin eru uppseld. Það væri Alþ. til sæmdar að sýna nokkra rækt við útgáfu þessa rits, sem fjöldi manna hér á landi þráir að sjá. Að vísu nær ekki jarðabókin yfir landið allt, vegna þess að nokkuð glataðist af handritinu, eins og kunnugt er, og þann skaða fáum vér aldrei bætt, en tínt mun hafa verið saman úr öðrum ritum ýmislegt efni til að bæta þetta upp eftir föngum. Handritið mun vera að öllu leyti búið til prentunar. Þeir, sem að þessu hafa unnið, hafa lagt allt kapp á að ljúka verkinu og sýnt með því skilning á nauðsyn þess að flýta fyrir útkomu ritsins.

Hv. þm. A.-Húnv. hefur mælt fyrir LVI. brtt. á 410. þskj., sem hann er aðalflm. að, en ég flyt með honum ásamt tveim hv. þm. öðrum. Till. er um framlag til raforkusjóðs, 500000 kr. Þarf ég engu að bæta við það, sem hann sagði.

Þá á ég brtt. á sama þskj. LXXIX, um, að séra Guðmundi Einarssyni á Mosfelli í Grímsnesi verði veitt nokkur ritlaun, er hann lætur

af prestskap. Hann hefur nú verið lengi prestur og rækt það starf sem önnur af kostgæfni. Heilsa hans er þannig orðin, að hann mun ekki geta þjónað lengur og mun verða að hætta næsta vor. Hins vegar er hann slíkur eljumaður, að hann mun eiga bágt með að hafast ekkert að. Hann er merkur fræðimaður og hefur fengizt nokkuð við ritstörf, og leikur honum hugur á að fá að halda þeim áfram, meðan heilsa endist. En efnahagur hans er slíkur, að afkoma mun verða erfið, nema hann fái nokkra viðbót við þau litlu eftirlaun, er honum verða ætluð. Ég teldi vel til fallið að veita honum nú þennan viðbótarstyrk og gera honum þann veg hugarhægra og auðveldara að starfa. Ég efast ekki um, að hann mundi stunda verk sitt með kostgæfni, og gæti eflaust orðið að því nokkur ávinningur. Hv. Alþ. hefur oft sýnt skilning á svipuðum málum, og vona ég, að það felli ekki þessa till.

Þá er LXXXV. brtt. á sama þskj. um, að Vilborgu Ingimarsdóttur kennara verði endurgreitt tillag, er hún hefur greitt til lífeyrissjóðs embættismanna og barnakennara, og er þetta viðbót við 89. till. á 387. þskj. um sams konar endurgreiðslu til nokkurra manna, sem þar eru upp taldir. Hún var kennari á Húsavík árin 1926—1940, en lét síðan af kennslustörfum. Stendur eins á um hana og þá menn, er látið hafa af störfum í þjónustu ríkisins og hv. fjvn. leggur til, að fái endurgreitt tillag það, er þeir hafa greitt í lífeyrissjóð.

Ég hef þá með nokkrum orðum drepið á þessar till. mínar. Ég ætla ekki að ræða um till. annarra eða fjárl. í heild, enda munu margir eiga eftir að taka til máls.

Eiríkur Einarsson: Hv. 1. þm. Árn. gerði ráð fyrir, að ég mundi mæla fyrir XVII. brtt. á þskj. 410, sem við flytjum, og vil ég gera það. Hún er um brúargerð, að nýir liðir bætist við brtt. fjvn. 16. 20 á þskj. 387, svohljóðandi:

a. Litla-Laxá í Hrunamannahreppi .. 60000 kr.
b. Þverá á Þjórsárdalsheiði ..... 60000 —
c. Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu ..... 600000 —

Snemma á þessu þingi bar ég fram þá till. í Sþ. um brúargerð á Hvítá hjá Iðu og heimild til að veita fé í því skyni. Þar óskaði ég þess, að undinn yrði sem bráðastur bugur að þessum framkvæmdum. Nú vill svo til, þótt þessari till. væri vísað til hv. fjvn., að ekkert hefur enn borizt frá n. um málið, og hún hefur ekki fellt inn í till. sínar neina heimild um beint framlag til brúargerðarinnar, eins og sumir hv. þm. bjuggust þó við. Hv. samþm. minn tók svo í strenginn, að honum þætti eðlilegast, að fé til þessa verks væri veitt á fjárl. sjálfum, og taldi því æskilegast, ef hægt væri að gera þetta að beinu fjárveitingaratriði. En þetta hefur, sem sagt, ekki verið gert. Svo einkennilega vill til, að hv. fjvn. hefur tekið upp þá nýbreytni um þennan lið fjárl. að gera sjálf till. um brýr þær, er gera skal á ári hverju, og það eru ekki færri en 23 brýr, sem hún leggur til, að smíðaðar verði. Þetta er nýmæli. N. hefur áður gert till. um heildarupphæð til brúargerðar, sem stj. hefur síðan hagnýtt í samráði við vegamálastjóra. Nú hefur mér skilizt, að þessar brýr hv. n. séu yfirleitt með smærra móti. Brú hjá Iðu í Biskupstungum yrði hins vegar stór brú yfir mikið vatnsfall, og hún hlyti að verða nokkuð dýr. En þó að hv. n. hafi aðallega haldið sér við smáar brýr til þess að hafa siglinguna sem varlegasta, mun hún hafa komizt að minnsta kosti upp í eina millj. kr. Nú er undir hælinn lagt, hvort nokkuð er hægt að aðhafast á þessu ári að því er snertir smíði stórra brúa, slíkir örðugleikar sem nú eru á flutningum öllum til landsins, og verður því að játa, að þessi urmull af brúm, sem hv, fjvn. leggur til, að gerðar verði, hljóti að skipa öndvegi, þegar hægt verður að hefjast handa um slíkar framkvæmdir, en þar kemur þó mjög til greina, hvaða brýr hljóti að teljast eiga mestan rétt á sér og á hverjum þeirra muni liggja mest. Eftir því sem ég veit bezt, er brúin á Iðu eina brúin á landinu, sem áætluð hefur verið og skorað hefur verið á hv. Alþ. með sérstöku ávarpi að láta reisa. Nú liggur fyrir þinginu áskorun um þetta frá öllum ábúendum í þrem sveitarfélögum, og eru málavextir slíkir, að á þessari brú er sú nauðsyn, að líf manna getur legið við. Læknirinn situr á vesturbakkanum, en þrjár víðlendar sveitir fyrir austan. Oft er það svo að vetri, að ekki verður komizt yfir Hvítá, hvað sem við liggur. Héraðslæknirinn á Laugarási er maður heilsulítill og þolir illa löng ferðalög nema í bifreiðum. Brú þessi er á brúarl., og vegur sá, sem að henni mundi liggja, er þjóðvegur. Ég sting því hér með að hv. þm. hvort ekki sé rétt, er um slíka brúargerð er að ræða, að fara nokkuð eftir því, hver nauðsyn er fyrir hendi. Ég tel ekki vafa á því, að þær brýr munu af flestum verða taldar mikilvægar, sem varðað geta líf manna og heilsu. Þar næst mundu svo koma þær brýr, sem eiga mikinn rétt á sér vegna aðflutninga.

Hinar brýrnar, sem brtt. fjallar um, eru smábrýr yfir Litlu-Laxá í Hrunamannahreppi og Þverá á Þjórsárdalsleið, en á þeim er tvímælalaust mikil nauðsyn, því að flutningar eru mjög erfiðir yfir þessi vatnsföll að vetri, og vil ég því mæla hið bezta með því, að þessar brýr verði samþ. Að því er snertir brúna yfir Litlu-Laxá, er það svo, að þar eiga margir hagsmuna að gæta, því að þar er fjölmenn bændabyggð fyrir ofan. Fyrir ofan Þverá eru að vísu fáir bæir, en hún getur hins vegar orðið alveg sérstaklega ill yfirferðar á vetrum, og á því sízt minni rétt á sér.

Ég lýk svo máli mínu með því að benda á það, að þótt fjárhæðin, sem farið er fram á til brúargerðar á Iðu, kunni að vaxa mörgum í augum, þá má hún ekki ráða úrskurði um það, hvort gera skuli brúna eða ekki. Hv. fjvn. hefur þegar tekið upp þá aðferð að ákveða brýr, er henni þykir skapfellilegt, að komið sé upp og teknar eru út úr kerfinu, og vona ég þess vegna, að hún geti samþ. að fella inn í brtt. sínar till. um þessa brú á Iðu.

Með þessum formála get ég látið máli mínu lokið. Ég vil þó að síðustu taka fram, að ég vænti, að hv. þm. geti því fremur fallizt á þessi rök, sem hér hafa verið fram færð, þar sem fjvn. hefur ekki heldur skilað áliti um þáltill. mína, sem laut að hinu sama, svo að málið er af henn-

ar hálfu því miður allt mjög á huldu. Og veit ég, að sanngjarnir menn í hópi fjvn. munu njóta þess trausts fjölda búenda, sem sér og veit þessa aðkallandi þörf og ekki mun trúa því fyrr en þeir taka á, að mál þeirra og þarfir verði að öllu leyti *hundsaðar og ekki teknar af einhverjum* skilningi. Ég vænti því, að þessar brtt. okkar hv. 1. þm. Árn. verði samþ. hér við atkvgr.

Um aðrar brtt., sem ég er meðflm. að, skal ég sama sem ekkert ræða. Það var minnzt á þær allar, ef ég man rétt, af hv. 1. þm. Árn. á góðan og réttlátan hátt, og get ég að öllu leyti vísað til þess. Þar er till. um nokkra viðbót á ferjustyrk ferjumannsins yfir Hvítá hjá Iðu. Það er mikil og argsöm ferja. Og þó að brúargerð væri samþ. á Hvítá hjá Iðu, býst ég við, að enn séu nokkrar ferjuferðir þar eftir.

Sama er að segja um brtt., sem ég er meðflm. að, um byrjunarframlag til Bændaskóla Suðurlands. Ég býst við, að hv. 1. flm. tali aðallega fyrir þeirri brtt. Vænti ég, að því mikla nauðsynjamáli sunnlenzkra bænda verði vel tekið hér á hæstv. Alþ.

Það var rætt ýtarlega og maklega um beiðni um hækkun á framlagi til Árnýjar Filippusdóttur, forstöðukonu kvennaskólans í Hveragerði, af hv. 1. þm. Árn., og var það maklega mælt um hana, sem hv. þm. sagði, því að hún er forkur mikill að dugnaði og kennari ágætur, en á í vök að verjast með fjárhag til framgangs skólahaldi sínu.

Líkt vil ég segja um beiðni Guðmundar Einarssonar á Mosfelli. Hann er hins bezta maklegur, og get ég vísað til þess, sem tekið var fram af 1. flm. hér, sem var réttilega mælt, enda býst ég við, að till. vegna þessa manns verði tekið hið bezta.

Forseti (GSv): Ég vildi leyfa mér að taka fram við hv. þm. í fyrsta lagi, að það er mjög æskilegt, að þeir séu hér inni, þegar þetta mál er rætt. Í öðru lagi, að það er tilætlunin að halda áfram umr. fram eftir nóttu, og í þriðja lagi, að kl. 12½ verður kaffihressing veitt þm. hér í húsinu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Við þm. Eyf. flytjum nokkrar brtt. á þskj. 410. Ég skal geta þess, að hv. meðþm. minn (GÞ) er sjúkur sem stendur, og hefði hann mælt fyrir sumum þessum brtt., ef hann hefði getað mætt hér í þinginu.

Fyrsta brtt. okkar er við 13. rómv. lið á þskj. 410, um að skipta því fé, sem ætlað er til Stíflu- og Ólafsfjarðarvegar, á milli veganna. Ég skal geta þess, að hér er ekki farið fram á nokkra hækkun á fjárveitingu, heldur aðeins það, að upphæðinni verði skipt milli þessara tveggja vega í fjárl. sjálfum. Það má að vísu játa það, að í framtíðinni er ætlazt til þess, að þessir tveir *vegir nái saman, og þá verður þetta vitanlega að* einum vegi. Og þá má kannske segja, að það sé eðlilegt, að ákveðin sé ein fjárveiting til þess vegar. En því miður býst ég við, að það eigi langt í land, að þessir tveir vegir nái alveg saman. Og við þm. Eyf. teljum það a. m. k. alveg óþarft að hafa tiltag til þessara tveggja vega í einni fjárveitingu og viljum því skipta því, m. a. sökum þess, að það getur vitanlega valdið óþægilegum deilum, ef fjárveiting til þessara vega er afgr. eins og lagt er til í fjárlagafrv. og í till. hv. fjvn. að hafa þetta í einum lið; — það getur valdið *óþægilegum deilum síðar meir, hvað eigi að veita* til hvors vegarins fyrir sig.

Önnur brtt. okkar þm. Eyf. er nr. XXVI á sama þskj., en hún er við brtt. hv. fjvn. um hafnargerðir. Þar leggjum við til, að Ólafsfirði séu veittar 50 þús. kr. Ég býst nú við, að ég þurfi ekki að tala langt mál um Ólafsfjörð. Ég hef hér fyrr á þingi flutt till. um hafnarbætur í Ólafsfirði, sem hafa verið samþ. í hæstv. Alþ., og notið þar fullkomins velvilja. En svo undarlega vill nú samt til, að á fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, og eins í brtt. hv. fjvn., er ekki ætlaður einn eyrir til hafnargerðar í Ólafsfirði. Ég býst við, að öllum hv. þm. sé kunnugt, að í Ólafsfirði er allstórt kauptún og íbúar þess lifa eingöngu á sjávarútvegi. Ég býst einnig við, að af fyrri umr. um svipað mál sé hv. þm. það kunnugt, að í Ólafsfirði er ákaflega vond lending. Ólafsfirðingar hafa nú hugsað sér hafnargerð, eins og menn á svo mörgum stöðum öðrum á þessu landi, enda er líka hafnargerð þar bráðnauðsynleg. En ég verð að játa það, að slíkt mál um fullkomna hafnargerð í Ólafsfirði, er ekki nægilega undirbúið. Það hefur að vísu verið þar nyrðra verkfræðingur frá vitamálaskrifstofunni og gert mælingar og áætlanir um kostnað við þessa fyrirhuguðu hafnargerð. Og álit hans er, að það mundi kosta um 1 millj. kr. að gera trygga og örugga höfn í Ólafsfirði. En ýmis annar undirbúningur er ófullnægjandi enn sem komið er, m. a. hefur enn ekki unnizt tími til þess að leggja rækilegt og rökstutt hafnarlagafrv. fyrir Ólafsfjörð fyrir hæstv. Alþ. En hvað sem þessu líður, þá er eitt víst, að bryggjan í Ólafsfirði, sem allir fiskibátar þaðan verða að lenda við, — fyrir utan það, að póstferðabáturinn um Eyjafjörð verður að lenda þar, — hún er með öllu ófullnægjandi. Þess vegna er það nú, að við þm. Eyf. höfum þrátt fyrir það að ég játa ófullkominn undirbúning þessa máls leyft okkur að bera fram þessa brtt. Og ég vona, að hæstv. Alþ. geti á hana fallizt, þar sem það er sérstaklega tekið fram, að það, sem unnið verði, verði unnið í samráði við vitamálastjóra.

Ég vil fyrir hönd okkar þm. Eyf. þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur tekið upp 15 þús. kr. fjárveitingu til bryggjugerðar á Árskógssandi, og ég get fullyrt, að slíks er hin mesta þörf. Eins og e. t. v. sumir hv. þm. vita, er þarna mikil útgerðarstöð, og sú eina bryggja, sem þar hefur verið til, skemmdist mikið í brimi og hafróti nú fyrir stuttu síðan og þarf mikillar endurbótar við. En mjög nærri Árskógssandi, nefnilega á Hauganesi í Árskógshreppi, er engu minni þörf og jafnvel meiri fyrir aðgerðir í þessu efni. Frá Ár*skógssandi og Hauganesi er útræði og stundað*ar fiskveiðar. Og í þessum sama hreppi, Árskógshreppi, er satt að segja þriðji staðurinn, nefnilega Rauðavík, sem er mikill útgerðarstaður. Við flytjum því brtt. nr. XXVIII á sama þskj., um sama fjárframlag til bryggju á Hauganesi eins og á Árskógssandi, 15 þús. kr. Ég veit alveg, hvaða

svör munu koma gegn því að taka þessar till. okkar til greina, og það er, að bryggja á Hauganesi er í sama hreppi eins og á Árskógssandi, og þetta er rétt. En þróunin hefur verið slík, þó að þessir staðir séu báðir í einum og sama hreppi, að á þessum tveimur stöðum hefur fólkið safnazt, og það lifir aðallega á því að stunda sjó, en hefur þó jafnframt stuðning af landbúnaðarframleiðslu. Ég held því nú hiklaust fram, að þótt hæstv. Alþ. vildi veita fé til þess að fullkomna höfn, við skulum segja á Árskógssandi, þá mundi ekki verða hægt, eða a. m. k. mjög erfitt að flytja þetta fólk saman, og ég teldi það ekki heldur æskilegt. Frá landnámstíð hefur í þessum hreppi verið stundaður sjór samhliða landbúnaði á ýmsum jörðum og frá ýmsum lendingarstöðum. Og ég verð að halda fram, þó að ég hafi heyrt því fleygt hér á hinu háa Alþ., að það beri að styrkja verulega nokkrar stærri hafnir, en láta hinar eiga sig, að á þessum stað sé þetta ekki hægt öðruvísi en með því að gera stórkostlega röskun á atvinnuvegum og lífsafkomu þess fólks, sem þar býr. Hér er ekki farið fram á mikið af okkur þm. Eyf. Og ég held, að rétta stefnan sé að styrkja slíka smástaði, sem hér er um að ræða, með lítils háttar fjárupphæðum.

Þá flytjum við einnig brtt. við 18. gr., sem er 78. liður á sama þskj., um að hækka eftirlaun sr. Theódórs Jónssonar á Bægisá um 1200 kr. á ári. Ég ætla ekki að fara að ræða um þennan embættismann þjóðarinnar, hvernig hann hefur rækt starf sitt eða halda honum sérstaklega fram. En ég vil aðeins benda á það, að hann er það, sem kallað er „jubil"-prestur. Hann hefur gegnt prestsembætti í 51 ár. Og hann mun vera einn núlifandi presta á landinu, sem hefur gegnt því embætti svo lengi. Hann var vígður til Bægisár 29. júní 1890 og gegndi því embætti þar til í fardögum 1941. Ég vil nú meina það, að þeir embættismenn þjóðarinnar, sem svo óvenjulega lengi hafa gegnt embætti, eigi sérstaka viðurkenningu skilið. Þess vegna vil ég vona það, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa till. okkar.

Þá er 5. till. okkar á sama þskj. undir LXXXVII. lið, við 22. gr., það er um heimild til ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp allt að 100 þús. kr. til rafveitu gagn gagnábyrgð Eyjafjarðarsýslu. Ég skal taka fram, að þessi gagnábyrgð Eyjafjarðarsýslu er þegar fengin. Það er þegar búið að samþykkja það í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu að veita þessa gagnábyrgð. Hæstv. Alþ. hefur áður samþ. ábyrgð vegna þessarar rafveitu í Ólafsfirði. Og ástæðan til þess, að nú er farið fram á viðbótarábyrgðarheimild, er sú, að vegna þess að framkvæmdir rafveitunnar lentu í þeirri dýrtíð, sem stafar af stríðinu, þá verður hún dýrari heldur en upprunalega var áætlað. En að þessi ábyrgðarheimild fáist, er alveg bráðnauðsynlegt, til þess að hægt sé að ljúka þessu verki, sem þegar er hafið og komið langt á leið. Ég vona því, að hæstv. Alþ. neiti ekki um þessa viðbót við þá ábyrgð, sem það hefur þegar gengið í vegna rafveitu Ólafsfjarðar.

Þá eigum við þm. Eyf. aðra brtt. við sömu gr., 22. gr., heimildargreinina, undir rómverskum lið 95 á sama þskj., 410, um heimild til þess að verja úr ríkissjóði 100 þús. kr. til heitvatnsborana við Kristneshælið, að fengnum till. vegamálastjóra. Við vildum nú setja það skilyrði fyrir því, að þetta yrði veitt, að verkfræðingur, sem ríkið réði yfir, réði til þeirra framkvæmda, sem gerðar yrðu. Og þess vegna settum við þetta í brtt. „að fengnum tillögum vegamálastjóra". Við gátum ekki séð, að annar verkfræðingur í þjónustu ríkisins væri líklegri til að gera skynsamlegar till. um málið en einmitt vegamálastjóri. Eins og líklega flestum hv. þm. er kunnugt, þá er Kristneshæli nú hitað upp með laugarvatni, og svo hefur verið, frá því hælið var byggt. En þess er að geta, að laugin, sem heita vatnið er tekið úr, liggur neðar heldur en hælið, og þess vegna verður að dæla vatninu með rafmagnskrafti upp í miðstöð hælisins.

Hér eru svo fáir þm. við, að líklega er þýðingarlítið að vera að rökstyðja þetta frekar, en ég vil þó geta þess, að það að dæla vatni með rafmagni úr lauginni kostar um 8000 kr. á ári. Það sýnast vera laglegir vextir af 100 þús. kr., en þetta árlega gjald mundi sparast, ef borunin bæri árangur. Ætlunin er að leita eftir vatni á hærri stað en hælið stendur á, og af sérfræðingum um þessi mál er talið mjög líklegt, að þetta muni takast, þar sem vitað er, að þarna er jarðhitasvæði, og eftir þeim árangri að dæma, sem slíkar boranir hafa sýnt á öðrum stöðum, er mjög líklegt, að borun mundi leiða í ljós, að hægt væri að fá heitt vatn ofar.

Við þm. Eyf. höfum skilað brtt. ásamt hv. 4. landsk. þm. við 16. gr. fjárl., um 20 þús. kr. framlag til Vatnsveitufél. Glerárþorps. Ég hef ekki orðið var við, að þessari till. hafi verið útbýtt, en vildi tilkynna, að hennar væri von. Ég skal geta þess, að fjvn. hafði ýmis skjöl viðvíkjandi þessu máli, sem ég hef hér hjá mér, og gat hún kynnt sér þau, ef hún hefur hirt um það. Skal ég ekki fullyrða, nema hún hafi gert það. Ég þykist vita, að það þyki mæla á móti þessari till., að ekki sé fordæmi fyrir því að veita fé til að styðja slíkar vatnsveitur. Ég viðurkenni það rétt að vera, en ég held því hiklaust fram, að þarna séu alveg sérstakar ástæður fyrir hendi, sem mér er ekki kunnugt um, að séu til annars staðar á landinu.

Glerárþorp er, eins og allir alþm. vita, rétt við Akureyri. Ég skal upplýsa það, sem ég er ekki viss um að allir viti, að Akureyrarbær á allt landið, sem þorpið stendur á, en bærinn hefur ekki sótt eftir því að leggja þetta landsvæði undir lögsagnarumdæmi Akureyrar, eins og Rvíkurbær hefur gert undir svipuðum kringumstæðum, og gerir ekkert fyrir þorpsbúa né telur sig hafa neinar skyldur gagnvart þeim. Glerárþorp hefur mjög svipaða afstöðu til Akureyrar eins og Skerjafjörður og Grímsstaðaholt til Rvíkur, áður en þau svæði voru lögð undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Þetta þorp, Glerárþorp, er í nágrannahreppi Akureyrar, Glæsibæjarhreppi. Þorpið er ekki kauptún og ekki sveit, og enginn telur sig hafa verulegar skyldur gagnvart því. T. d. um hina einkennilegu sérstöðu íbúa þessa þorps skal ég geta þess, að fyrir nokkrum árum reyndi ég að útvega manni í þorpinu, sem átti þar álitlega fasteign, fasteignalán. Eignin var metin á 20 þús. kr., lágu mati. Mér tókst ekki að útvega

honum 2 þús. kr. lán, því að býlið var hvorki jörð né kaupstaðarhús.

Þorpsbúar eru á fimmta hundrað manns, og þarna hefur það verið svo hingað til, að íbúarnir hafa ekki haft nokkurt neyzluvatn nema úr brunnum, sem flestir eru grafnir í ræktunarlandi, og býlin hafa ekkert frárennsli. Allir sjá, hvílík óþægindi íbúunum eru bökuð við þessa staðhætti, en annað er alvarlegra, og það er sýkingarhættan. Má fullyrða, að það er guðs mildi, að ekki hefur hlotizt alvarlegt tjón af. Í skjölunum, sem ég hef hér, er m. a. vottorð héraðslæknisins, en ég skal ekki tefja umr. með því að lesa það upp. Ég vona, að þm. taki mig trúanlegan um það, að læknirinn telur þetta óhæfilegt frá heilbrigðislegu sjónarmiði.

Ég skal geta þess, að samingar hafa tekizt við Akureyrarbæ um, að kaupstaðurinn lætur vatn úr vatnsleiðslu sinni til íbúðarhúsanna í Glerárþorpi, og verkið er hafið. Það er búið að grafa flesta skurðina, en tafizt hefur að ljúka verkinu, að mestu af því að firmað, sem ætlaði að leggja til pípur og annað efni, hefur enn ekki getað staðið við skuldbindingar sínar.

Það var ekki ætlunin í fyrstu að leita á náðir Alþ. Það var stofnað félag í þorpinu um þetta mannvirki. Það ætlaði að koma verkinu í framkvæmd og tókst að fá 50 þús. kr. lán, en vegna dráttar, sem var Glerárþorpsbúum alveg ósjálfráður og sennilega þeim aðila, sem við þá samdi, líka, er verkið orðið miklu dýrara en ráð var fyrir gert, og því er það, að þessi framkvæmd er í nokkru fári, nema Alþ. hlaupi undir bagga, og ég er viss um, að þessar 20 þús. kr. yrðu ómetanleg hjálp fyrir hin fátæku smábýli í Glerárþorpi. Ég veit ekki til, að þessir 400—500 menn hafi nokkru sinni fengið stuðning ríkisins til neins annars en til skóla, lögum samkvæmt.

Ég skal ekki orðlengja frekar og ekki ræða um till. annarra þm. Aðeins vil ég geta þess, að ég er meðflm. að XIV. brtt. á þskj. 410 um að hækka till. fjvn. um Öxnadalsheiði úr 120 þús. kr. í 170 þús. kr. Ég veit ekki, hvort búið er að gera grein fyrir henni, en ég vil benda á, að Öxnadalsheiði hefur langtímum saman verið eini farartálminn á leiðinni frá Rvík til Akureyrar. Vetur eftir vetur hefur undan farið verið svo góður, sem betur fer, að bílferðir hafa verið svo að kalla óhindraðar frá Borgarnesi til Skagafjarðar. En lengra nær það ekki. Öxnadalsheiði er ófær. Nú er það álit vegamálastjóra, að með þeirri upphæð, sem hér er farið fram á, ásamt þeirri upphæð, sem lagt er til á annarri gr. fjárl., yrði hægt að gera veginn svo bærilegan, að hann verði fær, þegar sæmilegt er, og ef nú hefði verið búið að gera þær framkvæmdir, hefði vegurinn verið fær þessi síðustu ár. Við lítum ekki á þetta sem kjördæmismál, því að það eru fleiri en Akureyringar og Eyfirðingar, sem þurfa að komast yfir Öxnadalsheiði, og ég vona, að svo margir þm. séu viðsýnir í vegamálum, að þessi till. verði samþ.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Það eru fáir þm. viðstaddir, og má ætla, að gagnslítið sé að tala fyrir brtt. Ég vil þó ekki láta hjá líða að tala nokkur orð um brtt., sem ég er flm. að ásamt fleirum. Ég vil einkum nefna till. á þskj. 411, sem ýmsir þm. hafa sagt, að væri sérstök í sinni röð, því að það hafi ekki sézt fyrr, að brtt. fylgi löng grg. Ég held nú, að það væri kostur, ef almennt fylgdi grg. brtt., svo að þm. gætu kynnt sér þær á þann hátt.

Þessi till. á þskj. 411 er um, að Handíðaskólinn skuli njóta sömu kjara og héraðsskólar. Handíðaskólinn var stofnaður haustið 1939 af áhugasömum og duglegum skólamanni, Lúðvíg Guðmundssyni, og hefur nú verið gerður að sjálfseignarstofnun. Húsið kostaði 85 þús. kr., og farið er fram á, að ríkið greiði ¾ af stofnkostnaðinum. Flm. eru með mér hv. 5. landsk. þm., hv. þm. Mýr. og hv. 7. landsk. þm. Í grg. geta þm. séð meðmæli frá fræðslumálastjóra, sem telur skólann mjög merkilega og þarfa stofnun. Það er vitað, að skólinn tekur alltaf nemendur úr kennaraskólanum, kennir þeim smíðar og fleira nauðsynlegt. S. l. haust efndi hann til kennslu í smíðum fyrir 6 bændaefni, svo að þeir gætu lært að lagfæra húsáhöld og gera ýmsa nauðsynjamuni. Þetta var gert endurgjaldslaust.

Með því að skýr grg. fylgir till., sem ætlazt er til, að þm. lesi, er óþarft að fjölyrða um hana, og vænti ég, að hv. þm. taki tillit til meðmæla fræðslumálastjóra.

Ég hef í hyggju að flytja brtt. við till. hv. þm. V.-Sk. um Suðurlandsskip. Hann vill hækka framlagið um 49 þús. kr., en ég mun flytja brtt. um hækkun upp í 79 þús., og renni viðbótin til Rangárvallasýslu. Meðan Suðurlandsskip var, flutti það vörur að Rangársandi. Það þarf ekki mörg orð til að rökstyðja það, að óréttmætt er, að Eyjafjallasveit, sem er næsta sveit við Vík, fái engan styrk, en Vestur-Skaftafellssýsla fái allan styrkinn. Það er svo, að nú er ekkert Suðurlandsskip til, og þessi styrkur, sem áður var veittur Flóabátnum, hefur verið veittur sem flutningastyrkur á landi, og það er ekki sanngjarnt að láta þetta hafnlausa hérað gjalda þess að verða að flytja þennan langa veg á dýrum bílum, af því að skipið er úr sér gengið og getur ekki annað flutningunum. Ég mælist eindregið til, að þessi varatill. verði samþ.

Þá er þriðja till., frá okkur þm. á Suðurlandi, um byrjunarframlag til bændaskóla á Suðurlandi. 6 þm. sendu hv. fjvn. erindi og lögðu með því, að í þessum fjárl. yrðu veittar 300 þús. kr. til bændaskóla á Suðurlandi. Fjvn. sá sér ekki fært að verða við þessu, þar eð þetta væri svo stór fúlga og enn væri ekki búið að velja skólanum stað. Nú er það svo, að búið er að samþykkja að reisa skóla á Suðurlandi, af því að þm. var ljóst, að þörfin er brýn. Ekki nema helmingur þeirra, sem sækja um skólavist á Hvanneyri og Hólum, fær inngöngu. Það er ekki nóg, að þm. séu sammála um, að bændaefnin þurfi að fara í bændaskóla og samþykki lög um bændaskóla. Skólinn verður ekki reistur, nema fé verði veitt til þess. Nú höfum við flutt brtt. og biðjum aðeins um 100 þúsund krónur sem byrjunargreiðslu. Við teljum, að fjvn. hafi nokkuð til síns máls um, að 300 þús. kr. sé mikið í einu og hægara sé fyrir ríkissjóð að greiða þetta smám saman og byrja á 100 þús. kr.

Að ekki sé hægt að veita framlagið, af því að ekki sé búið að velja staðinn, eru engin rök, því að vitanlegt er, að skólinn á að standa í Árnes- eða Rangárvallasýslu og á vísan stuðning, hvort sem hann verður austan eða vestan Þjórsár. Það er búið að skipa n. til að velja staðinn, en hana skipa búnaðarmálastjóri, Guðm. Þorbjarnarson og hv. 2. þm. Skagf.

N. mun nú fara að velja skólanum hinn bezta stað á Suðurlandi, en þeir eru margir góðir. Það má treysta því, að hið bezta og hentugasta verði gert í þessum efnum. Það eru því eindregin tilmæli þm. af Suðurlandi, að þegar verði veitt tillag til þessa skóla.

Þá er það leiðrétting á frv., þar eð fjvn. hefur gleymt tillagi til Raforkusjóðs, en það er ákveðið með 1. kr. 500000 árlega. Annaðhvort er þetta gleymska hjá fjvn. eða hæstv. ríkisstj.

Í 5. lagi er það tillag vegna Rangárvallavegar. Um það hefur hv. 1. þm. Rang. þegar farið nokkrum orðum, en ég bendi aðeins á, að 20 þús. til þessa vegar er alltof lítið framlag. Vegna lægða þeirra og síkja, sem eru þarna á Söndunum, verður vegurinn ófær við fyrstu snjóa á haustin, enda viðurkennir vegamálastjóri, að þarna sé mikillar umbótar þörf. Ég tel því brýna nauðsyn á að fá þetta leiðrétt. En af því að svo margar till. liggja fyrir þessu þingi, þá hef ég ekki komið fram með brtt. til hækkunar á þessu framlagi. Önnur ástæða er sú, að hv. 1. þm. Rang. á sæti í fjvn. og hefur fullan huga á framgangi þessa máls við fyrsta tækifæri.

Í 6. lagi er það framlag til efniskaupa til Hólsárbrúar. Það er aðeins 80 þús. kr. Þessi upphæð hrekkur ekki meira en fyrir því efni, sem þegar er komið á staðinn. Það er því sýnt, að ekki verður hægt að byrja á verkinu á næsta vori. En til marks um kapp bænda í þessu máli er það, að þeir hafa þegar lofað um 500 gjafadagsverkum til brúarinnar. Þetta er gott fordæmi og prófsteinn á nauðsynina, að þeir skuli sjálfir vilja svo mikið á sig leggja. Ég flyt ekki brtt. um hækkun þessa liðs heldur af sömu ástæðu og ég nefndi áðan og af því, að ég vænti ríflegs framlags á næsta þingi.

Það hefur verið mikið um það talað, að fjárl. væru há að þessu sinni. Samkv. frv. eru tekjurnar áætlaðar 65 millj., en gjöldin 62 millj. Nú hefur fjvn. flutt brtt. um 9 millj. hækkun á gjöldunum, svo að þau verða þá 71 millj., og yrði þá 6 millj. tekjuhalli.

Ég hef nú eftir föngum reynt að bera tekjuáætlun núverandi fjvn. saman við tekjuliðina eins og þeir hafa reynzt undanfarið, og það er aðeins einn liður, sem ég hef von um, að geti farið fram úr áætlun svo að nokkru nemi. Það er verðtollurinn. Síðasta ár reyndist hann 34 milljónir, en nú er hann áætlaður 21 millj. Nú er náttúrlega ekkert víst um aðflutninga á þessu ári, en verði þeir svipaðir og árið 1942, þá mætti áætla þennan lið hærra. Og hann þarf líka að reynast hærri ef fjárl. eiga ekki að verða þinginu til vansæmdar. Það mundi þó ekki skaða, þótt tekjurnar reyndust eitthvað hærri en gjöldin. Mig undrar það mjög, að niður skuli felld heimild fyrir stj. til að skera niður útgjöld, ef þess gerist þörf á þessum viðsjárverðu tímum. Það er þó varfærnisskylda á þessum tímum að veita þessa heimild, ef tekjurnar kynnu að bresta. Ég er hissa á, að reyndir og fullorðnir þm. og samvizkusamir í mörgu, skuli nú hafa fellt niður það eina öryggi, sem við höfðum í þessu efni um samræmi tekna og gjalda.

Ég tel fyrirgefanlegt, þótt Alþ. gangi nú þannig frá þessum fjárl., að tekjur og gjöld séu hátt áætluð, ef þessi heimild væri fyrir hendi. Hún er eina trygging okkar fyrir því, að ríkissjóður sé ekki bundinn þyngri byrðum en nauðsynlegt er og hann getur borið.

Ég tel því, að það sé ábyrgðarskylda hv. þm. að hafa þessa heimild, þetta öryggi, fyrir hendi.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, og ef ætlunin er að ljúka þessari umr. í nótt, þá mun ég ekki taka aftur til máls. En ef henni verður frestað til morguns, þá mun eg e. t. v. tala meira um hina ýmsu þætti fjárl.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér örfáar brtt. Ég ætla þá að byrja á þeirri, sem ég flyt ásamt öðrum á þskj. 411, það er um stofn- og rekstrarlán fyrir Handíðaskólann.

Það vill nú svo vel til, eins og frsm. þessarar brtt. ræddi um, að henni fylgir ýtarleg grg., og þótt sá siður sé sjaldgæfur, þegar um brtt. við fjárl. er að ræða, þá ætti það ekki að spilla fyrir.

Ég skal vera fáorður um þessa brtt. Ég segi aðeins það, að þessi skóli hefur þegar komið að svo miklu gagni, að hann hefur sannað tilverurétt sinn og á tilkall til sama stuðnings og aðrir skólar.

Þá er það brtt. á þskj. 410, VIII. liður, til ljóslækningastofu í Borgarnesi. Hún hefur verið þar undanfarið og notið 1000 króna styrks úr ríkissjóði, en nú er henni ekkert ætlað. Nú hafa mér borizt óskir um, að þessi styrkur yrði veittur eins og verið hefur, og hef ég átt tal um þetta við landlækni. Hann mælir með því, að þetta framlag fái að haldast óbreytt.

Þá er XXXIV. liður á sama þskj., 1000 króna styrkur til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi, eins og verið hefur undanfarið. Þetta er skrautgarður, sem kvenfélagið í Borgarnesi hefur haldið uppi, og er hann á þeim stað, sem Skallagrímur er grafinn. Það vill nú svo vel til, að garður þessi er hinn hentugasti fyrir skemmti- og skrautgarð fyrir kauptúnið, og hefur verið varið miklu fé til að prýða hann undanfarin ár. Væri vel til fallið að halda að nokkru leyti uppi minningu Skallagríms á Borg, um leið og hjálpað væri til að styðja þessa viðleitni. Líkt mætti eflaust segja um mörg önnur kauptún.

Þá er brtt. á sama þskj., XL. liður. Þótt ég sé ekki einn flm. þeirrar till., þá vil ég láta í ljós, að ég tel ærna þörf þeirrar hækkunar, sem þar er farið fram á.

Þá er XXXVI. brtt. á þskj. 419. Nýbýlastjórn hefur gefið þá skýrslu, að fyrir áramót hafi verið búið að sækja um byggingastyrki fyrir eigi minni upphæð en 400 þúsund. Í frv. er aðeins veitt 250 þúsund.

Nú höfum við hv. þm. A.-Húnv. farið fram á, að varið verði allt að 100 þús. kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingastyrki til sveita, ef framlagið á 16. gr., 9. b. hrekkur ekki til.

Þó að þetta sé raunar allt of lítið framlag, þá tel ég mikinn styrk að brtt. hv. þm. Barð. um að framlag til bygginga á ríkisjörðum hækki um 100 þús., og væri þá hægt að veita af þeim lið til bygginga á ríkisjörðum og þjóðjörðum, en af endurbyggingastyrknum hefur orðið að taka undanfarin ár til þessara bygginga einnig, þar eð ríkið hefur vanrækt að byggja á jörðum sínum, þótt því sé það eiginlega skylt samkv. ábúðarlögunum.

Þá á ég LXVIII. brtt. á þskj. 410, 2000 kr. framlag til Ungmennasambands Borgarfjarðar til þess að gera vegabætur að íþróttamótsstað sambandsins við Ferjukot. Þessi staður er vel valinn, en sá galli er á, að að honum liggur þröngt einstigi, sem er hin mesta glæfrabraut.

Ég held ég hafi aldrei farið það óhræddur. Á aðra hönd er hár hamar, en Hvítá á hina hönd. Auk þess er þarna svo kröpp beygja, að bílar geta ekki mætzt þar. Þarna er þó mikil umferð að sumri til, og ég tel hreinustu mildi, að aldrei skuli hafa orðið slys þarna. Ég lofaði sjálfum mér því síðast er ég fór þarna um að sækja um styrk til þess að breikka þessa braut, ef ég slyppi lifandi.

Þá kem ég að stærstu brtt. minni, að veitt séu verðlaun 1. flokks refum á haustsýningu, mest 100 kr. fyrir hvert dýr, gegn því skilyrði, að verðlaunadýrin séu sett á vetur til undaneldis. Ég verð að fara nokkrum orðum um þetta, af því að mér finnst ekki gæta nægilega mikils áhuga á Alþ. fyrir framtíð þessarar atvinnugreinar. Á sviði loðdýraræktarinnar gætum við þó helzt orðið samkeppnisfærir á heimsmarkaðinum. Ekkert land stendur okkur þar framar um loftslag, og auk þess fellur okkur til mikið af ágætu loðdýrafóðri, einkum hestakjöti, sem er mjög ódýrt, auk 2. og 3. flokks kindakjöts, sem fellur til á hverju hausti og er mjög hentugt refafóður.

En við erum enn á eftir öðrum þjóðum með þennan atvinnuveg, sem árum saman hefur verið starfræktur erlendis. En það segir sig sjálft, að nú er hann þar að mestu í rústum, og verður þar að byrja á nýjan leik að striðinu loknu eins og um margt annað. Ef við gætum á þessum tíma í millitíðinni bætt stofninn, þá stæðum við allra þjóða bezt að vígi til að framleiða skinnavöru, sem er eftirsóttust allra varna í tízkuklæði og kjólklæði. En þessi eftirsótta tízkuvara er dýrari en flestar aðrar, og mættum við búast við, að þetta yrði hin álitlegasta atvinnugrein, ef við kæmum upp 1. flokks stofni. Einnig skapaðist beint og óbeint markaður við þetta fyrir 2. og 3. flokks kjöt, og gæti það orðið stórt atriði fyrir okkur.

Ég er sannfærður um, að þetta gæti orðið arðvænlegur og blómlegur atvinnuvegur, sem gæti aflað okkur mikils gjaldeyris í framtíðinni.

En það á að bæta stofninn á þessu dauða tímabili. Það verður aftur gert bezt með því að setja aðeins á vetur 1. flokks dýr, og væri það gert, þá er ég sannfærður um, að við mundum fljótt eignast úrvalsstofn.

Nú sem stendur á þessi atvinnugrein erfitt uppdráttar, svo að hinn litli vísir að henni mun hrynja í rústir, ef ekkert er aðhafzt. Það má ekki verða þjóðarinnar vegna, sem á hér mikla möguleika fólgna í útflutningsverðmætum.

Við verðum því að leggjast á eitt til þess að styrkja og bæta stofninn.

Ég vil enn minnast hér á eina till. Þar er lagt til að heimila að verja 750 þús. kr. til að koma á bifreiðaferju yfir Hvalfjörð. Ég hygg, að það hefði verið óhætt að bíða með þetta, unz fyrir lægju upplýsingar, sem hægt væri að reiða sig á. Þetta mál hefur hingað til verið mjög lítið rætt, og er því djarft að bera fram till. um jafnmikil útgjöld sem þessi að órannsökuðu máli. Mér er það vel kunnugt, að það þyrfti meira en smáræðis upphæð til þessa fyrirtækis, ef það ætti að koma að notum. Þarna er geysimikið útfiri, og þyrfti því að smíða mjög stórar bryggjur báðum megin fjarðarins, og þær mundu kosta það mikið fé, að ég efast um, að sú upphæð, sem hér er lagt til, að verði lögð fram, nægi til hafnargerðar öðrum megin fjarðarins. Á firðinum er líka stundum mikið hafrót, og þarf því að búa vel um hafnargarðana, ef ferjan á að koma að fullum notum. Ég tel það mjög óráðlegt að fara að koma þarna upp löngum hafnargörðum auk ferjunnar sjálfrar. Málið verður áreiðanlega tryggilegar leyst á annan hátt, annað hvort með því að fara leiðina inn fyrir Hvalfjörð eða með því að bæta samgöngurnar á sjó frá Rvík til Borgarness og Akraness og veita ferðamannastraumnum þar um, en ég tel ferjuna yfir Hvalfjörð óheppilegustu leiðina.

Áður en ég lýk máli minu, vil ég minnast aðeins á eina brtt., sem hv. þm. Barð. gerði að umræðuefni, en það er till. um að koma upp hrossaræktarstöð á Bessastöðum. Ég hef heyrt, að ýmsum þykir þessi till. hin mesta fjarstæða. En þessi jörð er einmitt mjög vel fallin til slíkrar starfsemi. Bessastaðanes er mjög heppilegt til útigöngu fyrir stóðhross, enda hefur það áður verið mjög notað til slíks. Staðurinn hefur einnig þann kost að vera mjög nærri Rvík, en þangað liggja leiðir manna alls staðar að af landinu, og þeir, sem vilja kynnast þessari starfsemi, eiga því hægara með að gera það þarna en annars staðar, sé tekið jafnt tillit til allra landsmanna. Auk þess verður nú hvort sem er að reisa nýjar byggingar á Bessastöðum, því að þær, sem fyrir eru, þykja ekki henta staðnum í sinni nýju mynd. Það mætti því nota tækifærið og byggja þar nú einnig hús yfir hrossaræktarstöðina, þar sem hvort sem er hefur verið ákveðið, að henni skuli komið upp. Ég sé ekkert á móti því, að búið sé á setri ædsta manns landsins, þar sem svona stöðvar eru erlendis taldar með virðulegustu stofnunum landbúnaðarins, og ef það yrði hér rekið með þeim myndarskap, sem til er ætlazt. Hv. þm. Barð. gat þess, að bændur á Álftanesi hefðu notað Bessastaðanes til sumarbeitar fyrir kýr sínar. Nú upp á síðkastið munu bændur þar almennt hafa haft kýr sínar heima og beitt þeim á ræktað land, þar sem þeir hafa ekki talið það borga sig að kaupa beit fyrir þær, og mun hér því engu spillt. Ég held að ég hafi nú minnzt á þær brtt. sem ég á, og þótt ástæða væri til þess að minnast á fleiri, annaðhvort með

eða móti, mundi það ekki bera mikinn árangur að tala um það yfir tómum stólunum, því að þótt þeir mundu ef til vill vera á mínu máli, ef þeir gætu talað, þá munu þeir ekki geta sannfært þá, sem á þá setjast, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 419, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Á þskj. 419 eru þrjár litlar brtt. frá mér og 1. þm. S.-M., um hækkun á sjúkravitjanastyrkjum. Við höfum sennilega ekki flutt þessar till., ef aðrir þm. hefðu ekki riðið á vaðið um að flytja slíkar hækkunartill., og þykir okkur þá rétt, að þessar till. komi til álita jafnframt. Þá eru till. frá okkur á sama þskj. um heimild til að greiða 8 þús. kr. til að bæta bændum í Firði í Mjóafirði tjón á búpeningi og veiðitækjum, er þeir hafa orðið fyrir af völdum snjóflóðs. Ég skal fullkomlega játa um þessa till., að ef aðrir þm. hefðu ekki riðið á vaðið og flutt till. um að bæta hliðstætt tjón, mundum við ekki hafa séð okkur fært að flytja slíkar till. En þetta virðist okkur eiga að koma til álita allt, þar sem hliðstæð mál hafa verið upp borin. En um þetta er það að öðru leyti að segja, að fyrir nokkru síðan féll snjóflóð á jörðinni Firði í Mjóafirði, og urðu fyrir fjárhús, og fórst þar fé, og eyðilögðust veiðitæki og þar á meðal síldveiðitæki, sem bændur áttu þar. Annars verða á sínum tíma, ef þessi heimild verður gefin, ríkisstj. gefnar nánari upplýsingar um þetta.

Þá á ég hér eina brtt. á sama þskj., XXXI, sem flutt er við aðra brtt., snertandi heimildargr. um það, að samþ. verði hér eins konar skipulagning af hálfu hæstv. Alþ. í því formi, sem þar greinir. Fjallar hún um, að verklegum framkvæmdum, sem ákveðnar eru með fjárl. þessum, verði hagað á þann hátt, sem hagkvæmast er fyrir framleiðslustarfsemi landsmanna, og jafnframt þannig, að atvinna í landinu yfirleitt verði sem jöfnust þann tíma af árinu, sem við verður komið vinnu við slíkar framkvæmdir. Er þá átt við, að ríkisstj. reyni að koma því svo fyrir, að sem mest sé unnið að þessum verklegu framkvæmdum, þegar framleiðslu atvinnuvegirnir þurfa minna á vinnuaflinu að halda, en aftur minna, þegar þeir þurfa fleiri menn í þjónustu sína.

Út af tveim till. annarra háttv. þm., sem hér liggja fyrir, viðvíkjandi flugmálum, vil ég láta þau ummæli falla, sem ég hef látið falla um annað mál, að mér finnst ekki heppilegt að afgreiða þessi mál á þá lund, sem fjvn. gerir ráð fyrir, þó að ég treysti mér ekki til þess að beita mér á móti því, eins og þetta ber að höndum. Ég álít, að það hefði átt að fara öðruvísi að, þannig að nú, þegar flugfélagið sækir um þennan stuðning til þingsins, hefði átt að gera upp á Alþ., hvernig rekstri þessara mála yrði fyrir komið í framtíðinni. Ríkið hefði ekki átt að byrja á að styðja slík einkafyrirtæki (í þessu formi), jafnvel þó vel hafi unnið, ef ríkið ætlaði verulega að hlutast til um flugmálin. En af því að þetta er hugsað á þessa lund og komið óvænt með svona stóra till. um styrk handa þessu félagi, þá er ekki hægt að gera þetta upp við sig á fáum klukkustundum. Mun ég ekki beita mér á móti þessari till., en vek athygli á því, að Alþ. verður nú alveg á næstunni að gera upp við sig, hvaða stefnu það ætlar að taka í þessum málum. Ég álít að ríkið ætti að hafa afskipti af flugmálunum og rekstri þeirra og tryggja þingi og stjórn veruleg yfirráð um þau mál, með beinni þátttöku sinni í rekstri þeirra. Mér virðist gæta flausturs í þessu máli, og sérstaklega á ég erfitt með að skilja þá afgreiðslu, að ríkisstj. skuli vera heimilað svona út í bláinn að taka að sér sérstakan gjaldalið í rekstri flugfélagsins, án þess að nokkur grg. sé, a. m. k. fyrir sjónum þingsins, um það, hver þörf sé á því, að af almannafé sé greitt, sem svarar þessum rekstrarlið.. En hér er þó aðeins að ræða um heimild til ríkisstj., og má gera ráð fyrir, að þess verði gætt, að ríkisstj. taki ekki þennan kostnaðarlið á ríkissjóð, nema þess sé full þörf vegna afkomu félagsins.

Einar Olgeirsson: *Herra forseti.* Við 2. umr. þessa máls vöktum við þm. Sósfl. máls á því, hversu óheppilegt væri að geyma allar brtt. til 3. umr. Ég vildi sýna fram á, að það væri ómögulegt að vita, hvernig fjárlagaafgreiðslunni reiddi af, ef megnið af till. fjvn. og einstakra þm. væri geymt til 3. umr. Ég benti á, að svo gæti farið, að við stæðum frammi fyrir því að afgreiða fjárl. með tekjuhalla og það væri ekki hægt að leiðrétta, þar sem geyma ætti allar brtt. til 3. umr.

Allir þingfl. voru á móti þeirri afgreiðslu, sem við þm. Sósfl. vildum hafa á fjárl. Hæstv. fjmrh. var áðan að halda föðurlega áminningarræðu og talaði um ábyrgðartilfinningu þm. í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hins vegar hefur minna heyrzt um það talað, að allir þingflokkar nema Sósfl. voru með því að hafa þessa aðferð. Nú hefur það komið í ljós, að hækkunartill. þm. við þessa 3. umr. eru um það bil 10 millj. kr., en við því er ekkert hægt að segja, eins og nú er komið. Ég held þess vegna, að það hefði verið miklu betri aðferð að taka upp þá till., sem við þm. Sósfl. bárum fram, og gera 2. umr. að aðalumr. fjárl. og koma þá með allar brtt. og sjá svo til, hvernig fjárl. yrðu. Þetta vildi ég aðeins segja út af því, sem hæstv. fjmrh. var að segja við okkur hér áðan.

Í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði um verklegar framkvæmdir, vildi ég segja, að ég er ekki á sama máli og hann. Ég álít, að yfirleitt sé tekjuáætlunin varleg, og ég tel, að það megi ganga út frá því, að tekjurnar verði meiri en þær eru áætlaðar, og þess vegna held ég, að með tilvísun til þess sé ekki réttlætanlegt að ætla að skera niður framlög til verklegra framkvæmda. Hæstv. fjmrh. talaði um, að það væri allt of mikið fé ætlað til verklegra framkvæmda og væri ástæðulaust að stofna til samkeppni um vinnuafl í landinu. Ég get ekki betur séð en að mikil óvissa ríki nú um alla atvinnu í landinu, og nú þegar er farið að bera á nokkru atvinnuleysi í Rvík. Ég get ekki betur séð en að svo kunni að fara, að ýmis atvinnu-

fyrirtæki kunni að stöðvast, og ef svo færi, þá væri alveg nauðsynlegt að koma af stað verklegum framkvæmdum til þess að hindra, að nokkurt atvinnuleysi skapist í landinu. Við vitum, að það er einvörðungu hernaðarvinnan, sem hefur afnumið atvinnuleysið, en það liggur ekkert fyrir um það, hvernig hún verður á næstunni. Hvað viðvíkur því, að skortur kunni að verða á vinnuafli við landbúnaðinn, þá má geta þess, að það mál hefur verið notað hér í þinginu til þess að reyna að draga úr vinnu og verklegum framkvæmdum. Frá hálfu verkalýðsfélaganna lá fyrir tilboð til þeirrar stj., sem áður sat að völdum, um það að hafa samvinnu við hana um að tryggja nægilegt vinnuafl til landbúnaðarins, og það hafa alltaf verið fyrir hendi þeir möguleikar til samvinnu við verkalýðsfélögin, en þessir möguleikar hafa ekki verið notaðir. Hins vegar virðist eiga að nota þetta tal um hugsanlegan skort á vinnuafli sem átyllu til þess að reyna að fá það fram, að frestað verði verklegum framkvæmdum. Nú liggur einmitt fyrir, í sambandi við 22. gr. fjárl., till. frá meiri hl. fjvn., þar sem stj. er heimilað að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, ef skortur á efnivörum eða vinnuafli geri ókleift að vinna þær. Baráttan er því um það, hvort það eigi að nota þetta fé til nytsamra framkvæmda. Það hafa nú komið þrjú tiltölulega góð ár fyrir ríkissjóð, en tekjuafgangi þessara ára hefur verið varið þannig, að félagslegar umbætur í landinu hafa orðið að sitja á hakanum. Á sama tíma hafa einstaklingar í Rvík álitið sig þess umkomna að byggja skrauthýsi, sem kosta 400 þús. kr. Baráttan er nú um það, hvort veita eigi fé á fjárl. til þess að koma upp ýmsum nauðsynlegum stofnunum, svo sem fæðingarstofnun í Rvík og barnaskólum til sveita, sem er auðvitað alveg nauðsynlegt, ef einhver mynd á að vera á okkar félagslegu framkvæmdum. Baráttan er þess vegna um það, hvort veita eigi þeim, sem eru sérsaklega illa settir í okkar þjóðfélagi, meiri rétt heldur en verið hefur. Það er vitað, að skortur er á hvers konar sjúkrahúsum í landinu, og hið sama má segja um barnaskólana, alls staðar skortir nýjar byggingar og nýjar framkvæmdir. Það er nóg fé til í landinu, og það ber að gera ráðstafanir til þess, að þetta fé verði notað til hagsbóta fyrir heimilin í landinu og þjóðfélagið í heild. Þegar haft er á móti þessum verklegu framkvæmdum, er því verið að berjast á móti því, að þjóðarheildin og alþýða manna fái að njóta þess góðæris, sem verið hefur hjá ríkissjóði undanfarið.

Hæstv. fjmrh. talaði alveg sérstaklega um eina till., þ. e. heimildina til þess að skera niður 35% af öllum fjárlagaútgjöldum. Þessi heimildartill. var sett inn í tíð þjóðstj., og þessi heimildartill. mætti alltaf harðri mótspyrnu okkar þm. Sósfl., og það var vegna þess, að með þessu var í rauninni verið að gera fjárl. að engu. Ef fjárhagsástand ríkisins hefði breytzt svo, að til slíks hefði orðið að grípa, þá var rétt að kalla saman þing. Nú situr þing aftur á móti svo mikinn hluta af árinu, að næg tækifæri eru fyrir hverja stj. að hafa samráð við þingið um þess háttar breyt., ef til þess ástands kæmi, að skera yrði niður verulegan hluta af því, sem áætlað er á fjárl., í þessu tilfelli 35%. En ég álít, að slíkt eigi ekki að eiga sér stað. Hins vegar get ég vel skilið, að hæstv. fjmrh. sé hugsandi út af afgreiðslu fjárl., en það er nokkuð seint að fara að taka upp aths. við fjárl. við 3. umr. þeirra. Fyrir hverja stj., sem situr að völdum, er það hvað nauðsynlegast að hafa sem bezt samstarf við þingflokkana um afgreiðslu mála. Það hefur hins vegar farið lítið fyrir þessu samstarfi í sambandi við fjárl., eins og einnig í sambandi við önnur mál hér í þinginu, og þess vegna er eðlilegt, að hver fari sína götu í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. talaði um, að verið væri að efna til kapphlaups um vinnuaflið í landinu, þá vil ég segja það, að það er fyrsta og sjálfsagðasta skylda hvers þjóðfélags, sem hefur nægileg peningaráð, eins og er hjá okkur nú, að sjá til þess, að enginn maður gangi atvinnulaus. Við vitum hins vegar, að atvinnuleysi er nú tilfinnanlegt sums staðar úti um landið. Það mun því ekki þurfa að bera áhyggjur út af því, að kapphlaup verði um vinnuaflið. Hitt er aftur á móti hugsanlegt, að niðurskurður á verklegum framkvæmdum eða frestun á þeim kynni að vera undanfari þess að skapa atvinnuleysi og síðar yrði reynt að nota slíkt atvinnuleysi til þess að lækka kjör verkamannanna. Þegar gerðardómsl. var haldið fram, þá þurfti að skapa nokkurt atvinnuleysi, til þess að hægt væri að halda uppi þeim l. Þegar það því kemur fram samtímis þessum hugleiðingum, að þau blöð, sem telja sig bera hag stj. fyrir brjósti, telja grunnkaupslækkun nauðsynlega, þá er ekkert undarlegt þó að maður setji slíkt í samband hvað við annað. Það er þess vegna bæði vegna umhyggju fyrir því, að þjóðin hafi nóg að starfa í ár, og eins með tilliti til hinna bættu kjara, sem ætti að vera hægt að skapa, að ég álít nauðsynlegt, að þingið haldi fast við till. um auknar verklegar framkvæmdir, og þá alveg sérstaklega byggingar og þjóðfélagslegar endurbætur.

Þá ætla ég aðeins að segja nokkur orð út af þeim till., sem ég ásamt öðrum hv. þm. flyt. Þá er fyrst að nefna till. um framlag til fæðingardeildar í sambandi við Landsspítalann. Það þarf ekki að taka það fram, að ég álít þetta eitt af þeim málum, sem sjálfsagt sé að samþykkja, og bæjarstj. hefur nú þegar að sínu leyti mælt með þessu máli, og er það von mín, að þingið láti ekki sitt eftir liggja.

Þá er ég ásamt hv. þm. A.-Sk. flm. að till. um styrk til ferjuhalds og gistingar ferðamönnum, og er það í sambandi við frv., sem flutt er í hv. Nd., þar sem farið er fram á af þeim hv. þm., að dýrtíðaruppbót sé veitt á þessa styrki. Ég álít, að þetta sé eðlileg aðferð til þess að koma á réttlæti í þessum málum, að breyta þessu í fjárl. og láta þannig þessa menn verða aðnjótandi nokkurrar hækkunar, svo að það sé ekki beinlínis verið að lækka laun þeirra, eins og gert er, ef styrkirnir eru ekki hækkaðir. Þetta eru litlar fjárupphæðir, svo að ég býst við, að þm. ógni þær nú ekki.

Þá er ég meðflm. að stórri upphæð á 16. gr. við lið, sem áður var veittur til atvinnubóta, þ. e. að breyta orðalaginu. Meining okkar er sú, að í stað þess, að yfirframfærslunefnd ríkisins ráðstafi ½ millj. kr., verði þessu fé ráðstafað af stj. í samráði við bæjar- og sveitarfélög, eins og gert var áður. Við leggjum til, að liðurinn hækki upp í 1½ millj. kr. Þetta er trygging gegn atvinnuleysi, en svo framarlega sem ekki kæmi til þess á árinu, er ætlunin, að þetta fé verði lagt til hliðar og geymt til næsta árs. Þá flyt ég ásamt hv. 5. landsk. litla till. við 16. gr., til Kvenréttindafélags Íslands, enda býst ég við, að þm. muni vera sammála um það, að það sé nokkuð lítið hægt að gera við 400 kr. styrk nú á tímum. Ef menn eru á annað borð að veita styrk til félagslegra samtaka, sem berjast fyrir góðu málefni, þá munu menn sammála um að gera það svo, að eitthvað ofurlítið muni um það. Ég álít því, að við ættum að geta orðið við því að veita þennan 2 þús. kr. styrk, sem hér er farið fram á. Við ættum ekki að láta kvenfólkið gjalda þess, að það á engan fulltrúa á þinginu til þess að tala máli sínu, og ættum því að samþ. þessa till.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um till. stj. þar sem hún leggur til, að veitt verði sérstök launauppbót á laun sýslumanna og bæjarfógeta, án þess að dýrtíðaruppbót sé reiknuð með, 2 þús. kr. Mér finnst þessi till. stj. mjög einkennileg. Það er þarna lagt til að veita sérstaka launauppbót til þeirra embættismanna ríkisins, sem fá þó heldur meiri laun, en þeir embættismenn, sem hafa lélegri laun, eru þar með látnir sitja hjá. Er það vegna þess, að hæstv. ríkisstj. finnist rétt að halda þessari reglu áfram að greiða þessum mönnum svona heimildarlaust uppbætur á laun sín, læknum, prestum og sýslumönnum? Eða hugsar hún þannig, að þeir, sem hafa þó svona skikkanleg laun, þurfi endilega að fá uppbætur, en aðrir, sem verst eru settir, hvað launin snertir, skuli sitja að því áfram, það sé fullgott fyrir þá? Ég lít svo á, að ef á að samþykkja þetta, þá verði að veita barnakennurum samsvarandi uppbætur líka. Og ég hef ásamt nokkrum öðrum hv. þm. flutt um það till. Ég vil engan veginn neita því, að launin, sem háskólakennarar og ýmsir af þessum embættismönnum fá, eru of lág. En launin, sem barnakennarar fá, eru allt of lág. Og það mundi ekki bæta úr misréttinu, heldur auka það, að taka þá hæst launuðu kennara út úr og veita þeim uppbætur, en skilja svo þá lægst launuðu eftir. Ég álít þess vegna, að þær megi fylgast að, brtt., sem ríkisstj. gerir þarna, og brtt. þær, sem eru á þskj. 419, um sérstakar launabætur til barnakennara, hvort sem þær eru allar samþ. eða ekki.

Þá vildi ég aðeins minnast á eina brtt. til viðbótar, sem ég flyt á þskj. nr. 410, XXI, ásamt fleiri hv. þm., viðvíkjandi slysavörnum, um að liðurinn hækki úr 35 þús. kr. í 100 þús. kr. Ég hef oft áður á þingum flutt brtt. um hækkun á fé til þessa, sem aldrei hafa náð fram að ganga. Ég á bágt með að skilja hvernig á því stendur, að ekki skuli meiru vera varið til slysavarna heldur en gert hefur verið hér á landi. Eftir því sem ég bezt veit, er Slysavarnafélag Íslands alltaf í fjárþröng. Samt held ég, að fá félög séu í landinu, sem njóta eins almennra vinsælda eins og það félag, og ég held, að allir viðurkenni, að fá félög hafi eins gott verk að vinna eins og það félag hefur. Þess vegna hef ég ásamt tveim öðrum hv. þm. lagt til, að þessi liður verði hækkaður eins og ég gat um. Og ég vildi mega vænta þess, að hv. þm. samþykki þessa brtt. Við erum vanir því, að talað sé mjög hjartnæmlega um allt, sem gera þurfi til þess að afstýra slysum á sjó, og ekki sízt þegar stórslys verða hér við land. En samt vitum við, að hvað eftir annað verða þessi slys ægilegri heldur en þau þyrftu að verða, vegna þess að nægilegan slysavarnaútbúnað vantar. Það hefur verið þó nokkuð drjúgt, sem almenningur hefur lagt fram í sambandi við safnanir til Slysavarnafélagsins, og það munu vera orðin mjög útbreidd samtök, sem þar eiga hlut að máli. Mér virðist því það minnsta, sem ríkið geti gert, að leggja þar verulega fram á móti. Við vitum, hverjum það er að þakka fyrst og fremst, hve mikið fé það er, sem ríkissjóður hefur úr að spila á þessum tímum, og við vitum, hverjum það hefur komið harðast niður á, hvað það hefur kostað að afla þessa fjár. Og mér virðist ekki mega vera minni viðleitni, sem sýnd er til þess að draga úr slysahættunni, heldur en að a. m. k. vilji sé sýndur á því að efla starfsemi Slysavarnafélagsins.

Ég er því miður hræddur um, eins og ég hélt við 2. umr., að 3. umr. fjárl. mundi aldrei verða neitt annað en nokkurs konar málþóf. Það mundi verða eins og oft áður á þinginu talað fyrir hinum og þessum brtt. og að enn þá meira yrði talað annars staðar en í ræðustólum, og svo greidd atkv. um brtt. Og með því skipulagi, sem á þessu öllu er, er ómögulegt að sjá fyrir, hvernig fjárl. verða. Þessu væri hægt að afstýra með því að afgreiða við 2. umr. í raun og veru það, sem nú verður gert. En við 2. umr. var bara tími og tækifæri til að laga það, sem aflaga fór. En ef ætti að gera þetta héðan af, að laga frv., gæti ég bezt trúað því, að það kostaði frestun jafnvel í nokkra daga á þessari umr. og nákvæma rannsókn á því, hver vilji einstakra hv. þm. og þingflokka væri, og alls konar samninga til þess að reyna að hafa sómasamlega afgreiðslu á fjárl. Við sósialistar þykjumst hafa gert okkar í sambandi við 2. umr. til þess að reyna að koma þessu á réttan kjöl. Það mistókst að vísu að verulegu leyti. En það hefur líka tekizt að nokkru leyti að fá hv. fjvn. til að ganga inn á nokkuð af þeim till., sem brýn þörf var á að kæmust inn í fjárl. Og þess vegna er nú ekki um annað að gera, eins og málefnum er komið, en að reyna að skírskota til hv. þm. um ábyrgðartilfinningu þeirra um að gæta hagsmuna fólksins í landinu og að taka til greina þær kröfur, sem það á rétt til að fá fram á þessum styrjaldarárum um einhverjar verulegar umbætur á þess hag. Það er ábyrgðartilfinningin, sem ég vona, að sé rík hjá hv. þm. Og mér sýnist það líka af því, sem fram hefur komið hjá fjvn., að ýmislegt beri vott um það. Má ekki gleymast sú ábyrgðartilfinning, sem komið hefur fram um

reikningslega góða afkomu fjárl. En ég held, að sú ábyrgðartilfinning hefði átt að koma frekar fram við 2. umr. heldur en raun varð á.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég vil fara nokkrum orðum um nokkrar smábrtt., sem ég hef flutt, sumpart einn og sumpart með öðrum hv. þm. Vil ég fyrst drepa á brtt. á þskj. 410 um nýjan lið á 3. gr. fjárl., um framlag til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum, 1000 kr. Til þessa hafa ekki verið veittir styrkir áður í fjárl. Nú munu vera hér á landi 11 talstöðvar á slíkum stöðum, sem hér er um að ræða, flestar í eyjum og á öðrum stöðum, sem ekki hafa komizt í símasamband og hafa litla möguleika með núverandi aðstöðu til þess að komast í símasamband. Þessir bæir og aðrir, sem hafa þessar stöðvar, verða að bera töluverð útgjöld vegna starfrækslu þeirra, þ. e. vegna hleðslu rafgeyma og rafhlöðukaupa. Og benda má á, að einstakir menn, sem starfrækja slíkar stöðvar, verða að standa straum af þessum kostnaði við þessar talstöðvar. Þessar stöðvar hafa töluverða almenna þýðingu, þó að þær hins vegar gefi þeim, sem hafa þær, sára litlar tekjur. Ég hygg, að þar sem hér er svo hægt og varlega í sakirnar farið, að aðeins er beðið um 1000 kr. styrk til starfrækslu þessara stöðva, þá geti hv. Alþ. fallizt á slíka smá-styrkveitingu.

Önnur brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. landsk. og hv. 1. landsk., er þriðja brtt. á þskj. 410, um hækkun á læknisvitjanastyrkjum í tveimur læknishéruðum í Norður-Ísafjarðarsýslu, Ögurhéraði og Hesteyrarhéraði. Í báðum þessum héruðum mun fólkið eiga erfiðara með læknissókn heldur en víðast annars staðar. Læknisvitjanastyrkir hafa verið mjög lágir til þessara héraða. Hins vegar hefur kostnaður manna við læknisvitjanir þar í héruðunum farið svo hríðvaxandi, að það er svo fjarri því, að þessir styrkir fullnægi þörfinni, sem fyrir hendi er. Ég fer nú fram á það ásamt hv. meðflm. mínum að brtt., að þessir styrkir verði hækkaðir. Um það, sem form., hv. þm. Ísaf., sagði um þessa styrki, og um það, að slíkar hækkanir, sem hér er farið fram á, væri í raun og veru óþarft að gera brtt. um, vegna þess að sett hefðu verið l. um læknisvitjanasjóði, þá vil ég benda á það hér, að varla nokkurt læknishérað á landinu mun hafa hagnýtt sér þessi l., sem er fyrst og fremst af því, að þessi l. eru svo ný, að til þessa hefur naumast gefizt tóm til að komast undir ákvæði þeirra l. Og enda þótt þessi löggjöf liggi nú fyrir, sýnist mér ástæða til þess, að heildarfjárveiting til allra þessara héraða, sem notið hafa þessara styrkja, verði hækkuð. Og það er samræmi í því, að hv. þm. Snæf. flytur á þskj. 419 brtt., sem gengur í þá átt, að allir styrkir til læknisvitjana, sem taldir eru í þeim lið, sem þar greinir, verði tvöfaldaðir. Ég hygg, að úr því að farið er að hreyfa því að hækka þessa styrki, þá sé mest samræmi í því að hækka allar þessar styrkveitingar. Hins vegar skapaði það ríkissjóði tiltölulega mjög lítið útgjöld, þar sem gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv., að til þessara mála verði varið 13 þús. kr., og tvöföldun á því framlagi mundi því ekki baka ríkissjóði veruleg útgjöld.

Þriðja brtt., sem ég flyt ásamt hv. 7. þm. Reykv., er á þskj. 410, XXVII, og fjallar um bryggjugerð í Súðavík. Það er ekki farið fram á styrkupphæð, heldur er þar einungis lögð til orðalagsbreyt. á því skilyrði, sem gert hefur verið fyrir styrkveitingu til þess mannvirkis, þannig að í stað orðanna: „sé bryggjan eign hreppsins“ komi: eigi hreppurinn kost á að eignast bryggjuna. Einn maður hefur kostað að mestu þessar framkvæmdir, sem hér er um að ræða, sem notið hafa lítils styrks. Hann hefur gefið Súðavíkurhreppi kost á að eignast þetta hafnarmannvirki, og ég hygg, að það boð standi enn. Hins vegar sýnist mér fjarri lagi, að með þessu orðalagi hv. fjvn. á þessu, sem ég legg hér til, að verði breytt, sé það fyrirbyggt, að annar eigandi að þessari bryggju en hreppurinn geti notið þessa styrks. En mér skilst, að ef hreppurinn vill ekki kaupa þetta hafnarmannvirki af þeim einstakling, sem á þetta, mundi styrkurinn ekki verða veittur til þessara framkvæmda eftir till. fjvn. um orðalagið á skilyrðinu. Ég hef því ásamt hv. 7. þm. Reykv. lagt til, að orðalaginu verði breytt eins og ég hef tekið fram, og vona, að til árekstra þurfi ekki að koma út af því atriði, heldur verði þetta samþ.

Fjórða brtt. mín, sem ég flyt á þskj. 410, er undir 62. lið á þeirri brtt., og er um, að tekinn verði upp nýr liður á 16. gr. um 20 þús. kr. fjárveitingu til Gilsnámuvegar í Bolungavík. Eins og hv. fjvn. er kunnugt, hafa legið fyrir henni erindi frá þremur aðilum um að taka upp þessa fjárveitingu, frá Framfærslumálanefnd ríkisins, frá h.f. Brúnkol á Ísafirði og hin þriðja frá hreppsnefnd Hólshrepps. Vegagerð á þessum slóðum miðar að því að tengja þorpið Bolungavík við brúnkolanámu, sem er framarlega í dalnum við þorpið. Í þessari námu hafa verið unnin brúnkol, og mun það hafa verið í síðustu heimsstyrjöld, sem það var gert. Kostnaður við það var allmikill þá. Nú hefur verið stofnað hlutafélag á Ísafirði, sem hefur að markmiði að vinna brúnkol úr þessari námu, og hefur talið sér fjárhagslega kleift, ef markaðsmöguleikar væru fyrir hendi, að vinna brúnkol úr þessari námu með góðum árangri, ef vegur kæmist milli námunnar og Bolungavíkur. En félagið telur sér ekki kleift, og Hólshreppur ekki heldur, að standa að þessari vegargerð að öllu leyti. Ég hef því farið fram á það, að ríkissjóður taki að sér þessa vegargerð. Á síðasta vori var kostnaður áætlaður við þessa vegargerð 20 þús. kr. Nú má reikna með því, að þessi vegur komi til með að kosta töluvert meira fé en þetta. En það hefur ekki verið flutt brtt. um hærra framlag í þessu skyni, af því að við höfum von um, að e. t. v. megi takast að fá atvinnubótafé til þessarar framkvæmdar, þannig að takast megi með þessari fjárveitingu, sem brtt. er um, ásamt því fé, að koma á þessum vegabótum á næsta sumri, en þessi vegalengd er 2½ km, sem þarna þarf að leggja veg um. Ég tel mikils virði, að þessi brtt. nái fram að ganga, þar sem annars vegar er um að ræða aukinn möguleika til námuvinnslunnar til þess að skapa aukna möguleika til eldsneytisöflunar, sem er mikils virði á þessum tímum, en hins vegar það, að Bolvíkingar fengju með þessum vegarspotta bætt samband við það land, sem að þorpinu liggur, því að vegurinn mundi liggja um endilangan dalinn, þar sem allmörg blómleg býli eru.

Þá er loks brtt. frá mér, hv. 5. landsk. og hv. 11. landsk. á þskj. 410, XCII, við 22. gr., um að verja úr ríkissjóði allt að 15 þús. kr., að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands, til þess að bæta bændum við norðanvert Ísafjarðardjúp fjártjón, er þeir biðu í ofviðri 7. október 1942. Ég get sparað mér mörg orð um þessa brtt., þar sem um hana hafa verið umr. í hv. Nd., þegar um þetta efni var flutt þáltill. snemma á þinginu, og um hana urðu þá hér nokkrar umr. Ég vil aðeins benda á, að þeir menn, sem farið er hér fram á, að verði bætt þetta tjón, sem þar var um að ræða, urðu fyrir ákaflega tilfinnanlegu tjóni, sem naumast verður séð fram á, að efnahagur þeirra, sumra hverra a. m. k., þoli. Það munu vera um 8 bændur, sem þetta tjón biðu þarna. Og fjárhæðin, sem farið er fram á, að ríkisstj. heimilist að greiða þeim úr ríkissjóði, miðast við það, að hægt verði að greiða þeim aðeins nokkurn hluta þessa mjög tilfinnanlega tjóns, *sem þeir urðu fyrir. Ég tel það mjög vel frambærilegt* að fara fram á þetta hér við Alþ., og það ekki síst vegna þess, að hættan á því, að með þessu skapist fordæmi, sem gæti e. t. v. orðið örðugt fyrir hæstv. Alþ. síðar meir, er sennilega minni nú í þessu efni en nokkru sinni fyrr, þar sem hér á Alþ. liggur nú fyrir frv. til l. um búfjártryggingar, sem ætla má, að nái fram að ganga eftir þeim undirtektum, sem það hefur fengið í báðum d. þingsins. Og ég tel einnig af þeim undirtektum, sem þingsályktunartill. sú, sem flutt var hér snemma á þinginu, fékk, m. a. hjá háttv. þm. Mýr., formanni Búnaðarfélags Íslands, þá megi ætla, að hv. þm. hafi fullan skilning og vilja til þess að bæta þessum mönnum það mjög tilfinnanlega tjón, sem hér er um að ræða.

Ég vil í þessu sambandi um leið benda á, að ýmsir aðrir hv. þm. *munu ýmist hafa flutt till.* eða hafa boðað flutning tillagna, sem ganga í svipaða átt. Mér finnst mikil sanngirni mæla með því, að þessum till. þeirra verði tekið með svipuðum skilningi. En ég vil benda á, að nokkru öðru máli gegnir þar, a. m. k. eru þeir skaðar, sem þar er um að ræða, orðnir fyrir allmörgum árum; og allmargir þeirra manna, sem urðu fyrir þeim, hafa e. t. v. hlotið það bættan efnahag síðan, að þeir standi ekki fjárhagslega á eins völtum fæti *eins og þeir menn*, sem biðu þetta voveiflega tjón, sem ég hef lýst.

Ég hef ekki, varðandi mitt hérað, flutt fleiri brtt. hér við þessa umr.

Ég vil svo aðeins drepa hér á eitt atriði, sem mjög miklu máli skiptir fyrir Norður-Ísfirðinga, en það hefur að nokkru leyti verið rætt af hv. *formanni samvn. samgmn.* Ég þykist vita, að hv. þm. hafi rekið augun í það, að allverulegr hækkun hefur orðið á styrk til flóabáts Vestfirðinga, Norður-Ísfirðinga fyrst og fremst, Djúpbátsins. Till. samvn. er, að þessi bátur fái 170 þús. kr. rekstrarstyrk. Eins og hv. þm. er kunnugt, hlutu Norður-Ísfirðingar á síðasta ári allverulegan styrk til þess að kaupa nýtt skip. Þetta var svo gert, það var keypt þangað stórt skip til þessara ferða, sem nú hefur tekið að sér að annast ferðir á þessum slóðum. Síðasta ár mun Djúpbáturinn hafa fengið rekstrarstyrk samt. 72500 kr., en þó munu aðeins 65 þús. hafa gengið til rekstrar bátsins á árinu 1942. itt fór upp í halla frá árinu 1941.

Þetta er náttúrlega mjög veruleg hækkun, sem stafar af þeim óvenjulegu tímum, sem við lifum á, og vaxandi dýrtíð. En ég vil benda á það, að þessi fjárveiting getur naumast verið varlegri. Ég hygg, að þegar tímarnir breytast á ný til þess að verða eðlilegir, þá muni úr þessu greiðast, og ég vil enn fremur benda á það, að þegar Vestfirðir hafa fengið þá vegabót, sem ráð er fyrir gert, hlýtur hún að skapa þessu fyrirtæki, Djúpbátnum, stórkostlega möguleika með aukinni umferð fólks og auknum flutningum, sem skipið annast. Ég þarf ekki að orðlengja um þetta atriði frekar, því að bæði er það, að form. fjvn. hefur fylgt þessu úr hlaði, og ég held, að það sé ljóst fyrir hv. þm., hver nauðsyn er á því, að þessi hækkun fáist á styrknum. Ég vil geta þess, að félagið, sem rekur þetta skip, óskaði eftir að fá 200 þús. kr. til þessara ferða, en forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur lagt til, að þetta tillag verði lækkað niður í 170 þús. kr., *og má vera*, að það nægi upp í taprekstrinn.

Ég hefði kosið að segja nokkur orð um þær till., sem ég er meðflm. að, en þar sem svo áliðið er, hygg ég, að ég verði að geyma mér það til morgundagsins, og mun ég þá kveðja mér hljóðs til þess, ef ég sé ástæðu til, til þess að skýra afstöðu mína til þeirra.

Það er svo einungis ein till. fjvn., sem ég vildi gera að umræðuefni. Það er í till. fjvn. á þskj. 387 lagt til í 65. tölul., að styrkur til Baldurs Johnsen héraðslæknis til manneldisrannsókna falli niður. Ég tel það miður farið, að fjvn. skuli telja sig knúða til að fella þennan styrk niður. Þessi maður hefur, frá því hann tók við læknisstarfi í einu erfiðasta héraði landsins, — þótt hann hafi nú fengið betra hérað, — unnið ósleitilega að þessum *rannsóknum og hvorki sparað til þess fé* eða erfiði, og ég veit, að hann hefur hug á að halda þessum rannsóknum áfram, og ég álít, að þingið eigi að halda áfram að sýna honum þann lítilfjörlega skilning á því starfi, sem hann vinnur, að veita honum þessar 2000 krónur til rannsókna í þessu efni. Ég vil því leggja til, að þessi till. fjvn. verði felld og að hinn ungi læknir fái þennan styrk, *til* þess að hann geti haldið áfram þessum rannsóknum sínum, sem ég hygg, að engan veginn þurfi að vera vegnar og léttvægar fundnar.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Ég var hér með tvær smábrtt. við 2. umr. fjárl., sem ég tók aftur til 3. umr., og má ég vera þakklátur hv. fjvn., vegna þess að hún hefur tekið þær báðar til greina í brtt. sínum og hefur hækkað þessa liði að nokkr*um mun, en samt ekki eins* mikið og þær brtt. fóru fram á.

Það er í fyrsta lagi styrkurinn til Leikfélags Rvíkur. Ég fór nokkrum orðum um þetta mál við 2. umr. Þessi styrkur, sem leikfélagið hefur haft undanfarin ár og hafði síðastliðið ár, var 8 þús. kr., en ég fer fram á, að hann verði hækkaður upp í 20 þús. kr., *og vildi ég gera nokkra grein* fyrir þessari till. Þetta er eflaust álitin nokkuð mikil upphæð, en á síðastliðnu ári hefur Leikfélag Reykjavíkur greitt kr. 18807.12 í skemmtanaskatt, svo að styrkur sá, sem það fékk frá ríkinu og Rvíkurbæ, sem var á s. l. ári kr. 10000, dugði ekki til þess að borga þann skemmt-

anaskatt, sem félagið varð að borga, svo að allir sjá, að þetta er ekki styrkur til þess að geta haldið uppi þeirri menningarstarfsemi, sem það rekur og allir eru sannfærðir um að hafi gildi bæði fyrir land og bæ. Svo er það önnur brtt., viðvíkjandi því, að þessi styrkur sé háður því, að það fáist a. m. k. jafn styrkur frá Rvíkurbæ. Við leggjum til, að þessi kvöð verði lögð niður, vegna þess að styrkurinn, sem Rvíkurbær leggur félaginu, hefur eingöngu farið til þess að greiða skatta til ríkisins. Við teljum ekki nauðsynlegt, að Rvíkurbær greiði jafnháan styrk, vegna þess að skattur sá, sem leikfélagið borgar, skemmtanaskatturinn, rennur eingöngu til ríkisins. Ég vona, að þm. sjái, að þetta er ákaflega einkennileg aðferð til þess að styrkja menningarstarfsemi.

Hin brtt., sem ég er flm. að, er viðvíkjandi styrktarsjóði sjómanna og verkamanna í Rvík. Í byrjun var það þannig, að Rvíkurbær borgaði kr. 1.00 á meðlim, sem styrksins varð aðnjótandi, og þingið veitti sem svaraði kr. 1.00 á meðlim, en þegar fjölgaði í félögunum, sem urðu styrksins aðnjótandi, hefur Rvíkurbær tekið upp þá reglu að greiða kr. 10000.00, og hefur því í raun og veru greitt það gjald, sem byrjað var á, en styrkurinn frá ríkinu var kr. 4000.00, sem hv. fjvn. færði upp í kr. 6000.00, og við förum fram á, að verði kr. 8000.00. Það mun þó vart ná því að verða kr. 1.00 á meðlim, því að þeir eru um 9000. Þessi styrkur er eingöngu veittur verkamönnum, sem verða fyrir sjúkdómsáföllum og þar af leiðandi fyrir stórkostlegu atvinnutapi. Þetta er lítið fé, en það er venja hjá Alþýðusambandi Íslands að veita þennan styrk síðari hluta árs, og voru á s. l. ári veittar úr þessum sjóði um 16000 kr., og fengu hann 80—90 manns, svo að þetta er lítið fyrir hvern í þeirri dýrtíð, sem nú er. Þetta er aðeins glaðning, en ekki nokkur styrkur til lífsframfæris, og eftir þeim fjölda, sem á að þiggja þennan styrk, getur þetta ekki náð þeim tilgangi, sem ætlazt var til, þegar þessi sjóður hóf göngu sína fyrst. Enda veit ég, að fjvn. hefur séð, að hér var um réttlætismál að ræða, þótt hún næði því ekki að fara eftir þeirri till., sem ég lagði fram.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Áður en ég vík að þeim till., sem ég flyt einn eða ásamt öðrum, sé ég mér ekki annað fært en að láta í ljós skoðun mína um afgreiðslu fjárl. á þessu þingi, því að það verður að teljast ófyrirgefanlegt að afgreiða fjárl., þessi þýðingarmestu lög þingsins, á næturfundum. Bæði við 2. og 3. umr. hafa fjárl. verið rædd á næturfundum, þótt allir séu sammála um, að fjárl. séu þýðingarmestu l., sem fyrir þinginu liggja. Hér eru haldnir fundir á daginn til þess að ræða ómerkileg mál, en nú er liðið að óttu, og þykir nauðsynlegt að halda hér áfram, þótt þm. séu flestir gengnir til náða og jafnvel fjvn. sjáist hér ekki. Ég segi þetta ekki til ámælis forseta, því að þetta er ekki á valdi hans, en ég get ekki fallizt á, að þm. séu í sambandi við fjárl. að vinna slík myrkraverk, að ekki sé rétt að hafa þau til umr. að degi til í staðinn fyrir að næturlagi. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram, svo að þessu verði kippt í lag og þetta þýðingarmesta mál ekki afgr., þegar mestur hluti þm. er til náða genginn. Ég held, að þetta þing hafi staðið það lengi, og fjallað um það smávægileg mál, að ekki mundi skaða, þótt fjárl. væru rædd í einn eða tvo daga, en ekki flaustrað svo af að næturlagi sem nú er gert. Þetta skal ekki skoðast svo, að ég skorist undan að tala um óttuskeið, og mun ég víkja að þeim till., sem ég hef borið fram, og mun víkja að þeim eftir þeirri röð, sem þær eru í á fjárl.

Það er þá fyrst við 12. gr. 3, um læknisvitjanastyrki. Það hafa komið fram till., að ég ætla, bæði á þskj. 410 III og IV og á þskj. 419 II um að hækka um allt að því kr. 200.00 til læknisvitjana á hverjum stað. Ég hefði haft tilhneigingu til að flytja till. um hækkun á læknisvitjunarstyrkjum fyrir mitt kjördæmi. Svo er háttað, að það eru tveir læknar þar, báðir á norðanverðu nesinu, en sunnan á nesinu eru stór og fjölbyggð héruð, sem verða að sækja yfir fjallgarðinn, og að vetrarlagi er það erfið sókn og kostnaðarsöm. Ég hefði viljað flytja brtt. um að hækka læknisvitjunarstyrki til þessara héraða, en mér fannst sanngjarnara, að hækkunin væri almennt, og hef því á þskj. 419 I flutt till. um, að allir læknisvitjunarstyrkir skuli tvöfaldast. Þetta er ekki stór upphæð, sem um er að ræða, því að heildarupphæðin er 13550 kr., svo að þessi tvöföldun þarf ekki að vaxa í augum. Form. fjvn. sagði, að þessar styrkveitingar væru byggðar á misskilningi, vegna þess að til væru l. um læknisvitjunarsjóði. Í l. um læknisvitjunarsjóði frá 1942 er svo ákveðið, að hægt sé að stofna læknisvitjunarsjóði, þar sem menn vilja, og sé greitt úr þeim. Hér er það að athuga, að l. eru svo ný, að það er undantekning, ef þau eru komin til framkvæmda, svo er annað, sem hv. form. fjvn. hefur sézt yfir, en það er það, að í 3. gr. er gert ráð fyrir, að læknisvitjanastyrkurinn skuli ganga í þessa sjóði sem stofnfé. Ég tel þetta því ekki rök og vil vísa frá mér tilvísun til þessara l., og til þess að ná fullkomnu samræmi um þessa styrki alla hef ég talið rétt að bera hér fram till. um, að þessir styrkir verði allir hækkaðir til helminga.

Þá vil ég snúa mér að till. á þskj. 319 III, 1, sem er um fjárframlag til Hellissandsvegar, 75000 kr. og til vara kr. 50000. Á sumarþinginu flutti ég till. um, að rannsakað skyldi vegarstæðið milli Ólafsvíkur og Hellissands. Þessi rannsókn fór fram s. l. haust. Sú rannsókn leiddi til þess, að vegamálastjóri lagði til, að veitt yrði allrífleg upphæð til þessa vegar í fjárl. þeim, sem nú er verið að afgreiða, en því miður mun fjvn. ekki hafa séð sér fært að taka þetta upp, og hlýt ég því að taka þetta upp á ný. Ólafsvík og Hellissandur eru allstór kauptún og mikil útgerð á báðum stöðum. Milli þeirra er stuttur spölur, eða um 8 km, og er til mikilla erfiðleika fyrir bæði kauptúnin að hafa ekki bílveg á milli. Það eru miklir örðugleikar á að koma á sambandi milli þessara staða, vegna þess að undir Ólafsvíkurenni þarf að fara yfir urð, og er búizt við, að nokkur kafli vegarins þurfi að verða steinsteyptur. Hins vegar hefur rannsókn sú, sem gerð var, leitt í ljós, að það er vel fært að gera veg þarna, þótt hann muni kosta töluvert mikið fé. Á það ber þá að líta, hverja framtíðarþýðingu þetta hefur fyrir Ólafsvík og Sand, þegar svokallaður Útnesvegur, sem fyrir nokkrum árum var tekinn í þjóðvegatölu og nú eru veittar kr. 40000 til, er kominn í samband,

en um hann er svo háttað, að hann liggur á láglendi að framanverðu á nesinu, þar sem ekki festir snjó, og verður hann fær allan veturinn í staðinn fyrir það, að íbúar Ólafsvíkur þyrftu annars að sækja yfir Fróðárheiði, sem er ófær vegna snjóa að vetrarlagi, a. m. k. 4 mánuði.

Þá er till. á þskj. 419, III, 2, sem ég flyt um hækkun á tillagi til Ólafsvíkurvegar. Þessi vegur er utan til á Snæfellsnesi, áframhald af veginum frá Borgarnesi. Það hefur verið veitt talsvert fé til þessa vegar á undanförnum árum, en þó er eftir einn kafli, sem er örðugur, en það er torfæran yfir Búðaós, en svo hagar nú, að til þess að komast til Ólafsvíkur og Sands þarf að sæta sjávarföllum við Búðaós, og er ætlunin að leggja veg fyrir ofan ósinn, svo að ekki hljótist meiri erfiðleikar af honum. Hv. fjvn. hefur lagt til, að lagt verði til þessa vegar kr. 50000, en vegamálastjóri lagði til, að það væru kr. 60000, og fer ég í till. minni fram á sama tillag og vegamálastjóri gerði að till. sinni, og er tilgangurinn að koma þessum þýðingarmikla vegi sem fyrst áfram.

Þá er 3. till. mín á þskj. 419, III, um Stykkishólmsveg um Kerlingarskarð. Það hefur verið unnið að þessum vegi á síðustu sumrum, og er hann ekki nærri fullgerður. Hann hefur ekki aðeins þýðingu fyrir Snæfellsnessýsluna, heldur og fyrir Barðaströndina, því að hann heldur uppi sambandinu þangað, þannig að farið er með bátum til Flateyjar og að Brjánslæk og til fleiri staða í Barðastrandarsýslu. Fjvn. lagði til, að veittar væru til þessa vegar kr. 45000, en vegamálastjóri lagði til, að veittar væru 50000 kr., og fer mín till. fram á sömu upphæð.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að till. í sambandi við hafnarmál. Ég flyt þar tvær brtt. Sú fyrri er á þskj. 419, IX, 1, þ. e. hafnargerð í Stykkishólmi. Það, sem hér um ræðir, er það, að gamla bryggjan í Stykkishólmi er orðin úr sér gengin, svo að það yrði talsvert dýr viðgerð á bátahöfn þar. Hafnarnefnd fór fram á að fá 80000 kr. í fjárl. til þessa, þegar verið var að undirbúa fjárl. fyrir 1943, og ég held það sé óhætt að fullyrða, að hafnarnefnd og hreppsnefnd Stykkishólms hafi haft vilyrði eða jafnvel loforð um að fá þessa upphæð veitta, 80 þús. kr., eða a. m. k. 60 þús. kr. Nú hefur fjvn. veitt aðeins helminginn, eða kr. 40 þús., en svo er ástatt, að það er þegar í samráði við sérfræðinga búið að panta mikið af því efni, sem til þessa verks þarf, og er í því efni byggt á því vilyrði, sem hafnarnefnd og hreppsnefnd töldu sig hafa fyrir því að fá þetta fé á þessu ári. Fyrir því hef ég borið fram till. um hækkun upp í kr. 80000, sem aðaltill. eða til vara kr. 60000, en það er sú upphæð, sem hafnarnefnd og hreppsnefnd töldu sig hafa vissa von um og hafa fengið vilyrði fyrir að fá.

Þá á ég hér aðra till., viðvíkjandi lendingarbótum á Hellissandi. Á Hellissandi hefur verið unnið að hafnarbótum og veitt nokkurt fé til þeirra, sem þó er ekki verulegt á þann mælikvarða, sem hafnargerðir eru miðaðar við og fjárveitingar til þeirra. En það er þannig, að það hafa orðið talsverð mistök við þessa hafnargerð, sem sumpart verður að skrifast á reikning þess sérfræðings, sem fjallaði um verkið, og sumpart eru vegna skiptra skoðana héraðsbúa sjálfra.

Á Hellissandi eru einhver hin beztu skilyrði til útgerðar, sem við Breiðafjörð og Faxaflóa verða fundin. En þar geta menn aðeins stundað sjó á smábátum, og tilgangurinn með þessari fjárveitingu er að bæta svo við hafnarmannvirkin með hafnargarði og hærri bryggju, að þar megi hafa 12—15 tonna báta, og skapa með því þorpinu ný lífsskilyrði. Því er ekki að leyna, að þorpið hefur verið mjög afskipt bæði um hafnarbætur og vegabætur. Hellissandur er eitt af þeim örfáu kauptúnum á landinu, sem eru án bílvegarsambands við önnur byggðarlög. Fjvn. leggur til að veita einar 25 þús. kr. til lendingarbóta á staðnum, en hreppsnefnd og sýslunefnd hafa sent Alþ. áskoranir um að veita minnst 100 þús. kr. Þetta mál er það, sem þeir leggja langmesta áherzlu á af öllum sínum málum. Ég flyt brtt. á þskj. 419, IX um að verða við þessum lágmarksáskorunum héraðsmanna, en til vara 75000 kr.

Næsta brtt., sem ég á, er við 16. gr., flutt af mér og hv. þm. Barð., um að hækka styrk til Sambands breiðfirzkra kvenna úr 700 kr. í 1000 kr. Það er eðlilega álitamál, hversu háar upphæðir skuli veita slíkum samtökum, en þetta samband er ekki aðeins nafnið. Það heldur uppi kennslu í 3 sýslum, Snæfellsnes-, Dala- og Barðastrandarsýslum, og hefur fasta kennslukonu, sem ferðast um og hefur haldið mörg námskeið. Auk þess hefur sambandið haldið uppi tilsögn í garðyrkju. Rekstrarkostnaður félagsskaparins er því allmikill og vissulega ekki til of mikils mælzt, að það fái þessar 1000 kr.

Þá er það 22. brtt. á þskj. 419, þar sem ég legg til, að styrkir til nokkurra sjúkra- og styrktarsjóða tvöfaldist. Það eru alls 13 slíkir sjóðir á 17. gr. fjárlagafrv. með 150—300 kr. hver, samtals 3250 kr. Hækkunin, sem ég legg til, nemur því aðeins 3250 kr. alls, og vona ég, að öllum megi vera öfundlaust, þótt þessar þörfu stofnanir verði styrktar svo.

Við 18. gr. hef ég lagt til, að styrkur til Ásdísar Sigurðardóttur verði 300 kr. í stað 200 kr., sem fjvn. leggur til. Hún hefur verið ljósmóðir í 32 ár í Miklaholtshreppi og að nokkru leyti í Eyjahreppi. Hún lét af störfum við árslok 1930, en svo stendur á, að ljósmæður, sem þá létu af störfum, voru ekki komnar í fjárlög og komu ekki heldur undir núverandi eftirlaunaákvæði, en urðu alveg út undan, nema Alþ. bæti úr. Það hefur verið reiknað út af fulltrúa í Tryggingastofnun ríkisins, að henni mundu bera 300 kr. eftirlaun, og þótt fjvn. þyki það ekki fært, ber ég fram till. um, að henni verði greiddar þær.

Við 22. gr. hef ég ásamt 3 hv. þm. borið fram brtt. á sama þskj. um að greiða dr. Guðmundi Finnbogasyni landsbókaverði full laun, er hann lætur af embætti, en hann er 70 ára nú í vor og verður að láta af starfinu. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir þm., að þessi þjóðkunni fræðimaður hefur verið allra manna stórvirkastur og margt gert stórvel, og vænti ég, að brtt. fái góðar viðtökur.

Þá hef ég ásamt hv. þm. V.-Ísf., hv. þm. A.-Sk. og hv. 8. þm. Reykv. borið fram brtt. um sérstakar launabætur handa barnakennurum við fasta skóla, 1000 kr. til hvers, og farkennurum, 500 kr. til hvers. Ríkisstj. hefur borið fram till. um 2000 kr. launabætur til embættismanna í 3 stéttum og 1000 kr. launabætur handa lögregluþjónum. Það er

kunnugt, að barnakennarar hafa verið mjög illa launaðir. Fyrir tveim árum var þó farkennurum veitt launahækkun, sem nam 400 kr. á ári, en þrátt fyrir það eru þeir allir mjög svo illa launaðir. Barnakennaralaun með 30% uppbót gera aðeins 3600 kr. á ári fyrir utan verðlagsuppbót, og miðað við laun annarra starfsmanna og stétta, eru það vitanlega smánarlaun. Okkur þótti ekki fært að leggja til, að allir kennarar fengju þessa 2000 kr. uppbót, sem embættismönnum er ætluð, enda ekki að öllu leyti réttmætt. En í samráði við hæstv. menntmrh. gerðum við þá till., sem ég lýsti. Áður en till. var flutt, var einnig leitað til fræðslumálastjóra og málið borið undir hann, og þótt ríkisstj. flytji hana ekki, er þetta gert í samráði við hana og með fullu samþykki menntmrh. Ég skal taka fram, að barnakennarar eru að tölu sem hér segir: Í kaupstöðum 181 kennari fastur, við barnaskóla utan kaupstaða 157, samtals 338 kennarar við fasta skóla, en farkennarar 124. Uppbótin er samkv. því 338 þús. kr. til fastra kennara og 62 þús. til farkennara, samtals 400 þús. kr.

Þetta eru þær till., sem ég hef flutt, og þótt ástæða væri til að minnast á ýmsar fleiri brtt., mun ég láta mér nægja þessa grg. fyrir till. mínum og vænti þess, að Alþ. sjái sér fært að samþykkja þær.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 346, n. 355 og 390, 387, 388, 410, 411, 419).

Pétur Ottesen: Það var nokkuð um það rætt við 2. umr. fjárl., að þau bæri þá öðruvísi að en venja væri til, þar sem fjvn. hefði ekki lokið athugun á tekjuhlið fjárl. og hefði einnig frestað til 3. umr. að gera till. um nokkra stóra útgjaldaliði, sem fjalla sérstaklega um framlög til verklegra framkvæmda. Því var jafnvel haldið fram, að þetta væri algerlega nýtt fyrirbæri, og af því að það hefur ekki komið nógu skýrt fram, að þessu er ekki þann veg farið, vildi ég segja um þetta nokkur orð og taka það fram, að afgreiðsla af hendi fjvn. hefur fyrr borið að með svipuðum hætti, en þá lágu til þess sérstakar ástæður eins og nú. Var nógsamlega skýr grein gerð fyrir því af hv. frsm. fjvn., í hverju þær ástæður voru fólgnar, og vil ég aðeins bæta því við, af því að mitt nafn var dregið inn í umr. í sambandi við þær athuganir á tekjuhlið frv., sem n. hefur látið fara fram, að þeim athugunum var ekki lokið, þegar málið var afgr. úr n. til 2. umr. Athugunum þessum var haldið áfram, og þær leiddu til þess, að við hv. 2. þm. N.-M., en okkur var falið að athuga þetta og gera um það tillögur til nefndarinnar, komumst að þeirri niðurstöðu, að hægt mundi að áætla tekjurnar allmiklu hærri en virtist í upphafi. Eins og hv. frsm. tók fram, lágu ekki fyrir, að því er tekju- og eignarskatt snertir, nein skattaframtöl, þegar málið kom til 2. umr., en nokkrum dögum síðar kom fram allmikið af framtölum í Rvík, og sýndu þau, að á vissum stigum skattstigans mundi tekjugrundvöllur verða allmiklu rýmri en á s. l. ári, svo að n. taldi hægt að hækka tekjuáætlunina á þessum lið til muna. Telur hún áætlun sína um þetta ekki óvarlega, þegar miðað er við þennan grundvöll. Hitt er annað mál, að innheimta skattsins fer allmjög eftir árferði í atvinnumálum á því ári, sem skattinn á að greiða. Er ekki hægt að segja fyrir fram, hvernig ástatt verður í þessum efnum né hvað ríkissjóður muni bera úr býtum í raun og veru, þegar innheimtu skattsins er lokið.

Um 2. lið á tekjuáætluninni, verðtollinn, gegnir sama máli. Við, sem störfuðum að undirbúningi þessarar áætlunar, áttum tal um málið við einn af ráðh., og sagði hann, að ríkisstj. væri ekki eins svartsýn nú og þegar hún tók við völdum, að því er snerti aðflutningsörðugleikana. Mætti því ætla, að þessi tekjustofn yrði nokkru rýmri en áætlað var.

Og að fengnum upplýsingum um þetta varð samkomulag um það í n. að áætla verðtollinn hærri og einnig vörumagnstollinn.

Ég vildi láta þetta koma hér fram til viðbótar því, er frsm. sagði, er hann gerði grein fyrir þessari breyt. af hálfu n., og mun ég ekki fara lengra út í það.

Eins og hvar annars staðar geta orðið skiptar skoðanir í fjvn. um einstaka till. Venjan er sú, að þær till., sem samþykktar eru af meiri hl. n., eru síðan bornar fram sem brtt. n. í heild, en þó hafa allir nm. vitanlega óbundnar hendur við afgreiðslu þeirra.

Í n. er ávallt rík tilhneiging til þess, ef ágreiningur er, að þá lagi nm. sig sem allra mest hver eftir öðrum, svo að n. geti staðið sem allra bezt saman, því að á því veltur mikið um tök n. á afgreiðslu fjárl.

Þó skerst svo í odda um einstaka till., að algerlegur klofningur verður og fyrirvari er á hafður, eða klofningsins er getið í nál. eða kemur fram á annan hátt síðar við umræður.

Við höfum nú 3 nm., hv. þm. Ak., hv. þm. Dal. og ég, skrifað undir með fyrirvara að því er snertir nokkur atriði í 22. gr. Auk þess eru í sjálfum fjárlögunum nokkrar tillögur, er ég fyrir mitt leyti hefði talið mega betur fara, en ég skal nú ekki fara út í það.

Ég ætla aðeins að minnast á till. n. um 1. lið við 16. gr. Í frv. eru veittar 200 þús. kr. til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, en n. leggur til, að þessi liður verði hækkaður upp í 500 þús. kr. Mér þótti ekki ástæða til þessa, þar eð svo miklu fé er nú varið til verklegra framkvæmda, og ekkert, sem bendir til, að svo muni á þessu ári draga úr atvinnu. Ég get því ekki séð, að ástæða sé til að hækka þessa fjárveitingu. Atvinnuvegina skortir mjög vinnuafl, og óvenjulegar framkvæmdir ríkis og bæja eru fyrirhugaðar á þessu ári.

Þessi upphæð var fyrst veitt til atvinnubóta. Síðar varð breyting á úthlutun hennar samkv. ráðstöfun sérstakrar nefndar. En hins vegar er það svo, að miðað við núverandi kringumstæður mundu þessar 200 þús. kr. nægja til þeirra verkefna, sem nefndin beinir fénu til. Einnig er til skýrsla um það, að n. úthlutaði ekki nema hluta þeirrar upphæðar, er hún fékk til umráða á árinu 1942.

Út af þeim umræðum, sem hér hafa orðið um fjárframlög til vitabygginga, þá vil ég geta þess, að ég veit ekki betur en að upphæðin hafi verið

ákveðin í samráði við vitamálastjóra og í samræmi við það, sem hann áleit hægt vera að koma í framkvæmd á árinu. Vitamálastjóri er áhugamaður um þær framkvæmdir, sem hann veitir forstöðu, og vill gjarnan fá fé til framkvæmda, en hann gerði ekki ráð fyrir, að hægt væri að framkvæma vitabyggingar fyrir hærri upphæð en þetta.

Nú vita allir, að mikið vantar á, að búið sé að lýsa upp ströndina, en hins vegar þýðir ekki um þessa hluti að miða framlag til framkvæmda við meira en það, sem í mesta lagi er hægt að láta vinna á hverjum tíma.

Því áleit ég ekki rétt að hækka þessa upphæð. Hv. frsm. tók greinilega fram fyrir hönd n., hvernig hún ætlaðist til, að úthlutað væri styrk þeim til byggingar húsmæðraskóla, er gert er ráð fyrir í brtt. n. 28. lið.

Það lágu fyrir umsóknir frá tveimur stöðum, Laugarvatni og Veggjalaug í Borgarfirði. Hann tók fram, að við skiptingu fjárins bæri að taka tillit til þess, hve langt væri komið undirbúningi verksins á hverjum stað.

Í sambandi við fyrirvara okkar, er ég nefndi áðan, vil ég minnast hér á tvær till. Önnur er 95. liður í brtt. n., stafliður 6, um að verja tveimur millj. kr. til atvinnuaukningar, ef atvinnuleysi verði á árinu, og skuli því varið til að byggja samvinnubyggðir og leggja vegi.

Með því útliti um atvinnu og með skírskotun til þess viðhorfs, er ég talaði um áðan, þar sem riflega er nú veitt til verklegra framkvæmda, þá lítum við svo á, að þessi fjárveiting sé ástæðulaus. Ef hér verður atvinnuleysi á árinu, þá er það af því, að atvinnuvegirnir bíða hnekki. Það er vitað, að ein hætta er hér á ferðinni, og hún er sú, að tilkostnaðurinn við framleiðsluna í landinu verði í öfugu hlutfalli við verð það, sem fæst fyrir framleiðsluvörurnar á erlendum markaði. Ef reynslan sýnir, að atvinnuvegir okkar stöðvast, eða úr þeim dregur, þá leiðir af sjálfu sér, að þrengjast muni um atvinnu. En skammt hrekkur að ætla sér að laga þetta með fjárveitingu til atvinnubóta.

Það er önnur leið til í þessu máli, og hún er sú, að gera til þess ráðstafanir í landinu, að tilkostnaðurinn við framleiðsluna haldist í eðlilegu hlutfalli við það verð, sem fyrir hana fæst.

Þetta er aðalverkefni þessa þings, og úrlausn þessara mála liggur á öðru sviði en því að veita fé á fjárl. til að styrkja atvinnulaust fólk. Því að ekki verður um það deilt, að það fé verður ekki sótt annað en í hina lífrænu atvinnuvegi fyrst og fremst, sjávarútveg og landbúnað. Þetta vildi ég láta koma í ljós viðvíkjandi fyrirvara okkar.

Þá er 97. till. við 22. gr. Þar er lagt til að breyta orðalagi þess liðs, eins og það er nú á fjárl. og felur í sér heimild fyrir stj. til að skera niður 35% af ólögboðnum fjárveitingum, ef tekjur bresta. Meiri hl. fjvn. leggur hins vegar til að fella niður þessa heimild, en miða við annað atriði gagnstæðs eðlis, nefnilega að fé verður afgangs. Liðurinn, eins og hann er orðaður í frv., er miðaður við ráðstafanir, sem heimilt sé að grípa til, ef ríkið bresti fé. En í brtt. er þessu snúið við og ráðstafað fé, sem afgangs kynni að verða.

Nú er ég síður en svo á móti að taka svona ákvæði upp í fjárlagafrv., og fjvn. hefur einmitt skrifað stj. um það, að það fé, sem veitt er til verklegra framkvæmda og eigi er unnið fyrir, yrði þá lagt til hliðar og geymt. Þessu eru vegamálastjóri og vitamálastjóri sammála, og það er ekkert nýtt, þótt till. um það komi fram að taka þetta ákvæði upp í frv. En það er þá engin meining fyrir Alþ., ef það vill fá þetta ákvæði tekið upp, að setja það á heimildargr. fyrir stj., heldur á þá að koma því inn í fjárl., svo að stj. sé bundin til að fara svo með þetta fé sem fyrir er lagt, þegar skilyrði skapast til þess.

Till. mín um þetta er á þskj. 419, 27. liður, og er þess efnis, að þetta ákvæði sé sett inn á sérstaka gr. í frv. og þar með sé því slegið föstu, að þetta skuli gert, ef svo stendur á sem þar um ræðir. Ég vil mæla með, að þetta ákvæði verði tekið upp í frv. og sett á réttan stað. Brtt. meiri hl. n. felur því ekkert nýtt í sér annað en það að fella niður heimildina til niðurfellingar á útgjöldum, ef tekjur bresta.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að fara fleiri orðum um brtt. meiri hl. fjvn., og þykir mér ekki ástæða til að ræða frekar um ágreining þann, er markaður er með fyrirvara okkar.

Ég á hér, auk brtt. á þskj. 419, sem ég hef nú gert grein fyrir, tvær brtt. á þskj. 410.

Sú fyrri er um nýjan lið inn á 15. gr., 3000 kr. fjárveitingu til Önnu Bjarnadóttur til að ljúka við samningu enskunámsbóka. Anna Bjarnadóttir Sæmundssonar fiskifræðings, hins merka fræðimanns, á heima í Reykholti í Borgarfirði. Hún var lengi enskukennari hér við menntaskólann í Rvík, og er ágætum hæfileikum gædd í starfi sínu. Héraðsskólinn í Reykholti var svo heppinn, að hún fluttist þangað, þar sem hún nú kennir tungumál og fleira. Hún hefur gefið út 2 hefti af enskunámsbókum, sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir héraðsskóla og gagnfræðaskóla. Þessar bækur þykja ágætar, og nú er hún að vinna að stíla- og orðasafni. Þetta er mikið verk og ég hef leyft mér að bera fram þá till., að hv. Alþ. styrkti hana til þessara þjóðnýtu starfa. Hjá henni fer saman mikill og staðgóður lærdómur og löng æfing í kennslu. Ég held, að það sé mikilsvert fyrir enskunámið hér, að hún hafi kringumstæður til að ljúka þessu verki, svo mikilsvert sem það er. Þetta væri bæði stuðningur við framtak hennar og viðurkenning í senn. Fræðslumálastjóri mælir eindregið með því, að aðstaða hennar verði gerð sem bezt til að ljúka þessu verki, sem hann telur mikilsvert fyrir enskunámið í landinu.

Síðari brtt. mín er um nýjan lið inn í 22. gr., þess efnis að láta Íþróttafélagi Rvíkur í té lóð undir íþróttahús í Rvík til leigulausra afnota. Félagið sjálft og Í. S. Í. hafa sent erindi um þetta efni til fjvn. Þetta á að verða samkomuhús eða heimili fyrir íþróttamenn víðs vegar að af landinu. Félagið er staðbundið hér, en það er nú svo, að íþróttalíf landsins í heild á mikla stoð í íþróttastarfsemi höfuðborgarinnar. Ég flyt þessa till. einnig af því, að íþróttastarfið hér er mikilsverður þáttur í uppeldi og menningarlífi þjóðarinnar, ekki aðeins á sviði líkamsræktar, heldur eins og ekki síður á andlega sviðinu. Það er öllum vitað, að hér í Rvík eins og alls staðar í fjölmenni þróast alls konar miður hollur félagsskapur. Það eru margar freistingar, sem sitja fyrir unglingum

og ungu fólki á gelgjuskeiði. Þessi félagsskapur, kaffihúsalíf, drykkjuskapur og hvers konar óregla, freistar mjög unglinganna og leiðir þá út á hættulegar brautir. Gegn þessu stendur hins vegar íþróttastarfsemin eins og sterkur varnarveggur. Íþróttaæfingarnar taka mikinn tíma. Menn verja til þeirra þeim frístundum, sem þeir fá frá vinnu sinni, og sækja þangað starfsþrótt, bæði til líkama og sálar, og það á sér áreiðanlega stað miklu víðar og oftar en við höfum hugmynd um, að íþróttaiðkanirnar halda mönnum frá margs konar óreglu og freistingum. Það er því mjög mikilsvert að hlynna sem bezt að íþróttastarfseminni, því að hún er mjög mikilsverður liður í uppeldismálum þjóðarinnar.

Í íþróttalögunum er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarsjóðir styðji þessa starfsemi og verndi og leggi henni m. a. til lóð undir íþróttahús. En nú hagar því svo til hér í Rvík, að bærinn á ekki umráð yfir neinni lóð á því svæði, sem hentugt er að reisa á íþróttahús, en það er innan Hringbrautar. Þess vegna hef ég nú að ósk félagsins borið fram brtt. um það, að Alþ. heimili ríkisstj. að láta félagið fá lóð á hentugum stað, sem ríkið á, en það á m. a. ráð á ágætri lóð í nánd við Arnarhólstúnið. Ég vil mæla með þessu, og ég er þess fullviss, að með þessum stuðningi við íþróttastarfsemina sé verið að hlynna að mjög þörfu málefni. Þessi starfsemi byggist á áhuga og atorku þeirra manna, sem beita sér fyrir þessu góða málefni, en það er sýnilega mikill stuðningur við þessa menn, að þeir fái slíka viðurkenningu og uppörvun af hálfu hins opinbera, og það mun verða þeim hvatning og brýna heilbrigðan metnað, sem er mikilsvert fyrir íslenzku þjóðina að halda í.

Ég skal ekki minnast hér á brtt. einstakra þm., en þó aðeins geta þess, að hv. þm. Barð. flytur hér brtt. á þskj. 410, um aukið framlag til bygginga á ríkisjörðum. Fjvn. tók þetta upp sem nýjan lið og lagði til að veittar yrði 100 þús. kr. til þessa, en háttv. þm. Barð. leggur til, að það verði hækkað upp í 200 þús. kr. Fyrir 2—3 árum var tekin upp í fjárl. 100 þús. kr. fjárveiting til þess að standa straum af jarðeignum ríkisins. Þessi liður stendur enn í fjárl. og er í raun og veru meðgjöf með jarðeignum ríkisins. Þannig er, að jarðakaupasjóður hefur keypt allmikið af jörðum nú á síðustu árum. Ríkið varð að taka við þessum jörðum með þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíldu, svo sem fasteignaveðslánum, en afgjöld jarðanna eru aðeins 3% af fasteignamatsverði þeirra, þannig að ríkissjóður hefur orðið og verður að gefa með þessum jörðum, og hafa þessar 100 þús. kr. verið veittar í því skyni. Nú er það svo, að til bygginga á jörðum ríkisins má taka veðlán út á þær, en í þessari dýrtíð hrekkur það mjög skammt. Sú upphæð, sem fjvn. lagði til, að tekin yrði inn í fjárl. og hv. þm. Barð. leggur til, að verði hækkuð um helming, er ætluð til þess að bæta nokkuð úr þessu.

Ég er ekki í vafa um það, að þetta fyrirkomulag hjá ríkinu, að seilast eftir jörðum einstakra manna og binda sér skuldbindingar með því, sé óþarft og miður heppilegt. Það er líka vitað, að eftirlit með þessum jörðum ríkisins úti um land er alls ekkert. Reynslan hefur og sýnt það áður, að menn litu allt öðrum augum á umbætur á leigujörðum en þeim, sem voru í sjálfseignarábúð. Þetta eftirlitsleysi er líka farið að segja til sín í margs konar niðurníðslu á þessum jörðum og það versnar æ meir, eftir því sem lengra líður. Ég vildi hér aðeins koma að þessum aths. um þetta mál. Búnaðarþing í fyrra gerði ráðstöfun til þess að kjósa n. til að athuga l. um erfðaábúð og óðalsrétt, og munu nú vera lagðar fyrir búnaðarþing brtt. við þau lög, sem miða að því að gera mönnum auðveldara að gera jarðir sínar að ættaróðulum og greiða fyrir því, að menn fái keyptar ríkisjarðir. Ef búnaðarþing bæri gæfu til þess að beina málinu inn á þá braut og Alþ. tæki það upp, þá tel ég, að hér sé um heppilega stefnubreytingu að ræða.

Þá er það að lokum ein brtt., sem hv. þm. Mýr. minntist á, sem ég vil einnig gera að umtalsefni, en það er brtt. um að koma á bifreiðaferju yfir Hvalfjörð og heimild til ríkisstj. að verja allt að 750 þús. kr. til þessa. Nú á síðasta sumarþingi var safnað undirskriftum meðal þm. um að skora á ríkisstj. að láta rannsaka þetta mál. Þessi áskorun var svo send vegamálastjóra, sem hefur hafið rannsókn á þessu í samráði við herstjórnina, sem hefur tekið í sínar hendur öll yfirráð yfir Hvalfirði innan dreginnar línu í fjarðarmynninu. Þetta álit vegamálastjóra held ég, að hafi enn ekki borizt, en það mun útilokað á meðan Hvalfjörður er hernuminn að fá setta upp slíka ferju á þeim stað, sem menn helzt höfðu augastað á. Ég hef einnig hlerað, að vegamálastjóri telji aðra úrlausn heppilegri. Ég vil benda á það sem dæmi þess, hve algerlega þetta mál er óhugsað, að þessir menn gerðu ráð fyrir, að ferjan tæki aðeins einn bíl í hverri ferð. Nú er það svo, að þótt aðalferðamannastraumurinn liggi um sjóleiðina til Akraness eða Borgarness, þá fóru þó í júlí í sumar að meðaltali 40 bílar á dag fyrir Hvalfjörð. Þótt þessi ferja kæmist upp er Hvalfjörður verður leystur úr hernámi, þá er aldrei hægt að gera ráð fyrir því, að hver ferð taki minna en eina klukkustund. Þá er það sýnt, hve lítilsverð lausn það yrði á þessu máli að koma þarna upp ferju fyrir einn bíl. Auk þess verður kostnaðurinn geysimikill. Ég veit ekki, hvað ferjan sjálf kostar, en þær lendingarbætur, sem þarf að gera báðum megin fjarðarins, verða geysidýrar, því að þarna er mikill munur flóðs og fjöru auk þess sem útfiri er mjög mikið, einkum að sunnanverðu. Einnig er oft allþungur sjór á firðinum og auk þess svipvindasamt vegna hinna háu og bröttu fjalla, sem að honum liggja. Þess vegna verður allur umbúnaður að vera mjög traustur. Það kemur ekki annað til mála en að ferjan geti alltaf rennt að bryggju og bílarnir geti ekið viðstöðulaust í hana og af henni. Þetta virðist því óhagkvæm lausn, enda liggur lausnin í allt öðru. Það þarf fyrst og fremst að koma upp góðu og hraðskreiðu skipi, sem getur flutt marga bíla í senn, er gengi á milli Rvíkur og Akraness og Borgarness. Einnig þarf að koma á góðum akvegi inn fyrir Hvalfjörð. Það eru margir, sem vilja heldur fara landleiðina inn Hvalfjörð, enda er þar víða mikil náttúrufegurð. Auk þess er mikil byggð meðfram firðinum, sem þarf hvort sem er að sjá fyrir vegasambandi. Þótt ferjunni yrði komið upp, þarf því bæði að

halda uppi greiðum samgöngum á sjó við Akranes og Borgarnes og einnig að leggja góðan veg inn fyrir fjörðinn, svo að ferjan yrði alger aukaliður. Þetta vildi ég láta koma fram. Ég er kunnugur báðum megin fjarðarins og get gert mér þess glögga grein, hvað það mundi kosta að gera fullnægjandi lendingarbætur fyrir ferjuna.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vænti góðra undirtekta við þær brtt., sem ég hef hér talað fyrir.

Forseti (HG): Útbýtt er á fundinum brtt. á þskj. 420, frá ýmsum, og þarf að leita afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Hér hafa margir talað, síðan ég flutti framsöguræðu mína, og sé ég mér ekki fært að fara út í þær ræður lið fyrir lið, nema þar sem sérstakt tilefni er til.

Hv. þm. Barð. veik máli sínu til fjvn., og var mér það að vísu ljóst, áður en hann flutti ræðu sína, að það var mikið ábyrgðarstarf að vera form. fjvn. Hins vegar er mér það ekki ljóst, að þótt ég hafi með hlutkesti valizt til þessa starfa, þá bæri ég ábyrgð á því, að Patreksfirðingar svelti vegna mjólkurleysis. Hv. þm. Barð. deildi á fjvn. fyrir að hafa ekki veitt honum viðtal, að mér skildist. En af því að fjvn. hefur haft mjög stuttan tíma til umráða, hefur hún skorazt undan því að eiga mikil viðtöl við þm., en fyrir henni hafa legið skriflegar skýrslur frá ýmsum þm., og þar á meðal þessum hv. þm., um óskir þeirra, en að því leyti, sem þessi erindi hafa ekki nægt, hafa allir þm. átt aðgang að flokksmönnum sínum í fjvn., og þeir hafa getað falið þeim að koma óskum sínum áleiðis í n. Flokkur þessa hv. þm. á þrjá fulltrúa í fjvn., og ég tel það óréttmæta árás á þessa ágætu menn, ef hann telur, að réttur hans hafi verið fyrir borð borinn í fjvn.

Ég vil gjarna styðja vegabætur á Vestfjörðum, og ég held, að þessi hv. þm. þurfi ekki að kvarta yfir því, að ég hafi beitt mér á móti framlögum til vega þar. En þegar hann er að tala um, að dregið hafi verið úr eða fellt niður af till. vegamálastjóra um framlög til vegagerða á Vestfjörðum, þá ætti hann helzt að snúa sér til flokksbróður síns, fyrrv. fjmrh., en ekki til fjvn., því að hún hefur þó bætt nokkuð fyrir það, sem fyrrv. fjmrh. dró úr till. vegamálastjóra, þar á meðal hækkað tillag til nokkurra vega eftir till. vegamálastjóra, sem mér skilst, að fjmrh. hafi ekki treyst sér til að taka upp.

Hv. þm. Barð. sneri sér sérstaklega að mér, — en ég er einn minna flokksmanna í fjvn., — og spurðist fyrir um það, hvort sá mismunur, sem gerður væri á framlögum til vega í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu, stafaði af því, að þm. V.-Ísf. væri úr sama flokki og ég. Og mér skildist, að í því sambandi væri hann að bera mér á brýn einhverja hlutdrægni í sinn garð. Nú er vegaféð til Vestur-Ísafjarðarsýslu eftir till fjvn. 60 þús. kr., en vegafé til Barðastrandarsýslu 92 þús. kr., þannig að ef einhver hlutdrægni hefði átt sér stað, væri hún í þá átt, að það hefði verið dreginn mjög laklega taumur míns ágæta flokksbróður (ÁÁ), en ekki eins og hv. þm. Barð. vill vera láta, að ég hafi haldið honum of mjög fram. Ég segi þetta til dæmis um röksemdafærslu hv. þm. Barð., en ekki til þess að draga að neinu leyti úr áhrifum hans ágætu ræðu, sem sjálfsagt hefur sannfært margan mann. Ég þykist vita, að þessi hv. þm. hefði með sinni alkunnu lipurð og röksemdafærslu e. t. v. getað haldið betur á hlut sínum heldur en þeir ágætu flokksmenn hans, sem sitja í fjárveitinganefnd. En þó veit ég ekki, hvort það hefði verið réttlátt gagnvart öðrum kjördæmum.

Ég held ég þurfi ekki að svara frekar hv. þm. Barð. Hann var að tala um, að það mundi vera hægt að koma á sambandi milli Patreksfjarðar og Brjánslækjar, að mér skildist um Kleifaheiði. Sá vegur mun vera um 50 km á lengd, ef hann er lagður alla leið, en yfir heiðina sjálfa nokkru styttri. Og eftir þeim upplýsingum, sem vegamálastjóri hefur gefið fjvn., mundi hann kosta til þess að koma opnu sambandi yfir heiðina 330 þús. kr., og vísitöluhækkun að auki, sem mun nema samtals rúmlega 1 milljón króna, og þótt veittar hefðu verið 20—30 þús. kr. meira til þessa vegar á þessu ári, þá held ég, að ekki hefði fengizt æskilegt vegasamband yfir þessa heiði.

Þessi hv. þm. var að kenna mér nokkuð í landafræði á Vestfjörðum. Ég hef ekki farið með neinum hafnsögumanni um Vestfirði eins og hv. þm. Barð., en ætla, að ég hafi rétt fyrir mér, þegar ég held fram, að vegur yfir Þorskafjarðarheiði mundi koma Vestfirðingum að gagni vestur í Bíldudal, þótt yfir fjörðinn sé að fara, þegar komið er samband yfir Rafnseyrarheiði.

Nú er það svo um fjárveitingar yfirleitt, að það eru sjálfsagt margir, sem finna sig mjög afskipta. En því miður er því nú svo farið um tekjur ríkissjóðs, að þótt þær væru tífaldar á við það, sem þær munu reynast, þá mun erfitt að taka tillit til allra óska, sem fram koma. Þm., sem setið hafa lengi á þingi, hafa vanizt að þurfa að læra það, að það verði að taka óskir þeirra nokkuð í áföngum, en ekki er hægt að uppfylla þær allar í einu stökki. En hlutdrægni veit ég ekki til, að hafi gætt í störfum fjvn., heldur rík tilhneiging til þess að reyna að taka tillit til óska manna, eftir því sem fært hefur þótt.

Ég vildi víkja örlítið að ræðu hv. þm. Vestm. Hann fann mjög að því, að fjvn. hefði gengið af fundi, þegar þingið væri að halda fund. Nú er þetta ekki rétt. Fjvn. var á fundi, áður en þingfundur hófst, en hafði því miður ekki lokið honum, þegar sá rétti tími var kominn til þingfundarhalds, og kom ekki fyrr en ½ klukkustund seinna á fundinn. En n. var að ræða ýmis mál, sem meðal annars varða kjördæmi þessa hv. þm. Og þó að það að vísu væri ekki á hans vitund, að það mál væri til umræðu, held ég óþarft fyrir hann að setja snuprur í fjvn. fyrir fjarvistina, meðal annars af þessum ástæðum.

Viðvíkjandi framlagi til hafnargerðar í Vestmannaeyjum hefur fjvn. tekið upp till. um 100 þús. kr. framlag þangað. Þar af voru 58 þús. kr. ætlaðar til greiðslu á aðgerðakostnaði á hafnar-

garði Vestmannaeyja á liðnu ári. Nú hafði einnig komið fram ósk frá Vestmannaeyjakaupstað um, að upp yrði tekin fjárveiting til hafnarbóta í Vestmannaeyjum á þessu ári, 100 þús. kr. Fjvn. var þetta hvort tveggja mjög vel ljóst, og það því fremur sem einn af nm. í hafnarnefnd Vestmannaeyja hafði átt tal við formann fjvn. og skýrt þetta mál fyrir honum. En um framlögin til hafnargerða er svo yfirleitt, að það er ekki ætíð hægt að greiða á sama ári það framlag frá ríkissjóði, sem unnið er fyrir, og kemur því mjög oft fyrir, að ríkissjóður er nokkuð á eftir með þessar greiðslur. Það er ekki einstakt um Vestmannaeyjar. T. d. fær Litill staður eins og Hnífsdalur ekki nema helming af því, sem hann er búinn að vinna fyrir, aðrir staðir ekki nema þriðjung. Og Hafnarfjarðarkaupstaður er nú þegar búinn að vinna við sína hafnargerð fyrir svo mikla upphæð, að ríkið mundi þurfa að borga á þessu ári, ef vel væri, 300 þús. kr. til hans. En á fjárl. eru einungis teknar upp 150 þús. kr. til þessa verks. Ég segi fyrir mig, að ef möguleikar virtust á að taka að fullu tillit til óska Vestmannaeyinga í þessu efni, þá mundi ég sízt vera meinsmaður þess og vildi mjög gjarna athuga það, áður en þessari umr. er slitið. Mér þykir mjög fyrir því, að ekki hefur verið tækifæri til þess, að hv. þm. Vestm. fengi sérstakt viðtal við alla n. En það hefur því miður verið svo á þessu þingi, að fjvn. hefur haft svo nauman tíma til starfa, að til sliks hefur ekki verið unnt að fá tíma, þrátt fyrir það að æskilegt hefði verið.

Ég hef ekki hugsað mér að fara út í ræður einstakra þm. Það hafa verið fluttar ýmsar brtt. hér, sem eru sjálfsagt mjög áríðandi, um nýjar fjárveitingar, t. d. till. um að laga til árósa, svo að laxinn geti gengið upp eftir viðkomandi ám og þurfi ekki að stranda á söndum og leirum hjá bændum við ósana, heldur geti komizt alla leið til þeirra, sem eiga heima lengra uppi í landinu. En ýmsar þessar till. eru þess eðlis, að þar virðist gæta meira sérstakra sjónarmiða fyrir einstaka hluta af sveitum heldur en fyrir heil kjördæmi, hvað þá að hægt sé að segja, að sjónarmiðs alls landsins gæti í þeim.

Ég vil geta um eina brtt. sérstaklega, —— sem ég hefði átt að gera að umtalsefni í frumræðu minni, — á þskj. 387, tölulið 96, þar sem fjvn. leggur til, að tekið sé upp á heimildargr. að veita allt að 100 þús. kr. í byggingarstyrk til nokkurra listamanna. Það lágu fyrir n. beiðnir frá nokkrum listamönnum um byggingastyrki eða ábyrgðir. Flestir þessir menn eiga nokkuð erfitt uppdráttar. Það eru ýmist málarar eða myndhöggvarar. Sumir eru byrjaðir á að koma sér upp einhverju skýli yfir höfuðið og vinnustofu, en aðrir hafa hug á að koma þessu upp. Fjvn. vildi verða við þessum beiðnum, eftir því sem fært þætti, og leggur mjög eindregið til, að þessi till. sé samþ.

Þá vildi ég minnast á brtt. frá fjvn. á þskj. 420, við 22. gr. fjárlaga, að ríkisstj. heimilist að verja úr ríkissjóði allt að 35 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir síldarrannsóknir þær, er atvinnudeild Háskólans hefur með höndum á Siglufirði, sem er mjög mikilsverður þáttur í rannsóknum þeim, sem atvinnudeild Háskólans hefur með höndum. Rannsóknir þessar hafa verið stundaðar á Siglufirði nokkur undanfarin ár, og rannsóknarstofan hefur haft húsnæði til þess hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. En sennilega verður það hús, sem notað hefur verið til þessa, rifið nú alveg á næstunni, og rannsóknarstofan stendur þá uppi alveg húsnæðislaus. En henni stendur til boða að kaupa hús á Siglufirði, sem álitið er mjög hentugt í þessu skyni. Þessar rannsóknir eru þáttur í rannsóknum, sem framkvæmdar eru af Bretum sumpart og sumpart af Norðmönnum og mega alls ekki falla niður. Vildi ég mæla með því fyrir hönd fjárveitinganefndar, að þessi till. verði samþykkt.

Hv. þm. Borgf. (PO) drap á 2 brtt. við 22. gr., sem hafa valdið nokkrum ágreiningi í fjvn. Sú fyrri er tölulið 95, d., um að verja allt að 2 millj. kr. til atvinnu aukningar, ef atvinnuleysi yrði á árinu, og vinna þá sérstaklega að tilteknum störfum, svo sem auknu landnámi og nokkrum vegagerðum. Ég hefði viljað eiga tal við háttv. þm. Borgf. — ekki um að fella þessa heimild niður, heldur um að hækka hana nokkuð. — Síðan fjvn. hélt fund, hef ég átt tal við vegamálastjóra, og hann hefur tjáð mér, að vera megi, að hugmynd, sem hann drap á í fjvn., geti e. t. v. komizt á nokkurn rekspöl. En sú hugmynd er á þá leið, að e. t. v. verði hægt að fá setuliðið til þess að taka þátt í vegabótum á norðurleiðinni, ef þær eru unnar á þessu ári. Vegabætur þær, sem vegamálastjóri hafði sérstaklega í huga, voru að gera góða vegi á Öxnadalsheiði og Vatnsskarði, á Hafnarfjallsvegi og fyrir Hvalfjörð. Þetta mál var ekki komið langt áleiðis, þegar vegamálastjóri átti um þetta tal við fjvn. í janúar-mánuði, en mun vera komið eitthvað lengra áleiðis nú. Og það virðist svo, að setuliðið hafi áhuga fyrir því, að gerður verði greiður bílvegur umhverfis Hvalfjörð, og enn fremur, að hinum nýja vegi á Vatnsskarði verði lokið, en þó því aðeins, að slíkt verði gert á þessu ári. Ég hef aðeins gefið upplýsingar um, hvað vegurinn kringum Hvalfjörð kostar eftir till. vegamálastjóra og enn fremur, hvað vegur á Vatnsskarði mundi kosta. En setuliðið hefur sérstakan áhuga á lagningu þessara vega, og frá því mundi sennilega fást fjárframlag til þeirra, sem næmi helmingi kostnaðar. Og þá færi að verða álitamál, hvort ekki ætti að nota tækifærið og ljúka þessum tveim vegum í sumar, ef vinnuafl fengist til þeirra. Og einmitt í því sambandi vil ég eiga tal við alla fjvn. og háttv. þm. Borgf. — ekki um að minnka þessa heimild á tölulið 96, d., heldur hækka hana nokkuð, breyta henni í þá átt, að ef atvinnuleysi eða aðrar ástæður gera það nauðsynlegt, þá væri einnig tekið upp á þenna lið heimild til að vinna að þessum vegum sem ég nefndi, nú á þessu sumri, og hækka framlag til þeirra, en ekki lækka.

Það ágreiningsatriði, sem hv. þm. Borgf. drap á, var niðurskurðarákvæðið á 22. gr. XIX. Meiri hl. fjvn. lagði til að þessum lið yrði breytt allmikið í annað horf heldur en hann hefur verið í undanfarið; sem sagt að fella niður niðurskurðarheimildina, en veita ríkisstj. í þess stað heimild til að leggja til hliðar fé, sem ætlað væri til verklegra framkvæmda á þessum fjárl., ef ekki fengist vinnuafl eða efni, svo að hægt væri að

framkvæma þau verk, sem áætluð væru og varið væri fé til á fjárl. Háttv. þm. Borgf. var andstæður þessari till. og hefur nú lagt fram till., sem er sama efnis, en að vísu öðruvísi orðuð, þar sem beinlínis er lagt fyrir ríkisstj. að leggja þetta fé til hliðar, ef verkin eru ekki unnin. Hann gerir ráð fyrir því, að þessi till. verði sérstök till. á fjárl. og ekki á heimildargr., heldur bein fyrirmæli. Þetta mundi þýða það, að ríkisstj. væri skyldug til, jafnvel þótt fé væri ekki fyrir hendi, að leggja þetta fé í eins konar framkvæmdasjóð í þessu augnamiði. En þá mundi aftur á móti haldast hin svonefnda niðurskurðargr. á fjárl., sem mörgum háttv. þm. — og ekki að ósekju — hefur verið nokkur þyrnir í augum. Ég get fyrir mitt leyti ekki fallizt á að gera þessa breyt. á till. meiri hl. fjvn. Ég vil skoða þessa brtt. háttv. þm. Borgf. sem tilraun til þess að koma í veg fyrir, að niðurskurðargr. verði breytt. Hann ætlast til, og með réttu, að till. sín komi til atkv. á undan till. meiri hl. fjvn., og væntanlega mundi ekki till. meiri hluta n. um þetta verða borin undir atkv., ef till. háttv. þm. Borgf. yrði samþ. Hins vegar mundi þessi till. meiri hl. n. koma undir atkv., ef till. háttv. þm. Borgf. yrði felld, þar sem annars vegar er að ræða um beina fyrirskipun, en hin till. er aðeins heimildartill. Ég hef þó til vonar og vara lagt fram varatill. við þessa brtt. fjvn. í því tilfelli, að till. háttv. þm. Borgf. yrði samþ., um, að niðurskurðurinn verði aðeins 5%. Þessa till. mun ég taka aftur, ef till. meiri hl. fjvn. verður samþ.

Háttv. þm. Borgf. gerði nokkru fyllri grein fyrir tekjuáætluninni en ég hafði gert í framsöguræðu minni, og ég held, að af þeirri grg. megi verða ljóst, að það er nokkur ágreiningur milli fjvn. og hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. hélt því fram meðal annars, að óverjandi væri að áætla tekjur frv. af verðtollunum og vörumagnstollunum hærri en þær reyndust 1941, 23.5 millj. kr., en fjvn. hefur áætlað þær 27,5 millj. kr., eða 4 millj. kr. hærri en fjmrh., en þó 20 millj. kr. lægri en þessir tveir liðir reyndust á árinu 1942. Nú mundum við sjálfsagt geta deilt um það lengst af á þessu ári og e. t. v. til ársloka, fjvn. og fjmrh., hvor aðilinn hefði réttara fyrir sér í þessu. En áætlanir hljóta alltaf að byggjast nokkuð á reynslu ársins á undan, og sýnist þá ekki óvarlegt að gera ráð fyrir því, að þessir liðir gætu veitt tekjur, sem væru 20 millj. kr. lægri heldur en þær reyndust á árinu, sem leið.

Ég veit ekki, hvort það hefur verið á þessum forsendum byggt, að hæstv. fjmrh. hélt fram, að eins og fjárlagafrv. lægi fyrir frá fjvn., þá væri það með 6 millj. kr. „grímuklæddum greiðsluhalla", eins og hann komst að orði. En ég fyrir mitt leyti held fram, eftir þeim gögnum, sem hafa legið fyrir fjvn. og með þeim útgjöldum, sem þá leit út fyrir, að gera þyrfti ráð fyrir, að þá sé fjárlagaáætlunin eins og fjvn. skilaði henni ekkert sérlega óvarleg, svo að ég segi ekki meira. Annað mál er það, ef samþ. verður mikið af nýjum útgjöldum, sem fjvn. hafði ekki ástæðu til að gera ráð fyrir, að yrðu samþykkt. Það virðist geta breytt fjárlagafrv. ákaflega mikið. Og ég hef sérstaklega tekið það fram í því tilefni, að ekki hefur verið nein flokksstjórn til að bera ábyrgð á fjárl. og að núverandi ríkisstj. hefur ekki leitað samstarfs við fjvn. um afgreiðslu fjárl., að þinginu bæri sjálfu skylda til að sjá svo um, að fjárl. væru forsvaranlega afgr. Það liggur nú fyrir brtt. frá einstökum þm. um hækkanir á gjöldum um 11 millj. kr. Ég hef ekki kosið að gera þessar brtt. í einstökum atriðum að umtalsefni. Ég benti að vísu á um smábrtt. um læknisvitjanastyrki, í framsöguræðu minni, að þær væru að mínu viti algerlega ástæðulausar, þar sem læknishéruðin gætu, ef þau vildu, notað sér þau hlunnindi, sem l. um læknisvitjanastyrki veita. Eg vil einnig benda á eina stóra till., þ. e. um framlag til fæðingarheimils í Rvík. Fjvn. hefur tekið upp á heimildargrein 100 þús. kr. í þessu skyni, og hún hefur tekið upp sérstakt framlag til viðbótarbyggingar við Landsspítalann 200 þús. kr., samtals 300 þús. kr. Það var svo til ætlazt af fjvn., að þessar upphæðir yrðu notaðar til þess að semja við Rvíkurbæ um að reisa fæðingarheimili við Landsspítalann. Ef þeir samningar tækjust, væri framlagið samkv. till. fjvn. nægilegt, miðað við varatill. þm. Rvíkurbæjar. Ég held því, að þessir hv. þm. gætu tekið till. sína um þetta efni aftur með góðri samvizku.

Ég man svo ekki eftir fleiri till., sem ég sé ástæðu til að gera að umtalsefni. Það hlýtur að verða samkomulag meðal þm. um það, annað hvort að skera niður þær till., sem fjvn. hefur gert, eða finna nýja tekjustofna og gera áætlanir fyrir þá, eða þá í þriðja lagi að skera niður brtt. frá einstökum þm., þannig að fjárl. verði afgr. án tekjuhalla. Að samþykkja allar till. þm., sem hér liggja fyrir, án þess að fundnar yrðu tekjur á móti eða skorið niður eitthvað af till. fjvn., það væri fullkomið ábyrgðarleysi, og ég vænti þess fastlega, að um þetta fáist samkomulag, hvaða ríkisstjórn sem tekur við þessum fjárl. Hæstv. fjmrh. sagði, að allar stórfelldar framkvæmdir á þessum tímum væru óframkvæmanlegar, ef þær væru ekki beinlínis bráðnauðsynlegar og ekki hægt að komast af án þeirra. Ég tel fyrir mitt leyti, að í því frv., sem fyrir liggur, sé ekki gert ráð fyrir neinum stórfelldum framkvæmdum eða neinum öðrum framkvæmdum en þeim, sem eru nauðsynlegar og ekki er hægt að komast af án. Við verðum, þó að á stríðstímum sé, að gæta þess, að þau samgöngutæki, þau hafnarmannvirki og þær bryggjur, sem við eigum í landinu, gangi ekki úr sér. Við verðum að halda í horfinu um framkvæmdir, þó að ófriðarástand ríki. Ég skal geta þess, t. d. með hafnarmannvirkin, að þau hafa víða á þessum 2—3 s. l. árum orðið fyrir alveg óvenjulegri notkun og eru mjög víða gengin úr sér, og á ýmsum stöðum verður að hefjast handa þegar í stað, ef þeir eiga ekki að vera bryggjulausir. Á ýmsum stöðum var af fyrrverandi stj. hafizt handa um hafnarmannvirki, svo sem í Keflavík, á Skagaströnd og víðar. Þessi hafnarmannvirki eru nú nokkuð á veg komin, og það væri mikill skaði, ef nú þyrfti að stöðva þau. Þau verða að vísu nokkuð dýr, en það er nauðsynlegt fyrir okkur að sjá um, að þau tæki, sem við þurfum að hafa til framleiðslunnar, þar á meðal hafnarmannvirkin, séu í því ástandi að ófriðnum loknum, að við getum rekið atvinnu-

vegina með fullum krafti. Hæstv. fjmrh. virtist taka það nærri sér, að gert er ráð fyrir því af meiri hl. fjvn., að niðurskurðarheimildin verði felld niður. Hann spurði, hvaða munur væri á þessari stj. og fyrrverandi stj. og hvers vegna þessi stj. mætti ekki fá þessa heimild, fyrst fyrrverandi stj. hefði verið veitt þessi heimild, og hvort till. um að fella heimildina niður ætti að skoða sem vantraust á núverandi stj. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég stend að flutningi þessarar till. án tillits til þess, hvaða stj. situr að völdum, og hún er frá minni hálfu hvorki traust né vantraust, heldur aðeins till. um það að fella niður ákvæði, sem ég álít óþarft og óviðeigandi í fjárl. Hæstv. fjmrh. hefur að vísu látið uppi skoðun, bæði í útvarpsumr. og einnig við þessa umr., sem virðist koma mjög í bága við skoðun meiri hl. fjvn., þar sem hann hefur látið það í ljós, að ekki ætti að ráðast í verklegar framkvæmdir á þessu ári, og jafnvel látið skína í það, að þær hóflegu till. fjvn., sem hér eru á ferðinni, um verklegar framkvæmdir gengju allt of langt. En þessi ummæli hæstv. fjmrh. hafa þó ekki valdið því, að þessi till. liggur hér fyrir, heldur hefur meiri hl. fjvn. viljað niðurskurðartill. burtu fellda án tillits til skoðana hæstv. fjmrh. um verklegar framkvæmdir. Það er af sjálfsögðu ekki ætlunin að ráðast hér í verklegar framkvæmdir í því skyni að stofna til kapphlaups um vinnuaflið, en annað mál er það, þó að á stríðstímum sé reynt að halda nokkuð í horfinu. Ef hins vegar yrði skortur á vinnuafli eða efni, höfum við meiri hl. n. borið fram sérstaka till., sem gerir stj. kleift að leggja það fé, sem ætlað er til þessara framkvæmda, til hliðar. Niðurskurðarheimildin var hins vegar þess eðlis, að gert var ráð fyrir því, ef fjárskortur yrði hjá ríkisstj., að þá yrði dregið mjög úr verklegum framkvæmdum. En ég hygg, að atvinnuleysi og fjárskortur hjá ríkissjóði mundi mjög fara saman, og ef sérstakt atvinnuleysi yrði, þá mundi ríkisstj. ekki eingöngu vera nauðsynlegt að nota allar þær heimildir, sem stj. hefur til verklegra framkvæmda, heldur mundi stj. þurfa að gera alveg sérstakar ráðstafanir umfram það, sem ráð er fyrir gert í fjárl., til þess að bæta úr atvinnuleysinu, og þá mundi stj. þurfa að kalla Alþ. saman til þess að reyna að ráða fram úr því óvenjulega ástandi, sem þá mundi skapast. Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. er hér nærstaddur, en óneitanlega væri viðkunnanlegra, að hann gæfi nokkru nánari skýringu á ummælum þeim, sem hann hefur haft um tekjuáætlun fjvn., sem hún stendur öll að, og þar með allir þingflokkar, og enn fremur, að hann gæfi skýringar á þeim ummælum, sem hann hefur haft viðvíkjandi verklegum framkvæmdum. Það væri gott, að hann gæfi skýringu á því, hvort honum er svo mjög á móti skapi að framkvæma svo hóflegar till. um verklegar framkvæmdir, sem hér er gert ráð fyrir, að hann teldi þær óverjandi í framkvæmd. Ég vildi biðja hæstv. fjmrh. að athuga, hvort hann getur ekki sannfærzt um það, að till. um tekjuöflun séu eðlilegar og till. um verklegar framkvæmdir nauðsynlegar, — svo nauðsynlegar, að hvaða fjmrh. sem væri mundi telja sér ljúft og skylt að framkvæma þær.

Ég held svo, að ekki sé ástæða til að hafa þetta mál lengra að sinni. Ég vildi þó aðeins fara nokkrum orðum um till. hv. þm. Borgf. um, að ríkið leggi til lóð handa Íþróttafélagi Reykjavíkur. Þarna er um að ræða félag, sem starfar eingöngu fyrir Rvíkurbæ. Fjvn. hefur lagt til, að tekin yrði á heimildargr. heimild handa stj. til þess að láta leggja til leigulausa lóð handa Í.S.Í. fyrir íþróttaheimili í Rvík. Starfsemi Í.S.Í. nær yfir allt landið og er því annars eðlis heldur en starfsemi einstakra íþróttafélaga í Rvík. Með íþróttasjóðsl. er öllum bæjarfélögum gert að skyldu að láta ókeypis í té lóð fyrir íþróttastarfsemina. Það er þess vegna bein skylda Rvíkurbæjar að leggja Í.R. til ókeypis lóð. Hins vegar hlyti það að draga dilk á eftir sér, ef ríkið færi að veita einstökum íþróttafélögum í einstökum bæjum leigulausa lóð eða ókeypis. Ég ann íþróttastarfseminni í landinu alls hins bezta, og ég vil mjög gjarnan, að Alþ. hlynni að henni, en hins vegar ber ekki að loka augunum fyrir því, að þær lóðir, sem ríkið á hér innan takmarka Rvíkurbæjar, eru mjög litlar, og ríkið mun líka þurfa á þeim að halda undir opinberar byggingar innan stutts tíma. Það væri því ekki ráðlegt, að ríkið færi að leggja einstökum íþróttafélögum í Rvík til ókeypis lóðir, og ég held, að það væri rétt, að ríkið héldi Rvíkurbæ að sinni skyldu í þessum efnum, en færi ekki að losa hann undan þeim skyldum er hvíla á öllum öðrum bæjafélögum gagnvart íþróttastarfseminni, þannig að hver kaupstaður haldi uppi íþróttastarfseminni innan sinna takmarka samkv. l. Ég get þess vegna ekki frekar en í fjvn. fallizt á till. hv. þm. Borgf. í þessu efni.

Aðra till. vildi ég einnig minnast á, en það er till. hv. þm. Barð. um að hækka framlag til bygginga á ríkisjörðum úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. Fjvn. tók þessa till. upp eftir tilmælum hæstv. atvmrh., og fyrir lá erindi frá þeim manni, sem með þessi mál hefur að gera í stjórnarráðinu. Hann hefur einmitt gert ráð fyrir því, að þessi byggingarstyrkur yrði tekinn upp með 100 þús. kr., en ekki 200 þús. kr., eins og hv. þm. Barð. leggur til. Viðvíkjandi því, að ríkið selji nú jarðir sínar, þá kemur þar til álita nokkur stefnumunur, og þá sérstaklega sá, hvort ríkið eigi að kaupa jarðir af bændum í harðærum og selja þær svo aftur í góðærum, þegar jarðirnar hækka í verði, en það skilst mér helzt vera stefna hv. þm. Borgf. í þessu máli. Ríkisstj. hefur vissulega ekki sótzt eftir því að kaupa jarðirnar af bændum. Bændur hafa óskað eftir að selja ríkinu jarðirnar. Þess vegna kemur það undarlega fyrir, ef ríkið á að fara að selja bændunum jarðirnar aftur, þegar þær eru í hæstu verði, og þá vitanlega að kaupa þær í annað sinn, þegar fer að þrengjast um hjá bændum. Ég held, að vegna komandi kynslóða sé það heppileg stefna, að ríkið eigi jarðirnar, bæði á góðum árum og vondum, og reyni að haga ábúðarlöggjöfinni þann veg, að bændur geti vel við unað. Hver kynslóð getur þá greitt hæfilega leigu fyrir jarðirnar í stað þess að þurfa að svara út háu jarðarandvirði.

Ég læt svo útrætt um þetta að sinni. Sé svo, að hæstv. fjmrh. sé ekki viðstaddur, þætti mér mjög kært, ef sá hluti hæstv. stj., sem hér er

mættur á fundinum, vildi svara þeim fyrirspurnum, sem ég hef hér borið fram.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég skal ekki tefja mjög þessar umr., en ætla að minnast á örfáar brtt. á þskj. 410.

Á 12. gr. fjárl. tölul. 3 eru læknisvitjanastyrkirnir, og er til þeirra ætlað þar samtals kr. 13550. Ég sé, að hér eru bornar fram brtt. frá mörgum hv. þm. um hækkanir á þessum styrkjum. En í sambandi við þetta vil ég taka fram, að árið 1941 voru samþ. 1. um læknisvitjanasjóði, og þá varð að samkomulagi milli þm., að styrki til læknisvitjana skyldi ekki hækka frá því, sem þá var á fjárl., og hámark þessara styrkja mun hafa verið 950 kr. mest í héraði. Þetta varð þá að samkomulagi. Enda er það svo um læknisvitjanastyrkina, að þeir eru ákveðnir mjög af handahófi til hinna einstöku héraða og látnir til héraða, þar sem þeir kannske eru ekki nauðsynlegri heldur en í öðrum, sem engan slíkan styrk fá. En þegar 1. um læknisvitjanasjóði voru sett, átti að tryggja það, að hvert hérað, sem vildi og hefði þess þörf, gæti orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem þau 1. veita, gegn framlagi á móti úr héraði. Ég legg því á móti því, að brtt. um læknisvitjanastyrki verði teknar til greina, þar sem farið er fram á hækkun á þeim.

V. brtt. á þskj. 410 frá háttv. þingmönnum Reykv. er um stofnun fæðingardeildar fyrir Rvík í sambandi við landsspítalann, og er farið fram á í því augnamiði, gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurkaupstað, að samþ. verði á fjárl. 600 þús. kr. fjárveiting. Það er engum blöðum um það að fletta, að á því er mikil nauðsyn að koma upp fæðingarheimili hér í Rvík. Það hafa lengi verið óskir uppi um það að stækka fæðingardeild landsspítalans. Meðan við vorum í stjórnmálasambandi við Danmörku og reyndar lengur, var skylda allra lækna að sigla til Danmerkur til að læra fæðingarhjálp. Síðar var sú skylda numin úr gildi, og menn þurftu ekki að fara til Danmerkur til að læra slíkt, heldur gátu lært það á landsspítalanum. En fæðingardeildin þar er lítil og ófullkomin og samsvarar ekki kröfum, sem til slíkrar deildar verður að gera, hvorki fyrir lækna eða ljósmæður. Þess vegna er nauðsyn á, að þessi deild sé stækkuð. Fjvn. skildi þetta líka, og í hennar till. er mælt með 200 þús. kr. fjárveitingu til þess að stækka þessa fæðingardeild. En það er vitanlega ekki nóg fé til þess að ljúka slíkri stækkun, en mætti þá fremur skoðast sem fyrsta fjárveiting af t. d. tveimur til þremur. Til ýmissa slíkra hluta, þótt þarfir séu, er ekki hægt að veita fjárframlag á einu ári, svo að fullgera megi slíkar nauðsynjaframkvæmdir, heldur verður slíkt oft að taka mörg ár, með framlögum þá á móti annars staðar frá.

Auk þess mælir fjvn. með á heimildargr. (22. gr.) 100 þús. kr. framlagi til fæðingarheimilis fyrir Rvíkurbæ, sem nú er mikið áhugamál bæjarstjórnar Rvíkur og almennings hér í bæ. Og það er sett að skilyrði, sem ég hygg, að ekki þurfi að deila um, að sanngjarnt sé, að heilbrigðisstjórnin samþykki fyrirkomulag stofnunarinnar og stað fyrir hana. Og verður að vona, að um þessa stofnun fáist samkomulag milli bæjarstjórnar Rvíkur, landlæknis og spítalalækna landsspítalans. Landlæknir hefur sérstöðu í þessu máli. Hann vill, að Rvíkurbær eigi fæðingarheimili út af fyrir sig, sem ekki sé sjúkrahús, þar sem allar venjulegar og léttar fæðingar geti farið fram, en svo eigi landsspítalinn að eiga fullkomna fæðingardeild, þar sem hægt væri að veita fullkomna fæðingarhjálp, sem væri þá kennslustofnun fyrir lækna og ljósmæður. Um þetta er töluverður ágreiningur í bænum. T. d. er Guðmundur Thoroddsen prófessor á þeirri skoðun, að ekki þurfi að stofna neina slíka deild nema við landsspítalann, sem eigi að nægja fyrir Rvík og allt landið, með 35—40 rúmum. En landlæknir er, eins og ég tók fram, á annarri skoðun. Og það er von mín, að þessar mismunandi skoðanir nái að samræmast, þannig að náist samkomulag í þessum málum, hvort sem fæðingarheimilin verða eitt eða tvö, svo að úr byggingu verði. Því að þess er full þörf, og fjvn. hefur mælt með 300 þús. kr. framlagi samtals til slíkra bygginga. Þess vegna er það till. mín til hv. flm. þessara till., að þeir taki brtt. aftur, því að fjvn. hefur séð þessa þörf, eins og ég hef nú skýrt, svo að þessum málum er vel borgið.

Þá er hér brtt. (410, VII) um aukið framlag til sjúkrahúsa vegna sjúkrahúsanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Það var getið um það við 2. umr., að fjvn. mælti með auknum styrkjum til sjúkrahúsa, eins í hverjum landsfjórðungi, í Rvík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Henni þótti ekki nema sanngjarnt, að hver landsfjórðungur fengi sitt sjúkrahús, sem gæti tekið á móti utanhéraðssjúklingum sem öðrum, og að þau væru rekin á sem fullkomnastan hátt. Þess vegna mælti hún með því, að hver landsfjórðungur fengi sitt höfuð-sjúkrahús. Vestmannaeyjar og Siglufjörður voru ekki tekin þar með, því að landsspítalinn var talinn höfuð-sjúkrahús fyrir Suðurland og sjúkrahús Akureyrar fyrir Norðurland, svo að ég held, að það sé ekki ástæða til að fara eftir óskum frá Vestmannaeyjum og Siglufirði í þessari áminnztu brtt., því að ég hygg, að fleiri kröfur mundu þá koma á eftir um styrki, sem taldir væru hliðstæðir, til sjúkrahúsa.

Þá er ein brtt. enn, sem mig langar til að víkja nokkrum orðum að, undir rómv. 83 á þskj. 410, frá ríkisstj., tveir liðir, a og b. Þar er um að ræða sérstakar launauppbætur, sem hafa verið borgaðar, eins og hv. þm. er kunnugt, án þess að nein stoð væri fyrir þeim í raun og veru í 1. Það er nú svo, að ég má til að fara nokkrum orðum um aðdragandann að því, að þessar launabætur urðu til, a. m. k. í sambandi við héraðslæknana, og ég álít, að þeir hafi allverulega sérstöðu, samanborið við aðrar stéttir, sem þeirra launabóta verða aðnjótandi. Og mér þykir leitt, að ríkisstj. skuli ekki hafa fundið ástæðu til að tala um þetta við stjórn okkar félags. Við héraðslæknar eigum okkar stéttarfélag eins og fleiri stéttir hér á landi, sem á að hlúa að málum okkar. En í þessu efni var eigi leitað umsagnar þess.

Þegar fram kom á árið 1941 og dýrtíð fór ört vaxandi hér á landi og allir, sem laun tóku, voru

búnir að fá sínar launahækkanir gegnum aukna dýrtíðaruppbót, þá var það svo, eins og er enn, að læknarnir fá ekki nema lítinn hluta af sínum launum, sem þeir hafa til að lifa af, greiddan úr ríkissjóði. Og laun þeirra eru ákaflega lág, samanborið við laun annarra starfsmanna ríkisins, vegna þess að þeim er ætlað að ná tekjum gegnum læknisstörf sín, og hafa þeir ákveðinn taxta um þau, sem heilbrigðisstjórnin semur, sem þeir eiga að fara eftir. Nú var það krafa okkar félags 1941, að við fengjum þennan taxta hækkaðan, samanborið við aðrar stéttir, sem höfðu fengið dýrtíðaruppbót á sín laun. En landlæknir vildi ekki, að sú leið væri farin, og bar það fyrir sig, sem að mörgu leyti er rétt, að ef við fengjum hækkaðan taxtann, þá yrði erfitt, þegar dýrtíðinni létti aftur, að fá hann lækkaðan, eins og ég líka býst við, að erfiðara verði að lækka grunnkaupið en að hækka það. Og þess vegna taldi hann þetta sem eins konar dýrtíðarráðstöfun, að læknar fengju aukna dýrtíðaruppbót, — að vísu á laun, sem eru ekki til staðar samkv. launal. Þessi leið var svo farin, sem var alveg óvenjuleg, enda voru margir læknar andvígir þessari aðferð. Læknafélagið féllst samt á þessa aðferð, en við hækkuðum ekki taxtann. En fyrir fjölda lækna var það tap, peningalega séð, því að þeir hefðu haft meiri tekjur af því, ef taxtinn hefði verið hækkaður í hlutfalli við dýrtíðina heldur en með því að fá þessa launauppbót; og voru þetta læknar í stórum héruðum. En þeir sýndu fullan þegnskap og skildu, hvað á seyði var, og þess vegna beygðu þeir sig undir þetta fyrirkomulag.

Mér finnst vegna þess, sem ég hef fram tekið, heldur óvarlegt að fara að svipta læknana þessari uppbót, ef ekkert á að koma í staðinn, því að þó að eigi að fara að greiða þeim 2 þús. kr. ofan á verðlagsuppbótina, þá er það svo hverfandi lítið, að við því er varla takandi. Ég býst nú ekki við því, að læknar mundu kannske ekki komast af vel flestir, þó að þeir fengju ekki neinar uppbætur. En þeir vilja ekki, að þeirra starf sé svo vanmetið, að þeir einir, þegar allir aðrir hafa fengið fullkomnar launa- og kjarabætur, séu settir hjá. Það er það, sem þeim sárnar, en ekki hitt, að flestir þeirra mundu kannske ekki geta lifað, þó að þeir yrðu án þessara bóta. En enda þótt þeir hafi nokkra sérstöðu í þessum efnum, býst ég kannske ekki við, að hægt sé að taka þá eina út úr, úr því sem komið er. Þess vegna fer ég eindregið fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún segi til um, hvort hún álíti ekki rétt að hækka taxta læknanna. Mér virðist öll sanngirni mæla með því, að svo verði gert. Það er nú svo komið, að prestar fengu á síðasta vori hækkaðan taxta sinn um 50%. En við læknar höfum engar taxtahækkanir fengið enn.

Nú óska ég því eftir upplýsingum frá hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún fengist ekki til, þrátt fyrir þessa 2 þús. kr. launabót, að hækka taxta læknanna. Ég óska að fá um það svar, því að ef hæstv. ríkisstj. þóknast ekki að gera það, mun ég koma með brtt. þessu viðvíkjandi.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) hefur látið svo um mælt, að það hafi verið gálaus stefna af hálfu ríkisstj. að hafa ekki talað við félag héraðslækna, áður en stjórnin tók þann kost að leitast fyrir um, að þetta ákvæði yrði sett inn með brtt. við fjárlagafrv., sem hann hefur gert að umtalsefni. En ég játa hreinskilnislega, að það var svo langt áliðið tímans, þegar ég varð þess var, að svona væri ástatt um launabætur héraðslæknanna, að ég sé mér alls ekki fært að fara að bera þetta undir félag héraðslækna. Ég ræddi þetta mál við landlækni, og hann sagði mér, að annaðhvort mundu héraðslæknar ekki taka við minnu heldur en 650 kr. eða þá, að hækkaður væri taxtinn. Ég álít, að héraðslæknar ættu ekki að hafa neina sérstöðu gagnvart öðrum launamönnum, sem taldir eru hér upp, því að þeir hafa ekki orðið verr úti heldur en aðrir launamenn að öðru leyti heldur en því, að einstakir af þeim, sem hafa mestar aukatekjur, þeir hafa við þessa aðferð, sem hér var höfð og fundin var upp sem miðlunarleið af landlækni, líkast til misst nokkuð af tekjum sínum.

En ríkisstj. sá sér ekki fært að fylgja þessu fram gagnvart þessari einu stétt. Sumum kom þessi leið að mjög góðu haldi, þeim sem höfðu minnstar aukatekjur, en aðrir sættu sig við hana, þó að þeir hefðu meiri aukatekjur en þessi upphæð var. Hins vegar þótti stj. rétt að svipta þessa menn ekki alveg því framlagi, sem þeim var veitt úr ríkissjóði, en fara þessa millileið, og þegar þessi leið var valin, vakti það fyrir stj., að nauðsynlegt yrði að hækka taxta héraðslækna og ljósmæðra að einhverju leyti.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Ég er hér flm. að tveim till. á þskj. 410 og ætla að skýra þær með örfáum orðum.

Önnur till., nr. 67 á þessu þskj., er um aukinn styrk til Mæðrastyrktarnefndar Rvíkur. Meðflm. mínir á þessari till. eru þeir 1. þm. Reykv. (MJ), 3. landsk. (HG) og 1. þm. Árn. (JörB). Hér er um mjög smáa upphæð að ræða, því að það er farið fram á, að styrkurinn sé aukinn úr kr. 8000.00, sem er till. fjhn., og upp í kr. 10000.00, þannig að þetta er lítil upphæð, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. greiði atkv. með þessu, ef þeir gera sér ljóst, að nefndin verður óhjákvæmilega að fá þessa upphæð. Ég ætla ekki að lýsa starfi mæðrastyrksnefndar og þeirri miklu þýðingu, sem hún hefur haft á undanförnum árum. Ég ætla að gera ráð fyrir, að þm. hafi kynnt sér það sjálfir, en þessi upphæð, kr. 10000, er í rauninni ekki meira en mæðrastyrksnefndin fékk fyrir strið, þegar hún fékk 3000 kr., og er hún ekki betur sett með 10000 nú en hún var með kr. 3000 áður, vegna þess að mest af þessum kostnaði hefur aukizt eins og vinnulaun, ef reiknuð er vinnulaunahækkun 30% og vísitalan. Mest af þessu er vinnulaun og aðrir liðir, sem ekki hafa hækkað minna. Form. n. tjáði mér, að ef n. fengi ekki þessa upphæð, sem hér er farið fram á, mundi n. ekki sjá sér fært að hafa lengur opna skrifstofu, svo að það, sem hér væri um að ræða, væri það, að þessar 8000 kr. kæmu að engu haldi, ef féð væri ekki aukið, svo knappt er það. Formaður hefur lagt fram allmikla vinnu að undanförnu, ókeypis, en getur

það ekki lengur. Eftir að hv. þm. hafa athugað þetta, treysti ég því, að þeir samþykki þessa litlu hækkun.

Svo á ég hér aðra till. Það er ekki smátill., heldur stór, og það má búast við, að meiri ágreiningur verði um hana, og er ekki neinn vafi á því. Ég flyt hér sams konar till. og við 2. umr., um hækkun á framlagi til alþýðutrygginga úr 2000000 kr. upp í kr. 5500000, en við 2. umr. flutti ég till. um að hækka þetta upp í 6000000 kr. Ég lýsti þá tilganginum með þessari till., en tilgangurinn er sá að fá nægilegt fé til að inna af hendi lögboðnar greiðslur, og í öðru lagi, sem er aðalatriðið, að það, sem fram yfir er, sé notað sem stofnfé til þess að gera breyt. á l. um alþýðutryggingar. Þessum tilgangi var lýst við 2. umr., og nú er sett athugasemd við till., þar sem beinlínis er mælt fyrir, að þetta fé verði lagt til hliðar og notað sem stofnfjártillag. Ég tel ekki neinn vafa á því, að viðtækar breyt. verði gerðar á alþýðutryggingal., þar sem n. verður sett til þess að endurskoða þau, auk þess sem Alþ. hefur ákveðið að láta fara fram miklar breyt. á l. sem hafa mjög mikinn kostnað í för með sér. Hins vegar er það skoðun mín, að ríkissjóður skili miklum tekjum á þessu ári, en aftur á móti er allt í óvissu um framtíðina. Það er allt í óvissu með tekjur næsta árs og ára. Ég tel það illa farið, ef hinn góði fjárhagur ríkissjóðs á þessu ári yrði ekki notaður til þess að leggja fé til þessara framkvæmda.

Ég hef flutt hér ásamt öðrum nokkrar brtt., en þar sem ég er ekki 1. flm. á fleirum en þessum, geri ég ráð fyrir, að aðrir muni mæla fyrir þeim, og mun ekki fara fleiri orðum um þær till., sem ég flyt.

Ég ætla að nota tækifærið til þess að minnast hér á eina till. fjvn., sem hefur verið talsvert mikið um deilt. Það er síðasta till. á þskj. 387, þar sem ætlazt er til, að heimild sú, sem er í 22. gr. frv., um, að hægt sé að lækka útgjöldin um 35%, ef sérstakar ástæður geri það nauðsynlegt, falli niður, en í staðinn komi fyrirmæli um, að ef ekki eru framkvæmd þau verk, sm fjárl. ákveða, vegna skorts á efnivörum eða vinnukrafti, sé heimilt að geyma þetta fé á sérstökum reikningi til þess og óheimilt að verja því til annarra hluta. Ég skil það svo, að í þessari brtt. fjvn. felist alveg hárrétt stefna, og satt að segja finnst mér það dálítið einkennilegt, þegar ég heyri þm. vera að tala um það öryggisleysi og fyrirhyggjuleysi að láta þessa heimild um að lækka útgjöldin um 35% niður falla. Það væri í rauninni alveg ófyrirgefanlegt fyrirhyggjuleysi af þinginu að láta þessa heimild standa og það mesta öryggisleysi, sem hugsazt gæti. Þetta þýðir það, að meira en 1/3 af tekjum ríkissjóðs eigi að vera óbundinn í fjárl. og stj. gæti eftir eigin mati skorið niður framkvæmdir samkv. fjárl. um meira en 1/3 hluta og hún gæti að meira en 1/3 hluta gert fjárl. að marklausu plaggi. Meira öryggisleysi í afgreiðslu fjárl. er varla hægt að hugsa sér. Ég held, að sporin undanfarin ár ættu að hræða. Ef milljónir standa utan fjárl., hefur þingið enga tryggingu fyrir því, að þetta fé fari ekki í súginn. Mín skoðun er sú, að tekjur þessa árs verði miklar, og mín skoðun er sú, að tekjurnar séu of lágt áætlaðar hjá fjvn., en hins vegar, að svo kunni að fara, að næstu ár verði mjög kröpp fjárhagslega fyrir ríkissjóðinn. Það, sem mundi skapa mesta öryggið, væri að áætla tekjurnar sem réttastar eftir því, sem næst verður komizt, og ætti að vera nokkru auðveldara að gera sér grein fyrir, hvernig áætla skuli nú, þegar komið er langt fram á árið, og binda fé í aðkallandi framkvæmdum og geyma það, sem ekki er hægt að nota af ófyrirsjáanlegum orsökum á þessu ári fyrir skort á efnivið og vinnuafli, og sérstaklega reynt að nota það til sömu framkvæmda seinna. Þetta er sú stefna, sem fjvn. hefur tekið upp góðu heilli á nr. 96 á þskj. 387. Það hefur komið fram hér í umr., eins og ég sagði áðan, mikil andstaða gegn þessu, og það var einnig mikil andstaða gegn því innan fjvn., og hafa verið gerðar næsta furðulegar tilraunir til þess að fá Alþ. á einhvern hátt til þess að hafna þessari leið, sem fjvn. leggur til, að farin verði. T. d. ber einn nm., hv. þm. Borgf. (PO), fram till., sem er að sumu leyti um sama efni eins og till. fjvn. á þskj. 387, en það er bara munurinn sá, að hún kemur fyrir sérstaka gr. undir 22. gr., og ef hún yrði samþykkt, mundi heimildin um að skera niður verklegar framkvæmdir um 35% standa áfram í l., svo að þessi tilgangur er auðsær. Það á, af því að hann býst við, að þingið sé sammála efni sjálfrar tillögunnar, að ginna þingið til að samþykkja þetta, til þess að ekki sé hægt að bera upp till. fjvn. á eftir um sama efni og til þess að ekki sé hægt fyrir þingið á þessu stigi málsins að láta í ljós vilja sinn um það, hvort það vilji fella niður þessa 35% heimild eða ekki. Þetta er sýnileg tilraun hjá þm. til þess að lokka þingið til að láta þessi 35% standa, jafnvel þó það sé á annarri skoðun. Það er teflt á tæpasta vaðið, þegar nm. í fjvn. nota svona brellur. Hvað sem skoðun manna um þessi 35% líður, er vitaskuld ekki annað sæmandi en að fella þessa till. hjá þm., þegar hann reiknar með að hafa svona brellur í frammi; það á auðvitað að fella till., sem eingöngu er bornar fram í slíkum tilgangi.

Þá er önnur till. frá öðrum þm., sem er á sömu skoðun og hv. þm. Borgf., og gengur líka í þá átt að gera till. fjvn. nr. 96 að engu. Það er till. hv. þm. S.-Þ. (JJ), nr. 89 á þskj. 410. Þar er lagt til, að nýjum lið sé bætt við 22. gr. þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að haga opinberum framkvæmdum, sem kostaðar eru af ríkisfé, þannig, að framleiðslan í sjávarútvegi og landbúnaði geti engu að síður fengið nægilegt vinnuafl til þess að halda þessum framleiðslugreinum í eðlilegu horfi. Ef stj. hefur sama mat á hlutunum og þessi þm. (JJ), þm. Borgf. og sérstaklega þm. Barð. (GJ), hvað þýðir það? Það þýðir það, að stjórnin yrði að draga svo mjög úr opinberum framkvæmdum, að atvinnuleysi yrði í landinu. Þessir hv. þm. hafa margsinnis talað um vöntun á nógu framboði á vinnuafli, til þess að landbúnaður og sjávarútvegur gæti fengið nægilegt af verkafólki. — Nóg framboð á vinnuafli, þ. e. a. s. atvinnuleysi. — Einn af þessum þm., hv. þm. Barð., lýsti því yfir, að atvinnuleysi væri nú þegar að hefjast

víða um landið, og var að heyra, að hann byggist við, að atvinnuleysið yrði miklu meira. Samt þykir honum það ekki nóg. Hann þarf meira atvinnuleysi. Það þarf meira atvinnuleysi samkv. skoðun þessa þm. til þess að halda eðlilega í horfinu, eins og það er svo mannúðlega orðað í till. hv. þm. S.-Þ. Samþykkt hans till. gæti orðið til þess að stj. væri í sjálfsvald sett, hvað hún léti framkvæma, svo að það væri eins gott, að engin fjárl. væru, hvað snertir opinberar framkvæmdir, og stj. hefði þetta eins og henni þætti haganlegast. Það kemur ekki til mála, að þingið fallist á till. eins og þessa, það hlýtur að dæma brellu hv. þm. Borgf. eins og þessa fáránlegu till. hv. þm. S.-Þ., því að það kemur svo greinilega fram stefna og vilji þessara þm. Það var auðheyrt á ræðu hv. þm. Barð., að tilgangurinn er líka annar en hér kemur í ljós, að hægt sé að fá nauðsynlegt framboð á vinnuafli. Var hann ekki að boða almennar vinnudeilur í vor, sem ekki getur þýtt annað en að það eigi að lækka kaupið? Og hann veit, að ekki þýðir að fara út í það, nema atvinnuleysi sé, svo að það er skiljanlegt, að þessum mönnum sé illa við, að vinna sé í landinu, og vilji gera ráðstafanir til þess, að atvinnuleysi hefjist. Allt er þetta ósköp skiljanlegt. En þessir þm. hafa ekki lært að skilja þá tíma, sem nú eru, og það er verst fyrir þá sjálfa. Það er þeirra von að fá aftur ástandið fyrir stríð með öllu sínu atvinnuleysi. Þeim finnst heimurinn vera að farast vegna þeirra kjarabóta, sem verkalýðurinn hefur fengið. Þeir tala um þetta ákaflega raunalega. En það er ekki heimurinn, sem er að farast. Það er mesti misskilningur. Það er þeirra þjóðskipulag, sem er að farast, og heimurinn ferst ekki þess vegna. Þeir þurfa sennilega að átta sig á því, að eftir þetta stríð kemur gamli tíminn aldrei aftur. Draumur þeirra mun ekki rætast. Það er af sú tíð, að Íslendingar eða aðrar þjóðir sætti sig við það þjóðskipulag, sem dæmir allan þorra þjóðarinnar til þess að lepja dauðann úr skel, jafnframt því sem fámenn stétt manna hefur tækifæri til þess að raka saman gróða. Það eru af þeir tímar, að fólkið uni við slíkt þjóðskipulag. Það verður ekki þolað lengur. Þetta held ég, að væri mjög nauðsynlegt fyrir þessa þm. að skilja, og það er því verra fyrir þá sjálfa, því seinna sem þeir skilja það. Þess vegna held ég, að þeir ættu að spara sér þessar ræður sínar og reyna ofurlitið að endurskoða fyrra líf sitt og fyrri skoðanir.

Stefán Jóh. Stefánsson: Það hefði í rauninni verið ástæða til þess að ræða nokkuð almennt um þau fjárl., sem nú liggja fyrir til endanlegrar samþykktar, ekki sízt af því, að þau eru sett á vafalitið einstökum tímum og við nokkuð sérstök viðhorf í íslenzkum stjórnmálum og ef til vill á nokkrum tímamótum, en þessar umr. eru orðnar nokkuð langar, og auk þess eru margir á mælendaskrá, sem þurfa að mæla fyrir till. sínum. Ég mun því að mestu leyti sleppa að minnast almennt á fjárl., en læt mér nægja að fara nokkrum orðum um örfáar brtt., sem ég er 1. flm. að. Þó get ég ekki gengið alveg fram hjá einu stóru atriði, sem nokkuð er deilt um og deilt hefur verið um fyrr, en það er, hvort veita skuli ríkisstj. heimild til að skera niður ólögboðnar greiðslur fjárl. um allt að 35%. Alþfl. hefur, frá því að þetta komst fyrst í fjárl., verið því andvígur og að því skapi meir sem hann var óvissari um, hvernig ríkisstj., sem að völdum sat, mundi nota sér þetta. Ég held, að *nú sé meir en tími til kominn að nema þetta úr* fjárl., því að með þessu hefur verið sniðgengið það skipulag, sem lögvarið er í stjskr. Samkv. henni er þinginu einu ætlað að ráða öllu um viss mál og þá sérstaklega um fjárl., og má benda á 4 talsvert merkileg ákvæði hennar í þá átt. Í fyrsta lagi er það, að fjárlagafrv. skal vera fyrsta mál hvers reglulegs Alþ. og lagt fyrir svo snemma, að Alþ. hafi sem lengstan tíma til að athuga það. Það er m. a. til þess, að hver stjórn sýni þinginu nógu snemma vilja sinn í þeim efnum. Annað er það, að þingi má ekki slíta fyrr en fjárl. hafa verið samþ., og er það eitt, sem tryggir, að völdin í fjármálum séu hjá Alþ., en ekki ríkisstj. Bein afleiðing þess er 3. ákvæðið, að ríkisstj. má aldrei gefa út bráðabirgðafjárlög. Það eru einu l., sem hún má aldrei gefa út. Loks er í 4. lagi tekið fram, að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði án samþykktar þingsins. Það þýðir, að ríkisstj. megi ekki gera sér nein fjárl. sjálf í meira né minna trássi við þingvilja. Þannig er ljóst, að þetta ákvæði að leyfa ríkisstj. niðurskurð fjárl. er í alla staði óeðlilegt og dálitið hættulegt, þótt það hafi e. t. v. ekki komið að sök. Raunverulega ætti engri stjórn að vera akkur í ákvæðinu. Alþ. má kalla saman fyrirvaralitið, ef þörf gerist að víkja frá fjárl. Stjórnin væri engu sterkari með því að hafa ákvæðið, miklu fremur veikari vegna freistingarinnar, sem er fyrir hana að nota sér það, og vegna tortryggni annarra um, að hún kunni að misnota það. Ég hef sýnt, að engin stjórn getur komizt í vandræði fyrir vöntun þessa ákvæðis, en mjög óþægilegt fyrir stjórn að taka á sig þá ábyrgð, sem Alþ. á eitt að hafa í þessum málum sérstaklega. Hvernig sem á málið er litið, ber að dæma hart þessa tilraun til að opna dyr til að sniðganga þannig stjórnskipulagsákvæði þingræðis vors.

Þá vil ég víkja að 4 brtt., sem ég er 1. flm. að. Tvær hinar fyrstu, brtt. 48—49 á þskj. 410, snerta meðferð fjvn. á fjárveitingum til skálda og listamanna. Fyrri till., sem ég flyt ásamt hv. þm. N.-Þ. (GG), hv. 7. landsk. (KA) og hv. þm. N.-Ísf. (SB), er um hækkun á fjárveitingu til skálda og listamanna úr 100 þús. í 150 þús. kr. Okkur virðist, að þegar fjárráð eru meiri en oft endranær, væri ástæða til, að þetta framlag yrði verulega hækkað. Raunverulega er þessi hækkun ákaflega hóflát og sanngjörn. Fjárl. ársins 1939 voru samin áður eða um það bil sem heimsstyrjöldin skall á og áður en nokkur tekjuhækkun varð af hennar völdum, en þá voru skáldum og listamönnum ætlaðar 80 þús. kr., úthlutaðar af menntamálaráði. Heildarupphæð fjárl. var 18½ millj. kr. Nú er útlit fyrir, að sú heildarupphæð verði 66—67 millj. eða 3—4 sinnum hærri en 1939. Þá teljum við mjög varlega til mælzt, að framlag til skálda og listamanna tæplega tvöfaldist. Þessir menn hafa oft lifað við örðug kjör, og íslenzka þjóðfélagið hefur goldið þess,

en ekki notið, hvað kjörin hafa verið bágborin. Ég hika ekki við að segja, að við höfum efni á þessari hækkun og að þeir eigi þetta og meira inni hjá þjóðarheildinni. Ég vildi, að þessi sanngjarna till. fyndi náð fyrir augum hv. þm.

Hin brtt., flutt af mér, hv. þm. N.-Þ., hv. 11. landsk. og hv. þm. Ísaf., en örlítil orðabreyting við till. fjvn. um þetta efni, að þar falli burt orðin „úr hópi sinna félagsmanna.“ Rökstuðningur okkar er sá, að ef bandalagsdeildirnar eiga að úthluta, er óheppilegt, að þær séu alveg bundnar við það að velja til þess menn úr sínum hópi. Á það hljóta menn að fallast, og get ég látið útrætt um þessar brtt.

Þá er 53. brtt. á sama þskj., flutt af mér, hv. þm. G.-K. og hv. þm. Str. 350 þúsund krónur til Noregssöfnunarinnar. Fyrir tæpu ári eða snemma vors 1942 gekkst Norræna félagið fyrir því, að kallaðir voru saman fulltrúar nokkurra félaga og blaða í því skyni að hrinda fram nokkurri fjársöfnun til handa Norðmönnum til þess að sýna þeim hug íslenzku þjóðarinnar á þessum hörmulegu tímum, og yrði það fé afhent þeim til viðreisnarstarfsins, er þeir hafa endurheimt land sitt að stríðslokum. Sakir fámennis okkar, sem erum ekki fleiri en íbúar næststærsta bæjarins í Noregi, er þess ekki að vænta, að mikið muni um fjárhæðina frá okkur, en Norðmenn kunna meir að meta, hver hugur þeim er sýndur í þessu máli. Ég átti tal við norska sendiherrann um málið, og varð um það gott samkomulag. Síðan var dagurinn 17. maí helgaður þessari sjóðstofnun. Þá varð það ljóst, hve mikil ítök málið átti í almenningi, því að ekki sást hér í bæ sá maður, að hann bæri þá ekki merki Noregssöfnunarinnar, eitt eða fleiri. Í flestum sveitarfélögum kringum land fór fram söfnun, og fjölmörg fyrirtæki gáfu álitlegan skerf. Eigi færri en hálft fjórða þúsund einstaklinga hafa gefið. Einn af minnstu og fátækustu hreppunum í nánd við Rvík ákvað að láta fúlgu, sem á hans mælikvarða var stór. Söfnunin er nú orðin 330—350 þúsund krónur og enn bætist við. Okkur fannst ástæða til að ætla, að íslenzka ríkið mundi ekki verða eftirbátur Þingvallahrepps og allra þeirra efnalitlu aðila, sem lagt hafa fé af mörkum, og höfum lagt til, að veittar yrðu 350 þús. kr., eða svipað og búið er að safna. Þm. er jafnkunnugt og mér um hörmungar norsku þjóðarinnar og gera sér í hugarlund, hvernig aðkoman verður, þegar flóttamennirnir koma loks heim og hefja það stríð, sem á eftir styrjöldinni kemur, að reisa við landið. — Ég vildi mega vænta þess, að þessi brtt. yrði samþ. einróma. Annað álít ég í raun og veru ekki sæmandi.

Nokkrir þm. hafa flutt brtt. um að afhenda upphæðina strax til norsku stjórnarinnar í London. Við flm. getum ekki fallizt á þessa brtt., því að Noregssöfnunin var í öndverðu á annan veg hugsuð og hlaut hið almenna fylgi sitt þannig hugsuð. Okkur þykir því einsætt, að þessari fjárveitingu verði varið á sama veg, — ekki eðlilegt að skilja á milli framlags almennings og þessa framlags heildarinnar. Hitt yrði sérstök fjárveiting til norsku stjórnarinnar í London, og þótt hún gæti verið réttmæt, vil ég eindregið ráða gegn því, að rofin séu í tvennt þau framlög, sem við leggjum af mörkum. Um þetta fjölyrði ég ekki frekar nú.

Loks er 76. brtt. á sama þskj. frá okkur hv. þm. Seyðf. (LJóh) um styrk á 18. gr., 1200 kr., handa Eggert Brandssyni sjómanni. Slíkur styrkur er á fjárl. veittur fjölmörgum mönnum, sem öryrkjar eru vegna slysa eða hafa á sérstakan hátt orðið fyrir barðinu á örlögunum. Eggert er 66 ára gamall sjómaður. Fyrir 44 árum braut hann handlegginn og gréri þannig, að aukaliður myndaðist. Þá var erfitt fyrir alþýðufólk að leita sér fullkominnar læknishjálpar. Rúmlega tvítugur varð hann að horfast í augu við örlögin handarvana. En hann hefur samt gengið að allri vinnu hlífðarlaust, stundað fiskidrátt á skútum eins og aðrir, — staðið frívagtir —, fór síðar á togara, en gerðist að lokum fisksali hér í bænum. Hann reynir enn að standa við starf sitt í hvaða veðri sem er og vega fiskinn með handleggnum, sem hann getur sveiflað hringinn eins og hann hangi laus við. Í hina höndina fékk hann blóðeitrun fyrir nokkrum árum, og hún varð honum ónothæf til átaka. En Eggert stóð við fisksöluna frá morgni til kvölds meir af vilja en mætti. Þessi gamli, þrautreyndi sjómaður hefur eytt beztu árum sínum í baráttu, ekki aðeins fyrir lífsbjörg sín og sinna, heldur í þágu þjóðfélagsins, seinast allt að því handalaus. Hann hefur í rauninni unnið miklu lengur en mannlegir kraftar geta enzt. Skammt er til þess, að hann hlýtur að bresta og falla, ef hann hlífir sér ekki. En hann hefur ekki safnað í kornhlöður. Hans bíða engir varasjóðir, ekki heldur eftir stríðsgróðatímann. Hann hefur unnið jafnt og þétt að fisksölu sinni með líkum ágóða og áður. Hann hefur aðeins getað aurað saman til þess að sjá fyrir sér og heimili sínu. Hvað tekur svo við, þegar kraftana að lokum þrýtur? Smáellistyrkur í einhverju formi, e. t. v. framfærslustyrkur. Hann verður að leita á náðir annarra, og það verður metið, hvað hann geti minnst komizt af með eftir 40 ára erfiðisvinnu í þágu þjóðar sinnar, með brotinn handlegg.

Þó að örlög margra íslenzkra alþýðumanna séu erfið, er þetta dæmi einstakt í sinni röð. Ég get nefnt það í þessu sambandi, að fyrir ærið mörgum árum var Eggert að vinnu sinni og var að skera beitu. Komu þá að útlendir sjómenn og námu staðar til að horfa á hann. Tilburðir hans við vinnuna voru óvenjulegir og skringilegir í augum hinna útlendu sjómanna, og þeir hlógu dátt. Þegar Eggert varð var við hlátur þeirra, rétti hann úr sér og snéri handleggnum þannig, að framhandleggurinn fór í hring. Þá hættu sjómennirnir að hlægja, þegar þeir skildu, hver voru örlög þessarar íslenzku hetju. Við háttv. þm. Seyðf. leggjum til, að þessum duglega, en útslitna þjóðfélagsþegni og ágæta gamla sjómanni verði sýndur sá verðskuldaði viðurkenningarvottur að hann fái 1200 kr. í íslenzkum fjárl. Vænti ég, að hv. þm. sjái sér fært að samþykkja það.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég lét það álit í ljós við umr. í gær, að tekjuhlið

fjárl. væri of hátt áætluð. Í þessu sambandi bar hv. þm. S.-Þ. fram þá fyrirspurn, hvort ég mundi hugsa til að leita heimildar til lántöku til að standa straum af þeim útgjöldum, sem frv. gerir ráð fyrir, ef tekjustofnarnir hrökkva ekki til. Mín skoðun er sú, að þegar einhver þjóð, eins og Íslendingar í þessu tilfelli, horfir fram á hrun, vegna þess að of mikið af lausbeizluðu fé streymir út í atvinnulífið og skapar verðbólgu, er það meira en óheilbrigð þróun þjóðarbúskaparins, ef ríkið fer að taka lán og þannig auka verðbólguna.

Mitt svar er því það, að ég mun ekki leita heimildar til að taka lán, á meðan ég er fjmrh., til þess að standa undir útgjöldum þessara fjárl. Gjöldin verða greidd svo lengi sem tekjurnar hrökkva. Eftir það mun auðna ráða, hversu fer.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Fjvn. hefur leyst á viðunandi hátt úr till. ýmsum sem ég hef borið fram við 2. umr. ásamt öðrum þm. T. d. má nefna, að ein af aðaltill. þá var um þjóðleikhúsið. Hún var leyst af hálfu fjvn. með því, að n. vill gefa heimild til að veita fé til að fullgera húsið, og er það vel farið, ef verða mætti til þess, að það yrði loks fullbúið. Í sambandi við það verður og að leggja áherzlu á þáltill., sem fyrir þ. liggur, um að skora á ríkisstj. að fá þjóðleikhúsið rýmt.

Önnur till. var um styrk til bókakaupa fyrir Landsbókasafnið. Hún var um það, að 250 þús. kr. yrðu veittar úr ríkissjóði og það tækifæri notað, sem nú gefst, til að ná ódýrum kaupum á bókum frá Englandi. Fjvn. vildi lækka þetta í 100 þús., og er skylt að una við það.

Þá eru ýmsir aðrir liðir, sem ég skal ekki nefna, en svo er ýmislegt, sem n. hefur ekki skilið nógu vel við, og hef ég þó ekki flutt fleiri brtt. en mér þótti alveg nauðsynlegar. Meðal þeirra er ein, sem ég legg mikla áherzlu á, um framlag til hafnargerðar á Húsavík. Ég flutti við 2. umr. till. um 250 þús. kr. til þessa hafnargarðs. Fjvn. hefur lækkað það niður í 100 þús. kr. Ég held, að allir þm. séu orðnir sammála um hina miklu nauðsyn þessa mannvirkis. Það liggja fyrir og hafa hlotið afgreiðslu í hv. Ed. bæði þáltill. og frv. um breyt. á hafnarl. Húsavíkur, þar sem gert er ráð fyrir svo háum upphæðum, að fyrir þær sé hægt að ljúka byggingu þessa hafnargarðs, sem sé 2—3 millj. kr., en framlag ríkissjóðs mun eftir því verða allt að 1 millj. En þá er það mjög lítið, þegar á að hefja byggingu þessa, að ekki séu á þessu ári veittar nema 100 þús. kr. Ég átti í byrjun þ. tal við vitamálastjóra, og hann var mér sammála um nauðsyn verksins, en lýsti því fyrir mér, að það væri nauðsynlegt að hefjast handa í allstórum stíl, og var það í samræmi við hans till., að ég fór fram á 250 þús. kr. í þessum fjárl.

Ég hef lýst því áður, um hve mikið nauðsynjamál er að ræða, ekki aðeins fyrir Húsavíkurbæ, heldur er þetta hagsmunamál fyrir alla þjóðina, í sambandi við það, að síldarverksmiðja yrði reist þarna. Það liggur þá líka fyrir áskorun til Alþ. frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr bréfi þessu:

„. . . . Hafnargerð á Húsavík hefur um langt skeið verið aðkallandi nauðsyn, ekki hvað síst vegna þess, að á bak við hana liggur eitt af blómlegustu landbúnaðarhéruðum landsins, sem nauðsynlegt er að tryggja góð hafnarskilyrði. Þess ber og að gæta, að góð höfn á Húsavík mundi stórum auka afkomumöguleika síldarútvegsmanna og sjómanna, þar sem telja má víst, að þar verði reist afkastamikil síldarverksmiðja, ef hafnarskilyrði væru fyrir hendi. Enda Húsavík vel til þeirrar starfrækslu fallin, þar sem hún mun í flestum árum vera mjög nærri miðbiki síldveiðisvæðisins.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leyfir sér því að mæla eindregið með því við hið háa Alþingi, að það veiti í fjárlögum fyrir 1943 nægjanlegt fé til hafnargerðar á Húsavík, sem, eins og að framan er sagt og hér skal endurtekið, er að vorum dómi brýn nauðsyn, sem undir engum kringumstæðum má dragast, að komist til framkvæmda."

Hv. þm. heyra, hve ákveðið þetta bréf er. Málið er brennandi áhugamál Húsvíkinga, og þeir mundu vilja allt af mörkum leggja sem í þeirra valdi stæði, til að hafizt yrði handa. Vinnukraftur er talsverður á Húsavík; menn leita þar burt, svo að tugum skiptir, að sumrinu í vinnu. Ég vildi mjög mælast til þess, að upphæðin yrði hækkuð úr 100 þús. í 200 þús. kr., og vænti, að hv. þm. taki því vel.

Það eru örfáar brtt. aðrar, sem ég meðal annarra er flm. að, á þskj. 410. Skal ég nefna hækkun framlags til Hins íslenzka fornritafélags. Það hefur í fjárl. 4000 kr. Þarf ekki að lýsa fyrir hv. þm., hve stórmerkileg fornritaútgáfan er og Íslendingum til sérstakrar frægðar. Hún er eina myndarlega útgáfan hér á landi af fornritum okkar, og er undir stj. manna, sem leggja mikla áherzlu á að vanda hana sem bezt. Það eina, sem hægt er að finna að henni, er það, hvað hún hefur gengið seint, m. a. af því, hve lítils styrks hún hefur notið.

Mér finnst það sjálfsagt mál, að það sé fornritafélagið, sem gefur út Íslendingasögurnar, og sé styrk til útgáfu þeirra varið til þess félags. Væri óheppilegt, ef t. d. annað ríkisforlag ætlaði að fara að keppa við það. Ég vænti, að hv. þm. taki þessari brtt. vel.

Þá flyt ég brtt. á sama þskj. um styrk til Lárusar Pálssonar leikara. Í fjárl. standa styrkir til þriggja leikara, 1200 kr. til hvers. Fjvn. hækkaði styrkinn til Lárusar upp í 2400, en með tilliti til þess, hversu góðar undirtektir till. okkar hv. þm. Snæf. fékk við 2. umr., þar sem hún var felld með aðeins eins atkv. mun, — og einn þm. lýsti yfir því, að hann greiddi atkv. á móti til 3. umr., — virðist það vera vilji alþm., að þessi styrkur verði enn hærri. Ég lýsti því þá, enda er það hv. alþm. kunnugt, að Lárus Pálsson er einn efnilegasti leikari okkar, og skóli hans yrði framtíðarskóli fyrir leikara hér.

Meiri hl. fjvn. hefur gert þá breyt. um styrk til skálda og vísindamanna, að styrknum, sem áður var úthlutað af menntamálaráði, — og þó ekki nema að nokkru leyti, — á að skipta á

milli hinna fjögurra deilda Bandalags íslenzkra listamanna, en hver deild fyrir sig úthlutar styrknum til félagsmanna og annarra. Um þessa breyt. er bæði gott og illt að segja. Listamennirnir hafa aldrei farið fram á að hafa þessa ráðstöfun með höndum og ekki óskað eftir því, heldur hafa þeir viljað, að breytt væri skipun menntamálaráðs og styrkur, sem áður stóð á 18. gr., komi þar inn aftur. Úr því sem komið er, munu listamennirnir samt fagna því, að úthlutunin er komin úr höndum ráðsins, eins og það hefur verið skipað undanfarið. Nú er samt ýmislegt óeðlilegt við þessa breyt. Styrkinn, 100 þús. kr., á líka að greiða til vísindamanna. Það er fullkomlega óeðlilegt, að deild úr Bandalagi íslenzkra listamanna deili út styrk til vísindamanna, og alveg óhæft. Við höfum því lagt til, nokkrir þm., að þetta verði greint að, þannig að í fyrirsögn gr. falli orðið „vísindamanna" burt, en í 15. gr. komi nýr liður: "Styrkur til vísindamanna og fræðimanna samkv. ákvörðun menntamálaráðs 20 þús. kr."

Fleira er athugavert við breyt. fjvn., m. a. þetta: Listamönnunum er gert að skyldu ekki aðeins að úthluta sínum félagsmönnum, heldur og öðrum. Þó er einn gleðivottur í öllu þessu. Það mátti heyra á ræðu hv. þm. S.-Þ., að till. er ekki borin fram í góðum tilgangi, heldur til þess að reyna að koma af stað ófriði innan Bandalags íslenzkra listamanna. Ég hygg, að honum verði nú ekki að ósk sinni, en þarna kemur þó fram viðurkenning frá þessum hv. þm., sem manna mest hefur barizt á móti listamönnum landsins, um, að hann gefst upp og treystir hér ekki til að halda baráttunni áfram.

Hins vegar skulu menn ekki halda, að málið sé leyst með þessu. Úthlutunin er ekkert aðalatriði í þessu máli. Það, sem listamennirnir vilja leggja mesta áherzlu á, er, að þeim sé hvorki úthlutað af menntamálaráði né þeim sjálfum, heldur af Alþ., á 18. gr. Sú barátta hlýtur að halda áfram. Þetta er ekki aðeins metnaðarmál listamanna og skáldanna, heldur heiður fyrir Alþ. sjálft að veita styrkinn beint. Ég álít, að þetta ætti ekki að vera deilumál, heldur ætti atkvgr. um það að vera ein mesta virðingarathöfn þingsins. Það er ekki nóg að halda því sífellt fram, að við metum listir og listamenn, ef við sýnum það ekki í verkinu. Ég hefði búizt við, að Alþ. mundi hafa breytt um skoðun frá undanförnum þingum á þessum málum og eitthvað hafa lært af þeirri deilu, sem staðið hefur undanfarið. Mér kom nokkuð á óvart afstaða hv. þm., er atkvgr. fór fram um það við 2. umr., hvort setja ætti nokkra viðurkennda listamenn inn á 18. gr. fjárl. — Sérstaklega kom mér á óvart afstaða hv. þm. Framsfl. Ég hélt, að sá flokkur hefði þeðið nógu mikla óvirðing af afskiptum sínum við þessi mál, svo að hann hefði nú látið sér segjast og gripið fegins hendi þá lausn, er með þessu hefði skapazt. En þó er nú eins og þeim finnist langlokur hv. formanns þeirra ganga úr hófi fram, og var ég því hissa á því, að þeir skyldu ekki nota tækifærið til þess að friðþægja fyrir afbrot hv. þm. og samþ. brtt. um að fá þessa menn, sem ranglega væru út af 18. gr. teknir, inn á þá gr. aftur.

Sósfl. hefur lagt ríka áherzlu á, að þetta ástand í málum skálda, rithöfunda og listamanna sem form. Framsfl. hefur formennsku í, verði leiðrétt, og hann gerir það að skilyrði fyrir samstarfi við aðra flokka, að þessu verði kippt í lag.

Eins og hv. þm. er kunnugt, standa yfir samningaumleitanir milli vinstri flokka um vinstri stj., og vaknar eðlilega sú spurning upp í huganum, hvort Framsfl. beri gæfu til að snúa við blaði gagnvart listamönnum þjóðarinnar og taka upp vinsamlega afstöðu til þeirra og á þann hátt hjálpa til þess, að úr myndun vinstri stjórnar geti orðið.

Ég skal viðurkenna það, að ég er einn af þeim mönnum, er heitast óska eftir því, að úr þessu samstarfi geti orðið, að bændur og verkamenn leggi sameiginlega fram krafta sína í þágu alþjóðar og standi sameinaðir að þeirri stj., er mynduð væri af fulltrúum þessara tveggja stétta. En einn nauðsynlegur tengiliður, verður að vera til staðar, til þess að úr þessu samstarfi geti orðið, en það eru menntamennirnir í landinu. Það er þriðja stéttin, sem verður að taka með í reikninginn, því að annars verður ekki hægt að koma þessu samstarfi á. Og ef Framsfl. heldur áfram að fjandskapast við listamenn þjóðarinnar, þá verður hann einn að taka afleiðingunum af því, því að með þeim fjandskap er hann að grafa sjálfum sér gröf.

Framsfl. má vita það, að svo eðlilegt og sjálfsagt er, að þessi samvinna bænda og verkamanna komist á um myndun stj., að samband og samvinna þessara stétta mun skapast eigi að síður, þó að Framsfl. með athæfi sínu streitist á móti því. Og flokkurinn mun þá velta út úr sem óþarfur og gagnslaus flokkur og velt í þá gröf, sem hann hefur sjálfur grafið sér.

En ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að Framsfl. breyti ekki um afstöðu til þessa máls, og það getur sá flokkur reitt sig á, að friður verður ekki milli þess flokks og menntamanna þjóðarinnar, fyrr en hann hefur skipað sér í baráttuna fyrir leiðréttingu á málum þeirra, varðandi 18. gr. fjárl.

Þá ætla ég ekki að lengja meira umr. um þetta mál heldur en ég hef þegar gert. Ég man ekki eftir öðrum till., sem ég er 1. flm. að, og ég veit, að þeir hv. þm., sem eru flm. að þeim till., er ég stend einnig að, munu mæla svo vel fyrir þeim till., að ég hefði ekki neinu þar við að bæta.

En mig langar þó að lokum til að minnast örlítið á þá till., er hv. 4. þm. Reykv. er 1. flm. að, en það er till. um að hækka styrkinn til skálda og listamanna upp í 150 þús. kr. Mér yrði það alveg óskiljanlegt, ef nokkur hv. þm. gæti haft á móti þeirri till., því að allir þm. hljóta að sjá, að skammt hrökkva þær 100 þús. kr. til allra þeirra listamanna, er styrks þurfa að njóta í þeirri dýrtíð, sem nú er. Það er svo ástatt hér á Íslandi, að ritlaun eru lág og markaður lítill, borið saman við aðrar þjóðir. Þess vegna er það svo að segja gefið, að hver sá maður, sem gefur sig allan að einhvers konar listastarfsemi, hann er svo að segja dæmdur til ævilangrar fátæktar þaðan í frá, nema honum

berist styrkur sér til lífsframfæris. Það er því hrein og bein skylda hv. Alþ. að sjá um, að þessi stétt manna sé ekki hart leikin vegna þess, hve aðstæður eru hér á landi erfiðari en í öðrum löndum hvað snertir þessa stétt.

Það var hægt að heyra það á hv. þm. S.-Þ., að hann var að fárast yfir því, að lagt hefði verið til, að 4000 kr. skyldu á fjárl. ganga til eins listamanns, en hvað er sú upphæð samanborið við þær tekjur, sem aðrir þegnar þjóðfélagsins fá yfirleitt? — Þetta verða hv. þm. að gera sér ljóst, er dæmt er um það, hvað listamönnum beri að fá, að þeir þurfa að lifa eins og aðrir menn.

Ég vona svo, að hv. Alþ. leiðrétti það misrétti, sem listamenn þjóðarinnar hafa átt við að búa undanfarið.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að fara að þreyta hv. þm. með langri ræðu, því að það er ekki venja mín að flytja langar ræður, en ég kemst þó ekki hjá því að gera nokkra grein fyrir þeim brtt., sem ég er 1. flm. að.

Það er þá fyrst XXX. brtt. á þskj. 410, um framlag til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki, 60 þús. kr. gegn ⅓ framlagshluta frá Sauðárkrókshreppi.

Það stendur svo á þessu máli hér, að í haust varð stórbrim í Skagafirði, og braut brimið þá land við höfnina í Sauðárkrók. Af þeim sökum fór eitt hús í sjóinn og annað tæpt komið. En það hagar svo til, að ríkið á lóðina, þar sem þetta skeði, og eru lóðir ríkisins í kaupstaðnum einhverjar þær verðmætustu þar.

Í símtali í dag, sem meðflm. minn átti við Sauðárkrók, var okkur skýrt frá því, að í óveðri hefði annað lítið hús farið í viðbót. Það er því sýnilegt, að ef dregst að gera þarna endurbót á, eru fleiri hús í mikilli hættu fyrir því að fara sömu leiðina og hin tvö.

Við sendum hv. fjvn. tilmæli um, að framlag yrði tekið upp á fjárl. til þess að lagfæra þennan stað, áður en verra hlytist af, en hvernig sem á því stendur, hefur hv. fjvn. ekki tekið þessa till. okkar til greina í brtt. þeim, er hún leggur til, að samþ. verði með fjárlagafrv. — En eftir því sem mér hefur skilizt á hv. nm. fjvn., þeim sem ég hef talað við um orsakir þess, að n. skyldi ekki mæla með þessari till. okkar, þá mun það aðeins vera af athugunarleysi að svona tókst til.

Eg vil því vænta þess, að hv. Alþ. sjái nauðsyn þessa máls, sem er svo brýn, að jafnvel þótt hv. Alþ. mundi ekki samþ. þetta framlag, þá sé ég ekki fram á annað en að hv. stj. yrði að hlaupa undir bagga, til þess að ekki hljótist meira stórtjón af völdum brimsins en orðið er. Og þar sem hv. fjvn. hefur af athugunarleysi ekki lagt til, að brtt. þessi við fjárlagafrv. verði samþ., þá vænti ég þess, að hv. Alþ. láti ekki við svo búið standa, heldur samþ. þessa brtt., svo að hægt verði að hefja þessar aðkallandi aðgerðir strax. Um það eru bæði verkfræðingar, er athugað hafa aðstæður þarna, og svo menn á staðnum sammála, að svo aðkallandi og nauðsynlegt sé, að hafizt sé handa, að það þoli enga bið, og að á komandi hausti verði varnargarður kominn til þess að firra meira tjón af völdum brimsins.

Þá skal eg og fara nokkrum orðum um tvær aðrar brtt.

Fjvn. leggur til, að styrkur til Út-Blönduhlíðarvegar sé felldur úr fjárlagafrv., en þar lagði stj. til, að veittar yrðu 35 þús. kr. til hans. Vegur þessi liggur austan Vatna og er um aðalmjólkurflutningasvæðið. Vegarkafli sá, sem gerður hefur verið, endar í vegleysu úti í mýri. En það stendur bændum á þessu svæði fyrir þrifum, að vegur þessi skuli ekki vera fullger. Það óhapp vildi til hjá bændum þarna, að garnaveiki kom í fé þeirra, og hafa þeir orðið að drepa meira og minna fjárstofn sinn og verða því að vinna sér þetta tjón með því að framleiða meira af mjólk, en Út-Blönduhlíðarvegurinn er einmitt leiðin til að koma þeirri mjólk á markaðinn, og því hljóta allir hv. þm. að sjá nauðsyn þess, að unnið sé að því að fullgera veginn, en það verður ekki hægt, ef fella á niður framlagið til hans.

Um orsakir þess, að þessi liður í fjárlfrv. skyldi vera í brtt. fjvn. um, að hann skyldi felldur niður, mun eiga rót sína að rekja til misskilnings, eftir því, sem ég kemst næst. Fjvnm. hafa, að því er mér hefur verið tjáð, staðið í þeirri trú, að okkur þm. Skagf. stæði á sama, þótt liður þessi yrði felldur niður á fjárl. En það er auðvitað hinn herfilegasti misskilningur, af hverju svo sem hann er sprottinn.

Ég vil og leyfa mér að benda á, að þetta er einasti vegurinn eftir till. fjvn., sem fella á niður. Að vísu er líka lagt til að felldur verði niður Súgandafjarðarvegur, en svo stendur á um þann veg, að hann er þegar fullgerður og því engin ástæða til að hafa hann lengur á fjárl.

Við væntum þess, að framlag til þessa Blönduhlíðarvegar verði ekki fellt úr fjárl., til þess að hægt verði að þoka honum áfram, og mætti þá að líkindum takast að ljúka honum á næsta ári. Ég vonast eftir, að hv. þm. veiti okkur þann stuðning, sem nauðsynlegur er, til þess að framlag þetta til Út-Blönduhlíðarvegar verði ekki fellt burtu úr fjárlagafrv. eftir brtt. fjvn., og það því fremur sem sú till. mun, eftir því sem næst verður komizt, á misskilningi vera byggð.

Þá vil ég gjarnan minnast nokkrum orðum á brtt. þá, er ég stend að, sem er við brtt. fjvn. 94, till. b., á þskj. 387, um hrossaræktarbú á Bessastöðum. En við leggjum til með varatill. okkar, að 5 þús. kr. verði varið til að koma upp hrossaræktarbúi að Hólum í Hjaltadal. — Ég vil benda á, að á búnaðarþingi í fyrra vetur var samþykkt með 23 atkv. að leggja til, að stofnað yrði hrossaræktarbú að Hólum í Hjaltadal í sambandi við bændaskólann þar. Var þetta mál allýtarlega rætt á þ., og voru menn yfirleitt á því, að þetta yrði mjög vel til fallið.

Það, sem öðru fremur gerir það að verkum, að hagkvæmara er að setja slíkt bú á Hólum í Hjaltadal en annars staðar, er það, að landfræðileg aðstaða er þarna mjög góð. Hrossin mundu á þessum stað vera mjög einangruð, sem er þýðingarmikið atriði. Einnig er á Hólum mikill búskapur sem einnig þarf að vera til staðar, þar sem hrossaræktunarbú yrði. Heyöflun er þar mikil, og eins og nú er háttað, er það an selt hey, svo að hundruðum hesta skiptir, en það

hey mundi af sjálfsögðu verða látið ganga til hrossaræktunarbúsins, sem þar á staðnum yrði. Ýmislegt annað er og hægt að nefna, er gerir Hóla í Hjaltadal ákjósanlegan stað fyrir hrossaræktarbú, einkum þar sem bændaskólinn er þar á staðnum.

Eins og ég sagði í upphafi, að ég mundi verða stuttorður, ætla ég líka að efna það, þó að ástæða væri e. t. v. að ræða fleiri brtt., sem fram hafa komið við fjárlagafrv., og að ég léti afstöðu mína til þeirra koma fram. En ég vil að lokum vænta þess, að hv. þm. taki vel í mál það, er ég hef nú flutt, og greiði atkv. sitt samkv. því, þegar þar að kemur.

Áki Jakobsson: Ég bjóst við, að till. mín og þriggja annarra hv. þm. um ríkisábyrgð á innanlandslán til nokkurra vatnsvirkjana væri komin fram. En þar sem afbrigði hafa enn ekki verið veitt, ætla ég ekki að ræða þá till. En það eru samt nokkrar till., er ég hef ástæðu til að ræða lítils háttar um.

Það er þá fyrst brtt. varðandi þá nýja fyrirkomulag að veita þremur sjúkrahúsum á landinu sérstök hlunnindi fram yfir önnur sjúkrahús í kaupstöðum landsins. Það er hins vegar full ástæða til þess, að allir kaupstaðir verði aðnjótandi þessa styrks, enda er hann það lágur, að ekki er nein hætta á því, að hann baki ríkissjóði mikil útgjöld. Þessi bæjarfélög, sem til greina koma, eru Ísafjörður, Seyðisfjörður, Akureyri, Siglufjörður og Vestmannaeyjar, og till. okkar, hv. þm. Vestm. og mín, ganga út á það, að ekki séu undanskilin nein af þessum bæjarfélögum, sem auðvitað er alveg ástæðulaust.

Styrkirnir, sem veittir eru, eru tvenns konar. Í fyrsta lagi eru veittar 100 kr. á hvert rúm, sem í sjúkrahúsinu er, og í öðru lagi eru 30 þús. kr. áætlaðar til þriggja sjúkrahúsa, og hefur Siglufjörður þar ekki verið skilinn eftir. Er þetta fé veitt í hlutfalli við legudagafjölda utanbæjarmanna.

Ég álít það óhæfu, að slíkt misrétti skuli eiga sér stað milli kaupstaðanna, sem stendur eins á um, og get ég ekki séð önnur skynsamleg rök fyrir þessu en að það vill svo til, að hv. þm. Ísaf. og Ak. eru einmitt í fjvn. og þessir staðir því svo heppnir að eiga þar fulltrúa. En þeir hafa ekki verið það víðsýnir að sjá, að bæði Siglufjörður og Vestmannaeyjar eiga sömu kröfu til að vera jafnhátt settir, hvað viðkemur þessum styrkjum til sjúkrahúsanna, eins og þeir tveir kaupstaðir, sem ég nefndi. Ég get a. m. k. ekki séð önnur rök til þessa misréttis en þessi. En ég vil leggja þetta undir dóm hv. þm., til þess að þeim gefist kostur á að leiðrétta þetta ranglæti, sem framið er gagnvart þeim stöðum, sem útundan eru hafðir.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um þá till. að hækka framlag til Siglufjarðarskarðsvegarins úr 250 þús. kr. í 300 þús. kr. Vegur þessi hefur verið á döfinni frá 1932, og er hann erfiður fjallvegur, og er það rétt, að hann er nokkuð dýr, en hann er ekki langur. En það, sem mest hefur að segja í þessu sambandi, er, að það bæjarfélag, er vegur þessi á að tengja í samband við vegakerfi landsins, er eitt af því þýðingarmesta fyrir allan landslýð. Vegna atvinnulífsins þar á sumrin streyma þúsundir manna og kvenna þangað. Það ríður því á miklu, að þessi bær geti verið í stöðugu sambandi við hina ýmsu landshluta, en það er ekki hægt, eins og á stendur. Reyndar er í það ýtrasta reynt að bæta úr þessu með bátsferðum frá og til staðarins, en það er bæði erfitt og hættulegt mjög, eins og oft hefur sýnt sig.

Einnig ber að taka tillit til þess, að Siglufjörður er mjög innilokaður bær. Þar sér ekki til sólar nema 10 mánuði ársins, og væri það þýðingarmikið að komast í samband við innsveitir vegna þessarar innilokunar.

Alls mun vera búið að veita til þessa vegar um 400 þús. kr., og talið er, að hann allur muni kosta 700—800 þús. kr. Ég álít, að það beri að leggja kapp á að ljúka við veginn sem fyrst, eftir að komið er svo langt á leið með hann og búið að leggja þetta fé í þann kaflann, sem lokið er. Því er það bezt, að hann verði sem fyrst bílfær.

Vegamálastjóri hefur lagt mikla áherzlu á að fullbyggja kafla og kafla, en hitt mun áreiðanlega reynast fullt svo hagkvæm leið að taka veginn í heild og gera hann bílfæran sem fyrst og þannig smátt og smátt gera hann eins góðan og hægt er. Þá kemur vegurinn miklu fyrr að gagni, og á það verður að leggja mikla áherzlu, úr því sem komið er. Því hef ég lagt til, að hækkað sé framlag til vegarins úr 400 þús. kr. í 450 þús. kr.

Þá hef ég lagt fram brtt. þess efnis, að framlagið til Siglufjarðarhafnar verði hækkað úr 75 þús. kr. í 100 þús. kr., og er ætlazt til, að því verði aðallega varið til endurbóta á innri höfninni. Eins og menn vita, fer meiri hluti síldarsöltunar á landinu fram á Siglufirði. T. d. voru ⅘ hlutar allrar saltsíldar 1938 saltaðir þar. Það er enginn vafi á því, að strax og stríðinu léttir og samgöngur við meginland Evrópu hefjast aftur, þá mun síldarsöltunin blómgast á ný og saltsíld verða ein helzta útflutningsvara okkar. Þá kemur til kasta Siglufjarðar að framkvæma þá söltun, sem á þarf að halda. En eins og sakir standa, þá er innri höfnin ekki geng nema smæstu bátum. Það þarf að grafa upp úr höfninni margar milljónir rúmmetra. Það þarf að gera fjögurra metra dýpi á allri innri höfninni. Enginn staður liggur eins vel við til að taka á móti síld og salta hana eins og Siglufjörður, en síldin þarf ekki að liggja nema fáar klukkustundir til að skemmast, og þarf því að koma henni sem skjótast í land. Hér getur enginn staður komið til greina nema Siglufjörður, svo að nokkru nemi. Það er því ekki ósanngjarnt að fara fram á 25 þús. kr. hækkun á framlagi til Siglufjarðarhafnar. Í raun og veru þyrfti meira framlag.

Árið 1939 ákvað Siglufjarðarkaupstaður að kaupa dýpkunarskip fyrir 100 þús. danskar krónur. Það var hægt að fá það með vægum kjörum, og þurfti ekki að greiða nema 50 þús. kr. á fyrsta ári. Danska ríkið átti skipið. En þetta strandaði á því, að gjaldeyrisleyfi fékkst ekki. Nú situr höfnin skiplaus, og því verða dýpkunarframkvæmdir dýrari en þær hefðu þurft að vera.

Ég flyt hér einnig aðra till. ásamt hv. 11. landsk., um hækkun framlags til Náttúrufræðifélags Íslands, úr 13 þús. kr. í 17 þús. kr. Ég álít þetta félag vera búið að sýna lofsverðan áhuga

fyrir því að létta skömm af þjóðfélaginu með því að koma upp náttúrugripasafni. Þeir, sem að þessu hafa unnið, hafa sýnt mikla fórnfýsi í starfi sínu, unnið kauplitið eða kauplaust, og er ekki til of mikils ætlazt, þó að framlag til starfs þeirra sé hækkað frá því, sem það hefur verið, sem svarar dýrtíðaruppbót, svo að þeir sitji við sama borð og áður.

Þá hef ég enn lagt til, ásamt hv. þm. Vestm., að hækka um helming framlag til lestrarstofu sjómannaheimilis á Siglufirði. Lestrarstofan hefur enga uppbót fengið á þann styrk, sem hún hefur notið, en hann hefur eðlilega rýrnað að kaupmætti.

Ég er að vísu flm. að fleiri till. og meðflm. að öðrum, en ég sé ekki ástæðu til að tala um þær, því að það hafa meðflm. mínir þegar gert.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég hef ekki miklu við að bæta það, sem ég tók áður fram sem frsm. samvn. samgmn. Ég vil aðeins leiðrétta nokkuð, sem kom fram í málaflutningi hv. þm. V.-Sk., en hann á sæti í n. og hafði samþ. nál., en kemur svo síðar fram með till. um að hækka framlag til samgöngumála í kjördæmi sínu. En hann hafði áður samþ. nál. og skrifað undir það athugasemdarlaust, en síðar, án þess að n. fengi nokkuð um það að vita, brauzt hann út úr því, ef svo mætti að orði komast. Nú, það verður hver að hafa sinn dóm um það. Ég vil aðeins benda á, að n. hefur hér í engu farið rangt að.

Annars vil ég líka benda á það, að „Suðurlandsskip" er ekki raunverulega skip. Það orð er viðhaft yfir þá flutninga, sem nú gerast á landi, og þess vegna er allur styrkur, sem því er veittur, ætlaður til landflutninga. En nú er kominn annar bobbi í bátinn, því að annað hérað, sem liggur næst héraði hv. þm. V.-Sk., vill ekki vera afskipt, og fer 2. þm. Rang. nú fram á 30 þús. kr. hækkun til styrktar flutningaleiðum á landi í kjördæmi sínu.

Vegna till., sem samþ. var á þessu þingi, um tilhögun á flutningum, gekk n. út frá því, að niðurstaða fengist um það fyrirkomulag, áður en gengið yrði frá styrkbeiðnum. Það er gott, þegar eitthvert hérað ber mikið úr býtum, og það getur reiknazt duglegum þm. til réttlætis, en réttlæti er það þó ekki, þegar eitt hérað er tekið fram yfir annað, sem engu minni hefði þörfina, og eftirköst hlýtur það að hafa. Og ég vil ekki, að þessi leið sé farin á bak við samvn. samgm., heldur að slíkar brtt. séu færðar undir 22. gr. fjárl. eða heimildargreinina, og þá séu styrkirnir ánafnaðir eftir meðmælum samvn. samgm. Nú heyri ég sagt, að fjvn. vilji ekki ganga inn á þetta og að enn ein brtt. sé á ferðinni frá henni, og verður maður þá að sætta sig við það, nema brtt. einhverra okkar beri þá gæfu að vera samþ., ef þeir þá ekki vilja bera till. sínar til baka að fenginni till. fjvn.

Ég vil aðeins leyfa mér, áður en ég sleppi því að tala um samvn. samgm., til glöggvunar fyrir þá hv. þm., sem hér eru, — og ef það kynni að berast til þeirra, sem eru fyrir utan, en væntanlega koma til skila einhverntíma, — að n. hefur eingöngu unnið að vegalagningu og brúalagningu, og hefur mikill tími farið í það að fá skýrslur um vegi og brýr, og hefur vegamálaskrifstofan orðið að inna af hendi mikið verk í þessu sambandi. Og samvn. hefur orðið að setja undirnefndir til að athuga einstakar skýrslur frekar. Upp úr þessu hefur skapazt mikið skjalabákn, og má búast við, að n. verði lengi að vinna úr því, hvort sem hún þá leggur það inn á þing sem sérstakt álit eða semur upp úr því ýmsar till. á sínum tíma. Þetta er sagt til þess, að þeir hv. þm., sem hér eru — eða sem þetta kunna að frétta— taki hlutunum með ró, þar til það kemur fram. N. lét þetta m. a. doka í undirbúningnum, þar til vissa væri fengin fyrir því, hvort þetta þing hætti næstu daga eða héldi áfram.

Þá skal ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að tveimur brtt., sem ég á á þskj. 410, við 14. og 16. gr. fjárl. Þær ganga báðar í þá átt, að hækkaður sé styrkur til húsmæðrafræðslu í Vestur-Skaftafellssýslu, 1400 kr. í stað 800 kr., í fjárveitingu samkv. 14. gr., og 750 í stað 500 til Kvenfélags Hvammshrepps samkv. 16. gr. l. Þetta munar ekki nema um nokkur hundruð, og ég tel sjálfsagt, að hv. Alþ. muni ekki telja þessa tiltölulega smáu fjárhæð eftir, því að hér er um raunverulegt menningarstarf að ræða og styrk við konur, sem hafa árum saman unnið af mikilli ósérplægni að þessum málum.

Þá flyt ég einnig brtt. við 15. gr. ásamt hv. 4. þm. Reykv., um, að Guðbrandi Jónssyni sé veittur 1800 kr. styrkur til að semja miðaldarmenningarsögu, en það er starfsemi, sem hann er allra manna bezt fær til. Ég tel sanngjarnt, að hann sé tekinn upp í þessi fjárl. Hann hafði áður, eða 1939, nokkurn styrk til þessa starfs, en svo var þetta fellt niður. Mun enginn efa, sem til þekkir, skýrleika hans og ritfærni, og ég hygg, að heppilegt sé, að honum sé veittur þessi styrkur og að hann sé tilgreindur í fjárl.

Ég læt svo útrætt um þær till., sem sem ég hef með að gera sérstaklega.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Það eru aðeins tvær till., sem ég er flm. að við þessa umr. fjárl. Báðar eru smávægilegar, þannig að þær munu ekki hafa veruleg áhrif á niðurstöðu fjárl. Hin fyrri er við 13. gr. og er á þskj. 410, tölul. 14, og eru meðflm. mínir báðir hv. þm. Eyf. Till. er um, að framlagið til Öxnadalsheiðarvegar sé hækkað upp í 170 þús. kr., eða um 50 þús. Ég gerði nokkra grein fyrir því við 2. umr. fjárl., hverja nauðsyn bæri til að auka fjárveitingu til þessa vegar, og flutti þá brtt., sem var felld og gekk nokkru lengra en þessi. Þó var hún miðuð við það, að lagður væri í veginn tiltölulega lítill hluti af því, sem nú var ætlað til að fullgera þann veg, en var hins vegar áætluð samkv. því, sem vegamálastjóri taldi nauðsynlegt að leggja fram til að bæta úr verstu torfærunum, svo að hægt yrði að halda veginum opnum að vetrinum til, þegar ekki væru sérstaklega miklir snjóar. Ég hygg, að hv. þm. sé það vel ljóst, að sú leið, sem hér um ræðir — ekki aðeins þessi hluti hennar, heldur fleiri — sé ein þýðingarmesta samgönguæð þessa lands, þar sem hún liggur milli höfuðstaðar landsins og höfuðstaðar Norðurlands, og það ríður á miklu, að henni sé komið í það horf, að hægt sé að halda samgöngum uppi sem mestan tíma ársins. Ég held það sé ekki nauðsyn-

legt að færa nein rök að þessu, en aðeins undirstrika það, að till. sú, er ég flutti við 2. umr., var miðuð við áætlun vegamálastjóra um, hvað þyrfti til að bæta úr verstu annmörkunum á þessari leið. En þó er sú fjárhæð, sem við förum fram á, 10 þús. kr. lægri en það, sem vegamálastjóri hafði áætlað. Ég vænti þess, úr því þessu er svo mjög stillt í hóf, að hv. þm. sjái sér fært að fylgja þessari till. Og ef ég færi að bera saman þessa fjárhæð við framlög til annarra vega, þá mundu þeir sjá, að hér er mjög vægt farið í sakirnar.

Önnur till., sem ég er flm. að ásamt hv. 7. þm. Reykv., hv. 7. landsk. og hv. 5. landsk. um brtt. við till. 387, er um framlag til mæðrastyrksnefndar til að annast um sumardvalarheimili fyrir mæður. Till. fer fram á, að þessi liður sé hækkaður úr 5 þús. kr. upp í 10 þús. kr. og að sundurliðunin sé þannig, að hlutföllin haldist óbreytt frá því, sem áður var, og fái Akureyri 2000 kr. í stað 1000 kr., er áður var áætlað. [frh.]

Forseti (HG): Ég vil biðja hv. ræðumann að gera örstutt hlé á máli sínu, meðan ég leita afbrigða um brtt. á þskj. 425, 426 og 427, sem nú hefur verið útbýtt meðal hv. þingmanna.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson [frh.]: Herra forseti. — Ég var að ræða um brtt. um hækkun á tillagi til mæðrastyrksnefndar úr 5 þús. kr. í 10 þús. kr. Hér er ekki um stórvægilega hækkun að ræða, sem mundi breyta niðurstöðu fjárl. Ég fullyrði, að hér sé um þýðingarmikla starfsemi að ræða. Ég held það starf sé svo þýðingarmikið, að sýna beri því nokkra viðurkenningu með því að veita fé til að styðja hana. Mér er kunnugt um, að það starf, sem lagt hefur verið fram í þessu skyni, hefur verið unnið án endurgjalds árum saman. Hefur fé því, sem mæðrastyrksnefnd hefur haft handa á milli, verið safnað með frjálsum samskotum. Mæðrastyrksnefnd Rvíkur hefur fengið styrk að undanförnu, en það var fyrst á þessu ári, að mæðrastyrksnefnd Akureyrar fékk styrk, þótt utan fjárl. væri. Það kostar nú vegna dýrtíðarinnar miklu meira fé en áður að halda starfinu uppi, og við fluttum þessa till. til þess, að n. þyrfti ekki að leggja árar í bát. Það verður að halda nefndinni í horfinu, því að ekki er að efast um þörfina. Ég vænti þess, að ekki þurfi að færa frekari rök fyrir þessari till., og vona, að hv. þm. sjái þörfina á henni og greiði henni atkv.

Þá vil ég minnast á brtt. 387, um framlag til byggingar sjúkrahúss á Akureyri. Mér finnst orðalag till. fjvn. geta valdið misskilningi á því, hvað er hér á ferðinni. Ég held, að þeir, sem ekki þekkja til, haldi, að hér sé ekki um byggingu nýs sjúkrahúss að ræða, heldur byggingu út úr því sjúkrahúsi, sem fyrir er. En þetta er sjúkrahús, sem áætlað er, að muni kosta um 1 millj. kr. Þetta frv. fer því ekki fram á nema örlítinn hluta af því fé, sem áætlað er, að húsið kosti. Ég held, að fjvn. hafi skorið allt of mikið við neglur sér, þar sem vitað er, að hér er um að ræða hús, sem kostar a. m. k. ekki minna en eina millj. kr., og þar sem vitað er líka, að næsta ár verður að leggja fram enn hærri upphæð en þetta. Tel ég það mjög misráðið að skorast undan því að verða við þessari fjárbeiðni. Ég hef þó ekki séð ástæðu til þess að flytja brtt. við frv., því að ég veit, að hv. þm. Akureyrar hefur gert allt, sem hægt var í þessu efni, og vænti því ekki, að það mundi bera sérstakan árangur, þótt brtt. kæmi fram. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að upphæðin er of lág, og þarf því á næsta ári að leggja fram enn hærri upphæð en ef tekið hefði verið stærra spor við afgreiðslu þess fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir.

Nokkuð svipaða sögu er að segja um till. um byggingu húsmæðraskóla á Akureyri. Til byggingar hans veitir fjvn. aðeins kr. 150000.00 á fjárl. þetta ár. Ég veit ekki, hvaða ákvarðanir hafa legið fyrir n. frá kaupstöðum úti um land um fjárveitingar í þessu efni. En hins vegar veit ég, að bæjarstjórn Akureyrar hefur tekið ákvörðun um að reisa húsmæðraskóla á Akureyri, og er ætlazt til, að framkvæmdir hefjist þegar á þessu ári, ef byggingarefni fæst. Það er vitað, að sú bygging mun kosta um 400 þús., og liggur í augum uppi, að þessi upphæð nægir ekki til þess að láta uppfyllast ósk um, að þessi skóli komist upp. Þessi upphæð er lægri en kostnaðurinn raunverulega verður, því að þessi liður hlýtur að fara mjög fram úr áætlun á árinu. Þótt ég bendi á þetta, ætla ég ekki að koma með brtt., því að ég veit, að bæjarfélagið mun halda fram kröfu sinni og að ríkið mun inna skyldur sínar af hendi.

Þá vil ég vekja athygli á brtt. 387, um fjárveitingu til atvinnuaukningar. Þegar talað er um fjárveitingar til að bæta úr atvinnuleysi og miðað er við vegagerðir, eru sérstaklega hafðir í huga þeir kaupstaðir, sem liggja nærri þeim vegum, sem talað er um. Í sambandi við þetta frv. vil ég benda á, að ekki er gert ráð fyrir að vinna neitt nálægt höfuðstað Norðurlands. Það er algerlega gengið fram hjá Akureyri. Öxnadalsheiði er þó þannig, að brýn þörf er umbóta þar.

Ég efa ekki, að frv. hefur ekki síður átt að miða að því að bæta úr atvinnuleysi, sem komið gæti á Akureyri. — Ég hef heldur ekki lagt fram brtt. um þetta mál með hliðsjón af því, að setuliðið mundi leggja fram fé til vegagerðar á Öxnadalsheiði, og yrði auk þess því fé, sem ætlað væri til vegagerðar að einhverju leyti, varið til vegarins yfir Öxnadalsheiði.

Þá vil eg leyfa mér að minnast örfáum orðum á till. hv. Eyf. um lítils háttar styrk til Vatnsveitufélags Glerárþorps. Þm. Eyf. færði glögg rök fyrir þörf þess að koma á vatnsveitu þarna, bæði frá því sjónarmiði, að þetta væru stórkostleg þægindi, og auk þess ræddi hann málið frá heilbrigðislegu sjónarmiði, sem ég veit, að hv. Alþ. mun virða ekki svo lítils. Ég vil aðeins undirstrika þá erfiðleika, sem þorpsbúar hafa við að stríða, og hve torvelt er að koma þessu verki í framkvæmd nú í dýrtíðinni, án þess að styrkur fáist til þess. Ég vil vekja athygli á því, að eitt, sem gerði það að verkum, að þetta verk varð enn dýrara þarna en annars staðar, var það, að þegar farið var að grafa vatnsveituskurðina, var það gert í þeirri trú, að pipurnar kæmu. Var því lokið s. l. haust. En svo brást, að pípurnar kæmu, og skurðirnir tóku að hrynja saman. Var verkið

orðið að nokkru leyti ónýtt þegar pípurnar komu. Auk þess eru ýmsar aðstæður þarna mjög erfiðar.

Enda þótt ég telji ekki, að ríkið beri ábyrgð á því, hvernig farið hefur með þetta mál, vænti ég þess, að þm. taki málinu vel, þar sem ekki er þó um meira fjárframlag að ræða.

Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þær till., sem fyrir liggja, en þær brtt., sem ég stend hér að, eru ekki svo stórvægilegar, að erfitt sé að verða við þeim lítilfjörlegu hækkunum á fjárl. sem farið er fram á.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Ég flyt brtt. á þskj. 410, XCI., um bílferju yfir Hvalfjörð, ásamt nokkrum öðrum. Ég hafði ekki haldið, að mikið þyrfti að tala fyrir þessari till., þar sem flutt var á sumarþinginu till., sem gekk í sömu átt. Þó hafa tveir hv. þm. mælt á móti till., þeir hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. Hv. þm. Mýr. taldi djarft að veita fé til þessara framkvæmda að órannsökuðu máli og að féð mundi ekki nægja. Um fyrra atriðið er það að segja, að gert er ráð fyrir undangenginni rannsókn. Hitt er rétt, að féð er of lítið. Þá er það og rétt, að gera þarf bryggjur báðum megin fjarðarins, en a. m. k. að sunnanverðu er gott bryggjustæði. Ég skil vel afstöðu hv. þm. Hagsmunir kjördæma þeirra rekast á við þjóðarheill, en þar sem svo er ástatt, að hagsmunir og heill þjóðarinnar eru annars vegar, má ekki binda sig eingöngu við kjördæmasjónarmið.

Þá flyt ég, ásamt tveimur öðrum, á þskj. 420 brtt. við brtt. á þskj. 410, LIII. Mér fannst að vísu upphæðin of lág, en þó er það aðeins orðabreyting, sem farið er fram á. Upphæðin hefði þurft að vera hærri, fyrst veitt var fé á annað borð til þessarar frændþjóðar okkar. En leiðinlegt er að setja skilyrði fyrir notkun fjárins.

Þá er till. um fjárveitingu til nýrra vita. N. hefur hækkað till. frá 2. umr. Get ég vísað til þess, sem ég hef áður sagt um þetta efni. Nú er tækifæri fyrir hv. Alþ. að bæta fyrir vanrækslu í þessum efnum, og vona ég, að hv. þm. sjái sóma sinn og bregðist vel við þessu máli.

Svo flyt ég loks á sama þskj. (nr. 410), undir tölul. LXXV, með hv. 2. þm. Reykv. (EOl) till. um framlag til þess að koma upp fávitahæli, að upphæð kr. 750000. Þetta er aðeins hægt að skoða sem byrjunarframlag, ef samþ. verður. Árið 1935 voru samþ. 1. um fávitahæli, sem eru l. frá 1. febr. 1936, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp 1. gr. þeirra, sem er svo:

"Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess á fjárlögum, að stofnuð séu:

a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.

b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.

c. Vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum."

Þetta frv. flutti Guðrún heitin Lárusdóttir, sem hafði góðan skilning á þörfinni fyrir slík hæli. Þetta var góð kona og kunnug þessari þörf gegnum starf sitt. Hún mun síðar hafa flutt till. til fjvn. um þetta efni, en þær hafa ekki haft byr. Árið 1935 var þörfin fyrir slík hæli mjög brýn. Frú Guðrún Lárusdóttir taldi, að um 200 fávitar væru þá hér á landi, en eitt hæli væri til, sem tæki 25 af þeim, sem þó væri ekki fullt, vegna féleysis aðstandenda fávitanna. Nú er þörfin á slíkum hælum sízt minni. Eftir upplýsingum, sem ég hef aflað mér, eru nú hátt á annað hundrað fávitar hér á landi, utan Rvíkur, og hátt í það eins margir í Rvík. En um hæli handa þessum aumingjum er það sama að segja nú og fyrr, að fyrir þá er til aðeins eitt hæli austur í Grímsnesi, sem hefur mjög misjafnt orð á sér og tekur 25 fávita. Svo að þörfin er sízt minni nú en fyrr.

Ég þarf ekki að lýsa hörmungum aðstandenda slíkra aumingja, né heldur þeim leiðindum, sem af því stafar, að þessir aumingjar flakka á götum úti innan um almenning; það þarf heldur ekki að taka það fram, að það er augljós vansi öllum, sem með þau mál hafa að gera, að ekki skuli vera til hæli, þar sem hægt er að koma þessum aumingjum fyrir, og við viljum þó heita menningarþjóð.

Nú, eftir þessi miklu tekjuár, eins og síðasta ár var, þegar tekjurnar fóru upp í 90 millj. kr., þá verður að átelja það, að ekkert skuli hafa verið hugsað til þessara l., sem samþ. voru 1935 um fávitahæli. Hv. fjvn. hefur ekki hugsað neitt til þessara aumingja, og er það þó ekki af því, að hún hafi ekki verið minnt á þetta. Því að fyrir n. lá það, sem skrifað hafði verið til þingsins af stjórnarvöldum okkar, um að reisa slíkt hæli.

Það hefur komið í ljós, bæði í umr. hér á Alþ. og eins í sérstöku máli í brtt. við fjárl., talsverður áhugi fyrir að koma upp hrossaræktarbúum, refaræktarbúum og sauðfjárræktarbúum. Mér er spurn: Væri ekki nauðsynlegra að hugsa um þessa aumingja, fávitana, sem ekkert hæli eiga, en þyrfti að geta liðið sæmilega? Ég vona, að hv. þm. skilji, að hér er nauðsynjamál á ferð, og greiði þessari till. atkv. sitt.

Ég er svo flm. að nokkrum öðrum brtt., en ætla ekki að tefja umr. um brtt. frekar.

Jakob Möller: Herra forseti. — Það hafa ýmsir hv. þm. látið í ljós þá skoðun, að tekjuáætlun fjárlagafrv., sem lagt var fyrir Alþ., hafi verið óhæfilega lág, svo að jafnvel hefur mér virzt skina í það, að þeir teldu, að það væri beinlínis í þeim tilgangi gert að blekkja hæstv. Alþ. Og þó að furðulegt sé, þá hafa fallið orð eitthvað á þá leið, að það virtist jafnvel svo, að um það hefði verið hugsað mest af öllu, að Alþ. hefði úr sem minnstu að moða, svo að ríkisstj. hefði því meira til þess að skalta og valta með, eins og ég held, að einhver hv. þm. hafi komizt að orði. Þetta var náttúrlega ástæðulítið fyrir fyrrverandi ríkisstj., sem ráðin var í, þegar þing kæmi saman, að biðjast lausnar, og því gerði hún ráð fyrir, að það ætti ekki fyrir henni að liggja að skalta og valta með fé ríkissjóðs á þessu ári. Hins vegar held ég, að hv. þm. hafi látið það glepja sig um of, hvað tekjur ríkissjóðs urðu miklar á s.l. ári. Hv. frsm. fjvn. hefur upplýst hér, að það sé áætlað, að þær muni hafa orðið einar 86 millj. kr. Ég get vel búizt við því, — og ég yrði ekkert hissa á því

jafnvel, — þó að þær yrðu eitthvað meiri. En það er bara engin sönnun fyrir því, að tekjurnar verði 86—90 millj. kr. á þessu ári; og það er ákaflega fjarri því. Og ég er svo alveg sannfærður um það, að sú tekjuáætlun, sem hér liggur fyrir af hálfu ríkisstj., hún er varleg; ég get fullkomlega gengið inn á það. En ég tel, að það hefði ekki verið forsvaranlegt að ganga miklu lengra um áætlun teknanna. Og ég skal nú reyna að gera nokkra grein fyrir þeirri skoðun minni.

Tekju- og eignarskatturinn og stríðsgróðaskatturinn voru áætlaðir í frv. 15 millj. kr. Hv. fjvn. vill áætla þá 23 millj. kr. Nú viðurkennir hv. fjvn. það, að hátekjuskatturinn, sem voru hæztu tekjurnar af fyrir ríkissjóðinn af þessum sköttum, muni reynast mun minni á þessu ári heldur en á s.l. ári. Það var líka gert ráð fyrir því, þegar áætlunin var gerð. Og það kann að vera, að ráðuneytið hafi verið um of svartsýnt á það atriði. Það eru ýmsar ástæður, sem liggja til þess. Það er kunnugt, að erfiðleikar um sölu á fiski hafa vaxið. Og það er útgerðin, sem aðallega hafði hátekjurnar á s. l. ári. Og það var gert ráð fyrir vegna vaxandi örðugleika útgerðarinnar, að skattskyldar tekjur hennar nú yrðu mun minni heldur en á síðasta ári. Þetta skilst mér líka, að hv. fjvn. telji rétt, að megi búast við þessu, og megi reyndar telja það alveg víst. En hún byggir hins vegar á því, að lægri tekjur, almannatekjur t. d., verði miklu hærri, og það er rétt. Þær verða miklu hærri. Það leiðir beinlínis af verðbólgunni, m. a. kaupgjaldshækkuninni og slíku, þ. á m. hinum miklu viðskiptum í landinu. En þess er að vænta, að þær lægri tekjur þurfi að vaxa til stórra muna til þess að vega upp tap á hátekjunum, því að lægri tekjurnar eru í skattal. undir miklu lægri og lækkandi skatti. Og það þarf marga gjaldendur með lægri tekjum til þess að vega upp á móti hverjum einum gjaldanda, sem hefur hátekjur. En svo eru það ekki aðeins þessar efasemdir um það, að framtaldar tekjur verði nokkuð nálægt því eins miklar nú eins og næst liðið ár; þar kemur fleira til greina; innheimtan kemur hér líka til greina. Þegar á að fara að taka skatt af öllum almenningi, þá vitum við, að innheimtan er miklu vafasamari heldur en þegar innheimt er hjá stórum fyrirtækjum og stórum gjaldendum. Og nú, þegar líður á þetta ár og ef þrengist um atvinnu og atvinnutekjur manna, þá er gefinn hlutur um svo og svo mikinn fjölda þeirra, sem á skattaskránni eru skrifaðir fyrir jafnvel háum sköttum, að þegar á að fara að innheimta þessa skatta, þá er bara ekkert til í þá. Það kann nú að vera, að mönnum þyki þetta furðulegt. En maður þekkir mýmörg dæmi um, að þó að einstaklingar hafi miklar tekjur, þá sér þess engan stað. Það er horfið; og þegar á að fara að innheimta skattana, ef ekki eru áframhaldandi tilsvarandi tekjur, eins og hafa verið, þá koma örðugleikar á því að ná inn sköttunum. Og það er einmitt með hliðsjón af þessu líka, sem tekjurnar hafa í frv. ekki verið áætlaðar hærra en gert hefur verið.

Nú skal ég hins vegar játa, að einmitt þessi tekjuliður er sá tekjuliður, sem langhelzt má gera ráð fyrir, að líklegur sé til að gera betur heldur en frv. gerir ráð fyrir.

Það tekur því ekki að gera að umræðuefni hina smærri liði, sem hv. fjvn. hefur hækkað. Þetta eru 100 þús. kr., eins og fasteignaskatturinn, sem er hækkaður um þetta, sennilega í sambandi við hækkað fasteignamat. En það var ekki séð, þegar þessi áætlun var gerð; þá var ekkert víst orðið um það, hvaða breyt. yrði á matinu. Og það kann vel að vera, að sú hækkun, sem á honum hefur verið gerð, sé réttlát. Sama er að segja um þá skatta, sem hv. fjvn. hefur hækkað meira og minna, þetta um 150 þús. kr. og þar fram eftir götum.

Þá eru tollarnir, vörumagnstollurinn og verðtollurinn. Það er náttúrlega gífurlegur munur á því að innheimta verðtollinn á s. l. ári upp í 30—40 millj. kr. og hins vegar að áætla hann svo 15 millj. kr. á þessu yfirstandandi ári. Og ég skil svo sem ósköp vel, hve fjvn. þykist geta verið þess fullviss, að óhætt sé að bæta þar töluverðu ofan á. En mér finnst, að hv. fjvn. hafi, eða a. m. k. ýmsir af hv. nm., gleymt því, að fyrrverandi ríkisstjórn lá undir ekki alllitlu ámæli einmitt fyrir það, hvað hún hefði innheimt háa tolla. Það er í tollskrárl. heimild til þess fyrir ríkisstj. að lækka verðtollinn, þannig að innheimta ekki verðtoll af flutningsgjaldshækkun frá vissum tíma. Þessi heimild hefur ekki verið notuð. Og fyrrverandi ríkisstj. hefur legið undir allmiklu ámæli fyrir að hafa ekki notað hana. Nú lá það fyrir að gera ráðstafanir til þess að vinna bug á verðbólgunni. Og það hefur ákaflega mikið verið haft á orði — og ég held einmitt af flokksmönnum hv. frsm. fjvn., og raunar fleirum, a. m. k. af hálfu Sósfl., — og áherzla lögð á það, að einmitt einn liður í ráðstöfunum til þess að lækka verðbólguna væri að lækka tolla, eða jafnvel algert afnám tolla á öllum vörum, sem telja mætti nauðsynjavörur. En einmitt af mörgum þeim vörum eru borgaðir allháir tollar. Nú, þar sem fyrrverandi ríkisstj. gerði ráð fyrir, að þingið, sem saman átti að koma, mundi taka einmitt þessi mál fyrst og fremst til alvarlegrar íhugunar og gera ráðstafanir til þess að vinna á móti verðbólgunni, þá er eðlilegt, að gert væri ráð fyrir, að þær ráðstafanir mundu einnig beinast að því að lækka tolla, t. d. þó ekki væri annað en að nota þessa heimild tollskrárl. til þess að innheimta ekki verðtoll af flutningsgjaldshækkuninni. Það hefur ekki verið reiknað út, hve miklu það mundi nema til lækkunar á tolltekjum ríkissjóðs, ef þessi heimild væri notuð. En alveg vafalaust hefði það mjög verulega þýðingu hvað tolltekjurnar snertir. Þetta hefði ekki verið reiknað út, enda ekki að vita, nema gengið yrði enn þá lengra í tolllækkun heldur en þar er gert ráð fyrir. Það hefur mjög verið haft á orði, að tollarnir samkvæmt tollal. hefðu verið hækkaðir meira en sæmilegt væri, og það mátti þess vegna búast við, að það yrði gengið enn lengra í tollalækkun en aðeins að fara eftir þessari heimild, og að tekin yrði fyrir til endurskoðunar tollskrá in og tollar lækkaðir samkv. þeim till. En þetta virðist nú vera alveg gleymt. Og ég finn ekki betur en að einmitt þeir hv. nm. í fjvn., sem kosnir eru í n. af þeim flokkum, sem heyrzt hafa frá sterkastar raddir um tollalækkanir, séu einmitt ötulastir í því að áætla tollana sem allra hæsta.

En það verður ekki gert hvort tveggja, að afla ríkissjóði tekna með háum tollum og afnema tollana af vörum fyrir almenning til þess að lækka dýrtíðina. Eg verð því að telja alveg réttlátt að áætla verðtollinn ekki hærri en gert hefur verið hér; þegar þar við bættist líka, að vitanlegt var, að erfiðleikar á vöruinnflutningi til landsins mundu verða miklu meiri á í hönd farandi ári en á síðasta ári, og þar af leiðandi mundu tolltekjur lækka til verulegra muna. Og get ég í þessu sambandi vísað til þess, sem hæstv. núverandi fjmrh. hefur um þetta sagt.

Um hækkun á vörumagnstollinum er náttúrlega nokkuð svipuðu máli að gegna. En það skiptir minna máli í þessu sambandi. Hv. fjvn. hefur ekki borið fram till. um svo stórfellda hækkun á honum. Þó er rétt að geta þess, að á s. l. ári voru felldir niður vörumagnstollar af vissum nauðsynjavörum. Og ég hygg, að sú tollalækkun muni nema fyrir ríkissjóð 1—1½ millj. kr. Og að sjálfsögðu gildir um þann toll, alveg eins og verðtollinn, að búast má við rýrnun á honum líka vegna minni innflutnings en áður.

Þá eru tekjurnar af ríkisstofnunum. Áætlun frv. um þær er gerð eftir till. forstöðumanna þessara stofnana. Ég skal játa, að forstöðumenn þessara stofnana, svo sem áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar, þeir hafa, að mér hefur virzt yfirleitt haft mikla tilhneigingu til þess að áætla tekjur þeirra verzlana ákaflega varlega, og venjulega mun ráðuneytið hafa hækkað þeirra áætlun nokkuð. Ég man það ekki, og tel það í raun og veru ekki þess vert að rifja það upp fyrir mér, hvort í þetta skipti hefur verið farið nákvæmlega eftir þeirra till. eða eitthvað hefur verið farið fram úr þeim. Ég hygg þó, að það hafi ekki verið gert. Það er alveg rétt, að tekjur ríkissjóðs af þessum ríkisstofnunum hafa á síðasta ári orðið miklu meiri heldur en í áætluninni er gert ráð fyrir, og jafnvel nokkru meiri en hv. fjvn. vill hækka tekjurnar í. En ég get um þetta vísað til þess, sem ég hef sagt um annan vöruinnflutning til landsins. Það er allt í óvissu um það, hve mikið verður hægt að flytja til landsins af þessum vörum og hvað selzt af þeim og hve mikill ágóði ríkissjóðs verður af þeirri verzlun.

Ég get líka vísað til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta, sem var mjög á þessa lund, og sérstaklega það, sem hann sagði um einstakar tegundir af þessum vörum, sem mjög miklir erfiðleikar eru að fá. Þar við bætist um áfengisverzlunina, að allt hefur verið í mjög mikilli óvissu um þann rekstur. Það hafa verið uppi kröfur á Alþ. um það að stöðva áfengissöluna alveg, og nú liggur fyrir þinginu frv. um heimild til handa sveitarfélögum til að banna áfengissölu hver hjá sér. Þetta frv. er nú gengið í gegnum Nd. Hvaða afgreiðslu það fær í Ed., skal ég ekki segja, en það er a. m. k. nokkur óvissa frá þeirri hlið séð, hver tekjuvon er í sambandi við áfengisverzlunina. Fyrrv. stj. hafði einnig legið undir nokkru ámæli fyrir að hafa gert of mikið að áfengissölu. Það var þess vegna alveg óvíst, hver háttur yrði upp tekinn í því efni á þessu ári, þegar ný stj. kæmi, og ekkert vitað um, hver þingviljinn mundi verða í því efni. Það var þess vegna ekki ástæða fyrir stj. til að fara fram úr þeirri áætlun, sem forstöðumaður þessarar verzlunar lagði til, að gerð væri um tekjur hennar á árinu. Ég verð þess vegna, með þessum rökum sem ég hef greint, að halda fram, að þessi tekjuáætlun hafi verið þannig úr garði gerð, að engin ástæða sé til þess, að hún sé beitt þeirri gagnrýni, sem hér hefur verið gert, eða fyrrv. stj. ámælt fyrir, að hún hafi vísvitandi verið að villa um fyrir Alþ. eða gert tilraun til þess með tekjumöguleika af þessum tekjustofni.

Þá vil ég benda á í þessu sambandi, að þrátt fyrir þessa varlegu áætlun, þá var áætlunin um afkomu ríkissjóðs á árinu þó þannig, að gert var ráð fyrir 6¼ millj. kr. rekstrartekjuafgangi og hátt upp í 3 millj. kr. hagstæðum greiðslujöfnuði, svo að jafnvel með þessari varlegu áætlun var nokkuð upp á að hlaupa. Nú hefur hins vegar fyrrv. stj. sætt mjög miklu ámæli fyrir, að kastað hafi verið höndunum til gjaldaáætlunarinnar, og það svo, að mér hefur skilizt, að n., eða a. m. k. hv. frsm. hennar, hafi talið það sæta firnum, að slíkt handahófsverk skyldi koma frá ríkisstj. Ég minnist þess, að hv. frsm. barmaði sér mjög mikið yfir því m. a., að þegar n. hefði tekið til starfa, hefði hún ekki fengið neina launalista, og þegar farið hefði verið að spyrjast fyrir um það í fjmrn., hvort ekki væru til launalistar, hefði komið upp úr kafinu, að þeir væru ekki til. Ég veit ekki, hvernig hann heldur, að farið sé að því í ríkisféhirzlunni að greiða laun embættis- og starfsmönnum, ef ekki er til launalisti, og að sjálfsögðu er til launalisti, það er ekkert vafamál. Hann hefur ekki verið skrifaður upp fyrir hv. fjvn., það er allt annað mál. Mér er kunnugt um, að sumum háttv. þm., — maður getur sagt þingflokkum, — er ákaflega mikill þyrnir í augum, að felldur var niður sá siður að afhenda fjvn. launaskrá, sem gert var áður. Ég hef sjálfur átt sæti í fjvn., og ég man vel eftir því, þegar fjvn. fékk þessar launaskrár. Hún hafði ákaflega mikið fyrir að ganga úr skugga um, hvort þessar launaskrár væru réttar. Það fóru jafnvel margir dagar í það, og þessi launaskrá var aldrei rétt. Á hverju þingi sat fjvn. með sveittan skallann við að leiðrétta hana eftir upplýsingum, sem hún fékk frá einstökum stofnunum um mannahald, og það reyndist undantekning, ef þessari launaskrá bar saman við síðari reynslu frá þessum stofnunum. N. hafði mikið fyrir að koma þessu til að stemma. Mér er ekki ljóst, hvaða þýðingu þetta hefur. Ég bið hv. þm. að athuga, að áætlanir, sem n. hefur verið að leiðrétta á frv., eins og það kom frá ríkisstj., um launagreiðslur hjá einstökum stjórnardeildum og einstökum stofnunum, eru áætlanir, sem gerðar hafa verið eftir áætlunum, sem ráðuneytið hefur fengið frá þessum stofnunum. Ég sé, að n. hefur gert á þessu nokkrar breyt., sjálfsagt eftir nýrri upplýsingum alveg eins og áður, þegar launaskrá og launalistar voru til reiðu þegar í byrjun þings, og þegar n. fer að endurskoða þessa lista, koma í ljós meiri og minni skekkjur, ekki skekkjur, sem hafa nokkra þýðingu fyrir niðurstöðu fjárl.; það geta háttv. þm. sannfært sig um í sambandi við þetta frv., að leiðréttingar á launagreiðslum ýmissa stjórnardeilda hafa vitanlega enga þýðingu fyrir útkomu fjárl., því að það er alls ekki

hlutverk fjvn. að framkvæma slíka endurskoðun. Það er ekki hægt að ætlast til, að fjvn. geti endurskoðað neina reikninga, henni er ætlað annað hlutverk. N. ætti að geta sannfært sig af þeim árangri, sem hún hefur fengið af þessum launalistum, hversu tilgangslaust þetta er.

Ég geri ráð fyrir, að þótt hv. frsm. gerði þetta að umtalsefni með launalistana, þá hafi hann ekki talið það svo sérstaklega mikinn galla, að þessar skekkjur skyldu koma fram. Hann þekkir, að á þessum tíma eru breyt. á kaupgreiðslum miklu tíðari en annars hefur verið, og það er satt að segja eitt af því, sem er allra mest þreytandi á þessum tímum, allt það stímabrak, sem verður að eiga við starfsliðið, sem, vegna þess hvað almenningur er álitinn hafa miklar tekjur, er endalaust að biðja um kauphækkun. Það verður ekki hjá því komizt, að slíkar launahækkanir hljóti að eiga sér stað, og þess vegna eru launagreiðslur svo breytilegar, ekki aðeins ár frá ári, heldur jafnvel mánuð frá mánuði. Undan því verður ekki komizt. Annars hefur fyrrv. stj. ekki hlotið ámæli, hvað snertir launagreiðslur til starfsfólks ráðuneytanna og ekki í raun og veru að því leyti, sem það mundi snerta launalista og launaskrá. Hins vegar hefur hv. frsm. áfellzt fyrrv. ríkisstj. fyrir launagreiðslurnar, hækkanir, sem hafi átt sér stað til einstakra embættismannastétta, og kveðið þar allfast að orði, og það hafa fleiri hv. þm. gert. Ég minnist þess, að hv. frsm. lét svo um mælt, að ríkisstj. hefði fundið upp á því furðulega tiltæki að greiða uppbætur á laun, sem hafi alls ekki verið til. Á hann þar við uppbætur á laun lækna og presta. Þetta er misskilningur hjá hv. frsm. að því leyti, að launin eru til, og það er ekki heldur rétt hjá honum, að það hefði aldrei þekkzt, að uppbætur væru greiddar á þau laun, sem væru ekki greidd úr ríkissjóði. Það er svo þekkt fyrirbrigði, að það hefur verið gert, frá því að dýrtíðaruppbótin var lögleidd hér og fram á þennan dag. Það er í sambandi við kennaralaunin. Eins og kunnugt er, eru kennaralaunin borguð að nokkrum hluta úr ríkissjóði og nokkrum hluta úr sveitarsjóði, en verðlagsuppbót og dýrtíðaruppbót eru greiddar að öllu leyti úr ríkissjóði. Þannig hefur ríkissjóður greitt uppbót á laun, sem hann hefur ekki greitt. Um lækna og presta er svipað ástatt. Læknar og prestar hafa að nokkru leyti laun sín frá ríkissjóði, en að nokkru leyti annars staðar frá. Þeir fá nokkurn hluta launa sinna frá þeim almenningi, sem þeir vinna fyrir. Nú hefur þetta sérstaklega mikla þýðingu í sambandi við lækna. Þessar aukatekjur þeirra eru verulegur hluti af þeirra tekjum, en ríkissjóður hefur sett þeim hámark með taxta, sem þeir mega ekki fara yfir með gjöld fyrir verk sín. Nú kom að sjálfsögðu upp sú krafa frá héraðslæknum að fá þessum taxta breytt, fá hann hækkaðan í hlutfalli við dýrtíðina. Það var alveg eðlileg krafa, þar sem kostnaður þeirra óx í hlutfalli við dýrtíðina, en tekjur ekki. Nú bera héraðslæknar þetta mál upp við ríkisstj. og leggja eindregið til, að taxtinn verði ekki hækkaður, heldur verði læknum bætt upp þeirra kjör með öðrum hætti. Um þetta varð nokkur deila innan ríkisstj. Niðurstaðan verð þó sú, og ég get tekið fram, að það var ekki sízt fyrir atbeina þess ráðh., sem er úr flokki hv. frsm., að ríkisstj. féllst á till. landlæknis, að bæta launin á þann hátt, að þeir fengju verðlagsuppbót, eins og þeir fengju laun með því hámarki, sem verðlagsuppbót er greidd af, eða 650 kr. á mánuði. Sumir þeirra hafa áreiðanlega haft aukatekjur langt fram yfir þann mismun. Sumir þessara manna eru meðal launalægstu embættismanna, og aðrir hafa litlar tekjur. Þessi aðferð verður því til þess, að þeir, sem verst eru settir með laun, fá mesta uppbótina, en hinir minna, sem meiri hafa launin. Hefði taxtinn aftur á móti verið hækkaður, hefðu þeir fengið mesta uppbót, sem mestar höfðu aukatekjurnar. Ég hefði gert ráð fyrir, að a. m. k. flokksmenn hv. frsm. og í raun og veru fleiri nm. hefðu talið þetta ákaflega mannúðlega og fallega lausn á málinu. Hins vegar er ekki um það deilt, að til þessa hafði stj. enga heimild, en ég þori að fullyrða, að Alþ. var þetta fullkunnugt, og að því leyti er það gert með þess þegjandi samþykki, þó að það hafi ekki verið gert með formlegu samþykki. Og það liggur í hlutarins eðli, að þegar þannig var liðkað til fyrir þessari launastétt, varð ekki undan því komizt, að önnur launastétt, sem eins stóð á fyrir, prestarnir, fengju svipaða meðferð. En ég skal taka fram, að þetta var gert áður en Alþ. samþ. þá allsherjaruppbót á laun embættismanna, sem samþ. var á sumarþinginu.

Þessi óheimilu gjöld, sem þarna er um að ræða og hv. frsm. hefur áfellzt stj. fyrir að hafa innt af hendi, hafa á síðasta ári numið 7—800 þús. kr. Það er að vísu á venjulegan mælikvarða allverulegt upphæð, en að byggja á því ásakanir á ríkisstj. um óhæfilega eyðslu á fé ríkissjóðs, finnst mér hæpið, meðan ekki er fundið fleira ósæmilegt í meðferð ríkisfjár. En ég hef séð og heyrt eftir ýmsum andstæðingum stj., að hún hefði gert sig seka um taumlausa eyðslu á ríkisfé, en þetta virðist þá vera eini flugufóturinn fyrir því, sem fundizt hefur, enn sem komið er.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér í gærkvöld og veik nokkuð að þessu atriði. Það var út af till., sem núverandi ríkisstj. hafði borið fram um að greiða uppbót á laun lækna, presta, sýslumanna og háskólakennara eins og greinir í þeirri till., sem hv. þm. er af sjálfsögðu kunn. Hv. 2. þm. Reykv. furðaði sig mjög á því, að ríkisstj. skyldi þannig taka út úr þessar embættismannastéttir, sem telja mætti betur stæðar, en hafa aðrar út undan, sem lakar væru launaðar, eins og kennarana. En mér er nær að halda, að ekki verði sagt með sanni, að kennarar séu verr haldnir af launakjörum tínum en t. d. prestar, svo að hv. þm. hefði a. m. k. verið óhætt að undanskilja þá, þegar hann var að ásaka stj. fyrir að draga taum hálaunaðra embættismanna. En eins og ég hef gert grein fyrir, þá er allt öðruvísi ástatt fyrir þessum tveimur embættismannastéttum, læknum og prestum, því að þeir eiga að taka nokkurn hluta að tekjum sínum af almenningi í gjöldum fyrir þeirra embættisverk, og þegar aðrir fá uppbætur á sín laun, eiga þeir að sjálfsögðu kröfu til að fá uppbætur á sín laun. Um kennara er allt öðru máli að gegna, því að þeim eru ekki ætluð nein laun nema af ríki og sveitarfélögum, og á þau laun fá þeir lögmælta verðlagsuppbót og aukauppbót. Ég skal leiða hjá mér, hvort launakjör

kennara séu ósæmilega lág eða við unandi, en það er þá af sjálfsögðu Alþ. að taka það mál til athugunar. Hins vegar er þetta ekki heldur réttmæt ásökun hjá hv. þm. í garð fyrrv. stj., vegna þess að kjör kennarastéttarinnar voru líka í heimildarleysi bætt frá því, sem verið hafði, og það var satt að segja af þeirri einföldu ástæðu, að talið var, að ekki væri hægt að halda kennurum við þeirra störf, nema kjör þeirra væru bætt, sérstaklega farkennara, enda fengu þeir laun sín hækkuð verulega. Þetta var gert af þáverandi kennslumrh., en af sjálfsögðu með samþykki annarra ráðh. Ég læt þessa ekki getið til þess að koma mér að því leyti undan sök, því að ég átti minn fulla þátt í, að þetta var gert, en tek þetta aðeins fram til að vekja athygli á því, að við ráðh. Sjálfstfl. áttum ekki einir frumkvæðið að þessu, heldur kennslumrh. úr öðrum flokki.

Um launabætur háskólakennara er það að segja, að það var beinlínis samþ. af Alþ. 2 þús. kr. launahækkun til háskólakennara. Sömuleiðis staðhæfi ég, að launahækkun til sýslumanna hafi einnig verið ákveðin í samráði við Alþ. Hitt er rétt, að ríkisstj. hafði ekki formlega heimild til þess að gera þetta. En ég staðhæfi, að hæstv. Alþ. sé siðferðislega bundið við þessar ráðstafanir og beri siðferðislega ábyrgð á þeim, þó að sú formlega ábyrgð hvíli á ríkisstj.

Þetta er nú það, sem fundið hefur verið að um meðferð ríkisstj. á ríkisfé. Sjálfsagt verður fleira tínt til. En tiltölulega óhræddur er ég nú við þá endurskoðun, sem á sínum tíma fer fram á þeim hlutum. En það bíður náttúrlega síns tíma.

Ég hygg nú, að þessar uppbætur hafi verið látnar koma fram í fjárlagafrv. Ég hygg, að launabætur til háskólakennara séu tilgreindar í launalið háskólans. Og launabætur til sýslumanna voru einnig teknar upp í fjárlagafrv. Ég þori ekki að fullyrða um launabæturnar til prestanna. Það er verðlagsuppbót. Og það kann að vera, eins og verðlagsuppbótin var áætluð, þá hafi láðst að taka það til greina. En eins og getið var í sambandi við frv., þá var verðlagsuppbótin áætluð með þeim hætti, að tekin var sú upphæð, sem samkv. ríkisreikningnum fyrir 1941 var talið, að greitt hefði verið í verðlagsuppbót, og hún hækkuð hlutfallslega við vísitöluna, upp í 250. Þetta skyldi maður halda, að væri nokkuð örugg áætlun. En ef það hefur ekki reynzt vera það, þá er það af því, að verðlagsuppbótin í ríkisreikningnum kemur ekki öll fram í þessum lið.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að þegar þessi áætlun er gerð, þá er allt í óvissu um komandi ár. Það er allt í óvissu um, hvaða ráðstafanir Alþ. muni gera til þess að lækka eða draga úr verðbólgunni. Þegar áætlunin var gerð, var vísitalan 250, og hún var tekin til þess að miða við. Hins vegar var gengið út frá því sem alveg sjálfsögðum hlut, að hæstv. Alþ. einbeindi sínum kröftum að því að gera ráðstafanir til þess að draga úr dýrtíðinni og þar með að lækka þessi fjárlagaútgjöld ríkisins. Og virtist því í rauninni ekki fjarri sanni að gera ráð fyrir því, að sú áætlun, sem gerð var um verðlagsuppbætur, mundi, jafnvel þó að ekki kæmu þar öll kurl til grafar, nægja til þess að standast öll útgjöld ársins þar sem hún var áætluð í samræmi við svona háa vísitölu.

Hv. frsm. fjvn. (FJ) hefur haft orð á því, að þær brtt., sem hv. fjvn. hefur flutt til hækkunar á útgjaldahlið frv., hafi við 2. umr. numið samtals, að viðbættum fyrstu till. n., um 17 millj. kr., en þó væri „stærri helmingurinn“ leiðréttingar á frv. Og hann vildi ekki eigna fjvn. frumkvæðið að nema "minni helmingnum", sem aðallega væri vegna verklegra framkvæmda. Nú véfengi ég það, að það sé rétt, að þessi „stærri helmingur“ af 17 millj. sé aðeins leiðréttingar. Og ég hygg, að það hafi beinlínis legið í orðum hv. frsm. í hans grg. fyrir þessu, þar sem hann taldi fram, að það væru í brtt. leiðréttingar á röngum áætlunum og til fullnægingar á skuldbindingum ríkissjóðs, t. d. í sambandi við ýmsar framkvæmdir í landinu. Ég hygg, að framkvæmdir ríkissjóðs séu mjög umdeilanlegar í mörgum tilfellum. Í ýmsum þeim tilfellum eru skuldbindingar ríkissjóðs bundnar því, að fé á fjárl. sé ætlað til þess, sem um er að ræða. Það er því alveg á valdi löggjafarvaldsins í sambandi við fjárl., hve langt er gengið í því að fullnægja þeim skuldbindingum.

Ég tel rétt að víkja hér að nokkrum einstökum liðum, sem ég geri ráð fyrir að n. telji til leiðréttinga á áætlun frv., og sem nema verulegum upphæðum. Það er þá fyrst það, sem hún í till. sínum, sem fram komu við 2. umr., leggur til, að framlag til landhelgisgæzlu verði hækkað úr 500 þús. kr. í 1250 þús. kr. og framlag til strandferða ríkissjóðs verði hækkað úr 1 millj. kr. upp í 1600 þús. kr. Um þessa liði er það að segja, að það er ákaflega mikið vafamál, hvernig með það átti að fara. Og það var um tvo kosti að ræða að miklu leyti um þessa tvo liði. Landhelgisgæzlan er sérstakur liður þarna. En það er ekki svo gott að skilja á milli landhelgisgæzlunnar og strandferðanna, því að í framkvæmdinni er þessu allmjög blandað saman. Nú vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að í fjárlagafrv. er í sambandi við strandferðirnar tekið fram að á síðasta ári hafi tap á rekstri strandferðaskipanna orðið 800 þús. kr., sem stafar, að því er sagt hefur verið, af því, að flutningsgjöld hafa ekki verið hækkuð í nokkru samræmi við stórum aukinn útgerðarkostnað, því að útgerðarkostnaðurinn hafi aukizt stórkostlega. Ja, ég hafði alveg eins getað búizt við því, að ríkisstj. fengi ákúrur fyrir það að hafa látið reka á reiðanum um afkomu þessarar starfrækslu ríkisins, að haldið var sömu farmgjöldum þrátt fyrir stóraukinn rekstrarkostnað. Og ég fyrir mitt leyti hefði talið það alveg eðlilegt, að farmgjöldin hefðu verið hækkuð. Þau hafa eitthvað verið hækkuð að vísu, en náttúrlega hvergi nærri sem svarar kostnaðaraukningu. Ég vek athygli á því, að sú farmgjaldahækkun kemur af sjálfsögðu ekki fram til tekjuaukningar á s. l. ári, eins og hún gerir á þessu nýbyrjaða ári, vegna þess að hún er ekki framkvæmd í ársbyrjun, heldur seint á árinu. Ég vildi ekki fyrir mitt leyti leggja til, að endilega skyldi tekinn allur hallinn á ríkissjóð, eins og gert hafði verið; þó ríkisstj. gerði það að vísu árið sem leið þá vildi ég ekki gera það að minni till., að því yrði haldið áfram. Þess vegna taldi ég rétt að áætla ekki þann gjaldalið fullkomlega, eins og gera mátti ráð fyrir að hann

mundi verða, ef ekkert yrði að gert til þess að jafna það. Var því lagt á vald Alþ., hvað það vildi gera í þessu efni. Hv. n. hefur hækkað þennan lið; sennilega ekki talið rétt að hækka farmgjöldin til samræmis við kostnað, og skal ég ekkert áfellast hana fyrir það að svo stöddu. Enda er allt í óvissu um það í framtíðinni, og er komið undir því, hvaða ráðstafanir verða gerðar til lækkunar á dýrtíðinni, hve mikill þessi kostnaður verður.

Af öllum stórum gjaldaliðum, sem eg get gert ráð fyrir, að hv. flm. hafi átt við í þeim ummælum sínum, sem lutu að því, að hroðvirknislega hefði verið gengið frá, þá sé ég hér tvo liði á 17. gr., sem er kostnaður við berklavarnir, sem er hækkaður úr 1300 þús. upp í 1750 þús. kr., og styrkur til sjúklinga, samkv. l. nr. 78 frá 1936, úr 550 þús. í 1 millj. kr. Þarna er áætlunin hækkuð mjög verulega frá því, sem var í stjfrv. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að í frv. voru þessir liðir hækkaðir allverulega, eða styrkurinn til berklavarna um 355 þús. Um hinn liðinn hygg ég, að hafi verið farið eftir tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Fjmrn. getur af sjálfsögðu ekki gert slíkar áætlanir, nema með því að fá þær frá hlutaðeigandi stofnunum.

Af sjálfsögðu er svo einn liður, sem hv. fjvn. kom ekki með brtt. um við 2. umr., heldur nú, á 16. gr., kostnaður við ráðstafanir vegna mæðiveikinnar. Um þann lið segir í aths. í sambandi við fjárlagafrv.: "Kostnaður við varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra er áætlaður hinn sami og á síðustu fjárlögum, enda hefur ráðuneytinu ekki borizt nein áætlun um þennan kostnað fyrir næsta ár." Það hefur af sjálfsögðu verið gengið eftir því við þá hv. n., sem þau mál hefur til meðferðar, að hún gerði áætlun um kostnað næsta árs af þessum ráðstöfunum. En ráðuneytinu barst ekki slík áætlun í tæka tíð. Hins vegar skal ég játa, að í ríkisbókhaldinu er náttúrlega auðvelt að sjá, að þessi kostnaðarliður hafði farið stórmikið fram úr áætlun, sem gerð hafði verið á fjárl. á s. l. ári. En ég skal aðeins geta þess, að ég fyrir mitt leyti kveinka mér við að gera nokkrar till. um útgjöld í þessu sambandi. (FJ: Það gera víst allir). Já, það gera það víst allir, segir hv. frsm. og ég sé, að það hefur staðið eitthvað í n. að gera það, og ég skil það svo mæta vel. Mér fyrir mitt leyti fannst mjög sómasamlegt að ganga svona frá því, að taka liðinn upp eins og hann var í síðustu fjárl. og láta svo hæstv. Alþ. eftir, hvað það vill gera í þessu máli. Hins vegar er, að því leyti sem þessi liður og einhverjir fleiri hafa sjálfsagt verið of lágt áætlaðir og n. ekki þurft að dyljast, að væru það, þá er bara til þess að vísa, að frv. er þó með þeim hætti, að þar er hátt upp í þriðju millj. kr. hagstæður greiðslujöfnuður, sem var til þess að hlaupa upp á til þess að mæta þeim hækkunum, sem hv. fjvn. teldi líklegt, að þyrfti að gera, og vildi leggja til, að gerðar væru. Ég segi það sérstaklega með tilliti til þessa kostnaðar vegna sauðfjárveikinnar, sem er nú líklega stærsti leiðréttingarliðurinn, sem hv. fjvn. sennilega vill kalla svo. Þetta eru sem sagt þrjár millj. kr. Og ég skal játa, að ég geri ráð fyrir, að óhætt mundi að hækka einstaka tekjuliði nokkuð frá því, sem í áætluninni var.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um fjárlagafrv. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að á slíkum tímum, sem nú eru, verða fjárlagafrv. meira og minna af handahófi vegna óvissunnar, sem er um framtíðina, jafnvel þá allra nánustu framtíð, sem er það yfirstandandi ár, sem nú er verið að semja fjárhagsáætlun fyrir.

Ég hef heyrt, að hv. þm. hafi margir áfellzt fyrrv. ríkisstj. fyrir það að hafa ekki áætlað meira til verklegra framkvæmda í landinu en gert var í frv. Það er því til að svara fyrst, að niðurstaðan á fjárlagafrv. er þannig, að hún leyfir ekki miklar verklegar framkvæmdir, þegar líka tekið er tillit til þess, að einstakir gjaldaliðir mundu óhjákvæmilega verða að hækka, þ. e. a. s. mundu verða of lágt áætlaðir, ef halda ætti þeim áfram í sama horfi og gert hefur verið. Þar við bætist, að í frv. felast allverulegar hækkanir á greiðslum til verklegra framkvæmda, miðað við það, sem verið hefur. T. d. eru framlög til vegamála hækkuð um nær 4 millj. kr. frá fyrra ári, og tel ég það ekkert lítilræði. Hitt er svo annað mál, að ég tel það tilgangslítið að áætla mikið fé til verklegra framkvæmda, því að litlar líkur eru til, að mikið verði úr framkvæmdum, þar sem ýmist muni vanta efni eða vinnukraft eða þá hvort tveggja. Ég geri ráð fyrir, að þetta ár verði gott atvinnuár fyrir allan almenning, og get ekki hugsað mér, að næsta sumar verði ekki nóg að gera fyrir alla verkamenn landsins, svo að ákvarðanir um verklegar framkvæmdir verða naumast framkvæmdar nema að litlu leyti. Þegar vinna er svo mikil, að fullnægt er allri vinnuþörf, tel ég ekkert vit í, að ríkið fari í kapphlaup um vinnuaflið.

Ég á aðeins fáar brtt. við frv. og smávægilegar. Fyrst er LXXVII. brtt. á þskj. 410, sem ég flyt ásamt hv. þm. V.-Sk., um eftirlaunabætur handa séra Böðvari Bjarnasyni á Rafnseyri, sem nú hefur látið af prestskap. Í fjárlagafrv. ríkisstj. voru þessi eftirlaun ákveðin 1400 kr., en fjvn. lækkaði töluna niður í 600 kr. Við leggjum nú til, að hún verði aftur hækkuð í 1200 kr. Ég vek athygli á því, að þessi prestur hefur unnið mjög þarft starf sem embættismaður, og það jafnvel út fyrir sjálfsagðan verkahring sinn, þar sem hann hefur í mörg ár haft unglingaskóla á heimili sínu. Með þessu hefur hann unnið þjóðnýtt starf. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að einnig er nýlátinn af prestskap vestan lands Sigtryggur Guðlaugsson prestur á Núpi, og hafa honum verið ákveðin allhá eftirlaun á 18. gr. Mér finnst sjálfsagt að gera ekki svo mikinn mun á þessum tveim prestum að ætla öðrum 3000 kr., en hinum ekki nema 600 kr., þó að starf séra Sigtryggs hafi að vísu verið meira.

Þá á ég LXXXI. brtt. á sama þskj., um hækkun á styrk til Magnúsar Magnússonar úr 300 kr. í 500 kr. Hann hefur verið dyravörður við kennaraskólann. Ég skal játa, að hér gætir nokkurs ósamræmis í 18. gr. fjárl., og þykir mér líklegt, að þetta verði allt endurskoðað, en mér finnst hins vegar varla hægt að hafa svona styrk minni en 500 kr.

Á 419. þskj. á ég till., hina X. í röðinni, um verklegt framhaldsnám iðnaðarmanna. Til þess

hafa verið ætlaðar 6000 kr. á fjárl. um langt skeið. Er svo til ætlazt, að fé þessu verði varið til að styrkja fullnuma iðnaðarmenn, sem vilja fara utan til þess að gera sig færari í iðnaðargrein sinni. Þessir menn fá flestir nokkurt kaup, meðan á ferðinni stendur, en þó ekki fullt. Þessar 6000 kr. eru lítil upphæð, þegar þess er gætt, að oft hafa 8 eða jafnvel 10 menn orðið að skipta henni milli sín. Í a-lið tillögunnar er lagt til, að fjárlagaliðurinn verði hækkaður upp í 10 þús. kr., svo að unnt verði að veita styrk þann, sem um getur í b-liðnum, án þess að skerða um of fjárveitingar til annarra. — Jón Friðriksson rafvirki hefur hug á að fullnuma sig í þeirri grein raftækni, sem lýtur að lækningum. Ég ætla ekki að lesa þá grg., sem ég hef hér í höndum viðvíkjandi þessu máli, en aðeins geta þess, að þar er um að ræða eindregin meðmæli frá dr. med. Gunnlaugi Claessen, Vilmundi Jónssyni landlækni og Niels Dungal prófessor. Þeir lýsa yfir því, að enginn sé nú hér á landi, er kunni að gera við rafmagnslækningatæki, og auk þess fær þessi maður eindregin meðmæli manna, er til hans þekkja, meðal annarra skólastjóra iðnskólans. Þó að hv. þm. kunni að þykja sú upphæð, sem hér er tiltekin, nokkuð há, ber þess að gæta, að ekki verður komizt af með minna í Ameríku, þar sem hann mun dveljast, en hann mun ekki kaup fá á meðan. Við nánari athugun tel ég nú, að betur fari á því að fella b-liðinn niður, þ. e. a. s. að taka það ekki berum orðum fram, hvernig styrknum skuli skipta. Hins vegar tek ég það fram, að tilætlunin með hækkuninni er fyrst og fremst sú að gera umræddum manni kost á styrk heim, sem hann hefur farið fram á, og með þeim fyrirvara tek ég b-lið till. aftur, en vona að aliðurinn verði samþykktur eigi að síður.

Ég mun ekki ræða um brtt. einstakra hv. þm., og mun afstaða mín til þeirra koma fram við atkvgr.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég mun ekki á þessum tíma nætur fara að hefja eldhúsumr., enda gaf hv. 3. þm. Reykv. ekki mikið tilefni þess með hinni hóflegu ræðu sinni um fjármál og fjármálastj., og get ég að mestu vísað til þess, sem ég hef áður sagt um þessi mál. Í sambandi við það, sem fyrrverandi fjmrh. sagði um heimild tollal. til að innheimta ekki tolla á stríðsfarmgjöldin, vil ég minna hann á, að hann hafði lýst yfir því, að sú heimild yrði notuð. Hann sat samt sem áður lengi í embætti fjmrh. og notaði hana ekki. Nú getur að vísu verið, að þetta verði gert hér eftir, en fjvn. hefur ekki talið sér fært að treysta þessu, og að því er snertir aðrar tollalækkanir, er það að segja, að þær eru ekki á valdi fjvn., eins og hv. 3. þm. Reykv. veit. Fjvn. hefur litið svo á, að hún gæti í þessum efnum ekki miðað við annað en það, sem nú er í gildi og framkvæmt af núverandi ríkisstj. Hvað sem líður skoðun fjvn. eða einstakra fjvnm. á tollalöggjöfinni yfirleitt, er augljóst, að hún getur ekki ráðið afstöðu n. í þessum efnum.

Um rekstrarhagnaðinn, sem gert er ráð fyrir í frv. því, er hv. 3. þm. Reykv. lagði fyrir Alþ., þarf ekki að fjölyrða. Hann benti sjálfur á atriði, sem gerðu meira en éta upp þann hagnað. Ég hef áður minnzt á þær leiðréttingar, sem fjvn. hefur gert á frv., og þarf ég engu við það að bæta.

Um landhelgisgæzlu, strandferðir og slíkt má segja, að þar sé ekki um skilyrðislausar skuldbindingar að ræða og megi draga saman seglin á því sviði. Þó munu áætlanir fjvn. sízt vera of háar, ef ætlazt er til, að haldið verði í horfinu um þau mál. Ekki verður deilt um nauðsyn þess að halda uppi strandferðum, og um tundurduflahættuna er það að segja, að hún hefur magnazt svo að undanförnu, að ríkissjóður kemst ekki hjá því að leggja í allmikinn kostnað, ef takast á að eyðileggja tundurdufl, svo að nokkru nemi.

Ég hef áður minnzt á það, hvernig fjárlfrv. var búið í hendur Alþ. Það hefði verið mjög æskilegt, að fjvn. hefði ekki beinlínis þurft að vinna skrifstofuvinnu í sambandi við fjárlagafrv., eins og hún hefur í raun og veru orðið að gera. N. hefur borið saman launalistann og frv. og gengið úr skugga um, að skekkja var í frv. á tilsvarandi lið. Dýrtíðaruppbótin var ekki heldur rétt áætluð. Sundurliðuð áætlun um dýrtíðaruppbót var ekki til í fjmrn. og var ekki gerð, fyrr en fjvn. óskaði eftir henni. Það ber að vita, að skrifstofuvinna, sem leysa á af hendi í stjórnarráðinu, skuli ekki hafa verið framkvæmd af meiri nákvæmni en raun ber vitni um. Við samningu þessa frv. hefur vissulega átt sér stað meiri ónákvæmni en fjvn. þykir mega við una óátalið, og segi ég þetta raunar í fullri vinsemd við fyrrverandi fjmrh.

Svipað er að segja um önnur gögn, sem n. þurfti að fá. Ríkisreikningurinn fyrir 1941 var t. d. ekki tilbúinn í tæka tíð, og n. fékk hann í pörtum seint á árinu 1942. Það er vissulega ekki heppileg regla að gera ekki slíka reikninga upp fyrr en þetta, þó að í mörg horn sé að líta og rekstur orðinn umfangsmikill.

Þá eru uppbætur þær, sem greiddar hafa verið án heimildar Alþ. Það má vera, að ráðlegt hafi verið að greiða nokkuð af þessum uppbótum, en ég tel þó, að hverri stj. beri að leita heimildar Alþ. til slíks. Ríkisstj. hefur það sér til afsökunar, að þetta hafi borið svo bráðan að, að ekki hafi verið hægt að leita þessarar heimildar þegar í stað, en það hefði þá átt að gera eftir á. Þetta hefur þó ekki verið gert.

Mun ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, enda gaf ræða hv. 3. þm. Reykv. ekki tilefni langra andsvara, eins og ég sagði áðan.

Jón Pálmason: Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs aftur, er sú, að ég á brtt. á 419. þskj. ásamt hv. þm. Mýr. Hún er hin XXXVI. í röðinni á því þskj. Till. þessi var ekki prentuð, þegar ég talaði hér síðast. En í till. er gert ráð fyrir, að bætt sé við 22. gr. fjárl. nýjum lið, þar sem farið er fram á, að varið sé allt að 100 þús. kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveita, ef framlagið í 16. gr. 9. b. hrekkur ekki til. Samkv. l. á að verja árlega 250 þús. kr. til þessara hluta. Heimilt er að veita allt að 1500 kr. til hvers húss, en það svarar til þess, að hægt sé að veita styrk til 165 húsa á öllu landinu, eða rúmlega 8 húsa í hverri sýslu. Þetta var miðað við það verðlag, sem var fyrir stríð. En nú hefur verið heimilað að hækka þennan styrk í samræmi við vísitöluna,

sem hefur hækkað mikið, að því er húsagerð snertir. Má segja, að vísitalan sé nú komin nokkuð á fjórða hundrað miðað við það, sem var, en raunar er ekki búið að ákveða hana að fullu fyrir þetta ár. Þó geri ég ráð fyrir, að þessar 250 þús. kr. mundu ekki duga til að styrkja nema 50 hús með núverandi verðlagi, ef styrkurinn ætti að vera hlutfallslega eins hár og verið hefur. Það er vitað, að fjöldi efnalítilla bænda þarf nauðsynlega að reisa hús á jörðum sínum á næstunni. Þó að það væri notuð öll heimildin, sem við förum fram á, — en sú heimild er 350 þús. kr., — ætti það að duga til 70 húsa, eða sem svaraði til þriggja húsa í sýslu. — Hér er því ekki farið að með neinni frekju.

Sannleikurinn er sá, að þó að mjög lítið væri byggt, þá er svo mikið af húsum í byggingum, að litlar líkur eru til, að 250 þús. kr. hrökkvi þar til. — Ég ætla ekki fleiri orðum um þetta að fara, en vil aðeins geta þess, að hv. fjvnm. hafa athugað málið, og finnst þeim þetta vera sanngjarnt. Heildarupphæðin er bundin í l., en verðlagsuppbót er ekki sett á styrkinn, en það verður þó að borga slíka uppbót á styrkinn samkv. auknum byggingarkostnaði.

Um aðrar till. ætla ég ekki að fjölyrða, þó að ástæða væri til að tala um III. till. á þskj. 425.

Ég verð að játa, að ég er undrandi yfir sumum hækkunartill., sem fram hafa komið, en ástæðulaust er að vera að ræða það, þegar svo fáir eru á fundi, og verð ég því að láta nægja að sýna afstöðu mína til þeirra, er til atkvgr. kemur.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég tek hér til máls aftur af þeim sökum, að er ég talaði seinast, hafði ekki verið útbýtt brtt., sem ég óskaði eftir að segja nokkur orð um, og lét ég því bíða að mæla með öðrum brtt., er ég stend að.

Brtt. þessi er varabrtt. á þskj. 425 við brtt. fjvn. á þskj. 387, um hrossaræktarbú á Bessastöðum. Till. okkar er um, að veruleg breyt. verði á þeirri brtt. Í fyrsta lagi er lagt til, að styrkurinn til þessa verði 50 þús. kr., og í öðru lagi lagt til, að bú þetta verði stofnsett við bændaskólann á Hólum í Hjaltadal.

Ég og aðrir, er flytjum þessa brtt., höfum mikið til okkar máls í þessu efni. Leyfi ég mér að benda á, að á Búnaðarþ. 1942 bar einmitt þetta mál á góma. Vil ég leyfa mér að lesa upp, með leyfi hv. forseta, einróma samþykkt þessa þ. varðandi þetta atriði:

„Búnaðarþ. mælir með því, að komið verði upp kynbótabúi að Hólum, í því formi, sem gert er ráð fyrir í erindi hrossaræktarráðunauts, svo framarlega sem slíkt tilraunabú að Hólum álýzt að geta verið fullnægjandi þáttur í þeirri rannsóknar- og tilraunastarfsemi, sem erindi tilraunaráðs búfjárræktar gerir ráð fyrir, að komið verði á stofn."

Ég hygg það tvímælalaust, að leið Búnaðarþ. sé skynsamlegri leið en hin leiðin, sem lagt er til, að farin verði í þessu máli. Það liggur í augum uppi, að stofna á slíkt bú í sambandi við búnaðarskóla landsins, heldur en að vera að ætla því stað á ríkisstjórasetrinu á Bessastöðum, þar sem skilyrði eru auk þess alls ekki eins góð og á Hólum. — Ég hygg reyndar, að óþarft sé að fara um þetta mál mörgum orðum, því að þessi leið okkar í málinu sameinar það tvennt, að í fyrsta lagi er um heppilegri stað að ræða, og í öðru lagi er um 100 þús. kr. minna framlag að ræða.

Ég vil og leyfa mér að benda á, að af hálfu flm. er litið á þessa brtt. sem upphaf þess, er koma skal, og að lengra verði haldið seinna, þegar einhver árangur hefur komið í ljós og á einhverju er hægt að byggja af þeim hagnýtu tilraunum, er kunna að fást í starfsemi sem þessari.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um XVIX. till. á þskj. 410, þar sem lagt er til, að úr till. fjvn. sé fellt úr „úr hópi sinna félagsmanna", en þessi till. stendur í sambandi við úthlutun styrkja til skálda, rithöfunda og listamanna. Með brtt. okkar á listamönnum að vera heimilt í stað þess að úthluta styrkjunum sjálfir að kjósa sér menn utan sinna vébanda, sem þeir svo fela að úthluta þessum styrk.

Mig furðar á því, að till. fjvn. skuli líta dagsljósið eins og hún er úr garði gerð, þar sem hún ber það með sér, að allt annað en hreinar hvatir liggja til hennar.

Það hefur verið tilgangur Alþ. með styrkveitingum til listamanna þjóðarinnar, að með þeim væri Alþ. að heiðra þá fyrir unnin störf á sviði listarinnar, að þessir styrkir væru eins konar heiðurslaun til þeirra, sem yrðu aðnjótandi styrkjanna. Þessi laun hafa ætíð komið beint frá Alþ. eða þá um hendur Menntamálaráðs. En að fá listamönnunum það sjálfum í hendur til þess að skipta styrkjunum sín á milli brýtur algerlega það „princip", sem gilt hefur, og auk þess finnst listamönnunum þetta vera mjög óviðfelldið, að ætla þeim sjálfum að skipta fénu. Því höfum við nokkrir þm. lagt til, að úr brtt. fjvn. verði felilt það atriði, er gerir listamönnunum skylt að útdeila styrkjunum milli sín sjálfir.

Þá hef ég ásamt öðrum hv. þm. flutt aðra brtt., á þskj. 419, varðandi úhlutun styrkveitinga til listamanna og er hún því um nokkuð svipað efni. Í þetta sinn hefur verið horfið að því ráði að leggja til að setja nokkra útvalda listamenn inn á 18. gr. fjárl. Mál þetta var rætt allmikið við II. umr., og var þá brtt. um þetta atriði með nokkuð öðru sniði, eins og hv. þm. geta séð. Þá var lagt til, að 36 listamenn væru teknir inn á 18. gr., en nú er einungis lagt til, að þeir verði 16. — Mál þetta var annars mikið rætt við II. umr., og sé ég ekki ástæðu til að vera að endurtaka það, sem ég sagði þá í þessu máli. En það eitt er víst, að þessi brtt. ætti hv. þm. að þykja miklu aðgengilegri þar sem um er að ræða aðeins þá menn, er hljóta almenna viðurkenningu fyrir að vera í hópi okkar beztu listamanna.

Þá er ég meðflm. að till. um að veita Landssambandi íslenzkra útvegsmanna 20 þús. kr. rekstrarstyrk. Samtök sjávarútvegsmanna eiga vissulega eins mikinn rétt á sér og samtök annarra þjóðfélagsstétta, sem styrkt eru af almannafé.

Ég vil svo aðeins að lokum þakka háttv. fjvn. fyrir, hve vel hún tók undir till. mínar varðandi mitt kjördæmi, og á ég þá sízt við, hvernig hún afgreiddi fjárveitingar til vegamála í héraðinu.

Ég tel svo hvorki tóm né ástæðu til að ræða meira um fjárlagafrv. og breyt. á því yfir jafnfáum hv. þm. og hér eru nú á fundi. En aðalatriðið í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlagafrv. sem annarra er, að rík ábyrgðartilfinning sé meðal hv. þm. á því, að slík afgreiðsla er vandasamt og erfitt verk, og einlæg viðleitni þarf að vera fyrir hendi til þess að leysa þetta verk, svo sem bezt má verða með heill alþjóðar fyrir augum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég vildi gjarnan segja nokkur orð um 3 brtt., sem ég stend að, en ég skal vera fáorður um þær, og það því fremur, sem mjög fáir þm. eru nú á fundi.

Ég verð þó að segja það, að greinilega er nú fram komið, sem við þm. Sósfl. spáðum við 2. umr., að með þessari óvenjulegu aðferð, sem farin hefur verið við afgr. fjárlfrv., mun allt lenda í fjárþröng. —— Margir tugir brtt. hafa nú fram komið við fjárlfrv., upp á tugi millj. kr., og nú er talað um það í fjvn., að ekki sé nema ein lausn við þessu, og sú eina lausn sé að drepa allar þessar brtt. frá einstöku þm. án tillits til þess, hve réttmætar þær séu. — En allir hv. þm. hljóta að sjá, að þetta er engin lausn — alls engin, en vert er að minnast þess, að orsökin til þessa er sú, að brtt. voru yfirleitt ekki látnar koma fram við 2. umr. Þm. fengu ekki tækifæri til þess að vita um, hvernig hv. fjvn. mundi bregðast við till. þeirra, og hún fékk ekki heldur tækifæri til að láta uppi álit sitt á brtt. eftir að hafa rætt þær og athugað í n., því að þm. lögðu ekki yfirleitt brtt. sínar fram við 2. umr. Nú er því svo komið, að ekki virðist annað vera fyrir hendi en að bera hlut þeirra fyrir borð án tillits til þess, hversu réttmætur hann er. Og það er svo langt gengið, að harðar tilraunir eru gerðar til þess að fá þm. til þess að greiða miskunnarlaust atkv. á móti brtt., þó að almennt sé viðurkennt, að sumar þeirra hafi fullan rétt á sér, og ættu, ef allt væri með felldu, að ná fram að ganga. Þó að ekki væri nema því einu til að dreifa, að erfitt er að taka afstöðu til sumra brtt. á svo stuttum tíma, þá mælir það eitt svo á móti því, að brtt. komi fram við 3. umr., að sjálfsagt væri að fá fram brtt. við 2. umr.

En við þá hv. þm., sem telja sig verða hart úti við afgreiðslu þessara fjárl., vil ég segja það, að þeir geta sjálfum sér um kennt, því að þetta eiga þeir ekki að líða, því að með þessu fyrirkomulagi er í raun og veru verið að gera hv. fjvn. einráða um það, hvernig fjárl. verða. — Vil eg svo ekki hafa fleiri orð um þetta atriði.

Þá vil ég geta þess, að hv. 2. landsk. og ég skrifuðum undir nál., þó að við teldum fulla ástæðu vera til þess að áætla tekjur ríflegri en gert er og að liðurinn til verklegra framkvæmda hefði verið hærri og enn fremur til menntamála. En í flestum öðrum atriðum gátum við eftir atvikum orðið samferða nm., enda tóku þeir margar af okkar till. til greina í n.

En ég verð að segja, að mér þykir það vera kaldhæðni örlaganna, að við sósíalistar vorum þeir einu, er fluttum brtt. við 2. umr., og þær eru líka þær einu, sem eitthvað hafa komizt áleiðis í n. Fjvn. tók þær til athugunar og mætti þeim a. m. k. á miðri leið. — Reyndar er ekki ástæða til að ræða þetta nú, en ég vildi þó ekki láta hjá líða að sýna fram á, hversu fráleitt það er að haga afgreiðslu fjárl. svo sem nú hefur gert verið.

Út af ræðu hv. fjmrh. og annarra hv. þm. varðandi tekjuáætlunina vil ég segja þetta: Tekju- og eignarskattur hefur verið áætlaður 23 millj. kr. eða lægri en hann reyndist árið, sem leið. Þrátt fyrir að vitað er að allir launamenn í landinu hafa fengið 25—30% grunnkaupshækkun. Því ætti að mega gera ráð fyrir hækkuðum tekju- og eignarskatti á þessu ári. Því er þessi áætlun vægast sagt mjög varlega áætluð.

Þá vil ég benda á, að tekjur af útflutningsgjaldi sjávarafurða eru áætlaðar 1 millj. kr. En útflutningsgjaldið á árinu, sem leið, frá því í ágúst og út árið reyndist vera 1½ millj. kr., og þó lágu togararnir á þessum tíma þónokkuð lengi í höfn. Því verð ég að segja, að varlega er þessi liður áætlaður á 1 millj. kr., þegar tekjurnar lítinn hluta ársins, sem leið, reyndust vera af þessu útflutningsgjaldi 1½ millj. kr.

Einnig vil ég leiða athygli að því, að tekjur af vörumagns og verðtolli urðu á árinu, sem leið, 47 millj. kr., en eru nú áætlaðar 27,5 millj., en ekki liggja neinar upplýsingar til stuðnings því, að rétt sé að áætla hann þetta lægri en hann reyndist vera síðasta ár.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að það sæti sízt á kommúnistum að vera að áætla tolla mikla og gera ráð fyrir miklum tekjum á þann hátt. — Það, að við sósíalistar sćum á móti háum tollum, er alveg rétt hjá hv. þm., ef hann á við það, en það er alveg óskylt því að áætla tolla og skatta svo og svo mikla. Það breytir auðvitað engu um það, hve miklir þeir verða. Við sósíalistar erum reiðubúnir til þess að lækka tolla um helming, en það er auðvitað allt annað, þó að við reynum að áætla þá sem næst því, sem þeir reynast verða samkv. gildandi lögum. Ég tel því, að teknahliðin sé varlega áætluð, en ekki of hátt.

Þá kem ég að þeim brtt., sem ég stend að, að einhverju leyti: Þá er fyrst brtt. 410 nr. XXXI, sem við flytjum allmargir, um að veita 55 þús. kr. til leikfimishúss við Menntaskólann á Akureyri. Þetta litla mál hefur annað af tveimur verið eins og rekandi tundurdufl í fjvn. N. hefur alltaf verið hrædd við að minnast á þetta mál, en hitt hættumálið er styrkveitingar til listamanna. Þegar á þessi mál var minnzt, ætluðu sumir nm. alveg að springa, og tók n. því enga ákvörðun um þau, og varð það því úr, að einstakir nm. fengu aðra þm. til þess að flytja þetta með sér.

Um þörfina á því að verja 55 þús. kr. til viðbyggingar og viðgerðar á leikfimishúsi M. A. er það að segja, að skólinn hefur verið nær leikfimihúslaus undanfarin ár. Upphitunartæki hússins hafa verið ófullkomin og böð og búningsklefa vantað alveg. Íþróttafulltrúi ríkisins hefur lagt til, að þetta nái fram að ganga, og skólameistari hefur flutt málið fyrir fjvn., auk þess sem hann hefur gert ýtarlega grein fyrir því í bréfi til n. Annars hefur annar hv. þm. þegar talað fyrir þessu máli, og sé ég því ekki ástæðu til þess að minnast á það frekar.

Þá á ég brtt. á þskj. 419, lið nr. VII, um að breyta A. XI. lið 13. gr. þannig að bæta inn í orðunum: „og til vegaverkstjóraekkna". Ég hef átt tal við vegamálastjóra, og hann óskaði eftir því, að þetta yrði tekið upp, en sú ósk kom svo seint, að fjvn. gat ekki tekið það upp, og flutti ég því brtt. um það sérstaklega.

Vegamálastjóri gat þess, að vegaverkstjóri nokkur, sem hefði verið búinn að vinna lengi hjá ríkinu, hefði nú um nokkurt árabil notið eftirlauna, en nú dó hann fyrir skömmu, og vill nú vegamálastjóri mælast til þess, að ekkjan fái að njóta eftirlaunanna áfram, en hann hefur nú ekki heimild til þess að veita henni þau. Upphæðin á fjárl. er ekki heldur nægileg, og hef ég því lagt til, að hún yrði hækkuð um 1000 kr.

Þá eigum við fjórir brtt. á þskj. 419 lið XXV, við brtt. ríkisstj. á þskj. 410, lið LXXXIII, um, að sýslumönnum, bæjarfógetum, lögmanni, sakadómara, prestum, héraðslæknum, háskólakennurum, landsbókaverði, þjóðskjalaverði og þjóðminjaverði verði veittar hverjum einstökum kr. 2000 í launabætur án uppbótar. Við leggjum til, að á þessa brtt. verði einnig teknir upp barnakennarar, með 2000 kr. hver og farkennarar, með 1000 kr. hver. Ég tel sjálfsagt, að ef áðurgreindir menn fá uppbætur á laun sín, þá fái kennarar einnig launabætur, og er þörfin á því þeim mun meiri sem laun kennara eru lægri en þessara manna. Skólastjórar í kaupstöðum komast nú hæst í rúmlega 4800 kr. grunnkaup og kennarar hæst í rúml. 3900 kr. grunnkaup. Til samanburðar má geta þess, að sakadómari og lögmaður munu hafa um 9000 kr. í grunnkaup, og er því ekki óeðlilegt, að kennarar fái launabætur, ef þessir menn fá launabætur. Með þessari brtt. okkar er ekkert sagt um það, hvort þessir menn eigi að fá uppbót eða ekki, en ef þeir fá hana, þá er full ástæða til þess að hafa kennarana með, enda miðar brtt. okkar að því, að kennararnir verði fyrst teknir upp á brtt. ríkisstj. og hún síðan borin upp í heild.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það má segja, að þeir hv. þm., sem hér tala í nótt, séu tómthúsmenn í orðsins fyllstu merkingu. Þar sem ég er nú einn þessara tómthúsmanna, er bezt, að ég hafi sem fæst orð yfir þessum auðu bekkjum. En það, sem veldur því, að ég stend á fætur, eru 2—3 nýjar brtt., sem nýlega hefur verið leitað afbrigða fyrir, auk þeirra, sem hafa áður verið ræddar. Þá er fyrst brtt. 425, I, sem við þm. Árn. flytjum saman, um að veittar verði 50 þús. kr. til Sogsvegargerðar. Við fluttum þessa brtt. eftir nánari athugun þessa máls, og mér er óhætt að staðhæfa, að það var í rauninni gert eftir bendingu vegamálastjóra. Hann sá við athugun þótt seint væri, að það var bráðnauðsynlegt að veita nú nokkuð fé til þessa vegar. Þessi vegur, sem liggur meðfram Þingvallavatni, getur verið mjög mikilsverður, einkum þegar snjóalög eru, en þá getur hann haft geysimikla þýðingu fyrir mjólkurflutninga. Nú vantar aðeins herzlumuninn, til þess að vegurinn verði fullgerður, en það nægir til þess, að hann verði öruggur, þegar mest liggur við. Vegamálastjóri sá þörfina á því, að vegurinn yrði fullgerður nú þegar og mælti með því að fé yrði nú fengið til þeirra hluta.

Þá er það brtt. 425, II, sem ég flyt með fleirum. Ég er ekki 1. flm. brtt., en hinir hafa nú horfið héðan, svo að ekki þyrftu allir að vaka, og hefur það því orðið mitt hlutskipti að tala fyrir henni. Þessi brtt. fer fram á, að veittar verði 5000 kr. til Stokkseyrarhrepps til þess að koma upp og reka þar ferðamannaskýli og greiðasölu. Eins og stendur, er Stokkseyri aðallandtökustaðurinn fyrir báta frá Vestmannaeyjum, enda er nú mjög tíðförult þar á milli. En er í land kemur, eiga ferðamenn hvergi höfði sínu að að halla, því að þarna er ekkert gistihús eða greiðasala, en víðast þröngt á heimilum. Þetta eru fullkomin vandræði, og er hér því farið fram á sanngjarna fjárveitingu til þess að koma upp skýli fyrir sjófarendur. Það er svo gert ráð fyrir, að Stokkseyringar ráðstafi þessu fé í samráði við Vestmannaeyinga. Er nú mikill hugur í mönnum um, að hafizt verði handa um að koma þessu upp, en það vantar nægilegt fjármagn, og er því farið fram á, að veitt verði nokkur hjálp vegna aðkallandi þarfar. Ég vona, að þessi brtt. fái góðar undirtektir, en sem varafjárveitingu höfum við farið fram á 4000 kr., og verður því ekki annað sagt en að hér sé hóflega farið í sakirnar.

Þá á ég hér brtt. 420 VI, um að orða um till. fjvn. um hrossaræktarbú á Bessastöðum, þannig að till. orðist á þessa leið: „Að greiða allt að 150 þús. kr. til þess að reisa peningshús og til aukningar bústofni á Bessastöðum." Í till. fjvn. er þetta framlag einskorðað við að koma upp hrossaræktarbúi, en hvort það verður uppeldisstöð graðra eða geltra hesta, er ekki tekið fram. Ég hef hins vegar lagt hér til, að þetta fé verði veitt til aukins búrekstrar á Bessastöðum. Það hefur verið nokkuð rætt hér, hvort það væri sæmandi, úr því að æðsta manni landsins hefur verið valinn þarna bústaður, að ákveða þá, að þarna skyldi einnig rekin ákveðin búfjárræktarstarfsemi og kynbótabú. Ég verð að segja, að það er vægast sagt smekklítið. Ég álít það jafnsmekklaust og ef til þess kæmi einhvern tíma, að biskup landsins flyttist að Skálholti, að þá yrði ákveðið í búhyggjuskyni að reka þar stórbú með kynbótanaut. Ég er ekki mótfallinn búfjárræktarstarfsemi, en mér þykir þetta mjög óviðeigandi. Hitt er annað mál, að til þess að Bessastaðir gæti notið sín sem bújörð, vantar mikið húsrúm fyrir búpening, til þess að það samsvari gildi jarðarinnar. En þegar á að auka áhöfn jarðarinnar, verður það fljótt kostnaðarsamt, því að nú er fljótt að koma hvert gripsverðið. Annars vil ég taka það fram, að þegar hæstv. ríkisstjóra var ákveðinn bústaður á Bessastöðum, þá var ég á móti því, því að mér þótti jörðin of umsvifamikil til slíkra hluta, enda er það nú að koma fram. En fyrst niðurstaðan varð þó þessi, þá finnst mér sjálfsagt að hagnýta á eðlilegan og frjálsmannlegan hátt gæði jarðarinnar, en lofa aliri kynbótastarfsemi að eiga sér annan samastað en í einbýli eða sambýli við hæstv. ríkisstjóra. Ég vona, að ég þurfi svo ekki að ræða þetta meira, en vænti þess, að brtt. mín fái góðar undirtektir, því að hún kemur þá í veg fyrir þá

smekkleysu, sem Alþ. er komið vel á veg með að hrinda í framkvæmd. Til þess að standa við orð mín um tómthúsmennina skal ég nú ekki tala mikið lengur. Ég vil þó að lokum minnast aðeins á það, sem hv. 6. landsk. sagði, en það voru mjög athugaverð ummæli, og væri ástæða til að fara nánar út í það, ef öðruvísi hefði staðið á. Hann gat þess, að þær brtt., sem hefðu komið fram við 2. umr., hefðu helzt fengið áheyrn hjá fjvn., en að það væri fullt útlit á, að hinar ættu allar að fara í sömu gröfina. Þessi ummæli frá manni úr fjvn. eru mjög athyglisverð og óskemmtilega sönn. Þegar fjárlagafrv. er nú að verða að lögum og þetta er tekið með til athugunar, þá sést, að það er eitthvað bogið við þetta allt saman. Það eru nú 9 menn í fjvn., og munu sumir jafnvel hafa heimtað, að slegið yrði sameiginlegu striki yfir allar brtt., sem ekki koma frá n. sjálfri, hvort sem það væri rétt eða rangt. Ég bjóst við, að allar brtt. ættu að verða teknar til athugunar án tillits til þess, hvaðan þær kæmu, og ég held, að það væri gott fyrir fjvn. að hafa það í huga við atkvgr., að hún er ekki fyrst og fremst fjvn., sem á að standa saman í gegnum þykkt og þunnt, heldur á hver einstaklingur fyrst og fremst að standa við skoðanir sínar á því, hvað sé rétt og hvað ekki án tillits til athugana fjvn.

Þetta ættu menn að hafa í huga, og það væri réttara að nota tímann meira til athugunar á fjárl. í stað þess að hroða þeim af, þegar allt er komið í eindaga.

Gísli Jónsson: Það er ákaflega athyglisvert á þessu þingi, að það hefur engin stjórn leitt þingið, og þess vegna hefur fjvn. verið það vald í þinginu, sem hefur verið leiðandi í fjármálum, og þá fyrst og fremst form. n., Finnur Jónsson. Og það kom ákaflega glöggt fram hjá honum hér í kvöld, að hann afsakaði allar sínar misgerðir með sínum pólitíska lit. Og ég vil aðeins vekja athygli þeirra fáu þm., sem hér eru eftir í salnum, á því, sem er árangur af þessu starfi, en það er 2 millj. kr. hækkun á útgjöldum fjárl. frá því að sú hæstv. ríkisstj. skilaði fjárlagafrv. sínu. Hv. form. fjvn. telur þessa stjórn hafa verið hina eyðslusömustu ríkisstj., sem setið hafi við völd. Er það eins og tákn tímanna um það, hvernig fara mundi, ef þessir vinstri flokkar stæðu saman um stjórn ríkisins, þessir flokkar, sem unnið hafa saman eins og ein keðja í fjvn. þetta tímabil, þegar þeir hafa ekki haft neinn dragbít, til þess að stöðva ferðina í eyðslu átt. Þeir hafa ekki fundið neinar nýjar tekjulindir, en hækkað tekjuliðina til þess að sýna á pappírnum engan halla á fjárl. Aðrar leiðir hafa þeir ekki fundið.

Þegar einn af þessum háttv. þm., eins og 6. landsk. (LJós), leyfir sér að halda fram, að það sé alveg öruggt, að útflutningsgjaldið af togurum sé miklu meira en áætlað er, þá hefur honum ekki dottið í hug að kynna sér það, að miklu meira en helming af þessari 1½ millj., sem greitt var í þetta útflutningsgjald frá því í ágúst, verður ríkissjóður að greiða það aftur, af því að hann hefur tekið það ranglega af þessum skipum. Útflutningsgjaldið hefur verið fyrst og fremst reiknað eftir l. frá 1935, en ekki eftir l. frá 1941, sem á að reikna það eftir. Eins og gjaldið hefur verið reiknað, hefur það verið 25 þús. kr. á skip, en ætti ekki á sama skip að vera meira en 5—8 þús. kr., — hvernig sem reiknað er, — ef eftir réttum l. er farið. Þessi tekjulind verður því ekki til þess að byggja fyrir neina vegi, ekki einu sinni norður í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ég held það sé athugunarvert fyrir framtíðina, hvort það sé ekki rétt að breyta algerlega um starfsaðferð í fjvn. Ég get ekki ímyndað mér, að háttv. þm. þoli slíkt einræði framvegis, sem þar hefur átt sér stað, án þess að rísa á móti því. Það hefur verið tekin upp sú starfsaðferð í samvn. samgm., sem hefur verið form. n., háttv. 10. landsk. (GSv), til stórrar prýði. Hann hefur — með þeim erfiðleikum, sem hann hefur átt við að stríða, viðvíkjandi því að fá tekna inn alls konar þjóðvegi og brýr, — með alveg sérstökum skilningi og lipurð, komizt að samkomulagi við alla háttv. þm. um það, að þessu yrði deilt réttlátlega niður á kjördæmin. Ég held, að það væri ágætt nýmæli, að þingið yrði skipað þannig í framtíðinni, að hver einasta n. hefði með þau mál að gera, sem heyrðu undir hana, ekki aðeins ýmis ákvæði viðvíkjandi þeim, heldur líka að langmestu leyti fjárframlögin til þessara mála. Því hvaða vit er í að láta sjútvn. ákveða eitthvað um hafnarmannvirki og vitabyggingar og láta svo fjvn. koma og gera þetta allt öðruvísi heldur en sjútvn. vildi vera láta? Ég er viss um, að ekki hefðu komið 10 eða 11 millj. kr. hækkunartill. á síðustu stundu, — sem mér virðist fjvn. hugsa sér að láta samþ. þegjandi og hljóðalaust, — ef þessi háttur hefði ekki verið hafður á. Og einmitt hefði þurft að gæta þessa nú, þegar enginn fjmrh. hefur aðstöðu til þess að setja bremsur á þann hraða, sem háttv. formaður fjvn. hefur farið niður sóunarbrekkuna á þessu þingi.

Ég vil þá aðeins nota tækifærið hér til að reka til baka þær fullyrðingar, sem háttv. þm. Ísaf. (FJ) notaði hér í sambandi við veginn til Barðastrandar. Hann talaði um, að ég ætti að snúa mér til samflokksmanna minna í fjvn. Það væri óverðskuldað árás á þá, sem ég talaði um í sambandi við, að ekki hefði verið meira réttlæti í þeim málum, og einnig á fyrrverandi fjmrh. En í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að að vísu hafði fyrrv. fjmrh. ekki tekið upp framlög til þessara vega, eins og nú hefur verið fallizt á. En hvað tók fjmrh. mikið upp vegna vegar yfir Rafnseyrarheiði? Ekki eina krónu. Og hvað lagði svo vegamálastjóri til um þann veg? Að ekkert yrði lagt til hans. En vegamálastjóri lagði til, að 100 þús. kr. skyldu verða lagðar í Barðastrandarveg, og það var háttv. þm. Ísaf. kunnugt um. Svo leyfir hann sér að segja, að upplýsingar liggi fyrir frá vegamálastjóra um það, að þessi vegur kosti 1 millj. og 300 þús. kr., þegar staðreyndin er, að þar vestra kostaði á s. l. sumri kr. 18,50 hver metri, á móti því, að á vegum á Suðurlandsundirlendinu kostaði kr. 30 hver metri. Þegar formaður fjvn. leyfir sér að koma með svona rökleysur bara til þess að breiða yfir misfellur og misrétti milli héraða, þá gengur það langt fram yfir það, sem sæmilegt er fyrir mann sem slíkt vald hefur. Þessum vegi voru áætlaðar 160 þús. kr. 1941, og svo getur háttv. form. n. reiknað vísitöluhækkun síðan, en upp í 1 millj.

og 300 þús. kr. kemst hann aldrei. Ég vil minna á skoðun hans og ummæli um byggingu á ríkissjóðs jörðum. Það var tekið vel í þau mál af form. Búnaðarfélags Íslands, háttv. þm. Mýr. (BÁ), svo og öðrum, sem hér hafa um það rætt. En háttv. form. fjvn. taldi ekki mikla ástæðu til að hækka þetta framlag. Hann álítur rétt, að ríkið eigi jarðirnar. En ef það er hans skoðun, hvers vegna vill þá ekki háttv. fjvn. leggja fram sómasamlega fúlgu til þessara mála? Því að það getur ekki hvort tveggja verið rétt, að ríkissjóður eignist þessar jarðir, annaðhvort smátt og smátt eða allar í einu, og geri svo ekki skyldu sína um að hýsa þær, eins og hverjum jarðeiganda ber. Það væri sannarlega nauðsynlegt, eins valdamikill maður og háttv. þm. Ísaf. er á þessu þingi, að hann vildi skríða inn í einhverja af þeim kofum, sem eru á ríkissjóðsjörðum í Barðastrandarsýslu, til þess að sjá hvernig búið hefur verið undanfarið að þeim mönnum, sem þar búa. Svo þegar þessir menn leggja til, að byggt verði fjós á Álftanesi, þá má kosta 7500 kr. hver bás, — þá skil ég ekki hvernig þessir menn hugsa. Því að það finnst mér ganga út yfir öll takmörk sanngirni, þegar fjvn. leggur til, að byggt verði fjós á kostnað ríkisins fyrir 150 þús. kr. yfir 20 kýr, þ. e. 7500 kr. á kú. Hvernig ættu bændur landsins að búa, ef básar þeirra kostuðu 7500 kr. fyrir beljuna?

Það hefði verið ástæða til að minnast hér á margt fleira, m. a. þann styrk, sem óskað er eftir, að veittur verði fyrir Húsavík. Það sýnir einmitt, hve nauðsynlegt þetta fyrirkomulag er, sem ég benti á, að það þyrfti að komast á samvinna milli fjvn. annars vegar og annarra n. þingsins hins vegar. Það er alveg nýlega búið að ganga frá breytingum á hafnarlögum fyrir Húsavík. Og þá voru færð að því gild rök, sem háttv. formælendur málsins felldu sig við og viðurkenndu, að það væri enginn greiði gerður Húsavík með því að leggja fram fé til þessarar hafnar. Staðurinn getur ekki staðið undir því að gera höfn á þann veg, heldur aðeins viturlegri byggingu, og með þeim skilningi voru l. afgr., að þetta mannvirki yrði ekki gert, fyrr en það þætti nokkurt vit í því að leggja í þann kostnað. Svo koma fram till. um, að sjálfsagt sé að leggja stóra fúlgu í þetta, einmitt nú á þessum tímum, meðan verkið yrði mjög kostnaðarsamt. Og ef þessi till. hefði komið fram við 2. umr., þá hefði hún farið í gegnum fjvn., einmitt á sama hátt og þær till., sem fóru það bara fyrir það, að þær komu nógu snemma fram. Byggi ég þetta á upplýsingum frá einum nm.

Það eru ýmsir aðrir liðir fjárl., sem ég hefði viljað benda á í sambandi við ýmsar till., m. a. Hvalfjarðarferjan. Ég var einn af þeim mönnum, sem skrifuðu undir þetta skjal, sem vitnað var í, þar sem farið var fram á rannsókn á því máli. En mér er fyllilega ljóst, eftir að hafa kynnt mér þetta mál hjá þeim mönnum, sem hafa haft þessa rannsókn með höndum, að það er ekkert vit í að svo stöddu að leggja fé í það fyrirtæki.

En fjvn. er svo stór upp á sig, að hún hefur ekki getað beygt sig undir það, — sem líklega flestar aðrar n. þingsins hafa gert, — hvorki að taka á móti þm. til viðtals, eftir munnlegri beiðni, né þótt þeir hafi sent beiðni um það í ábyrgðarbréfi til fjvn., svo að þeir gætu verið alveg vissir um, að n. hefði fengið kröfu um það, að þm. fengju að tala við þessa háttsettu og valdamiklu nefnd.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í að ræða um þessi mál, því að ég geri ráð fyrir, að afl atkvæða ráði nú um fjárl. Það hefur ekki oft verið hlustað á rök í þessari háttv. fjvn., og sízt er þess að vænta, að þau hafi nokkuð gildi, þegar fjvn. hefur lokað að fullu og öllu dyrunum. Það getur vel verið, að form. fjvn. taki til máls á eftir mér, en ég mun ekki kveða mér hljóðs aftur við þessa umr. og ekki tefja næturtíma þm., þótt mikil ástæða væri til að finna að mörgu í sambandi við þetta mál.

Frsm. (Finnur Jónsson): Gamall kunningi minn átti nokkuð ríklundaða konu og lýsti henni þannig: „Eins og konan mín er orðin nú, þyrfti hún helzt að eiga stóran búgarð og búa á honum einsömul.“ Ég held, að þessi lýsing ætti nokkuð vel við þm. Barð. (GJ). En ég held, að honum nægði ekki að eiga stóran búgarð og búa á honum einsamall, heldur þyrfti hann að eiga nokkuð stórt land, t. d. Grænland, og búa þar einsamall. Og ég held, að hann ætti þar helzt heima. Landið er gæðaríkt, og þar er efalaust talsvert verksvið fyrir þann dugnað, sem býr í þessum hv. þm.

Ég sé ekki ástæðu til að deila neitt við þennan hv. þm. Má vel vera, að ég líti of stórt á hann, eins og hann sannarlega hefur litið of stórt á mig. Ég hef ekki í fjvn. nema mitt eina auma atkv., en flokkur þessa þm. hefur þar 3 menn á móti mér einum. Og þegar hann þess vegna er að deila um störf fjvn., þá er ádeila hans miklu meira ádeila á störf hans eigin flokksmanna heldur en á mín störf, því að sannarlega hef ég ekki gert neitt annað en greitt þar atkv., ef til atkvgr. hefur komið. Ég hef starfað þar á fundum, en um úrslit mála ræð ég þar engu meir en hver annar nm. þrátt fyrir formennskuna. Þetta ætla ég, að háttv. þm. Barð. geti skilið, ef hann vill skilja það á annað borð. Þegar hann er að tala um, að ég hafi hvorki sýnt stórmennsku eða réttsýni um úthlutun vegafjár til vega á Barðaströnd, þá vil ég minna á, að fjvn. hefur gert till. um úthlutun vegafjár til Barðastrandar þannig að það verði hækkað um 50% frá því sem sú ríkisstj., sem þessi þm. studdi, hefur gert till. um. Það getur verið, að þetta sé ekki nein stórmennska, en fjvn. hefur þó gert nokkra tilraun til að lyfta upp aftur vegafjár framlaginu til Barðastrandar, sem ríkisstj. þessa háttv. þm. hafði skorið verulega niður.

Það er mesti misskilningur, ef þm. eru farnir að halda fram, að hér á Alþ. liggi fyrir nokkur minnsta krafa um það frá fjvn., að greidd verði atkv. með brtt. fjvn. eingöngu, en ekki öðrum. En hins vegar hef ég sagt, að eins og brtt. við fjárl. liggja fyrir og upplýsingar liggja fyrir um líkur ríkisins fyrir tekjum, þá getur það ekki verið annað en sjálfsögð skylda allra þm. að gera eitt af tvennu: Ef þeir samþ. þær hækkanir, sem hér liggja fyrir till. um frá einstökum þm., verður annaðhvort að skera niður eitthvað af því, sem fjvn. hefur lagt til, eða benda á nýja tekjuliði. Ég fyrir mitt leyti geri ekki þessa kröfu sem

form. fjvn. Ég geri enga kröfu um það, að till. fjvn. séu samþ.

Ég hef bent á það, að hæstv. ríkisstj. hafi annaðhvort ekki kært sig um eða ekki fundið sig hafa neina köllun til að fylgjast með störfum fjvn., hvaða ástæður sem hún hefur haft fyrir því. Þess vegna verður það að teljast skylda þingsins að afgreiða fjárl. þannig, að þingið geti verið þekkt fyrir þá afgreiðslu.

Ég ber mikið traust til fjármálavits og fjáröflunarhæfileika háttv. þm. Barð., og ég veit, að hann skilur kannske bezt allra manna þessa afstöðu fjvn. Hins vegar má hann ekki misskilja fjvn. þannig, að það sé verið að gera kröfur til einræðis í fjármálum til handa fjvn. Hún er ekki annað en starfsmenn þingsins, og hver nm. er trúnaðarmaður síns flokks í n. Þær till., sem fjvn. hefur gert um útgjöld, eru nokkurnveginn í samræmi við áætlanir fjvn. um tekjur, og ég hef staðið í þeirri meiningu, — a. m. k. þangað til ég heyrði ræðu háttv. þm. Barð., — að þessar till. væru nokkurnveginn í samræmi við álit flokkanna á Alþ., enda munu fulltrúarnir hafa haft nokkurt samráð við flokka sína um till., og þar með fulltrúar sjálfstæðismanna að sjálfsögðu við háttv. þm. Barð. Ég segi fyrir mitt leyti, að mér hefur aldrei dottið í hug að svífa í lausu lofti yfir mínum flokki eins og einhver andi yfir vötnum. Ég hef haft samráð við flokk minn um afgreiðslu fjárl. Og ég hef gert ráð fyrir og trúi ekki öðru, fyrr en ég tek á, að fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. hafi fylgt sömu reglu, að þeir hafi ráðfært sig við flokksmenn sína og haft samráð við þá um afgreiðslu fjárl., ekki síst, þar sem þar er um að ræða mjög reynda fjvnm., eins og t. d. háttv. þm. Borgf. (PO), háttv. þm. Dal. (ÞÞ) og háttv. þm. Ak. (SEH). Þeir hafa allir átt sæti mörg ár í fjvn. Og ég mótmæli því alveg, að svo lítið sé gert úr þessum reyndu og ágætu þm., að ég, óreyndur maður í fjvn., hafi snúið þeim einhvernveginn um fingur mér. Ég mótmæli þessu, ekki af því að mig langi ekki til að vera svona slyngur, heldur vegna þessara ágætu þm. Háttv. þm. Barð. hefur setið hér lengi kvölds og er dálítið syfjaður. Hann hefur sótt í sig veðrið, og ég hef skoðað þær ákúrur, sem hann hefur látið hrjóta í minn garð, stafa af því, að honum hefur nú með sínum mikla dugnaði ekki fundizt hann komast nógu langt með allar sínar stóru kröfur. Ég skoða þetta þannig heldur en að hann beri persónulegan kala í minn garð. Og því síður ætti hann að hafa persónulegan kala í garð síns eigin flokks, sem er þrefaldur á við mig í fjvn. Háttv. þm. Barð. sagði hér í dag, að hann talaði ekki um fjárl. fyrir munn Sjálfstfl., heldur fyrir munn skynseminnar. Vera má, að erfitt sé að samræma þetta tvennt, en ég mælist til þess við þennan þm., að hann taki það tillit til flokksmanna sinna, að hann telji mig ekki að minsta kosti jafnvoldugan þremur fulltrúum Sjálfsæðisflokksins í fjárveitinganefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 346, n. 355 og 390, 387, 388, 410, 411, 419, 420, 425, 426, 427).

ATKVGR.

Brtt. 387,1—7 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 426 samþ. með 36:9 atkv.
— 387,8—9 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 387,10—11 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 410,I. samþ. með 29:12 atkv.
— 410,II.á—b felldar með 34:5 atkv.
— 419,I. felld með 26:17 atkv.
— 410,III.1—2 felldar með 27:14 atkv.
— 387,12 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 419,II.1—3 teknar aftur.
— 410,IV.1.a—c—2 felldar með 27:11 atkv.
— 387,13 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 410,V. aðaltill. felld með 29:20 atkv.
— 410,V. varatill. samþ. með 27:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, GJ, GSv, GÍG, GTh, HG.

nei: HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, EystJ, FJ, GG.

1 þm. (GÞ) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Með því að það eru ætlaðar 200 þús. kr. til byggingar við Landsspítalann og 100 þús. kr. í till. fjvn., allt í þessu skyni, segi ég nei.

Brtt. 410,VI felld með 26:16 atkv.
— 410,VII. samþ. með 26:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EE, GÞ, GJ, GSv, GTh, IngJ, JJós, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SK, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BBen, BrB.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍG, HelgJ, HermJ, IngJ, JPálm, JJ, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, HG.

JakM, JS greiddu ekki atkv.

Brtt. 387,14 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 420,I. felld með 26:20 atkv.
— 410,VIII felld með 28:17 atkv.
— 387,15.a.1—6 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 419,III.1 aðaltill. tekin aftur.
— 419,III.1 varatill. felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, GJ, GSv, GTh, IngJ, JJós, JPálm, KA, LJóh, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, STh, StgrA.

nei: BSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍG, HelgJ, HermJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÞG, HG.

BG, LJós, SK greiddu ekki atkv.

Brtt. 419,III.2 tekin aftur.
— 387,15.a.7.a samþ. með 42 shlj. atkv.
— 387,15.a.7.b samþ. með 46 shlj. atkv.
— 419,III.3 tekin aftur.
— 387,15.a.8—11 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 410,IX tekin aftur.
— 427,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 387,15.a.12 kom ekki til atkv.
— 387,15.a.13.a samþ. með 38 shlj. atkv.
— 410,X tekin aftur.
— 387,15.a.13.b—18 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 410,XI felld með 26:13 atkv.

— 387,15.a.19—21 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 387,15.a.22 *felld* með 27:22 atkv.
— 387,15.a.23 samþ. með 27:14 atkv.
— 387,15.a.24.a samþ. með 42:1 atkv.
— 410,XII tekin aftur.
— 427,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 387,15.a.24.b kom ekki til atkv.
— 410,XIII samþ. með 36 shlj. atkv.
— 387,15.a.25 kom ekki til atkv.
— 410,XIV felld með 28:13 atkv.
— 387,15.a.26—31 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 387,15.a.32.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 419,IV.1 aðaltill. felld með 36:6 atkv.
— 419,IV.1 varatill. felld með 31:6 atkv.
— 419,IV.2 felld með 26:18 atkv.
— 387,15.a.32.b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 387,15.a.33—44 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 410,XV.1.a felld með 28:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PM, SigfS, SB, SG, STh, StgrA, SvbH, ÁkJ, BSt, BrB, EOl, GG, GSv, HermJ, IngP, JörB, KA, PHerm.

nei: PO, SEH, SÞ, SkG, StJSt, ÞÞ, ÞG, ÁÁ, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, HelgJ, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, HG.

SK, BG, EE, GTh, PZ greiddu ekki atkv.

Brtt. 387,15.a.45 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 410, XV.1.b felld með 31:6 atkv.
— 387,15.a.46—53.a samþ. með 40 shlj. atkv.
— 425,I felld með 30:13 atkv.
— 387,15.a.53.b.1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 387,15.a.53.b.2 samþ. með 32:12 atkv.
— 387,15.b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 387,16.1—3 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,XV.2 felld með 29:4 atkv.
— 387,16.4—20 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 410,XVI tekin aftur.
— 410, XVII.a—b felld með 27:4 atkv.
— 410,XVII.c tekin aftur.
— 387,16.21—22 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 419,V samþ. án atkvgr.
— 387,16.23 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 410,XVIII tekin aftur.
— 387,17 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 387,18 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,XIX samþ. með 27:20 atkv.
— 410,XX.a kom ekki til atkv.
— 419,VI samþ. með 31 shlj. atkv.
— 410, XX. b, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
— 410,XXI felld með 26:24 atkv.
— 425,II aðaltill. felld með 26:24 atkv.
— 425,II varatill. samþ. með 36:7 atkv.
— 419,VII samþ. með 35:8 atkv.
— 410,XXII samþ. með 28:14 atkv.
— 419,VIII felld með 28:7 atkv.
— 410,XXIII tekin aftur.
— 427,3 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 388 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 387,19 samþ. með 36:1 atkv.
— 410,XXIV felld með 36:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, JJós, KA, LJóh, LJós, SigfS, SG, SK, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl.

nei: HelgJ, IngJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GJ, GSv, GÍG, HG.

EE greiddi ekki atkv.
1 þm. (HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 387,20.a—f.1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 427,5 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 387,20.f.2 kom ekki til atkv.
— 410,XXV felld með 27:10 atkv.
— 387,20.f.3—6 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 419,IX.1 tekin aftur.
— 419,IX.1 varatill. felld. með 26:17 atkv.
— 387,20.f. 7—9 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 387,21.a.1—5 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 410,XXVI felld með 26:9 atkv.
— 387,21.b.1—6 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,XXVII felld með 28:19 atkv.
— 387,21.b.7—8 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 410, XXVIII samþ. með 27:9 atkv.
— 387,21.b.9—13 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 419,IX.2 aðaltill. felld með 29:8 atkv.
— 419,IX.2 varatill. felld með 26:14 atkv.
— 387,21.b.14—16 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 410, XXIX og XXX teknar aftur.
— 427,4 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 387,22 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 387,23 samþ. með 27:17 atkv.
— 387,24 samþ. með 27:18 atkv.
— 410,XXXI samþ. með 28:14 atkv.
— 410,XXXII felld með 28:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, GJ, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JS, JörB, KA, LJóh, MJ, PÞ, SigfS, SG, SK, STh, StgrA, SvbH.

nei: ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍG, HermJ, IngP, JakM, JPálm, JJ, LJós, ÓTh, PHerm, PZ, PM, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, StJSt, ÞÞ, HG.

2 þm. (GÞ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 419,X.a samþ. með 30:3 atkv.
— 419,X.b tekin aftur.
— 420,II *felld* með 27:21 atkv.
— 387,25 samþ. með 28:10 atkv.
— 410,XXXIII felld með 34:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, IngJ, KA, LJós, PÞ, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BrB, EOl.

nei: HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GJ, GSv, GÍG.

HG greiddi ekki atkv.
1 þm. (GÞ) fjarstaddur.

Brtt. 387,26—27 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,XXXIV samþ. með 27:14 shlj. atkv.
— 410,XXXV. aðaltill. felld með 26:18 atkv.
— 410,XXXV. varatill. samþ. með 27:17 atkv.
— 411 felld með 25:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, LJós, MJ, SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, BrB, EOl, EE, GG, GSv, GÍG, GTh, HermJ, IngJ, KA.

nei: ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BBen, EmJ, EystJ, FJ, GJ, HelgJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, HG.

2 þm. (BSt, GÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Jörundur Brynjólfsson: Ég er að vísu fylgjandi því, að þessi skóli verði byggður, en þar sem engar fastar reglur hafa enn verið settar um starf hans, sé ég ekki ástæðu til, að greitt sé þetta fé, og segi því nei.

Brtt. 387,28 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 410, XXXVI. aðaltill. samþ. með 27:19 atkv.
— 410,XXXVI. varatill. kom ekki til atkv.
— 410,XXXVII felld með 26:20 atkv.
— 387,29—32 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 410,XXVIII felld með 34:9 atkv.
— 419,XI samþ. með 26:23 atkv.
— 410,XXXIX felld með 30:12 atkv.
— 387,33 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,XL samþ. með 26:17 atkv.
— 410,XLI samþ. með 37:8 atkv.
— 410,XLIII samþ. með 36:1 atkv.
— 420,III. aðaltill. felld með 27:16 atkv.
— 420,III. varatill. samþ. með 30:4 atkv.
— 410,XLIV samþ. með 33:12 atkv.
— 387,34 kom ekki til atkv.
— 419, XII felld með 26:21 atkv.
— 387,35 samþ. án atkvgr.
— 410,XLV.1 felld með 27:14 atkv.
— 387,36 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 410,XLV.2 samþ. með 27:16 atkv.
— 410,XLIII samþ. með 27:15 atkv.
— 387,37 kom ekki til atkv.
— 387,38 samþ. með 28:11 atkv.
— 410,XLVI tekin aftur.
— 410,XLVII samþ. með 26:21 atkv.
— 410,XLVII varatill. kom ekki til atkv.
— 419,XIII.1—2 samþ. með 27:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GG, GSv, GÍG, GTh, JakM, JJós, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PÞ, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, StgrA, HG.
nei: BSt, GÞ, GJ, HelgJ, IngP, JPálm, JS, JJ, PHerm, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ.
BG, BÁ, EystJ, HermJ, IngJ, JörB, PZ, PM, SK greiddu ekki atkv.
1 þm. (EE) fjarstaddur.
Brtt. 410,XLVIII felld með 28:23 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SB, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GG, GSv, GÍG, GTh, KA, LJós, SigfS, HG.
nei: SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EystJ, GÞ, GJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO.
MJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 410,XLIX samþ. með 28:13 atkv.
— 387,39, svo breytt, samþ. með 42:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JJ, JörB, KA, LJós, MJ, ÓTh, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍG, GTh, HelgJ, HermJ, IngP, JJós, JPálm.
nei: BBen, GJ, JakM.
LJóh, PHerm, PZ, EE, FJ, IngJ, HG greiddu ekki atkv.
Brtt. 410,G felld með 26:12 atkv.
— 410,LI tekin aftur.
— 387,40 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 410,LII tekin aftur.
— 387,41 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 420,IV felld með 32:10 atkv.
— 410,LIII samþ. með 38:2 atkv.
— 410,LIV felld með 35:10 atkv.
— 387,42 samþ. með 39:6 atkv.
— 410,LV felld með 24:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, STh, StgrA, SvbH, ÁkJ, BÁ, BBen, BrB, EOl, GJ, GTh, IngJ, JJós, KA, LJóh, MJ, PHerm.
nei: PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt. ÞÞ, ÁÁ, BSt, EystJ, FJ, GÞ, GG, HelgJ, IngP, JakM, JPálm, JS, JJ, JörB, ÓTh.
PZ, ÞG, BG, EE, EmJ, GSv, HermJ, LJós, HG greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
Brtt. 387,43 samþ. með 39:1 atkv.
— 410,LVI samþ. með 32 shlj. atkv.
— 410,LVII samþ. með 29:11 atkv.
— 387,44 samþ. með 29:2 atkv.
— 410, LVIII. aðaltill. felld með 26:11 atkv.
— 410,LVIII. varatill. felld með 26:22 atkv.
— 419,XIV felld með 34:5 atkv.
— 419,XIV. varatill. felld með 28:7 atkv.
— 387,45—46 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 419,XV felld með 29:10 atkv.
— 387,47 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 410,LIX.a felld með 26:21 atkv.
— 410,LIX.b tekin aftur.
— 410,LX felld með 35:6 atkv.
— 387,48.a samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,LXI felld með 31:9 atkv.
— 387, 48.b—e samþ. með 42:1 atkv.
— 410,LXII felld með 26:18 atkv.
— 410, LXIII felld með 34:6 atkv.
— 410,LXIII. varatill. felld með 33:8 atkv.
— 410,LXIV samþ. með 28:17 atkv.
— 387,49—53 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 419,16 kom ekki til atkv.
— 387,54 samþ. með 27:17 atkv.
— 387,55 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 419,XVII felld með 26:15 atkv.
— 387,56 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 410,LXV samþ. með 31:9 atkv.
— 387,57—58 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 419,XVIII felld með 28:16 atkv.
— 410,LXVI felld með 19:16 atkv.
— 387,59 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 410,LXVII samþ. með 27:20 atkv.
— 387,60 kom ekki til atkv.
— 410,LXVIII felld með 28:18 atkv.
— 410,XIX samþ. með 32:4 atkv.
— 387,61—62 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 387,63—64 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 387,65 felld með 26:21 atkv.
— 387,66 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 410,LXX felld með 31:11 atkv.
— 410,LXXI felld með 26:20 atkv.
— 387,67 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 419,XIX samþ. með 27:20 atkv.
— 387,68 kom ekki til atkv.

Brtt. 419,XX felld með 26:20 atkv.
— 419,XXI felld með 31:14 atkv.
— 419,XXII felld með 31:12 atkv.
— 387,69 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 410,LXXII felld með 29:14 atkv.
— 410,LXXII. varatill. samþ. með 29:14 atkv.
— 410,LXXIII samþ. með 33 shlj. atkv.
— 410,LXXIV felld með 26:18 atkv.
— 410,LXXV felld með 32:10 atkv.
— 387,70—71 samþ. með 32:1 atkv.
— 410,LXXVII samþ. með 35:7 atkv.
— 410,LXXVIII samþ. með 28:10 atkv.
— 387,72—76 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,LXXXII samþ. með 30:10 atkv.
— 387,77 kom ekki til atkv.
— 387,78—79 samþ. með 40 shlj. atkv.

Forseti (HG): Þá kemur til atkv. brtt. á þskj. 419,XXIII.

Jónas Jónsson: Ég vil spyrja hæstv. forseta um það, hvort honum er alvara með að bera þennan lið upp í einu lagi. Ég álít, að ef svo er gert, verði hæstv. forseti að kveða upp um það úrskurð. Hér eru 16 menn, sem að vísu hafa margt sameiginlegt. En sumir þeirra eru með vinsælustu mönnum landsins, t. d. Kjarval, og einn, sem t. d. stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur skorað á atvmrh. að höfða mál á móti út af afurðasölumálum. Ég vona, að hæstv. forseti sjái, að það er ósanngjarnt að láta sér detta í hug að halda fram, að það eigi að láta menn greiða atkv. sameiginlega um það, hvort þessir 16 menn, sem ekkert tengir sérstaklega saman, eigi að vera í 18. gr. fjárl.

Forseti (HG): Ég lít svo á, að þar sem brtt. er einn meginmálsl. og er fram sett af hv. flm. þannig, að stuðningur þeirra við brtt. er bundinn við það, að brtt. sé óbreytt, þá ber að bera brtt. upp óbreytta, eins og hún liggur fyrir. Engin brtt. hefur heldur komið fram við þessa brtt. Hún verður því borin upp eins og hún liggur fyrir.

Brtt. 419,XXIII felld með 31:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BrB, EOl, EE, FJ, GSv, GÍG, GTh, KA, LJós, HG.
nei: PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm.
BG, PZ greiddu ekki atkv.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Ég hef verið því mótfallinn og er enn, að hæstv. Alþ. hafi með höndum úthlutun styrkja til allra skálda og listamanna, sem til greina koma samkv. fjárveitingum í fjárl. En með því hins vegar, að ég er því hlynntur, að einhverjir þeirra beztu fái friðland í 18. gr., og í hópi þessara manna eru nokkrir af þeim beztu — þó að nokkrir séu þar oftaldir, en gr. fæst ekki sundurliðuð, — þá met ég síðara atriðið meir, að nokkrir af þeim beztu rithöfundum og listamönnum séu í 18. gr., og segi því já.

Gísli Guðmundsson: Hæstv. Alþ. hefur í dag samþ. brtt. við 15. gr. fjárl. varðandi þetta mál, frá hv. fjvn., með nokkrum nauðsynlegum endurbótum eftir till. einstakra hv. þm. Og með því að ég hef fyrir satt, að þeir, sem sérstaklega eiga hér hlut að máli, muni þar allvel við una, a. m. k. til bráðabirgða, mun ég ekki greiða brtt. þessari atkv. mitt og segi nei.

Brtt. 410,LXXIX samþ. með 27:16 atkv.
— 387,80 samþ. með 32:2 atkv.
— 419,XXIV samþ. með 30:5 atkv.
— 387,81 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 410,LXXVI samþ. með 31:3 atkv.
— 410,LXXX samþ. með 32:5 atkv.
— 387,82—84 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 410,LXXXI samþ. með 39 shlj. atkv.
— 387,85 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 387,86 samþ. með 36:6 atkv.

Forseti (HG): Þá kemur til atkv. brtt. á þskj. 419,XXV.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann beri fyrst upp brtt. á þskj. 410, LXXXIII, frá ríkisstj., því að brtt. báðar, nr. XXV og XXVI, á þskj. 419 eru hreinar viðaukatill. við brtt. ríkisstj. og eiga því að koma á eftir.

Einar Olgeirsson: Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann beri þessar brtt. á þskj. 419 upp á undan. Ég þykist vita, að margir hv. þm. séu þannig sinnaðir, að þeir vilji ekki samþ. brtt. stjórnarinnar, ef þessar brtt. verða felldar.

Jörundur Brynjólfsson: Þessar till. á þskj. 419,XXV og XXVI eru að vísu fluttar sem brtt. við brtt. stjórnarinnar, og sá háttur hefur gilt hér í hæstv. Alþ. til þessa, eftir því sem ég bezt veit, fram að þessu kvöldi, að bera slíkar brtt. upp fyrst sem þessar undir rómv. XXV og XXVI. Og ég tel hyggilegra, að hér sé ekki gerður leikur að því að víkja frá algildri reglu og réttri reglu. Þess vegna er rétt að bera þessar brtt. upp fyrst, því að úrslit aðaltill. eru undir því komin, hvernig um þessar brtt. fer.

Gunnar Thoroddsen: Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að brtt. báðar, XXV og XXVI, hagga ekki einu orði í aðaltill., sem þær eru fluttar sem brtt. við, og eru því hreinar viðaukatill., og því er sjálfsagt að bera þær upp á eftir. Þetta vil ég láta koma skýrt fram.

Garðar Þorsteinsson: Ég vil benda hæstv. forseta á, að greinin hér á þskj. 410 telur upp, hverjir eigi að fá þær upphæðir, sem þar greinir, og svo kemur hrein viðbót í þessum brtt. á þskj. 419, sem eru kennararnir. Samþykkt þessara brtt. á þskj. 419 breytir því engu um laun þeirra, sem taldir eru á þskj. 410, XXXIII, og eru brtt. 419. XXV og XXVI því viðaukatill., sem eiga að berast upp fyrst.

Forseti (HG): Það er ljóst, að atkv. manna um aðaltill. fara eftir því, hvernig afgr. verða þessar

brtt. á þskj. 419, og verða þær því bornar upp fyrst.

Brtt. 419,XXV felld með 32:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, KA, LJós.
nei: MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EystJ, GÞ, GG, GJ, GSv, GTh, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh.
PM, StJSt, ÁÁ, BG, EE, EmJ, FJ, GÍG, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Thoroddsen: Með því að ég sé ekki ástæðu til þess, að verst launaða stéttin sé sett út undan um úthlutun þessara launabóta, greiði ég atkv. með þessari brtt., en mun hins vegar láta afdrif þessarar brtt. hafa áhrif á atkvgr. mína um aðaltill., og segi já.

Brynjólfur Bjarnason: Með tilvísun til grg. hv. 11. landsk. segi ég já.

Brtt. 419,XXVI samþ. með 36:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BSt, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, GÍG, GTh, HelgJ, HermJ, IngP, JPálm, JörB, KA, LJóh, LJós, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, SvbH, ÞG, ÁkJ, HG.
nei: BÁ, BBen, GÞ, GJ, IngJ, JS, MJ, PO, SÞ, SkG, ÞÞ.
BG, JakM, JJós, JJ, SEH greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Þar sem ég lít svo á, að allar slíkar aukauppbætur fram yfir það, sem launalög ákveða, verði til þess að tefja fyrir því, að launal. verði endurskoðuð og sett ný, þá segi ég nei.

Brtt. 410,LXXXIII samþ. með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PÞ, PM, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BrB, EOl, EE, EmJ, GSv, GÍG, JakM, JörB, KA, LJós, HG.
nei: PZ, PO, SÞ, SkG, BÁ, EystJ, GÞ, GG, GJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JS, JJ.
MJ, PHerm, SvbH, BG, BBen, FJ, GTh, LJóh greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Eftir að búið var að samþ. 25—30% launauppbótina, tel ég rétt, að óheimiluðu greiðslurnar falli niður. En þar sem ég tel, að fyrirkomulagið fái ekki staðizt, segi ég nei.

Brtt. 40,LXXXIV felld með 32:1 atkv.
— 387,87 samþ. með 34:2 atkv.
— 419,XXVII felld með 28:20 atkv.
— 387,88 samþ. með 40:1 atkv.
— 419,XXVIII samþ. með 33:5 atkv.
— 419,XXIX samþ. með 35:5 atkv.
— 410,LXXXV samþ. með 28:1 atkv.
Brtt. 387,89 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 419,XXX felld með 27:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, KA, MJ, PHerm, PZ, SigfS, SB, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁÁ, BÁ, BrB, EOl, EE, EystJ, GG, GÍG, GTh, HermJ, HG.
nei: IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, LJós, ÓTh, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BBen, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, HelgJ.
BG greiddi ekki atkv.
1 þm. (ÁkJ) fjarstaddur.
Brtt. 387,90.a samþ. með 29:8 atkv.
— 387,90.b—c samþ. með 43 shlj. atkv.
— 410,LXXXVI samþ. með 33 shlj. atkv.
— 410,LXXXVII samþ. með 39:3 atkv.
— 387,91 samþ. með 30:5 atkv.
— 425,III.a—c teknar aftur.
— 410,LXXXVIII samþ. með 25:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EE, GJ, GSv, GTh, HermJ, JakM, JS, KA, LJóh, MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StgrA.
nei: SvbH, ÞÞ, BG, BSt, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GÍG, HelgJ, IngJ, IngP, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SÞ, SkG, StJSt, HG.
ÁÁ, JJós, JPálm, LJós greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÞG) fjarstaddur.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sveinbjörn Högnason: Það stendur í l., að bæjarfélög eigi að útdeila lóðum til einstaklinga og félaga, og með því að ég vil ekki brjóta l., þá segi ég nei.

Garðar Þorsteinsson: Með því að í l. er gert ráð fyrir, að afhenda skuli félögum lóðir til afnota, en þessi till. hér gerir ráð fyrir að taka eitt íþróttafélag út úr, þá segi ég nei.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil bara benda á það í sambandi við ummæli hv. þm. V.-Sk., að hér er ekki verið að brjóta nein lög með samþykkt þessarar brtt., og segi ég já.

Brtt. 387,92 tekin aftur.
— 419,XXXI samþ. með 37:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, SEH, STh, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, GÍG, HelgJ, HermJ, IngP, JS, JörB, MA, LJós, PHerm, PZ, PÞ, PM, HG.
nei: SÞ, GÞ, JPálm, JJ, PO.
ÓTh, SK, BBen, GJ, GTh, IngJ, JakM, JJós, LJóh, MJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 410,LXXXIX samþ. með 28 shlj. atkv.
— 387,93 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 420,V tekin aftur.
— 387,94.a samþ. með 33:5 atkv.
— 420,VI felld með 29:14 atkv.
— 387,94.b felld með 41:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JJ, PHerm, PO, SkG, SvbH, ÞÞ, BÁ.
nei: BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GJ, GSv, GÍG, GTh, HelgJ, HermJ, IngJ,

JakM, JJós, JPálm, JS, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PÞ, PM, SigfS, SB, SG, SK, STh, SÞ, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, HG.
PZ, SEH, BSt greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Þóroddur Guðmundsson: Ég er hugmyndinni um hrossaræktarbú ekki mótfallinn, en með því að ég tel varatill. heppilegri, segi ég nei.

Brtt. 425,IV felld með 26:9 atkv.
— 419,XXXII samþ. með 28:23 atkv.
— 410,XC samþ. með 33:5 atkv.
— 387,94.c samþ. með 40:3 atkv.
— 420,VII samþ. með 43 shlj. atkv.
— 387,95.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 387,95.b samþ. með 37:1 atkv.
— 387,95.c samþ. með 27:7 atkv.
— 387,95.d samþ. með 29:13 atkv.
— 410,XCI felld með 32:16 atkv.
— 419,XXXV samþ. með 27:12 atkv.
— 410,XCII samþ. með 31:9 atkv.
— 410,XCIII felld með 26:24 atkv.
— 419,XXXIII samþ. með 27:16 atkv.
— 419,XXXIV felld með 30:3 atkv.
— 387,96 samþ. með 37:5 atkv.
— 387,97 samþ. með 29:18 atkv.
— 420,VIII (varatill.) kom ekki til atkv.
— 410,XCIV samþ. með 33:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StgrA, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh.
nei: SÞ, SkG, ÞÞ, HelgJ, PZ.
PÞ, StJSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HermJ, IngP, JJ, PHerm, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÞG, BG, GG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ef veita þarf fé í þessu skyni, tel ég eðlilegra, að það sé veitt í fjárl., og segi því nei.

Páll Zóphóníasson: Með því að það er sjálfsagður hlutur, að fé til þessa verði veitt af sandgræðslufé, segi ég nei.

Brtt. 410,XCV samþ. með 27:11 atkv.
— 419,XXXVI samþ. með 33:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég hef beðið hér um orðið utan dagskrár í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv.

Hæstv. Alþ. hefur synjað stjórninni um heimild til að lækka útgjaldalið fjárl. um 35%, ef tekjustofnar skyldu bresta og þar af leiðandi komast í þrot. Þetta er gert á sama tíma og fjárl. eru afgr. með greiðsluhalla, — eins og þau koma frá fjvn., — sem virðist lauslega reiknað nema milli 2,3 og 2,4 millj. króna. Þetta er auk heimildar vegna óvissra útgjalda, þ. e. a. s. auk ósýnilegs greiðsluhalla vegna vísitölunnar.

Einnig tel ég tekjuáætlunina 5 til 7 millj. kr. of háa. Enda er, eins og tekið er fram við fyrri umræður, teflt á tæpasta vaðið.

En Alþ. hefur fjárveitingavaldið og ber ábyrgð á fjárl.

Ég mun taka við fjárlögunum og framkvæma þau, eftir því sem tekjur hrökkva til. En lengra fer ég ekki.

8. Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna (stjfrv.).

Á 32. fundi í Nd., 14. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á 1. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (stjfrv., A. 196).

Á 33. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Eins og sjá má, er þetta framlenging á eldri l. Eins og segir í aths. við frv., þá hefur heimild sú, sem ríkisstj. var veitt í 3. gr. laga nr. 98 1941 til að fella niður aðflutningsgjöld af kornvörum, lækka tolla af sykri og hækka um helming tolla af áfengi og tóbaki, niður fallið um síðustu áramót. En þar sem það mundi hafa áhrif til hækkunar á þær vörur, ef þessi heimild væri ekki höfð áfram í l. og framkvæmd niðurfelling þessara gjalda af nauðsynjavörum þessum henni samkv., þá er ætlazt til, að þessi heimild fáist nú.

Ég vildi mælast til þess við hv. þd., að þetta mál gæti fengið heldur fljóta afgreiðslu, vegna þess að tollafgreiðsla þessara varna, sem hér um ræðir, hefur þegar tafizt nokkuð, og er æskilegast, að sú töf yrði ekki úr hófi fram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég kvaddi mér ekki hljóðs út af þessari framlengingu, heldur vil ég spyrja, hvort ríkisstj. gæti ekki nú eða bráðlega gefið þær upplýsingar í sambandi við þessi dýrtíðarmál yfirleitt, sem ég fór fram á hér á dögunum. Ég ætla ekki að endurtaka hér, hvað það var, sem ég vildi gjarnan fá upplýsingar um; ég gerði það þá, og hæstv. ríkisstj. hefur það vafalaust hjá sér.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 253).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það hefði nú verið ákaflega viðkunnanlegt, ef einhver af hæstv. ráðh. hefði verið hér í d., þegar þetta frv. er rætt. Og í raun og veru virðist mér vafamál, hvort það ætti að hafa 1. umr. þessa máls hér, fyrr en hæstv. ríkisstj. hefur gefizt kostur á að vera hér og segja álit sitt um það, sem kann að koma fram við þessa umr. hér.

Frv. þetta fer ekki fram á aðrar breyt. á l. frá 1941 en að 3. grein, heimildin til að fella niður tollana af þeim vörum, sem þar eru tilteknar, gildi einnig fyrir árið 1943. En mér skilst, að það sé í raun og veru mjög athugandi, hvort 5. gr. þeirra l. ætti ekki algerlega að falla burt. Vil ég benda á þetta til athugunar fyrir hv. fjhn., sem mun hafa með þetta að gera, vegna þess að það er ekki að svo sjá sem fjhn. hafi neitt athugað þetta, enda eiga þar ekki sæti neinir fulltrúar sjávarútvegsins. Það er vitanlegt, að skömmu eftir að farið var að beita þessari heimild á síðasta sumri, varð að afnema útflutningsgjaldið af öllum þeim skipum, sem sigldu með afla til Englands, vegna þess að sá atvinnuvegur gat ekki þolað þá þungu byrði, sem lögð var á hann með 5. gr. þessara l. Það komu fram sterkar raddir, m. a. frá Austfirðingum, um þetta, sem atvmrn. og fjmrh. sáu sér ekki fært annað en að taka til athugunar. Og þess vegna hefur sá liður, sem snýr að þeim atvinnuvegi, verið friaður við þessi gjöld. Nú er það svo, að þetta gjald er í raun og veru ekki eftir á neinu öðru heldur en annars vegar á togaraflotanum og hins vegar á frystihúsunum. En eins og hæstv. Alþ. og ríkisstj. er kunnugt, mun ástandið hjá frystihúsunum vera þannig, að það sé ekki unnt að láta heimild 5. gr. ná til útflutnings á þeirra vöru. Aðstæður hafa breytzt gífurlega, síðan l. þessi voru samþykkt. Þá var stórgróði í togurunum. Og það, að heimildin var ekki notuð fyrr en á síðasta sumri, mun hafa í raun og veru stafað af því, að hér var með uppfyllingu þessarar lagagr. verið að skattleggja ríkissjóðinn jafnvel fremur en nokkurn tíma þann atvinnuveg, sem átti að borga útflutningsgjaldið, sem kom þannig út, að þegar greitt var þetta útflutningsgjald, þá lækkaði skatturinn til ríkissjóðs hjá útgerðarfyrirtækjunum, þegar gróðinn minnkaði. Nú er svo komið, að það er vafamál, hvort hægt er að halda uppi þessum siglingum, þegar þetta gjald er tekið sérstaklega, þegar þess er gætt, að vinnulaun hafa stórkostlega hækkað síðan í júlí s. l., og þegar sigla þarf á austurströnd Englands, eftir kröfu Englendinga, sem er miklu dýrara fyrir skipin. Ég hef athugað um eitt skip, sem siglt hefur 15 ferðir á s. l. ári. Þetta skip hefur greitt 228200 kr. í þetta eina útflutningsgjald.

Ég hygg, að þeir menn, sem setja sig inn í þessi mál með nokkurri sanngirni, muni sjá, að annaðhvort þurfi að gera, að afnema greinina alveg úr l. og láta það fylgja þeirri lagabreyt., sem hér er á ferðinni, eða fá yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. eða vilyrði um það, að þessi heimild 5. gr. verði ekki notuð á þessu ári. Og liggi sú yfirlýsing fyrir, finnst mér réttara að stíga sporið fyllilega og afnema gr. algerlega.

Ég gerði það að gamni mínu að taka hér upp úr bókhaldi eins skips, sem ég veit, að hefur siglt héðan, og þar hefur t. d. ferðin frá 8. jan. til 12. febr. aðeins gefið þessu skipi 29469 kr. hagnað, og er þá ekki reiknaður neinn útflutningstollur, vegna þess að hann var þá ekki kominn á, heldur hið almenna útflutningsgjald, sem mun hafa verið 5 þús. kr., og er þó ekki reiknað í þessari upphæð (þ. e., ekki búið að draga það frá). Í annarri ferð, sem þetta skip fór (í ágúst), var hagnaðurinn aðeins 22737 kr. Í þriðju ferðinni hefur það haft . . . . . kr. hagnað og í 4. ferðinni kr. 51868,98. Og þegar ofan á þetta bætist, að þetta skip á að greiða um 150 þús. kr. í skatta í ríkissjóðinn frá s. l. ári og um 50 þús. kr. í útsvar, má gera ráð fyrir, að þessi útgerð standi svo að segja á núlli eftir árið. Og sér þá hver maður, að ef þetta yrði almennt hjá fiskiflotanum, þá er ekki um annað að gera en að athuga, hvort ekki er rétt að létta þessum gífurlega skatti af atvinnurekstrinum, ef hann á ekki að stöðvast.

Vil ég því alvarlega beina því til hv. fjhn. að athuga þetta, og mun ég ekki fylgja þessu frv. út úr d. með mínu atkv., nema annaðhvort liggi fyrir loforð ríkisstj. um það, að þessi heimild skuli ekki vera notuð, eða þá að l. verði breytt þannig, að þessi gr. verði felld niður.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Því miður er hæstv. fjmrh. nú sjúkur og rúmfastur. En þar sem ég þykist vita það, að hv. fjhn., sem þessu frv. verður vísað til, muni taka til athugunar sumt af því og kannske allt, sem hv. þm. Barð. hefur vakið hér athygli á, en ég er varbúinn við að gefa svör um það efni, sem hann hefur nú flutt ræðu um, og þar sem ég býst við, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., leyfi ég mér að óska þess, að þessari umr. verði lokið að svo stöddu, af því að stjórnin getur ekki á þessu stigi málsins tekið afstöðu til þess, sem hv. þm. Barð. bar fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 525).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Í 3. gr. laga frá 1941, um heimild fyrir

ríkisstj. til ráðstafana til tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, er ríkisstj. heimilað að fella niður tolla af helztu matvörum, lækka um helming toll á sykri alls konar og hækka um 50% áfengistoll og tóbaks. En þessi heimild er aðeins veitt fyrir þetta ár, 1941. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er þess efnis, að í stað þess, að þessi heimild gildi aðeins fyrir árið 1942, verði hún framlengd einnig til ársins 1943. Ég vil geta þess, að við í n. gengum út frá því, að innheimtu tolla hafi verið hagað samkv. þessu það, sem af er þessu ári, þó að ekki sé búið að samþykkja þessa breyt. Að því er snertir lækkun tolla, hefur stj. að sjálfsögðu í hendi sér fullkomlega. Að því er snertir hækkun tolla bæði á áfengi og tóbaki, þá er verzlunin í höndum ríkisins, og ég veit ekki annað en tollar hafi verið innheimtir af íslenzkum tollvörutegundum án mótmæla.

N. er sammála um að samþykkja frv. og telur æskilegt að gera það hið allra fyrsta, vegna þess hve dregizt hefur að afgreiða málið. N. er fullkomlega sammála um, að ekki sé skynsamlegt að hætta þessari tollaniðurfellingu og lækkun. Það mundi sjálfsagt valda þeirri breyt., sem ekki er æskileg.

N. ræddi, hvort ekki væri ástæða til að fella niður eða lækka fleira af tollum. En samkomulag varð um, að slíkar breytingar teldust frekar eiga heima í sambandi við afgreiðslu þessa frv., um dýrtíðarráðstafanir, sem ríkisstj. hefur lagt fram og liggur nú fyrir. Ber því enginn nm. fram brtt., heldur leggur til í heild, að frv. verði samþ. með þeim skilningi, að framlengingin sé ekki frá þeim tíma, sem l. voru samþ. til, heldur frá síðustu áramótum.

Ég vil nota tækifærið til að beina til hæstv. ríkisstj. tveimur litlum fyrirspurnum í sambandi við þetta mál að nokkru leyti. Hæstv. atvmrh. er ekki við, en hæstv. fjmrh. hefur sagt mér, að hann væri við því búinn að veita svar við a. m. k. annarri fyrirspurninni. Eins og háttv. þdm. er kunnugt, ákvað hæstv. ríkisstj. að byrja á þessu ári að lækka útsöluverð á íslenzku smjöri úr kr. 21.70 kg. og niður í 13 kr. kg, eða um kr. 8.70 kg. Jafnframt tilkynnti ríkisstj., að hún gerði ráð fyrir, að þetta orsakaði ekki útgjöld fyrir ríkissj., því að ætlunin væri að flytja inn smjör frá Ameríku, sem væri miklum mun ódýrara heldur en útsöluverð á íslenzku smjöri var ákveðið, þannig að hagnaðurinn af því að flytja inn smjör mundi a. m. k. nálgast talsvert mjög að bæta upp verðlækkunina á íslenzka smjörinu, því að bændum var lofað, að verð til þeirra skyldi óbreytt fyrst um sinn a. m. k. Síðan þetta var ákveðið, eru liðnir hér um bil 2½ mánuður. Og ég hygg ekki ofmælt, að alltaf öðru hvoru nú um talsvert langan tíma hefur smjör verið með öllu ófáanlegt. Er mér ekki kunnugt, að neitt hafi komið af erlendu smjöri, og víst er, að ekki er farið að selja það nú. Tvennt leiðir af þessu: Annað, að það er fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður þarf að greiða miklu meiri uppbót til bænda fyrir þann tíma, sem liðinn er. Til þess er heimild í dýrtíðarl. frá 1941. En að sjálfsögðu er æskilegt, að Alþ. viti, hversu langt stj. gengur í að nota þessa heimild. Í öðru lagi er það að athuga, að þegar smjör er ófáanlegt, þá er sú lækkun á vísitölunni, sem fengizt hefur með lækkun smjörverðsins, bara tilbúin og óeðlileg. Í raun og veru er engin verðlækkun, þegar varan hverfur af markaðnum. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. er þetta ljóst, og vildi beina fyrirspurninni til þess ráðh., sem hér er viðstaddur, hvort ekki verði endir á þessu skjótlega og hvenær megi vænta, að erlenda smjörið sýni sig. Enn fremur væri æskilegt, ef ríkisstj. gæti gefið upplýsingar um, hve miklu milligjöfin til bænda nemur, til þess að þeir héldu verðinu, sem þeir áður fengu.

Í sambandi við umr. um frv., sem síðast var afgr., vil ég beina þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvort henni sé kunnugt, að gerðar hafi verið ráðstafanir til að flytja inn kartöflur. Verzlanir segja, að kartöflur séu mjög á þrotum. Sumpart kann að vera um flutningaörðugleika að ræða. En mér er sagt af mönnum, sem ættu að þekkja til, að þó að slíkt væri tekið til greina, vanti mikið á, að kartöflur hrökkvi til næsta uppskerutíma. Vil ég því spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi kynnt sér málið og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja landsmönnum kartöflur.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal að því leyti, sem mér er fært, svara fyrirspurnum þeim, sem nú voru fram bornar í sambandi við frv., sem liggur fyrir.

Ég skal strax geta þess, að fjmrn. taldi svo sjálfsagt, að þetta yrði samþ., og dráttur hefur orðið meiri en búizt var við, svo að það voru þegar gerðar ráðstafanir til þess, að þetta gilti frá áramótum, og hefur því ekki verið látið falla niður þrátt fyrir þennan drátt.

Um innflutning á kartöflum skal ég geta þess, að mér er ókunnugt um, hvernig er ástatt nákvæmlega, en hef heyrt síðustu dagana áveðning af því, að kartöflur væru nokkuð til þurrðar gengnar, en það mál hefur ekki komið til kasta þess ráðuneytis, sem ég veiti forstöðu, enda mun grænmetisverzlun ríkisins venjulega hafa talið sig bera ábyrgð á, að séð yrði fyrir nægum innflutningi á þessari vöru. Ef hún hefur hins vegar orðið fyrir meiri örðugleikum en venja er til um slíkan verzlunarrekstur, hefði hún að sjálfsögðu komið til ríkisstj. með vandræði sín, til þess að fá þau leyst. En mér vitanlega hefur hún ekki komið til þessa.

Hvernig kunni að ganga að leysa vandann í sambandi við innflutning á kartöflum, skal ég ekki segja. Erfiðleikar verða e. t. v. á að fá vöruna, auk þess sem talsverðir erfiðleikar verða á flutningi, ef frá Ameríku skal kaupa. Ef hægt er að fá vöruna frá Englandi, sem að sjálfsögðu verður reynt, ef til þess kemur, eru meiri líkur til, að takast megi að greiða úr flutningsspursmálinu.

Um smjörið er það að segja, að dregizt hefur lengur, að það kæmi, en við var búizt í fyrstu. Stafar þetta af því, að miklir erfiðleikar hafa reynzt í Bandaríkjunum á að fá það smjör flutt út. Smjör er ein af þeim vörum, sem Bandaríkjamenn hafa áður framleitt í stórum stíl, en sú framleiðsla hefur dregizt saman mjög mikið. Hins vegar hefur tekizt með talsverðu harðfylgi

að fá keypt 50 tonn af smjöri í Bandaríkjunum. Af þessu magni liggja nú tilbúin til sendingar í New York, eftir því sem ég bezt veit, 26 tonn, sem þegar hafa verið greidd. Að öðru leyti hafa verið pöntuð 50 tonn af smjöri frá Suður-Ameríku. Samtals hafa því verið pöntuð 100 tonn af smjöri, og af því liggur einn fjórði tilbúinn til sendingar á skip hingað til lands, eftir því sem ég bezt veit. Ég tel víst, að þessi 50 tonn, sem þegar eru fengin í Bandaríkjunum, muni koma bráðlega, ef ekkert kemur fyrir, og bæta úr þeirri miklu smjöreklu, sem nú er. Hvenær smjörið frá Suður-Ameríku kemur, er ekki gott að segja. Miklir erfiðleikar eru yfirleitt á flutningi frá Suður-Ameríku, og þarf að fá sérstakt leyfi frá Bandaríkjamönnum til þess að nota skipakost, sem þeir hafa til flutninga frá Suður-Ameríku til New York. En væntanlega kemur það svo tímanlega, að það geti náð saman við það smjör, sem hefur verið pantað frá Bandaríkjunum og þegar hefur verið fengið leyfi fyrir.

Gísli Jónsson: Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til flm. og formanns n., sem báðir eru viðstaddir, hvort nokkuð hafi verið rætt í n. í sambandi við l. í heild sinni og hverju gegni um útflutningsgjald af íslenzkum fiski. Í 5. gr. l. er heimild fyrir ríkisstj. að leggja 10% gjald á fob-verð fisks, sem nú er ákaflega mikið deilt um, hvernig skuli reikna og ég ætla ekki að blanda hér inn í. Þetta var sett á þeim tíma, sem hagur útgerðarinnar stóð allur með miklu meiri blóma en nú er. Ákvæðið kom ekki til framkvæmda fyrr en í ágúst s.l. og varð þá þess valdandi, að allir þeir, sem keyptu fisk á Íslandi til þess að flytja út, urðu að hætta svo að segja undantekningarlaust öllum flutningi, þar til þetta gjald var aftur afnumið fyrir þau skip, sem keyptu aflann og fluttu út. Þessu gjaldi hefur nú verið haldið fyrir þá, sem selja afurðir þessar; og hefur þessu verið haldið þannig fram nú, að nú búa þegnarnir í landinu í raun og veru við tvenns konar l. Það er eitt útflutningsgjald látið gilda fyrir þá þegna þjóðfélagsins, sem veiða sjálfir þann fisk, sem þeir selja til útlanda, og annað fyrir hina, sem kaupa fisk hér við land af öðrum til þess svo að flytja hann til útlanda og selja hann þar. Ég tel þetta mjög óheppilega leið yfirleitt og að þetta geti ekki staðið til langframa. Þar að auki hefur það komið í ljós, að allur hagur útgerðarinnar, síðan þetta var látið ganga í gildi, hefur breytzt svo mjög. Síðan farið var að sigla á austurströnd Bretlands, hafa ferðirnar orðið kostnaðarsamari, og auk þess hefur kaupverð á fiski hækkað svo stórkostlega síðan í júlí s. l., að það er ekki sambærilegt nú, hvað tekjurnar eru af þessari atvinnugrein eða eins og var, þegar l. voru sett hér á Alþ. síðast um útflutningsgjald af þessari vöru. Þegar þetta útflutningsgjald er orðið svo þung byrði fyrir þessi skip, sem sigla með afla sinn, og þegar kostnaðurinn er orðinn á annað hundrað þús. kr. í ferð á eitt skip, þá sjá allir, að það verður að gera einhverjar ráðstafanir til þess að laga það eitthvað, ef þessi atvinnuvegur á ekki einnig að stöðvast nú, eins og útflutningurinn var að gera í ágúst með þeim skipum, sem keyptu íslenzkan afla. Ef n. hefur ekkert athugað þessi mál, vildi ég mælast til þess, að háttv. formaður n. og frsm. vildu nú fá frestað þessari umr. til þess að athuga þetta á ný og leggja til, að gerðar verði breyt. á 5 gr. l., fyrst og fremst á þá lund, að þegnarnir byggju allir við sömu l., og hins vegar þannig, að tryggt sé, að fyrir þessi ákvæði verði ekki þessi atvinnugrein landsmanna að stöðvast í náinni framtíð. Ef þetta skyldi samt sem áður ekki ná samþykki hv. n., þá vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort hann þá teldi sig hafa heimild til þess að gera á þessu breyt. upp á sitt eindæmi. Því að vitanlega er hér aðeins um að ræða heimildarl., sem mér skilst, að stjórnin geti á hverjum tíma ákveðið, að hve miklu leyti hún framkvæmir, og geti gert breyt. á þeim framkvæmdum, þegar henni sýnist. Ég vil þannig spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún teldi sér heimilt að gera á þessu breyt., þrátt fyrir það að Alþ. teldi ekki rétt að gera þessa breyt. undir þessari lagasetningu.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Út af fyrirspurn hv. þm. Barð. um það, hvort ríkisstj. teldi sig hafa heimild til þess að gera breyt. á framkvæmd þessa ákvæðis, sem í þessum l. er, þ. e. heimildarinnar til að láta greiða þennan 10% toll, sem settur er á togaraútgerðina, skal ég geta þess, að ríkisstj. hefur rætt um þetta nokkuð. En ef ég man rétt, þá hefur hv. þm. Barð. lagt hér inn frv. um það, hvernig framkvæma skuli hið eldra útflutningsgjald.

Ríkisstj. litur þannig á, að þar sem þetta 10% útflutningsgjald, sem lagt hefur verið á togaranna, er innheimt nákvæmlega á sama hátt eða eftir sömu forsendum og hið eldra útflutningsgjald, þá getur ríkisstj. ekki breytt þessu, meðan frv. liggur fyrir þinginu um úrskurð á því, hvort breyt. eigi að gera á framkvæmd innheimtu þessa útflutningsgjalds eða hvort innheimta skuli það áframhaldandi svo sem gert hefur verið. Ríkisstj. mundi álíta sig vera að taka fram fyrir hendurnar á Alþ. með því að úrskurða um þetta atriði á meðan frv. um þetta liggur fyrir þinginu.

Ég tel, að ef þingið fellst á till. hv. þm. Barð., sem í þessu frv. greinir, mundi þetta 10% útflutningsgjald að sjálfsögðu verða innheimt á sama hátt og hið eldra útflutningsgjald eftir hans till. yrði þá innheimt.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Út af ummælum hv. þm. Barð. skal ég svara því, að í n. hefur ekki verið rætt um heildarendurskoðun á þessum l. um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna frá 1941. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er aðeins um framlengingu tímaákvörðunar, að því er snertir eina gr. í þessum l.

Að því er snertir ummæli hv. þm. Barð. um það, að með 5. gr., eins og hún væri framkvæmd nú, þá giltu í raun og veru tvenns konar l. í landinu, önnur fyrir þá, sem veiða fisk og selja sjálfir til útlanda, og hin fyrir þá, sem kaupa fisk hér og selja hann svo til útlanda. Ég get nú ekki fallizt á, að þetta sé rétt, að ekki gildi sömu l. fyrir alla þessa menn.

Ég vil minna á það, að enda þótt það standi ekki berum orðum í þessari 5. gr. l., þá var að sjálfsögðu gengið út frá því af öllum, sem um málið fjölluðu, og af hæstv. ríkisstj. líka, að útflutningsgjaldið yrði því aðeins lagt á vörurnar, að hagnaður yrði af sölu þeirra úti. Það var að sjálfsögðu sú hugsun, sem var að baki þessara ákvæða.

Nú skal ég ekki fara að finna neitt að því, hvernig framkvæmdin hefur orðið hjá fyrrv. hæstv. ríkisstj. í þessu efni, en álít þó, að sú framkvæmd hafi verið nokkuð seinheppin. Fyrst var þessi heimild alls ekki notuð fyrr en á síðasta sumri og að ég ætla, ekki fyrr en búið var að hækka um 10 aura hvert kg. af fiski og þar með var gerbreytt aðstaða þeirra línuveiðara og annarra fiskiskipa, sem keyptu fisk hér heima, til þess að borga útflutningsgjaldið. Þar að auki setti ríkisstj. sömu ákvæði um útflutningsgjaldið, bæði á togara og smærri skip, sem keyptu fisk til að selja erlendis. Það sýndi sig þá, að a. m. k. smærri skip, sem þurftu að fara á margar hafnir og bíða lengi eftir fiskinum, þau höfðu ekki hagnað af þessum flutningum, nema 10% útflutningsgjaldinu væri af þeim létt. Því var það, að eftir að fyrrv. hæstv. atvmrh. hafði kynnt sér málið, þá var útflutningsgjaldið fellt niður hjá þessum skipum. En allt öðru máli er að gegna með þau skip, sem fljót eru að fá fisk í sig, taka hann allan á einni eða tveimur höfnum og eiga ekki á hættu, að fiskurinn skemmist eins og hin, sem lengur eru að taka í sig fiskinn. Ég álít rétt að athuga, hvort það er ástæða til að fella niður þetta útflutningsgjald hjá þessum stærri fiskiskipum. Það hefur ekki verið gert, en síðan útflutningsgjaldið var fellt niður af smærri skipum, hefur það aðeins verið tekið af togurunum. Og mikinn hluta þess tíma sigldu togarar alls ekki með fisk, eða mjög fá skip a. m. k. Nú eru siglingar hafnar á ný, og þá á austurströndina, sem fróðir menn telja, að bæði taki lengri tíma, sem veldur því, að skipin geta farið með minni farma heldur en áður, þar sem þau þá þurfa meira rúm í skipinu fyrir kol og geta því ekki tekið eins mikið af fiski, og að nokkru hættara sé við skemmdum á fiskinum á lengri leið, sem þá tekur lengri tíma. Í byrjun þessara siglinga var a. m. k. mjög óséð um það, hvernig útkoma mundi verða af þessum siglingum á austurströndina. Samanborið við þær sölur, sem togarar höfðu haft undanfarið ár, var fyllsta ástæða til að ætla, að þeim væri mjög auðvelt að greiða þetta 10% útflutningsgjald, jafnvel þó að fobverðið væri ákveðið með þeim hætti, sem ríkisstj. ætlaðist til, þannig að það væri miðað við söluverð að frádregnum hæfilegum kostnaði við að flytja fiskinn út, sem við hv. þm. Barð. höfum rætt um og ég sé ekki ástæðu til, að við förum að ræða hér að nýju.

En ég segi sem mína skoðun, að ef það sýnir sig til frambúðar, að halli verði á útgerð togaranna með þeim sölum, sem þeir fá, og þeim kostnaði, sem þeir hafa við flutning og sölu fiskjarins, þá eigi að afnema þetta útflutningsgjald. Það hefur aldrei verið tilætlunin að innheimta það, nema sæmilegur hagnaður yrði á sölu fiskjarins út. En fyrr en séð er, að halli verði á þeim ferðum, sé ég ekki ástæðu til að breyta þeim ákvæðum, sem um þetta efni gilda — einmitt með tilliti til þess, að þetta er ekki bundið, heldur heimild fyrir ríkisstj. Að sjálfsögðu ber hæstv. ríkisstj. að kynna sér það á hverjum tíma, hvort ástand þessa atvinnuvegar er með þeim hætti eða ekki, að unnt sé að taka þetta útflutningsgjald.

Ég vil endurtaka það, að mér dettur ekki í hug, ef þessi atvinnurekstur verður til frambúðar rekinn með tapi, að nokkur meining sé að taka þetta útflutningsgjald. En ég tek greinilega fram, að ég tel ekki ástæðu til að breyta til þannig að hætta að innheimta þetta, þó að eitt og eitt skip sé við þessa fiskflutninga og sölur, — stundum með halla. Það þarf lengri tíma og betri yfirsýn til að meta þetta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. svaraði ekki fyrirspurn minni raunverulega eins og til var ætlazt. Hann talaði um annað atriði, sem sé það, hvort ríkisstj. teldi sig hafa heimild til þess að reikna á annan hátt útflutningsgjaldið heldur en áður hefur verið gert. En ég spurði um, hvort hæstv. ríkisstj., eins og hún nú er skipuð, teldi sig hafa heimild til þess að gefa eftir af útflutningsgjaldinu eða lækka það, þar sem þarna væri aðeins um heimildarl. að ræða fyrir ríkisstj. til að fara eftir um innheimtu útflutningsgjaldsins, svo framarlega sem ekki yrðu um það nein sérstök fyrirmæli hér á Alþ., því að eins og hv. 3. landsk. þm. (HG) tók fram, hefur þingið ekki séð ástæðu til þess, að þessi l. væru framkvæmd lengur en útvegurinn gæti borið það. Nú er þessi hæstv. ríkisstj. skipuð með nokkuð öðrum hætti heldur en aðrar ríkisstj., sem setið hafa við völd í þessu landi. Þess vegna vildi ég gjarnan fá upplýsingar um það, hvort hún teldi sig hafa sömu heimild til þess að láta þetta koma til framkvæmda eða hætta að koma til framkvæmda eins og aðrar stjórnir, þ. e. þær, sem þingmeirihluta hafa haft að baki sér.

En um hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. talaði um, get ég nokkuð upplýst, því að það er búið að gera nákvæma rannsókn á því máli. Og það verður ekki hjá því komizt, að ríkisstj. verði einhvern veginn að svara fyrir það á einhvern annan hátt en hún hefur gert hingað til.

Það eru til þrjár leiðir út úr þessu máli. Í fyrsta lagi að reikna útflutningsgjaldið eftir l. frá 1935, í öðru lagi að gera það eftir l. frá 1941 og í þriðja lagi, að tekinn sé lögjafnaður á milli þessara tveggja laga. En hvaða leið, sem farin verður, þá er það víst, að tollstjórar á landinu hafa reiknað útveginum miklu meiri gjöld heldur en þeir hafa haft leyfi til, því að það eru hvergi til ákvæði fyrir því, að ríkisstj. geti lagt á útflutningsgjald fyrir utan l., því að sá frádráttur, sem hefur verið ákveðinn af ríkisstj., hefur verið langt fyrir neðan þann raunverulega frádrátt, sem þarf að reikna í þessum tilfellum, — en það kom nú ekki beint þessu máli við, sem um var spurt.

Hitt viðurkenndi í raun og veru hv. 3. landsk. þm., að hér í landi giltu tvenns konar l. Ef einn maður kaupir fisk hér á landi og flytur út með

öðru skipi en því, sem veiðir hann, þá greiðir hann annað útflutningsgjald en sá, sem veiðir sinn fisk sjálfur, sem hann flytur út. Og ef þessu verður ekki breytt, hlýtur það að síðustu að leiða til þess, að útgerðarmenn verða að selja hver öðrum aflann, áður en hann er fluttur út, til þess að geta komizt hjá þessu óeðlilega og ósanngjarna útflutningsgjaldi, sem aðeins er látið hvíla á heröum mjög fárra manna. En þessa lausn tel ég að vísu ekki heppilega, og þess vegna tel ég, að það þurfi að setja undir þann leka, að hér er að stefna í óefni um þessi mál.

Ég vildi því gjarnan fá alveg ákveðið svar hjá hæstv. fjmrh. Og ef það kæmi í ljós, að það sýndi sig, að þessi atvinnuvegur gæti ekki borið sig nema með því að afnema eða lækka þessi gjöld, vil ég fá því svarað, hvort hann sem fjmrh. teldi sig hafa heimild til þess að breyta þeim eða afnema þau undir þeim kringumstæðum, þó að ekki væri um það gerð nein sérstök samþykkt á Alþ., eftir að búið væri þó að framlengja þau l., sem hann með þessu frv. hefur óskað eftir, að framlengd væru, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun, frá því að þetta kom til umr. hér fyrir nokkru í sambandi við þessi l., að það sé ekki ætlazt til þess, að þessi tollur sé greiddur af taprekstri. Það virðist vera gengið beint út frá því í l.

Hinu þori ég ekki að slá föstu á þessari stundu, hvort ég sem fjmrh. gæti ákveðið, að skatturinn skuli niður falla eða hvort farnar yrðu aðrar leiðir til þess að létta honum af. En það virðist ekki leika á tveim tungum, að ekki er ætlazt til þess, að þessi fyrirtæki, ef þau reka starfsemi sína með tapi, greiði þá þennan skatt, enda væri það í fyllsta máta ósanngjarnt.

Hvað frádráttinn snertir, þá er ekki vafi á því, að það er álitamál, hvernig á að reikna slíkan frádrátt. Og það væri að öllu leyti æskilegast, að það væru til skýrari ákvæði í l. um það, hvernig slíkt ætti að framkvæma. Mér hefur verið þannig skýrt frá, að undanfarið hafi verið lagðir til grundvallar kostnaðarliðir þeir, sem útgerðarmenn sjálfir hafa sent fjmrn., og sá kostnaður, sem skipunum er leyft að draga frá fyrir hvern dag, sem þau eru í siglingu milli Íslands og Bretlands, er byggður á þeim tölum, sem útgerðarmenn hafa sjálfir komið fram með. Nú fyrir nokkrum dögum hefur slíkur útreikningur legið fyrir í fjmrn. og hefur þegar verið afgreiddur þannig, að sá kostnaður hefur verið hækkaður, sem togurum er leyft að draga frá. Hann mun hafa verið 7 þús. kr., ef ég man rétt, en hefur nú, í samræmi við tölur, sem útgerðarmenn hafa sjálfir sett fram, verið áætlaður 9500 kr. á dag. Og þetta hefur verið gert, eftir að athugað var — ég verð að segja með mjög miklum velvilja — það, sem útgerðarmenn báru fram. Og samkv. þeim tölum, sem fyrir liggja í því efni, er ekki hægt að segja, að gengið hafi verið á hlut útgerðarmanna. Eftir öðru en því, sem útgerðarmenn sjálfir bera fram í þessum efnum, er ekki hægt fyrir ríkisstj. að fara, eins og sakir standa í þessu máli, og að reynt verði að fara með þennan rekstur eins sanngjarnlega og hægt er, meðan gjaldið er reiknað eftir þeim forsendum, sem nú er gert.

Ég gat þess áðan, hvernig þetta 10% útflutningsgjald hefur verið innheimt, þ. e. eftir sömu reglum og eldra útflutningsgjaldið. Og meðan ekkert liggur fyrir frá Alþ. um breyt. á þessum l., getur ríkisstj. ekki séð sér annað fært heldur en að halda þeirri venju um innheimtuna, sem þegar hefur verið sköpuð.

Pétur Magnússon: Herra forseti. — Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, hef ég ekki frekar að segja en hv. frsm. tók fram. N. hefur ekki athugað l. í heild sinni og ekki gert tilraun til þess að bera fram frekari brtt. heldur en hér eru í frv.

En inn í þessar umr. hefur dregizt annað frv., sem hefur legið fyrir þinginu síðan á öndverðu þingi og flutt var af hv. þm. Barð. Þessu frv. var vísað til fjhn. og hefur ekki fengið afgreiðslu þar. Ég vildi sem form. n. gera grein fyrir því, hvernig á því stendur, að n. hefur setzt á þetta frv., enda er nokkurt tilefni til þess, vegna þess að efni frv. hefur verið gert að umræðuefni hér.

Þetta frv. var tekið fyrir einu sinni á fjárhagsnefndarfundi. Og ég vil ekki neita því, að það hafa kannske verið eitthvað skiptar skoðanir um það þar. En ástæðan til þess, að ég sem form. n. hef ekki gert tilraun til þess að knýja fram úrslit um frv., er sú, að ég leit svo á, að hér væri í raun og veru ekki um lagabreyt. að ræða. Eg vil skilja l., eins og þau eru nú, alveg á sama hátt eins og hv. þm. Barð í sínum till. gerir ráð fyrir, að þau verði skilin.

Eins og kunnugt er, á útflutningsgjaldið af fiskinum að reiknast af verði hans, þegar hann er kominn um borð í skip hér á íslenzkri höfn, af fobverði fiskjarins. Áður var það svo, a. m. k. um meginhlutann af þessum fiski, sem út var fluttur, að hans var aflað af þeim skipum sjálfum, sem fluttu hann til útlanda. Og jafnvel þó að keypt væri eitthvað af fiski, sem var við og við, þá var það ekki svo, að hægt væri að segja, að nokkurt innlent gangverð væri til á þeim fiski. Þetta leiddi til þess, að við útreikning útflutningsgjaldsins varð söluverð fiskjarins erlendis að leggjast til grundvallar og frá því dregginn eðlilegur kostnaður við flutning fiskjarins út. Þetta var að mínu áliti gert beinlínis af því, að ekkert gangverð hafði skapazt á fiskinum innanlands.

Nú er þetta alveg breytt. Nú höfum við á fiskinum fobverð ákveðið með samningum á milli ríkjanna, Bretlands og Íslands, svo að ekki þarf lengur að orka tvímælis, hvert sé fobverð fiskjarins. Og þegar þessi breyt. var orðin, álít ég fyrir mitt leyti, að ríkisstj. hafi verið skuldbundin til þess beinlínis að leggja þetta samningsverð til grundvallar við útreikning útflutningsgjaldsins. Og ég trúi því naumast, fyrr en ég tek á því, ef þetta mál væri borið undir dómstólana, að þeir gætu komizt að annarri niðurstöðu um þetta. Það getur enginn maður haldið því fram með nokkurri skynsemd, að ekki sé búið nú að kveða á um það, hvert verð fiskjarins sé, þegar búið er að flytja hann um borð hér á íslenzkri höfn.

Ég fyrir mitt leyti er alveg sammála hv. þm. Barð. um það, að það sé með öllu óeðlilegt að reikna þetta útflutningsgjald á tvo vegu, eftir því, hvort skip, sem flytur fiskinn út, hefur aflað hann, eða fiskurinn er keyptur hér af öðru skipi en því, sem hefur aflað hann, til þess að flytja hann út. Það getur vel verið og er vonandi, að svo sé enn þá, að skipin, sem flytja fiskinn út, hafi einhvern hagnað af fisksölunni. En samkv. l. á sá hagnaður ekki að tollast á þennan hátt, með útflutningsgjaldi, af því að l. kveða svo a, að það sé fobverð fiskjarins, sem leggja eigi til grundvallar um ákvörðun útflutningsgjaldsins. Mín skoðun er því sú, að hæstv. ríkisstj. ætti að lagfæra þetta, þó að það sé rétt, sem hæstv. fjmrh. segir, að þessi regla hafi komizt á og að þetta hafi verið látið dankast svo, eftir að samið var um fiskverðið. Ég álít, að ríkisstj. eigi að lagfæra þetta, en ef stj. sér sér það ekki fært, þá álít ég, að það eigi að bera þetta undir dómstólana. Ef ríkisstj. sér sér ekki fært, þá á að bera þetta undir dómstólana. Ef þeir sjá sér ekki fært að skera úr því á grundvelli gildandi laga, ætti málið að ganga inn í þingið og jafnvel breyta fyrirkomulaginu, en ekki er ástæða til að rökræða það hér að sinni, — það mætti miða við cif-verð, en þá yrðu gjöldin að lækka.

Gísli Jónsson: Ég vil benda á í sambandi við ummæli hæstv. fjmrh., að tölur þær, sem hann fór með, eru ekkert nærri sanni um það, hvað kostar í rauninni að flytja fiskinn út. Þetta er ekki mælt út í bláinn. Ég styðst við reikninga, sem hafa verið gerðir og verða lagðir fyrir ríkisstj. innan fárra daga. Það er e. t. v. ekki fjarri lagi, sem tilfært er um kostnaðinn þá daga, sem skipið er á leiðinni milli landa, en þá er eftir að skipa upp og koma aflanum í verð og margt fleira, eins og hægt er að sýna svart á hvítu. Ég hygg, að einungis á 3% gjaldinu muni lagt 5—6 þús. kr. of mikið á meðalskip. Og nú má búast við, að dómur falli á ríkisstj. um 30—40 þús. kr. á skip fyrir rangreiknaðan útflutningstoll. Ég tel það ekki sæmilegt í skatta- og tollamálum, að ríkisstj. neyði menn út í málaferli við sig um deiluefni, þar sem sérfróðir menn ættu að geta sýnt henni, að hún hefur hverfandi litlar líkur til að vinna, ekki sízt þegar litið er á það ranglæti, vaxtatap og rekstrarerfiðleika, sem það stjórnarlag hlýtur að baka mönnum. Ríkisstj. ætti að sjá, að það er alls ekkert fagurt fordæmi, sem hún gefur.

Orsök þess, að útgerðarmenn sættu sig við, að þannig væri innheimt, var, að þeir álitu, að 2—2,5% útflutningsgjaldið væri svo lítið atriði, að ekki væri vert að deila um það. En þegar 10% tollurinn kom 1. ág., breyttist það alveg.

Ég tel óviðunandi að hafa ekki sömu lög í sama landi hjá þeim, sem veiða, og þeim, sem kaupa fisk, þó að hagnaður geti verið misjafn. Sé það ekki lagað, neyðast menn til að finna leiðir til að komast fram hjá svona lögum.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Hv. þm. Barð. hélt því fram, að tölurnar, sem ég fór með, hefðu ekki verið réttar. (GJ: Þær eru víst rétt reiknaðar, en gefa ranga niðurstöðu). Þær komu frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og eru á þess ábyrgð, og kemur mér á óvart, ef það hefur reiknað þær rangt eða á röngum grundvelli.

Ég skal láta ósagt, hvort þm. getur komið með réttari tölur. En að sjálfsögðu verða þær athugaðar, ef hann leggur þær fram.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég fæ ekki betur séð en sú regla, sem ákveðin var um þessi efni af fyrrv. ríkisstj., sé í raun og veru alveg rétt. Sá mikli munur er á bátafiski og togarafiski, að bátafiskurinn er seldur hér við skipshlið og þá þegar vitað um verð hans, en á afla togaranna er ekkert fast verð erlendis, heldur markaðsverðið í Englandi á hverjum tíma. Af þessum ástæðum var það, sem fyrrv. ríkisstj. tók upp reglu sína.

Ég er sammála hv. 8. landsk. (PM) um, að þess verði að bíða, að úrskurður dómstóla falli, fyrr væri óeðlilegt að breyta nokkru. Að öðru leyti get ég vísað til fyrri ummæla minna. Það kemur ekki til mála að dæma eftir einu skipi og útkomu þess eftir eina ferð eða fáar, heldur eftir því, hvort tap verður, þegar til lengdar lætur, svo að fella þurfi niður útflutningsgjaldið.

Pétur Magnússon: Ég get ekki almennilega skilið þá skoðun hv. 3. landsk. (HG), að verðið á þeim fiski, sem togarar afla, sé óþekkt, þangað til selt er í Englandi. Ef fiskinum er skipað hér upp í annað skip, er verðið hins vegar þekkt. Það er hið gildandi verð, og eftir því verður að reikna. Ég hygg það sé óþekkt, að útflutningsgjald vöru sé miðað við fobverð og þó látið fara eftir því, hvað varan kann síðar að seljast á erlendum markaði. Meðan ekkert gangverð var þekkt á fiskinum hér, var þetta hins vegar skiljanlegt úrræði í málinu, en nú er það ástand breytt. Þegar þetta er samt látið viðgangast óbreytt, er það einungis af því, að menn hafa látið það draslast, — ekki komið lagfæringu í framkvæmd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 555).

---

9. Ljósmyndataka og ljósmyndavélar.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla. (Stjfrv., A. 278).

Á 44. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Eins og kunnugt er, eru hér ekki í l. nein bönn eða refsiákvæði við því að taka ljósmyndir neins staðar. En hagir okkar hafa breytzt svo í þessu stríði, að óskir hafa komið fram um löggjöf í þá átt. Samkv. því hefur frv. verið samið, og ætla ég, að ákvæði þess séu nokkuð í samræmi við þær óskir. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 317).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. — Allshn. hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess. N. hefur gert smávegis orðabreyt. á 2. og 3. gr. frv., en þar sem þær raska í engu efni frv. og eru aðeins umorðanir, tel ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þær.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Ég þakka hv. n. fyrir afgreiðslu hennar á frv. og hef ekkert að athuga við brtt. hennar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 317,1 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 317,2 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 338).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og hefði því verið útbýtt áður.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Þetta frv. er hingað komið frá hv. Nd. og lýtur að banni við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.
Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hafa hinir sérstöku hagir, sem landsmenn nú eiga við að búa, gert það nauðsynlegt, að bætt sé úr skorti á l. um þetta efni. Það er ekki í gildandi l. til neitt bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla á tilteknum svæðum og ekki heldur nein ákvæði um refsingar við slíku. Úr þessu er ætlað að bæta með þessu frv.
Ég vildi leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og allshn. Og ef svo færi, að þinginu yrði slitið um næstu helgi, þá væri mér kært, að þessu máli yrði hraðað, þannig að það gæti orðið afgr. frá þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 69., 70. og 71. fundi í Ed., 4., 9. og 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 12. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 338, n. 483).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Frv. þetta barst hv. Ed. frá hv. Nd. og mun vera flutt samkv. ósk setuliðsstj. hér á landi. En þegar málið var komið til allshn., bárust henni gögn um það, að frv. eins og það kom frá Nd. næði ekki að öllu þeim tilgangi, sem því var ætlað að ná. Óskaði n. þá frekari upplýsinga um málið, sem varð til þess, að afgr. þess tók nokkru lengri tíma en annars hefði verið. Síðan varð n. sammála um að mæla með því, að frv. næði fram að ganga með nokkrum breyt. við þrjár fyrstu gr. frv., en ætlazt er til, að 4. og 5. gr. standi óbreyttar. Breyt. þessar eru að sjálfsögðu ekki efnisbreyt. frá frv., heldur ganga í þá átt, að í stað upptalningar á einstökum atriðum og bönnum við ljósmyndatöku af tilteknum hlutum eru fyrirmæli um það, að á tilteknum svæðum sé bannað að fara með ljósmyndavélar, nema þá innsiglaðar. Þó er þetta sett í heimildarformi fyrir ríkisstj. og gert ráð fyrir, að hömlur þær, sem í frv. felast, gildi allt til stríðsloka. Með þessu er fullnægt þeim tilgangi, sem ætlað var að ná með frv., að hægt væri að setja reglur, sem gerðu það tryggt, að ljósmyndavélar yrðu ekki notaðar til þess að stefna öryggi hervarnanna hér í hættu og þar með öryggi landsmanna sjálfra.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Málið liggur skýrt fyrir, og ég vil mæla með því, að d. samþ. frv. með þeim breyt., sem n. hefur orðið sammála um að leggja til.

ATKVGR.
Brtt. 483,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 483,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 483,3 (ný 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (JJós): Fram er komin till. um að fresta umr., svo að hv. allshn. gefist tóm til að athuga málið nánar og e. t. v. bera fram brtt.

ATKVGR.
Till. um að fresta umr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17 marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 520, 546).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 546 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 74. fundi í Ed., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 553).
Á 75. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 562).

---

10. Húsaleiga (heildarlög).

Á 34. fundi í Nd., 16. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um húsaleigu. (Stjfrv. A. 219).

Á 37. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti, háttvirtu deildarmenn. — Frv. það til l. um húsaleigu, sem hér er tekið til umr., er samið af n. sem skipuð var af fyrrv. ríkisstj. þann 9. nóv. s. l. Í n. áttu sæti þessir menn: Árni Tryggvason, cand. juris, fulltrúi lögmanns, og var hann form. n. Enn fremur þeir Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrum alþm. og Gunnar Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður. N. var öll sammála um mörg meginatriði, en í ýmsum greinum varð þó ágreiningur, og skilaði Gunnar Þorsteinsson sérstöku áliti og till. um þau. Í þessu frv. er fylgt till. n. í heild um þau atriði, þar sem hún var sammála, en þar, sem ágreiningur varð, er fylgt till. meiri hlutans, þeirra Árna Tryggvasonar og Sigurjóns Á. Ólafssonar. Í einu atriði hefur ríkisstj. þó talið rétt að víkja frá till. allrar n., þar sem hún leggur til, að húsaleiga megi ekki hækka vegna hækkunar fasteignagjalda, er leiða af hækkun fasteignamatsins, sem nú kemur til framkvæmda, og verður vikið að þessu síðar. Í grg. þeirri, er fylgdi till. n., er rakin saga þessa máls og greint frá þeim l. öllum, sem sett hafa verið varðandi húsaleigu síðan 4. apríl 1939, að l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi voru samþ. Er ekki þörf á að rekja sögu allrar þeirrar lagasetningar, en látið verður nægja að benda á, að nú eru í gildi þessi l. um húsaleigu: Lög nr. 106 1941, með breyt. og viðaukum l. nr. 126 1941 og nr. 35 1942, svo og brtt. frá 29. september 1942. Er þá auðsætt að löggjöfin um þetta efni er orðin allruglingsleg og óaðgengileg og því brýn nauðsyn, að gefin séu út heildarlög um húsaleigumál. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er heildarl. um húsaleigu, þar sem gildandi ákvæði um þetta efni eru felld saman í eina heild, en ýmsum nýjum bætt við og nokkrar breyt. gerðar á eldri ákvæðum. Því verður ekki neitað, að þessi l. skerða rétt eigenda til að ráðstafa afnotum eigna sinna og réttinn til að ákveða endurgjaldið fyrir afnotaréttinn. En eins og ástatt er í húsnæðismálunum og dýrtíðarmálunum, verður hjá hvorugu komizt. Ég hygg, að nálega allir séu sammála um, að nauðsynlegt sé að takmarka ráðstöfunarrétt húseigenda eins og gert hefur verið til þess að tryggja að það húsnæði, sem til er, verði að notum fyrir sem flesta. Reynslan hefur sýnt, að öll breyting er hættuleg að þessu leyti, og er því ekki um annað að ræða en að ákvæðin um uppsagnarheimild séu allþröng. Þar, sem fjárráð manna eru í svipinn mikil, er hætt við, að æ fleiri vildu bæta við sig húsnæði ef uppsagnarheimildin væri rýmri. En hitt er einnig jafn mikilvægt að húsaleigunni sé haldið niðri eftir því sem unnt er, og er það stór liður í viðleitni hins opinbera til að hafa hemil á vaxandi dýrtíð og verðbólgu. Er ástæða til að benda á, að öll n. var sammála um þessi tvö meginatriði, eins og sjá má af grg. n. á bls. 5.

Eins og fyrr var getið, eru gildandi l. um húsaleigu felld saman í eina heild í þessu frv., en ýmis nýmæli eru þar einnig, og skal þeirra nú getið. Í 1. gr. eru þrenn nýmæli. Í fyrsta lagi er leigusala heimilað að skipta á íbúð í húsi sínu við leigjanda sinn. Er þetta mjög til bóta, því að þess munu dæmi, að eigandi hafi ekki getað skipt á íbúð við leigjanda sinn, þótt hún kæmi leigjanda að fullum notum. Í öðru lagi er eiganda gert heimilt að segja upp samningum um leigu á húsnæði, sem notað er til atvinnureksturs, ef honum er þess brýn þörf sjálfum til atvinnureksturs, og virðist þetta sjálfsögð réttarbót. Í þriðja lagi er ákvæði um, að taka megi uppsögn gilda að nokkru leyti, og úrskurðar húsaleigun. þar um. Virðist þetta sjálfsögð tilhögun til að tryggja, að uppsögn nái ekki til stærra húsnæðis en nauðsyn krefur. Í 3. gr. er bann við, að öðrum sé leigt íbúðarhúsnæði en innanhéraðsmönnum, þó með undanþáguheimild, er nær t. d. til alþm. og nemenda í fastaskólum. Þar er bann við því, að utanhéraðsmenn flytji í hús, er þeir kunna að kaupa (eða eignast) eftir gildistöku laganna í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema þeim sé þess brýn þörf. Er þetta ákvæði sett til þess að draga úr fólksflutningum til bæjanna, eins og raunar önnur ákvæði þessarar gr., og virðist þess full þörf. Þá er og í gr. útburðarheimild, að því er varðar utanhéraðsmenn, er hafa tekið húsnæði á leigu ólöglega eða flutt í það. Slík útburðarheimild var sett að því er varðar Rvík með brtt. í september s. l. Þykir rétt, að þessi heimild gildi um allt landið (þ. e. öll kauptún og kaupstaði).

Í 4. gr. er það nýmæli, að dagsektir eru hækkaðar úr 100 kr. í 200 kr., ef íbúðarhúsnæði er tek-

ið til annarra nota, og jafnframt öðlast húsaleigun. ráðstöfunarrétt yfir húsnæðinu handa húsnæðislausu fólki.

Í 5. gr. er húsaleigun. veitt heimild til að taka til ráðstöfunar tiltekinn hluta af því íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur án verið og unnt er að skipta úr, að mati n. Skal n. hafa um þetta samráð við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstj. enda er svo ráð fyrir gert, að ríkisstj. og bæjar- og eða sveitarsjóðir séu sameiginlega ábyrgir fyrir greiðslu á leigu eða skaðabótum vegna framkvæmdar þessa ákvæðis. Hér er í rauninni heimiluð skömmtun á húsnæði. Þá getur afnotahafi sjálfur ráðstafað slíku húsnæði, sem talið er, að hann geti sjálfur án verið, en húsaleigun. fær þá ráðstöfunarrétt yfir því húsnæði, er þannig losnar. Sumum kann að þykja þetta ákvæði of nærgöngult, en öðrum þykir ef til vill of skammt gengið. Eg hygg, að eins og nú standa sakir, sé slík heimild sem þessi alveg nauðsynleg vegna húsnæðisvandræðanna. Í framkvæmdinni ætti gangurinn að vera þessi: Húsaleigun. fær vitneskju um, hvar fólk geti helzt þrengt að sér. Hún hefur tal af þessu fólki og leggur að því að taka til sín í húsakynnin ættingja eða góða kunningja, sem það gæti búið í góðri sambúð við. Má telja víst, að margir tækju slíku vel og kynnu þessu miklu betur en þurfa að taka í húsakynni sín bráðókunnugt fólk.

Í 6. gr. er það nýmæli, að hækkun viðhaldskostnaðar skuli reiknuð út fjórum sinnum á ári, miðað við mánuðina janúar til marz 1939, og er heimiluð hækkun á húsaleigunni samkvæmt því frá 1. næsta mánaðar eftir að vísitalan hefur verið reiknuð út. Þetta er réttarbót fyrir húseigendur frá því, sem nú er. Í þessari gr. er ákvæði um það, að ekki megi hækka húsaleigu vegna hækkunar skatta af fasteignum. Eins og kunnugt er, hefur nýlega verið gengið frá endurskoðun á fasteignamatinu og hefur það hækkað allmjög, einkum í Rvík, og að því er talið er nemur hækkunin hér í bæ um 30—35% að meðaltali. Þetta lítur ekki vel út í fljótu bragði, en öll hækkun gjaldanna nemur þó tæpast meiru en 100 kr. á hvert hús í bænum að meðaltali á ári, og virðist þó ekki gerlegt að fara að endurmeta alla húsaleigu í bænum út af slíku, þótt því verði ekki neitað, að réttmætt væri, að leigjendur bæru sinn hluta af hækkuninni. Í sambandi við þessa gr. er ef til vill þörf á sérstöku ákvæði um heimild til hækkunar á húsaleigu í Rvík, ef svo vel skyldi fara, að hitaveitan yrði að veruleika meðan l. eru í gildi, því að vitað er, að mikill kostnaður mun fylgja henni fyrir marga húseigendur, einkum þá, sem eiga gömul hús, þar sem ekki er miðstöðvarhitun, og er þessu hreyft hér til athugunar.

Í 7. gr. eru ákvæði um lækkun á húsaleigu vegna vanrækslu á viðhaldsskyldunni eða annarra ástæðna. Er athugandi, hvort þessi ákvæði séu ekki full einhliða. Fólk er mjög misjafnt í umgengni sinni innanhúss, og það virðist ekki óviðeigandi, þótt leigjendum væru lagðar þær skyldur á herðar að fara vel með og ganga vel um leiguhúsnæðið, svo að húseigandi þyrfti ekki að eyða allt of miklu fé í viðhald innanhúss á þessum erfiðu tímum.

8. gr. fjallar um skipun húsaleigun. í Rvík og er ætlunin, að hún sé skipuð fimm mönnum. Störf húsaleigun. hér í bænum hafa verið mjög mikil, einkum eftir að húsnæðisskorturinn færðist svo mjög í aukana, sem raun ber vitni, og er því lagt til, að mönnum verði fjölgað um tvo.

Starfssvið n. er ljóst af l. sjálfum, en rétt er þó að gera grein fyrir því í sem stytztu máli. Hún á að dæma um þarfir leigusala fyrir húsnæði og þá um leið réttmæti uppsagna og fellir úrskurði þar um. Hún á að dæma um nothæfi íbúðar fyrir leigutaka, ef leigusali óskar að skipta við hann á íbúð. Hún metur, hvenær leigja megi utanhéraðsmönnum eða leyfa þeim að flytja í hús, er þeir kunna að eiga. Hún lætur framkvæma útburð á utanhéraðsmönnum, er sitja óleyfilega í húsnæði. Hún metur ástæður fyrir því, að eigandi taki íbúðarhúsnæði til annarrar notkunar og veitir leyfi þess, en ráðstafar húsnæði, sem óleyfilega er tekið til slíkrar notkunar. Hún ráðstafar auðum íbúðum, íbúðarherbergjum og öðru húsnæði, er útbúa má til íbúðar. Hún ráðstafar hluta af íbúðum, sem skipta má úr og afnotahafi getur án verið, í samráði við bæjarstjórn og afnotahafa sjálfan. Hún staðfestir breyt. á leigumálum samkvæmt vísitölu. Loks metur hún húsaleigu, meðal annars í öllum nýjum húsum bæði til íbúðar og annarrar notkunar, og er skylt að láta hana samþykkja alla leigumála gerða eftir 14. maí 1940. Þá dæmir hún loks í dagsektir, ef íbúðarhúsnæði er tekið ólöglega til annarrar notkunar. Enn ákvæði um, hversu n. skipti með sér verkum. Ég hef nú getið flestra breyt. frá eldri l., er máli skipta. Þá er það ótalið, að leigutaka er veittur réttur til að fá aftur húsnæði, sem hann hefir verið úrskurðaður úr, ef það er ekki notað eins og tilskilið var. Eins og getið var í upphafi skilaði hr. Gunnar Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður sérstöku áliti um nokkur atriði. Till. hans eru þessar helztar: Að fellt sé niður skilyrðið fyrir gildi uppsagnar, að leigusali hafi eignazt húsið fyrir 9. september 1941. Þetta skilyrði var upphaflega sett til að hefta brask með fasteignir og draga úr uppsögnum og mun þess enn vera full þörf. Þá leggur hann til, að leigusalar fái tveggja vikna frest til að ráðstafa til íbúðarhúsnæði, er þeir kynnu að hafa tekið ólöglega til annarrar notkunar og jafnlangan frest til að ráðstafa auðu húsnæði, en reynslan hefur sýnt að með því er ekki tryggt, að slíku húsnæði sé ráðstafað á beztan hátt til að bæta úr þörfinni. Hann vill fella niður ákvæðið, er heimilar skömmtun á húsnæði. Hann leggur til, að grunnhúsaleiga sé miðuð við leiguna 14. maí 1940, en hún breyttist þannig, að við hana bætist ársfjórðungslega þriðjungur meðaltals framfærsluvísitölu næsta ársfjórðungs á undan. Þetta mundi hækka mjög framfærsluvísitöluna, en hún aftur húsaleiguna, og væri því gagnstætt öllum tilraunum til að lækka dýrtíðina. Þó leggur hann til, að húsaleigun. sé þannig skipuð, að Alþýðusambandið skipi einn mann, Dagsbrún einn mann, Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur tvo menn, en hæstiréttur formanninn, og loks, að l. skuli falla úr gildi 6 mánuðum eftir lok Evrópustyrjaldarinnar, þó ekki síðar en 14. febrúar 1944. Grg. hr. Gunnars Þorsteinssonar,

ásamt fylgiskjölum frá n., verður lögð fram, svo að hv. alþm. geti athugað öll gögn sem bezt. N. hreyfir því, að nauðsynlegt muni vera að endurskoða húsaleiguvísitöluna vegna röskunar á hlutfallinu milli verðs á efni og vinnu. Er rétt að benda á þetta til athugunar, en hins verður jafnframt að geta, að athugun sú á þessu atriði, sem fram kemur í bréfi hr. Ragnars Þórarinssonar og fylgir með gögnum, er ekki sannfærandi eða fullnægjandi. Þá sýna fylgiskjöl frá n., að um 300 húseigendur hér í bæ hafa meira en helming tekna sinna af því að leigja öðrum húsnæði. Eru þetta tæplega 10% húseigenda í bænum, en allir hinir hafa þá meira en helming tekna sinna af annarri starfsemi. Eftir skýrslunni að dæma, eru tekjur flestra þessara 300 manna mjög rýrar, og rúmlega 80 þeirra telja sér engar aðrar tekjur en húsaleigutekjurnar.

Í sambandi við húsnæðismálin væri ástæða til að víkja að ýmsum öðrum atriðum. Eitt þeirra er skömmtun á byggingarefni um land allt. En með l. um viðskiptaráð virðist vera veitt full heimild til að koma henni á, með því að setja má tvenns konar skilyrði fyrir innflutningsleyfum, og verður það mál nánar athugað í heild sinni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta að sinni. En meginácherzlu verður að leggja á þau tvö atriði, að húsaleigan verði ekki hækkuð og að tryggt verði með l., að allt húsnæði, sem til næst, verði notað svo vel sem verða má til þess að bæta úr húsnæðisbölinu.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég tel efalítið, að frv. stj., sem hér liggur fyrir, horfi til bóta frá því, sem er í gildandi l. Hitt tel ég einnig mjög efalítið, að frv. þyrfti í meðferð Alþ. að taka ýmsum breyt. til bóta. Vil ég sérstaklega í því sambandi minnast á tvö meginatriði. Annað er það, sem felst í 5. gr. frv. um skömmtun á húsnæði. Það er mjög gott, að stj. hefur nú tekið til greina þær skoðanir, sem fram hafa komið um, að nauðsyn bæri til að grípa til skömmtunar á húsnæði undir vissum kringumstæðum. En ákvæði þessa frv. virðast hins vegar vera óljós og ófullnægjandi. Ég vil benda á það, að í þessu frv. er ekkert lágmark sett fyrir húseigendur, þ. e. a. s. í frv. er ekkert um það sagt, hvað nærri megi ganga húseigendum. Það er auðvitað sjálfsagt, að hverjum manni sé tryggt visst lágmark húsnæðis til afnota, í þeim l. sem um þetta fjalla, og enda þótt svo væri segja l. ekkert til um það, undir hvaða kringumstæðum húsaleigun. geti gripið til þessara umráða, og virðist þetta því algerlega á hennar valdi. Það er varla hægt að komast hjá því að álíta, að þarna sé n. ætlað óþarflega óskorað vald.

Þá vil ég benda á, að um skipun húsaleigun. er farið inn á nýjan grundvöll hvað Rvík snertir, og er sú breyt. til bóta, en úti um land er ætlazt til, að fasteignamatsn. sinni störfum húsaleigun. Það hefur verið bent á það hér á þessu þingi, að þar sem þessar n. eru ekki til þessa skipaðar, eru þær undir mörgum kringumstæðum ekki til þess fallnar að sinna þessum störfum. Það virðist því eðlilegt, að horfið sé að því að skipa þessar n. annars staðar á sama hátt og gert er ráð fyrir hér í Rvík samkvæmt þessu frv. Ég vænti þess, að þetta frv. fari til allshn. Hjá henni liggja ýmis frv. varðandi húsnæðismál. Þar liggur frv. varðandi skömmtun húsnæðis og stóríbúðaskatt, þar liggur frv. varðandi breyt. á skipun húsaleigun. og þar liggur loks frv. varðandi ráðstöfun byggingarefnis í landinu.

Ég vil að lokum láta þá ósk í ljós, að allshn. taki þessi frv. til athugunar og reyni að koma aðalefni þeirra fyrir í einn lagabálk, þar sem sérstök áherzla verði lögð á það, að húsnæði það, sem til er í landinu, verði notað á skynsamlegan og heilbrigðan hátt og allt byggingarefni, sem til landsins flyzt, verði notað til þarfa almennings. Ég held, að rétt sé að sameina þetta, og vil skora á allshn. að láta það ekki dragast úr hömlu að koma með einhverjar till., sem geti verið til bóta hvað húsnæðismál snertir, en þar er veruleg þörf úrbóta.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að fara þess á leit, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 4. og 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 6. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 219, n. 300, 301, 331).

Frsm. (Áki Jakobsson): N. hefur haft til meðferðar þetta frv. stj. um húsaleigu. Með því hefur stj. sameinað í einn lagabálk eldri ákvæði, sem gilda um húsaleigu og eru orðin nokkuð dreifð og óaðgengileg fyrir þá aðila, sem þurfa að leita til þeirra, og það eitt að sameina þessi l. er mikils virði. N. hafði hins vegar áður fengið til meðferðar frv. um húsaleigu með tilliti til breyt. á kosningafyrirkomulagi húsaleigun., frv. um að tryggja húsnæðislausu fólki húsnæði og um stóríbúðaskatt og fleiri frv. um þessi efni. N. hefur tekið ýmis ákvæði þessara frv., sem ekki hafa þegar verið tekin upp í frv. hæstv. stj. til l. um húsaleigu, upp í brtt. sínar við frv. Ég tel óþarft að fara yfir frv., það liggur skýrt fyrir hv. þdm., hvað nýtt er í því, enda skýrði hæstv. félmrh. frá því við 1. umr. málsins. Ég vil þá fara nokkrum orðum um þær brtt., sem allshn. hefur komið sér saman um. 1. atriðið er um það, að leigusala, er sjálfur býr í húsi annars, skuli heimilt að skipta á íbúð við leigutaka í húsi sínu, enda komi samþykki húsaleigun. til. Við töldum, að þetta ætti ekki að skaða neitt, enda var það áður tilgangur l.

Þá er næst brtt. við 3. gr., að á eftir orðunum: „heimilisföstum innanhéraðsmönnum“ í 1. málsgr. komi: alþingismönnum og nemendum í föstum skólum. Þetta mun hafa verið þannig, að húsaleigun. í Rvík mun ekki hafa amazt við því, þó að alþm. eða nemendur í föstum skólum hafi fengið herbergi á leigu þann tíma, sem þeir þurfa að vera í bænum, og taldi n. því rétt, að þetta kæmi fram í l.

Um 5. brtt. varð ekki fullkomið samkomulag í n. en hún er um skömmtun á húsnæði. N. var sammála um það, að æskilegt væri að koma á einhvers konar heimild um skömmtun húsnæðis, en var hins vegar ekki sammála um það, á hvern hátt það skyldi gert. N. gat hins vegar ekki fallizt á það fyrirkomulag, sem lagt er til í frv. stj., vegna þess að þar virðist allt vald vera sett í hendur húsaleigun. og eiginlega vera á hennar valdi að ákveða, hvort hún lætur til skarar skríða um skömmtun eða ekki. Þetta taldi n. ekki rétt, vegna þess að húsaleigun. er ekki sá aðili, sem nauðsynlega þarf að bæta úr húsnæðisskortinum, heldur er það bæjarstj. N. taldi rétt að færa þetta vald úr höndum húsaleiguu. og beint til bæjarstj., en húsaleigun. sé nokkurs konar framkvæmdarvald, sem framkvæmi valdboð bæjarstj. Við töldum ekki vera fyrir hendi næg rök, sem mæltu með því, að húsaleigun. væri alveg í sjálfsvald sett, hvenær hún léti framkvæma skömmtun, og lögðum því til að bæjarstjórn fengi þetta vald. Við töldum, að bæjarstj. væri sá aðili, sem hættulaust væri að gefa slíkt vald, vegna þess að hún þarf að taka tillit til þeirra manna, sem þurfa að taka húsnæði á leigu, og eins hinna, sem leigja húsnæði. Þá leggur n. til, að afnotahafa íbúðar sé veittur 3 daga frestur áður en fólki er ráðstafað í hluta af íbúð hans, til þess að ráðstafa því sjálfur til húsnæðislausra innanhéraðsmanna. Meiningin með þessu ákvæði er sú, að þeir, sem geta tekið fólk í sína íbúð, séu látnir sjálfráðir um það, hvaða fólk þeir taka inn í íbúð sína. Í þessu felst nokkurt öryggi fyrir þá, sem eiga að hlíta þessum harðhentu tökum, um það, að þeir verði ekki fyrir verulegum óþægindum af því að fá óviðkomandi fólk svo að segja inn í sömu íbúðina. Í frv. stj. er gert ráð fyrir því, að húseigandi geti tekið fólk í íbúð sína, þó að það sé ekki húsnæðislaust, „og fengi þá húsaleigun. þá íbúð, er þannig losnaði á sama hátt til ráðstöfunar.“ Ég býst við, að það hafi verið meira af vangá heldur en vilja, að þetta féll niður hjá n., og tel ég rétt, að athuguðu máli, að þetta falli ekki niður, og hef ég hugsað mér að gera við þetta brtt. við 3. umr. Ég sé ekki, að neitt sé því til fyrirstöðu, að menn fái á þennan hátt að taka fólk í íbúð sína, ef með því næst sami árangur og ætlazt er til með l. Skömmtun húsnæðis getur á ýmsan hátt verið óþægileg fyrir fólk og erfið í framkvæmd. Þess vegna er gert ráð fyrir, að sett verði sérstök reglugerð um framkvæmd þessarar skömmtunar. Í þessa reglugerð skal meðal annars tilgreina hámark þess húsnæðis, sem fjölskylda má nota, án þess að taka megi hluta þess. Enn fremur getur komið fyrir, að fleira komi fram, sem nauðsynlegt þyki að setja reglugerð um, til þess að þetta ákvæði skerði sem minnst persónufrelsi þeirra manna, sem þurfa að láta húsnæði af hendi. Vegna þess að þetta er dálítið óvenjuleg skerðing á persónufrelsi einstaklinga, að taka hluta af húsnæði þeirra, taldi n. rétt að skapa einhvern áfrýjunardóm til tryggingar fyrir sanngirni í þessum málum á báðar hliðar. Meiri hl. n. taldi, að ekki mundi hægt að finna annan aðila heppilegri til þessa heldur en bæjar- eða sveitarstjórnir. Þannig er bæjarstj. gerð að dómstóli í því, hvort einstaklingar eigi að hlíta skiptingu á húsnæði sínu, og vil ég taka það fram, að bæjarstj. á aðeins að vera æðsti dómstóll í þessu eina atriði, en ekki í neinum öðrum atriðum. Bæjarstj. er ekki falin úrskurðun annarra mála, sem húsaleigun. hefur með að gera að öðru leyti en því, að hún getur lagt fyrir húsaleigun. að framkvæma skömmtun á húsnæði, eins og ég tók fram áðan. Ég sè eftir á, að það mætti ef til vill misskilja orðalag n., ef ekki væri búið að taka fram, hvað fyrir henni vekti með því að setja þetta ákvæði inn. Þá er í frv. stj. ákvæði um það, að ríkissjóði eða bæjarsjóðum skuli skylt að ábyrgjast greiðslu leigu eftir húsnæði, sem tekið er samkv. 5. gr. frv. Nú eru ekki í þessu frv. nein ýtarlegri ákvæði um það, hver endanlega eigi að greiða þessar upphæðir. Í nál. er lagt til, að viðkomandi bæjar- og sveitarsjóðir einir yrðu látnir standa undir þessari ábyrgð vegna þess, að bæjar- og sveitarstjórnir hafa það í hendi sinni að grípa til skömmtunar, og því eðlilegt að þær beri því ábyrgðina á því að svara út þessu fé til húseigenda, ef viðkomandi leigjandi getur ekki staðið í skilum. Þetta fyrirkomulag er einfalt, en hér er ekki um svo stórar upphæðir að ræða, að það skipti verulegu máli fyrir bæjar- og sveitarfélögin fjárhagslega. N. taldi því rétt að fara inn á þessa braut. —

Þá er næst ákvæðið um skipun húsaleigun. Í frv. stj. er talað um, að húsaleigun. skuli skipuð 5 mönnum, 2 skulu kosnir af bæjarstj. 2 skipaðir af ríkisstj., en hæstiréttur skipar þann 5., og skal hann vera form. n. N. hefur ekki komið með neina brtt. við þetta fyrirkomulag í Rvík. En ég fyrir mitt leyti álít þetta ekki heppilega skipan, ég álít, að hæstiréttur ætti ekki að skipa þennan eina mann. Ég held, að það sé varhugaverð braut að blanda hæstarétti inn í það, að vera að semja lagafrv. og skipa menn í hin og þessi embætti. Hins vegar varð ekki samkomulag um að flytja brtt. um þetta. N. varð aftur á móti sammála um það að gera nokkrar breyt. á ákvæðum 9. gr. þ. e. um það, hvernig skuli fara með þessi mál utan Rvíkur.

Í frv. er gert ráð fyrir, að fasteignamatsn. í hæjum og úttektarmenn í hreppum ásamt hreppsnefndaroddvita skuli annast þau störf, sem húsaleigun. í Rvík er falið með l. Það er reynsla fyrir því í kaupstöðum, að fasteignamatsn. eru óheppilegir aðilar til þess að inna þessi störf af höndum, þar eru kosnar í allt öðrum tilgangi. Þetta eru venjulega gamlir og greinagóðir menn, sem vel þekkja fasteignir og eru kunnugir í bæjunum, en eru alls ekki heppilegir til þess að annast þau margbrotnu og erfiðu störf, sem húsaleigun. eru lagðar á herðar. Þess vegna kom allshn. sér saman um það að leggja til, að utan Rvíkur skuli húsaleigun. skipuð þrem mönnum, og skipar bæjarstjórn eða hreppsn. 2 menn en félmrh. þann 3. og skal hann vera form. n. N. taldi, að það væri fullkomlega réttmætt, að fasteignamatsn. væru sviptar þessum störfum, og þau falin sérstakri n. (þ. e. í kauptúnum og kaupstöðum). Hins vegar var ekki talin ástæða til þess að skipa sérstakar n. í sveitum eða þorpum, þar sem svo kynni að fara

að nota þyrfti húsaleigul. Á þeim stöðum ættu þetta ekki að vera svo umfangsmikil störf, að úttektarmenn gætu ekki annað þeim.

Til þess að fyrirbyggja óþarfa bureaukrati í þessu, töldum við rétt, að það væru úttektarmennirnir, sem önnuðust þessi störf.

Þá er að lokum ákvæði hér í síðustu till. okkar, sem snerta herbergi á gistihúsum. Það er eitt af því fáa, sem hvergi hefur komið undir hámarksverð og n. hafði upplýsingar um, að verð á herbergjum, hér í Rvík sérstaklega, væri alveg óheyrilega hátt, og þótti okkur ekki ástæða til, að þessir aðilar væru ekki látnir hlýða sömu l. og aðrir, að þeir gætu heimtað ótakmarkað verð í leigu á herbergjum meðan aðrir yrðu að leigja eftir ákvæðum l. N. leggur til, að herbergi þessi verði metin, og verði gert heildarmat um þau þegar eftir gildistöku þessara ákvæða. N. sá ekki ástæðu til að setja ýtarlegri ákvæði í l., en taldi rétt, að félmrh. setti sérstaka reglugerð um þetta mat og með hverjum hætti skyldi birta þetta til þess að fyrirbyggja, að hægt sé að brjóta þetta lagafyrirmæli gagnvart mönnum, sem eru ókunnugir þeirri leigu, sem gildandi er í viðkomandi gistihúsi.

Aðrar brtt., sem hér eru í nál., ætla ég ekki að ræða. Þær leiðir allar af þeim brtt., sem ég hef talað hér um aðallega, að orðið „fasteignamatsnefnd“, sem víða er í frv., falli niður.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Ég ætla að segja aðeins örfá orð. Þetta frv. hefur legið nokkuð lengi fyrir þinginu, en það ríður á því, að þessi húsaleigul. geti verið afgr. og birt fyrir 14. febr., vegna þess að ætlazt er til, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé, þegar húsnæði er sagt upp, og verður því að vera sagt upp þann dag í síðasta lagi.

Ég mun aðeins gera örfáar aths. við þær brtt., sem allshn. hefur lagt fram við frv. Sú breyt., sem lagt er til að gerð verði við 1.gr., er til bóta, og legg ég til, að hún verði samþ. Svo er brtt. við 3. gr., þar sem segir, að á eftir orðunum „heimilisföstum innanhéraðsmönnum“ komi: alþingismönnum og nemendum í föstum skólum. — Ég vil vara við því að setja þetta inn í 1. gr. 1. málsgr. er svona: „Leigusala er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.“ Þetta er aðalreglan, en svo kemur undantekningin í næstu málsgrein, og það er svona: „Þegar alveg sérstaklega stendur á, getur húsaleigun. veitt undanþágu frá upphafsákvæði þessarar greinar um tiltekinn eða ótiltekinn tíma.” Ef þessi breyt., sem allshn. stingur upp á, yrði samþ., mundi 1. málsgr. verða svona: „Leigusala er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum, alþingismönnum og nemendum í föstum skólum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir“. Ef þessi viðbót kemur inn í 1. málsgr. leiðir af því, að alþingismenn og nemendur í föstum skólum geta leigt húsnæði án þess að húsaleigunefnd fjalli þar um og án þess að hægt væri að segja þeim upp og er þá hætta á, að þm. og nemendur gætu haldið húsnæði, án þess að þeir þyrftu að nota það. Ég álít rétt að bæta ákvæði um þetta inn í 2. málsgr.

Viðvíkjandi brtt. allshn. við 5. gr. er þetta að segja: Þar er lagt til, að bæjar- og sveitarstjórnir geti ákveðið, hvort skammta skuli húsnæði. Það stendur, að bæjar- og sveitarstjórnir geti ákveðið þetta, þegar alveg sérstaklega stendur á. Ég vildi óska, að n. vildi útskýra, hvað fyrir henni vakir með þessu. Það stendur, að það megi úthluta þessu handa húsnæðislausu fólki, en það er ekki nóg. Það þarf að standa sérstaklega á umfram það, en hvað það er, veit maður ekki og þarf að fá skýringu á því. Eins og frsm. tók fram, vakir annað fyrir n. en hún segir í brtt. sinni: “Veita skal afnotahafa íbúðar minnst 3 daga frest, áður en fólki er ráðstafað í hluta af íbúð hans, til að ráðstafa því sjálfur til húsnæðislausra innanhéraðsmanna.” Þannig leggur n. til í brtt. sinni, að þetta verði, en í frv. stj. er tekið fram um þetta: „Þó getur afnotahafi ráðstafað þessum hluta húsnæðis til handa þeim innanhéraðsmanni, er hann kýs,“ o. s. frv. Eins og frsm. tók fram, hafði þetta fallið niður af vangá, en ég held, að það megi ómögulega falla burtu, því ég tel til bóta, ef hægt er að leysa þessi mál með frjálsu samkomulagi, því að eins og frsm. tók fram, geta þeir, sem hafa rúmgott húsnæði, ráðstafað því til sinna vina og ættmenna, sem þeir vilja taka við, en þurfa ekki að ráðstafa því til hverra sem er af húsnæðislausu fólki, sem þeir vilja ekki taka við. Í því tilfelli er miklu hættara við ósamkomulagi og það er til skaða bæði fyrir leigjendur og eigendur húsanna. Ég álít því, að þetta ætti að standa eins og það er í frv. stj.

Ég tók eftir, að frsm. sagði, að bæjar- og sveitarstjórnir gætu ákveðið að taka til afnota húsnæði, en það þyrfti að taka ákvörðun um það í hverju tilfelli. Þetta álít ég óheppilegt. Það fer ekki vel á því, ef ræða á á opnum fundi í hvert sinn, hvort þessi og þessi maðurinn megi hafa svo og svo mörg herbergi. Ég álít, að húsaleigun. séu þeir aðilar, sem eiga að fjalla um þessi mál, og það eigi ekki að ræða þau á opnum bæjarstjórnarfundi.

Svo er það till. n. um það, að afnotahafi geti áfrýjað til bæjarstjórnar, ef hann telji rétti sínum hallað. Mér skilst, að hann geti áfrýjað, ef tekið er af honum húsnæði. En er nú nokkur þörf á þessu, þegar í upphafi er tekið fram, að bæjarstj. eigi að fjalla um þetta, áður en húsaleigunefnd hefji framkvæmdir í málinu. Ég held, að enginn geti áfrýjað, ef bæjarstjórn er búin að ákveða þetta fyrirfram. Það gæti valdið misskilningi, hvernig á að fella úrskurð í hverju atriði, þar sem í þessum brtt. er gert ráð fyrir, að bæjarstj. felli fullnaðarúrskurð, ef afnotahafi telur rétti sínum hallað, en í næstu gr. er, að húsaleigun. ákveði leiguupphæð, leigutíma og annað það, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilar koma sér ekki saman um. Það er ekkert undan skilið, og mætti skilja það svo, að húsaleigun. ætti að fjalla um allt, sem menn ekki koma sé saman um. Þetta þarf að skýrast, svo að það verði ekki misskilið.

Þá eru brtt. við 9. gr., sem ég vil fara nokkrum orðum um. Þar er lagt til, að skipa skuli húsaleigun. í kaupstöðum og þorpum utan Rvíkur. Ég álít þarflaust að ákveða þetta í öllum tilfellum. Ég mundi vilja orða þetta þannig: Í bæj-

um og þorpum utan Rvíkur skal skipa húsaleigun., enda hafi bæjarstj. fært sönnur á nauðsyn þess fyrir ríkisstj. — Ég held, að ekki eigi að skipa húsaleigun., ef ekkert er með slíka n. að gera, og finnst það vera ill meðferð á fé ríkissjóðs, að launa með því n., sem ekkert er með að gera, en hins vegar verði n. skipuð, ef viðkomandi bæjarstj. getur fært sönnur á, að þess þurfi við.

Ég tel til bóta, að húsaleigun. meti öll herbergi á gistihúsum, og vil taka það fram, að það ber að skoða herbergi á gistihúsum sem íbúðarherbergi. Af því leiðir það, að ef húsnæðisekla er, er það á valdi húsaleigun. að ráðstafa hótelherbergjum til þeirra, sem húsvilltir eru.

Annars langar mig að upplýsa það í sambandi við húsnæðisleysið, að ég er ekki svo mjög svartsýnn á það mál. Það eru mjög mörg hús í smíðum hér í Rvík, og hefur verið talið saman, hvað mörg íbúðarherbergi — eldhús ekki meðtalin — séu í þessum húsum, en það eru um 1350 herbergi, en skýrsla, sem ég hef, sýnir, að 497 manns eru taldir húsnæðislausir, vafasamt húsnæðislausir og í of þröngu húsnæði o. s. frv. Þessi skýrsla er frá 18. janúar s. l. 47 fjölskyldur eru húsnæðislausar, eru það samtals 166 manns og einstaklingar 7 manns eða samtals 173 manns, sem eru algerlega húsnæðislausir. Vafasamt húsnæðisleysi hjá 120 manns. Ónothæfar íbúðir. Í þeim eru 15 manns, of litlar íbúðir, í þeim eru 44 manns, utanbæjarmenn, sem eru húsnæðislausir, eru 29 og 54 vantar íbúð til þess að stofna heimili. 66 hafa fengið íbúðir í vetur, en ekki lengur. Þetta eru samtals 497, en í smíðum eru 421 íbúðarhús og í þeim eru samtals 1350 íbúðarherbergi. Ég vildi leyfa mér að benda á þetta einnig með tilliti til þeirra umræðna, sem áður hafa farið fram um húsnæðisleysi þm.

Þetta mál hefur beðið alllengi eftir að komast til 2. umr., en eins og bent hefur verið á áður, þarf að ræða þessar till. Ég vildi mælast til þess við hv. allshn. og þm., sem hafa flutt hér brtt., að brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr., til þess að málið gengi fljótar fyrir sig, — af því að nú er orðið nokkuð áliðið. Það, sem fyrir mér vakir, er það, að þessari umr. gæti orðið lokið núna, og mætti þá gefa sér góðan tíma til 3. umr. Ég vildi beina þessum tilmælum til allshn. og þeirra þm., sem eiga hér brtt.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það eru nokkur atriði aðeins út af ræðu hæstv. félmrh., sem ég vildi gera aths. við.

Þetta ákvæði í 5. gr. „Bæjar- og sveitarstjórn getur, þegar alveg sérstaklega stendur á, ákveðið að taka til ráðstöfunar handa húsvilltu fólki tiltekna hluta af íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur, að mati húsaleigunefndar, án verið og unnt er að skipta úr“, getur bæði verið það að taka fyrir í einstökum tilfellum hvern einstakling fyrir sig til ákvörðunar, og það getur líka verið nokkuð almenns eðlis. Það getur verið hvort tveggja í senn. Ef þörf væri á að taka húsnæði á mörgum stöðum, mundi bæjarstj. taka sína ákvörðun og fela málið húsaleigun. Ég held, að það geti verið þörf á því, þegar bæjarstjórn tekur sína ákvörðun, að það megi áfrýja, með það fyrir augum, að ekki hafi verið búið að kynna sér málið nógu vel. Ég held, að þetta sé réttara en að láta fara fram svo og svo mikla rannsókn, áður en þetta er gert, sérstaklega vegna þess, að það er hægt að taka fyrir einar 10—20 íbúðir í einu. Húsaleigun. getur líka haft úrskurðarvald samkv. orðalaginu, en þetta atriði er aðeins um það, hvort afnotahafi geti neitað að láta af hendi það húsnæði, sem hann hefur. Það er oft þannig, að almennu ákvæðin eru á undan, en undantekningarnar á eftir. Þá er það skilið svo, að almennu ákvæðin gangi fyrst. Ég held, að þetta sé skýrt, svo að það geti ekki fallið undir það ákvæði, sem er á eftir. Ég held, að það sé hættulaust að láta þetta orðalag vera svona.

Þá er þetta um skipun húsaleigun. Ég held, að það sé heppilegra að hafa það þannig, að þær séu hreinlega kosnar. Það er enginn vafi á því, að í öllum kaupstöðum er þeirra þörf, en það er kanaske vafi á því í öllum þorpum. Hitt er annað, hvort ástæða er til, að ríkissjóður sé að borga þessum n. laun. Það er ekkert á móti því, að þessar n. séu launaðar úr bæjar- og sveitasjóðum, því að það er rétt, að bæjar- og sveitafélög hafi það í hendi sér að greiða þetta, þar sem það er til hagsbóta fyrir íbúana, og gæti ég fallizt á, að það ákvæði, að ríkissjóður borgi þessum n. laun, falli niður. Ég held, að það sé heppilegra að skipa þessar n. en að hafa það lag, sem hæstv. félmrh. stakk upp á, að skipa þær ekki fyrr en búið er að færa sönnur á þörfina fyrir þær. Ég býst við, að í smærri þorpum sé alls ekki þörf á að borga fyrir þetta, en þar geti þó verið nauðsynlegt, að húsaleigun. sé starfandi, sem sker úr um ýmislegt viðvíkjandi húsnæði, því að það er fleira fólk en það, sem er húsnæðislaust, sem getur og þarf að leita til húsaleigun. Það er svo mikið atriði að hafa þessa n., að það er ekki horfandi í að borga þann kostnað, sem af því kann að leiða.

Hæstv. félmrh. talaði um, að hugsanlegt væri að heimila að ráðstafa húsnæðislausu fólki í hótelherbergi. Það getur skapazt það ástand, að það sé óhjákvæmilegt, en það er ekki horfandi fram hjá því, að enginn maður getur þá vistað sig í bænum, sem þarf að koma erinda sinna. Og þegar vitað er, að Alþingi, stj. landsins og allar helztu stofnanir ríkisins eru hér, sér hver maður, að það er ekki viðunandi ástand, að menn utan af landi, sem ekki eiga hér kunningja eða venzlafólk, séu útilokaðir frá því að vista sig hér, en ef gengið er inn á þá braut að fylla hótelherbergin húsnæðislausu fólki, er það útilokað. Það getur til þess komið, að þetta sé nauðsynlegt, en það er nauðsynlegt, að hér sé staður fyrir menn, sem hingað koma fyrir önnur bæjarfélög og í viðskiptaerindum. Ég held, að þetta mál yrði miklu betur leyst með því að ganga harðar fram í skömmtun húsnæðis en að taka hótelherbergi. Það er enginn vafi á því, ef gengið er fast fram í skömmtun húsnæðis, er hægt að fá meira húsnæði.

Ég minntist ekki áðan á till., sem ég ber hér fram ásamt hv. 4. þm. Reykv., sem er um það, að leiga eftir hús, bryggjur og palla til línuveiðabáta skuli falla undir þessi ákvæði. Þetta byggist á frv., sem flutt var hér á þ., aðallega með tilliti til línubáta frá Austfjörðum, sem hafa útræði frá

Hornafirði, og voru gefnar upplýsingar um hreint okur þar. Það var sagt frá því, að einn smábátur þyrfti stundum að borga fyrir það að fá að leggjast upp að bryggju, fyrir beitingapláss og fyrir húsnæði handa mönnum, sem ekki eru boðlegir mannabústaðir, um 8000 kr. Svo ofan á þetta er hann skyldaður til að hlíta alls konar fyrirmælum leigusala, t. d. skyldaður til þess að láta leigusala vera umboðsmann sinn um sölu aflans, sem hann svo græðir á, og síðast en ekki síst ýmsar kvaðir, sem ef til vill eru ekki í sjálfu sér stórvægilegar, en gefa þó góðar hugmyndir um þær aðferðir, sem hafðar eru í frammi. T. d. það, að útgerðarmönnum er leigð lukt, sem kostar ný um 50 kr., en leigan kemst yfir vertíðina upp í 350 kr. Þetta mun hafa verið gert undir forustu Jóns Ívarssonar, og þessi maður hlaut þann heiður að vera skipaður af ríkisstj. í Viðskiptaráð. Við hv. 4. þm. Reykv. töldum rétt að fyrirbyggja þetta okur og töldum rétt, að þetta væri metið svipað og það var fyrir stríð og leyfð svipuð hækkun á bryggjum og pöllum og bryggjuhúsum og leyfð er almennt. Þar sem ekki náðist samkomulag um, að n. flytti þessa till., urðum við aðeins tveir að henni.

Hæstv. félmrh. fór þess á leit, að við tækjum brtt. aftur til 3. umr., og býst ég við, að það sé í samræmi við vilja n., að það sé gert, því að við viljum á engan hátt verða valdir að því, að afgreiðsla þessa máls dragist að óþörfu.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Það er fram tekið í nál. allshn., sem og öllum þm. er kunnugt, að fyrir þinginu hafi legið nokkur frv. varðandi húsnæðismál og n. hafi tekið þau öll til athugunar og fært ákvæði þeirra inn í þetta frv. Þetta var líka ítrekað af hv. frsm., þm. Siglf. Hér hafði fyrir nokkru verið flutt frv. á þskj. 143, og þegar það var til umr., talaði ég alllangt mál, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér. Ég sé, að meginatriði þess frv. eru tekin upp í brtt. á þskj. 301. Get ég ekki látið hjá líða að drepa á örfá atriði varðandi brtt. 301. Út af margendurteknum fullyrðingum hv. þm. Siglf. vil ég geta þess — og það verður sennilega tækifæri til að leiðrétta það á öðrum vettvangi, ef ástæða þykir til —, að ég hygg, að gæti misskilnings um þennan ljósatoll. Ég hef áður upplýst, að það gilda sérstakar ástæður um þetta á Hornafirði. Það eru 3 olíuhreyflastöðvar á Hornafirði, og til gæzlu þeirra eru ráðnir sérstakir menn, sem kaupfélagið kostar. Í sambandi við þá staðhæfingu, að það sé ein 40 kr. lukt, sem hver verbúð fær að njóta, vil ég benda á, að á síðustu vertíð í fyrra, voru 26 bátar gerðir út þarna, og jafnvel þó að það væri rétt, að hver skipshöfn þyrfti að greiða 350 kr., verða það ekki nema rúmar 9000 kr. Síðan þarf að taka frá fyrir viðhaldskostnaði, kaupa olíu og launa gæzlumennina, en þegar búið væri að greiða þessa þrjá liði, má það ljóst vera, að leigusali hefur ekki dregið í sínar hendur afskaplega fjárfúlgu, því að 9000 kr. eru ekki meira en ein verkamannslaun í þessum bæ.

Ég skal ekki lengja umr., en benda á, að það er gert ráð fyrir að reikna vísitölu húsaleigunnar með hliðsjón af viðhaldskostnaði. Það er ekki alls kostar sambærilegt, hvert er viðhald á húsnæði til íbúðar eða húsum og mannvirkjum til útgerðar, og því er ekki réttmætt, að það sama gildi um hvort tveggja. Ef á að fella undir l. bryggjur og fasteignir utan húss, kemur til álita, hvort þau eiga ekki að ná yfir fleira en bryggjur og palla til línuveiðabáta.

Ég vil spyrja hv. flm. um eitt atriði. Í 2. málsgr. till. á þskj. 301 er gert ráð fyrir, að sú skipun verði sett á, að leigutaki geti krafizt, að leigan verði metin til peningaverðs, þar sem hún er greidd í aflahlut. Ég vil biðja um upplýsingar um, hvort þetta sé orðað svo með ráðnum hug, að leigutaki einn geti krafizt mats á leigunni, en ekki leigusali, eða hvort það orð hefur fallið úr. Það er ekki sanngjarnt, ef á að krefjast mats, að það nái einungis til annars aðilans. Í framkvæmdinni mundi það verða svo, að í upphafi vertíðar væri samið um að taka ákveðinn aflahlut í leigu. Ef mikið fiskast, sér leigutaki, að hann muni greiða meiri leigu en hann álítur sanngjarnt, og þá á hann að fá að krefjast mats og heimta endurgjald. En komi í ljós, að aflahluturinn er lítill, og verðmæti hans nemur ekki því, sem húsaleigul. gera ráð fyrir, að sé sanngjarnt, á þá ekki líka að veita leigusala rétt til mats og viðbótar gjalda? Mér finnst það óhjákvæmilegt. Út af þessu vil ég benda á, að þetta hlýtur að leiða til þess, að aðilar þreytast á að krefjast mats sitt á hvað, og mundi það leiða til þess, að hætt yrði við þetta hlutaskiptafyrirkomulag. Er rétt að gera sér grein fyrir, hvort hagkvæmt er að stefna að því. Ég hygg, að rétt sé sú stefna, sem hefur verið tekin upp á síðari árum, að sjómenn fái frekar kaup í aflahlut en peningum, sem sé, að allir beri úr býtum í hlutfalli við það, hvernig framleiðslan gengur. Mér finnst, að þm. verði að gera sér ljóst, hvort væri betra: að Alþ. skærist í leik til að hamla hlutaskiptafyrirkomulaginu eða reyna að halda því.

Garðar Þorsteinsson: Ég og hv. þm. Snæf. berum fram brtt. á þskj. 331, sem ég vil aðeins mæla fyrir, en fellst að öðru leyti á að taka hana aftur til 3. umr. Fyrri liðurinn er við 4. gr., um, að aftan við gr. bætist, að húseiganda sé veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið innanhéraðsfólki til íbúðar. Það er eðlilegast, að húseigandi hafi örstuttan frest til að velja sér leigutaka, eins og kemur fram í 5. gr., að fallizt er á.

Hinn liðurinn er við 6. gr. Þegar frv. kom frá n., var gert ráð fyrir, að heimilt væri að hækka húsaleigu vegna vaxtahækkunar á fasteignum, en síðar verið bætt inn: þó ekki vegna skattahækkunar. — Ég hlustaði á hæstv. ráðh. gera grein fyrir þessu, en féllst ekki á rök hans. Það er upplýst, að fasteignamat hefur hækkað um 30%. Það eru ekki svo háar upphæðir, sem um væri að ræða, en það er sanngjarnt gagnvart húseiganda, að þessi hækkun valdi örlítilli hækkun á húsaleigu. Ég hygg, að öllum komi saman um, að húseigendur í Rvík hafi verið sá aðili, sem ströngustu ákvæðin hafa gilt um að undanförnu.

Hæstv. ráðh. spurði áðan, hvað væri átt við í brtt. n. við 5. gr. með orðunum: „þegar sérstaklega stendur á." N. var sammála um að setja þetta í frv. til þess að gefa til kynna, að það

ætti að vera eitthvað sérstakt, sem lægi til grundvallar fyrir slíku, og persónulega vil ég lýsa yfir því, að ég lít svo á, að það þurfi að koma eitthvað sérstakt fyrir, til þess að það sé réttlætanlegt að taka hluta af íbúðum frá fólki. Ég hafði í huga, ef t. d. yrði gerð loftárás eða eitthvað það kæmi fyrir, sem eyðilegði íbúðir fólks, eða t. d. ef ekki væri hægt að byggja, af því að efni flyttist ekki til landsins. Ég álít ekki, að það ástand, sem nú ríkir, leyfi, að þetta sé gert. Hér búa mjög margar fjölskyldur án þess að hafa leyfi til þess, og þá er ekki eðlilegt að taka íbúðir frá bæjarmönnum, en láta þetta fólk búa hér áfram í leyfisleysi.

Páll Þorsteinsson: Ég vil ítreka ósk mína til flm. brtt. 301, hvort þeir vilja ekki gefa upplýsingar um, hvort ekki hefur fallið niður af vangá, að leigusali geti krafizt mats jafnt og leigutaki.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil svara hv. þm. A.-Sk., að þetta er af ráðnum hug gert, að aðeins leigutaki geti krafizt mats, miðað við það, að það mundi vera leigutaki, sem hefði sérstakra hagsmuna að gæta.

ATKVGR.
Brtt. 301 og 331 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 219, 300, 331, 369).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 369. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Eg flyt hér á þskj. 369 ásamt hv. þm. N.-Þ. brtt. við brtt. á þskj. 301. Það er nokkuð af þeim ástæðum, sem komu fram við 2. umr. þessa máls. Það hefur komið fram í sambandi við þetta mál, að till. á þskj. 301 er komin fram og flutt vegna aðstöðunnar á Hornafirði. Á það var engin dul dregin við 2. umr. málsins. Það er og það, sem hefur vakað fyrir okkur hv. þm. N.-Þ. með flutningi þessarar brtt.

Ég hef við fyrri umr. um þetta mál gefið nokkuð yfirlit um, hvernig háttað er ástandinu á Hornafirði, en mér virðist, að enn sé uppi nokkur hópur manna, sem hefur þá trú, að kaupfélagið á Hornafirði okri á austfirzkum sjómönnum. Það hafa komið fram hér á Alþ. trúboðar þessa boðskapar. Nú er svo, oft og tíðum, með heittrúaða menn, að það er erfitt að sannfæra þá um, að þeir kunni að hafa á röngu að standa, jafnvel þótt komið sé með vísindalegar niðurstöður, sem brjóta í bág við það, sem þeir trúa. Og ég get hugsað mér, að þótt dregnar séu fram staðreyndir, sem sýna, að austfirzkir sjómenn hafi ekki verið þeittir okri, þá muni þeir heittrúuðu ekki láta sannfærast. En vegna annarra, sem þurfa að taka afstöðu til þessa máls, þykir mér hlýða að gefa nokkrar skýringar á því, hvernig háttað er greiðslu austfirzkra báta til kaupfélagsins á Hornafirði fyrir afnot af verstöðinni. Ég hef, síðan ég talaði hér áður um þetta mál, kynnt mér það enn ýtarlegar og aflað mér fullkominna gagna, og ég skal stytta mál mitt eftir föngum og forðast að endurtaka svo sem ég get, það, sem áður er sagt, en drepa á nokkur ný atriði.

Það leiðir af sjálfu sér, að þar sem leiga er greidd í aflahluta, þá er hún misjöfn frá ári til árs og misjafnlega mikið, sem hver bátur greiðir. Síðustu tvö árin hafa verið óvenjulega hagstæð, bæði óvenjulega aflasæl og aflasala hagkvæmari en áður. Árið í fyrra mun hafa verið mesta stríðsgróðaárið, og einkanlega fyrir þá báta, sem stunduðu veiðar frá Hornafirði, því að þar var meiri afli en annars staðar. Einn bátur, Hafaldan, skar sig úr um afla. Hún hafði 700—800 skippund yfir vertíðina, en það hæsta, sem áður þekktist þar, var 400—500 skippund. Leigan, sem Hafaldan greiddi, nálgaðist það að komast í 8000 kr. Flestir hinna bátanna greiddu miklu minna. T. d. greiddu Austri frá Eskifirði og fleiri bátar lága leigu. En meðalleiga á bát, af 26 bátum, sem stunduðu róðra frá Hornafirði, var um 3000 kr. Það er sú tala, sem raunverulega ber að miða við, þegar gerður er samanburður á leigunni eftir verstöðvarnar í Hornafirði og annars staðar.

Um ljósatoll er það að segja, að hér er um að ræða ljósastöðvar, sem eru reknar vegna útgerðarmanna. Þær voru til áður en kaupfélagið keypti verstöðvarnar. Tollur af þeim var áður greiddur með 1½ skippundi á hvern bát, og meðan afli var saltaður, tók kaupfél. sjálft á móti fiskinum og kom honum í verð. Þegar hætt var að salta aflann, þá tók kaupfélagið ekki lengur aflahluta í ljósatoll, heldur var hann metinn til verðs. Á fyrsta árinu, sem þessi breyting varð á meðferð aflans, var 1½ skp. metið á 300 kr., og þetta var það, sem hver bátur greiddi í ljósagjald. Við þetta hefur setið síðan. Bátarnir hafa ekki greitt af aflahluta, heldur 300 kr. á hvern bát. Þess vegna er sú staðhæfing, að bátarnir hafi greitt 350 kr. fyrir ljós á einni 40 kr. lukt, gripin úr lausu lofti. Bátarnir, sem stunduðu veiðar frá Hornafirði á síðustu vertíð, voru 26. Hver þeirra greiddi 300 kr. Var því allur ljósatollurinn 7800 kr. Þetta getur hver maður séð. Kaupfélagið rekur ljósastöðvar í eyjunum eingöngu vegna báta. Það er sinn maður í hvorri ey. Að vísu hafa þeir líka umsjón með eign félagsins í eyjunum, en það er sanngjarnt að telja, að þeir séu þar að hálfu leyti vegna ljósastöðvanna. Þeir hafa fast kaup 1000 kr. á mánuði yfir vertíðina. Kaup þeirra allra er 8000 kr. yfir fjögurra mánaða vertíð. Til að beita ýtrustu sanngirni skulum við segja, að ekki fari nema 4000 kr. af ljósatollinum til þessara manna. En auk þess þarf kaupfélagið að leggja til alla olíu og viðhald á stöðvunum, og sannleikurinn er sá, að ljósastöðvarnar í eyjunum hafa ekki borið sig, en stöðin í þorpinu, sem íbúar þorpsins greiða fyrir afnot af, borgar hallann.

Um umboðslaunin er það að segja, að það er breyting, sem hefur komizt á nýlega. En það er ekki bara á Hornafirði sem umboðslaun eru greidd. Þau eru líka greidd annars staðar. Það bara vill svo til, að á Hornafirði er sá aðili, sem fær umboðslaunin, einnig leigusali. Þetta auka-

gjald greiða kaupmennirnir, en ekki sjómennirnir. Það er eins og með tolla. Það fellur í hlut kaupandans að greiða tollinn, en ekki þeirra, sem selja vöruna erlendis. En það mætti koma því svo fyrir, að þeir gætu unnið fyrir þessu gjaldi. Ef sjómenn hefðu sjálfir félagsskap um þetta, gætu þeir sennilega látið gjaldið renna aftur í sinn sjóð, og það mundi ég telja sanngjarnt. En ef umboðssalan væri gefin frjáls, þá gæti orðið samkeppni um hana. Ef fiskkaupendur vildu hafa gjaldið sem lægst, gæti svo farið, að þessar tekjur yrðu óvissar eða hefðu jafnvel horfið. Eg vil aðeins benda á þetta. En undanfarin ár hefur þetta gjald runnið til kaupfélagsins, og þar sem það hefur verið reiknað af aflahlutanum, hefur það verið misjafnt. Aflahæsti báturinn hefur e. t. v. komizt upp í að greiða 5000 kr. Hinir, sem minni afla hafa haft, hafa greitt minna. Það mun láta nærri, að þessi greiðsla hafi að meðaltali numið 2000 kr. á bát.

Við skulum þá líta á tölurnar. Meðalleiga hefur verið 3000 kr., meðalljósagjald 300 kr. og meðalumboðslaun 2000 kr., eða samtals 5300 kr. meðalgreiðsla á bát. Nú stendur vertíðin 3—4 mánuði, við skulum segja 100 daga að meðaltali. Þá verður greiðslan að meðaltali 53 kr. fyrir hvern bát á dag.

Nú vil eg spyrja hv. þdm.: Hafa þeir ekki orðið varir við aðrar eins tölur? Hvaða leigu borga þeir? Hvað hefur Rvík að bjóða í þessu efni? Er ekki húsaleiga fyrir einn þingmann allt upp í 30 kr. á dag? Er þá nokkuð merkilegt, þó að fyrir heila skipshöfn sé leigan 53 kr.? En sé umboðslaunum sleppt, þá er niðurstaðan sú, að leigan sjálf fyrir heila bátshöfn er svipuð og þekkist eftir eins manns herbergi hér í bænum. — Og ef við berum þetta saman við óskyld efni, þá má minna á það, að í sumar þótti sjálfsagt hér á háttv. Alþ. að bæta 25—30% við laun opinberra starfsmanna. Af 10000 kr. grunnlaunum nemur það 6550 kr. Þá er það upplýst, að veitt hafi verið til einstakra manna 2000 kr. uppbót án allra heimilda. Það þýðir sama sem 6250 kr. útborgaðar. Eg hygg því, að háttv. þingm. hafi séð aðrar eins tölur og þær, sem hér um ræðir. Þar, sem talið var sjálfsagt að bæta við laun eins einasta opinbers starfsmanns, nam hærri upphæð en tekin var fyrir útgerðaraðstöðu eins vélbáts á Hornafirði.

Eg hef rakið hér nokkuð áður upphafið að sögu þessa máls, að kaupfélagið keypti á erfiðum tímum verstöðina á hátt á annað hundrað þús. króna. Þetta var þungur baggi á aflaleysisárunum. Þá gilti þetta hlutaskiptafyrirkomulag eins og nú. Afli sumra bátanna var ekki 100 skippund. Á þeim árum komst hluti sá, sem einn bátur greiddi, niður í 150 kr. Á þessum árum átti kaupfélagið í nokkrum örðugleikum með að standast greiðslu skulda vegna kaupa á verstöðinni og annast viðhald hennar. En á síðustu árum hefur orðið nokkur hagnaður af stöðinni. Því hef eg ekki neitað. En þótt 1/20 af verði fisksins hafi hækkað svona mikið, þá ber þess að gæta, að hinir 19/20, sem sjómenn hafa fengið í sinn hlut, hafa hækkað að sama skapi.

Hvernig hefur svo kaupfélagið farið með sinn gróða? Það hefur m. a. ráðizt í endurbætur á þessari fasteign. Það hefur byggt beitingarhús fyrir 8 vélbáta, og auk þess hafa hús í Mikley verið endurbætt, svo að sá gróði, sem kaupfélaginu hefur hlotnazt vegna hlutaskiptanna, hefur verið notaður til að bæta eignirnar, til þess að bæta aðstöðu þeirra, sem þessara mannvirkja eiga að njóta.

En ef á að fara að gera upp á milli A.-Skaftfellinga og austfirzkra sjómanna, þá getur fleira komið til greina en það, sem þegar hefur borizt í tal. Eg ætla ekki að þessu sinni að fara út í það mál. En eg vil þó aðeins drepa á það, að mér skilst að í útsvarsl. séu ákvæði, sem heimila þeirri sveit, þaðan sem bátar stunda veiði, að heimta hluta af því útsvari, sem þeir greiða í sinni heimasveit.

Nú er því svo varið, að Hornfirðingar munu ekki hafa innheimt síðustu árin þann hluta af útsvörum þessara sjómanna, sem þeim bar með réttu. Hv. þm. Siglf. kvartaði undan því hér í hv. d. um daginn, að Siglufjörður hefði ekki nógu trausta aðstöðu til þess að afla sér útsvara, sem honum bæri l. samkvæmt. Hornfirðingar hafa ekki kvartað um slíkt viðvíkjandi þeim sem útróðra stunda í Hornafirði.

Eg hygg, að nokkur frádráttur verði á sannleiksgildi þeirra stóryrða, sem fram hafa verið færð í sambandi við þetta mál, ef það er skoðað niður í kjölinn. Eg held, að því betur, sem það er rakið, því fremur muni þau dauð og ómerk falla.

Þó að eg hafi nú farið nokkrum orðum um þetta mál, eins og það liggur fyrir, er þó ekki þar með sagt, að eg sé að verja okur, því að ekkert væri fjarri mér. Eg álít, að um þetta eigi að fara fram frjálsir samningar milli þessara tveggja aðila, en ekki eins og farið er fram á í þessu frv. á þskj. 143, að annar aðilinn sé sviptur öllum rétti, en allur rétturinn fenginn í hendur hinum aðilanum. Í því getur ekki falizt nokkur sanngirni, ef segja á við þann aðilann, sem sviptur er réttinum, þegar vel gengur: Lögin eru í gildi. Hafðu þig hægan, góði. En þegar atvinnureksturinn gengur illa: Hafðu þinn hlut. Þú færð ekki meira. — Á slíka afgreiðslu málsins get eg ekki fallizt. Ef menn aftur á móti vilja fella þetta inn í l., þá verður það að verða Alþ. til sóma, en frv. stefnir því miður í gagnstæða átt.

Tveir hv. þm. hafa borið fram brtt. við húsaleigul., og er hún á þskj. 301. Þessi till. fer mjög í sömu átt og frv. á þskj. 143, og vegna þess hef eg ásamt hv. þm. N.-Þ. leyft mér að bera fram brtt. við þessa brtt. Hún fer í þá átt, að ákvæði núgildandi húsaleigulaga gildi einnig eftir því, sem við á, um leigu á húsum, bryggjum og pöllum til fiskibáta og fiskiskipa. En aftur á móti viljum við, að hlutaskipti geti haldizt áfram milli þessara aðila, en brtt. á þskj. 301 felur í sér, að hlutaskipti verði látin niður falla. Í okkar brtt. eru ákvæði um það, að þegar leigan er greidd í aflahlut, þá geti leigutaki og leigusali krafizt mats á því, hve stór sá aflahlutur skuli vera, og er þetta ákvæði sett til þess að varna því, að okur fari fram. Hvor aðilinn, sem er, getur því krafizt rannsóknar, ef hann þykist órétti beittur, og má segja, að það sé til mikillar tryggingar.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Fyrir nokkru flutti ég frv. á þskj. 143 um breyt. á húsaleigul. Í því frumv. var lagt til, að leiga eftir verbúðir, þ. e. a. s. leiga eftir bryggjur, palla, sjómannabústaði og sjóhús, lúti sömu ákvæðum og leiga húsnæðis almennt samkvæmt núgildandi húsaleigul. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá eru nú fram komnar fleiri breyt. við l. þessi en þetta frv. mitt, og tveir hv. þm. úr allshn. hafa nú borið fram brtt. á þskj. 301, sem fer mjög í sömu átt og mitt frv. Út af þessum ýmsu breyt., sem menn vilja gera á húsaleigul., hafa spunnizt miklar umr. hér í hv. d.

Vegna þess, sem hv. þm. A.-Sk. hélt fram hér í ræðu sinni áðan, þá verður eigi hjá því komizt að dvelja aðeins lengur við einstök atriði í viðskiptum austfirzkra sjómanna við kaupfélagið í Hornafirði. En áður en ég ræði þessi einstöku atriði, þá vil ég með nokkrum orðum minnast á brtt. á þskj. 301, sem er, eins og áður var sagt, borin fram af tveim hv. nm. allshn. Ef þessi brtt. verður samþ., þá er slegið föstu, að þeir, sem leigja út verbúðir, lúti sömu l. og aðrir leigusalar húsnæðis í landinu, og eins og ég gat um, þá er þetta einmitt hið sama og ég fer fram á í mínu frv. á þskj. 143.

Enginn mælir því í gegn, að leiga eftir sjómannabústaði ætti að heyra undir núgildandi l. um húsaleigu, og enginn mælir því í gegn, að leiga eftir sjóhús lúti sömu reglum. Þetta tvennt, leiga eftir sjómannabústaði og sjóhús er yfirgnæfandi meirihluti af verbúðarleigunni. Það, sem eftir er, er leiga á bryggjum og pöllum. Nú hafa leigusalar komizt hjá ákvæðum núgildandi húsaleigul. aðeins vegna þess, að þeir færa leigu eftir palla og bryggjur undir leigu af sjóhúsum og sjómannabústöðum, hafa gefið þessu annað nafn og þannig sloppið. Nú leikur enginn vafi á því, að leiga af bryggjum og pöllum er nátengt hinu tvennu, svo að hún ætti því að heyra undir sömu ákvæði. Till. á þskj. 301 fer fram á, að núgildandi ákvæði um húsaleigu nái einnig til alls þessa. Annað atriði í till. á þskj. 301 er það, að hafi leiga verið greidd í aflahlut, þá skuli leigusali ekki njóta neinnar verðhækkunar, sem orðið hafi á fiskinum, heldur sitja við sama borð og aðrir húseigendur í landinu og fá leiguna aðeins hækkaða eftir húsaleiguvísitölu. Í sambandi við þetta hefur verið bent á, að á einum stað væri okrað á þessari leigu. Það hefur verið játað hér í umr., að einn bátur hafi á síðustu vertíð orðið að greiða um 13 þús. kr. í verstöðvarleigu á þessum stað, þ. e. Hornafirði, eða yfir 10 þús. kr. hærra en samsvarandi bátar í útgerðarstöðvum við Faxaflóa hafa greitt á sama tíma. Þetta þýðir það, að hver háseti á þessum bát hefur misst um 500 krónur af hlut sínum fyrir það, hvað leigan var hærri á þessum stað en við Faxaflóa. Þessu hefur ekki verið mótmælt hér í hv. d. Mér finnst nú ekki nema eðlilegt, að sjómenn vilji létta af sér þessum skatti, sem kaupfélagið á þessum stað (Hornafirði) leggur á þá. Sama máli gegnir og með útgerðarmennina, nema hvað þeir misstu ekki 500 krónur, heldur 5000 fram yfir það, sem þeir hefðu þurft að greiða við Faxaflóa.

Sjómenn og útgerðarmenn hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að semja við eiganda útgerðarstöðvanna í Hornafirði um réttlátari leigukjör, en slíkir samningar hafa jafnan farið út um þúfur vegna óbilgirni kaupfélagsstjórans. Það er því ekki nema eðlilegt, að fram komi á Alþ. breyt. í þá átt, að þetta okur verði bannað með lögum.

Það er athyglisvert nú, þegar öll blöð og flokkar og ekki sízt hæstv. ríkisstj. talar um, að létta þurfi af vélbátaútgerðinni því okri, sem á henni hvílir, að fram skuli koma á hv. Alþ. raddir, sem mæla slíku okri bót, sem hér hefur verið lýst, og ótrúlegt er, að Alþ. láti slíkt athæfi líðast öllu lengur. Nú er svo komið hjá vélbátaútgerðinni, að okur á beitu er úr hófi fram. Sama máli gegnir um allar véla- og bátaviðgerðir, þegar leitað er til vélsmiðja eða slippfélaga. Það er von mín, að hæstv. ríkisstj. reyni með l., sem hún hefur fengið, að fyrirbyggja þetta óheyrilega okur.

Það er eigi síður óhæfa, að ein útgerðarstöð skuli taka 10 þús. krónum meira fyrir verbúðaleigu eftir einn bát en útgerðarstöðvar við Faxaflóa. Brtt. á þskj. 301 er til mikilla bóta, og stefnir að því að fyrirbyggja þetta okur á verbúðaleigum.

Hv. þm. A.-Sk., sem í þessari hv. d. hefur tekið sér það hlutverk að reka erindi kaupfélagsins á Hornafirði í þessu máli, hefur sagt söguna eftir heimildum, sem ég býst við, að séu frá Jóni Ívarssyni kaupfélagsstjóra. Hv. þm. sagði í síðustu ræðu sinni, að þetta háa gjald eða nokkur hluti þess séu umboðslaun kaupfélagsins, sem annars hefði lent í höndum fiskkaupmanna. Á þessum ummælum hv. þm. A.-Sk. sést, að hann er gerókunnugur öllum málavöxtum, og vil ég nú skýra frá hinni réttu hlið málsins. Útgerðarmenn í Neskaupstað hafa stofnað með sér félag, sem útvegar skip til að flytja fiskinn á erlendan markað. Félagið fær 3% í umboðslaun frá hinum færeysku skipaeigendum. Útgerðarmennirnir njóta því þessa gjalds sjálfir. Þegar svo til Hornafjarðar kemur, þá bannar kaupfélagið þeim að halda þessu áfram, heimtar að fá að útvega fisktökuskipin og stingur 3% umboðslaununum í sinn vasa.

Þetta er hið sanna í málinu, en ekki það, sem hv. þm. A.-Sk. sagði, sem ég vona, að byggist á ókunnugleika hans til málsins. Þá gerir þessi hv. þm. tilraun til að láta menn halda, að þessi umræddi bátur, sem talið er að hafi greitt um 12—13 þús. kr. í verbúðaleigu á einni vertíð, hafi verið langhæstur með afla. Hann segist hafa ábyggilegar upplýsingar, sem sýni, að eigi skuli reikna með 13 þúsund krónu leigu, heldur með meðaltali sem hafi verið um 3000 krónur. Þetta er rangt með farið. Ef meðaltalsleigan hefur verið aðeins 3000 krónur, þá hefði meðaltals veiði á bát verið um 60 þúsund krónur, og miðað við núgildandi verð á fiski, er það í kringum 225 skp., og það er hlálegt að ætla að telja mönnum trú um, að meðalafli á Hornafirði á síðustu vertíð hafi verið 225 skp. Sannleikurinn er sá, að aflahæsti báturinn skar sig ekki úr með afla svo neinu verulegu næmi. Hann var aðeins hæstur, eða lítið eitt hærri en fimm aðrir bátar þarna. En þetta er í raun og veru gott dæmi um, hvernig haldið er á málunum hjá hv. þm. A.-Sk. Og til enn frekari sannana nefndi hv. þm. A.-Sk., að báturinn „Austri“ frá Eskifirði hefði t. d. greitt mun minna

en meðalleiguna 3000 kr., en hv. þm. gat þess ekki, að þessi bátur var bilaður heima á Eskifirði meirihlutann af úthaldstímabilinu. Það er því ekki nema von, að hann greiði minna í leigu en hinir bátarnir, og þar að auki má geta þess, að þessi bátur tekur ekki nema hálft pláss á við aðra báta, og hefur helmingi færri menn. Hv. þm. A.-Sk. seildist langt í röksemdafærslu sinni til réttlætingar húsaleiguokri kaupfélagsins á Hornafirði á austfirzkri útgerð, en hámarki mun hann þó hafa náð, er hann gerði samanburð á verbúðaleigunni eystra og húsaleigu alþingismanna hér í Rvík. Við þann samanburð komst hann að þeirri niðurstöðu að varla hefði kaupfél. gengið eins langt og hótelin hér í Rvík.

En hver er svo munurinn á húsnæðinu í verbúðunum og á hótelunum?

Aðbúnaðurinn í verbúðunum er þannig, að menn verða oft að sofa þar í sjóklæðunum, því þar blæs og snjóar inn á menn. Það er alkunnugt mál, hvernig aðbúnaðurinn í verbúðunum er. Og að réttlæta svo verbúðaleiguna með því að gjaldið eftir þær sé ekki hærra en alþm. verði að borga fyrir herbergi hér í Reykjavík, það kalla ég að ganga nokkuð langt. Það, sem aðallega er umdeilt í þessu verbúðarmáli, er þetta: Á með skýlausum lagastaf að ákveða, að þeir aðilar, sem eiga og leigja út verstöðvar, skuli búa við sömu lög og reglur og aðrir þeir, sem leigja út húsnæði, eða eiga verbúðaeigendur að hafa ótakmarkaðan rétt til þess að okra á leigunni eins og nú er?

Þá hélt hv. þm. A.-Sk. því fram, sínu máli til stuðnings, að þeir á Hornafirði væru ekki frekir til fjár, og þeir hefðu ekki gengið eins langt í ýmsum kröfum og heimilt hefði verið, og því væri ótrúlegt, að þeir hefðu gengið of langt í leigu á verbúðunum. Hann sagði, að þeir hefðu t. d. ekki notað sér það ákvæði útsvarslaganna að heimta skiptingu útsvars sjómanna og útgerðarmanna, sem komið hefðu til Hornafjarðar. Þetta er alveg rangt með farið hjá hv. þm. Mér er kunnugt um, að við í Neskaupstað höfum á hverju ári fengið kröfur frá Hornafirði um að fá skiptingu á útsvari vegna sjómanna og útgerðarmanna þar. Því var kastað hér að mér af manni, sem hefur haft með höndum oddvitastörf á Eskifirði, að slíkar kröfur kæmu þangað á hverju ári, svo að þetta er algerlega rangt hjá þessum hv. þm.

Hv. þm. A-Sk. sagði, að það væri ekki skemmtilegt, að hann hefði neyðzt til þess að taka hér upp varnir í þessu máli. Já, það er raunar mikil neyð, þegar málið liggur fyrir eins og hér hefur verið upplýst að gerast málsvari þess og heimta þau sérréttindi til handa kaupfélagsstjóranum á Hornafirði, að hann fái að taka jafn-óheyrilega leigu af útgerðinni og hann hefur gert síðustu ár. Það er mikil neyð að vera settur í að verja slíkt mál og reyna að koma hér inn brtt., sem yrði til þess, að kaupfélagsstjórinn á Hornafirði gæti haldið áfram að reka þessa iðju sína, en sú brtt., sem hv. þm. ber fram, miðar að því að viðhalda sama óréttlæti og ríkt hefur á Hornafirði að undanförnu. Í brtt. hans stendur á þessa leið:

„Öll ákvæði þessara laga um íbúðarhúsnæði gilda eftir því sem við á einnig um leigu á húsum, bryggjum og pöllum til fiskibáta og fiskiskipa.

Sé leiga eftir slík hús, bryggjur og palla greidd með aflahlut, getur leigutaki eða leigusali krafizt, að metið sé, hve stór sá aflahlutur skuli vera.“

Hvers vegna er verið að áskilja sér rétt til að taka leiguna í aflahluta, þó að eigi að meta, hvað hann skuli vera mikill? Það er vegna þess, að það er hægt að teygja það eins og hrátt skinn endalaust, hvað aflahluturinn eigi að vera mikill. Hitt er afgerandi, ef sá, sem leiguna afhendir á Hornafirði, er settur undir sömu l. og aðrir og hann skuli ekki fá að hækka leiguna nema eftir sama hlutfalli og aðrir.

Ég hef bent á, að þó að svo kunni að vera að nokkru leyti, að kaupfélagið á Hornafirði, sem hefur leigt verbúðirnar undanfarin aflaleysisár gegn ákveðnum aflahluta, hafi fengið tiltölulega lítið fyrir verstöðvarnar, þá er kaupfélagið nú í síðustu tvö ár meira en búið að jafna þann leik, því að leigan, sem kaupfélagið hefur tekið síðasta ár, mun vera meiri en allar verstöðvarnar hafa kostað kaupfélagið frá upphafi.

En ef það mætti verða nokkuð til að sætta hv. þm. A.-Sk., þá vil ég taka fram, að þótt þessi breyt. verði gerð á húsaleigul., þá er síður en svo, að viðskiptum austfirzkra sjómanna og útgerðarmanna við Jón Ívarsson og kaupfélagið sé þar með lokið, því að það er aðeins einn liður í þeim viðskiptum, því að þótt þessi breyt. yrði samþ., þá hefur kaupfélagið eftir sem áður óbundnar hendur t. d. um gjald fyrir beitugeymslu. Útgerðarmenn hafa orðið að sætta sig við það undanfarin ár að greiða 4—5 sinnum meira fyrir geymslu hverrar síldartunnu á Hornafirði en heima í sínum eigin íshúsum. Þó að sú till., sem hér liggur fyrir og ég hef aðallega gert að umtalsefni, verði samþ., þá eru þau viðskipti ekki útkljáð með því. Kaupfélagið getur líka þrátt fyrir þetta sett upp allt vöruverð, þegar sjómennirnir koma suður, til þess að hægt sé að græða á þeim svo sem frekast er unnt. Þessi brtt. kemur ekki heldur í veg fyrir slíkt. Það er ekki heldur með þessu gert út um lífrarverðið. Það er eðlileg óánægja hjá sjómönnum þar eystra fyrir að fá þar ekki fyrir lifrina nema 1/3 verðs, miðað við það, sem greitt er fyrir lifrina annars staðar á landinu. Út af þessu hafa alltaf verið meiri og minni deilur, og þær leysast ekki heldur nú. Það eru því mörg atriði, sem óleyst eru, þó að þetta leysist, sem hér um ræðir.

Ég ætla svo að lokum aðeins að minnast á það atriði, að kaupfélagið áskilur sér rétt til að selja aflann, sem bátarnir veiða. Eins og ég lýsti áður, hafa sjómenn og útgerðarmenn myndað samtök um að útvega sér skip til þess að annast flutning aflans á erlendan markað. Þeir hafa gert meira en að fá þessi 3% umboðslaun sér til handa, sem annars hefðu farið til óþarfra milliliða. Þeir hafa einnig unnið það, að mörg fiskiskip, sem hafa siglt með afla til Englands, hafa flutt aftur kol og salt handa útgerðinni upp aftur, og á þann hátt hafa útgerðarmenn og sjómenn getað fengið kol og salt með hagkvæmari kjörum en almennt hefur tíðkazt. Þessu er líka kippt úr höndum þeirra með því, að kaupfélagið áskilur sér rétt til að ráða yfir þessum skipum. Útgerðarmenn og sjómenn hafa ekki aðeins þannig fengið 3% umboðslaun miðað við verðmæti fiskjarins, heldur hafa þeir

einnig stundum náð enn þá hagstæðari samningum við fiskikaupaskipin, þegar þeir hafa verið óheftir með sölu aflans. Þannig hafa fiskimennirnir stundum samið um ákveðinn hluta af hagnaðinum, sem útflutningur aflans og salan erlendis hefur gefið. Þannig sömdu útgerðarmenn í Neskaupstað á síðasta sumri við eitt af beztu skipunum, þannig að útgerðarmenn og sjómenn fengu ¼ af hagnaðinum af að flytja út fiskinn og selja hann. Þessi möguleiki er einnig sleginn úr höndunum á útgerðarmönnunum, þegar kaupfélagið setur upp það óvenjulega skilyrði að áskilja sér rétt til að selja afla þeirra.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil þó að endingu benda á, að sú brtt. við húsaleigul., sem fram er borin á þskj. 301, flutt af hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf., er til stórra bóta fyrir sjómenn og útgerðarmenn um leigu á verbúðum. Ég efast ekki um, að sjómenn og útgerðarmenn munu fylgjast með því með athygli, hvernig þessari till. reiðir nú af, hvort hv. þd. vill leyfa það áfram, að slík okurstarfsemi gagnvart útgerðarmönnum og sjómönnum, sem hér hefur að nokkru verið lýst, fái að haldast áfram eða hvort það er vilji hv. þd. að létta af þessum okurliðum eins og mörgum öðrum útgjaldaliðum, sem mætti nú létta af útgerðinni. Það er gott dæmi um, hvernig þingið vill bregðast við málum útgerðarmanna og sjómanna, hvernig það tekur þessu máli. Ég vænti þess, að menn láti það ekki á sig fá, þó að fram komi rödd frá þeim aðila, sem vill gína yfir þessari sérstöðu, sem hann hefur haft, en samþykki till. á þskj. 301, sem miðar að því að afnema óréttlát leigukjör á verbúðum.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — *Ég hafði satt að segja búizt við, að allshn. mundi flytja brtt. við þær brtt., sem hún hefur skilað, en ég sé, að svo er ekki.*

Áður en lengra er gengið, vil ég enn á ný vekja athygli á því, að ég álít óheppilegt eins og n. hefur gengið frá 5. gr. frv., þar sem er heimildin um skömmtun húsnæðis. Þar segir svo í brtt. n., með leyfi hæstv. forseta:

"Bæjar- og sveitarstj. getur, þegar alveg sérstaklega stendur á, ákveðið að taka til ráðstöfunar handa húsvilltu fólki, tiltekna hluta af íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur að mati húsaleigunefndar án verið og unnt er að skipta úr. Veita skal afnotahafa íbúðar minnst þriggja daga frest, áður en fólki er ráðstafað í hluta af íbúð hans, til að ráðstafa því sjálfur til húsnæðislausra innanhéraðsmanna".

Í fyrsta lagi álít ég þennan frest of stuttan, og þar að auki álít ég þetta óheppilegra fyrirkomulag en gert er ráð fyrir í frv. eins og það kom frá stj. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó getur afnotahafi ráðstafað þessum hluta húsnæðisins til handa þeim innanhéraðsmanni, er hann kýs, og hefur húsaleigun. (fasteignamatsn.) þá sams konar ráðstöfunarrétt á því húsnæði, sem þannig losnar."

Eins og hv. þd. man, þá sagði hv. frsm. í umr. á laugardaginn, að það hefði fallið niður af vangá hjá n. að fella þetta inn í till. hennar, en ég tel, að það megi alls ekki vanta, því að það er langtum vænlegra til heppilegrar lausnar, að húseigandi, sem á að taka húsnæðið frá, fái að ráðstafa því til kunningja sinna eða skyldmenna eða kjósa sér sjálfur fólk í það, heldur en eins og lagt er til í brtt., að þurfi að úthluta því innan þriggja daga til húsnæðislausra innanhéraðsmanna. Ég held, að hægt væri að framkvæma þetta með meiri vinsemd, ef því væri hagað eins og sagt er í frv. stj.

Þá er það viðvíkjandi brtt., sem n. hefur lagt til við 3. gr. Þar ætlast n. til, að inn í l. málsgr. komi, að leigusala sé heimilt að leigja alþm. og nemendum í föstum skólum. Ég vil leggja til, að þetta ákvæði komi inn í 2. málsgr., sem mundi þá hljóða þannig:

„Þegar alveg sérstaklega stendur á, getur húsaleigun. veitt undanþágu frá upphafsákvæði þessarar gr. um tiltekinn eða ótiltekinn tíma, svo sem alþm. og nemendum í föstum skólum." Eins og ég benti á í d. á laugardaginn, þá væri nokkur hætta á, ef þessi viðbót væri sett í l. málsgr., að hægt væri að leigja húsnæði alþm. eða nemendum, án þess að húsaleigun. þyrfti að veita til þess leyfi, og þá er ekki loku fyrir það skotið, að þeir, sem fengju húsnæði þannig, gætu haldið því árið um kring, þó að þeir þyrftu ekki að nota það nema lítinn hluta af árinu. Ég held því, að heppilegt sé að fella þetta inn í 2. málsgr., en ekki þá 1., og mun ég leggja fram skrifl. brtt. um þetta atriði.

Hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Snæf. hafa flutt brtt. um að bæta aftan við 2. gr. "enda sé húseiganda áður veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið innanhéraðsfólki til íbúðar," en í þessari gr. segir, ef íbúðarhúsnæði er tekið til annarrar notkunar en íbúðar, sé húsaleigun. rétt að skylda húseiganda að viðlögðum allt að 200 kr. dagsektum í ríkissjóð að taka upp fyrri notkun húsnæðisins, og hafi húsaleigun. heimild til að ráðstafa húsnæðinu samkvæmt reglum þeim, er segir í 5. gr. Aftan við þetta leggja hv. þm. til, að sé bætt við, að húseiganda sé veittur þriggja daga frestur til að leigja húsnæðið innanhéraðsfólki til íbúðar. Þetta er ekki fullnægjandi. Ef þessi till. yrði samþ., yrði að standa þar „ húsvilltu innanhéraðsfólki", því að annars gæti húseigandi, þegar húsaleigunefnd kæmi og segði honum, að hann yrði að leigja húsnæðið til íbúðar, flutt þangað einhver húsgögn og leigt húsnæðið rétt til málamynda, án þess að nokkur byggi þar raunverulega, og mundi það þá á engan hátt bæta úr húsnæðisskortinum. Ég legg því til, að þessi brtt. verði felld og gr. samþ. óbreytt eins og hún er í frv. stj.

Þá er síðari brtt. þessara hv. þm., þar sem þeir leggja til, að fellt verði úr 6. gr. bann við að hækka húsaleigu vegna skattahækkunar af fasteignum. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, munar þetta ekki ákaflega miklu fyrir húseigendur, en líka má segja, að það muni ekki miklu fyrir leigjendur. Hér í bæ munu vera um 4000 fasteignir, og skrifstofa Rvíkurbæjar áætlar, að fasteignagjöldin muni hækka um 400 þús. kr., eða um 100 kr. af hverri fasteign, og mundi þá hækkun húsaleigunnar af þeim sökum ekki muna miklu fyrir húseigendur eða leigjendur. En ef öll húsaleiga í bænum ætti að hækka þannig, þyrfti að endurmeta alla húsaleigu, og væri það mikið verk fyrir húsaleigun. nema þá að hægt væri að gera

það með einföldum útreikningi af Hagstofu Íslands, og skal ég ekki segja um nema það væri mögulegt, en það skiptir ekki ýkja miklu máli fyrir húseigendur, þó að þeir verði að bera það.

Þegar skattstj., skattn. og niðurjöfnunarn. leggja á skatta og útsvör, þá er þess gætt eins og kunnugt er að reikna húseiganda leigu í eigin húsnæði eins og leiguhúsnæði væri. Ef húsaleigan í leiguhúsnæði stendur í stað, þó að fasteignagjöldin hækki, þá er ljóst, að ekki er hægt að fylgja þeirri venju, sem fylgt hefur verið, að reikna eiganda húsnæðið með 80% af fasteignamatsverði, heldur yrði að reikna það eftir lægri prósenttölu, þegar matið hækkaði, því að annars væri húseiganda gert að greiða hærri leigu en sambærileg væri við þá húsaleigu, sem leigjendur greiddu. Ég held því, að húseigendur þyrftu ekki að óttast í þessu efni. Ef hin aðferðin er höfð, að bæta við leiguna vegna hækkaðs fasteignaskatts, þá mundu peningatekjur húseiganda hækka og verða skattlagðar til ríkis og bæjar með stighækkandi skatti. Húsaleigan mundi hækka og dýrtíð aukast, þó að varla sé hægt að gera ráð fyrir, að það munaði miklu. Ég hef fengið gefið upp frá skattstofunni, að leigutekjur hér í bæ munu vera um 0,7 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir, að öll húsaleiga vegna hækkaðs fasteignagjalds lenti á þessum íbúðum, þ. e. a. s. ef gert er ráð fyrir, að ekkert af hækkuninni lenti á óbyggðum lóðum, mundi þessi hækkun nema 3,5—4% af þeim tekjum, sem fasteignir hafa skilað í leigutekjur. Þetta þýðir það, að 1000 kr. húsaleiga mundi hækka upp í 1035—1040 kr., og það er ekki mikil hækkun. Það mundi verða ¾ eða 1 stig í vísitölu.

Það má raunar segja, að það sé ranglátt gagnvart húseigendum að leyfa þeim ekki að hækka leiguna sem svarar skattahækkunum af fasteignum, en benda má á það, að þessum mönnum er ekki gerður meiri óréttur en þeim, sem eiga fé í bönkum, því að þeir fá litla eða enga vexti af því, sem þeir eiga um fram 25 þús. kr. Þetta kemur að vísu í sama stað niður og vaxtalækkun, en hér er þó ekki lengra farið en svo, að þessir menn verða sízt harðar úti en þeir, sem eiga fé í bönkum. Að minnsta kosti bendir hin öra sala fasteigna á það, að menn vilji heldur eiga fé sitt bundið í þeim en laust. Keppnin eftir húsum bendir til þess, að þrátt fyrir allt sé því fé talið vel varið, sem fer til húsakaupa.

Forseti (JJós): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt., önnur frá hæstv. félmrh., svo hljóðandi [sjá þskj. 371]. Hin brtt. er frá hv. allshn. og hljóðar svo: [sjá þskj. 372].

Báðar þessar brtt. eru of seint fram komnar og skrifl., og vil ég því leita afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Eftir að ég talaði hér síðast, flutti hv. 6. landsk. ræðu og kom nokkuð víða við. Það er nú svo í þessu máli, að ýmsir þykjast eiga högg í annars garð, og mikið af því, sem rætt hefur verið um hér, snertir ekki efni málsins. Til dæmis, að því er snertir umboðslaun af útflutta fiskinum. Það kemur alls ekki til kasta þingsins að kveða á um þau, því að slíkt verður samningsatriði, og er ekki rétt að teygja umr. út á þau svið. — Hv. þm. spurði, hvaðan ég hefði mínar heimildir. Ég get skýrt honum frá því, að ég hef þær ekki aðeins frá Jóni Ívarssyni, og gætu þær verið góðar fyrir því. Ég hef þær meðal annars frá Þorkeli Daníelssyni í Hornafirði, Sigurði á Stafafelli og Garðari Sigurðssyni útgerðarmanni í Hornafirði. Ég tel að t. d. Sigurður á Stafafelli, sem hefur verið í stjórn kaupfélagsins í 20 ár, ætti að hafa nokkra þekkingu á þessu. Viðvíkjandi því, er hv. þm. sagði, að allar samningatilraunir hefðu reynzt árangurslausar, vil ég geta þess, að Sigurður á Stafafelli sagði mér í gær, að búið væri að ganga svo frá samningum um það, að kaupfélagið hefði ekki von um mikinn nettóhagnað, þótt afli yrði mikill, hvað þá ef hann reyndist í minna lagi. Hv. þm. getur því létt af sér öllum áhyggjum út af þessu. Ég vil ekki mæla því mót, að okur eigi sér stað í þessu eða öðru í Hornafirði eða annars staðar, og ég er reiðubúinn að vinna að því með hv. 6. landsk. að koma í veg fyrir okur að því er snertir viðgerð báta og annað slíkt. Það er ekki þetta, sem á milli ber, heldur hitt, hvort sá háttur eigi að haldast eða ekki, að þessi kostnaður sé greiddur af aflahlut. Fyrir honum vakir að afnema þetta, en ég vil, að þessi háttur sé í gildi, eins og verið hefur. Ég vil einmitt koma því á í öllum framleiðslugreinum okkar, að þeir, sem að framleiðslunni starfa, beri meira úr býtum, er vel gengur, en þegar illa árar og þeir, sem framleiðsluna reka, séu ekki bundnir við að greiða alltaf sama kaup.

Fyrri málsliður brtt. okkar hv. þm. N.-Þ. felur í sér mest allt hið sama og fyrri málsliður í brtt. á 301. þskj. En til þess að koma í veg fyrir, að okur geti átt sér stað, setjum við það ákvæði, að hvor aðilinn, sem er, geti krafizt mats á því, hve stór sá aflahlutur á að vera, sem greiddur er í leigu. Hafi það t. d. komið í ljós, að þessi aflahlutur sé of stór, virðist ekkert sjálfsagðara en hægt sé að ákveða með mati, að hann skuli lækka. En reynist það, að aflahlutur hafi ekki nægt til að greiða leiguna, ætti að mega ákveða, að hann stækkaði, nema samkomulag yrði um, að allir tækju á sig hallann sameiginlega. Þetta vildi ég að hv. þm. athuguðu fyrir atkvgr.

Lúðvík Jósefsson: Hv. þm. A-Sk. sagði um eitt af þeim atriðum, sem hér hafa verið rædd, umboðslaun af útflutta fiskinum, að það kæmi ekki til kasta þingsins og það mundi ekki leysast með þessari till., sem hér ræðir um. Þetta er ekki rétt. Ef þessi till. nær samþ., þá eru verbúðal. um leið komin undir húsaleigulöggjöfina. En hér í húsaleigufrv. stendur: "Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkvæmt lögum þessum, tekur við hærri leigu eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—10000 krónum." Og auk þess er stranglega bannað að áskilja sér nokkur fríðindi í sambandi við leigukjör. Kaupfélagið á Hornafirði yrði þá líka að hlíta þessu.

Þá vildi hv. þm. láta skína í, að það væri rangt hjá mér, að allar samkomulagstilraunir hefðu reynzt árangurslausar, því að þegar væri búið að leysa málið með samkomulagi. Mér er að vísu kunnugt um, að slíkt samkomulag hefur verið

reynt, en það er ekki það samkomulag, sem útgerðarmenn og sjómenn sætta sig við, nema út úr neyð.

Þegar svo var langt gengið að eigandi útgerðarstöðvarinnar á Hornafirði var byrjaður að leigja stöðina bátum úr öðrum landshlutum og austfirzk útgerð átti á hættu að missa einu vetrarvertíðarstöð sína, þá neyddust austfirzkir útgerðarmenn að semja til bráðabirgða, en slíkt voru neyðarsamningar og kjörin 4—5 sinnum óhagstæðari en t. d. við Faxaflóa.

Þá sagði hv. þm., að sjálfsagt væri að halda áfram að greiða leiguna með aflahlut. En ég vil benda honum á, að samkvæmt þeirri aðferð, sem ég mæli með, er leyft að greiða þetta með aflahlut. Hins vegar er líka hægt að fá þetta metið, ef útgerðarmenn og sjómenn æskja þess. Báðar leiðirnar eru sem sé leyfðar. En hann vill, að einungis önnur leiðin sé leyfð. Það getur vel verið, að einhverjir útgerðarmenn æski þess, að þetta sé greitt með aflahlut, og er það þá heimilt samkv. brtt. á 201 þskj., en mat á leigunni er líka heimilt samkv. þeirri brtt. Þá vil ég taka það fram, að það er engan veginn meining mín, að þetta ákvæði gildi einungis gagnvart Hornafirði. Það á að gilda um allar verstöðvar landsins, því að víðar er pottur brotinn en í Hafnarfirði, þó að þar hafi e. t. v. verið lengst gengið.

Einar Olgeirsson: Aðeins nokkur orð viðvíkjandi 3. málsgr. 1. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir nokkurri breytingu frá því, sem nú er, því að það er lagt á vald húsaleigun. að úrskurða, hvort uppsögn á slíku húsnæði, sem þar um ræðir, skuli teljast gild eða ekki. Nú er það kunnugt, að ekki er minni vandi að fá húsnæði undir verkstæði og slíkt er til íbúðar, og finnst mér því, að með þessu sé verið að gefa húsaleigun. aukið vald til að leyfa húseigendum að taka húsnæði handa sjálfum sér til annarra nota en íbúðar. Ég tel það óheppilegt að gefa n. meira vald í því efni en hún hefur nú. Hér í bæ hafa verið talsverð brögð að því að undanförnu, að leyft hafi verið að taka íbúðarhúsnæði til að setja upp sölubúðir, án þess að útvegað hafi verið annað húsnæði í staðinn, og hafa húsaleigul. gengið of langt í því að heimila slíkt. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. þess efnis, að síðari hl. fyrr nefndrar málsgr. falli burt, og vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt.

Gísli Sveinsson: Það er reyndar að bera í bakkafullan lækinn að ræða einstök atriði þessa máls, enda er þetta 3. umr., og vil ég sízt verða til að tefja fyrir málinu. Hefði mátt vera fyrr frá því gengið. Má segja, að þessi ódýra lukt á Hornafirði sé þegar orðin nokkuð dýr hér í þingsölunum. Nú er komin fram brtt., sem er í nokkru sambandi við það mál, og verða atkv. að skera úr um hana. En ég vildi lítillega minnast á brtt. frá hæstv. félmrh. Þar sem í frv. stendur, að þegar alveg sérstaklega standi á, geti húsaleigun. veitt undanþágu frá upphafsákvæði 3. gr., vill hann kveða nánar á um þetta og bæta inn í orðunum: „svo sem þegar um er að ræða alþm. og nemendur í föstum skólum.“ Mér finnst hér of ákveðið til orða tekið. Þess ber að gæta, að fleiri menn en þm. og nemendur í föstum skólum þurfa að dveljast hér í höfuðstaðnum öðru hverju um tíma við störf, sem eru alveg eins rétthá og störf hinna. Má þar til nefna ýmsar n., sem starfa hér mánuðum saman, fulltrúa til Búnaðarþings o. s. frv. Auk þess eru hér ýmsir nemendur, sem eru að vísu ekki beinlínis í föstum skólum, en eru að búa sig undir slíka skólavist. Einhversstaðar verða þessir menn að vera. Þetta er líka of ákvarðað í brtt. hv. allshn. á 300. þskj. Ég vildi því óska þess, að hv. n. tæki aftur hreinlega a-liðinn í 3. brtt. á þessu þskj., því að sá háttur hefur, hvort sem er, verið tekinn upp, að húsaleigun. gæfi alþm. og nemendum í föstum skólum þessar undanþágur, og svo verður að vera, en ef þessi a-liður í brtt. hv. n. er látinn standa, þá er þetta of bundið. Ég segi t. d. fyrir mig, að ég kann ekki við að hafa þennan rétt um fram ýmsa þá, sem hafa hans að minnsta kosti eins mikla þörf og ég.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég hef skrifað undir nál. allshn. um þetta mál með fyrirvara um brtt. hennar við 5. gr. frv., og skal ég nú gera grein fyrir afstöðu minni til þessarar brtt. og málsins í heild.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, að húsaleigulögin hafa tvímælalaust verið sterkasta ráðstöfun hins opinbera til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. En þau hafa haft í för með sér tvenns konar skerðingu á rétti húseigenda til umráða yfir húsum sínum.

Í fyrsta lagi hafa þau sagt fyrir um það, hverjum megi leigja húsnæði og í öðru lagi, hve há leigan megi vera. Auk þess er húseigendum bannað að segja upp leigjendum sínum, nema þeir þurfi húsnæðið nauðsynlega sjálfir. Nú er farið fram á að mega gera nýja ráðstöfun, sem sé að taka upp skömmtun á húsnæði. Þótt með þessu sé ærið langt gengið á rétt húseigenda, sé ég mér ekki fært að mæla gegn þessu eins og nú stendur. Með takmörkun þeirri, sem gerð hefur verið á hæð húsaleigunnar, er sýnilega gengið á rétt húseigenda. Það hefur þó ef til vill ekki komið mjög að sök með þá húseigendur, sem hafa framfærslu sína að miklu leyti af einhverju öðru. En nú eru hér um 300 húseigendur, sem verða að framfæra sig að hálfu leyti eða meira á leigunni af húsum sínum. Gagnvart þessum eigendum er þetta sérstaklega ósanngjarnt, einkum þar sem flest af þessu er eldra fólk, sem sumt hefur ekki aðrar eignir til þess að lifa af. Það mun því frá þeirra sjónarmiði vera réttmæt ráðstöfun að hækka húsaleiguna. En ég veit, að það getur ekki komið til greina, þar sem nú er verið að hefja baráttu gegn dýrtíðinni í öllum greinum. Hin leiðin mundi þá öllu heppilegri að veita húseigendum einhverja uppbót eftir efnum og ástæðum.

Að því er snertir hækkun á húsaleigu, þá má hækka hana eftir því sem viðhaldskostnaðarvísitalan segir til og einnig vegna hækkunar á eldsneyti og ljósakostnaði og vegna vaxtahækkunar af fasteignum, og það er þersýnilega sanngjarnt. Mér kemur það því einkennilega fyrir sjónir, að ekki skuli líka leyft að hækka húsaleiguna vegna skattahækkunar af fasteignum, en nú gengur bráðum í gildi hið nýja hækkaða fasteignamat. Það er ekki hægt að mæla því bót, að ríkisstj.

skuli hafa gert undantekningu með þetta, því að það er jafnvel meiri ástæða til þess að leyfa húsaleiguhækkun vegna þess heldur en vegna vaxtahækkunarinnar. Við hv. 2. þm. Eyf. höfum borið fram till. um að leyfa hækkun á húsaleigu vegna skattahækkunar, með því að við teljum ósanngjarnt, að hún sé látin bitna á húseigendum.

Hæstv. félmrh. mælti gegn þessu, en mér virtust rök hans ekki þyngri en svo, að þeirra vegna mætti leyfa þessa hækkun. Meðal annars taldi hann, að þetta skipti svo litlu máli vegna þess að skattahækkunin mundi ekki nema meiru en um 100 kr. á hverja fasteign. Nú er það svo, að skattahækkunin getur verið mjög mismunandi, og hún gæti numið mörgum hundruðum kr. á sumum fasteignum. Þetta er því alls ekki svo lítilfjörlegt. Hitt atriðið, sem hann bar fram, var það, að það væri svo erfitt að framkvæma þetta, en það viðurkenni ég alls ekki. Gjöld af fasteignum eru reiknuð út í hundraðshlutum, og mundi því mun auðveldara að reikna út hækkunina á þeim heldur en vaxtahækkunina. Eg hef því alls ekki getað fallizt á þau rök, sem hæstv. félagsmálaráðh. hefur borið fram í þessu máli. Hann upplýsti einnig að þessi hækkun mundi hafa sáralítil áhrif á visitöluna. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara um brtt. við 5. gr. frv., og skal ég nú skýra, í hverju það er fólgið. Frv. gerir ráð fyrir, ef skömmtun á húsnæði yrði tekin upp, þá skuli húsaleigun. meta það, hve mikið og hvaða húsnæði skuli taka af afnotahafa. Í allshn. varð það hins vegar ofan á að umturna þessu ákvæði, þannig að bæjar- og sveitarstjórnir skyldu einar fá ákvörðunarrétt um þessi mál. Enn fremur, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstj. skuli leggja fullnaðarúrskurð á deilumál, sem kynnu að rísa vegna leigunáms á húsnæði. Þetta tel ég óréttmætt, vegna þess að húsnæðismálin eru ekki einkamál viðkomandi bæjar- eða sveitarfélaga, heldur eru þau sameiginleg mál þeirra og ríkisins. Það væri jafnvel réttast að æðsta vald í þessum málum væri einungis skipað af hæstarétti og ríkisstj. og a. m. k. ættu bæjar- og sveitarfélög að hafa samráð við ríkisvaldið um þessi mál.

Þetta er önnur hlið málsins, en ég vil biðja hv. þm. að veita hinni hliðinni einnig athygli. Hún er sú, að í framkvæmdinni hlýtur það að verða mjög óhentugt og ógeðfellt að pólitískar bæjarstjórnir skuli eiga að ríkast um svona mál á opinberum fundum. Ég álít, að svo viðkvæm mál sem þessi eigi að vera í höndum húsaleigun., en ekki að láta pólitískar bæjarstjórnir blanda sér í þau.

Segjum, að ætti að taka 1—2 herbergi af manni og hann kvartaði til bæjarstj. Þá yrði farið að ræða allar heimilisástæður hans og hagi, já, jafnvel fjölskyldulíf hans, á opinberum fundi, og það mundi verða mjög ógeðfellt. Eg held, að hv. þm. ættu að geta sett sig í þessi spor, og þeir ættu að hugsa sig vel um, áður en þeir leggja þessi mál í hendur bæjar- og sveitarstjórna með þeim ógeðfelldu afleiðingum, sem það hlýtur að hafa. Segjum líka, að svona deilumáli yrði áfrýjað til Alþ. og það rætt hér í viðbót. Ekki mundi það bæta úr skák.

Af þessum ástæðum er ég á móti brtt. allshn. við 5. gr. frv. og vil leggja til, að 5. gr. verði samþ. óbreytt eins og hún er í frv.

Brtt. okkar hv. 2. þm. Eyf. við 4. gr. frv. mun skipta litlu máli. Félmrh. hefur lýst yfir því, að hann hefði hugsað sér að setja ákvæði um þetta í reglugerð, og þá mun vera óþarft að setja það í lögin. Að öðru leyti er ég fylgjandi brtt. allshn. og frv. í heild, en þó hefði ég kunnað betur við, þegar um skömmtun er að ræða, þá ábyrgist viðkomandi bæjarsjóður og ríkissjóður, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, fulla greiðslu leigunnar fyrir þær íbúðir, sem teknar væru leigunámi, því að ef einhver slíkur leigjandi getur ekki staðið í skilum, þá er eðlilegra, að ríkissjóður ásamt viðkomandi bæjar- og sveitarsjóði ábyrgist greiðsluna. Ég tel því ótvírætt, að spor sé stigið afturábak með brtt. allshn. við 5. gr. frv.

Forseti (JJós): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. við 3. mgr. 1. gr. frv., og er hún á þessa leið: [sjá þskj. 373].

Brtt. er of seint fram borin og auk þess skrifl., og vil ég því leita leyfis til afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að atkvgr. um frv. og brtt. við það verði frestað til næsta fundar, til þess að allshn. gefist kostur á að athuga nánar fram komnar brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 9. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 300,1.a samþ. með 25 shlj. atkv.

— 373 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, SK, STh, SvbH, ÞG, ÁkJ, EOl, EystJ.

nei: JPálm, JS, ÓTh, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, StJSt, BÁ, GSv, GTh, JJós.

IngJ, BG, EmJ, GG greiddu ekki atkv.

5 þm. (JakM, ÁÁ, FJ, GÞ, HelgJ) fjarstaddir.

Brtt. 300,1.b samþ. með 21:4 atkv.

— 300,2 samþ. án atkvgr.

— 300,3.a felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JörB, LJós, SK, STh, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, BÁ.

nei: EOl, EmJ, EystJ, GG, GSv, GTh, JakM, JPálm, JS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SÞ, BG, JJós.

4 þm. (FJ, GÞ, HelgJ, ÁÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Gunnar Thoroddsen: Sem einn af allshnm. stóð ég að till. n. um, að tekið væri fram í l., að alþm. og nemendum í föstum skólum væri tryggt húsnæði. Hins vegar er ég meira með till. félmrh. um, að húsaleigun. hafi þar dóm, og þar sem ég felli mig betur við brtt. hans, segi eg nei.

ATKVGR.

Brtt. 300,3.b samþ. án atkvgr.

— 371 samþ. með 24:2 atkv.

— 300,4 samþ. án atkvgr.

Brtt. 331,1 samþ. með 15:11 atkv.
— 372 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 300,5, svo breytt, samþ. með 21:6 atkv.
— 331,2 samþ. með 16:14 atkv.
— 300,6—7 samþ. án atkvgr.
— 300,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 300,9 samþ. án atkvgr.
— 300,10 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 369 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GG, IngJ.

nei: JPálm, LJóh, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, GTh, JJós.

JakM, GSv, StJSt greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁÁ, FJ, GÞ, HelgJ) fjarstaddir.

Brtt. 301 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, GTh, JPálm, LJós, ÓTh.

nei: PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GG, IngJ, JörB, PZ, JJós.

GSv, JakM, JS greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁÁ, FJ, GÞ, HelgJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Skúli Guðmundsson: Í þessari brtt. er meðal annars ákvæði þess efnis, að einungis annar aðilinn geti krafizt mats á leigu. Þetta tel ég með öllu óviðunandi og segi því nei.

Eysteinn Jónsson: Ég sé ekki betur en með þessari till., ef samþ. verður, sé bannað með l. í framkvæmdinni að leigja aðstöðu til útgerðar gegn aflahlut, og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., 10 febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 382).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson) Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum, þó að þess sé naumast þörf, því að málið er komið fram á Alþ. fyrir alllöngu og búið að ganga gegnum hv. Nd., sem ræddi það allýtarlega og gerði á því nokkrar breyt. Frv. má skoða sem samræmda löggjöf um húsaleigu. Það hefur verið steypt upp úr ýmsum lagaákvæðum, sem áður voru í gildi, og inn í hefur svo verið bætt ýmsum nýmælum, sumpart til þess að liðka til, en sumpart til að herða á. Meðal þeirra ákvæða, sem herða á hnútunum, ber einkum að nefna heimildina um skömmtun á húsnæði, sem um getur í 5. gr. frv. Ég sé annars ekki ástæðu til að ræða margt um einstakar gr. frv., en vil í þessu sambandi benda á breytingu, sem gerð var í hv. Nd. og ég tel varhugaverða. Sú breyting felst í niðurlagsorðum 4. gr., eins og hún er nú, en þar stendur: „. . . enda sé húseiganda áður veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið innanhéraðsfólki til íbúðar.“ Þetta ákvæði er viðvíkjandi því, ef íbúðarhúsnæði er tekið til annarrar notkunar en íbúðar. Þá á að beita húseiganda dagsektum og skylda hann til að taka upp fyrri notkun húsnæðisins, en húsaleigun. hefur rétt til að ráðstafa húsnæðinu. Þessi heimild um þriggja daga frest er óheppileg, því að í henni felst engin trygging fyrir því, að húsnæðinu sé ráðstafað á heppilegan hátt eða það fengið húsnæðislausu fólki til afnota, því að það er einungis tekið fram, að húsnæðið skuli leigt innanhéraðsfólki. Og jafnvel þó að tekið væri fram, að húsnæðislaust innanhéraðsfólk skyldi fá húsnæðið til íbúðar, er ekki vafi á því, að æskilegra væri, að ráðstöfunarrétturinn væri í höndum húsaleigun., sem þekkir bezt þörfina og hefur bezt skilyrði til að meta allar aðstæður. Ég vildi benda á, að þetta ákvæði er óheppilegt að þessu leyti, auk þess sem óviðkunnanlegt er að vera með sérstaka undanlátssemi við menn, sem brotið hafa l. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 478, 481).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 481. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Allshn. hefur haft frv. þetta til athugunar. Hefur hún haldið um það allmarga fundi og farið í gegnum það og borið það nákvæmlega saman við gildandi l. og einnig kynnt sér frv., sem fyrir þinginu liggur um þessi mál, og að öllu þessu athuguðu hefur n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt.

Breyt. þær, sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru flestar smávægilegar og lúta að mestu leyti að því að lagfæra formið á einstökum atriðum frv. Rétt er þó að taka fram þegar í upphafi, að í n. hafa komið fram raddir um að gera nokkru frekar breyt. á frv. en n. hefur viljað ganga inn á.

Þær brtt., sem fram hafa komið til viðbótar við það, sem n. leggur til, eru við 5. gr. Hafa 2 nm. sérstaklega viljað gera verulegar efnisbreyt. á 5. gr., og hafa nú þessir nm. borið fram sérstakar brtt. við þessa gr. Allir hafa nm. skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, að þeir áskilja sér rétt til að bera fram brtt. við frv. og einnig að fylgja þeim brtt., sem fram kynnu að koma. Loks hafa nokkrir nm. gert þann fyrirvara um afstöðu sína til einstakra gr. frv., að þeir áskilja sér rétt til að fylgja því aðeins ákveðnum gr. frv., að þeir fái gerðar á þeim þær breyt., sem þessir nm. telja sig geta við unað.

Grundvöllur sá, sem þetta lagafrv. byggist á, er lagður á Alþingi 1939, þegar samþ. voru l. nr. 10 4. apríl 1939 um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Þegar þau l. voru sett, var ástandið þannig á landi hér, að þingið varð að gera sérstakar ráðstafanir til viðréttingar atvinnuvegum landsmanna. Þessar ráðstafanir beindust fyrst og fremst að því að lækka gengi íslenzku krónunnar. Þegar þessi gengislækkun var gerð, var

talin nokkur hætta á því, að það mundi leiða til verðhækkunar í landinu og þar með hækkun á húsaleigu.

Alþ. samþ. því l. 10. apríl 1939, og fólst í þeim m. a. ákvæði, sem bannaði að hækka húsaleigu frá 4. apríl 1939, og sömuleiðis var bannað að segja leigutökum upp húsnæði, nema húsráðandi þyrfti sjálfur á því að halda handa sér eða vandamönnum sínum, eða leigutaki gerðist brotlegur gegn öðrum ákvæðum laganna. Einnig var með þessum l. sett á stofn húsaleigun. til að fella úrskurði í þessum málum, og hafa framkvæmd þeirra að öðru leyti. Ákvæði þessi voru sett fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir vaxandi dýrtíð í landinu. Það má segja, að þetta séu einustu ákvæðin, sem sett hafa verið, síðan 1939 í þeim tilgangi að stemma stigu fyrir dýrtíðinni, sem verið hafa í gildi til þessa dags, og haft veruleg og áþreifanleg áhrif í þá átt að sporna við dýrtíð í landinu. Síðan hafa hvað eftir annað verið gerðar á þeim ýmsar br. sem þó engan veginn hafa haggað þeim sjónarmiðum, sem lágu til grundvallar hinu upphafl. frv.

Nú er svo komið, að í gildi eru þrenn l. um húsaleigumál. Þetta veldur því, að þau eru orðin flókin og óaðgengileg fyrir þá, sem eiga að sjá um framkvæmd þeirra. Það hefur hvað eftir annað komið fyrir, að ruglingur hefur valdið erfiðleikum. En það er svo að sjá, að hv. þm. hafi ekki þótt nóg að hafa um þessi mál þrenn lög, því að á því Alþ., sem nú situr, hafa verið borin fram nokkur frv. til viðbótar, og mundi málið að sjálfsögðu verða ennþá flóknara en nú er, ef farið væri að afgreiða þau öll.

Þann 9. nóv. síðast liðinn skipaði hv. þáv. ríkisstj. n. til að athuga lagaákvæði þau, er þá voru í gildi um húsaleigu og húsnæðismál, og til að kynna sér ástandið í húsnæðismálum yfirleitt, og skyldi n. gera till. um lausn málanna. Í n. þessa voru skipaðir: Árni Tryggvason, formaður n., Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm. og Gunnar Þorsteinsson, formaður fasteignaeigendafélags Rvíkur. Þessi n. skilaði síðan áliti sínu til ríkisstj. og má segja, að hún væri í öllum verulegum atriðum sammála, þó að einn nm. (form. fasteignaeigendafél.) hafi í ýmsum atriðum ekki viljað ganga inn á till., sem meirihl. n. hafði fram að bera. Ríkisstj. hefur tekið till. n. til athugunar, og er frv. þetta árangurinn af till. n. og athugunum stj. Eins og ríkisstj. lagði frv. fyrir Alþ., þá var það svo að segja óbreytt eins og það kom frá n. Meðan það var til athugunar í allshn., komu fram engar raddir um, að engin þörf væri á húsaleigulögum, engar raddir um, að nauðsyn bæri til að víkja frá þeim grundvallarsjónarmiðum, sem fylgt hafði l., síðan þau voru sett í apríl 1939. Allir virðast sammála um, að húsaleigulögunum beri að halda áfram og fylgja eigi þeim grundvallarfyrirmælum sem þau eru byggð á. Það mun vera tvennt, sem þessu veldur. Í fyrsta lagi er öllum ljóst, að húsaleigulögin hafa verið þýðingarmikill þáttur í þeim margumtöluðu dýrtíðarráðstöfunum, sem reynt hefir verið að gera. Það liggur í augum uppi, ef ekki hefðu verið í l. fyrirmæli um þetta og húseigendur hefðu fengið að hækka húsaleiguna í samræmi við eftirspurnina, þá hefði húsaleiga fyrir löngu verið komin upp úr öllu valdi og dýrtíðin í landinu fyrir löngu orðin meiri en svo, að atvinnuvegir landsmanna hefðu staðið undir henni. — Það er því skoðun allshn., að nauðsynlegt sé að halda við húsaleigulögunum.

Þá hefur það frá upphafi verið annað aðalsjónarmið húsaleigul. að reyna að ráða bót á þeim húsnæðisvandræðum, sem ríkt hafa, að einhverju leyti. Það skal játað, að það fyrirmæli eitt að banna húsráðanda að segja leigutaka upp húsnæði, getur aldrei verið fullnægjandi. Það getur aldrei orðið meira en ráðstöfun, sem gagn er að í bili, en ekki varanleg hjálp. Það eina, sem getur orðið varanleg hjálp, er að stuðla að því, að hægt sé að ráðast í nýbyggingar til þess að svara eftirspurn um húsnæði. En meðan ekki er hægt að fullnægja þessari kröfu, þá hefur þótt nauðsynlegt að láta þau fyrirmæli standa, að húsráðandi megi ekki segja leigutaka upp húsnæði nema þau sérstöku skilyrði séu fyrir hendi, sem l. mæla fyrir um. Það segir sig sjálft, ef ekki hefði verið þetta bann í l., þá hefði húsráðendum verið opin leið til að fara í kringum fyrirmælin, sem banna hækkun húsaleigu. Á þessum grundvelli hefir allshn. orðið sammála um að halda við ákvæðunum um uppsögn húsnæðis og hækkun húsaleigu.

Hitt er annað mál, hvaða ákvæði til viðbótar á að taka upp í l. Allshn. virðist þó þannig frá frv. gengið, að vel megi samþ. það, og að eins vel sé þarna um hnútana búið og hægt sé að gera ráð fyrir. Enda standa að undirbúningi þess menn, sem hafa mikla reynslu einmitt í þessum málum. Það má benda á það, að form. n. hefur starfað um langt skeið í húsaleigun. Reykjavíkur og fengið mikla reynslu þar að lútandi. Þetta frv. er byggt ekki sízt á þeirri reynslu.

Ég skal ekki fara ýtarlega út í einstök atriði þessa frv. en benda á, að það er að mjög verulegu leyti tekið upp úr ákvæðum gildandi l. um húsnæðismál. Ég skal aðeins víkja að nokkrum atriðum í stórum dráttum. 1. mgr. 1. gr. er að mestu leyti samhlj. l. nr. 126 frá 1941 og l. nr. 35 frá 1942. Svo er og um 3. mgr. þessarar gr. Þau grundvallarsjónarmið, sem fram koma í 1. og 3. mgr., eru þau sömu, og mgr. því að mestu leyti teknar upp úr þessum l. En það kemur fram, að mþn. hefur talið nauðsyn á að rýmka nokkuð til um heimild þeirra, sem eiga hús, að segja upp húsnæði. Það skal bent á, að þeim atvinnurekendum, sem hafa misst húsnæði það, er þeir ráku atvinnu sína í, er heimilað að segja upp leigutaka í eigin húsi til þess að geta fengið húsnæði til atvinnureksturs síns. Þó er það bundið því skilyrði, að atvinnurekandi losi ekki íbúðarhúsnæði í þessum tilgangi. Til þess að þetta skuli koma skýrt fram og ótvírætt í frv., eru í 1. og 3. mgr. gerðar smávegis orðalags- og efnisbreytingar. Eru þær í a- og b-lið 1. brtt. á þskj. 478.

Þá er í 2. gr. frv. tekið upp það nýmæli að heimila leigusala að skipta á íbúð sinni og leigutaka. En í Nd. hafði í framhaldi af þessari till. verið bætt aftan við 1. mgr. 1. gr. ákv. í þá átt, að leigusala, sem býr í húsi annars manns, sé veitt sama heimild. Allshn. hefur orðið sammála um að seinasta setningin í 1. mgr. eigi heima aftan við 2. mgr. og leggur n. til að þessi tilfærsla verði gerð, samkv. tölul. 1b 1. gr. brtt. á þskj. 478.

Í þessu felast nýmæli, sem að dómi allshn. eru rétt og sjálfsögð, en hún leggur til, að viðbótarákvæði sé tekið upp um, að leigusali, sem þannig vill skipta á húsnæði, skuli tilkynna það með sama fyrirvara og hefði verið um uppsögn húsnæðis að ræða. En þetta er 1. gr. c., þskj. 478. Virðist n. sjálfsagt, að um þessi skipti séu látin gilda sömu ákvæði og um uppsögn yfirleitt. Það, sem nm. höfðu í huga, var, að ósanngjarnt væri að leigutaki hefði það vofandi yfir höfði sér, að leigusali kæmi fyrirvaralaust og krefðist þessarar breytingar. Ég tel að þetta sé í samræmi við tilgang milliþingan., en með því að það var ekki sagt í frv. skýrum stöfum, þótti allshn. vafasamt, hvort frv. hefði verið þannig skilið, ef til ágreinings hefði komið.

4. og 5. mgr. 1. gr. frv. eru að mestu — að vísu nýmæli í l. —, en teknar upp í frv. samkv. venjum, sem hafa myndazt samkvæmt úrskurði húsaleigun.

2. mgr. er beinlínis tekin úr l. nr. 126 frá 1941. Sama er að segja um 3. gr. Hún er að verulegu leyti úr l. nr. 126 frá 1941. Eins og frv. kom til þessarar hv. d., þá var samkv. 2. mgr. 3. gr. heimilt, þegar sérstaklega stæði á, að veita opinberum starfsmönnum, alþm. og nemendum í föstum skólum undanþágu um tiltekinn eða ótiltekinn tíma, til að fá húsnæði í þeim bæjum eða byggðarlögum, þar sem þeir ekki eiga heima. Samkv. þessari gr. er það lagt á vald húsaleigun hvenær veita skuli þessa heimild. Allshn. þótti ástæða til að breyta þessu. Taldi hún, að húsaleigun. væri þar með veitt vald til að velja, hverjum og hvað mörgum utanbæjarnámsmönnum væri gert kleift að stunda nám. Allshn. finnst ekki geta komið til mála, að húsaleigun. sé fengið slíkt vald. Hið sama finnst henni hljóta að gilda um opinbera starfsmenn og alþm. Þess vegna hefur hún tekið upp ákvæði um þetta með brtt., sem er 2. tölul. á þskj. 478, þess efnis, að þessu fólki skuli veitt leyfi til að fá húsnæði. Auk þess er húsaleigun. veitt heimild að veita öðrum slíka undanþágu, ef sérstaklega stendur á. Í framhaldi af þessum br. er svo br. við 3. mgr. 3. gr.

Um 4. gr. frv. er ekkert að segja. Hún er tekin upp úr fyrri l. — Þá komum við að 5. gr. frv., en það er sú gr., sem valdið hefur nokkrum ágreiningi í n. Allir eru að vísu sammála um 1. mgr. 5. gr., sem er þess efnis, að húsaleigun. sé heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki. En þegar kemur til 2., 3., 4. og 5. mgr. 5. gr., þá hefur risið upp ágreiningur í allshn. hv. Ed. Ég og nokkrir aðrir nm. geta ekki fallizt á annað en að yfirstjórn þessara mála hljóti og eigi að vera í höndum bæjar- og sveitarstjórna. Ég vil benda á það, að bæjar- og sveitarstjórnir eru beinlínis kosnar af borgurunum í þeim tilgangi, að þær ráði fram úr sameiginlegum vandamálum borgaranna. Það er að þeim, sem borgararnir hafa beinan aðgang. Því er eðlilegast, að þeir fulltrúar, sem beinlínis eru kosnir af borgurunum til að gæta hagsmuna þeirra, hafi sérstaklega með þessi mál að gera. Þess vegna hefur meirihl. allshn. viljað, að þetta ákvæði stæði enn, að bæjarstj. köstuðu ekki þessu máli frá sér á herðar húsaleigun.

Hér er um svo viðkvæmt mál að ræða, að sjálfsagt er að ræða það frá öllum sjónarmiðum, áður en gengið er endanlega frá því.

Ég er sannfærður um, að öruggasta tryggingin fyrir því, að öll sjónarmið séu dregin fram í slíkum tilfellum, er, að þessi mál séu í höndum bæjar- og sveitarstjórna.

Ég skal játa að það er mjög hart að gengið við húseigendur að taka af þeim það húsnæði, sem þeir hafa framyfir það, sem nauðsynlegt er. Þetta eru mjög harðar ráðstafanir, því er ekki hægt að neita, en eins og nú standa sakir fæ ég ekki betur séð en þær séu nauðsynlegar. Ég vil nú sérstaklega benda á, að sú hefur orðið verkun húsaleigulaganna, að húseigendur hafa tekið til eigin nota húsnæði umfram þarfir. Ástæðan er sú, að þeir eru hræddir við að taka leigjendur vegna þess, hve líklegt er, að þeir geti ekki losnað við þá aftur, er þeir þurfa sjálfir á húsnæðinu að halda. Þetta hefur orðið til þess, að margir húseigendur hafa tekið til eigin afnota meira húsnæði en þeim hefur verið nauðsynlegt. En þetta er bein afleiðing af því að samkvæmt ákvæðum húsaleigul. er húseigendum óheimilt að segja upp leigusamningum nema mjög brýna nauðsyn beri til, að hann fái sjálfur húsnæðið til afnota, og er því full þörf á að setja nú inn í lögin ákvæði, sem kemur í veg fyrir slíkt. Mér virðist sem ákvæði 5. gr. frv. hljóti að ýta undir þá, sem hafa meira húsnæði undir höndum en þeir þurfa að nota, með að leigja það út. Ég hygg, að með þessu komi 5. gr. frv. að mestum notum, ef að lögum verður. Þá er 6. gr. frv. Hún er að mestu leyti gömul. Aðalbreytingin í henni er það, að nú skal reikna út vísitölu fyrir húsaleigu oftar en áður var gert.

Þá er 7 gr. frv. og að mestu eins og hún er í l. nr. 46 frá 1941. N. hefur flutt brtt. við hana um það, að hafi húsaleiga verið hækkuð samkvæmt heimild 6. gr. frv., þá skuli skylt að lækka hana aftur, ef vísitalan lækkar aftur. Þetta er ekki nema rétt og sanngjarnt, og hefur n. því borið fram brtt. nr. 3 á þskj. 478.

Þá er það 8. gr., og er í henni fólgin allmikil breyt., sem er sú að fjölga mönnum í húsaleigun. úr tveimur í fimm og skal vera skipt störfum með þeim þannig, að tveir nm. skulu framkvæma mat á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum, en hinir eiga að úrskurða þau ágreiningsatriði, er þessi mál varða. Þetta er sjálfsögð og nauðsynleg breyt., vegna þess að starf húsaleigun., a. m. k. hér í Rvík, er nú orðið svo umfangsmikið, að engin tök eru á því fyrir þrjá menn að sinna því sem skyldi.

Um 9.—13. gr. er ekkert að segja. Þær eru að mestu eins og í gildandi l.

Við 15. gr. hefur allshn. séð ástæðu til þess að bera fram brtt. Í þessari gr. er tekið fram, að öll ákvæði þessara l. skuli og gilda um leigu á húsum, bryggjum og pöllum til línuveiðabáta, sem róa úr landi, og hafi leiga eftir slík mannvirki verið greidd með aflahlut, þá geti leigutaki krafizt þess, að leigan verði metin til peningaverðs, enda megi hún ekki hækka meira en sem svarar hækkun almennrar húsaleigu. Okkur hefur komið saman um, að sanngjarnt sé að hafa þessa kröfuheimild gagnkvæma og höfum því lagt til, að í stað orðsins „leigutaki“ komi „aðili.“

Aðrar aths. sé ég ekki ástæðu til að gera við einstök atriði frv. Eins og ég gat um áðan, hefur allshn. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún hefur lagt til, að gerðar yrðu á því, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að bera fram og fylgja brtt. við frv.

Bjarni Benediktsson: Hv. frsm. allshn. hefur nú gert grein fyrir því, hver afstaða allshn. sé til þessa frumvarps, og er ekki miklu við það að bæta.

Húsaleigul. hefur verið ætlað tvöfalt hlutverk. Í fyrsta lagi hefur þeim verið ætlað að koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á húsaleigu og í öðru lagi að draga úr þeim miklu húsnæðisvandræðum, sem hafa verið samfara ófriðnum og veru setuliðsins hér. Þetta hefur haft í för með sér róttækar takmarkanir á eignaréttinum, sem gera hag húseigenda að verulegu leyti verri en nokkurra annarra þegna þjóðfélagsins. L. eru þó ekki sett að ófyrirsynju, og er nauðsynlegt, að þau haldi gildi sínu meðan sama ástand helzt, en jafnframt verður að ganga þannig frá þeim, að þau halli ekki að óþörfu á húseigendur. Það verður heldur að reyna að ná þeim tilgangi, sem þarf, með þeirri lempni og lipurð, sem mun heppilegust til þess, að mál verði leyst á happasælan hátt. En ég verð að segja það, að sum ákvæði húsaleigul., sem að vissu leyti eru mikil réttarskerðing, hafa þó komið of seint. Eitt helzta ráðið og langsamlega það sanngjarnasta til þess að draga úr vandræðunum var það að láta innanbæjarmenn sitja fyrir utanbæjarmönnum um húsnæði. Lögin um þetta fengust ekki fyrr en seint og um síðir og eftir að mikill skaði var skeður í þessu efni. Fyrirmælin voru þá heldur ekki í fyrstu fullkomin, en það er bætt mikið um þau með þessu frv., sem hér er komið fram. En lögregluvald og ríkisstj. hafa auk þess ekki framfylgt nægilega strangt settum reglum í þessum efnum.

Í þessu sambandi kem ég að höfuðgalla l., en það er sá tvískinnungur, sem verið hefur í framkvæmd þeirra. Þegar l. voru sett, var húsaleigun. fengið mikið vald í hendur. Hún fékk ekki einungis vald til þess að ákveða, hvenær mætti segja upp húsnæði, heldur fékk hún einnig rétt til þess að taka húsnæði, sem ekki var fullnotað, og ráðstafa því handa húsnæðislausu fólki. En n. virðist hafa verið hrædd við að beita þessu valdi og hefur reynt að skjóta sér undan með því að halda því fram, að það væri hlutverk viðkomandi bæjarstj. að beita þessu valdi. Þetta var að skjóta sér undan lagabókstafnum, enda skorti bæjarstj. lögákveðið vald til þessa og gat hún því aldrei beitt sér. Bæjarstj. Rvíkur hefur hins vegar unnið stórkostleg átök til þess að ráða bót á húsnæðisvandræðunum með því að láta gera stórfelldar byggingarframkvæmdir, sem kosta milljónir króna. Ég skal þó ekki dæma í þessu máli, enda mundi ég varla verða talinn þar hlutlaus dómari. En það er víst, að lagabókstafurinn hefur ekki haft þá þýðingu, sem til var ætlazt vegna þessa tvískinnungs, þar sem tveir aðilar hafa deilt um það, hver ætti að framkvæma það, sem gera þyrfti, en það má segja, að þetta hafi orðið báðum til lítils sóma. Ég tek þetta ekki hér upp til þess að deila um það, heldur til þess að benda á, að þegar nú er verið að endurskoða lögin, þá þarf að haga fyrirmælum þeirra svo, að þessi tvískinnungur verði úr sögunni, þannig að hér eftir verði ótvírætt aðeins einn aðili, sem fari með framkvæmdarvaldið í þessum málum. Ég tel það einn höfuðkost stjfrv. eins og það lá fyrir í upphafi, að þar var stigið stórt spor í þessa átt, sem ég skildi vel, þegar ég sá, að einn þeirra, sem hafði unnið að samningu frv., var varaformaður húsaleigun., og hann vissi vel um þá annmarka, sem á þessu höfðu verið. Þá var það einnig tekið upp í frv., og tel ég það skynsamlegt, að bæjarstj. var ætluð þátttaka í skipun húsaleigun., og var þar með tryggt, að betri samvinna yrði milli húsaleigunefndar og bæjarstjórnar en áður hafði verið. Þannig hefðu bæjarstjórn og ríkisvald getað tekið saman höndum í húsaleigunefnd og komið fram sem einn aðili út á við. Háttv. Nd. virðist ekki hafa haft fullan skilning á þessu mikilvæga framkvæmdaratriði og sama máli gegnir um meiri hluta allshn. Ed. Í Nd. voru sett inn í frv. ákvæði, sem hljóta að leiða til sama tvískinnungsins og árekstranna, sem verið hafa, og geta leitt til þess, að fyrir yfirvöldunum verði lítið úr framkvæmd lagabókstafsins vegna þess, að alltaf verður hægt að deila um það, á hverjum ábyrgðin eigi að lenda. Þessu þarf nauðsynlega að breyta, og þetta er veiki punkturinn í frv. eins og það nú liggur fyrir, eftir að háttv. Nd. breytti því til hins verra. Við hv. þm. Seyðf. höfum borið fram 4 brtt. á þskj. 481 við 5. gr. frv., sem miða að því að bæta úr þessum annmörkum frv. og taka eðlilegum afleiðingum af þeim umbótum. Það leit út fyrir, að hv. frsm. allshn. hefði ekki kynnt sér til hlítar efni þessara brtt., því að hann sagði, að við vildum hafa yfirstj. þessara mála hjá húsaleigun., en að þeir teldu, að hér væri um svo mikið mál að ræða, að fulltrúar borgaranna sjálfra, bæjarstj. ættu að hafa yfirstjórnina með höndum. Þetta er misskilningur hjá hv. frsm. Við ætlumst ekki til, að þetta verði svo, heldur heyri endanlegar ákvarðanir ýmist undir félmrh. eða yfirhúsaleigun., þannig að þær ráðstafanir í 5. gr., sem mestu máli skipta, megi húsaleigun. ekki gera nema með samþykki félmrh. Hitt er alveg augljóst, að það er mjög óheppilegt að blanda bæjarstjórn inn í þessi mál, a. m. k. eins og gert er ráð fyrir í frv. eins og það er nú. Látum svo vera, að þetta hefði verið látið standa eins og stjfrv. gerði ráð fyrir í upphafi, að skömmtun mætti ekki taka upp nema með samþykki bæjarstj. En ég tel hitt samt eðlilegra, að félmrh. veiti samþykki sitt, enda er eðlilegast, að sams konar reglur gildi um þetta um allt landið.

Ef t. d. bæjarstj. eins bæjar tæki upp húsnæðisskömmtun hjá sér, en það væri ekki gert annars staðar, þá gæti það orðið til þess, að innflutningur fólks til þessa bæjar yxist mjög og allt yrði því í sama öngþveitinu og áður. Í stað þess að létta af vandræðum gæti þetta því orðið til þess að beina fólksstraumnum í ákveðnar áttir og umturna þannig öllu jafnvægi í landinu. Það er því sjálfsagt og eðlilegt, að félmrh. hafi með höndum æðsta úrskurðarvald í þessum málum. Segja má raunar að þetta felist að nokkru í 5. gr., en

það er svo umvafið, að óvíst er, að það komi að fullum notum, og er þess vegna betra að hafa það eins og við hv. þm. Seyðf. leggjum til í 1. brtt. okkar að taka bæjarstj. alveg út úr þessu, en láta félmrh. segja til um það, hvort skilyrði til skömmtunar séu fyrir hendi eða ekki. Með því móti er líka helzt líklegt, að jafnrétti geti haldizt milli borgaranna í þessu ákaflega viðkvæma máli.

Ég vil vekja athygli á því, að þótt við viljum hafa þetta svo, þá takmörkum við á engan hátt með þessu möguleikana til skömmtunar, ef skilyrði til hennar eru annars fyrir hendi. Eg vil svo benda á það, að eins og 3. mgr. 5. gr. er nú orðuð, brýtur hún í bág við 2. mgr. sömu gr., þar sem í 2. mgr. segir, að húsaleigun. skuli meta, hve mikið húsnæði afnotahafi þurfi til eigin nota, en í 3. mgr. segir, að setja skuli ákvæði um þetta í reglugerð, sem félmrh. staðfestir. Í 2. málsgr. 5. gr. segir aftur á móti, að það fari eftir mati húsaleigun., hvort aðili geti verið án húsnæðis og hvort unnt er að skipta því úr íbúð. Með þessu er því slegið föstu í 2. málsgr., sem er kjarni þessa máls, að það verði aldrei settar um þetta mál almennar og ósveigjanlegar reglur, og ég vil fullyrða, að það er ekki hægt, bæði vegna þess, hversu húsin eru mismunandi byggð, og eins vegna mismunandi stærðar fjölskyldna og ýmissa annarra aðstæðna. Það er ekki hægt að fá um þetta ákvæðinn mælikvarða eins og þarna er ráðgert. Það verður að vera eftir mati þar til settra yfirvalda á hverjum tíma, hvort unnt sé fyrir aðila að vera án húsnæðis og hvort unnt er að skipta því úr. Það er ekki hægt að segja, að unnt sé að skipta húsnæði úr, þó að herbergin séu svo og svo mörg, ef ekki er hægt að komast inn í innri herbergi, nema með því að ganga í gegnum það fyrsta, þá er ekki hægt að skipta húsnæðinu, nema með því að gera á því breyt. Þess vegna er það ljóst, að hámarksákvæði 3. málsgr. brýtur í bág við meginreglu 5. gr., og er því þegar af þeirri ástæðu sjálfsagt að fella 3. málsgr. niður. Þá legg ég áherzlu á það í aths. minum við 5. gr., að ég tel það vera hreinustu frágangssök að ætla að láta slíkan aðila sem bæjar- og sveitarstj. verða yfirdómstól um það, hvort unnt sé fyrir aðila að vera án tiltekins húsnæðis og hvort unnt sé að skipta því í tvennt. Þarna er um að ræða hreint matsatriði, sem annaðhvort verður eðli málsins samkvæmt að fela dómstólunum eða þá einhverjum öðrum svipað völdum aðila, sem hefur skilyrði og möguleika til þess að líta hlutlaust á málsaðstöðu. En bæjar- og sveitarstj. eru pólitískir aðilar, og það þarf ekki mikla þekkingu á þeim aðilum til þess að vita, að bæði umræður um slík einkamál eins og þessi, sem út af fyrir sig yrðu ákaflega ógeðfelldar og leiðar á opinberum fundum, og eins úrskurðirnir sjálfir, mundu blandast meira og minna pólitísku og persónulegu tilliti, sem mundi gera framkvæmd þessara ákvæða erfiða. Ég er hræddur um, að þetta ákvæði yrði með öllu óþolandi í framkvæmd, og hreinasta plága, sem að engu gagni yrði. Þess vegna, hvað sem öðru líður varðandi breyt. á þessu í 5. gr., þá tel ég alveg sjálfsagt að yfirmatið, á því, hvort skilyrði til þvílíkrar skömmtunar á húsnæði séu fyrir hendi eða ekki, sé tekið úr höndum bæjar- og sveitarstj. og fengið í hendur einhvers annars yfirdómstóls. Við höfum bent á yfirhúsaleigun., sem eftir l. og eðli málsins sýnist vera líklegur aðili til þess að hafa slík málefni með höndum. Ef einhver annar bendir á líklegri dómsaðila í þessum efnum heldur en þessa n., þá er ég, og ég veit meðflm. minn einnig, fús til þess að taka það til velviljaðrar yfirvegunar. En það er alveg ljóst, að þetta ákvæði má ekki svo vera, ef menn vilja ekki gera úr þessu hreinasta skrípaleik.

Ég hef þá gert grein fyrir þrem af fjórum brtt., en um þá síðustu get ég orðið stuttorður. Hún er á þá leið, að ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður skuli sameiginlega ábyrgjast greiðslu leigu eftir húsnæði, sem tekið er eftir þessari lagaheimild, svo og greiðslu skaðabóta fyrir spjöll á hinu leigunumda, er leigutaki telst eiga sök á. Ég vil í þessu efni benda á það, að sjálf ríkisstj. hefur í frv. sínu lagt það til, að ríkissjóður bæri helming af þessum kostnaði, — frv. hennar varð eigi skilið á annan veg. Þar með viðurkenndi stj., að það væri ekki síður ríkisins mál heldur en sveitarstj. að bæta úr þeim ágöllum, sem hér eru. Að svo miklu leyti sem hægt væri að kenna einhverjum íslenzkum aðila um það ástand, sem nú ríkir í þessum málum, sem ég vil ekki segja, að sé hægt, þá væri helzt að leita orsakanna, sem til þess liggja, á vettvangi ríkisins miklu frekar heldur en hjá bæjar- og sveitarfélögum. Það getur því ekki verið nema sanngjarnt að þessu sé skipt til helminga á milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga.

Það eru ýmis fleiri ákvæði í þessu frv., sem ágreiningi geta valdið, sérstaklega vildi ég benda á það, sem ég hreyfði í n., að það er ekki alveg ljóst í 8. gr., hvernig húsaleigun. á að starfa. En vegna þess að sú skipun, sem þarna er sett, er samkvæmt till. manns, sem lengi hefur að þessum málum starfað, sá ég ekki ástæðu til þess að fara að umbæta hans till. og lét því hjá líða að flytja brtt. Ég vil samt segja það, að mér kæmi ekki á óvart, þó að nokkur ágreiningur yrði um þetta atriði, þegar til framkvæmda kæmi. Að öðru leyti get ég lokið máli mínu. Ég áskil mér rétt til þess að mynda mér afstöðu til 5. gr. eftir því, hvernig fer um þær brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram. Að öðru leyti mun ég taka afstöðu til brtt., sem fram kunna að koma, eftir því sem efni standa til.

Á 69. fundi í Ed., 4. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil í upphafi leyfa mér að gera grein fyrir því, hvers vegna ég í gær greiddi atkv. á móti því einn þdm., að leyfð væru afbrigði fyrir því að taka þetta mál til umr. Ég leit svo á, að hér væri um svo merkilegt mál að ræða, sem hefði svo djúp áhrif í þjóðfélaginu, að ekki væri rétt að taka slíkt mál upp með of litlum fyrirvara. Ég sé, að frsm. n. er ekki á þingfundi til þess að hlusta á umr. um þetta mál og heldur ekki félagsmálaráðh., sem þó stendur að þessu frv. og enginn úr n. að undanskildum hv. 5. landsk., og vænti ég þó, að hann veiti athygli þeim athugasemdum, sem gerðar eru við frv., því að ég mun verja nokkrum

tíma til þess að ræða þetta mál, sem ég tel mjög athyglisvert.

Ég vil leyfa mér að minna á það, að þegar gerðardómsl. voru hér til umr. í þessari d. á síðasta þingi, minntist ég á það, hvort ekki væri tímabært að taka til athugunar húsaleigul. Því svaraði þá hv. 3. landsk., að hann liti svo á, að það yrði ekki að svo stöddu, en orð hans féllu á þá leið, að ástæða væri til, að l. væru athuguð, þótt hann gæti ekki fellt sig við, að þau væru tekin fyrir eins og þá stóð á. Nú lýsti frsm. því yfir í gær, að grundvöllurinn hefði verið lagður að l. 1939, þegar gengið var fellt, og þá var bannað að hækka húsaleigu hér á landi. Nú er það svo, að margt hefur raskazt í þjóðlífi Íslendinga síðan 1939. M. a. var bann á að hækka laun verkamanna byggt á sama hugsanagangi og húsaleigul. 1939. Nú hafa öll laun hækkað, ekki einasta sem svarar dýrtíðinni, það álítum við ekki hækkun á launum, en þau hafa hækkað um 25—50% á sama tíma og engin breyt. hefur orðið á þessum l., en ef fallinn var grundvöllurinn undan því 1942 að halda niðri launununum, var einnig fallinn grundvöllurinn, sem byggt var á 1939 hvað þessi l. snertir. Frsm. n. sagði í gær, að n. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri, að þessi l. stæðu áfram. Í fyrsta lagi af því að ef þau væru afnumin, mundi dýrtíðin fara upp úr öllu valdi, og atvinnulífið hrynja í rústir. Ég vil spyrja þá, sem að þessu standa: Líta þeir ekki svo á, að hækkun vinnulaunanna hafi átt sinn þátt í að hækka dýrtíðina? Ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða ákaflega stóran hluta af verðhækkun landbúnaðarafurða til þess að halda niðri dýrtíðinni, og hann hefur líka tekið að sér stóran hluta af launagreiðslum, ekki til þess að halda dýrtíðinni niðri, heldur vegna þeirrar hækkunar, sem á þeim hefur orðið. Nú er tekinn hér út úr einn flokkur manna, sem einir eiga að bera allar byrðar af dýrtíðinni, án þess að fá nokkrar kjarabætur. Ég verð að segja eins og Þorgeir Ljósvetningagoði, að ég teldi heppilegt, að í þessu landi giltu ein l., en ekki ein l. fyrir þessa stétt og önnur l. fyrir aðra.

Ég verð að fagna því að hér kemur frsm. til þess að hlusta á umr. um þetta mál.

Þegar litið er á það, að auk þess sem þessum mönnum er ekki leyfilegt að hækka húsaleiguna, hafa verið lagðir tvöfaldir skattar á húseignir, og tvöfaldir skattar geta ekki þýtt neitt annað en það, að leigan lækkar að sama skapi til þeirra, sem húsin eiga, sést, að það er mjög á rétt þeirra gengið. Ég held, að þeir, sem fastast halda á sínum kjörum, gætu ekki fellt sig við slík viðskipti af hendi hins opinbera. Ég sé ekki annað en að með þessum l. séu þessir menn neyddir út í sama smáskæruhernað og verkalýðurinn fór í á síðasta sumri. Ég vildi spyrja, hvort þm. vildu taka á sig þá ábyrgð, sem því fylgdi, ef það ris upp missætti milli húseigenda og þjóðfélagsins eins og um gerðardómsl. Þar skapaðist það fordæmi, að þjóðfélagið varð að beygja sig. Ég er ekki að segja, að það hafi verið ranglátt, en ef það var ekki réttlátt að hinar vinnandi stéttir beygðu sig, þá er ekki réttlátt, að þessir menn beygi sig. Ég gæti trúað, að upp úr þessu gæti skapazt það ástand hér, að ekki sé álitlegt að fara út á þá braut frekar á þessu sviði en öðrum. Það mætti segja mér það.

Frsm. sagði, að á meðan ekki sé hægt að ráðast í nýbyggingar, verði að fyrirbyggja, að hægt sé að segja upp húsnæði. Ég er alveg viss um það, að enginn vill leggja á sig byrðar til þess að auka húsnæði í landinu, til þess að aðrir ráði öllu um það, skipi fyrir um hverjir verði í því húsnæði og skipi fyrir um, hve há leigan megi vera, þannig að sá, sem leggur á sig allt erfiðið, á engan rétt, en hinir allan. Ég veit það, að þeir þm., sem setja þessi l., mundu ekki fást til að gera þetta, þó að þeir hefðu nóg fé.

Frsm. sagði, að n. teldi, að svo væri frá frv. gengið, að það ætti að ná samþykki þ. Eins og ég hef tekið fram, tel ég svo frá því gengið, að það sé ekki einasta smán fyri þingið að samþykkja það, heldur sé stefnt út á svo hættulega braut, að þeir þm., sem hér sitja, séu ekki menn til að ráða við þær afleiðingar, sem af því kunna að verða.

Hann sagði einnig, að formaður húsaleigun. hefði verið með í að semja þetta frv. og í því væri byggt á reynslu hans í því starfi. Nú vil ég spyrja hv. allshn., hvort hún hefur kynnt sér það í þessu sambandi hvernig störfum þessa manns er háttað í n. Mér er það kunnugt, þó að ég hafi ekkert haft með n. að gera, því að ég er einn þeirra gæfusömu manna, sem ekki hafa þurft til hennar að sækja, að n. skoðar sig ekki sem hlutlausan aðila í þessum málum, en skoðar sig eingöngu sem aðila fyrir leigjendur, en ekki fyrir húseigendur, og er það mál út af fyrir sig, þegar n., sem eiga að vera hlutlausar, telja sig ekki vera aðila fyrir báða parta. Þetta er alveg það sama og á sér stað um skattan. Þær telja sig alltaf vera umboðsmenn hins opinbera, en ekki skattgreiðendanna, og húsaleigun. telja sig undir flestum kringumstæðum vera umboðsmenn leigjendanna, en ekki húseigenda.

Ég mun þá snúa mér að frv. og benda á ýmislegt, sem ég tel að þurfi að athuga, ef frv. á fram að ganga, þannig að það verði ekki að öllu leyti sá vanskapnaður, sem nú er. Við 1. gr. er brtt. frá allshn., þar sem talað er um, að orðinu „íbúðarhúsnæði“ verði breytt í húsnæði“, og hef ég ekki á móti því, en finnst, að í 2. málslið 2. gr. ætti að vera „húsnæði“„ en ekki „íbúð“. Þetta finnst mér, að þurfi að lagfæra. Þetta er að vísu smáatriði, en það þarf að lagast til samræmis. Þá vil ég gera fyrirspurn viðvíkjandi 2. gr. og vil spyrja hv. frsm., hvort hann hafi tíma til að vera hér inni í d. Ég vil spyrja hann að því, hver eigi að vera dómari, þegar menn verða að fara úr húsnæði. Er það húsaleigun., sem á að vera dómari í því, hvernig menn megi haga sér til þess að þeir verði látnir fara. 2. gr. er svona: „Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. heldur leigusali (framleigusali) óskertum rétti sínum til að slíta leigumála vegna vanskila á húsaleigu eða annarra samningsrofa af hálfu leigutaka (framleigutaka), svo og ef leigutaki (framleigutaki) hagar sér þannig eða fremur eitthvað það, er að mati húsaleigunefndar gerir leigusala verulega óþægilegt að hafa hann í húsum sínum.“ Ég ímynda mér, að það verði ákaflega erfitt að fella dóm um það, hvað teljist vítavert í þessu sambandi, hvort það

er vítavert að vera með hávaða, drykkjulæti og söng, eða ef menn koma heim seint á nóttu og spilla næturfriði o. s. frv. Það er spurningin, hvort viðkomandi aðili á að geta skotið úrskurði n. til annars dóms. Hvers vegna má ekki áfrýja til annars, eins og á sér stað með svo margt í þjóðfélaginu? Mér þykir ekkert ólíklegt, að þegar á að fara að taka af mönnum húsnæði, þá komi kvartanir um, að menn hagi sér ekki eins og vera ber. Þá vil ég minnast á þau fríðindi, sem veitt eru samkv. 4. gr., þar sem húseigandi fær 3 daga frest til þess að ráðstafa íbúð sinni. Ég legg ekki mikið upp úr því. Það er vitanlegt, að enginn húseigandi getur valið fólk í samræmi við óskir sínar með þriggja daga fyrirvara á hvaða tíma árs sem er, svo að það mætti sleppa því að gefa þennan frest.

Þá kem ég að 5. gr., sem er aðalumræðuefnið. Ég sé, að nú er hæstv. forsrh. kominn í d. og vildi ég, að hann vildi láta hæstv. félmrh. vita um þetta, ef hann vildi vita af þessum umr. — Í 5. gr. 2. málsgr. stendur: „Bæjar- og sveitarstj. getur, þegar alveg sérstaklega stendur á, ákveðið að taka til ráðstöfunar handa húsvilltu fólki tiltekna hluta af íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur að mati húsaleigun. án verið og unnt er að skipta úr.“ Það er vitanlega alveg ótækt, eins og hv. 6. landsk. benti á hér í gær, að gefa slíkt vald í hendur bæjarstj. Við vitum það ákaflega vel, að það er algerlega rakalaust, sem hv. 9. landsk. hélt fram í gær, að þessir menn væru kosnir af fólkinu. Við þekkjum það hér í Rvík, að það eru ekki mennirnir, sem eru kosnir, það eru flokkarnir. Það er hægt að segja, að það séu flokkarnir, sem kjósa mennina, en ekki fólkið, svo að frá því sjónarmiði standa þessir menn ekki í neinu sambandi við þá, sem kjósa þá, því að margir þekkja þá ekki, og að ætlast til þess, að bæjarstj. ráði fram úr þessu með álíka athugunum og koma fram í afgreiðslu málsins hér á þ., virðist mér vera alveg vonlaust um svo viðkvæmt mál. Það nær ekki nokkurri átt að ætla að heimila með l., að bæjarstj. geti sett reglugerðir um hámark íbúða. Ef á að tilgreina hámark íbúða, verður það að gerast hér á Alþ. Þetta vald á ekki að gefa bæjarstj. Það þarf meira að koma til greina heldur en hvernig bæjar- og sveitarstj. eru skipaðar á hverjum tíma, það þarf líka að athuga þarfir þeirra, sem í húsnæðinu búa. Þingið þarf að ráða, hvernig skipast um þessi mál, en ekki kasta því frá sér. Þá er miklu betra, að hér séu teknar upp til rökræðna þær ákveðnu till., sem komið hafa frá ákveðnum stjórnmálaflokki um, að menn hafi ekki til íbúðar nema vissa tölu fermetra. Ég er ekki viss um, að sú fermetratala næði samþykki allra þingmanna, þó að hún gæti náð eins atkv. meiri hl. í bæjarstj.

Hér er úrskurður n. um þessi atriði fullnaðarúrskurður. N. er gefið svo mikið vald, að það er raunverulega ekki undir neinum kringumstæðum hægt að áfrýja öðru en því, sem snertir fjárhagshliðina, til dómstólanna. En hvaða vit er í því að gefa þegnunum rétt til að fara til hæstaréttar með 2 króna spýtumál, eins og á Raufarhöfn, en banna þeim að sækja til dómstólanna mannréttindi, sem þeir meta meira en nokkra peninga? Slíkar till. geta ekki komið frá öðrum en þeim, sem er sama um bæði sín eigin heimili og annarra. Hjá öllum menningarþjóðum er það eitt aðalmenningarmál að skapa frið um heimilin. Þetta kemur einna sterkast fram hjá Englendingum, þegar þeir segja: Heimilið er virki. Þetta virki er verið að brjóta hjá okkur. Hafa þessir menn athugað, hve mikil uppeldisskilyrði eru fyrir börn hér á götunni og hver uppeldisáhrif það hefði að sparka þeim út úr húsunum? Ég er alveg undrandi á því, að hæstv. félmrh. skuli geta leyft það að láta þessi ákvæði standa.

Í 7. gr. er ákvæði um það, ef leigusali vanrækir leiguskyldu. Einnig það atriði á að vera dæmt af n., og er ekki hægt að áfrýja því fyrir dómstólana. Ég er alveg undrandi á því, að hv. frsm., sem er sjálfur málafærslumaður og rekur fyrir hæstarétti mál, sem eru auðvirðileg í samanburði við þetta, skuli geta ljáð þessu fylgi sitt.

Í 10. gr. stendur, að húsaleigun. beri að fella úrskurð um ágreining út af uppsögn á leigusamningi um húsnæði samkv. 1. gr. Skjóta megi þeim úrskurði n. til dómstólanna, en hlíta skuli honum, unz dómur falli. Hvernig geta þessir 4 lögfræðingar, þ. á m. hv. þm. Str., fyrrv. dómsmrh., ætlazt til, að farið sé inn á þessa nýju braut? Að láta dóm gilda, sem búið er að áfrýja. Eru nokkur fordæmi til slíks? Eru nokkur dæmi þess, ef maður hefur verið dæmdur, að dóminum sé fullnægt, áður en annar dómur hefur gengið um málið? En svo mjög er gengið á húseigendur hér, að þeim er ekki gefinn neinn réttur á neinum sviðum.

Hv. frsm. upplýsti í gær, að menn hefðu tekið til eigin afnota meira húsnæði en nauðsyn krafði, því að þeir væru hræddir um að losna ekki við leigjendur aftur. Gæti ekki líka verið, að menn hikuðu við að reisa hús meðan slík l. gilda í landinu? Það mundi hafa meiri áhrif til ills en hin ímynduðu áhrif til góðs, ef frv. verður samþ. Það mundi ekki verða til annars en vekja takmarkalausar þrætur, úlfúð og baráttu, sem mundi leiða til verra og verra öngþveitis í húsnæðismálunum. Ég vænti því, að hv. þm. hugsi sig vel um áður en þeir staðfesta þessi l. óbreytt. Bezt væri að láta frv. hreinlega falla, en láta þau l., sem gilda, standa, þar til samkomulag verður um að breyta þeim viturlega. Ég vil eindregið óska þess við hæstv. félmrh., að hann beiti sér fyrir því, ef frv. á að verða að l., að því sé breytt svo, að húseigendum verði gert jafnt undir höfði og öðrum þegnum, og verði ekki til að lama uppeldisáhrif í bæjunum. Það er miklu meira atriði en hægt er að meta í tölum.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Mig langar til að segja nokkur orð út af frv. því, sem fyrir liggur. Það eru hér um bil allir sammála um, að nauðsynlegt var að setja húsaleigul., en mörgum finnst gengið á rétt húseigenda með þessu frv. Ég verð samt að efa, að kostur húseigenda sé verri en margra annarra þegna, t. d. þeirra, sem hafa átt sparifé og ætlað sér að lifa á því. Nú er svo komið vegna dýrtíðarinnar, að það fé er lítils virði. Bankarnir eru hættir að greiða vexti af innistæðum, sem eru

hærri en 25 þús. kr., en það, sem binding húsaleigunnar felur í sér, er ekki annað en vaxtalækkun. En það er annað, sem gert er með húsaleigul. Það á sér stað skerðing á ráðstöfunarrétti yfir eign, og það eru líka höfð afskipti af gjaldinu fyrir afnotaréttinn.

Það, sem gerði það að verkum, að ég stóð upp, er, að mig langar til að láta það koma fram í d., að nokkur breyt. hefur verið gerð í Nd. frá því, sem stóð í frv. frá ríkisstj. Einkum vil ég benda á þá viðbót, sem sett var inn í 4. gr., „enda sé húseiganda áður veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið innanhéraðsfólki til íbúðar". Þessi gr. fjallar um viðurlög við því, ef íbúðarhúsnæði er tekið í leyfisleysi til annars en íbúðar, og þegar svo er gert, getur húsaleigun. skyldað húseiganda til að taka upp fyrri notkun húsnæðisins. Getur hún þá ráðstafað húsnæðinu samkv. 5. gr. Ef viðbótin, sem ég nefndi áðan, er látin standa, er þarna viðsjárverður galli á frv., því að þótt eigandi ráðstafi húsnæðinu innan þriggja daga, er ekki þar með sagt, að hann ráðstafi því til húsnæðislauss fólks. Það eru dæmi til þess, að húsnæði hefur verið tekið og breytt í skrifstofur. Húsaleigun. hefur fundið að því, og þá hefur verið brugðið við og húsnæðið leigt fólki, sem aldrei hefur flutt inn. Það má ekki vera hægt að ganga á þetta lagið.

5. gr. var breytt mikið í Nd. 2. málsgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Bæjar- og sveitarstj. getur, þegar alveg sérstaklega stendur á, ákveðið að taka til ráðstöfunar handa húsvilltu fólki tiltekna hluta af íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur, að mati húsaleigun., án verið, og unnt er að skipta úr" o. s. frv. Ég innti eftir því í Nd., hvað átt væri við með orðunum „þegar alveg sérstaklega stendur á". Ég fékk það svar frá nm. allshn., að hann skildi þetta svo, að átt væri við það, ef bærinn t. d. yrði fyrir loftárás. Það hlýtur sem sé að eiga að vera eitthvað meira um að vera en að svo og svo margt sé af húsvilltu fólki. Ef ætlunin er að túlka þetta þannig, kemur það að litlu gagni, en þó að þessi skömmtunarheimild verði sett, hygg ég, að ekkert þurfi að óttast. Það vakir fyrir ríkisstj., að heimildinni verði beitt eins vægilega og mögulegt er. Við skulum hugsa okkur, að einhleypur maður hafi t. d. fjögurra herbergja íbúð. Það yrði farið til hans og honum sagt, að hann yrði að láta af hendi hluta af íbúðinni, en honum yrði jafnframt gefinn kostur á að ráðstafa þeim hluta sjálfur handa kunningja sínum eða ættingja, sem svo fengi húsaleigun. til ráðstöfunar það, sem losnaði. Það þyrfti ekki að koma til neinna vandræða fyrir fólk, enda sé ég ekki betur en að þetta sé réttmætt, þegar ástandið er svo slæmt, að 40 manns hafa búið vetrarmánuðina í gisnum skúrum á íþróttavellinum, sem eru gerðir handa íþróttamönnum til smá-afnota um hásumarið. Þegar neyðin er orðin svo mikil, er óverjandi að amast við því, þó að sett séu í l. ákvæði um, að þeir, sem bezt eru settir, þrengi að sér, ekki sízt, þegar þess er gætt, að það geti orðið með vægilegum hætti.

Brynjólfur Bjarnason: Ég skal ekki fara mikið út í ræðu hv. þm. Barð., en úr því að hann skoraði á mig að hlusta á hana, gerði ég það.

Hv. þm. virðist álíta það mjög þýðingarmikla atvinnugrein að eiga hús, og nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið, að sú atvinnugrein sé stunduð, og beri þjóðfélaginu að láta þá menn, sem hana stunda, hafa af henni nægar tekjur. Hv. þm. lítur svo á, að þessi atvinnugrein sé sambærileg við hverja aðra vinnu, og beri að tryggja húseigendum uppeldi af henni. Samkv. ræðu hv. þm. hlýt ég að hafa það, sem hann kallar „lágan" hugsunarhátt, því að ég álít, að það sé ekki nauðsynlegt, að til sé stétt manna, sem á hús. Hv. þm. sagði, að Alþ. mætti vara sig á að fara inn á þessa braut, því að það gæti orðið til þess að neyða þessa stétt til að fara í sams konar hernað og verkamennirnir, á meðan gerðardómsl. giltu. Ef húseigendur strækuðu nú allt í einu á það að eiga hús! Það væru ljótu vandræðin. En hver veit, nema hægt yrði að finna verkfallsbrjóta þar, og einhverjir aðrir fyndust, sem fengjust til að eiga húsin.

Samkv. húsaleigul. hafa menn rétt til að hækka húsaleiguna að sama skapi og kostnaður til viðhalds eigninni vex. Húsaleigan hækkar samkv. sérstakri visitölu, svo að hér er ekki um að ræða, að á neinn hátt sé gengið á hluta húseigenda. Ef farið væri að ráðum hv. þm. Barð., sem mér skilst að vilji afnema húsaleigul. alveg, eða a. m. k. nema burt að mestu leyti þær hömlur, sem nú eru á því samkv. l., að húsaleiga geti hækkað, mundi það þýða, að vísitalan hækkaði mjög og launin, sem m. a. útgerðarmenn þurfa að borga. Ég veit, að hv. þm. Barð. er á móti grunnlaunahækkun, en virðist vera með þeirri hækkun, sem leiðir af því, að húsaleiga hækkar. Ef það er nú rétt, að útgerðin beri sig ekki með núverandi launagreiðslum, mundi hún enn síður gera það, ef húsaleigul. væru afnumin. Hún mundi þá bara leggjast í rústir.

Hv. þm. var að tala um, að börnum væri sparkað út, ef samþ. væri 5. gr. frv. Ég held, að hv. þm. hafi verið eitthvað miður sín. Veit hann ekki, að fjöldi barna er sama sem á götunni, í lélegum skúrum, sem eru fjarri því að vera mannabústaðir? Til þess að koma þeim í húsaskjól, er 5. gr. sett. Það er alveg tilgangslaust fyrir hv. þm. að halda slíka ræðu á Alþ. Menn verða að vita nokkurn veginn, hvað þeir eru að segja.

Annars þarf ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. En mig langaði til að gera aths. við nokkuð, sem hæstv. félmrh. sagði í sinni ræðu. Það var út af fyrirspurn um eitt atriði í frv., þar sem segir í 2. mgr. 5. gr. að „Bæjar- og sveitarstj. getur, þegar alveg sérstaklega stendur á, ákveðið að taka til ráðstöfunar handa húsvilltu fólki tiltekna hluta af íbúðarhúsnæði" — o. s. frv. Mér skildist hæstv. félmrh. segja, að einhver nm., sem fjallað hefur um frv., hafi litið þannig á, að þetta „þegar alveg sérstaklega stendur á" þýði, t. d. þegar fólk kynni að verða húsvillt vegna loftárásar eða sérstakra slysa, er yrðu þess valdandi, að margt fólk yrði húsnæðislaust. Ég hef ekki heyrt þessa skýringu á umræddum orðum fyrr. Ef einhverjir nm. telja, að leggja beri þessa merkingu í orðin, þá tel ég nauðsynlegt að breyta þessu orðalagi, því að þeir hv. þm., sem um þetta hafa fjallað, hafa áreiðanlega ekki lagt þennan skilning í þetta ákvæði. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hafði

skilið þau þannig, að þau ættu við það ástand, sem nú ríkir hér í húsnæðismálum, og þannig var það skilið í allshn. þessarar deildar.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gefa skýringu í sambandi við þessa fyrirspurn. Eins og frv. kom frá ríkisstj. var þessi mgr. svo hljóðandi:

„Í samráði við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstj. getur húsaleigun. (fasteignamatsn.) og tekið til sams konar ráðstöfunar tiltekinn hluta af íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur, að mati nefndarinnar, án verið og unnt er að skipta úr. Þó getur afnotahafi ráðstafað þessum hluta húsnæðisins til handa þeim innanhéraðsmanni, er hann kýs, og hefur húsaleigun. (fasteignamatsn.) þá sams konar ráðstöfunarrétt á því húsnæði, sem þannig losnar."

Ég vil vekja athygli á því, að eins og frv. kom frá ríkisstj. og eins og það var samið af n. voru hvergi þessi orð. Þau eru komin frá allshn. Nd. Þegar frv. kom þaðan, og er ég varð var við breyt. þá spurði ég einn hv. nm. í allshn. Nd., hvernig bæri að skilja þau. Þá var mér gefin þessi skýring. Ég hygg því, ef ekkert kæmi fram í umr., sem sannaði ótvírætt, að átt væri við annað en þetta, og mál risi út af ráðstöfun húsnæðis t. d., þá mundi dómarinn taka þessa skýringu nm. sem tilefni til að skilja ákvæðið svona — eða „subjektivrar" lögskýringar.

Ingvar Pálmason: Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er gamall vandræðagripur í þinginu. Ég hygg, að ég geti fundið orðum mínum stað með því að vitna í sögu þessa máls — húsaleigumáls Rvíkur — á Alþ. Ef ég man rétt, þá voru á einu árinu gefin út þrenn lög um það — ein bráðabirgðalög —, og ekkert þing hefur staðið síðan, svo að ekki hafi þessi mál verið tekin til meðferðar. Það er því sannnefni, að þau séu vandræðagripur.

Um þetta frv. er aðeins það að segja, að það er sniðið eftir ástandinu í Rvík — en því er ætlað að ná út í hverja byggð, ekki einungis kaupstaðina, heldur og sveitirnar líka. Það er að vísu svo, að það vantar í frv. til hverra l. eigi að taka, en það mun vera hægt að teygja þau inn í hvern hrepp á landinu. Þetta er mjög mikill galli á frv. Ég get ekki stillt mig um að geta þess, að þetta er ekki einstakt fyrir þetta frv. Það er orðið svo, að löggjafarstarfið hér á Alþ. miðast mest við Rvík. Ég vil benda á útsvarsl. Krafa um slíkar lagabreyt. hefur ekki komið nema frá Rvík. Hrepparnir hafa ekkert látið til sín heyra um ósk um, að l. yrði breytt. Í þeim l. eru óviðkunnanleg ákvæði, og ég veit, að flestar hreppsn. vilja ekki vera aðilar að því, að heimilað sé að innheimta kröfu áður en hún er orðin til. Ég held það sé alvarlegt mál, ef meiri brögð verða að því en orðið er, að löggjafarstarf Alþ. sé miðað nær eingöngu við Rvík, en l. svo látin ganga yfir allt landið. En þetta er ekkert óeðlilegt. Rvík kýs 11 þm. Það kann einhver að segja, að þetta sé ekki rétt, og þeir séu ekki nema átta. En það er rétt. Rvík hefur 11 þm., sem ekki hafa hlotið eitt einasta atkv. annars staðar, og þetta verður alltaf meðan viðbótarþingsætin eru í l. Þetta er eðlileg afleiðing af því, sem búið er að koma í l., en það er jafnskaðlegt fyrir því.

Ég vildi mega vænta þess, að Reykvíkingar gerðu sér far um að taka tillit til þess, að það eru ekki alls staðar sömu viðhorf á landinu sem í Rvík.

Það má segja, að eitthvað af því, sem ég segi nú, komi ekki við þessu máli, en þetta mál gefur tilefni til þess. Það, sem ég hefi fyrst og fremst á móti þessu frv., er, að ákvæði þess eru látin gilda undantekningarlaust um allt land. Nú vita allir, að í Rvík er sérstaklega ástatt um húsnæðisskort. Það virðist ekki vera nægilega ljóst, að þetta er mál Rvíkur, sem Rvík á að leysa með tilstyrk ríkisins. En ekki endilega með löggjöf slíkri sem þessari, þó að styrk þurfi í löggjöf. En að samþ. svona viðtæk l. sem hér er um að ræða, það kemur ekki til mála. Enda sagði einn hv. þm. í gær, að þetta væri ekki varanleg lausn. Hvers vegna í ósköpunum er þá verið að gera þetta. Því þá ekki að fara aðra leið.

Ég vil segja, að ein róttækasta ástæðan fyrir því, að svona er komið í Rvík, er hið geysilega hirðuleysi að láta fólk hrúgast til Reykjavíkur, án þess að nokkur kostur sé á því að veita því húsaskjól, og ekki hreyfð hönd eða fótur til að hefta það. Ég verð að segja, að meðal annarra vandræða er hirðuleysi stjórnar Rvíkur. Því hygg ég, að varhugavert sé að semja annan eins lagabálk og þetta og láta hann gilda fyrir allt landið. Ég held það væri betra að semja heimildarlög fyrir Rvík. Sveitamenn óska ekki eftir neinni löggjöf um slíkt. Þeir munu ráða fram úr því eins og þeir geta. Þeir hafa ekki þá frumorsök, að straumurinn til sveitanna sé svo mikill, að ekki sé húsnæði þar fyrir það fólk, sem þangað sækir. Nei, þetta mál verður ekki leyst með húsaleigulöggjöf einni, og ég vil segja, að illu heilli hefur verið of mikið á það horft að leysa það á þann hátt eingöngu. Ég vildi, að hæstv. ríkisstj. vildi athuga, hvort ekki væri rétt (þar sem hv. þm. viðurkenna, að þessi l. séu svo hörð, að ekki sé hægt að finna þess dæmi, að gengið hafi verið svo nærri einstaklingsréttinum) að láta þau ekki ná til annarra en þeirra, sem allra brýnust nauðsyn kallar að.

Ég hef farið yfir þetta frv. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj. og eins og það kom úr n. og er nú orðið, en ég hef ekki ástæðu til að fara út í einstakar gr. þess sérstaklega, þó að ég viðurkenni, að fjöldamörg ákvæði frv. eru þannig, að ég álít, að þau megi ekki standa óbreytt, ef þeim er ætlað að ná til allra landsmanna, en ég legg minni dóm á það, ef þeim er aðeins ætlað að ná til Rvíkur.

Þó er hér eitt, sem ekki getur undir nokkrum kringumstæðum staðizt. Það er komið inn í frv. á vegum þm., sem skortir kunnugleika á því, sem það fjallar um. Ég á við 15. gr., en hún mælir svo fyrir, að öll ákvæði þessara l. gildi einnig um leigu á húsum, bryggjum og pöllum til línuveiðabáta, sem róa úr landi. Þarna er fyrst og fremst tekið fram, að það gildi aðeins um línuveiðabáta. Ef annar bátur en slíkur rær í sömu verstöð, kemur hann ekki undir ákvæði l. T. d. ef bátur leigir í þessari sömu verstöð, en notar annað veiðarfæri, t. d. handfæri, þá ná l. ekki til hans.

Það er sjálfsagt meiningin, að allir viðlegubátar, hvort sem þeir veiða á línu, í dragnót eða á handfæri, komi undir l.

Svo er síðari mgr.:

„Hafi leiga eftir slík hús, bryggjur og palla verið greidd með aflahlut, getur leigutaki krafizt, að leigan verði metin til peningaverðs, og má leiga þessi ekki hækka meira en sem svarar hækkun almennrar húsaleigu."

Já, þetta er nú svo sem gott og blessað. En hvernig á að meta það? Nú hafa tveir bátar sama húsnæði á leigu. Annar aflar 600 skp., en hinn 200. Báðir gjalda hlut af aflanum. Nú á að breyta þessu. Hvernig á að meta þetta? Á að meta húsaleigu fyrir þann, sem veiddi 200 skp. jafnhátt og fyrir hinn? Áður greiddi hann aðeins ⅛.

Nei, þetta ákvæði er alveg óþolandi. Það sýnir, hvílík hrákasmíði frv. er. Fyrst leggur ríkisstj. fram frv., svo koma ýmsir þm. með brtt., sem eru svo vanhugsaðar, að það er ekki út í þær farandi nema af lögfróðum mönnum. (BBen: Eru ekki sumir hv. þm. það?). Þeir geta verið hámenntaðir menn, — en bara ekki á þessu sviði, — kennarar, lögfræðingar, meira að segja prófessorar í lögum. En frv. sýnir, að þeir, sem hafa samið það, eru ekki því starfi vaxnir, sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur. Ég tek þessa gr. frv. sem dæmi. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. fellst á, að þetta þyrfti að fara í burtu. Ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. vilji ekki vera þess valdandi, að slík ákvæði standi. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún vilji ekki taka það til athugunar hvort öll þau hörðu ákvæði, sem í þessum l. felast, skuli gilda um allt land. Um hitt, hvernig þau eiga að vera fyrir Rvík, legg ég ekki á neinn fullnaðar dóm. Til þess brestur mig þekkingu. En ég vildi segja þetta áður en frv. yrði samþ., því að mér skilst, að hægt sá að koma í veg fyrir, að gengið sé frá því eins og hér liggur fyrir og vona, að hægt sé að breyta því svo, að það verði sómasamleg afgreiðsla á því á Alþ.

Frsm. (Guðm. Í. Guðmundsson): Hæstv. félmrh. veik að breyt., sem gerð var á 4. gr. frv. við afgreiðslu þess í Nd. Hann gat þess sérstaklega, að hann teldi óheppilegt, að húseiganda, sem væri staðinn að því að taka í heimildarleysi húsnæði, yrði gefið tækifæri til að ráðstafa því aftur.

Ég vil nota tækifærið til þess að undirstrika það sjónarmið, að það kemur ekki til mála, að húsráðandi, sem staðinn er að því að brjóta l. með því að taka til sín húsnæði, fái að hafa óbundnar hendur með að ráðstafa því. Það má ekki minna vera en að þess sé krafizt, að húsráðandi skuli ráðstafa því til húsnæðislausra innanhéraðsmanna. Ég mundi taka undir það að bera fram sérstaka brtt. um það.

Að því er snertir orðin „þegar sérstaklega stendur á" í 5. gr., vil ég segja nokkur orð. Hæstv. félmrh. skýrði frá því, að í hv. Nd. hefði einn allshnm. tekið fram, að hann skildi ákvæðið þannig, að það ætti því aðeins við, að um brýna og óvenjulega nauðsyn væri að ræða, og vildi hæstv. félmrh. álíta, að álit þessa hv. nm. kynni að hafa áhrif fyrir dómstólunum. Af þeirri reynslu, sem ég hef sem lögfræðingur, og kynnum mínum af dómstólunum, finnst mér ekki geta komið til mála, að þau ummæli hv. þm. í allshn. geti haft áhrif. Dómstólarnir eru vanir að leiða hjá sér álit einstakra þm. Enda er það svo, að þegar þm. ræða um slíkt, þá togar hver í þá skoðunina, sem hann vill sjálfur telja rétta. Ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á, að orðalag frv. gefi tilefni til þeirrar skoðunar, sem hann lagði í það. Vegna þess að nokkur ágreiningur er um, hvernig þessi ummæli eigi að skiljast, þá er eðlilegt að breyta orðalaginu svo, að eigi verði frekar um það deilt.

Þá mun ég fara nokkrum orðum um ræðu hv. 1. þm. S.-M. Hann gat þess, að ég hefði látið þau orð falla í framsöguræðu minni, að l. þau, sem gilt hafa um húsaleigu, væru engin lausn á þessu máli. Mér er ljóst, að þau eru ekki fullnægjandi, því að það er ekki nóg að setja löggjöf um hagnýtingu húsnæðis, heldur þarf einnig að örfa nýbyggingar. En þetta frv., sem hér er á ferðinni, er ekki þýðingarlaust, heldur þvert á móti til mikils gagns. Það er að vísu aðeins bráðabirgðalausn á meðan brotizt er fram úr mestu erfiðleikunum. Hingað til hefur lítið verið gert af hálfu ríkisvaldsins til bygginga. Hið eina er það, að veittur var styrkur til Byggingafélags verkamanna, til þess að koma upp húsum, en annað var ekki gert, enda þótt þess hafi verið full þörf.

Þá sagði hv. 1. þm. S.-M., að óþarfi væri að láta l. um húsaleigu gilda nema í Rvík og stærstu kaupstöðunum. Ég er honum ekki sammála hér, því að það er vitað mál, að víða í sjávarþorpum er húsnæðisleysi fullt eins tilfinnanlegt og hér í Rvík. Að sjálfsögðu verða l. ekki framkvæmd nema þar, sem þess er þörf, og þess vegna þarf ekki að vera að binda þau við ákveðna staði. Þá mun ég snúa mér að hv. 6. þm. Reykv. Sá hv. þm. og ég erum sammála um frv. að undantekinni 5. gr. þess. Við erum sammála um grundvallarsjónarmið 5. gr., enn fremur um það, að húsaleigun. þurfi heimild til þess að taka auðar íbúðir og ráðstafa þeim. Einnig erum við sammála um, að nauðsynlegt sé að skammta húsnæði. Um þetta þrennt er enginn ágreiningur okkar á milli, heldur hitt, hver skuli hafa í hendi yfirstj. á skömmtun húsnæðis. Ég tel því máli bezt borgið í höndum bæja- og sveitastj., en hv. 6. þm. Reykv. vill, að málið sé í höndum húsaleigun., og rök þau, er þessi hv. þm. færði fyrir máli sínu í gær, leiddu að þeirri niðurstöðu, sem ég kemst að í þessum efnum. Hann sagði, að Rvíkurbæ hefði gengið erfiðlega að fá lagaheimild til þess að bera utanbæjarmenn út úr húsnæði, og ég skal ekkert segja um hvað rétt er í því efni. En svo gat hv. þm. þess, að þegar lagaheimildin hefði verið fengin, þá hafi reynzt erfitt að framkvæma hana af því, að húsaleigun. hafi gengið lélega fram í því að nota lagaheimildina, og bæjarstjórn hafi ekki nóg vald hvað þetta snertir.

Af þessum forsendum dregur svo hv. þm. þá ályktun, að rétt sé að hafa þetta vald í höndum húsaleigunefndar, en mér fyndist nær að draga þá ályktun að réttara sé að hafa þetta vald í höndum bæjarstj.

Ég get að vísu vel skilið, að hv. 6. þm. Reykv. vilji ekki fá þessi mál undir bæjarstj., því að það er erfitt að gera svo öllum líki í þessum efnum, og getur hæglega skapað bæjarstj. óvild, en þó er

það að mínum dómi eðlilegra, að þessi mál séu í höndum þeirra manna, sem kjósendurnir trúa fyrir málum sínum.

Þá er ræða hv. þm. Barð. Það var löng ræða, en innihaldið fremur veigalítið. Hv. 5. þm. Reykv. hefur svarað þessari ræðu rækilega, svo óþarfi er fyrir mig að fara út í hana nákvæmlega, en ýmis atriði í ræðunni gefa tilefni til nánari íhugunar. Hv. þm. Barð. sagði, að frv. þetta væri bæði illa undirbúið og illa athugað af n. — Þessi ummæli ásamt ýmsu fleiru bera með sér, að þessi hv. þm. hefur hvorki kynnt sér frv., álit milliþn. né heldur l. um þessi efni. Hann talaði um 2. gr. frv., en hún er svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. heldur leigusali óskertum rétti sínum til að slíta leigumála vegna vanskila á húsaleigu eða annarra samningsrofa af hálfu leigutaka, svo og ef leigutaki hagar sér þannig eða fremur eitthvað það, er að mati húsaleigun. gerir leigusala verulega óþægilegt að hafa hann í húsum sínum." — Hv. þm. Barð. fannst þessi ákvæði ekki nógu skýr, og enn fremur sagði hann, að hér væri á ferðinni nýmæli. Ef hv. þm. hefði staldrað við, þá hefði hann getað séð, að hér var ekki um nýmæli að ræða, því að 2. gr. frv. er tekin úr 2. gr. l. 8. sept. 1941. Svo að ef þessi hv. þm. hefði fylgzt með almennum fréttum í dagblöðunum, þá hefði hann getað séð, að þessum málum var komið þannig fyrir, að húsaleigun. gat úrskurðað útburð. Ef eigi var unað við þann úrskurð, þá gat málið farið til bæjarþings og síðan til Hæstaréttar. — Þetta vita allir, nema ef til vill ekki hv. þm. Barð.

Svo er hér annað dæmi, sem sýnir, hve grunnt þessi hv. þm. veður í málinu. Hann minntist á 10. gr. frv., en hún er á þessa leið: „Húsaleigunefnd ber að fella úrskurð um ágreining út af uppsögn á leigusamningi um húsnæði samkvæmt 1. gr. laga þessara. Skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna, en hlíta skal honum, unz dómur fellur."

Þetta finnst þessum hv. þm. nýmæli og biður mig að benda sér á hliðstæð ákvæði í l. — Úr því hann hefur ekki kynnt sér þetta, þá get ég frætt hann á því, að mörg hliðstæð ákvæði eru til í íslenzkum l., og þessi gr. er tekin orðrétt úr 10. gr. l. frá 8. sept. 1941. — Þá gat hv. þm. þess í sambandi við 5. gr., að þegar um skömmtun húsnæðis væri að ræða, þá væri húsaleigun. æðsti aðili. Ef hv. þm. hefði lesið 3. málsgr. 5. gr., þá gat hann séð, að þar er heimild til að skjóta málinu til bæjar- eða sveitarstj., ef ágreiningur kemur upp. Á þessu getur hv. þm. séð, að úrskurðarvaldið er ekki í höndum húsaleigun.

Mér blöskraði ræða þessa hv. þm., en þó ekki verulega fyrr en hann réðst að okkur fyrir það að vera fylgjandi frv. og sagði, að það sýndi, að við mætum lítils heimili okkar. Ég tel þurfa mikinn kjark til þess að bera fram aðra eins ósvífni, því að ef hv. þm. hefði fylgzt með húsnæðismálunum, þá hefði hann aldrei viðhaft slík ummæli.

Heilsa fjölda barna og kvenna er nú í mikilli hættu vegna húsnæðisskorts. Heilar fjölskyldur þurfa nú að hafast við í bárujárnsskúrum suður á Melum, á meðan ýmsir hér í Rvík hafa húsnæði svo úr hófi keyrir. Jafnvel eru dæmi þess, að tvær manneskjur hafi 10 herbergja íbúð.

Ef hv. þm. Barð. hefði spurt sessunaut sinn um þessi mál, þá hefði hann ekki látið annað eins frá sér fara og raun ber vitni. Ég vil undirstrika það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, snertir alla, og heilsa fjölmargra er undir því komin, hvort frv. verður samþ. Ég legg til, að það verði samþ. óbreytt, því að ég er með því, að til bóta verði stefnt, en ekki í voða, eins og hv. þm. Barð. virðist vilja.

Jónas Jónsson: Þetta mál hefur mikið verið rætt og mikið athugað, en ég vil þó gera nokkrar athugasemdir við það og sérstaklega hvað snertir Rvík. Ég tel þetta frv. vera á misskilningi byggt. Það, sem frv. á að gera, er að tryggja sem flestu fólki samastað, og væri slíkt ekkert athugavert, ef Rvík væri öruggasti staðurinn á Íslandi bæði hvað snertir atvinnumöguleika og annað. Ef maður athugar þetta, þá sést, að þessu er ekki þannig varið. Styrjöldin er nú í fullum gangi, og í erlendum blöðum er Rvík talin við hlið hinna hernaðarþýðingarmestu staða svo sem Singapore, Gíbraltar og Malta. Enn þá hefur að vísu ekki verið barizt hér, en ávallt má vænta þess, að árás verði gerð hér á Rvík.

Við vitum, að helzti flugvöllur setuliðsins er svo að segja inni í miðjum bænum, svo að enginn staður á landi hér er hættulegri en Rvík, og ætti því frekar að leggja áherzlu á að flytja fólk á brott héðan heldur en gera ráðstafanir til þess að tryggja því varanlegan samastað. Þetta hafa menn skilið og gert ráðstafanir til þess, að hægt sé að flytja fólk burt ef í nauðir rekur, og enn fremur hefur fjöldi barna og kvenna verið fengið íverustaðir yfir sumartímann.

En athugum nú, burtséð frá hættum þeim, sem yfir Rvík vofir í stríði þessu, hvernig framtíðarvinnustaður Rvík verður eftir stríðið. Ég tel engan stað hér á landi jafnlíklegan til atvinnuvandræða. Fyrir stríðið hafði Rvík togaraútgerð sem aðalundirstöðu. Nú hefur togaraflotinn gengið úr sér sem eðlilegt er, þar eð hann nú siglir með fisk til Englands og fer þannig yfir eitt hið mesta hættusvæði veraldarinnar. — Það, sem eftir er nú af flota þessum, er úr sér gengið, slitið og gamalt. Enginn getur því verið of viss um atvinnumöguleika að stríðinu loknu.

Mér finnst því eðlilegra að flytja fólk burtu héðan, heldur en vera að hlynna að því, þegar útlitið er ekki betra en þetta. — Fyrir stríð höfðu Reykvíkingar þó togaraflotann að styðjast við og var þó atvinnuleysi, sem engin vissa er fengin fyrir því, að hægt verði eftir stríð að endurnýja hann sem skyldi. Ef höfundur þessa frv., hæstv. félmrh., vill bæta úr húsnæðisvandræðunum hér, þá ætti hann fremur að gera það með því að flytja fólkið á öruggari staði, því að í Rvík er ekkert öryggi.

Mér finnst undarlegt, ef menn halda, að við framsóknarmenn getum verið fylgjandi þessu frv., þegar atvinnan í sveitunum dregst nú óðum saman sökum fólksstraumsins úr sveitum í kaupstaði, og hið ýtrasta er nú gert til þess að halda framleiðslunni í horfinu.

Fulltrúar dreifbýlisins geta ekki verið með þessum ráðstöfunum, því að þær fara í öfuga átt við hagsmuni sveitanna. Hið eina réttlætanlega er að flytja fólk úr þéttbýli í dreifbýli, þar sem þess er þörf. — Þetta ætti hæstv. félmrh. að athuga.

Ég gæti trúað, að það væru ekki fáir menn, sem kæmu útslitnir bæði í kauptúnunum og dreifbýlinu af of mikilli vinnu eftir þá miklu pressu, sem á það hefur verið lögð vegna þeirrar miklu fólksfæðar, sem skapazt hefur fyrir það, að vinnuaflið hefur sogazt til Rvíkur til hverfullar og sumpart skaðlegrar atvinnu.

Ég vil enn beina því til hæstv. ráðh., hvort honum sýnist ekki viðurhlutamikið að vita, að úti um allt land, bæði í sveitum og kaupstöðum, standa hús auð og meira en hálfauð, af því að fólkið hefur farið í þessa gullnámu, sem Rvík hefur verið álitin. Það er sagt, að sumt af þessu fólki búi í skúrum suður á íþróttavelli og ýmsum öðrum bústöðum, sem séu algerlega óviðunandi. En vill hæstv. ráðh. ekki heldur biðja um l. til að koma þessu fólki fyrir, með opinberum ráðstöfunum, ef ekki öðruvísi, þar sem húsnæði er og atvinnuskilyrði, heldur en að láta það vera hér í atvinnuleysi og eymd.

Ég kem þá að einu atriði, sem mig furðar á við meðferð málsins í Nd. Ég hef sagt persónulega við hæstv. ráðh., sem var að reyna að gera bragarbót við frv., að ég hafi talið, að öðruvísi hafi átt að að fara, þar sem verið er að reyna að tryggja húsnæði til handa því fólki, sem hingað er komið í leyfisleysi og athugaleysi á þessum stríðsárum. Frv. var þannig úr garði gert, áður en hæstv. ráðh. fór að skipta sér af því, — og hann gerði ekki breyt. á því, sem ég taldi nægilega, — að alþm., sem koma til bæjarins, og embættismenn eins og t. d. Sigurður Hliðar, sem kemur hingað til að gegna störfum fyrir ríkið, skólafólk í ríkisskólum, — í stuttu máli alþingismenn, embættismenn, sem kynnu að koma hingað til að vinna fyrir ríkið og skólafólk í skólum ríkisins, hefðu orðið að fá leyfi samkv. frv. eins og það var til að fá að koma í þennan bæ. Mér er spurn: Hefur heyrzt annað eins og að alþm. þurfi að fá leyfi hjá óviðkomandi n. til að fá að koma á þingstaðinn? Hefur heyrzt annað eins og að nemendur í ríkisskólum þyrftu að fá slíkt leyfi til að fá að koma í skólana eða að embættismenn ríkisins til að fá að vera á þeim stað, sem þeir stöðu sinnar vegna verða að vera á? Ég veit, að það var síðan fitlað við þetta, en ég tek þetta sem dæmi um hinn óforsvaranlega undirbúning frv. og að þm. Nd. misbuðu sjálfum sér og Alþingi með því að samþ. í hugsunarleysi, að þeir þyrftu að sækja um sérstakt leyfi til að mega koma á sjálfan þingstaðinn. Það er von, að fólk, sem lítið þekkir til þingsins, kasti hnútum að Alþ., þegar það getur komið fyrir, að það komist í gegnum margar umr. ákvæði, sem útilokar alþm. frá að koma á Alþ. — Ég býst við, að ég noti rétt minn til að tala aftur nú og við næstu umr., svo að ég mun ekki segja nú allt, sem ég hef að segja, en ég vil þá gefa nokkra hugmynd um, að hér fer allt saman, undirstaðan og frágangurinn, hroðvirknin og hirðuleysið um, hvað sæmd Alþ. getur minnst krafizt.

Ég kem þá að því, sem hefur nokkuð verið hreyft af öðrum hv. þm., en það er sú nýjung í frv. að rjúfa heimilisfriðinn. Þær ráðstafanir, sem hér er talað um, eru svo sérstakar, að ég leyfi mér að fullyrða, að dómgreind almennings vill ekki leyfa slíkt nema undir öðrum kringumstæðum. Ef hér gerðust þau sorgartíðindi, að hér yrði farið að berjast, hús eyðilegðust hér í bænum og fólk yrði að flýja héðan, þá er ég viss um, að sveitafólk og fólk í kaupstöðum úti um land mundi taka á móti íbúum þessa bæjar, eftir því sem föng væru frekast á, alveg eins og Rvíkurbúar, þegar jarðskjálftarnir voru á Suðurlandi 1896, tóku húsnæðislaust fólk og gerðu með því mesta miskunnarverk. Sama mundi það fólk gera, ef Rvík eða einhver annar partur landsins yrði fyrir slíkum árásum. Hitt fullyrði ég, að það er á móti allri réttlætistilfinningu almennings, að á Alþ. séu samþ. l., sem heimila óviðkomandi n. manna að taka hvaða heimili sem væri og setja þangað með þriggja daga fyrirvara hvaða persónur, sem væri, sem þessari n. þóknaðist að koma fyrir þar. Ég get vel skilið, að kommúnistar þessarar d. skoði þetta mikinn sigur fyrir sig í allri sinni „revolution", að slíkt ákvæði skuli komast í gegnum d. Ég vil fullkomlega reyna að setja mig í spor kommúnista, og ég tel eðlilegt eftir þeirra afstöðu, að þeir gleðjist yfir, hvað þeim og þeirra líkum hefur tekizt að blekkja menn fram að þessu. Ég vil engu um það spá, að kommúnistar verði eins glaðir, þegar búið er að ganga frá þessum l. Þeir ættu því að geyma sér þennan fögnuð yfir því skaðræði, sem þeir vona, að þeir hafi unnið, þar til síðar.

Ég held, að ég verði að segja frá því, hvernig þetta mundi líta út eftir till., sem kommúnistar í bæjarstj. hafa gert. Það sagði mér maður, hvernig þetta mundi verða í hans húsi eftir þeim till. Heimilisfólkið er hjón, þrjú hálfvaxin börn og ein stúlka, eða alls sex menn. Íbúðin er 4 eða 5 herbergi. Eftir þessum tillögum yrðu hjónin og vinnukonan að vera í einni stofu, börnin í annarri og svo sennilega einhver aðgangur að eldhúsi. Þetta er sá heimilisbragur, sem þessir menn vilja koma á heimilin. Þeir reikna út í fermetrum, hvað hver maður megi hafa mikið. Þetta er miðað við það, sem verst þekkist í „slumsunum" í stórborgunum, og þannig var hugsun þeirra að gera Rvík. Sú hugsun mælir með sér sjálf. Nú er það ekki aðeins það, hvernig þetta mundi taka sig út, þegar búið væri að kasa fólkinu þannig saman. Ég tel það mikið lán, að einhver fremsti læknir landsins er orðinn félagsmálaráðh., því að ég treysti því, að hann komi í veg fyrir þá sýkingarhættu, sem af þessu getur stafað og út í er stefnt með þeim áróðri, sem liggur á bak við þetta frv. frá kommúnistum.

Ég kem þá að því, sem líka hefur verið athugað af öðrum mönnum, að fram að þessu hefur verið álitið, að fjölskyldurnar á heimilunum ættu að fá að lifa á sínum heimilum. Þetta er að áliti allra, sem eru ekki kommúnistar, undirstaða alls þjóðlífs. Þetta hefur verið eitt af því, sem íslenzka þjóðin í þúsund ár hefur fengið að njóta, að heimili hvers manns hefur verið hans friðaði reitur. Á þessu hefur þjóðlífið byggzt. Hvert heimili hefur haft sinn vígða reit út af fyrir sig, þar sem foreldrar, börn og aðrir heimilismenn hafa fengið að vera í friði. Nú á að rjúfa þetta virki. Kommúnistar hafa haft lag á að þrýsta þannig á, að menn, sem eru ekki trúaðir á sameignarskipulagið, hafa látið afskiptalaust, að hér er verið að rjúfa innsta virki þjóðlífsins. Hvernig

sem því er snúið, þá eiga fjölskyldurnar í landinu, sem eru ekki kommúnistiskt sinnaðar, að *eiga yfir höfði sér*, að hægt sé að setja inn á heimili þeirra aðrar fjölskyldur eða eitthvert annað fólk. Ég get vel hugsað mér, að slík aðferð sem þessi geti orðið til þess, að margt af því fólki, sem verið hefur lengi í bænum, byggt hann upp á einn eða annan hátt og hefur eignazt sín eigin heimili, vilji ekki búa undir þessu og flýi bæinn. Verður þá eftir það fólk, sem hér er um að ræða, sem sennilega hefur ekki mjög djúpar rætur í bænum, en hefur borizt hingað með gullstraumnum, *fólk, sem hefur hagnað af setuliðinu*, sumt af því þannig, að hægt er að kenna í brjósti um það miklu fremur en áfella það, það er þjóðarsorg í sambandi við það, en ekki gleði. Ég get ekki hugsað mér það neinn ávinning, að fólkið, *sem hefur byggt upp bæinn*, sé hrakið burt, til þess að fórnardýr striðsáranna gætu setzt í heimili þess, af því að ekki er hægt að vera þar lengur, þegar búið er með herfilegum hætti, sem er ósamboðinn siðaðri þjóð að taka af þeim þau *dýrmætustu réttindi, sem menn hafa talið sig* eiga, friðhelgi heimilisins. Eins og frv. kom frá Nd. og eins og það er nú, þá er þetta nokkuð mildað, þótt lítið sé, en brtt., sem fram hefur komið um þetta, gengur ekki nærri því nógu langt.

Ég sé ekki, að hægt sé að ganga nema einu stigi lengra í þessum efnum, en það er ef n. gæti skipað svo fyrir, að t. d. ekkjur og ekkjumenn, sem kynnu að eiga sín heimili, væru skyldug *til að taka inn á sig heimilislausa menn eða* konur af götunni. Þó að ég segi þetta sem spaug, þá er það það ekki, því að ég tel, að það sé ekki hægt að ganga nema þessu eina stigi neðar í vitleysunni, og það er að fara að bæta við í rúmin *fólki, sem kommúnistar telja, að sé af einhverjum* ástæðum hagur af að hafa í bænum. Þess vegna segi ég það, að þetta frv. verðskuldar sannarlega miklu meiri athugun en enn þá hefur verið gerð á því.

Ég hef hér aðeins tekið örfá atriði, þau stærstu, en hef frestað sumum. Það hefur áður verið rætt um aðra hlið þessa máls, þá sem snýr að fólkinu utan Rvíkur. Ég álít, að þetta mál sé svo mikil náma af vitleysum og fjarstæðum, að sem allra *flestir hv. þm., sem sjá, hvert stefnir, eigi að nota* þetta tækifæri til að kenna kommúnistum, að ekki er enn þá kominn tími til að boða íslenzku þjóðinni það, sem þeir eru að sýna í þetta skipti.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Vegna ummæla hv. þm. S.-Þ. langaði mig til að gefa örlitla skýringu.

Mér skilst, að það sé aðallega þrennt, sem sker þennan hv. þm. fyrir hjartað í þessu máli. Í fyrsta *lagi*, að það skuli ekki vera ákvæði í frv. stj., sem bægja að einhverju leyti fólki frá Rvík. Í öðru lagi, að frv. hafi komið þannig frá Nd., að alþm. og nemendur í föstum skólum þurfi að sækja um leyfi til húsaleigun. til þess að fá að taka á leigu húsnæði í Rvík. Í þriðja lagi er það skömmtun á húsnæði. Ég vil nú gefa nokkra skýringu viðvíkjandi þessum atriðum.

Í 11. gr. stendur, að leigusala sé skylt að leggja fyrir húsaleigun. til samþykktar alla leigumála, sem gerðir hafa verið eftir 14. maí 1940. Í 3. gr. er sagt, að leigusala sé óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og séu slíkir leigusamningar ógildir. Í 1. gr. stendur, að leigusala sé óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði nema honum sé að dómi húsaleigun. þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann og eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 9. sept. 1941. Þegar sérstaklega stendur á, geti húsaleigun. þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 8. sept. 1941, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf fyrir sjálfan sig. Í stuttu máli, þetta frv. gengur fyrst og fremst út á að tryggja húsnæðislausu innanbæjarfólki húsnæði. Það gengur út á að bægja frá utanbæjarmönnum. Það verður að leggja fyrir n. alla samninga, sem gerðir hafa verið fyrir 14. maí 1940, og ef kemur í ljós, að með þeim hefur verið leigt utanbæjarfólki, þá eru þeir ógildir. Í 3. gr. segir, að húsaleigun. geti látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu og skuli því ráðstafað banda húsnæðislausum innanhéraðsmönnum. Meira held ég ekki, að sé hægt að gera.

Þá er annað atriðið, að það sé óviðkunnanlegt, að alþm. eða nemendur í föstum skólum skuli þurfa að sækja um það til húsaleigun. að fá að taka á leigu húsnæði í Rvík. Það kann að vera, að það sé óviðkunnanlegt, en það verður þó ekki komizt hjá, að alþm. og nemendur í föstum skólum verði eins og aðrir þegnar landsins að gera vart við sig, þegar þeir taka húsnæði á leigu, og eftir brtt., sem n. gerir ráð fyrir, er n. skylt að veita alþingismönnum, nemendum í föstum skólum og öðrum, sem líkt stendur á fyrir, leyfi til að taka húsnæði á leigu, og það hefur ekki staðið á slíkum leyfum. Ef þetta ákvæði væri ekki, gæti verið hætta á, að menn kæmu og segðust vera nemendur í föstum skólum, en væru það ekki, og þá væri botninn farinn úr öllu. Ég vænti þess, að hv. þm. skilji þetta, þegar hann hugleiðir það, að nauðsynlegt er, að n. geti fylgzt með, hverjir fá húsnæði, og gæti þess, að ekki fái aðrir húsnæði en þeir, sem leyfilegt er að fá það.

Um 5. gr. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða neitt meir. Mér skilst, að flestir séu sammála um, að ekki sé hægt að komast hjá að reyna að leysa sárustu neyð manna í húsnæðismálunum, þ. e. a. s. innanhéraðsmanna. Ekkert bæjarfélag mundi líða, að fólkið liði hungur, og það getur heldur ekkert bæjarfélag liðið, að svo og svo margir bæjarbúar eigi ekki þak yfir höfuðið, og ég hygg, að ekki verði mikil vandræði að fá fólk til að hliðra svo til, ef að því er farið með lagi, að skömmtunarákvæði 5. gr. þurfi ekki að valda neinni byltingu.

Annars vil ég vekja athygli á því, að í Rvík er nú mikið húsnæði í smíðum. Samkvæmt upplýsingum byggingarfulltrúa eru nú í smíðum 5 eins herbergis íbúðir, 118 2 herbergja íbúðir, 170 3 herbergja íbúðir, 78 4 herbergja íbúðir, 25 5 herbergja íbúðir, 17 6 herbergja íbúðir, 4 7 herbergja íbúðir og 4 8 herbergja íbúðir. Alls er þetta 421 íbúð, sem nú er í smíðum í Rvík. Ef maður reiknar út herbergjafjölda, þá eru þarna 1350 íbúðarherbergi,

og þegar þau öll eru fullgerð og þegar þess er gætt, að fólksstraumurinn til bæjarins stöðvast, vegna þess að ekki má leigja utanhéraðsmönnum, þá held ég, að húsaleiguspursmálið verði ekki svo mjög torleyst.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Ed., 9. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 382, n. 478, 481, 503, 507).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Um þetta mál urðu allsnarpar umr. síðast. Ég mun einkum snúa mér að því að svara hv. frsm. 9. landsk. og þá jafnframt hv. 5. landsk., því að svarræða hins fyrra byggðist á svari hins síðara. Hv. 5. landsk. hélt því fram, að það væri þýðingarlítill atvinnuvegur að eiga hús og taldi það ekki sambærilegt við aðra atvinnuvegi landsmanna. Hv. 9. landsk. kvaðst þessu sammála, en annars verður að líta svo á, að hann hafi ekki gert sér ljóst, hvað hann var að segja. Ef hv. 9. landsk. álítur það þýðingarlítinn atvinnuveg að eiga og byggja hús, þá er það einkennilegt, að hann skuli sjálfur starfa sem formaður í byggingarfélagi og leggja sig í framkróka til þess að knýja út úr ríkissjóði stórar fjárhæðir til byggingarframkvæmda. Ég skil ekki samræmið í þessu hjá þessum mönnum, sem álasa þeim einstaklingum, sem hafa tekið það að sér að sjá fólki fyrir íbúðarhúsum, en knýja svo sjálfir fram fé úr ríkissjóði, þegar einstaklingarnir geta ekki séð fyrir nægilegu húsnæði. Það hlýtur eitthvað að vera bogið við slíkan hugsunarhátt. Sannleikurinn er sá, að það er nauðsynlegt að koma byggingarmálunum í það horf, að bæði riki og einstaklingar geti vel við unað. En þegar hv. 9. landsk. heldur því fram, að hann sé að gera sérstakar ráðstafanir til þess að auka nýbyggingar, þá er hann nú einmitt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir nýbyggingar. Það er mjög skiljanlegt, að enginn vilji leggja á sig erfiði og fjárhagslega hættu til þess að byggja, þegar hann á að búa undir þeim lögum, sem hér um ræðir, þar sem hann á engu að fá að ráða um það hús, sem hann byggir.

Þá taldi hv. 9. landsk., að það mundi ekki verða neitt þjóðarböl, að núverandi húseigendur hættu að eiga hús. Ég veit ekki, hvort þessir hv. þm. hafa gert sér það ljóst, að það getur orðið þjóðarböl, ef þessum mönnum er gert ómögulegt að eiga hús. Þeir ættu að minnast gerðardómsl. sálugu, sem þeir kölluðu þrælalög. Þeir hikuðu ekki við að brjóta þau og þar með gáfu þeir fordæmi, og það er ekki ómögulegt, að húseigendum detti í hug að hagnýta sér það, sem þessir félagar þeirra hafa kennt þeim. Það er ekki víst, að þeir telji sér skylt að sýna 100% þegnskap eftir slíkt fordæmi, ef þeir þykjast óréttí beittir. Ég verð að segja, að það sé táknrænt að þetta er nú í fjórða skipti, sem þessi lög koma fram hér á Alþ., og það er áreiðanlega ekki í síðasta skipti, því að þau munu alltaf ganga aftur, þar til þessum málum hefur verið skipað af sanngirni og þannig, að báðir aðilar megi vel við una.

Allur þessi gauragangur kemur af því, eftir því sem hæstv. félmrh. segir, að ráðstafa þurfti 40 manns, sem voru í skúrum á s. l. hausti. En síðan bætir hæstv. ráðh. því við, að von sé til þess, að 452 nýjar íbúðir verði bráðlega teknar í notkun, en samt á að halda áfram að þvinga l. í gegn. Þeir, sem byggt hafa húsin yfir sig, eiga ekki að vera jafnréttháir eins og verkafólkið eftir því, sem hæstv. félmrh. hefur upplýst. Ég ætla ekki að ræða mikið um rakaleysur hv. 9. landsk. Hann sagði, að hinar ýmsu gr. l., að þær hefðu verið teknar úr hinum fyrri l., og að ég hefði ekki kynnt mér l. svo mikið, að ég vissi þetta. Þarna er nú auðvitað skotið yfir markið, því að það er hægt að gera aths. við gr., þó að þær séu teknar úr öðrum l., því að þau l. eru auðvitað byggð á sama óréttlætinu. Ég vildi þá aðeins minnast á ræðu hæstv. félmrh. eins og hún kom fram á síðasta þingfundi. Hann sagði, að hér væri ekki gengið meira á rétt húseigendanna heldur en þeirra, sem eiga sparifé í bönkum. Hér er um hreinan misskilning að ræða. Það er að vísu rétt, að sparifjáreigendur frá fyrri tímum hafa orðið hart úti með sínar eignir, en þar er allt öðru máli að gegna, þeirra frelsi er ekkert heft, þessir menn geta lagt sitt sparifé í atvinnurekstur og á þann hátt gert tilraun til þess að fá hærri vexti en þeir fá í bönkum, og það er ekki ólíklegt, að margir hafi farið þannig að. Margir hafa byggt hús og á þann hátt gert tilraun til þess að fá hærri vexti, og hins vegar til þess að reyna að bæta úr ófremdarástandinu í húsnæðismálunum. Hér er því ekki um neitt sambærilegt að ræða. Hins vegar er það sambærilegt með gerðardómsl. Hafi þau l. verið níðingsháttur gagnvart verklýðsstéttinni, þá er þetta frv., ef að l. verður, á sama hátt níðingsháttur gagnvart húseigendunum. Þá minntist hæstv. félmrh. á 5. gr. Ég er honum alveg sammála um það, að það er alveg nauðsynlegt að tilgreina það nánar, hvernig skilja beri ákvæði 2. málsl. þeirrar gr., hvort þar er átt við, að þau komi aðeins til framkvæmda, ef til loftárása kæmi. Þá minntist hæstv. félmrh. á niðurl. 4. gr., og vildi láta breyta því aftur, en hann lét ekkert uppi um það, hvort það væri eðlilegt, að bæjarstj. gætu ákveðið hámark húsnæðis, en þetta er einmitt mikilvægt atriði. Ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á, að það sé rétt að gefa þetta vald í hendur bæjarstj. Ef farið er inn á þá braut að ákveða hámark húsnæðis, þá álít ég, að það eigi að verða gert af Alþ. og Alþ. eigi að bera ábyrgðina á slíkri skömmtun.

Ég sé, að fram hafa komið margar brtt. við þetta frv., en ég hef ekki haft tíma til þess að athuga þær, og vona ég, að hæstv. forseti fresti atkvgr. um málið, svo að þm. gefist kostur á því að athuga þessar brtt. nánar. Í sambandi við 15. gr. vildi ég leyfa mér að benda á það, að um leigu á bryggjum og pöllum til línuveiðabáta hefur verið gefin út sérstök reglugerð, og verður annað hvort að fella þá reglugerð úr gildi eða þá að setja inn ákvæði í samræmi við þessa reglugerð. Hins vegar álít ég, að þ. væri mestur sómi að því að fella frv. í heild eins og það liggur fyrir nú, taka síðan upp fyrir næsta þ. fullkomna samvinnu við báða aðila, og leggja þá fyrir það þ. betur hugsað frv. heldur en það, sem hér er á ferðinni.

Bjarni Benediktsson: Hv. frsm. lét sér ekki skiljast til fulls þær ástæður, sem til þess liggja, að við hv. þm. Seyðf. flytjum brtt. á þskj. 481,

og það virðist mér leiða í ljós, að hann hafi ekki sjálfur áttað sig til hlítar á þeirri höfuðbreytingu, frá fyrri húsaleigul., sem felst í þessu frv. Helzti vinningurinn við frv., eins og það nú liggur fyrir, er sá, að með því er reynt að sameina baráttuna á móti húsnæðisvandræðunum frá einni hendi, þ. e. húsaleigun. Það er, með frv., reynt að koma í veg fyrir þá tvískiptingu valdsins, sem svo illa hefur gefizt fram að þessu.

Með frv. eins og það er nú, eru húsaleigun. látnar fá nauðsynlegt vald, til þess að geta stjórnað þessum málum af skörungsskap og þannig, að ætla megi, að til gagns geti orðið. Þær fá vald, sem fram að þessu hefur, að meira og minna leyti verið skipt á milli bæjar- og sveitastj. og húsaleigun. Bæði að þessu leyti og öðru, hefur verið reynt að búa svo tryggilega um hnútana, að húsaleigun. verði umkomnar þess að gegna skyldum sínum og að störf þeirra geti orðið að gagni. Frá þessu er þó, eins og frv. kom frá Nd., mjög mikil frávikning í 5. gr., og verði 5 gr. samþ. eins og hún er nú, þá tel ég, að sú endurskoðun, sem fram hefur farið á húsaleigul., hafi að verulegu leyti verið unnin fyrir gýg og komi ekki að tilætluðum notum. Vegna þessa er endurvakinn sá tvískinnungur á valdskiptingunni, sem hefur orðið til þess að gera framkvæmdina í þessum efnum erfiðari og áhrifaminni heldur en ella hefði orðið. Ég verð því að lýsa yfir því, að fáist ekki brtt. mínar og hv. þm. Seyðf. við 5. gr. samþ., þá treysti ég mér ekki til þess að greiða þeirri gr. frv. atkv. Ég álít, að þarna sé um svo veigamikið mál að ræða, að fleigurinn, sem Nd. setti þarna inn, gæti að þessu leyti gert það að verkum, að framkvæmd húsaleigul. lenti ef til vill í enn þá meiri ólestri og vandræðum heldur en frumvarpsheildin óbreytt. Auk þess er það alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að sé það ætlunin að setja fyrirmæli um hámark þess húsnæðis, sem hver einstakur eða fjölskylda má hafa, þá er það svo veigamikið mál, að Alþ. má ekki afsala sér þeim rétti að setja slíkar reglur sjálft. Það er sitt hvað, hvort taka má húsnæði, sem ekki er notað, í sérstöku neyðartilfelli, eftir mati eða hvort farið er að setja almennar reglur um hámark húsnæðis. Ef Alþ. vill, að slíkar hámarksreglur séu settar, þá ber því bæði siðferðileg og réttarleg skylda til þess að setja þær reglur sjálft. Þá eru það ummæli hæstv. félmrh., sem gefa mér tilefni til nokkurra aths. Ég verð að segja það, að ég get ekki fallizt á þann skilning, sem hann sagði, að hefði komið fram í Nd. á orðum 2. málsgr. 5. gr., þar sem segir: „Bæjar- og sveitarstj. getur, þegar alveg sérstaklega stendur á, ákveðið“ o. s. frv. Ég get ekki fallizt á þann skilning, að þetta takmarkist við það, að loftárásir ykju hér húsnæðisleysið, enda á það enga stoð í bókstaf l.

Hér er það alveg ljóst, að þegar sérstaklega stendur á, þá er þessi heimild fyrir hendi, þess vegna væri það sízt til bóta að fara að hafa á þessu frekari útskýringar en nú er.

Þá sagði hæstv. félmrh. meðal annars, að það gæti ekkert sveitarfélag látið borgara sína vera húsnæðislausa frekar en ekkert sveitarfélag gæti látið borgara sína vera svanga, án þess að hjálpa þeim um mat, ef þeir hefðu ekkert til að borða. Þetta lætur, fljótt á litið, vel í eyrum, en þegar þetta er grandskoðað, þá kemur í þessu fram grundvallarmisskilningur, misskilningur, sem því miður hefur ekki komið fram hjá þessum ráðh. einum, heldur hjá allt of mörgum, sem um mál þetta hafa verið að tala.

Það hefur hvað eftir annað, þegar rætt hefur verið um húsnæðismál Rvíkur, verið talað um það, að bæjarstj. ætti sem sveitarstj. þess staðar, að hafast meira að í þessum málum en hún hefur gert. Hún hefur að vísu, nú þegar, varið 3—4 millj. kr. til þess að bæta úr þessum vandræðum, og er það ekki svo lítið fé miðað við fátækt okkar Íslendinga. En það, sem ég vildi þó sérstaklega benda á í þessu sambandi, er það, að mörg af þeim dæmum, sem nefnd hafa verið til þess að sýna fram á húsnæðisvandræðin í þessu bæjarfélagi, eru af orsökum, sem bæjarfélagið getur ekki við ráðið. Ég man það t. d., að á s. l. sumri var mikið veður úr því gert, að vestur í bænum væri fjölskylda, sem byggi í tjaldi og væri þar með ungbarn, og væru rotturnar þar á hlaupum allt í hring. Þetta var notað sem átylla til mikilla ásakana á yfirvöld, bæði bæjar og ríkis, í þessu efni. Sannleikur þessa máls var sá, að þessi maður flutti hingað til bæjarins austan úr Rangárvallasýslu, en fékk hvergi leigt, og sló hann þá upp tjaldbúð sinni. Ef bæjarfélagið ætti nú að bjóða alla slíka menn velkomna, með því að reisa þegar yfir þá fullkomna íbúð, þá er það auðséð, að slíkt er auðvitað fjarstæða. Hér er um að ræða verkefni, sem bæjar-og sveitarfélög geta ekki með nokkru móti tekið að sér og geta ekki ráðið við. Að svo miklu leyti sem opinberra aðgerða kann að vera þörf, þá verður það að vera með samvinnu milli bæjar- og sveitarstj. annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Ríkisvaldið verður vitanlega að hafa forystu í því að beina fólksstraumnum ekki um of á þá staði, þar sem hvorki er til fyrir fólkið húsnæði né atvinnuskilyrði. Það er því sannarlega ekki hægt að taka því þegjandi, að hæstv. félmrh. gefi jafnskýlausa yfirlýsingu eins og hann gaf hér á dögunum um skyldur sveitarfélaga til þess að sjá öllum, sem þar kynnu að vera á hverjum tíma, fyrir húsnæði. Ég held, að hann hefði ekki gefið slíka yfirlýsingu, ef hann hefði athugað málið til hlítar. Þá var það annað atriði, sem kom fram hjá hæstv. félmrh., og einhverjum fleirum við þessa umr., er ég vildi fara um nokkrum orðum. Það hefur mikið verið úr því gert, að nokkrar fjölskyldur hafi um hríð tengið inni í búningsklefum við íþróttavöllinn. Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh. orðaði þetta svo, að margir tugir manna, þar á meðal konur og ungbörn, hefðu yfir vetrarmánuðina verið í þessum skúrum, og það væri ástand, sem ekki gæti liðizt. Það er auðvitað rétt, að þarna var fólki hleypt inn í haust á nokkrum stöðum. Hins vegar var öllum, a. m. k. öllum, sem höfðu konur og börn, ýmist sjálfum gefinn kostur á húsnæði þegar fyrir jól eða þá að þetta fólk útvegaði sér húsnæði. Flest af því fólki, sem þarna flutti inn, var því farið þaðan 16. des., og síðan eru ekki á þessum stað nema þrír menn einhleypir og svo ein fjölskylda. Í henni eru að vísu fjórir fullorðnir og þrjú börn og kona þar með, en þessi fjölskylda átti kost á því að fá annað húsnæði, sumarbústað fyrir innan bæ, en hún kaus heldur

að vera á þessum stað, svo að það er alger misskilningur, að konur og börn hafi verið neydd til að dvelja á þessum óheilbrigða stað um vetrarmánuðina. Það er hægt að segja, að konur og börn hafi verið þar um mánaðarbil, fyrir utan þessa einu fjölskyldu, sem er þar samkvæmt eigin vali og óskum. Hún átti kost á að komast í sumarbústað, og einnig átti hún kost á húsnæði uppi á Korpúlfsstöðum. Þetta er atriði, sem ekki skiptir miklu máli viðvíkjandi stefnu þeirri, sem tekin er í húsnæðismálunum, en ég tel þó með öllu óviðeigandi að bera fram svo rangar og villandi upplýsingar í þessu efni eins og mátti ráða af ræðum sumra ræðumanna á dögunum. Í þessu sambandi held ég, að ekki sé hægt að komast fram hjá einu atriði í sambandi við húsnæðismálin, og það er það, að ekki er nokkur leið, hver sem fer með þessi mál, hvort sem það er bæjarstj. eða húsaleigun., að gera við því, að eitthvað af fólki flosni upp úr íbúðum, og það er erfitt að koma því inn aftur, vegna þess að það annaðhvort borgar ekki eða hefur hávaða og illindi, drykkjuskap, slark og læti, og þessu fólki er samkvæmt húsaleigulögunum heimilt að segja upp, en það er ekki hægt að ásaka opinberar stofnanir fyrir það, þótt ekki sé hægt að útvega slíku fólki húsnæði, og það er alltaf eitthvað af slíku fólki, sem bakar erfiðleika og vandræði. Ég hef viljað gefa þessar upplýsingar, eins og ég sagði, frekar til þess að hið rétta liggi fyrir í skjölum málsins heldur en að ég búist við, að það hafi þýðingu fyrir afgreiðslu málsins eins og það liggur fyrir.

En þrátt fyrir það, þótt ég hafi upplýst, að ástandið er ekki eins slæmt og draga mætti af ræðu félmrh. um daginn, vildi ég undirstrika það, að ég, gagnstætt því, sem félmrh. gerir, horfi með miklum kvíða til framtíðarinnar, hvað þetta mál snertir. Ég veit að vísu, að það er verið að byggja mikið í bænum og lokið verður við margar íbúðir áður en langt líður. Það þarf miklu meira en 40 íbúðir og það eru miklu fleiri en 40 manns, sem eru húsnæðislausir eins og hv. þm. Barð. sagði. Það eru hundruð manna, mörg hundruð fjölskyldur, sem eru húsnæðislausar, hafa alltof þröngt húsnæði og hafa troðið sér upp á vandamenn og kunningja, ungt fólk, sem verður að bíða með giftingu og annað þess háttar. Það þarf miklu meira húsnæði en draga mátti af þeim upplýsingum, sem félmrh. gaf hér um daginn, þótt ég viti, að hann vildi gefa sem réttastar upplýsingar samkv. þeim gögnum, sem hann hafði. Ekki er vitað, hve margir verða húsnæðislausir vegna uppsagna 14. maí, en ég tel, að það verði margir.

Ég vil undirstrika það, að hér í bænum og víðar ríkir það neyðarástand í þessum málum, sem þingið verður að gera sér ljóst, og þess vegna er algerlega nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. í höfuðdráttunum, að undanskilinni 5. gr., sem ég hef áður talað um, og afstýra með því neyð og vandræðum, ekki síst vegna þess, að þetta frv. er sú eina tilraun, sem hefur verið gerð til þess að taka á höfuðerfiðleikunum í þessu máli, en það er að stöðva flutninga utanbæjarmanna bæði í þetta bæjarfélag og önnur. Það er ágætt, að ákvæðin um þetta atriði séu skýr og ákveðin og verði eindregnari en í fyrrverandi l., og að því leyti eru þessi l. nær því að geta náð tilgangi sínum og koma að gagni en þau l., sem nú gilda, og þess vegna ber að samþykkja frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Ed., 11. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Ingvar Pálmason: Þetta frv. var til framhalds 2. umr. á síðasta fundi í d. Í fundarbyrjun lýsti hæstv. forseti yfir því úr forsetastóli, að útbýtt væri á fundinum brtt. við frv. á 2 þskj. Síðan hófust umr. um málið. Tveir hv. þm. höfðu kvatt sér hljóðs í fundarbyrjun, og tóku báðir til máls. Brtt. þær, sem hæstv. forseti lýsti yfir úr forsetastóli, að útbýtt hefði verið, gátu samkv. þingsköpum ekki komið til umr., nema veitt væru um þær afbrigði. Vegna þess að ég hafði við fyrri hl. umr. talað um frv. almennt, kvaddi ég mér ekki hljóðs, því að ég ætlaði aðeins að tala um brtt. Þegar þessir tveir hv. þdm. höfðu lokið máli sínu, stendur hæstv. forseti upp og lýsir yfir, að umr. sé lokið. Vafalaust er það rétt, að þá hefur enginn verið á mælendaskrá. Hitt er líka rétt, að afbrigða var aldrei leitað fyrir brtt., og því tel ég, að hæstv. forseti hafi tekið sér vald til að synja um afbrigði fyrir brtt., sem ég þekki ekki fordæmi fyrir í þessari d. í þau 20 ár, sem ég hef átt sæti á þingi. Ég skal ekki segja, hvort þetta brýtur í bága við þingsköp, en ég fullyrði, að það brýtur í bága við fasta venju, sem hefur ríkt í þessari d. a. m. k. síðustu 20 árin. Það hefur ætíð verið leitað afbrigða um þær till., sem fram hafa komið of seint, og það þótt þær hafi komið skrifl. Ég tel því, að formlega séð sé umr. ekki lokið enn, og vil skora á hæstv. forseta að opna umr. aftur, en ef hann vill ekki gera það, þá færi hann þeim úrskurði sínum stað, að hann hafi vald til þess upp á eigin spýtur að synja um afbrigði.

Forseti (StgrA): Ég verð að segja, að mér kemur þetta á óvart. Ég stend í þeirri meiningu, að ég hafi leitað afbrigða fyrir þessum till., en þegar þessi hv. þm. segir, að svo sé ekki, fer eg að vísu að draga í efa, að ég muni það rétt. En ef ég man það ekki rétt og ekki hefur verið leitað afbrigða um till., þá er það alls ekki af því, að ég hafi ætlað að vísa till. frá, heldur eingöngu af yfirsjón, en ég furða mig á, að hv. flm. skyldu ekki vekja athygli á því, meðan umr. stóð yfir, og mundi það áreiðanlega hafa verið tekið til greina og afbrigða leitað, ef mér hefði láðst að gera það. En fyrst því er haldið fram, að afbrigða hafi ekki verið leitað um þessar till., þá vil eg biðja fleiri hv. þdm., sem viðstaddir voru, að segja til um það, hvort afbrigða hafi verið leitað eða ekki. (**MJ:** Hvað segir bókunin?). Það hefur ekki verið bókað, og af því að fulltrúi skrifstofustjóra vakti athygli mína á því, að það hefði ekki verið bókað, ræddi ég um það við skrifara, og hann féllst á, að ég hefði munað það rétt, en ég vil lýsa því yfir, ef mér hefur láðst þetta, þá er það alls ekki af því, að ég hafi ætlað að vísa till. frá, heldur eingöngu af yfirsjón, að ég hafi reiknað með, að afbrigða hafi verið leitað. En ef það upplýsist, að afbrigða hafi ekki verið leitað, þá

mun forseti hafa vald til að opna umr. á ný, a. m. k. ef d. samþ. afbrigði hér á ný, ef það hefur ekki verið gert áður.

Gísli Jónsson: Út af tilmælum hæstv. forseta vil ég fyrir mína hönd lýsa yfir, að ég sat hér á fundi í gær. Ég er ávallt vanur að rita alla afgreiðslu niður á þingskjöl, en ég hef ekki skrifað á viðkomandi þingskjöl, að afbrigði hafi verið veitt fyrir þeim. Það síðasta, sem ég hef skrifað um atkvgr. í þessu máli, er, að frv. hafi verið vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til n. með 13 shlj. atkv., og ég minnist þess ekki, að atkvgr. hafi farið fram um afbrigði fyrir þessum till.

Páll Hermannsson: Það er búið að benda á, að það muni hafa gleymzt að leita afbrigða fyrir tveimur brtt. við þetta mál, sem nú var tekið fyrir, og það er búið að geta um, að þess hafi ekki verið getið í gerðabókardrögum, að svo hafi verið gert, sem er rétt. Hins vegar ræddi hæstv. forseti um þetta við mig og benti á, að ég hefði spurt um það, þegar leitað var afbrigða, hvort væri um báðar till. að ræða eða eina. Eftir þessu samtali mundi ég vel, að ég spurði hæstv. forseta, hvort afbrigðin væru um tvær till., og hann svaraði því játandi. Vegna þess gekk ég strax inn á, að ég hefði gleymt að geta þess í gerðabókardrögum. Það er þá svona, að minni mitt getur ekki skorið úr þessu. Ég hef sjálfur ekki skrásett þetta, en þegar það er borið saman við það, sem aðrir muna og jafnvel hafa skrásett, þá mun það vera svo, að hæstv. forseti muni hafa gleymt að leita afbrigða og okkur báða hafi misminnt, að þetta hafi verið gert.

Forseti (StgrA): Ég vil út af því, sem fram hefur komið, til frekara öryggis lýsa yfir, að umr. um málið er opnuð aftur, en nú er svo langt liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 503 og 507, að fyrir þeim þarf ekki afbrigði, og eru þá leyfilegar umr. um þessar till.

Ingvar Pálmason: Ég geng auðvitað inn á það hjá hæstv. forseta, að þetta hafi verið af misgáningi, en alls ekki af því, að hann hafi ætlað að svipta okkur tillögumenn þeim rétti að mæla fyrir brtt. okkar. En viðvíkjandi því, að við höfum ekki minnt hann á, að ekki hafi verið leitað afbrigða, þá vil ég taka fram, sem ég veit, að hæstv. forseti man, að þegar sá síðari af þeim, sem var á mælendaskrá við fyrri hl. umr., hafði lokið máli sínu, var komið að fundartíma Sþ. Þegar hæstv. forseti stóð upp, bjóst ég við, að hann mundi lýsa yfir, að umr. væri frestað og málið tekið af dagskrá, og þá þurfti engin afbrigði. Það var því ekki fyrr en hæstv. forseti hafði lýst yfir, að umr. væri lokið, að mér gafst kostur á að fara fram á leiðréttingu á þessu. Þá stóð svo á, að ég var ekki alveg viss um, að það hefði verið rétt hjá mér, að afbrigða hefði aldrei verið leitað. Það hafði ekki verið gert, meðan ég var í d., en ég kann að hafa gengið úr d. Svo fór ég í gerðabók d., og þá kom upp, að afbrigða hafði ekki verið leitað. Þá gerðabók er nú búið að staðfesta, svo að ég hygg, að bezt sé að láta það mál falla niður, en ég vænti þess, að hæstv. forseti gæti þess, að slík gleymska eigi sér ekki stað oftar og sé ekki a. m. k. að treysta á, að tillögumenn minni á, ef eitthvað slíkt skyldi koma fyrir aftur.

Ég sný mér þá að brtt.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er farið fram á í þessum brtt., að tveimur nýjum gr. verði bætt framan við frv., sem ákveði, til hverra þessi l. eiga að ná. Ég verð að telja, að það sé frá byrjun vöntun í frv., að það er ekki tekið fram, en ég legg til, að þessi l. skuli ótvírætt og undir öllum kringumstæðum, ef samþ. verða, gilda fyrir Rvík og Hafnarfjörð. Ég hef velt dálítið fyrir mér, hvort ég ætti að ganga lengra og leggja til, að l. skyldu ná til fleiri kaupstaða. Kom mér þá helzt í hug Akureyri, vegna þess að sennilega má segja, að svipað sé um Akureyri og Hafnarfjörð vegna dvalar setuliðsins í landinu. Ég ákvað þó að taka ekki Akureyri með. Það getur líka verið mikið álitamál, hversu víðtæk ákvæði 1. gr. eigi að vera í þessu efni. Ég legg til, að enginn kaupstaður sé útilokaður frá að komast undir l., það gera ákvæði 2. gr. Þau ákvæði eru, eins og hv. dm. sjá, þannig, að allir kaupstaðir utan Rvíkur og Hafnarfjarðar hafi rétt til að fara fram á og krefjast þess, að l. gildi einnig þar, en til þess að svo megi verða, þurfa að liggja fyrir óskir frá viðkomandi sveitar- eða bæjarstj. og samþykki meiri hl. kjósenda í bænum eða kauptúninu. Þetta finnst mér alveg eðlilegt og sjálfsagt ákvæði, því að það er viðurkennt af öllum, sem hafa talað fyrir þessu máli, að ákvæði þessa frv. ganga svo nærri eignar- og ráðstöfunarrétti einstaklinga, að þess mun vart vera dæmi í löggjöf. Og þegar svo er ástatt, þá virðist mér, að það sé það minnsta, sem Alþingi getur gert til að lina þetta og réttlætt sig með, að íbúarnir sjálfir óski, að svona skuli að farið. Þetta ætti öllum að vera ljóst, að það er hrein fjarstæða að ætla að láta l. ná til hvers sveitarfélags á landinu. Að vísu kann eitthvað að hafa þrengzt þar um, a. m. k. eins og annars staðar vegna erfiðleika um byggingarefni og að koma upp byggingum. Hitt er á allra vitorði, að þar liggja ekki fyrir þær ástæður, sem tvímælalaust liggja fyrir í Rvík og Hafnarfirði, því að fólkið hefur streymt til þessara tveggja bæja í leit eftir þeirri atvinnu, sem þar hefur skapazt og hefur verið að miklu leyti óviðráðanleg fyrir þessa tvo kaupstaði. Ég held því, að ef það er svo sem ég hygg, að sé engum vafa bundið, að menn játi, að með þessum l. sé mjög nærri höggvið eignar- og ráðstöfunarrétti vissra þegna í þjóðfélaginu, þá eigi Alþ. að fara það varlega, að það láti þessa löggjöf ekki gilda á þeim stöðum, þar sem hennar er lítil eða engin þörf. Það kann vel að vera, að það geri ekkert til, þó að þessi l. gildi um allt land, líka þar, sem þeirra er ekki þörf, en þetta er misskilningur. Þar get ég dæmt um af eigin raun, því að ég hef sjálfur dálítið komizt í kast við húsaleigul. Ég er sannfærður um, að aðeins vegna þess, að þessi l. voru til, var notuð sú heimild, sem þau gáfu, en ekki af neinni þörf. Þetta er full alvara. Ég þykist ekki síður dómbær um það en aðrir hv. þdm., af því að eg þekki sjálfur alla málavexti. Ég sé ekki betur en þau tilfelli gætu komið fyrir á ólíklegustu stöðum. Ég þekki þess dæmi nú í vetur á Austurlandi, að einn bóndi hefur tekið vetrarmann, m.

a. með þeim hlunnindum að lána honum hús fyrir 70 fjár. Ég geri ráð fyrir, að þessi vetrarmaður verði ekki eilífur augnakarl á þessum stað, en get vel hugsað mér, af því að hann hefur alið allan sinn aldur í þessari sömu sveit, að hann verði næsta ár til heimilis í nánd við það heimili, þar sem hann er nú, en ekkert vinna þeim húsbónda, sem hann er nú hjá. Eftir ákvæðum frv. eins og það er nú, þá skilst mér, að hann gæti neitað að sleppa því húsi, sem hann hefur á leigu nú.

Ég veit fyrir víst, að svona tilfelli eru til og geta valdið óþarfa erjum, að ég ekki segi meira, og óvíst, hvernig dómar mundu falla í slíkum málum. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi. Annars hélt ég, að hv. þdm. væru svo kunnugir öllum högum landsmanna, að þeir sæju, hversu óhæfilegt það væri að láta þessi l. ná til allra sveita jafnt. Í frv. er ekki tekið fram, til hverra l. skuli ná, en af ákvæðum 9. gr. t. d. virðist þó varla hægt að álykta annað en þau skuli ná til allra sveita. Þess vegna held ég, að varla sé hægt að deila um það, að brtt. mín undir a-lið sé rétt að efni, þó að deila megi um það, hvort hún sé nógu viðtæk.

Um b-liðinn, sem ætlazt er til, að verði 2. gr. frv., er það að segja, að greinileg takmörk verða að vera fyrir því, hve langt niður l. eiga að ná, ef svo mætti segja, og hef ég sett takmarkið við 800 íbúa þorp. Mér er reyndar ekkert aðalatriði, að talan sé nákvæmlega 800, heldur hitt, að þetta verði ekki látið ná til hvers einasta sjávarþorps. Ég þekki ýmis sjávarþorp á Austurlandi, þar sem slíkra l. er alls engin þörf, en þau gætu hins vegar orðið til þess að valda óþarfa árekstrum og óþægindum. Ég held því, að ekki sé hægt að staðhæfa, að brtt. mín sé óþörf. Um hitt má vitanlega deila, hve viðtæk slík breyting eigi að vera. Ég hef átt tal við einn mann úr hv. allshn., og lofaði hann að mæla með því, að þessi till. mín yrði athuguð í n., ef ég léti hana ekki ganga til atkv. nú. Mér þykir vænt um þetta, því að fyrir mér vakir ekki annað en að bæta löggjöfina. Ég mun því ekki fara fram á, að l. brtt. mín á 503. þskj., a og b, verði borin undir atkv. að þessu sinni, en ég vil þá líka skora fastlega á hv. allshn. að taka hana til rækilegrar athugunar. Sams konar áskorun vil ég beina til þess hæstv. ráðh., sem gengizt hefur fyrir flutningi þessa máls.

Þá er 2. brtt. mín við 8. gr., sem er að nokkru leyti leiðréttíng. Ég legg þar til, að kostnaður við störf n. og nefnda samkv. 9. gr. greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. Ég fæ ekki betur séð en n. þær, sem starfa utan Rvíkur, hafi engan rétt til þóknunar samkvæmt frv., að minnsta kosti þyrfti óvenjulega túlkun til að komast að þeirri niðurstöðu, að þær hefðu slíkan rétt. Ég geri raunar ráð fyrir, að þessar n. yrðu ekki látnar gjalda þessa, heldur yrði þeim greidd þóknun, en ég tel þó æskilegra, að til séu ótvíræð ákvæði um þetta, og það færi bezt í síðasta málslið 8. gr. Sú gr. fjallar aðeins um húsaleigu í Rvík, og þar segir, að kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði, en þar er ekki um aðra n. að ræða en húsaleigun. í Rvík. Hér er því um að ræða leiðréttingu að öðrum þræði, en að því er snertir greiðsluna sjálfa, er það breyting.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast í þessu sambandi á d-lið brtt. á þskj. 481, frá hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Seyðf. Þar er svo ákveðið, að ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður ábyrgist, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, greiðslu leigu eftir húsnæði, sem tekið er samkvæmt þessari lagaheimild, svo og greiðslu skaðabóta fyrir spjöll á hinu leigunumda, er leigutaki eða fólk á hans vegum telst eiga sök á. Þetta er hreinasta fjarstæða og jafnvel óverjandi frekja af hálfu Rvíkur, því að enginn efi er á því, að verði þessu ákvæði um leigunám á húsnæði beitt, sem ég býst að vísu við, að ekki verði, þá koma upp margs konar skaðabótakröfur, og gæti það orðið allálitleg fúlga.

Þá er síðasta brtt. mín á 503. þskj., þar sem stungið er upp á nýju orðalagi á 15. gr. Ég veik að því áður, að gr. getur ekki staðizt í þeirri mynd, sem nú er. Ef fyrri málsliður er óbreyttur, er aðilum, sem eiga að vera jafnréttháir, mismunað. T. d. má benda á, að fiskibátar og fiskiskip, sem nota önnur veiðarfæri en línu, geta þá ekki notið þessara hlunninda. Þetta getur ekki staðizt, en það er komið inn í frv. í hv. Nd. Ég veit, að hæstv. ráðh. vill hafa l. sem sanngjörnust í hvívetna, og þykir mér því líklegt, að hann sé mér sammála um þetta. Um síðari málslið þessarar gr. er hið sama að segja. Hann fær ekki staðizt heldur. Þar er ákveðið, að hafi leiga eftir slík hús, bryggjur og palla verið greidd með aflahlut, geti aðili krafizt, að leigan verði metin til peningaverðs, og má hún þá ekki hækka meira en sem svarar hækkun almennrar húsaleigu. Þetta er algerlega óframkvæmanlegt og er komið inn í frv. af vanþekkingu eða þá í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að húsaleiga sé greidd með aflahlut. En ef fara á að greiða leiguna með aflahlut, verður mjög flókið og erfitt að meta þá greiðslu. Þar kemur svo margt til greina. Til dæmis er það, að fleyturnar eru mjög misjafnar, eftir því í hverjum kaupstaðnum þær eru, og yrði þá að meta húsaleiguna fyrir hvern flokk báta, en það væri meira en lítið vandaverk. Ég segi fyrir mig, að þótt ég sé þessum málum sæmilega kunnugur, mundi ég ekki vilja taka að mér slíkt mat, því að ég teldi ekki hægt að framkvæma það rétt. Ég vil því breyta þessu svo, að hvor aðilinn sem er, geti krafizt mats, ef húsaleigan er greidd með aflahlut. Ég held, að með þessu sé fullnægt sanngirni og réttlætisþörf.

Mér hefur ekki þótt ég geta annað en tekið til máls, þar sem málið hefur verið rætt hér fremur einhliða og eingöngu frá hagsmunasjónarmiði Rvíkur, en ég mun líklega ekki taka til máls um það oftar, nema ráðizt verði á brtt. mínar.

Brynjólfur Bjarnason: Ég ætla aðeins að fara fáum orðum um brtt. hv. 1. þm. S.-M. l. brtt. hans er um það, að ákvæði þessara l. skuli aðeins gilda fyrir Rvík og Hafnarfjörð. Ég skil ekki, að margir hv. þm. geti fallizt á það. Hv. þm. kvartaði um, að verið væri að leggja þungar kvaðir á húseigendur, og sagði, að ekki væri rétt að leggja slíkar byrðar á þegna þjóðfélagsins að óþörfu. Hann viðurkennir þó fullkomlega nauðsyn þessara kvaða í Rvík og Hafnarfirði. Nú er hér að vísu ekki um kvaðir að ræða, sem lagðar mundu vera

á menn á eðlilegum tímum, en hv. þm. hlýtur þó að játa, að óviðfelldið sé að hafa réttindi og skyldur þegnanna í þessum efnum misjöfn, eftir því hvar þeir búa. Þegar l. eru sett, hlýtur það að vera fyrsta og fremsta krafan, að þau nái jafnt til allra. Það er að vísu rétt, að þörf þessara ákvæða er misjöfn, en þau koma þá heldur ekki eins hart niður á mönnum á þeim stöðum landsins, þar sem rýmra er um, að því er húsnæði snertir, en í Rvík og Hafnarfirði. Og þess ber að gæta, að hætt er við, að húsaleiga hækkaði utan Rvíkur og Hafnarfjarðar, ef þessi ákvæði næðu ekki til annarra staða. Læt ég þetta nægja um l. brtt. hv. þm.

Þá er 3. till. hans, þar sem lagt er til að breyta 15. gr. Ef sú brtt. yrði samþ., held ég, að gr. yrði einskis virði, fyrst og fremst vegna þess að engin n. mundi vilja taka að sér að ákveða aflahlutinn, sem er breytilegur frá ári til árs. Hv. þm. talaði um örðugleika á að framkvæma 15. gr. eins og hún er í frv., en ég held, að það mat, sem þar er um að ræða, sé vel framkvæmanlegt. Ég tel því, að ekki geti verið um annað að ræða en fella till. hv. þm., eins og þær liggja fyrir. Hins vegar mundi n. að sjálfsögðu vera fús að taka til athugunar þær uppástungur, er hv. þm. kynni að vilja gera, og mætti þá athuga þær milli umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. þm. S.-M., hvort hann vildi ekki taka aftur til 3. umr. 3. brtt. sína við 15. gr. frv.

Það er alls ekki sæmandi fyrir deildina að láta þessa gr. fara frá sér eins og hún er nú og ekki heldur eins og þessi hv. þm. hefur lagt til, að hún yrði. Þetta þarf því að taka betur til athugunar fyrir 3. umr., og óska ég þess því, að hv. þm. vildi taka aftur þessa brtt. sína, ef við gætum komið okkur betur niður á, hvernig bezt mundi að hafa þetta.

Ingvar Pálmason: Herra forseti. — Ég sé ekki ástæðu til þess að svara hv. 5. þm. Reykv. neinu. Hann hefur tekið upp þann óhæfilega málarekstur að taka aðeins fyrir a-lið brtt. minnar, en ganga alveg fram hjá b-lið sömu till. Þetta læt ég nægja til hans. Ég get vel orðið við tilmælum hv. þm. Barð. um að taka brtt. mína aftur til 3. umr. Hún hefur nú verið rædd hér og athuguð. Mér er það ekkert sérstakt kappsmál, að brtt. mínar verði samþ. óbreyttar, heldur fyrst og fremst það, að reynt verði að bæta frv. sem mest, þannig að það verði afgreitt á viðunandi hátt. Ég vil því tilkynna hæstv. forseta það, að ég tek 1. brtt. mína bæði a- og b-lið og einnig 3. brtt. mína aftur til 3. umr., en ég sé hins vegar enga ástæðu til þess að taka 2. brtt. mína aftur og vil því láta hana koma til atkv. nú.

ATKVGR.

Brtt. 503,1 og 3 teknar aftur til 3. umr.
— 478,1.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 478,1.b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 478,1.c samþ. með 13 shlj. atkv.
— 478,1.d samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 478,2.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 478,2.b samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 507 samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BSt, EE.

nei: GÍG, HG, HermJ, KA, BrB, StgrA.

PHerm, BBen greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Ég hef flutt ásamt hv. þm. Seyðf. brtt. við þessa liði, og ég hef lýst yfir því, að ef þær féllu, treysti ég mér ekki til þess að verða með þessu frv., en úr því að atkvgr. er hagað þannig, þá tel ég mig ekki hafa forsendur til þess að greiða atkv. um þessa brtt.

Brtt. 481, a og b, komu ekki til atkv.
— 481,c samþ. með 9:5 atkv.
— 481,d felld með 9:7 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 478,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt 503,2 felld með 10:4 atkv.
8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 478,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
16.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Allshn. hefur ekki fjallað um málið, frá því það var hér við 2. umr., og vildi ég mælast til, að það væri tekið út af dagskrá, til þess að n. gæfist kostur á að halda fund og taka málið til meðferðar.

Forseti (StgrA): Sé það ætlun allshn. að taka málið til frekari athugunar, finnst mér sjálfsagt að verða við þessari beiðni. Hins vegar skildist mér á hæstv. félmrh., að hann reiknaði ekki með, að það yrði tekið til frekari athugunar, og þess vegna tók ég það á dagskrá. En sem sagt, ef það er ætlun n. að taka málið fyrir, mun ég verða við því að taka málið út af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 24. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 519, 503 (1, a—b og 3), 532, 535, 565, 587, 604).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 604. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég á hér brtt. við frv., á þskj. 532, að orðin „til íbúðar“ í 1. málsgr. falli niður og einnig að í stað orðsins „íbúð“ í 1. málsgr. komi: húsnæðið, — aðeins til samræmis við breyt., sem áður var gerð á frv. Ég hef þess

vegna borið fram brtt. við 10. gr., þar sem ég tel, að það sé ósæmilegt að láta þetta standa í l., þar sem það er brot á almennum réttarvenjum, að hlíta skuli úrskurði, áður en annar dómur hefur fallið, ef úrskurðinum er vísað til annars réttarstigs. Hygg ég, að um hugsunarvillu sé að ræða hjá þeim, sem halda fast við þetta. Ef t. t. úrskurður félli um, að maður skyldi víkja úr íbúð, ætti samkvæmt þessum l. að hlíta honum, þar til dómur væri fallinn í málinu. Slíkt á ekki að koma til mála, þar eð svo kynni að sannast síðar meir, að úrskurðurinn væri rangur. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, nema sérstakt tilefni gefist.

Þá hef ég einnig gert till. um það, að 15. gr. verði breytt þannig: „Ákvæði þessara l. gilda og um leigu á húsum, bryggjum og vinnupöllum til hvers konar fiskiskipa og báta, nema öðruvísi sé ákveðið með reglugerð eða lögum", — en nái ekki aðeins til þeirra báta, sem róa úr landi, eins og tekið er fram í frv. Ég tel þetta nauðsynlegt, vegna þess að mikið af bryggjugjöldum er ákveðið með sérstökum reglugerðum og sérstakri hafnarlöggjöf, og tel ég alveg rangt, að þessi l. raski þeim l. Háttv. 1. þm. S.-M. (IngP) hefur borið fram aðra brtt. í samb. við þessa gr., en ég hef rætt dálítið við hann um þetta mál, og ég hygg, að hann geti dregið till. til baka, ef þessi verður samþ. óbreytt.

Þá hef ég lagt til, að breytt yrði b-lið 15. gr. þannig: „Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Séu einhver önnur hlunnindi innifalin í leigunni, er áhrif hafa á hana, skal meta þau sérstaklega." Við vitum, að um leigu á bryggjum og pöllum eru ýmis önnur ákvæði, sem ekki koma þessu máli sérstaklega við, og ef á að meta leigu yfirleitt, þarf að taka tillit til þeirra hlunninda, sem í henni eru falin.

Að síðustu er lagt til, að 16. gr. verði breytt þannig, að tveggja kr. gjaldið fyrir hvern samning falli niður. Ég tel það minnstu fórn, sem ríkisstj. getur fært í þessu máli, eftir því sem fram hefur komið um nauðsyn þess að fella niður þetta stimpilgjald. Mér finnst nægilega reirt að þessum mönnum, sem orðið hafa fyrir barðinu á þessum l., þó að ekki séu lagðir nýir skattar á þá fyrir það, að þeim er gert að þola ýms þau ósanngjörnu ákvæði, sem felast í þessum l. Vænti ég, að d. fallist á, að allar þessar breyt. verði samþ.

Þá vildi eg um leið minnast á brtt. frá meirihluta n. á þskj. 587. Ég vil fastlega skora á d. að fella hana. Það er ekki sæmilegt fyrir d. að láta þetta frv. fara frá sér, með þeim breyt., sem hér er gert ráð fyrir, eftir að hún hefur sýnt manndóm í að leiðrétta það stórkostlega ranglæti, sem var í 5. gr. Það væri að gera tilraun til að koma þessu sama ranglæti inn í l. Þeir menn, sem hafa byggt íbúðarhús, hafa tekið að sér það verk, sem er skylda þjóðfélagsins að vinna; og það getur ekki hvílt sú skylda á hverjum einstakling að sjá þeim mönnum fyrir húsnæði, sem hið opinbera eitt er um að veita leyfi til að flytja í bæinn. Ef það opinbera hefur rétt til að veita mönnum atvinnu í bænum, þá tekur það á sig skylduna að sjá þeim mönnum fyrir húsnæði. Og þá er réttast, að ríkisstj., sem hefur þessi mál með höndum, geri sérstaka tilraun til þess að uppfylla þá skyldu á annan hátt en að ganga bókstaflega á rétt þeirra manna, sem hingað til hafa staðið undir þessari skyldu, sem þessi sömu stjórnarvöld áttu að framkvæma. Ég skal ekki fara út í, hvort stj. á að leggja sérstakan skatt á þegnana til að framkvæma þetta verk; en það er ekki sanngjarnt, að þeir skattar séu allir lagðir á þann hluta þjóðfélagsins, sem hefur staðið undir skyldunum hingað til. En hér virðist eiga að kasta öllum skyldunum af því opinbera yfir á herðar þeirra þegna, sem þessari skyldu hafa annað fyrir það opinbera áður, — og það með þeim fádæmum, að slíkt er ekki til fyr í sögu landsins. Ákaflega mikill hluti húseigenda hafa getað byggt einungis vegna sparsemi, en hafa metið það meira að eiga friðhelgan stað fyrir sitt heimili heldur en að ávaxta peningana. Og það er algjörlega rangt, að Alþ. verðlauni slíka dyggð með því að fjötra þessa menn í þau ósanngjörnustu og óviturlegustu l., sem nokkurn tíma hafa verið samin hér innan veggja.

Ég vil beina því til þeirra manna, sem berjast fyrir þessum l., að málið ber að leysa með sanngjarnlegri samvinnu við þá menn, sem hér eiga hlut að máli. Og þess vegna væri það réttast í málinu nú að fella þetta frv. og knýja þannig þá menn, sem sækja þetta mál fast nú til þess að taka upp þá samvinnu, sem nauðsynleg er og ég veit, að þessir menn mundu hafa, að ræða um málið og benda á heppilegar leiðir til úrlausnar og heppilegri en hér hefur verið gert. Og það væri eðlilegri leið heldur en að þvinga málið fram móti vilja hlutaðeigenda.

Jónas Jónsson: Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. á þskj. 604 og ætla að fara um hana fáeinum orðum.

Mér hefur þótt það undarlegt við alla þessa lagasmíð, sem ætlazt er til, að hv. þm. samþ., að eftir þessari löggjöf hafa þm. eiginlega verið útlagar úr bænum, og svo er ætlazt til, að þeir samþ. það. Ég minntist á við fyrri umr. málsins, að þetta væri a. m. k. ekki kurteisi af þeim, sem stóðu fyrir þessu frv. Og ég ámælti hv. þm. fyrir að hafa ekki gert bætur á þessu frv. með þó nokkurri rýmkun á þessu. Nú hef ég gert það að till. minni á því þskj., sem ég gat um, að opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþm., er koma til þingsetu, séu undanþegnir ákvæðum 1. mgr. 3. gr. l., þ. e. a. s., að það sé ekkert um það í l., að þeir megi ekki koma inn í bæina og taka sér á leigu húsnæði eða nota húsnæði í húsum, sem þeir kaupa. Og ég legg til, að sama gildi um þá, sem sækja skóla ríkisins og þá skóla, sem styrktir eru af ríkisfé. En til þess að húsaleigunefnd hafi eftirlit með því, hvaða húsnæði þessir aðilar nota, hef ég ætlazt til þess, að þeir gefi skýrslu um það til húsaleigun. undir eins og þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið og um leiguskilmála.

Það leiðir af sjálfu sér, að það er ekki hægt fyrir þ. að setja l., sem hindra það, að starfsmenn, sem ríkið hefur í sinni þjónustu, geti komið inn í bæinn, þar sem þeir eiga að starfa.

Merkur maður, sem hefur flutt hér inn í bæinn fyrir ári síðan með stóra fjölskyldu, keypti sér

hús í bili, sem ekki var hentugt til afnota fyrir hann, og seldi það aftur, og enginn hafði neitt við þetta að athuga. En svo fær hann leigt fyrir sig og sitt fólk. Og enginn vandi var í sambandi við það. Hann borgaði sína húsaleigu, og enginn hafði upp á hann að klaga. En mér er sagt, að nú fyrir fáum dögum, á miðjum vetri, sé honum tilkynnt, að hann skuli flytja aftur úr þessu húsnæði. Þessi maður er annaðhvort starfsmaður í stjórnarráðinu eða, ef hann er það ekki, þá náttengdur stjórnarráðinu, og er þar löglega ráðinn. Það, sem hér er því um að ræða, er, að ríkið hefur ekki leyfi til að ráða sér starfsmann og fá hann inn í bæinn, öðruvísi en svo, að hann eigi á hættu að verða kastað út á götuna, þó að hann hafi komið sér fyrir sjálfur. Þetta dæmi nægir til þess að sýna, hve hlægilegar og fráleitar þessar skorður eru, eins og málunum er nú komið.

Eg álít skömm fyrir þingið að samþ. l., sem gera það að verkum, að þm., sem búsettir eru utan bæjarins, þurfi að sækja um leyfi til þess að koma í bæinn, þar sem þeir eiga að starfa að löggjöf landsins. Sama er að segja um skólafólk. Ríkið hefur reist mikið af sínum skólum í Rvík; og þá er það alveg hugsunarrangt, þegar búið er að leggja út í þann kostnað að reisa þessar stofnanir, að þá verði það að vera háð sérstöku leyfi fyrir skólamenn að komast hingað til bæjarins og fá hér húspláss.

Ég sé því ekki, að það sé hægt annað en að gera þær umbætur á þessum lið 3. gr. l., sem hér er farið fram á.

Mun ég svo e. t. v. tala um önnur atriði þessa frv. síðar.

Ingvar Pálmason: Ég flutti hér við 2. umr. nokkrar brtt. við þetta frv., en tók þær aftur til 3. umr. að undantekinni einni, sem þá gekk undir atkv. Ástæðan til þess, að ég tók aftur þessar brtt., var sumpart tilmæli frá þm. þar um, en sumpart það, að því hafði verið skotið að mér, að þó að vísu vera kynni nokkur ástæða til breyt. að því er snerti fyrstu brtt. mína, bæði a- og b-lið, þá mundi þar vera fulldjúpt tekið í árinni. Nú hefur svo farið, að hæstv. félmrh. hefur á milli umr. átt við mig stutt samtal. Og það samtal gerði það að verkum, að ég ákvað að breyta 1. lið brtt. á þskj. 503. Að vísu er það nú svo, að ég viðurkenni ekki að öllu leyti þau rök, sem hæstv. ráðh. færði fram fyrir því, að það væri ósaknæmt, þó l. næðu til alls landsins. En hins vegar viðurkenni ég það, að það mun vera rétt hjá honum, að það sé nauðsyn á að þau taki til fleiri aðila heldur en tilgreint er í brtt. minni á þskj. 503. Tel ég vel farið, að hæstv. félmrh. átti þetta tal við mig. Og hefur fulllitið verið um það á þessu þingi, að milli hæstv. ríkisstj. og þm. hafi verið æskileg tengsl, og tel ég það illa farið. Og til góðra lykta á málum tel ég það mjög vel við eigandi, að þegar ráðh. verða varir við misjöfn sjónarmið í málum, þá eigi þeir viðtöl við þá, sem að þeim sjónarmiðum standa.

Ég hef þá skýrt nokkuð ástæðu þess, að ég flyt brtt. á þskj. 565, þar sem að formi til og a. n. l. líka að efni er breytt til frá því, sem er gert ráð fyrir í fyrri brtt. minni, á þskj. 503. Ég hef þar með gengið inn á að færa niður það takmark um íbúatölu, sem l. „absolute" skyldu gilda fyrir, og niður í það, að þau giltu fyrir alla kaupstaði og öll kauptún, sem hefðu 800 íbúa eða fleiri. Og enn fremur hefur takmarkið verið fært úr 800 íbúum niður í 300 íbúa um íbúatölu þeirra kauptúna eða þorpa, sem ríkisstj. heimilast að fyrirskipa, að ákvæði þessara l. skuli ná til, ef viðkomandi sveitarstj. óskar þess eða fyrir liggur samþykkt meiri hl. kjósenda í kauptúninu eða þorpinu um, að svo skuli vera. Ég lít þannig á, að þessi l., sem af öllum er viðurkennt, að séu nokkuð sérstaks eðlis og gangi lengra heldur en venjuleg l., eigi ekki að vera látin gilda víðar heldur en þeirra er brýn þörf. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að undantekningarlaust í öllum þorpum, sem hafa færri en 300 íbúa, þá sé ekki brýn þörf á þessum l. Að vísu hefur mér skilizt á ýmsum, að það gerði ekki til, þó l. giltu lengra niður, því að þau mundu ekki verða notuð þar, sem færri íbúar en 800 væru í kauptúni, það mundi því ekki koma að sök. En ég er ekki á því, í fyrsta lagi vegna þess, að viðurkennt er, að l. séu þvingunarl., og þá á ekki að gera leik að því að láta þau gilda fyrir fleiri en þörf er á, og enn fremur er aldrei hægt að gefa tryggingu fyrir því, að ákvæði l. valdi ekki missætti milli manna. Það geta jafnvel óhlutvandir menn notað sér ákvæði l. án þess að þess sé þörf, til þess að valda óþægindum, þó að treysta megi því, að þeir, sem eiga að framkvæma l., líti með sanngirni á, hvort fyrir liggur nauðsyn eða ekki. Ég held, að því verði ekki með rökum neitað, að það sé a. m. k. skynsamlegur varnagli, sem sleginn er með þessum brtt. mínum.

En þá vil ég jafnframt lýsa yfir, að með þessum brtt. á þskj. 565 tek ég aftur 1. lið brtt. minna á þskj. 503, bæði a- og b-lið.

Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem fyrir liggja frá hv. þm. Barð. (GJ). Það var fyrir tilmæli hans, að ég tók aftur 3. lið brtt. minna á þskj. 503. Og hann hefur nú komið með brtt., sem ég hélt, að jafngildi alveg fyrri mgr. 3. brtt. minnar á þskj. 503. Og ég get af því dregið til baka fyrri mgr. 3. brtt. á þskj. 503. Hins vegar tel ég, þótt brtt. hv. þm. Barð. verði samþ., að til atkv. geti komið seinni mgr. 3. brtt. á þskj. 503. Og tek ég hana því ekki til baka, en fyrri mgr. tek ég til baka, því að ef brtt. hv. þm. Barð. verður felld, þá mun heldur ekki fyrri mgr. þessa liðar brtt. minnar finna náð fyrir augum hv. þdm.

Ég held, að það sé alveg víst, að það sé ástæðulaust, að afnuminn verði sá háttur, sem hefur átt sér stað allstaðar á Austurlandi, að verstöðvaleiga hefur verið tekin af aflahlut. En með því að samþ. frv. óbreytt að þessu efni til, væri gengið inn á þá braut, að hvor aðilinn sem er, leigusali eða leigutaki, getur afnumið þetta. Og ég tel mjög illa farið, ef að því ráði verður horfið. Tvær undanfarandi vertíðir t. d. á Austurlandi hafa verið mjög góðar, og sá aflahlutur, sem orðið hefur, hefur verið hár að krónutali. En ég vil líka benda á, að það, sem af er þessari vertíð, hefur það gengið þannig í þeim verstöðvum, að ég hygg, að það hefði verið mjög illa farið, að leiga á húsum og öðru til útgerðar hefði verið miðuð við visst peningagjald án tillits til aflafengs. En hinn háttурinn, sem hafður hefur verið á þar eystra, hefur

gefizt vel, ekki sízt þeim, sem hafa verið leigutakar. Ég get upplýst það, að öll árin frá 1932 til 1939 var aflahlutur á Austfjörðum svo lágur, að ekki hefði verið undir nokkrum kringumstæðum hægt að fá húsaleigu til útgerðarinnar svo lága sem hún var, ef hún hefði verið metin til peningaverðs. Hitt er vitanlegt, að þegar mjög vel gengur, getur aflahlutur orðið miklir peningar. En af því að það er sannfæring mín, að langheppilegast sé, að sem flestir aðilar, sem að útgerð standa og þurfa að taka að meira eða minna leyti framfæri sitt af því, taki það í aflahlut, og af því er það, að ég vil ekki, að löggjafinn gangi inn á það svið að sveigja frá þessari braut þannig lagað, að peningagreiðslan eftir taxta verði alltaf látin gilda án tillits til aflahluta, fyrir þessi hús og aðrar fasteignir, sem leigðar eru til afnota útgerðarinnar. Ég hef í þessu mjög langa reynslu og veit fyrir víst, að allan þann tíma, sem ég rak útgerð, þá hefði skipazt á allt annan hátt, ef ekki hefði verið fylgt þeirri reglu, að allir, sem að útgerð minni unnu, höfðu tekjur sínar af aflahlut.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar, en ég vil alvarlega benda hv. þm. á það, að þessi braut, sem hér er stefnt inn á, er mjög varhugaverð, og miklu varhugaverðari fyrir þá, sem þurfa að taka verstöðvar á leigu, heldur en fyrir þá, sem leigja þær út. — Læt ég svo skeika að sköpuðu um það, hvernig fer með brtt. mínar.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt ósk um það, að þessari umr. verði nú frestað, vegna þess að hv. frsm. að brtt. allshn. hefur boðað forföll vegna veikinda.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Ég veit nú ekki, hvort það er nauðsynlegt að fresta þessari umr. vegna þess, að hv. frsm. allshn. er fjarverandi. En ef ósk kemur frá honum eða hans flokki um það, er sjálfsagt að verða við því. Annars liggur á að fara að afgreiða þetta mál.

Þessi brtt., sem liggur fyrir á þskj. 587, er frá meiri hl. allshn., fjórum nm., 6. þm. Reykv. (BBen), 9. landsk., þm. Str. og mér, öllum nm. nema einum, sem kemur með sérstaka brtt. Þessi brtt. frá meiri hl. n. er í samræmi við brtt., sem borin var fram við 2. umr. málsins af hv. 6. þm. Reykv., og yrði sá munur á l., ef þessi till. væri samþ., frá því, sem ætlazt var til í frv. upphaflega, að framkvæmd þessa ákvæðis 5. gr., heimildarinnar til þess að taka hluta íbúðanna, sem afnotahafar geta án verið, til umráða, er nú ekki lengur í höndum bæjarstjórna, heldur húsaleigun. Þetta er sú aðalbreyt., sem yrði, ef þessi brtt. yrði samþ. Ég tel mikil líkindi til þess, að það sé meiri hl. í d. einmitt fyrir því að fara þessa leið, vegna þess að ýmsir af þeim, sem greiddu atkv. með brtt. hv. þm. S.-Þ. við 2. umr., létu þess getið, að þeir væru á móti þessari heimild, eins og frá henni var gengið í frv. eins og það lá þá fyrir umr., en hins vegar mundu þeir geta fallizt á, að þessi heimild væri til staðar, ef öðruvísi væri frá málinu gengið þannig að framkvæmd hennar væri í höndum annarra aðila. Og þetta var skýrt tekið fram af hv. 6. þm. Reykv.

Ég tel ekki ástæðu til að fara frekar út í almennar umræður um þetta mál, nauðsynina á skömmtun húsnæðis. Það hafa verið haldnar hér við tvær undanfarnar umr. langar ræður á móti því, að þessi heimild yrði veitt, sem hafa verið með slíkum endemum, að mér finnst varla svara vert. Ein aðalröksemd þeirra hv. þm., sem þannig hafa talað í þessu efni, er sú, að hér væri verið að þrengja óviðkomandi fólki upp á húseigendur, sem hefðu stórt húsnæði til umráða, og var farið um þetta ýmsum skáldlegum orðum: — „ef einhver umrenningur væri látinn kannske í rúmið til ekkjunnar“ — og þar fram eftir götum. Ég hirði ekki um að endurtaka það allt. En hver maður, sem las frv. og les þessa brtt., sem hér er fram borin, getur séð, að það er ekki annað en fals og blekking frá upphafi til enda, að hér eigi að fara að þrengja óviðkomandi fólki upp á húseigendur. Það er alls ekki um það að ræða að þrengja óviðkomandi aðilum inn í húsnæði, sem slíkir menn hafa til afnota, sem hér er um getið og er meira en það, sem þeir hafa með að gera sjálfir, án þess að þeir hafi neina íhlutun um það, hverjir það eru, sem inn koma í húsnæðið. Þvert á móti er það tekið fram mjög skýrt, að afnotahafi geti ráðstafað þeim hluta húsnæðisins til handa þeim innanhéraðsmanni, sem hann kýs. T. d. maður í Rvík getur kosið hvaða Reykvíking sem er til þess að taka að sér þetta húsnæði. Og það er alveg nægilegt úr að velja af Reykvíkingum, sem þurfa á húsnæði að halda. — Slíkar blekkingar er ekki hlustandi á og slíkum blekkingum er ekki svarandi.

Um nauðsynina á því, að þessi heimild fáist, þarf ég heldur ekki að fara mörgum orðum. Það veit hver einasti hv. þm., hver hún er. Hver hv. þm. veit, að nauðsynin á því er svo brýn, að ef þessi heimild verður ekki veitt, þá er það vægast sagt hneyksli. Enda vita hv. þm., að bæjarstj. Rvíkur hefur einróma óskað eftir, að þessi heimild verði veitt. Og það mætti furðulegt heita, ef ekki næðist einróma samþykki hér á þingi fyrir því, að bæjarstj. Rvíkur fengi þessa heimild. Það má furðulegt heita, ef nokkur hv. þm. gerist svo djarfur að neita bæjarstj. Rvíkur um þessa heimild, sem hún einróma fer fram á að fá og allir vita, að brýn óhjákvæmileg þörf er fyrir. — Um þetta þarf ekki að ræða meira.

Þá vildi ég aðeins segja það, að allshn. hefur jafnframt því, sem hún tók þetta mál til athugunar, orðið sammála um það, að hún gæti ekki mælt með neinum af þeim brtt., sem fyrir liggja frá einstökum hv. þm. Hins vegar er n. sammála um það, að brtt., sem fyrir liggja frá hæstv. félmrh. á þskj. 535, séu nauðsynlegar og sjálfsagðar.

Það þarf í raun og veru ekki að fara út í þessar brtt., sem hér liggja fyrir frá einstökum hv. þm. Brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (IngP) á þskj. 565 er við brtt. frá sama hv. þm. á þskj. 503, þar sem brtt. 503 er nokkuð milduð, þ. e. a. s. úr henni dregið.

En það, sem gerir með öllu ómögulegt að samþ. till., er, að með því yrði gerð að engu 15. gr. um leigu á húsum, bryggjum o. fl. til línuveiðabáta — í þeim kauptúnum, sem hafa ekki yfir 800 íb., nema þau ákveði sjálf, að l. gildi hjá sér, og með öllu í kauptúnum, sem hafa ekki meira en 300

íbúa. Auk þess væri fleira varhugavert við að samþ. till. eins og hún er fram borin. Þá mundu ákvæði húsaleigul. skyndilega hætta að ná til kauptúna með færri íb. en 800, og það yrði til þess að hækka húsaleigu og auka verðbólguna í landinu. Annað mál væri, ef ákvæðið væri, að húsaleigul. giltu í kauptúnum þessum, þangað til hreppsn. eða meirihl. hreppsbúa hefði ákveðið, hvort þau skyldu gilda þar framvegis. Um brtt. á þskj. 532 frá hv. þm. Barð (GJ) þarf ég ekki að ræða frekar en þegar er búið. N. var sammála um að mæla ekki með neinni þeirra. Brtt. á þskj. 604 frá hv. þm. S.-Þ. er efnislega alveg eins og ákvæði laganna. Samkv. þeim er húsaleigun. skylt að veita alþm. undanþágu frá banninu að leigja utanhéraðsmönnum, og sér n. þar ekki ástæðu til að breyta.

Gísli Jónsson: Ég mun ekki ræða lengi við hv. 5. þm. Reykv. (BrB). Hann hefur gefizt upp við að koma með nokkur rök gegn till. minum. Stundum telur hann ákaflega brýnt, að þessi lög séu samþ. til að auka tryggingu manna fyrir því, að þeir geti komizt undir þak, en stundum finnst honum það fásinna, að nokkur einstaklingur eigi að reisa hús yfir þá, sem þurfa á húsnæði að halda. Hann heldur, að nóg sé búið að ræða um till. frá mér við 2. umr., þegar ekki var búið að bera þær fram. (**BrB:** Þetta er nú bara 5. ræða þm. um þær.). Hið sanna er, að þm. er rökþrota.

Ég vildi spyrja hæstv. forseta viðvíkjandi einni till., sem fyrir liggur. Við 2. umr. var brtt. á þskj. 507 samþ. með 9:6 atkv., — 2 gr. ekki atkv., — og úrskurðaði forseti þá, að brtt. á þskj. 481 við A-lið 5. gr. væri þar með úr sögunni, kæmi ekki til atkvæða. Nú kemur meiri hl. n. og heimtar hana borna upp af nýju. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann vilji nú ekki skera úr því, hvort till. geti komið til atkv., eða hvort úrskurður hans um till. hljóti ekki að falla á sama veg og fyrir nokkrum dögum. Ég teldi það alveg móti þingsköpum að láta till. koma nú til atkv. — Að öðru leyti get ég ekki verið að rökræða við andstæðinga, sem engin rök bera fram.

Forseti (StgrA): Ég hef ekki hjá mér þau þingskjöl, sem varða fyrirspurn hv. þm. Barð., og vil ekki á meðan kveða upp úrskurð um þessa till. En munur hygg ég sé á þeim. Hinni fyrri var vísað frá af því, að brott var fallinn sá málsl., sem hún var bundin við, en till., sem þm. Barð. spyr nú um, er ný málsgr. og á við ákvæði, sem eru í frv. Ég mun athuga málið nánar.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Ed., 25. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (StgrA): Við umr. um þetta mál á síðasta fundi d. óskaði hv. þm. Barð. eftir því, að ég felldi úrskurð um það, hvort brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 587, gæti komið til atkvgr., þar sem brtt. eins orðuð hefði verið úrskurðuð frá atkvgr. við 2. umr. málsins.

Ég vil í tilefni af þessu taka fram, að ég sé ekkert í fundarsköpum, sem hindri það, að þessi brtt. geti komið hér til atkvgr. og afgreiðslu. Það er að vísu rétt, að við 2. umr. málsins var einn liður í brtt., sem þá lá fyrir, orðaður á sama hátt og þessi brtt. á þskj. 587, en var þá fluttur sem brtt. við ákvæðna mgr. í 5. gr. l., og sú málsgr. hafði samkv. annarri till., sem þá lá fyrir, verið felld. Og þess vegna gat þá ekki þessi till. komið til greina formsins vegna. Nú er till. flutt sem brtt. um það, að hún komi inn sem ný málsgr. í 5. gr. frv., og tel ég ekkert því til fyrirstöðu, að hún komi til afgreiðslu hér, og liggur hún því fyrir ásamt öðrum brtt.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 535. Ég hef nokkuð gert grein fyrir fyrri brtt., stafl. 1. Hún er til komin af því, að í meðförum hv. Nd. samþ. sú hv. d. ákvæði um það, að þeim, sem tækju ólöglega húsnæði til annarrar notkunar en íbúðar, skyldi gefinn kostur á að úthluta því sjálfir handa innanhéraðsfólki. Þetta ákvæði er ófullnægjandi. Það þarf að standa, að þeir þurfi að ráðstafa húsnæðinu handa húsvilltu innanhéraðsfólki, því að ekki er ástæða til að ætla, að því verði ráðstafað handa húsvilltu innanhéraðsfólki, nema það sé tekið fram.

Hitt ákvæði brtt. er ákvæði til bráðabirgða, sem ég legg til, að komi aftan við frv., svo hljóðandi:

„Ákvæði laga þessara taka til uppsagna þeirra á leigusamningum og tilkynninga um skipti á húsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laganna og koma eiga til framkvæmda 14. maí 1943, enda hafi uppsögn eða tilkynning komið fram með löglegum fyrirvara."

Upphaflega var það ætlunin, að hægt væri að ganga frá húsaleigul. fyrir 14. febr. s. l. En það varð ekki. Hins vegar hafa ýmsir sagt upp húsnæði í skjóli þess, að l. mundu verða samþ. fyrir þann tíma. Og það virðist vera rétt að gefa kost á því, ef uppsagnir hafa farið fram með löglegum fyrirvara, að ákvæði þessara l. nái til þeirra tilkynninga.

Þá eru nokkur orð um brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. Hann hefur breytt sínum till. frá því, sem þær upphaflega voru, þannig að húsaleigul. ná nú til staða með færri íbúum eftir hans síðari till. heldur en hann gerði ráð fyrir í upphafi í sínum brtt. Ég hygg, að það sé að langmestu leyti hægt að ná því, sem þarf að ná, með þessu, sem hann nú leggur til, en þó ekki alveg. Eins og allir vita, fela húsaleigul. í sér tvenns konar skerðingu, annars vegar þann við því að hækka húsaleigu nema eftir ákveðnum reglum. Þetta er dýrtíðarráðstöfun, og þessi ráðstöfun þarf að gilda fyrir allt landið tvímælalaust. En svo eru önnur ákvæði frv., sem lúta að því, að ekki megi segja fólki upp húsnæði nema með ákveðnum takmörkunum, og þetta er skerðing á ráðstöfunarrétti manna í þessu efni. Þetta er vitanlega neyðarráðstöfun, sem skapast af því, að húsnæðisleysi er. En húsnæðisleysi er ekki allstaðar, svo að það er ekki endilega nauðsynlegt að láta þetta ákvæði ná til alls landsins um mjög takmarkaðan rétt til uppsagna á húsnæði. Það er ekki nauðsynlegt, að ákvæði þar að lútandi nái til annarra staða heldur en þar, sem húsnæðisekla er. En binding húsaleigunnar er annars eðlis, og hún þarf að ná til alls landsins.

Þá skal ég minnast á brtt. á þskj. 604 frá hv. þm. S.-Þ. Ég sé ekki betur heldur en að sú brtt. sé alveg í fullu samræmi við það, sem til er ætlazt og þarf að ná, og þess vegna sé rétt að samþ. þá brtt. Það, sem máli skiptir í þessu, er, að húsaleigun. viti jafnan, hverjir koma í bæinn, og þá jafnt hvort sem það eru alþm. eða nemendur í skólum, sem ríkið rekur eða reknir eru með ríkisstyrk, svo að húsaleigun. geti fylgzt með því, að ekki komi aðrir og taki húsnæði á leigu í bænum heldur en þeir, sem mega það. En ef þetta væri alveg frjálst, þá gæti slæðzt inn í bæinn ýmislegt af fólki undir því yfirskyni, að það ætlaði að vera á skóla. Það væri því mikill galli á l., ef þau væru þannig, að það þyrfti ekki að tilkynna um komu fólks í bæinn.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 597 frá meiri hl. hv. allshn. Það er brtt., sem felur í sér heimild til þess að skammta húsnæði, og húsaleigun. fái til umráða húsnæði, þar sem mikið er um það og afnotahafi getur án þess verið. Ég vil mjög eindregið skora á hv. þd. að samþ. þessa brtt., því að það er ákaflega mikil þörf á að fá þetta ákvæði inn í l. Og ég get ekki séð, að það sé neitt annað eða meira, sem mundi ske hér í garð þeirra manna, sem óþarflega rúmt hafa um sig, þó að brtt. væri samþ., heldur en það, sem hefur skeð um fjölda fólks hér í bænum og alveg af fúsum vilja. Á síðasta hausti var það athugað, hve margir hefðu flutzt hingað í bæinn frá ársbyrjun 1941 og til 12. ágúst 1942, sem reyndist vera um 4000 manns. Þetta fólk hefur komið sér fyrir hjá kunningjum sínum hér í bænum. Og bæjarfólkið hefur tekið aðkomufólkið inn á heimili sín til þess að stuðla að því, að aðkomumennirnir gætu stundað hér vinnu og notið góðærisins í atvinnumálunum. Ýmsir kunna að hafa út á þetta að setja. En ég held, að það sé ekki ástæða til þess að finna neitt að þessu. Ég vil bara benda á það, að ef maður athugar innieignir bankanna erlendis þann 1. jan. 1941, þá voru þær 71,5 millj. kr. En síðasta des. síðast liðinn (1942), voru þær 284770000 kr. Þ. e. innistæður bankanna erlendis höfðu aukizt á þessum árum um 213 millj. kr. Ef við athugum, hvað hefur verið flutt út þessi ár, 1941 og 1942, þá er það fyrra árið 184,6 millj. kr., en síðara árið 204,4 millj. kr., eða samtals 389 millj. kr. Ef við berum þetta saman við innflutninginn á þessum sömu árum, þá er hann samtals þau ár um 379 millj. kr., en útflutningurinn bæði árin var um 389 millj. kr. Það, sem því útflutt var umfram það, sem innflutt var þessi tvö ár, er aðeins 9,8 millj. kr. Og þá verður okkur að spyrja: Hvernig stendur á því, að innstæður okkar erlendis hafa á þessum tveimur árum aukizt um 213 millj. kr., þar sem útflutningurinn er þó ekki nema 9,8 millj. kr. meiri en innflutningurinn? Ég hugsa, að allir geti svarað þessu sjálfir. Þetta stafar af veru setuliðsins hér í landinu og þeirri vinnu, sem það hefur skapað. Og af þessu held ég, að megi ályktа, að þetta fólk, sem komið hefur til bæjarins til þess að stunda hér atvinnu hafi gert landi sínu gagn og skapað gjaldeyri fyrir þjóðina með því að vera hér. Það eru 203 millj. kr. í auknum gjaldeyri á þessum tveimur árum, sem þannig virðast hafa fallið í hlut þjóðarinnar.

Ég gat þess, að það hefðu rúmar 4 þús. manna komið þannig í bæinn. Það hefur verið athugað, hvort þetta fólk hefur tekið sjálfstæðar íbúðir á leigu, og þau tilfelli eru mjög fá. Að ég hygg eru það eitthvað um 20 tilfelli, þar sem upplýst er, að þetta fólk hefur tekið ólöglega íbúðir á leigu. Það, sem hægt er að ályktа af þessu, er, eins og ég sagði áðan, það, að íbúarnir hafa sjálfir hliðrað til. Og það, sem meint er með þessari brtt., sem meiri hl. allshn. flytur, er það, að þeir, sem hafa rúmt húsnæði, eigi kost á því að taka inn til sín fólk, sem þeir þekkja, vini eða vandamenn, og sem þeir vilja hafa í sínum húsum. Og því verður þessu ákvæði fyrst og fremst beitt þannig, að reynt verður að gera allt sem hægt er, til þess að fá fólk til að þrengja að sér af fúsum vilja. Því að það sér hver maður, að lítið er unnið við það, ef á að beita þessari heimild þannig að setja fólk inn í hús bæjarmanna í óþökk afnotahafa húsnæðisins. Af því yrði taugastríð milli fólksins, þannig að hvorugur aðili gæti við það unað. Og ég vil lýsa yfir því, að þessi brtt. gerir ráð fyrir, að félmrh. eigi að samþ. gerðir húsaleigun. í þessum efnum. Og ég vil lýsa því yfir, að meðan ég gegni því embætti, þá mun ég vilja beita mér fyrir því, að þessum ákvæðum verði beitt eins og ég nú hef sagt. Þessi notkun á ákvæðinu er mjög svipuð því, sem á sér stað bæði í Bandaríkjunum og Englandi. Í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku er mjög mikil ekla á íbúðum í iðnaðarborgunum, þar sem verkamenn þyrpast inn í borgirnar, og hið opinbera hefur hvergi nærri við að byggja yfir þá. Það er heil stofnun í Bandaríkjunum, sem hefur með höndum að útvega verkamönnum húsnæði hjá því fólki, sem fyrir er í bæjunum. Og það opinbera tekur húsnæði á leigu, og ekki aðeins það, heldur breytir það því líka. Og það hvetur almenning og eggjar lögeggjan að taka þátt í þessu. Ég hef séð grein í ameríska blaðinu National Housing Agency, þar sem haldið er mjög á lofti því fyrsta tilfelli, þegar maður gaf sig fram til þess að láta breyta húsi sínu. Það var hús, þar sem voru 14 herbergi og 4 baðherbergi. Hann leigði því opinbera þetta hús af fúsum vilja og hefur látið það við gangast, að því sé breytt og þar komið upp sex þriggja herbergja íbúðum.

Það hefur verið talað um það hér, að hliðstæð l. við húsaleigul. hjá okkur mundu hvergi vera til annars staðar. En ég vil benda á það, að í Bretlandi eru húsaleigul. Og húsaleigul. hafa verið í gildi þar síðan 1920, en bráðabirgðal. voru sett um þetta efni þar 1915. Þau l. leggja bann við hækkun á húsaleigu nema eftir alveg ákveðnum reglum. Þau hafa verið í gildi alla tíð síðan. Þau voru sett 1920; þeim var svo breytt 1923, 1933, 1938 og loks 1939 vegna styrjaldarinnar.

Ein ástæða til þess, að það er fyllilega réttmælt að samþ. brtt. frá meiri hl. hv. allshn., er sú, að ef maður athugar, hvað byggt er hér í bænum nú, þá sést það, að stórum íbúðum fer fjölgandi. Á árunum 1941 og 1942 voru 346 íbúðir teknar í notkun í Rvík, og í smíðum eru nú í bænum 421 íbúð með 1350 herbergjum ásamt eldhúsum. Þar af eru 25 íbúðir, sem eru 6 herbergja eða stærri. Þetta sýnir, að þróunin gengur í þá átt, að fólkið vill hafa rýmra um sig á þeim tíma,

þegar húsnæðisekla hefur verið meiri heldur en dæmi eru til áður. Einmitt þessi þróun gerir það líka nauðsynlegt, að það verður að skammta byggingarefni framvegis. Og ég held, að það sé óhætt að lýsa því yfir, að það muni verða gert.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Ed., 29. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 519, 503 (1, a—b og 3), 532, 535, 565, 587, 604, 617).

Jónas Jónsson: Þegar þetta mál var hér síðast til umr., flutti ég brtt. og talaði fyrir henni um, að alþm., starfsmenn landsins og skólapiltar séu undanþegnir ákvæðum 1. mgr. 3. gr.

Nú hef ég flutt aðra till., sem ég vildi mæla fyrir, á þskj. 617. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 18. gr. komi ný gr., er verði 19. gr., svo hljóðandi:

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. falla úr gildi 14. maí 1944, og er fyrri afnotahafa húsnæðis, sem ráðstafað hefur verið samkv. ákvæðum þeirrar mgr., heimilt að segja slíku húsnæði upp til rýmingar frá þeim tíma með löglegum fyrirvara."

Þessi till. er miðuð við, að allshn. hefur tekið upp aftur till. sem ekki voru greidd atkv. um við 2. umr., um að þrýsta inn í íbúðir manna fólki gegn mótmælum húsráðenda. Ef þetta verður samþ., vænti ég, að það þyki svo viðurhlutamikil breyt., að sjálfsagt þyki að samþ. mína till. um, að þetta geti ekki staðið nema í eitt ár.

Þó að ég flytji þessa till., felst ekki í því nein línan frá minni hendi gagnvart till. á þskj. 587, heldur er það svo, að þegar fjölmenn n. í fámennri þd. leggur þetta til, má búast við, að brtt. fái meira fylgi en málstaður er til. Ef á að samþ. hana, vil ég heldur, að hún verði samþ. með minni brtt.

Ég vil benda á, að ég hygg, að alþm., sem standa að þessu máli, sé ekki ljóst, um hve stórkostlega breyt. er að ræða. Við erum vanir því, Íslendingar, að líta á heimilin sem friðheilög, og ég vil skjóta því til borgarstjórans, sem hér á sæti í d., hvernig hann sem lögfræðingur álítur, að hægt sé að samrýma till. á þskj. 587 við ákvæði stjskr. um friðhelgi heimilisins. Síðan við ræddum þetta mál síðast, hef ég rekið mig á frásögn í ensku tímariti, sem sýnir betur en við höfum gert okkur ljóst, hvernig hugmyndirnar eru um þetta í landi, sem lengi hefur notið frelsis. Rússnesk stúlka skrifar um atvik, sem kom fyrir í London eftir fyrra stríð. Faðir hennar og hún höfðu flúið til Englands undan byltingunni í Rússlandi og leigt sér hús í London. Þau komu heim eitt kvöld eftir háttatíma og sáu, að lögregluþjónn stóð við dyrnar. Þeim leizt ekki á blikuna, voru illu vön hvað réttaröryggi snerti frá keisarastj. í Rússlandi og hinni nýju stjórn ekki síður. En lögregluþjónninn sagði við þau: „Ég sá, að húsið var opið, og hélt, að inn í það kynnu að fara óboðnir gestir, og vildi hafa gætur á því." Feðginin spurðu hann, hvort hann hefði ekki farið inn í húsið til að sannfærast um, hvort þar væri allt með felldu. Nei, hann kvað það ekki leyfilegt fyrir lögregluþjón að fara inn á heimili manna, nema með þar til heyrandi skilríkjum og úrskurði. Hitt hafi hann talið sjálfsagt, að standa á verði. Þessi rússneska stúlka minnist á hinn mikla mun, réttleysið heima í Rússlandi og friðhelgi heimilanna í Englandi. Þessi rithöfundur ítrekar orð einhvers mesta stjórnmálamanns í Englandi, Pitt eldri, sem hann hafði viðhaft í þingræðu fyrir 150 árum. Konungur Englands getur ekki farið í leyfisleysi inn á heimili síns fátækasta þegns. Regnið getur farið gegnum þakið, vindurinn hvinið gegnum veggina, en hinn voldugi konungur heimsveldisins fær ekki að fara þar inn. Mér fannst það eiga vel við að rifja þetta hér upp, að sú menningarþjóð Evrópu, sem lengst hefur búið við frelsi og skapað frelsi, lítur svona á þessa hluti. Nú á að brjóta niður þessar hömlur hjá okkur, án þess að menn skoði það sem annað en hreinan leik.

Ég er þakklátur hæstv. félmrh. fyrir part af hans ræðu. Hann taldi bót að minni till. um, að þm. kæmu ekki hingað eins og bónbjargamenn, heldur sem frjálsir menn, sem ættu að gegna frjálsu starfi. Mér finnst eðlilegt, að meðmæli ráðh. verði tekin til greina og ómyndin á meðferð málsins í Nd. numin burt. En ég var ekki eins hrifinn af öðrum hlutum í ræðu ráðh. Hugsunarhátturinn sem gegnsýrði ræðu hans var, að þessi breyt., sem hefur í för með sér, að friðhelgi heimilanna verður rofin, væri nauðsynleg, því að við græddum svo mikið á því. Hæstv. ráðh. vitnaði í skýrslur og gögn og hélt því fram, að meginið af innstæðunum erlendis hefðu komið fyrir þjónustu, sem landsmenn hefðu látið í té setuliðinu. Þetta er ekki rétt að því leyti, að það er margt annað en vinna, sem setuliðið hefur fengið hér. Það hefur t. d. keypt hér mikið af matvælum. En hugsanagangur ráðh. er þessi: Við eigum mikið fé erlendis, og þess vegna er það réttlætanlegt, þó að fólkinu sé sópað úr smákaupstöðunum og sveitunum til Rvíkur. Það verður því að koma því fyrir og rjúfa friðhelgi heimilanna. Ég veit, að ráðh., sem er ágætur læknir og hefur mikinn áhuga á félagslegum málum, sér, að þessi röksemd er hæpin, því að það, sem hefur gerzt nú, er, að það er búið að útsjúga framleiðslu landsins og lama hana til lands og sjávar. T. d. hafa í Keflavík verið 30 bátar, en eru nú 11. Samhliða þessu er ríkið að leggja þar í stórvirki til að bæta hafnarskilyrðin, en þetta sjúka aðstreymi til Rvíkur og í setuliðsvinnuna hefur minnkað framleiðsluna um helming. Ég vil snúa mér um eitt til hæstv. félmrh. Einhvern tíma, kannske eftir nokkur misseri eða nokkur ár, hættir stríðið. Við vitum allir, að þá skellur á hér í bæ ógurlegasta atvinnuleysi, sem þekkzt hefur. Setuliðið fer burt, og þúsundir manna, sem hafa lifað hér og skapað sér innstæður, hafa ekkert að gera. Þá er búið að draga úr framleiðslunni annars staðar á landinu. Í blómlegustu byggðum landsins sækir sauðfjársýkin á og veldur stórkostlegri lömun, og ef ekki tekst í þessum héruðum að snúa sér að nýjum atvinnugreinum, liggur við landauðn. Rvík er miðstöðin í þessum mikla innstæðugróða, en hún hefur nú fengið leyfi til að heimta sín útsvör fyrirfram. Það er dæmi um það, hvað Rvík á bágt og hvílíkt ólán

það er fyrir Rvík að fá þetta aðstreymi hingað. Hvernig verður, þegar þúsundir manna eru orðnir atvinnulausir, en vilja ekki fara í burt? Þá koma fram menn, sem vilja ekki vera svo miskunnarlausir að reka þá út á landsbyggðina aftur. Rvík er á engan hátt undir það búin að skapa neina framtíðaratvinnu handa þessum þúsundum. Ég held því, að þótt innstæðumilljónirnar séu einhvers virði, hafi hæstv. félmrh. reiknað skakkt.

Úr því að ráðh. talaði með nokkurri ánægju um þessar innstæður, vil ég benda honum á, að mörgum þykir sem ríkisstj. hafi ekki munað nógu vel eftir milljónunum, þegar hún var að gera sín dýrtíðarl. úr garði. Það eru margir óánægðir með, hvað lítil vinna hefur verið lögð í það af ríkisstj. að leggja net utan um þessar innstæður. Ef á að verða nokkurt sósialt gagn af þeim, verður að taka mikið af þeim til almenningsþarfa. Ríkið hefði átt að tryggja sér verulegan hluta af þeim. Ef litið er á milljónirnar eins og blessun í eigu þessara óþekktu manna, en engar ráðstafanir verða gerðar til að tryggja sér verulegan hluta af þeim til almenningsþarfa, þá er það mjög skakkt viðhorf, eða ríkisstj. hlýtur að gera ráð fyrir, að einhver óvænt hamingja komi fyrir tilverknað þeirra manna, sem eiga milljónirnar. Það hefur ekki bólað á slíku, heldur þvert á móti. Í stórblöðunum er okkur lagt til lasts, að við söfnum innstæðum, meðan aðrar þjóðir blæða. Ég gæti trúað, að þegar stríðið er búið, þættu þessar milljónir dýru verði keyptar og ekki bara til ánægju.

Ég bjóst við, að hv. þm. Str. yrði hér, því að hann er einn af þeim fáu dreifbýlisþm., sem hafa greitt atkv. með 5. gr. eins og hún var, og er með í allshn. um að flytja till. á þskj. 587.

Til þess að vera með þessu ákvæði og vera þó um leið, eins og hv. þm. Str., þm. fyrir strjálbyggðar sveitir, þarf maður að vera ánægður með, að fólkið streymi úr sveitunum hingað til Rvíkur til að vinna fyrir setuliðið, og gera þá um leið ráð fyrir, að sumir a. m. k., sem yfirgefið hafa þannig framleiðslustörfin, snúi ekki aftur heim í sveitirnar.

Þessi hv. þm. hefur sýnt mikinn áhuga fyrir því að fá rafmagn út um dreifbýlið. En ég sé ekki ástæðu til þess að við, sem erum þm. fyrir dreifbýlið, séum að hugsa meira um það, ef þetta er sá hugsunarháttur, sem á að ráða, og ef ætlazt er til þess, að þetta fólk komi hingað og setjist að við rafmagnið hér í Rvík. Þá kemur líka að því, sem kommúnistar hafa lengi haldið fram að ætti að gera — leggja bara sveitirnar í eyði.

Ég hefði viljað skjóta þeirri spurningu til hv. þm. Str., ef hann hefði verið nærri, eg beini henni þá til þeirra hv. dm., sem eru sömu skoðunar og hann, og þekkja ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu, hvernig þessi löggjöf, sem hæstv. félmrh. er að mæla með, mundi reynast í framkvæmdinni, ef skipta ætti þessu stóra húsi í margar íbúðir. Húsið mun Hannes Hafstein hafa byggt sem einbýlishús. Eftir því sem fram kom í ræðu hæstv. félmrh., ætti að mega setja í þetta hús fjórar fjölskyldur, og þetta ætti að vera þeim mun auðveldara, sem húsið er nú ekki og hefur ekki nú um nokkur ár verið notað til risnu. Þetta er vissulega eitt af þeim húsum, sem deila mætti um.

Fyrst hv. þm. Str. er ekki við, þá vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh., hvort hann telji tiltækilegt að skipta þessu húsi í íbúðir handa húsnæðislausu fólki. Ég slæ því föstu, að húsið er nógu stórt. En ég held því fram, að ekki sé hægt að skipta því á þennan hátt. Það er alveg ómögulegt, og það, sem á við um þetta hús, á við um önnur. Því segi ég það, að þetta ákvæði er tóm vitleysa, fyrir utan það, að það er andstyggð. Það er byggt á fullkomnu skilningsleysi á félagslegri menningu okkar og venjum. Þeir, sem vilja setja ákvæði 5. gr. í l., hafa ekki hugmynd um, hvað þeir eru að gera. Þeir hafa ekki hugmynd um, að þeir eru að brjóta niður aldagamlar venjur. Þeir eru að láta undan þungum straumi óákveðinna lífsskoðana. Þeir leggja meira upp úr innstæðum erlendis og vinnu í þágu setuliðsins en rótgróinni friðhelgi heimilanna. Og mér finnst, að þessi till. mín, sem á að koma í veg fyrir, að þessi andstyggð geti staðið meira en eitt ár, ætti að vera samþ., líka af þeim, sem vilja vinna þetta skemmdarverk.

Bjarni Benediktsson: Forseti. — Það voru orð hæstv. félmrh., sem gáfu mér tilefni til þess að standa á fætur og segja nokkur orð, og sérstaklega þó nokkrar upplýsingar, sem hann gaf í ræðu sinni.

Hann gat um það, að n., sem hafði þetta mál til undirbúnings milli þinga, hefði aflað sér upplýsinga um það, hverjar ráðstafanir hefðu verið gerðar í tveimur löndum, Bretlandi og Bandaríkjunum, til þess að tryggja húsnæðislausu fólki húsnæði og var af hans orðum að skilja, að þau ákvæði væru í raun og veru hliðstæð þeim ákvæðum, sem ætti nú að lögfesta hér. En það kom þó engu að síður fram í ræðu hans, að svo væri ekki að öllu leyti.

Ég hef fengið lánuð þessi plögg, og ég hef haft tækifæri til að athuga þau, fyrir hans góðvild. Ég tel það galla á meðferð þessa máls, að þessi plögg hafa ekki verið lögð fyrir þ. Að ósk hæstv. fyrrv. ríkisstj. var beðið um þessar upplýsingar, en þær komu ekki hingað til lands fyrr en í febrúar, og hygg ég, að bezt hefði verið að láta þær þegar ganga til þeirrar n. hér á Alþ., sem um þetta mál hefur fjallað.

Það er eftirtektarvert, að í báðum þessum löndum, Bretlandi og Bandaríkjunum, hafa ráðstafanir verið gerðar af hálfu þess opinbera til að bæta úr húsnæðisvandræðum og sýnast ákvæðin nokkru strangari í Bretlandi, og er það eðlilegt. Því að þótt bæði þessi lönd eigi í styrjöld, þá er Bretland það land, sem orðið hefur fyrir meira húsatjóni og þar af leiðandi þurft að sjá fleiru húsvilltu fólki fyrir húsnæði.

Ég mundi segja, að svo athuguðu máli, að í Bretlandi væru svipuð og hliðstæð ákvæði og voru í þessu frv., eins og það var eftir 2. umr. hér í hv. deild, þ. e. a. s., að það megi, þegar tekið er tillit til mismunandi aðstöðu og kringumstæðna, takmarka umráð húseigenda yfir eigin húsum eins og hér, varðandi öll ákvæði önnur en þau, sem hv. deild felldi niður við 2. umr.

Fulltrúi Íslands í London, sem kynnt hefur sér

þessi mál fyrir stj. hér, segir, að Bretar, sem mestar húsifjar hafa liðið af völdum hernaðaraðgerða, hafi ekki lagt inn á þvílíka takmörkun á hámarkshúsnæði og hér er gert ráð fyrir. Þar er engin heimild til að þvinga húseigendur til að taka menn inn í hús sín, þó að hægt sé að koma þeim þar fyrir. Því er ekki að leyna, að hér er veigamikil röksemd, að þjóð, sem á í stríði og er að berjast fyrir tilveru sinni, eins og Bretar, hefur ekki treyst sér til að ráða úr húsnæðisvandræðunum með því móti, sem hér er gert ráð fyrir: að setja menn í húsnæði að húsráðanda nauðugum. Ef við eigum að taka upp þá reglu, þá göngum við þar lengra en þessi stríðsþjóð hefur treyst sér til að ganga.

Svipað má segja um Bandaríkin, nema að þau hafa um allt þetta vægari ákvæði heldur en í Englandi eru. Það, sem sérstaklega er eftirtektarvert við fyrirkomulagið í Bandaríkjunum, er, að þeir hafa sérstaka stofnun til þess að beita sér fyrir því, að ónotað húsnæði sé tekið til notkunar, sérílagi í þágu þeirra, sem þurfa að flytja sig stað úr stað af hernaðarlegum ástæðum. En þess ber að gæta, og það er einn aðalmismunurinn, að þar er þetta frjáls stofnun, sem á að vinna að því með frjálsu móti án þvingunar, en hér er gert ráð fyrir, að lögskyldað sé að taka fólk inn í hús sín.

Þó þar sé ekki um lögþvingun að ræða, þá er það gert að skilyrði, að þeir, sem verða aðstoðar njótandi til að fá húsnæði, vinni í „the war effort" eða að framgangi styrjaldarinnar, en engir aðrir eiga að njóta þessarar fyrirgreiðslu.

Það mun vera sú hugsun, sem þarna kemur fram, sem hefur leitt hæstv. félmrh. á þær villigötur, sem hann óneitanlega er kominn inn á, með því að rökstyðja 5. gr. á þann hátt, að það sé þjóðhagsleg nauðsyn, sú setuliðsvinna, sem hér er, og þannig beri okkur að styrkja hana.

Það má segja, að að svo miklu leyti sem við höfum hagsmuni af því, að landið sé varið, höfum við samsvarandi skyldur til þess, að þessum vörnum sé komið í það horf, að gagn verði að. Og þar sem við erum allir þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt, að Bandamenn sigri í þessum ófriði, þá ber okkur að stuðla að því, að þessi sigur geti náðst, og leggja vinnukrafta fram í þessu skyni. En það er annað að gera sér grein fyrir þessu en að álykta, að það sé fjárhagslegur hagnaður fyrir þetta land, að 4000 menn skuli á tveimur árum hafa flutt úr sveitunum í þennan bæ. Ég vil segja, ef eg horfi til framtíðar landsins, þá get ég ekki hugsað mér neinn atburð hættulegri en þetta óstöðvandi aðstreymi til bæjarins, og það er svo fjarri, að ég telji rétt að ýta undir það, að ég tel, að það ætti á alla hugsanlega vegu að sporna á móti því, ekki síst vegna þessa fólks sjálfs, sem hverfur frá framleiðslunni, en lendir fyr eða síðar í örbirgð, ef það ílengist hér. Enda er því ekki að leyna, að það verkefni, sem þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur verið sköpuð til að glíma við, verðbólgan eða dýrtíðin, er fyrst og fremst skapað fyrir þau áhrif, sem dvöl setuliðsins hefur haft hér innanlands, sem er eðlilegt, eins og koma jafnmargra vinnandi manna og fyrir eru í landinu hlýtur að hafa í för með sér röskun á öllu fjármálakerfinu og það hefur ekki verið haft nægilega í huga. Svo mikið er víst.

Það var skynsamleg grein, sem birtist í Tímanum — já, aldrei þessu vant — hér á dögunum eftir Jón Árnason bankastjóra, þar sem hann segir, að höfuðorsök verðbólgunnar sé dvöl setuliðsins í landinu. Það lýsir misskilningi, sem ekki er hægt að láta ómótmælt, þegar þeir, sem eru að reyna að berjast á móti verðbólgunni, loka augunum fyrir helztu ástæðunni og skaðsamlegustu afleiðingunum, aðstreymi fólksins hingað hvaðanæfa af landinu, loka augunum fyrir þessum höfuð þáttum málsins. Ég held þess vegna, hvaða afstöðu, sem við höfum til þessa máls, þá megum við ekki skoða það í því ljósi, að það sé heppilegt, að fólk streymi til bæjarins. Það er rétt, að fyrir vinnu þess hefur safnazt fé erlendis, en ef þeir menn, sem hingað hafa komið í vinnu úr sveitunum, hefðu verið kyrrir heima, þá hefðu þeir framleitt vörur, sem hefðu líka verið seldar fyrir fé, en slík vinna hefði fallið betur inn í þarfir þjóðarinnar, þegar til lengdar lætur.

Hins vegar, ef það er skoðun hv. Alþ., að það sé sérstaklega heppilegt, að þjóðin hafi grætt fé á því, að þessir 4000 manns komu til bæjarins, og það hafi verið gróði fyrir þjóðfélagið í heild, þá getur Alþ. gert hagkvæmar ráðstafanir til að létta þeirri skuld af þjóðarheildinni með því að taka þátt í þeim kostnaði við byggingar, bæði til bráðabirgða og framtíðar, sem stjórnarvöld bæjarins hafa þurft að ráðast í, svo að þeir geti fengið skýli yfir höfuðin á sér, eða þá þeir, sem hrakizt hafa þeirra vegna úr húsnæði sínu.

Því er það út af fyrir sig misskilningur, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., þegar hann sagði, að það væru ekki nema nokkrir tugir íbúða, sem þetta fólk hefði þurft fyrir sig í bænum. Mér er nær að halda, að sú rannsókn, sem gerð hefur verið í því sambandi, nái aðeins til ársins 1942, en ekki 1941. Ég fullyrði það þó ekki, en ég treysti því, að ég verði leiðréttur, ef ég fer rangt með. Svo að þótt ekki takist að sanna e. t. v. nema fáein tilfelli, þar sem fólki hefur beinlínis verið bolað út af utanaðkomandi mönnum, þá er það gefið mál, að höfuðorsök húsnæðisvandræðanna í bænum er straumur manna hingað. Og þetta, hvernig komið er, stafar af því, hversu yfirvöldin (ég segi það ekki til að ásaka aðra, ég mætti ásaka sjálfan mig þar engu síður) hafa komið slælega fram í því að koma í veg fyrir þetta aðstreymi. Þess vegna er þetta mál hingað komið, að of seint var byrjað á því að taka í taumana og fyrirmælum verið slælega fylgt og gengið fullerfiðlega að gera það, sem gert hefur verið, því að þegar á reynir, eru menn deigir að láta þá menn verða fyrir óþægindum, sem hingað eru komnir, og það þótt maður sé þeirrar skoðunar, að aðstreymið sé óæskilegt. Þó mundi keyra um þverbak, ef ætti að framfylgja þessu á þeim grundvelli, að hér væri um æskilegt fyrirbrigði að ræða, eins og skilja mætti af ræðu hæstv. ráðh. En ég veit hann hefur sagt það að lítt hugsuðu máli.

Ég hef þá bent á, að í öðrum löndum hafa stjórnarvöldin ekki útvegað sér slíkar heimildir, sem við leggjum til að stjórnarvöldum hér séu fengnar, en hins vegar hef ég bent á, að ég tel

ástandið hér í bænum vera eina höfuðmeinsemd og bölvun þjóðfélagsins. Þá mætti halda, að ég félli frá því að fylgja brtt. við 5. gr. Þó er það samt ekki. Þó að önnur lönd hafi ekki treyst sér til að setja ákvæði um það, þá er ekki þar með sagt, að við eigum ekki að gera það. Það er vitað mál, hvað sem talað er um auðvaldsskipulag hér, að slíkt fyrirbrigði er þýðingarminna en annars staðar á byggðu bóli.

Hér er það talin skylda, að þjóðin hjálpi þeim einstaklingi, sem í vandræðum lendir, og það er talinn blettur á þjóðinni, ef einhver einstaklingur líður skort. Það er engin tilviljun, að Íslendingar skyldu fyrstir allra þjóða í fornöld setja fyrirmæli um gagnkvæma tryggingu í neyð, heldur er það vegna þess anda, að þjóðin í heild tekur það skyldu sína, að hver bæti úr annars vandræðum.

Þó að þetta ákvæði, er hér um ræðir, gangi langt, þá tel ég það þó gagnstætt því, sem hv. þm. S.-Þ. taldi, enda er það rangt, að þetta sé nýjung í íslenzkri löggjöf. Í því sambandi vil ég benda á hin gömlu ákvæði um niðursetninga, þegar fjölskyldur voru settar á heimili manna til að þjarga þeim frá neyð, og er slíkt sízt minni skerðing heimilisfriðarins en þetta ákvæði í frv. Þessi l. um niðursetninga fóru að vísu út um þúfur vegna beggja aðila, bæði sökum þeirrar meðferðar, er niðursetningar nutu og einnig með tilliti til heimilanna, er sáu fyrir þeim.

Þó að ég vilji, að þessi heimild sé veitt, nú í húsnæðisvandræðunum, því að það verður að bæta eitthvað um, og ekki láta fólk standa úti án nokkurs athvarfs, þá er ég hræddur um, að með þessu sé verið að gefa mönnum steina í staðinn fyrir brauð, og þetta nái ekki tilætluðum árangri. Þó að „þröngt megi sáttir sitja“, þá kemur þetta ekki að tilætluðum notum, ef það er þvingað í gegn, og ætti þá frekar að taka til fyrirmyndar aðferðir Bandaríkjamanna, sem með lipurð og án nokkurrar lagaþvingunar taka ónotað eða lítt notað húsnæði og ráðstafa fyrir húsnæðislaust fólk.

Ég treysti því, að þó þessi heimild verði veitt, þá verði hún framkvæmd með lipurð, en ekki með þvingun eða þjösnaskap, því að það gerir aðeins illt verra, og í stað þess að greiða fyrir fólki, getur það snúizt til ills fyrir þá, sem þessa eiga að njóta.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins segja örfá orð til þess að leiðrétta misskilning, sem fram kom hjá þeim tveimur hv. þm., er síðast töluðu.

Þegar ég talaði um, að hingað til bæjarins hefðu komið 4 þúsund manns, þá sagði ég, að þetta fólk hefði flest komið sér fyrir án þess að taka á leigu húsnæði með ólöglegu móti, heldur hefði það komizt inn með því, að almenningur hefði þrengt að sér fyrir sakir kunningsskapar og venzla.

Ég sagði, að í Bandaríkjunum væri fólk hvatt til þess að láta af hendi húsnæði, og síðan gæti hið opinbera breytt þessu húsnæði á sem haganlegastan hátt. Við viljum ekki fara svona langt, heldur förum við aðeins þess á leit, að þeir, sem vel eru settir með húsnæði, miðli því til hinna, sem í húsnæðishraki eru.

Ég tók enn fremur fram, að þessari heimild skyldi beitt vægilega, og að reynd yrðu sömu ráð og í Bandaríkjunum, þ. e. a. s., að fá fólk til að taka menn til sín í húsnæði af fúsum vilja.

Ég hef margtekið þetta fram bæði í þessari hv. d. og einnig í hv. Nd., að bezt mundi farið að taka á þessu með lipurð, því að ef svo yrði ekki, þá kæmist af stað taugastríð milli húseigenda og þess, sem húsnæðisins á að njóta samkv. þessu ákvæði. Það er nauðsynlegt að fá þessa heimild, því að það hefur komið í ljós, að fleiri og fleiri vilja nú stækka við sig húsnæði, t. d. eru nú í smíðum 25 íbúðir með sex herbergjum hver eða þar yfir, og það eitt sýnir, hvert þróunin stefnir í þessum málum.

Hvað viðvíkur því að ég hafi sagt, að þessi straumur til bæjarins væri nauðsyn vegna setuliðsvinnunnar, þá er það rúm túlkun á mínum orðum. Ég sagði, að það væri staðreynd, að 4 þúsund manns hefði flutt til bæjarins, og komizt inn hjá kunningjafólki sínu.

Ég vil benda á, að í þessu húsaleigufrv. eru ákvæði, sem banna að leigja nema innanhéraðsmönnum, og enn fremur er útburðarheimild til þess að bera utanhéraðsmenn úr húsnæði, og þessa heimild hefur til þessa vantað í húsaleigulögin.

Annars finnst mér ekki óeðlilegt, þó að fólk leiti þangað, sem atvinnan er mest.

Umr. frestað.

Á 84. fundi í Ed., 30. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Ég get verið stuttorður. Hæstv. félmrh. talaði hér í gær og taldi, að ég hefði misskilið sín ummæli. Þetta skiptir raunar ekki miklu máli. Mín skoðun kom glöggt fram, og ég held, að ekki hafi verið um neinn verulegan misskilning að ræða, heldur raunverulegan skoðanamun. Hann taldi setuliðsvinnuna og aðstreymið í bæinn æskilegt, að minnsta kosti á vissum tíma, en ég er þar á gagnstæðri skoðun og vil láta framfylgja ákvæðum húsaleigul. í því skyni að koma í veg fyrir slíkt aðstreymi. Það er rétt, að þessi l. eru að sumu leyti strangari en áður var, að því er utanbæjarmenn snertir, en það gildir þó aðeins um þá, sem kaupa hér hús. Þau eru efnislega strangari að því leyti, að þessir menn geta ekki flutzt í húsin, þó að þeir hafi keypt þau. Hitt er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að ekki sé heimilt að bera utanbæjarmenn út.

En ég ætlaði einkum að minnast á þau orð hæstv. ráðh., að í Bandaríkjunum væri gengið lengra en hér að því leyti að þar væri heimilað að taka húsnæði, sem notað væri til annars en íbúðar og breyta því í íbúðarhúsnæði. Hann virðist telja, að slíkt væri ekki leyfilegt hér á landi. En í 2. málsgr. 5. gr. stendur: "Á sama hátt er húsaleigun. heimilað að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.“ Hér stendur skýrum stöfum, að þetta sé leyft, sem hæstv. ráðh. dró í efa, að heimilt væri samkv. frv., og er þetta því misskilningur hjá honum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hefði talið æskilegt, að hæstv. félmrh. hefði verið viðstaddur

þessar umr. og haldið uppi vörnum í málinu, þegar allir aðrir eru hlaupnir af hólmi, sem hafa treyst til að mæla þessum ólögum bót. Ýmislegt, sem hæstv. ráðh. sagði, er þess eðlis, að það hlaut að sannfæra menn um, að ekki bæri að samþ. þetta mál. Hann taldi mikla nauðsyn á þeirri heimild, sem hann fer fram á, en fullyrti þó jafnframt, að lítið gagn væri að þröngva fólki inn í hús gegn vilja þeirra, sem þar eru fyrir. Það yrði bara taugastríð. Hæstv. ráðh. talaði um, að stóríbúðum færi fjölgandi hér í bæ meira en góðu hófi gegndi, en ég vil benda á, að til eru ýmsar aðrar leiðir til að koma í veg fyrir það. Það er hægt að setja sérstök l. um það, hvernig ný hús skuli gerð, án þess að ganga á rétt þeirra heimila, sem þegar hafa verið stofnuð.

Brynjólfur Bjarnason: Það má segja, að haldið hafi verið uppi óvenjulegu málþófi í þessu máli og töluð mörg óskynsamleg orð, og er gersamlega tilgangslaust að elta ólar við það allt. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, áður en gengið er til atkv., að brtt. á 617. þskj. frá hv. þm. S.-Þ. er þess eðlis, að mjög illa væri farið, ef hún yrði samþ., en hún er á þá leið, að ákvæði 2. málsliðar 5. málsgr. skuli falla úr gildi 14. maí 1944. Sá málsliður frv. fjallar, eins og kunnugt er, um rétt til að ráðstafa auðum íbúðum handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki.

Vitanlega er enginn kominn til að segja um, að þetta ákvæði verði síður nauðsynlegt 14. maí 1944 en nú. Hins vegar er sjálfsagt, að húsaleigul. verði afnumin í heild, þegar þeirra er ekki lengur þörf, og þeim verði breytt, eftir því sem aðstæður krefjast. Þegar rýmkar aftur um húsnæði, verða að sjálfsögðu þau ákvæði l. afnumin, sem ekki verða lengur nauðsynleg. En á þessu stigi málsins er auðvitað ekki hægt að segja um það, á hvaða mánaðardegi tiltekin ákvæði verði orðin óþörf, enda er nógur tíminn að afnema þetta á næsta reglulega Alþ. eða þinginu 1944, ef það reynist þá orðið óþarft. Ég vil því skora á hv. d. að fella þessa till. hv. þm. S.-Þ.

Jónas Jónsson: Ég er hissa á því, að hv. síðasti ræðumaður skuli ekki sjá, að þessi lagasmíð er ekki þess eðlis, að ástæða sé til að láta hana lifa mörg ár. Það hefur tíðkazt mjög, eins og kunnugt er, að láta l. gilda aðeins eitt ár og framlengja þau svo að þeim tíma liðnum, ef þurfa þykir. Með þessu er undirstrikað bráðabirgðaeðli þeirra l., sem ekki er ætlazt til, að verði til frambúðar. Nú hefur því ekki verið mótmælt, að sú aðferð að rjúfa heimilisfrið manna fyrir framandi fólk er með öllu óþekkt meðal þjóða, sem standa á svipuðu menningarstigi og Íslendingar eða hærra. Englendingar hafa t. d. ekki gripið til þessa ráðs, þó að ensk heimili hafi eyðilagzt þúsundum saman nú að undanförnu. Ef hægt væri að sanna, að í Rvík væri meiri þörf á því en í Englandi að rjúfa heimilisfriðinn á þennan hátt, þá væri öðru máli að gegna, en því er ekki að heilsa. Fordæmi um slíka löggjöf sem þessa er hvergi hægt að finna nema þá hjá þjóðum, sem standa á lægra menningarstigi en Íslendingar, og ef farið verður að taka upp þessa aðferð, er ekki hægt að gera vægari kröfu en þá, að það sé undirstrikað, að þetta ákvæði eigi ekki að gilda nema í bráð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Ed., 31. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 503,1.A—b tekin aftur.
— 532,1.a felld með 10:3 atkv.
— 532,1.b felld með 11:2 atkv.
— 604 samþ. með 10:3 atkv.
— 535,1 samþ. með 9:4 atkv.
— 587 samþ. með 9:4 atkv.
— 532,2 felld með 10:2 atkv.
— 532,3.a samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, LJóh, PM, ÞÞ, BBen, GJ.
nei: GÍG, HG, KA, BrB, StgrA.
HermJ, PHerm, BSt, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 503,3, fyrri málsgr., tekin aftur.
— 503,3, síðari málsgr., samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HermJ, IngP, JJ, LJóh, PHerm, PM, ÞÞ, BSt.
nei: EE, GÍG, HG, KA, BBen, BrB, StgrA.
1 þm. (MJ) fjarstaddur.

Brtt. 532,3.b samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, PM, ÞÞ, BSt, BBen, GJ, IngP, JJ.
nei: BrB, GÍG, HG, KA, StgrA.
PHerm, EE, HermJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (MJ) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem þessi till. er ekki annað en vitleysa, segi ég nei.

Hermann Jónasson: Ég greiði ekki atkv., þar sem l. verða framkvæmd á þennan veg, hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki.

Brtt. 565 felld með 8:8 atkv.
— 532,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 617 samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, ÞÞ, BSt, BBen, EE, GJ, IngP, JJ, LJóh.
nei: PHerm, BrB, GÍG, HG, KA, StgrA.
HermJ greiddi ekki atkv.
1 þm. (MJ) fjarstaddur.
Brtt. 535 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÍG, HG, HermJ, KA, LJóh, PHerm, BSt, BBen, BrB, StgrA.
nei: GJ, JJ, ÞÞ.
IngP greiddi ekki atkv.
2 þm. (MJ, PM) fjarstaddir.
Frv. endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 640).

Á 89. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að benda á það, að þetta frv. hefur tekið miklum og gagngerðum breyt. í hv. Ed. í gær, og það hefur ekki verið í n. hér síðan. Sumar þessar breyt. eru þess eðlis, að þær fá varla staðizt, þannig að það er alveg nauðsynlegt að taka upp breyt á frv. hér. Mér þykir það skrítið, að frv. skuli vera tekið strax fyrir hér í hv. d. með afbrigðum, áður en n. hefur getað athugað það, eftir að það hefur komið frá hv. Ed. Vil ég því mælast til þess, að málið verði tekið af dagskrá nú, svo að n. geti athugað það.

Forseti (JJós): Það er mishermi, að breyt. á frv. hafi verið samþ. í gær. Það var í fyrradag. Enn fremur er það á valdi hv. d., hvort hún vill fallast á að veita afbrigði frá þingsköpum eða neita því.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Ég ætla að fara fram á, að umr. um málið verði frestað svo að allshn. gefist kostur á að athuga nokkuð þessar breyt., sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Ed.

Forseti (JJós): Ég hef nú heyrt tilmæli hv. þm. En ég veit ekki, hvaða afleiðingar það kynni að hafa fyrir málið, ef því verður frestað og það sent til n. En þar sem hæstv. félmrh. er nú mættur á fundinum, þá vill hann kannske láta álit sitt í ljós um þetta mál, hvort málinu skuli fresta nú, svo að allshn. geti fengið tækifæri til að athuga það.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég vildi taka undir tilmæli frsm. allshn. í þessu máli um það, að umr. um málið verði frestað, og skal sjá til, að fundur verði haldinn í n. um málið í fyrramálið, svo að hægt verði að taka málið á dagskrá á mánudag.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Ég hef náttúrlega ekkert við það að athuga, að umr. um þetta mál verði frestað, ef þess er óskað, né heldur, að frv. fari til n. En ég leyfi mér að óska eindregið eftir því, að n. reyni þá að hraða störfum sínum sem mest, vegna þess að þetta mál hefur dregizt lengur en búizt var við, og ég vil segja óheppilega lengi. Það er dálítið erfitt að ráða fram úr þessum málum, ef það er meira eða minna óákveðið, hvernig fer um þetta frv.

Forseti (JJós): Eftir að hafa heyrt þær óskir um að fresta þessu máli nú, sem fram eru komnar, og ummæli hæstv. félmrh., mun ég taka málið af dagskrá og er þá áskilið, eins og fram kom í yfirlýsingu hv. 2. þm. Eyf. (GÞ), að málið verði tekið fljótlega til athugunar í þeirri hv. n., sem ætlar að kynna sér það.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 5 apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 640, 646, 647).

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — N. ber fram aðeins tvær brtt., sem í rauninni eru orðalagsbreytingar.

Tveir nm. flytja brtt. við frv., og hún er um línuveiðabáta.

Fleiri till. liggja ekki fyrir frá allshn.

Lúðvík Jósefsson: Ég vildi aðeins láta örfá orð fylgja um þetta mál. Frv. þetta hefur tekið miklum myndbreytingum frá því fyrsta, en einkum hefur Ed. spillt því svo, að áhrif þess eru orðin ólík því, sem var upphaflega, og er ekki sæmandi að láta frv. fara þannig í gegn.

Sem dæmi um, hve herfilega frumv. hefur í ýmsum greinum verið spillt, vil ég til nefna 15. gr., um verbúðaleigu, en ákvæði þau, er Nd. setti í frumv. um varnir gegn okurleigu á þeim, hefur Ed. nú bjagað svo, að varnirnar eru að engu orðnar.

Þá má og nefna sem dæmi um leiðinlegan frágang Ed. á frumv., að nú er í því ákvæði, sem segir, að sjálfum lögunum megi breyta með reglugerð. Breyting sú á 15. gr., sem Ed. hefur gert, miðar að því, að sá eini staður á landinu, sem verstöðvarleiga hefur verið goldin í í aflahlut, skuli áfram hafa rétt til slíks, og geti þar með bannað útgerðum að greiða leiguna með föstu ákveðnu verði eins og annars staðar tíðkast. Hins vegar er nú fram tekið í greininni, að krefjast megi mats á aflahlutnum, hve háan aflahlut skuli greiða. Allir, sem til þekkja, vita, að þetta er ógerningur. Aflinn er svo breytilegur frá ári til árs, að ógerlegt er að meta, hve háan aflahlut réttlátt er að greiða í húsaleigu, enda virðist engin sanngirni mæla með því, að verðstöðvareigandinn í Hornafirði geti ekki sætt sig við að fá fastákveðna greiðslu fyrir hús sín eins og aðrir húseigendur í landinu verða að láta sér nægja.

Ef menn vilja, að l. komi að notum, þá er að samþ. brtt. þskj. 647, því að annars verður það aðeins blekking að láta gr. standa. Mæli ég því með því, að brtt. á þskj. 647 verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 647 samþ. með 21:8 atkv.
— 646,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 646,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 89. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 654).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þetta mál hefur komið frá hv. Nd., þar sem því hefur verið breytt, sumpart samkvæmt brtt. á þskj. 646, sem er orðalagsbreyt., en auk þess hefur 15. gr. frv. verið gerbreytt frá því, sem var, og mun ég nú leggja hér fram skriflega brtt. um það, að hún verði orðuð um aftur og komi til með að hljóða sem hér segir:

„Ákvæði þessara laga gilda og um leigu á húsum, bryggjum og vinnupöllum til hvers konar fiskiskipa og báta, nema öðruvísi sé ákveðið með reglugerð eða lögum.

Sé leiga eftir slík hús, bryggjur og palla greidd með aflahlut, geta aðilar krafizt, að metið sé, hve stór sá aflahlutur skuli vera.

Séu einhver önnur hlunnindi innifalin í leigunni, er áhrif hafa á hana, skal meta þau sérstaklega.“

Eins og 15. gr. er nú orðuð, þá segir það sig sjálft, að það er mjög gert upp á milli þeirra báta, sem róa úr landi, og ef ætti að fara málfræðilega út í það, þá verða undanskildir allir vélbátar, en það er ekkert vit í því að láta þetta ekki gilda um þá, eða þá báta, sem gera út frá fleiri en einum stað.

Ef þetta verður samþ. óbreytt, þá stangast það og við hafnarreglugerðir og hafnarlög og getur ekki staðizt nema þau séu numin úr gildi um leið. Það er ekki nema eðlilegt, að þetta gildi um hvers konar fiskiskip og báta, eins og það er eðlilegt, að það gildi ekki um bryggjur, sem sérstök l. gilda um. Það er sjálfsagt, ef leigan er greidd með aflahlut, að báðir aðilar eigi rétt á að fá það metið, hve stór sá hlutur skuli vera.

Ég þarf ekki að halda langa ræðu um þetta. Málið hefur verið rætt hér svo mikið, að það ætti að vera orðið skýrt fyrir hv. d., og ég vænti þess, að hún gangi nú ekki á móti því, sem hún hefur áður viðurkennt, að væri réttmætt.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Barð., svo hljóðandi: [sjá þskj. 664].

Það þarf tvöföld afbrigði fyrir þessari brtt., bæði vegna þess, að hún er skrifleg, og einnig vegna þess, að hún er of seint fram komin, og vil ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Ég vona, að þessi hv. d. fari ekki að gera sér það til skammar að samþykkja þessa brtt. frá hv. þm. Barð., en hún er ekkert annað en vitleysa og þannig úr garði gerð, að Alþ. getur sóma síns vegna ekki látið slíkt frá sér fara.

Hún er á þá leið, að ákvæði þessara l. skuli gilda nema öðruvísi sé ákveðið í l. eða með reglugerð. Sem sagt, það er hægt að breyta þessum l. bæði með l. og reglugerð. Ég hygg, að það megi lengi leita til þess að finna dæmi þess, að Alþ. hafi látið aðra eins vitleysu frá sér fara, og það kemur alls ekki til mála að samþykkja svona fjarstæðu.

Rökin, sem þessi hv. þm. færði fyrir máli sínu, voru þau, að það væru til bæði l. og reglugerðir, sem brytu í bága við þessi lög. Ef svo er, þá verður að breyta reglugerðunum í samræmi við þessi lög. Alþ. getur ekki miðað lagasetningar sínar við þau l., sem fyrir eru, heldur við það, sem þörf krefur, og ef einhver l. skyldu brjóta í bága við þessi l., sem ég veit ekki, hvort nokkur l. gera, þá verða þau eins og hver önnur gömul l. að víkja fyrir nýjum l. sem venja er til.

Hv. þm. Barð. fann að orðalaginu „að róa úr landi“ og taldi, að það gæti einungis átt við árabáta. Ég hélt, að hv. þm. þekktu allir þá málvenju, að talað er um að bátar rói, þótt um vélbáta sé að ræða. Það hafa líka verið haldnar svo margar ræður um þetta hér í þinginu, að það mundi enginn dómstóll efast um, við hvað er átt með þessum orðum, og það mun engum hafa dottið þetta í hug nema þessum hv. þm. Þetta stafar líka aðeins af því, að þennan hv. þm. langar til þess að eyðileggja þetta ákvæði af einhverjum ástæðum. Að öðru leyti er brtt. hv. þm. sama og áður hefur komið fram hjá hv. 1. þm. S.-M., um að meta það, hve stór aflahlutur það skyldi vera, sem greiddur væri í leigu eftir bryggjur, verbúðir eða önnur slík mannvirki. Þetta mundi í „praksis“ verða áfram eins og það hefur verið, því að það mundi engin n. fást til þess að segja um slíkt, enda er það svo miklum breytingum undirorpið frá ári til árs. Þetta mundi því verða eins áfram, og þá miðað við allra rýrustu vertíð, þannig að útkoman verður sú, að sama okrið og nú á sér stað heldur áfram. Enda segir það sig sjálft, að það hljóta einhverjir hagsmunir að liggja til grundvallar þessu ofurkappi.

Hv. þm. Barð. talaði um, að þetta væru aðeins smálagfæringar á frv. Þessar líka litlu lagfæringar að laga frv. þannig til, að hægt sé að breyta því bæði með l. og reglugerð. Nei, hér hlýtur að vera annað og meira, sem liggur á bak við, því að það væri aldrei gerð tilraun til þess að senda málið til Sþ. vegna smávægilegra orðalagsbreyt. Annars er ég þess fullviss, að þessi brtt. verður felld, og ég trúi því varla, að hún fái nokkurt atkv. nema frá hv. flm., en ef þessu verður breytt þannig, þá verður það samþ. á móti vilja meiri hl. þingsins, því að í Nd. var sú breyt., sem þar var gerð á 15. gr. frv., samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta atkv. Ég tel þannig engan vafa á því, að þótt þetta kæmist í gegn hér í Ed., þá væri það á móti vilja meiri hl. þingsins og hlyti því að verða fellt í Sþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil benda hv. 5. þm. Reykv. á það, að ef öll rök hans í þessu máli eru reist á því, að ég hafi talið, að hér væri aðeins um orðalagsbreyt. að ræða, þá skal mig ekki furða á því, þótt hann hafi ekki mikið fylgi hér. Ég talaði um það, að það hefði verið orðalagsbreyt., sem hefði verið gerð með brtt. á þskj. 646, en ég talaði aldrei um, að brtt. mín væri aðeins orðalagsbreyt. Hann taldi það og smán fyrir Ed. að samþykkja þessa brtt. mína, en ég tel það ósæmilegt fyrir d. að standa ekki við sínar eigin samþykktir. En þetta var samþykkt af Ed., af því að hún fann, að það var smán að láta landsmenn búa við tvenns konar l.

Ég skil því vel, að hv. 5. þm. Reykv. sé á móti þessu, því að hann og flokkur hans vill koma því þannig fyrir, að sem flest l. gildi um sem fæsta, og ég veit, að hann vill ekki búa við sömu l. og aðrir. (**BrB:** Að minnsta kosti vil ég ekki greiða jafnmikla skatta og hv. þm. Barð.). Já, ég veit það, að þessi hv. þm. vill bera minni byrðar en aðrir þegnar þjóðfélagsins, og það vilja allir flokksmenn hans. En sú skoðun smækkar menn svo, að þeir kunna að lokum ekki skil á góðu og illu. (**BrB:** Ég kýs mér þá smæð í augum þessa hv. þm.). Með þessu er verið að ryðja til hliðar reglum, sem hafa verið settar, ekki af neinum einstaklingi, sem hefur haft eigin hagsmuna að gæta, heldur af hafnarn. og stj. sýslu- og bæjarfélaga. Ég vil taka það fram, að þetta snertir alls ekki mína eigin hagsmuni, því að ég á enga verbúð,

sem heyrir undir þetta. Nei, þessi deila er risin upp vegna reipdráttar milli Jóns Ívarssonar og austfirzkra sjómanna og útgerðarmanna.

Ég læt svo útrætt um þetta, en vænti þess, að d. standi fast saman um sínar eigin samþykktir.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Ég veit, að það er gersamlega þýðingarlaust fyrir mig að halda uppi deilum við þennan hv. þm. út af þessu, en hann vildi þó ekki halda því til streitu, að brtt. hans væri aðeins orðalagsbreyt.

Hann kvartaði yfir því, að ég skyldi vilja hafa mismunandi l. eftir því, hver ætti í hlut. Ég skal segja þessum hv. þm. það, að ég vil láta setja l. móti okri, þótt ekki sé hægt að láta þau ná til allra okurkarla í landinu. Það er æskilegt, að hægt væri að ná til þeirra allra, en þó að það sé ekki hægt, þá er það alltaf gott að geta náð til sem flestra, bæði þessa hv. þm. og annarra. Hér er um okur að ræða og ráðstafanir gegn því, því að húsaleigul. eru ráðstafanir gegn okri og þetta ákvæði er sett inn til þess að koma ekki aðeins í veg fyrir okur á íbúðarhúsnæði, heldur og öðru húsnæði og mannvirkjum, sem almenningur þarf ekki síður á að halda. Hv. þm. Barð. kom þó ekki að kjarna málsins, sem sé því, að það sé óvirðing fyrir Alþ. að láta slíka endileysu frá sér fara, því að það er endileysa ein að taka það fram í l., að þeim megi breyta, ekki aðeins með öðrum l., heldur og með reglugerð.

ATKVGR.

Brtt. 664 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, GJ, IngP, JJ.

nei: BBen, BrB, EE, GÍG, HG, KA, LJóh, StgrA. ÞÞ, BSt, MJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (PHerm, HermJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 668).

11. Stríðsslysatrygging sjómanna.

Á 90. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 66 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna (stjfrv., A. 657).

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Breyt. sú, sem frv. það, er hér hefur verið lagt fram í hv. d., fer fram á, að gerð verði á núgildandi l. um stríðsslysatryggingu sjómanna, er fram borin af nauðsyn til þess að bæta úr ágalla, sem er á núgildandi l. um þetta efni. Breyt., sem farið er fram á, að gerð verði, er sú, að jafnt skipshafnir báta undir sem yfir 4 smálestir að stærð verði tryggðar gegn slysum af völdum ófriðarins. —

Það hefur komið fyrir, eftir að núgildandi l. um stríðsslysatryggingu sjómanna gengu í gildi, að smærri bátar en 4 smálestir hafa farizt að því er ætla mætti af völdum ófriðarins, og hafa skipshafnir þar fallið óbættar, af því að báturinn náði ekki því takmarki að vera 4 smálestir. Slíkt ákvæði sem þetta er vitanlega óviðeigandi og óhafandi, að allir þeir, sem á sjó farast af stríðsvöldum að því er ætla má, skuli ekki vera tryggðir gegn slysunum á sama hátt.

Við skulum t. d. taka eitt dæmi, er sýnir ljóslega, hver agnúi er á núgildandi l. um stríðsslysatrygginguna. — Tveir bátar fara samtímis á sjó. Annar er 4 smálestir að stærð, en hinn báturinn ekki nema 3½ smálest. Þeir farast báðir, og eina ástæðan, sem ætla má, að liggi slysinu til grundvallar, er sú, að bátarnir hafi farizt á tundurdufli. Eftir l. er skipshöfnin á stærri bátnum bætt og fellur undir ákvæði l., en hin skipshöfnin á minni bátnum fellur óbætt, af því að sá báturinn er undir 4 smálestum, og nær því ekki undir ákvæði l. Þetta er auðvitað hróplegt ranglæti, og er óviðunandi, en úr því er þessu frv. ætlað að bæta.

Sú breyt. er og ráðgerð, að 5 tonna skip og stærri, sem ekki sigla til útlanda, en fiska við strendur landsins, greiði 4 kr. iðgjald. Það þykir hentugast og vafstursminnst að miða takmarkið við 5 smálestir. Og ætlazt er til, að bátar undir 5 smálestum greiði 3 kr. í iðgjald, þar sem ætla má, að örðugast sé fyrir þá, sem minnstu bátana eiga, að greiða iðgjöld, og er því ríkissjóði ætlað að greiða afgang iðgjaldagreiðslunnar, sem annars ætti að falla á þá, er stunda útgerð í smæstum stíl.

Í 3. gr. er lagt til, að sú ákvörðun verði tekin, að l. þessi skuli einnig ná yfir slys þau, sem orðið hafa á bátum undir 4 smálestum frá 27. júní 1941 til gildistöku l. þessara og ætla má, að séu af stríðsvöldum og þau slys bætt af stríðsslysatryggingarfélagi íslenzkra skipshafna og ríkissjóður endurgreiði félaginu þessar bætur.

Þetta ákvæði er sett í frv. vegna þess, að vitað er, að minnsta kosti einn trillubátur, Vignir frá Vattarnesi, hafi týnzt með þeim hætti, að ætla má, að hann hafi farizt á tundurdufli. En með því að láta smábátaútveginn aðeins greiða 2 kr. í iðgjald á viku fyrir hvern skipverja, þá ætti þeim útvegi ekki að vera íþyngt. Að öllu þessu athuguðu vil ég leyfa mér að fara fram á það við þessa hv. d. f. h. stj., að hún samþ. frv. til 2. umr. og láti það til frekari athugunar fara til hv. allshn.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil lýsa ánægju minni yfir því frv., sem hér er fram komið og ég tel til mikilla bóta. Mun ég greiða því atkv. mitt. Ég lít einnig svo á, að frv. þetta eigi að fara til hv. allshn., þar sem einstök atriði verða að sjálfsögðu athuguð nánar. En um leið og hv. allshn. fær mál þetta til meðferðar, þá vil ég beina þeim tilmælum mínum til hennar, að hún taki til athugunar og afgreiði frv. til l. um breyt. á alþýðutryggingalögunum, þar sem farið er fram á, að hinar almennu dánarbætur séu hækkaðar, svo að þær verði þær sömu, sem nú eru greiddar hér við ströndina. Ég vildi mega vænta þess, að hv. allshn. sæi sér fært að afgreiða þetta mál sem fyrst, og ætti n. að geta orðið við þeim óskum, um leið og hún tekur þetta frv., er hér liggur fyrir, til meðferðar.

Þykir mér leitt, að frv. skuli hafa legið svo lengi í n. sem raun er á orðin, þar sem hér er um mikilvæga og aðkallandi breyt. á alþýðutryggingarl. að ræða.

Það var bæði athyglisvert og lærdómsríkt dæmið, sem hæstv. félmrh. tók, að tveir bátar færu á sjó og færust, en annar færist óbættur, af því að *hann vantaði ½ smálest til þess að geta heyrt* undir núgildandi stríðsslysatryggingarl. Hér er misræmi á ferðinni, sem þarf að lagfæra, það hljóta allir að sjá.

Auk þess sem frv. því, er hér liggur fyrir, er ætlað að bæta úr þessu, þá er frv. því, er ég er flm. að og bíður nú afgreiðslu í háttv. allshn., ætlað að bæta úr öðrum ágalla, sem er alveg auðsær á núgildandi löggjöf um þetta efni. — Af eðlilegum ástæðum er oft erfitt um það að segja, hvort þetta eða hitt slysið verður af völdum stríðsins eða hamförum náttúrunnar eða þá af einhverju öðru, og það er dómstólunum stundum ókleift að skera úr þar um með nokkurri vissu, þar sem enginn er til frásagnar. Með tilliti til þessa og svo hins, að þörf aðstandenda fer ekki eftir því, hvaða orsakir hafa valdið slysinu, þá er það bæði eðlilegt og sanngjarnt, að tryggingin sé hin sama, hvort sem slysið ber að höndum sakir stríðsins eða ekki, en það er eitt af þeim atriðum, sem frv. um breyt. og viðauka á alþýðutryggingarl. er ætlað að ráða bót á.

Þess vegna vil ég beina því til hv. allshn., að hún athugi þetta frv. um leið og hún athugar frv. það, sem hæstv. stj. hefur lagt hér fram í deildinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 657, n. 686).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Efni þessa litla frv. er raunverulega ekki annað en það, að bátar, sem eru undir 4 smálestir að stærð, skuli tryggðir gegn slysum af völdum ófriðar, eins og stærri skip. Það er auðvitað ljóst, að þessi slys geta eins hent svo litla báta sem stærri skip, þótt óliklegra sé, að á þá verði beint ráðizt. Hér gæti verið um tundurdufl og aðrar aðgerðir af völdum ófriðar að ræða, enda telur stj. grun leika á því, að tiltekinn bátur af þessari stærð hafi farizt af þessum ástæðum. Það er ljóst, að jafnrík ástæða er til að hafa þessa báta tryggða eins og aðra, þótt það hafi ekki verið gert, af því að það hefur þótt helzt til kostnaðarsamt fyrir útgerðarmennina. Úr þessu er reynt að bæta í þessu frv. með því að leggja til, að ríkið taki tiltekinn hluta tryggingarinnar að sér.

N. telur þetta tiltækilegustu leiðina í þessum efnum, og hún er sammála um að mæla með frv. þessu óbreyttu og væntir þess, að hv. d. greiði fyrir því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Með þessu frv. er gert að skyldu að stríðstryggja skipshafnir á smábátum hér við land. Þetta er ekki nema sjálfsagt, og það er óeðlilegt, að menn skuli ekki vera tryggðir jafnhátt, hvort sem þeir farast af stríðsvöldum eða öðrum ástæðum. Þeir, sem eftir lifa og hafa misst sína fyrirvinnu, hafa misst jafnmikið, hvort heldur viðkomandi maður deyr af stríðsvöldum eða ferst með skipi af öðrum ástæðum. Þessi ákvæði, að það skuli vera mismunandi greiðsla eftir því, hvort viðkomandi maður hefur farizt af venjulegu sjóslysi eða af stríðsvöldum, hafa orðið til þess, að það er oft mjög erfitt að fá glöggar skýrslur um orsök slyssins. Eins og eðlilegt er, reyna menn að koma öllu undir stríðsorsakir, eftir því sem hægt er. Eitt smáatvik kom fyrir á Austurlandi fyrir stuttu, sem sýnir, hvernig hagsmunir aðstandenda þeirra, sem farast með bátum, rekast á hagsmuni bátaeigenda. Eins og menn muna, fórst vélbáturinn Gandur frá Austfjörðum í vetur, en ekki varð sannað, hvort báturinn hefði farizt af stríðsvöldum eða ekki. Ef hann hefði farizt af stríðsvöldum, þá átti tryggingin að greiðast eftir stríðsslysatryggingunni; en ef svo hefði ekki verið, þá gátu aðstandendur þeirra, sem fórust, ekki fengið nema venjulega tryggingu, sem er þrefalt lægri. Þessu fyrirkomulagi þarf nauðsynlega að kippa í lag og samræma þessi ákvæði í íslenzkri tryggingarlöggjöf.

En það, sem ég ætlaði sérstaklega að benda á í þessu sambandi, eru iðgjaldagreiðslurnar fyrir þessa báta. Ákvæðin um þetta eru á þá leið, að það skuli greiða 4 kr. á viku fyrir hvern mann, og mér skilst, að þetta sé þannig í framkvæmdinni, að það þurfi að greiða þetta í einu lagi, hvort sem bátarnir róa eða ekki. Þetta er dálítið erfitt fyrir smábáta um og yfir 5 tonn, þegar 5 menn eru á slíkum bátum, þá þarf að greiða um 20 kr. á viku í tryggingu fyrir þá, jafnvel þó báturinn fari engan róður. Það háttar þannig til á Norðurlandi, að það er kannske útlit fyrir róðrarveður, en svo breytist það allt í einu, svo að ekki er hægt að róa, og þá er búið að borga iðgjöldin, en þau fást ekki endurgreidd, þó að ekki sé hægt að róa. Þetta hefur orðið til þess að auka útgerðarkostnaðinn og gera þessum smábátum erfitt fyrir að halda áfram þessum atvinnuvegi. En aftur á móti er það nauðsynlegt, að þeir menn, sem á þessum bátum róa, séu tryggðir stríðstryggingu ekki síður en aðrir.

Það hefur sýnt sig bæði fyrir Austurlandi og Norðurlandi, að þessir bátar farast án þess að hægt sé að finna orsökina til þess, og það er því fullkomlega nauðsynlegt að taka skipshafnir þessara skipa undir stríðsslysatryggingu. Það þarf með einhverju móti að finna lausn á þessu. Það getur verið, að stríðstryggingafélögin geti það, þegar þau fara að framkvæma þetta, og gangi þannig frá því, að menn þurfi ekki að tryggja sig fyrir ákveðinn tíma, hvort sem báturinn hefur róið eða ekki þann tíma. Mér finnst ekki ástæða til þess að skylda útgerðina til að borga hærra en sem svarar þeim róðrafjölda, sem báturinn hefur farið í. Ég held, að þetta sé aðallega gert fyrir það, að það er einfalt í reikningi, og náttúrlega gefur það miklu hærri tekjur en ella.

Ég ætla ekki að flytja um þetta sérstaka brtt., fyrr en þá síðar, ef það kæmi fram, að stríðstryggingarfélögin sæju sér ekki fært að haga greiðslu iðgjaldanna þannig, að þessir smábátar þyrftu ekki að greiða iðgjöld fyrir þá daga, sem þeir róa ekki. Ef það yrði hægt í framkvæmdinni, þá ætti þetta ekki að þurfa að koma að neinni sök og ætti því ekki að svo stöddu að þurfa að bera fram sérstaka brtt., enda er brátt komið að þingslitum og hins vegar fyrirsjáanlegt, ef brtt. yrðu bornar fram, þá næði frv. ekki fram að ganga á þessu þingi, þar sem það þyrfti þá aftur að fara til Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 742).

12. Samflot skipa í Englandsferðum.

Á 90. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til ákvörðunar um samsiglingu íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands (stjfrv., A. 675).

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Fyrir alllöngu síðan komu um það tilmæli til ríkisstj. frá stéttarfélögum sjómanna, að l. yrðu sett, sem heimiluðu ríkisstj. að fyrirskipa samsiglingu skipa frá Íslandi til Stóra-Bretlands og frá Stóra-Bretlandi til Íslands aftur. Um þetta urðu umr. milli fulltrúa stéttarfélaga sjómanna og stj. annarsvegar, og fulltrúa útgerðarmanna og stj. hinsvegar. — Fulltrúar útgerðarmanna lýstu yfir því, að þeir mundu vilja stuðla að því svo sem í þeirra valdi stæði, að öryggi sjómanna yrði sem mest á hafinu, en beindu þeirri ósk sinni til stj., að hægt yrði að leysa þetta atriði án lagasetningar. — Urðu um þetta viðræður um stund milli aðila, og þótt í ljós kæmi fullur vilji útgerðarmanna til þess að leysa þetta mál, þá sýndi það sig fljótt, að ýmsir „tekniskir" örðugleikar væru í vegi fyrir því, að hægt yrði að útkljá þetta, án þess að um það yrðu sett lög.

Nú er svo málum komið, að ríkisstj. hefur lagt fram frv. til l. um þetta atriði, og hefur hún lagt það fram sem frv. til heimildarl. Hins vegar get ég gefið þá yfirlýsingu, að stj. mun strax og frv. þetta verður samþ. notfæra sér heimildina, sem í því felst. Ríkisstj. hefur og birt hér sem fylgiskjal með frv. uppkast að reglugerð, sem hún hefur lagt fyrir fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna, og þeir samþ. fyrir sitt leyti, að þessi reglugerð yrði svo sem hún birtist hér. — Ef því hv. Alþ. vildi fallast á að samþ. þetta frv., mun ríkisstj. gefa út reglugerð sem þá, er hér er birt og fulltrúar stéttafélaga sjómanna og útgerðarmanna hafa fyrir sitt leyti tjáð sig samþ., en það eru forsvarsmenn þeirra aðila, er munu búa við þessa reglugerð.

Ég vildi að svo mæltu óska þess, að hv. Alþ. vildi samþ. þetta frv. og það sem fyrst, til þess að reglugerðin geti verið gefin út hið skjótasta.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Að óathuguðu máli um þetta frv. tel ég líklegt, að það horfi í rétta átt og sé því þess vert, að því sé lið ur stuðningur. —

Það er alveg rétt, að útgerðarmenn hafa haft fullan hug á því, að samflot skipa kæmist á milli Íslands og Englands og aftur til baka, en ýmsir örðugleikar hafa staðið í vegi fyrir því. Svo er mál með vexti, að útgerðarmenn komu að máli við mig sem borgarstjóra þessa bæjar og kvörtuðu yfir því, að sein afgreiðsla væri hér við höfnina, og að hún væri mun seinni hér en í Hafnarfirði. Nefndu þeir mér dæmi, að vegna þess að afgreiðslan gengur fljótar í Hafnarfirði, hefði ekki orðið úr samfloti héðan frá Íslandi til Englands og frá Englandi aftur og hingað heim. Það hljóta því allir að sjá, að mikið er undir því komið, að afgreiðsla skipanna gangi fljótt og greiðlega, en því er nú ekki að heilsa hér við höfnina í Rvík, og kvörtun útgerðarmannanna hafði við full rök að styðjast. En þessi seina afgreiðsla við höfnina hér er komin til vegna hins mikla bryggjurúms, er setulið það, sem nú dvelur hér í landi, hefur fengið til umráða, sem ég er ekki að segja, að hafi verið neitt óeðlilegt. Þeir samningar, sem um þetta voru gerðir, voru sumpart gerðir fyrir atbeina þáverandi ríkisstj., og í þeim samningi var einmitt tiltekin bryggja, sem útgerðarmenn töldu

óumflýjanlegt að fá forgangsrétt að, til þess að afgreiðsla skipanna við höfnina gæti gengið sæmilega fljótt.

Mér var það ljóst, að reyna þurfti að komast að samkomulagi um þetta við setuliðið, ef það ætti að geta orðið úr samfloti milli tiltekinna landa, og vildi því gera það, sem líklegast væri til þess að ná mestum árangri. Þess vegna var það, sem ég sneri mér í bréfi til hæstv. ríkisstj., sem hafði staðið að samningunum um þessa bryggju, og fór þess á leit við hana, að hún reyndi sitt til þess, að setuliðið gæti orðið við óskum útgerðarmanna í þessu efni og félli frá forgangsrétti sínum að bryggjunni, meðan á vertíð stæði. Ég taldi það sem sagt eðlilegast að snúa mér til ráðuneytisins eins og á stóð, og enn fremur þar sem ég tel það rétta leið, sem beri að fara í slíkum tilfellum sem öðrum, er varða setuliðið, að þau mál séu í höndum ríkisstj., þar sem hún hefur á að skipa æfðum starfsmönnum til slíkra hluta, en að ekki séu hinir eða þessir lægra settir starfsmenn að vasast í þeim málum, án þess að nokkuð sé vitað um hæfni þeirra eða lagni, sem þarf við slíkar samningaumleitanir.

Af þessum orsökum sneri ég mér til utanrn. og fór þess á leit, að það hlutaðist til um, að útgerðarmenn fengju þessa ósk sína uppfyllta til þess að greiða fyrir samfloti fiskiskipa milli Íslands og Englands. En mér til mikillar undrunar gaf ráðuneytið algerlega neitandi svar og kvaðst ekki vilja hafa nein afskipti af þessu, en vísaði á n., er hafnarstjóri á sæti í og fjallar um mál hafnarinnar í sambandi við setuliðið. Mig furðaði þessi afgreiðsla ráðuneytisins vegna þess, að það hafði einmitt staðið að samningunum um þessa umræddu bryggju, og í öðru lagi vegna þess áhuga, er nú kemur í ljós hjá því á að koma á samfloti skipanna, þar sem skortur á bryggjurúmi ætlaði að verða Þrándur í götu fyrir, að samflot kæmist á, svo og undraði mig þessi afgreiðsla málsins af því, að fulltrúa ráðuneytisins hlaut að vera kunnugt um, að hafnarstjóri hafði verið frá störfum um lengri tíma sökum veikinda. Ég vil nota þetta tækifæri, sem mér gefst hér, til þess að láta undrun mína í ljós yfir þessari framkomu utanrn., þó að ég hafi orðið að beygja mig undir þetta þá og taka því sem lægra settur starfsmaður. En mér leiðist, að ráðuneytið skuli ekki í þetta skiptið hafa skilið betur skyldu sína. Ég veit ekki, hvort hæstv. utanrh. hefur nokkuð komið nærri afgreiðslu þessa máls, enda er ég ekki með þessu að ásaka þann mikilhæfa og ágæta starfsmann né þá menn, sem þessu hafa ráðið, heldur vil ég láta undrun mína koma í ljós yfir þessari afgreiðslu. En ég tel, að ráðuneytið hafi haldið öðruvísi á þessu máli en því bar skylda til.

Gísli Jónsson: Mér koma einkennilega fyrir þau ummæli hæstv. atvmrh., að fullt samkomulag hafði náðst við útgerðarmenn um reglugerðina. Ég var á fundi útgerðarmanna, þegar þetta var rætt, og þar var ákveðið bent á þá erfiðleika, sem það mundi skapa í þessu máli, ef 11. og 12. gr. reglugerðarinnar væru óbreyttar. En það kann að vísu að vera rétt, að samkomulag hafi náðst við stj. félagsins. —

Ég vil í þessu sambandi gera fyrirspurn til hæstv. ráðh. um það, hvort hann líti svo á, ef þessi l. fara óbreytt í gegn, að þá muni ríkisstj. ekki breyta neinu í reglugerðinni. Þetta hefur áhrif á mína afstöðu til málsins. — Hins vegar tel ég, ef hægt væri að búa svo um þessi mál, að allir gætu við unað, að þá ætti 2. gr. að falla burt, því að annaðhvort er nauðsynlegt að sigla í samfloti eða ekki, það hafa útgerðarmenn þegar fundið. Ef það er nauðsynlegt, þá á að fyrirbyggja, að það þurfi undanþágur. Nú er það vitanlegt, að 11. og 12. gr. mæla svo fyrir, að 5 manna n. skuli ákveða, hvort skipin skuli sigla eða ekki, en það er auðvitað sama og að afnema undanþáguna.

Ég vildi þess vegna heyra álit hæstv. ráðh. um þetta atriði. Ég vil svo vænta þess, að frv. verði vísað til hv. sjútvn., þar sem ég á sæti í henni, og gefst mér þá tækifæri til þess að ræða þetta mál við meðnm. mína þar.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Viðkomandi þeirri aths., sem hv. 6. þm. Reykv. gerði út af afgr. utanrn. á erindi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur sent þangað, þá er það að segja, að ég er kannske ekki nógu kunnugur málinu til þess að geta farið ýtarlega út í það hér, en til bráðabirgða vil ég upplýsa það, að hafnarstjórnin í Rvík hefur haft, án afskipta ráðun., með höndum meginsamninga við setuliðsstjórnina um viðskipti hafnarinnar við hin erlendu skip, sem hingað hafa leitað á vegum herstjórnarinnar. Hafnarstjórnin hefur, án afskipta ríkisstj., gert a. m. k. í mörgum tilfellum samkomulag í þessum efnum. Þess vegna mun ráðun. hafa litið svo á, að í þessu einstaka máli færi betur á því, að farin væri sú leið, sem hafnarstjórnin hefur aðallega farið þau ár, sem þessi viðskipti hafnarinnar við herstjórnina hafa átt sér stað. Ég tel æskilegt, að farin væri fyrst sú leið, að hafnarstjórnin komi til leiðar venjulegri samningaleið. Nú er það svo, að það eru fleiri hafnir, sem eiga í nokkrum samningum við herstjórnina, og vegna þess að þessi mál eru orðin nokkuð umfangsmikil, þykir ráðun. ástæða til að taka upp öll þessi mál sameiginlega, og hefur þegar fyrir skömmu verið skipuð þriggja manna n. til þess að taka upp samninga á vegum ríkisstj. í samráði við hafnarstjórnina um úrlausn ýmissa þessara mála. Þessi n. hefur verið skipuð fyrir fáum dögum, og er hafnarstjórinn í Rvík einn af nm., og vænti ég þess, að þessi nefndarskipun reynist heppilegur aðili til þess að flýta fyrir að greiða úr þeim málum, sem eru nú óklárað á milli Reykjavíkurhafnar annars vegar og setuliðsstj. hins vegar. Vænti ég þess, að þessar upplýsingar nægi, a. m. k. í bráð, viðkomandi þessum málum.

Hv. þm. Barð. spurðist fyrir um það, hvort ríkisstj. mundi gefa út reglugerð þá, sem hér fylgir með sem fylgiskjal, orðrétta og óbreytta eins og hún er hér sett. Ríkisstj. gerir ráð fyrir að gefa út reglugerð, sem væri a. m. k. í meginatriðum eins og sú, er hér birtist. Það verður a. m. k. ekki gerð á henni breyt. nema því aðeins, að um það fáist nýtt samkomulag á milli fulltrúa útgerðarmanna og fulltrúa stéttarfélaga sjómanna. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni,

þá er fengið samkomulag á milli fulltrúa beggja þessara aðila um það að una við reglugerð eins og þá, sem hér er prentuð.

Bjarni Benediktsson: Ég vil þakka hæstv. utanrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið. Það er rétt, sem hann sagði, að mikið af þeim samningagerðum, sem fram hafa farið, hefur hafnarstjórnin haft á hendi gagnvart herstjórninni. En hitt er líka rétt, sem ég sagði, að ráðuneytið hefur alveg jöfnum höndum haft afskipti af þessum málum, og ég minnist þess ekki, að það hafi komið fyrir fyrr en í þetta sinn, að ráðuneytið hafi beinlínis neitað að hafa afskipti af þessum málum, þar sem að athuguðum öllum atvikum þótti heppilegast, að það hefði í því forgöngu, og ég vil sérstaklega benda á það, að svo framarlega sem nauðsyn var talin á því að taka upp stóran lagabálk um samflot skipa, þá virtist eftir eðli málsins líklegast til árangurs, að ráðuneytið sjálft tæki málið upp. Hitt er annað mál, að það má deila um það, hver leið sé heppilegust í þessum efnum.

Ég vildi láta þessa aths. koma fram í sambandi við þetta mál. Ég vil svo, að gefnu tilefni, mega spyrjast fyrir um það, hverjir aðrir en hafnarstjórinn í Rvík hafa verið skipaðir í þessa hafnarmálan. ríkisstj.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Mér er ánægja að skýra frá því, að n., sem ég gat um áðan, er skipuð þessum mönnum: Emil Jónssyni, vitamálastjóra, sem er form. n., hafnarstjóranum í Rvík, Þórarni Kristjánssyni, og Agnari Kl. Jónssyni deildarstjóra í utanrn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 675, n. 701 og 702).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. —

Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Eins og séð verður á þskj. 702, nál. meiri hl., hefur sjútvn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n., ég og hv. 1. þm. S.-M., við erum á þeirri skoðun, að það sé bæði eðlilegt og nauðsynlegt að binda aðalákvæði þessa máls í l., en gefa reglugerð ekki það svigrúm, sem gert er ráð fyrir í frv. hæstv. ríkisstj. Minni hl., hv. 9. landsk., var raunverulega okkur sammála um þetta að miklu leyti, en aðeins var ágreiningur um það innan n., hvernig skyldi skipa málunum og hverjir skyldu hafa úrskurðarvald um undanþágurnar, þegar þær skyldi veita. Nú sé ég, að eftir að fundum hefur verið slitið í n., þá hefur hv. 9. landsk. skipt eitthvað um skoðun, því að þetta kemur ekki fram í hans áliti, heldur allt annað sjónarmið, sem aldrei var minnzt á í n.

Vegna ummæla hæstv. atvmrh. hér í d. um þetta mál og vegna þess að mér var kunnugt um það, að hlutaðeigandi aðilar voru ekki sammála um þetta mál, þá kallaði sjútvn. fulltrúa þessara aðila til sín á fund, svo að n. fengi fulla vissu um það, hvernig málin stæðu almennt meðal þeirra. En þá kom það í ljós, að fulltrúar frá þeim skipum, sem tilheyra línubátum og fisktökuskipum, höfðu ekki verið sammála um afgreiðslu málsins, þeir höfðu meira að segja tjáð sig mótfallna afgreiðslu málsins eins og hún var og lagt áherzlu á það, að það væri sama sem að leggja þennan atvinnuveg niður, ef málið yrði afgr. eins og það er afgr. með stjfrv. annars vegar og reglugerðinni, sem því fylgir, hins vegar. Ég hef þess utan fengið bréf frá félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, dags. 8. apríl, þar sem þeir staðfesta það, tveir fulltrúar frá línu- og fisktökuskipum, sem sátu fund hjá ríkisstj., að þeir hefðu ekki verið sammála um þetta atriði, og þeir hefðu því ekki getað undirskrifað þetta samkomulag fyrir þeirra hönd, þegar þeir hefðu setið fund með ríkisstj. Þetta bréf er lagt fram í lestrarsal, dagbókarfskj. 1027. Eftir að sjútvn. hafði heyrt rök frá öllum viðkomandi aðilum, hélt hún annan fund og kom sér saman um að fella inn í frv. aðalatriðin úr reglugerðinni, eins og hún er prentuð sem fylgiskjal með frv. stj., að undanteknu því, að minni hl. vildi ekki vera með því, að 2. gr. frv., eins og hún er sett fram í breyt., yrði sett þannig inn í l., þ. e. a. s. að skipa 2 menn á hverjum stað til þess að hafa úrslitavald í þessum málum. Minni hl. vildi hins vegar, og lagði á það áherzlu, halda sig að því, sem kemur fram í reglugerðinni, að með þessi mál fari 5 menn hér í Rvík og Hafnarfirði og allt landið yrði að sækja þetta mál undir þá n., þó þannig, að þessi sama n. gæti skipað 2 menn fyrir hverja útflutningshöfn, en þeir menn yrðu að standa í sambandi við aðalnefndina hér í Reykjavík. Hann ætlaðist til þess, að þetta yrði fellt inn í lögin, en hefur nú fallið frá því. Meiri hl. telur hins vegar, að þessi skipan málanna sé nokkurn veginn það sama og að stöðva siglingu fiskkaupaskipa og línuveiðabáta fyrir Austurlandi, sérstaklega á Hornafirði, Norðfirði og Seyðisfirði, og jafnvel líka fyrir Norðurlandi og í Vestmannaeyjum. Það mundi enginn útgerðarmaður vilja eiga það á hættu að hlaða skipin, án þess að vita hvernig þessum málum reiddi af. Þeir gætu t. d. búizt við því, að símasambandið við þessa staði bilaði, svo að ekki væri hægt að komast í samband við þá, eins og verið hefur á þessum vetri. Meiri hl. gat heldur ekki fallizt á, að hér sé um neitt meira öryggi að ræða. Það er gert ráð fyrir því, í till. meiri hl., að 2 menn verði skipaðir fyrir hverja útflutningshöfn til þess að hafa með höndum eftirlit með þessum málum og úrskurðarvald um það, hvenær skuli veita undanþágur. Þeir skulu einnig hafa eftirlit með því, að þessum l. sé hlýtt, og telur meiri hl., að með þessu muni fást meira öryggi í þessum málum. Meiri hl. n. lítur svo á, að í Rvík sé ekki ástæða til þess að hafa fleiri en 2 menn, er hafi þetta starf með höndum. Ef þessir menn koma sér ekki saman, þá gerir meiri hl. ráð fyrir því, að þeir geti kallað sér til aðstoðar lögreglustjórann á hverjum stað. Þá gerir meiri hl. ráð fyrir því, að ekki sé hægt að veita undanþágu til þess að skip sigli eitt, ef skipshöfnin mótmælir slíkum úrskurði. Við teljum, að með brtt. okkar, ef samþ. verða, sé fengið öryggi í þessum málum, að svo

miklu leyti sem hægt er að fá öryggi um þessi mál. Við væntum þess, að hv. d. gangi þannig frá þessu máli, að hún hafi fullan skilning á því, að meiri hl. sjútvn. hefur viljað gera tvennt í þessu máli: Að tryggja öryggi sjómannanna annars vegar og hins vegar að stuðla að því, að þessi atvinnuvegur geti haldið áfram. Ef aðeins á að horfa á aðra hliðina og tryggja hana, eins og okkur virðist hafa komið fram hjá hv. 9. landsk., þá er ein alveg örugg leið í þvi máli, og hún er sú að banna siglingar algerlega. En við lítum svo á, að það sé hvorki frá sjónarmiði sjómanna né landsmanna æskilegt að gera það. Við fáum ekki séð, að 5 menn í Rvík hafi meiri þekkingu á þessum málum eða betri skilyrði til þess að dæma um aðstöðuna úti á landi heldur en þeir menn, sem þar eru fyrir og geta fylgzt með málunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða meira um þetta mál, nema því aðeins, að sérstakt tilefni gefist til. Ég vil aðeins benda á það, að hér er um mikið tilfinningamál að ræða, sem hægt er auðveldlega að leiða út í öfgar, en ég tel ekki rétt, að það sé gert, heldur sé reynt að skoða málið frá raunveruleikanum. Að síðustu vil ég benda hæstv. atvmrh. á það, að meiri hl. n. leggur mikla áherzlu á það, að þegar reglugerðin verður samin, þá sé tekið upp í þá reglugerð ákvæði 2., 3. og 4. gr. þeirrar reglugerðar, sem er prentuð með frv. stj. þ. e. að málið sé að nokkru leyti í höndum útgerðarmanna, þar sem því verður komið við, og þeir hafi eftirlit með því, hvernig skipunum sé raðað niður.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og orðið á einu máli um það, að rétt sé að setja l. um samflot íslenzkra skipa, sem sigla milli Íslands og annarra landa. N. hefur einnig verið á einu máli um það, að rétt sé að koma þessum lagaákvæðum þannig fyrir, að þau komi að sem fyllstum notum, án þess þó, að að því sé stefnt að baka sjávarútveginum tjón eða sérstakt óhagræði með lagasetningunni. Um þessi grundvallarsjónarmið er sjútvn. sammála. Hið eina, sem n. greinir á í þessu sambandi, er það, hvernig þessu skuli fyrir komið, í einu atriði sérstaklega. Ég get þess vegna alveg sparað mér að ræða um nauðsyn þessara l., um það er enginn ágreiningur í þinginu, og mér skilst, að menn séu sammála um nauðsyn þess að setja um þetta l.

Það er tekið fram í grg. hæstv. ráðh. fyrir þessu frv., að frv. og reglugerðin, sem prentuð er með því, sé samið í samráði við fulltrúa stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna. Sjútvn. hefur kynnt sér þetta atriði og rætt um það við fulltrúa þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og það hefur upplýstst, að þeir, sem sérstaklega hafa samþykkt eða komið sér saman um þetta frv., það eru fulltrúar sjómannafélaganna í Rvík, Hafnarfirði og á Patreksfirði, svo og fulltrúar togaraútgerðarmanna og félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. En hins vegar liggur ekki fyrir sérstök samþykkt á þessu frv. frá útgerðarmönnum, sem ráða yfir fiskkaupaskipum eða línuveiðabátum. Það hafa þess vegna skipzt sjónarmið um þetta í n. Vegna þess að fulltrúar frá verulegum hluta af þeim einstaklingum, sem þetta varðar, voru búnir að koma sér saman um afgreiðslu málsins, var ekki ástæða til þess fyrir n. að fara að breyta neinu í því samkomulagi. Ég hef þess vegna ekki viljað ganga inn á það, að nein efnisbreyt. yrði gerð á frv. að svo miklu leyti sem það tekur til botnvörpuskipa. Ég skal hins vegar játa, að eins og frá reglug. og frv. er gengið, þá eru þar á nokkrir gallar, að því leyti sem málið snýr að fiskkaupaskipum. Fiskkaupaskipin hafa þá aðstöðu, að það kynni að verða óþægilegt fyrir þau að þurfa í hvert skipti að leita eftir því til Rvíkur, er þau þurfa að fá undanþágu frá samfloti. Hvort sem undanþágur verða veittar eða ekki, hefði ég fyrir mitt leyti getað fallizt á það, að af þessu kynnu að stafa óþægindi fyrir útgerðarmenn þessara skipa. Mér er þess vegna ljóst, að það er nauðsyn á því að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að hægt sé að veita og afgreiða undanþágur fyrir útgerðarmenn þessara skipa, án þess að stöðvun þurfi að verða vegna þess, að það þyrfti að fá samband við n. í Rvík. Ég geri ráð fyrir því, ef fulltrúar frá fiskkaupaskipunum hefðu komið nær þessu en raun varð á, þá mundi hafa verið fyrir þessu séð í frv. eða reglugerðinni. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þessi ágalli á frv. stafar af því, að þessir aðilar hafa ekki haft umboðsmann með fullt umboð til þess að taka þátt í undirbúningi þessa máls. Mér er það líka ljóst, að erfiðleikar eru á því að ganga frá því, hvernig þessar n. úti á landi, sem eiga að afgreiða þessar undanþágur, eigi að vera skipaðar. Ég er sammála meiri hl. n. í því, að það þurfi að vera menn í öllum þeim höfnum landsins, sem heimild hafa til þess að afgreiða þessi skip til utanlandssiglinga, menn, sem geta, ef ekki er hægt að hafa samband við n. í Rvík, afgreitt þetta mál upp á sitt eindæmi. En ég held, að það þurfi að athuga það vel, áður en frá því er gengið, hvernig þessi n. eigi að vera skipuð. Ég teldi rétt, að það væri gert í samráði við útgerðarmenn og fulltrúa sjómanna, hvernig þetta atriði yrði afgreitt. Ég fyrir mitt leyti hefði talið það næga tryggingu í þessu efni, ef aftan við 2. gr. frv. kæmi sú viðbót, að fyrir því yrði séð í reglugerð, að beiðni um undanþágur væri hægt að afgreiða án tafar á þeim stöðum í landinu, sem hefðu heimild til þess að afgreiða þessi skip. Mér finnst þetta nokkuð mikið vandamál og tel því ekki rétt að flana að neinu í því sambandi. Mér finnst sú till., sem meiri hl. hefur komið með til lausnar á þessu atriði, einmitt benda til þess, hvað hætt er við því, að menn geti leiðzt út í að afgreiða málið á óheppilegan hátt, ef þetta er ekki nægilega athugað. Eins og frá till. meiri hl. n. er gengið, er þetta mjög óheppilegt. Meiri hl. leggur til, að skipaðir séu 2 menn á hverjum stað til þess að hafa þessi mál með höndum, annar sé fulltrúi sjómanna, hinn fulltrúi útgerðarmanna, og þessu er ég út af fyrir sig samála. En svo bætir meiri hl. því við, að verði aðilar ekki sammála, þá eigi að kalla til lögreglustjóra staðarins, og hann eigi að gefa úrskurð um þetta. Það er ekki að neinu leyti vantraust á lögreglustjórunum, sem þarna eiga hlut að máli,

þó að ég verði að segja, að ég held, að þeir séu manna óhæfastir til þess að gefa úrskurð um ágreining eins og þarna gæti verið um að ræða. Þeir staðir, sem hér er sérstaklega um að ræða, eru Vestmannaeyjar, Akureyri, Siglufjörður og Rvík. Þó að lögreglustjórarnir á þessum stöðum séu að sjálfsögðu prýðilegir menn, þá held ég, að það liggi svo fjarri þeirra verkahring að geta úrskurði um þetta, að þeim sé þess vegna ekki felandi að leysa þetta starf af hendi. Auk þess, sem á sumum þessum stöðum, sem hér koma til greina, eru engir lögreglustjórar til, eins og t. d. á Hornafirði. Ég vil því mæla eindregið með því, að mín till. verði tekin upp í frv., og það verði þannig ákveðið, að fyrir því skuli séð í reglugerð, að hægt sé úti á landi að afgreiða þessar undanþágubeiðnir viðstöðulaust. En að þeim, sem gefur út reglugerðina, sé í sjálfsvald sett, hvernig hann afgreiðir þetta, og sé þetta gert í samráði við fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna. Aðrar brtt., sem meiri hl. n. hefur tekið upp í frv., vil ég ekki fallast á, vegna þess að þær eru í ósamræmi við það, sem þeir aðilar, sem þetta mál snertir mest, hafa komið sér saman um. Fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna í Hafnarfirði, Rvík og á Patreksfirði hafa samið með sér um það, hvernig sú n. eigi að vera skipuð, sem afgreiðir undanþágurnar. Mér finnst ekki rétt fyrir hæstv. Alþ. að vera að ganga fram hjá því samkomulagi, þegar ekkert liggur fyrir um það, að aðilar óski eftir, að því samkomulagi verði breytt. Mér er kunnugt um það, að breyt. meiri hl. eru sjómannafélögunum mjög á móti skapi og eru gerðar í fullri óþökk þeirra. Um afstöðu útgerðarmanna er mér hins vegar ekki kunnugt. Ég vil líka benda á það, að ég tel það mjög óheppilegt að færa út ákvæði 1. gr. frv. frá því, sem gert er í frv. sjálfu. Í frv. er lagt til, að ríkisstj. geti ákveðið með reglugerð, að íslenzk skip eða önnur skip leigð eða gerð út af innlendum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, skuli sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir. Samkv. þessari gr. er ríkisstj. heimilt að gefa út um þetta reglugerð, sem nær til allra skipa. En samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar er gert ráð fyrir því, að þetta nái eingöngu til þeirra skipa, sem sigla með ísvarinn fisk milli Íslands og Stóra-Bretlands. En meiri hl. n. leggur til, að 1. gr. reglugerðarinnar sé tekin upp í frv. og beinlínis svo ákveðið, að öll skip, sem sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, skuli sigla saman. Mér er ekki fullkomlega ljóst, hvers vegna meiri hl. hefur séð ástæðu til þessarar útfærslu á frv., en mér er ekki grunlaust um, að þetta kunni að geta skapað einhver óþægindi. En væntanlega getur hæstv. atvmrh. upplýst það hér á eftir. Þá sé ég, að n. hefur í þessari breyt. bætt inn einu orði, sem mér er ekki fullkomlega ljóst, hvort á að vera efnisbreyt. eða ekki. Þetta er orðið „sambærilegt". Þar stendur: „Þó er heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, ef upplýst er, að ekkert sambærilegt skip" o. s. frv. En í reglugerðinni er orðið „sambærilegt" ekki tekið með. Mér er ekki fullkomlega ljóst, hvort fyrir meiri hl. n. vakir að gera þarna efnisbreyt. á frv. eða ekki.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði hér áðan, að ég vil ekki fallast á, að gerðar séu breyt. á frv., að svo miklu leyti sem frv. tekur til þeirra aðila, sem beinlínis hafa komið sér saman um lausn þessa máls. En að svo miklu leyti sem frv. tekur til annarra aðila, sem ekki hafa um þetta samið og talið er, að muni hafa óhagræði af þessu frv., ef að l. verður, þá tel ég fyrir mitt leyti sjálfsagt, að í 2. gr. séu sett ákvæði til öryggis, þannig að svo sé frá undanþáguákvæðinu gengið, að þeir, sem um undanþágur sækja í þessu efni, þurfi ekki að bíða eftir svari. Ég tel óheppilegt, að því sé slegið föstu, hvernig þessa n. skuli skipa.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég vil ekki eyða tíma til þess að deila um þetta mál. En ég vil leyfa mér að mótmæla því, sem hv. 9. landsk. sagði, að hann hafi nokkurt umboð til þess að segja, að þessi breyt., sem á að gera, sé mjög illa gerð og í óþökk sjómanna. Þessi hv. þm. hefur ekki kynnt sér þá hlið málsins að öðru leyti en því, að hann veit, að formaður sjómannafélagsins gerir það að kappsmáli, að þessu sé ekki breytt frá því, sem hann hefur gengið frá því. Hv. 9. landsk. þm. lætur þetta hafa svo mjög áhrif á skoðanir sínar, að hann gengur frá svo að segja öllu, sem hann var samþykkur í n. Og þessar aths. hans, sem nú koma fram, komu aldrei fram á þeim tveimur fundum, sem haldnir voru í n. um málið, annað heldur en það, hvernig skyldi skipa n., sem úrskurðarvaldið hefði í þessum málum. Hér er ekkert rýrt það vald, sem n. átti að fá út af fyrir sig. En þeir, sem þetta sömdu, gleymdu því bara, að til væru útgerðarstaðir annars staðar á landinu en hér í Rvík. Það er eins og þeir álíti Rvík eina útgerðarstaðinn, en við hinir nefndarmennirnir viljum ekki viðurkenna, að svo sé. Það hefur verið álitið, að ekki væri ástæða til að setja l. um þetta fyrir Suðurland, vegna þess að þar væri fullt samkomulag um þetta. En ef komið er samkomulag um þetta þar, að láta skipin sigla eins og frv. bendir til og eins og mér er kunnugt um, að þau gera, þá sá meiri hl. sjútvn. engin rök fyrir að leyfa ekki að lögfesta það. Og ég get upplýst hv. 9. landsk. þm. um það, að allir útgerðarmenn, bæði þeir, sem eru hér í Rvík og útgerðarmenn utan af landi og fulltrúar þeirra, sem ég hef talað við, sætta sig við frv. eins og það er gert úr garði frá meiri hl. n., þ. e. eins og það verður, ef brtt. meiri hl. n. verða samþykktar, en alls ekki, ef það verður eins og hv. minni hl. n. vill hafa það, vegna þess að þeir fá ekki skilið, að það sé meira öryggi fyrir þessi skip, þó að tveir menn úti á landi séu skipaðir af n. hér í Rvík til að sjá um þetta. Ef þessi n. á að hafa yfirumsjón í þessu efni, þá afhendir hún með þessu tveim mönnum eftirlitið með skipunum úti um land, sem svo einhvern tíma og einhvern tíma er hægt að ná í, og í framkvæmdinni verður það þannig, að mennirnir, sem eru á staðnum, sem skipin ætla að sigla frá, úti um land, verða að ákveða um þetta. Ég sé því ekki ástæðu til að breyta nokkru um þetta samkomulag n. Og mig undrar, að hv. 9. landsk. þm. hefur nú fallið frá því, sem hann á fundum í n. taldi mikils virði. Það er einhver illur andi, sem hefur spilað á hann síðan og komið honum til að fara allt aðrar leiðir í málinu.

Ég álít, að Alþ. eigi að taka tillit til allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og það á þann hátt, sem ég hef lagt til, sérstaklega þegar með því er hægt að hafa sama öryggi fyrir alla aðila fyrir því. Og það fullyrði ég, að hægt er að framkvæma með því að samþykkja brtt. meiri hl. sjútvn. við frv., en að það verði til minni óþæginda fyrir suma þá, sem hlut eiga að máli.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Út af ummælum, sem féllu í fyrri ræðu hv. þm. Barð., sem ég gat varla skilið öðruvísi en á þann veg, að þessi hv. þm. teldi, að ég hefði ekki skýrt hér rétt frá, þegar þetta mál lá hér frammi í þessari hv. d. fyrir tveimur dögum, þá tel ég ástæðu til að taka aftur upp það, sem ég þá upplýsti viðkomandi þessu máli og meðferð þess, áður en það kom hér til hins háa Alþ.

Málið var upphaflega tekið upp af fulltrúum stéttarfélaga sjómanna við ríkisstjórnina, og voru um þetta nokkrir fundir haldnir með þeim og síðan með fulltrúum útgerðarmanna, en síðast sameiginlegir fundir með báðum. Á þessum fundum lýstu útgerðarmenn yfir því, að þeir vildu, eins á þessu eins og öllum öðrum sviðum, kappkosta að skapa hið mesta öryggi, sem hægt væri fyrir íslenzka sjómenn, og þess vegna vildu þeir leitast við að leysa þetta mál á viðunandi hátt. Það voru síðar um þetta nokkrar fleiri umr., bæði með ríkisstj. og milli þessara tveggja aðila, sem lauk þannig, að síðasti fundur með ríkisstj. var þannig, að séð varð, að þetta mál gat ekki orðið leyst með samkomulagi og þess vegna þyrfti lagafyrirmæli til þess að fá það öryggi, sem sjómenn töldu, að l. mundu veita sér. Ríkisstj. leit svo á, að það væri skylda hennar að taka tillit til óska sjómannanna, sem óneitanlega eru þeir, sem eiga mest á hættu í siglingunum og hætta lífi sínu. Og þess vegna lýsti ríkisstj. yfir því, að hún mundi leggja fram frv. á Alþingi um þetta mál. En til þess að greiða fyrir meðferð málsins og reyna að komast hjá óþægindum við heppilega framkvæmd málsins, þá beið ríkisstj. þess enn, að þessir aðilar vildu fjalla um málið og um uppkast að reglugerð, sem atvmrh. afhenti þá á fundum. Þeir urðu við þessu. Eftir nokkurn tíma bárust til baka bréf frá þessum aðilum, þar sem þeir lýstu yfir því, að þeir hefðu orðið sammála um, að ef l. yrðu sett um þetta, þá væri æskilegast, að reglugerðin yrði eins og frv. það til reglugerðar, sem nú er hér prentað sem fylgiskjal frv. Þetta er undirritað af starfsmanni Landssambands útgerðarmanna og af Sigurjóni Á. Ólafssyni fyrir hönd og sem fulltrúa stéttarfélags sjómanna.

Ég sé á þeim nál., sem hér liggja fyrir um þetta frv., að sjútvn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Ég tek eftir því, og sé, að það er rétt, að einn ágalli hefur orðið á reglugerðinni. Það er, eins og bent hefur verið á af hv. þm. Barð., ekki séð í reglugerðinni nægilega fyrir undanþágumöguleikum úti um land. En sú aðferð, sem meiri hl. sjútvn. hefur valið til lagfæringar á þessu, sýnist mér dálítið vafasöm til þess að flýta fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég á við þá aðferð að leggja til, að meira sé tekið upp í l. heldur en gert er í frv. og minna vald sé gefið með l. til reglugerðarsetningar. Eins og ég hef lýst yfir áður, þá leggja sjómenn mikla áherzlu á það, að þessi l. gætu orðið afgreidd sem fyrst og kæmu til framkvæmda sem skjótast. Og vegna þess var það, að ég leyfði mér að mælast til þess, þegar frv. var lagt hér fram fyrir fáum dögum síðan, að hv. d. vildi hliðra svo til, að málinu gæti orðið hraðað, sem ég vil þakka fyrir, að hefur verið gert, það sem af er. Afgreiðsla málsins, sem af er, hefur tekið stuttan tíma hér í hv. d. En ef hv. d. er á því, að það sé æskilegt að koma þessu lagafrv. sem fyrst í gegn, svo að hægt sé að fara sem fyrst eftir því, þá sýnist mér augljóst mál, að með því að fáir dagar eru eftir af setu þessa Alþ., þá mun það óhjákvæmilega seinka málinu gegnum þingið, ef farið verður að gera þessar mjög miklu breyt. á frv. Og með því, að stj. hefur áður lýst yfir, eða ég fyrir hennar hönd, sem ég geri aftur af nýju nú, ef Alþ. fellst á að afgreiða þessi l. í því formi, sem stungið er upp á í þessu frv., þá mun ríkisstj. setja reglugerð eftir l. eins og þá, sem á fylgiskjalinu er, eða með þeim breyt., sem við nánari athugun kemur í ljós, að æskilegt eða nauðsynlegt sé. En þó skal vera haft um það samráð bæði við fulltrúa útgerðarmanna og sjómanna, áður en breyt. verða gerðar á reglugerðinni frá því uppkasti, sem hér liggur fyrir í fskj. frv. Ég tek þetta fram með það fyrir augum, að ég tel víst, að frekast með þessu móti, að láta frv. komast í gegnum hið háa Alþ. án verulegra breyt., og með það fyrir augum, að það sé heimildarl., en reglug. verði svo sett um framkvæmdaratriðin, þá megi málið ná afgreiðslu skjótar en ella og þá væntanlega áður en þessu þingi lýkur, sem nú situr. Þessu vildi ég beina til hv. meiri hl. sjútvn., hvort hann ekki, með það fyrir augum að hraða málinu í gegn, geti fallizt á að treysta því, að í reglugerðinni verði komið fyrir þeirri lagfæringu, sem ég hef nú bent hér á, að ég sé við nánari athugun, að þörf er á.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Í tilefni af ummælum hv. þm. Barð. áðan þarf ég að koma að nokkrum aths. Eins og greinilega kom fram í ræðu minni, er aðalágreiningurinn um það, hvernig eigi að ganga frá fyrirmælum l. um heimild til að veita undanþágu frá samfloti. Ég lagði á það höfuðáherzlu, að um fullt samkomulag væri að ræða milli fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna í Rvík, Hafnarfirði og á Patreksfirði um fyrirkomulagið í þessum atriðum. Hæstv. atvmrh. staðfesti það áðan, að áður en ríkisstj. afgreiddi þetta frv. til d., ásamt þeirri reglugerð, sem prentuð er sem fylgiskjal með frv., var frv. og reglugerðin borið undir fulltrúa frá togaraútgerðarmönnum og sjómönnum í Rvík, Hafnarfirði og á Patreksfirði. Fulltrúar þessara aðila lýstu yfir því við ríkisstj., að þeir væru ásáttir um, að l. og reglugerðin yrðu afgreidd eins og þau lægju fyrir, þ. á m., að það væri samþ., að n., sem úrskurðar um beiðnir um undanþágu, verði eins skipuð og gert er ráð fyrir í reglugerðinni. Þegar fulltrúarnir mættu í sjútvn., voru þeir spurðir, hvort þeir væru því ekki samþykkir,

að fyrirkomulagið á undanþágunum væri eins og ráð væri fyrir gert í reglug., og lýstu þeir allir yfir því, að þeir felldu sig við það. Það má segja, að þær till., sem gerðar eru af hálfu ríkisstj., er samkomulag um milli fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna í Rvík, Hafnarfirði og á Patreksfirði. Ég lít svo á, að úr því að samkomulag er komið, sé það skylda þingsins að gera ekkert til að rifta því. Ef hv. d. fer nú inn á það að ganga á þetta samkomulag, er verið að koma aftan að fulltrúunum.

Formaður Sjómannafélags Rvíkur kom í sjútvn. og skýrði mér frá því, að það sé að óvilja Sjómannafélags Rvíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar, ef breyt. verði gerð á skipun n. Það er ekki sæmandi fyrir hv. d. að ganga á þetta samkomulag. Þess vegna er ég á móti því, að nokkrar breyt. séu á því gerðar. Hitt er annað mál, að til eru nokkrir aðilar, sem samkomulagið getur ekki tekið til, sem sé fiskkaupaskipa- og línubátaeigendur. Frá þeim komu engir fulltrúar, og ég get játað það, að fyrir þeirra hagsmunum er ekki fullkomlega séð. Það er alveg rétt hjá meiri hl. sjútvn., að það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til, að hægt verði að afgreiða beiðni um undanþágur á öllum útflutningshöfnum tafarlaust, en ég tel, að með minni brtt. séu gerðar fullkomnar ráðstafanir til úrbóta í því efni, því að þar er gert ráð fyrir, að ráðh. sé fyrir lagt að haga reglugerðinni þannig, að hægt verði að afgreiða beiðnirnar tafarlaust á öllum höfnum.

Ég sé mér ekki fært að fallast á brtt. meiri hl. sjútvn. Ég get að vísu fallizt á, að rétt sé að hafa í þessu tvo menn, en fellst ekki á að hafa lögreglustjórann á staðnum fyrir oddamann. Þekking lögreglustjóranna er á öðrum sviðum þannig, að þá má jafnvel telja með fáfróðari mönnum í þessum málum. Þetta er ekki sagt þeim til lasts, heldur aðeins af því, að þetta liggur utan við þeirra starfssvið. Það hefði verið eðlilegra að nefna t. d. fulltrúa skipaskoðunarinnar eða formann slysavarnardeildarinnar á staðnum. Þeir standa a. m. k. nær en lögreglustjórinn. Ég vil einmitt, að ráðh. fái tækifæri til að athuga það sérstaklega, hvernig n. verði bezt skipuð, og að að fengnum þeim athugunum verði frá reglug. gengið. Afstaða mín er sú, að ég vil, að samkomulagið, sem gert hefur verið, fái að standa og jafnframt, að trygging sé tekin í l. fyrir því, að aðrar útflutningshafnir verði svo settar, að þar verði hægt að afgreiða beiðnir viðstöðulaust, en úrskurðarvaldið verði ekki látið vera hjá lögreglustjórunum.

Ingvar Pálmason: Það hefur komið fram í umr., að þeir aðilar, sem standa að samningu og samþykkt reglug., sem prentuð er með frv., eru togaraeigendur, eða Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, og sjómenn í Rvík, Hafnarfirði og á Patreksfirði. Allir vita, að við Faxaflóa eru ekki afgreidd nein skip til útflutnings, nema þau, sem fiska sjálf. Það er ekki heimilt skv. samningi við stj. Stóra-Bretlands, að íslenzk skip kaupi fisk við Faxaflóa, og svo er víðar á landinu, en rétt er að taka fram, að um allt svæðið frá Húnaflóa austur um til Vestmannaeyja er heimilt að kaupa fisk. Vertíð við Faxaflóa er nú senn lokið, en fer að hefjast á Austurlandi og Norðurlandi, svo að þessi ákvæði hljóta að snerta þetta svæði mest, og þau skip, sem þar kaupa. Hafnirnar, sem um er að ræða, eru Siglufjörður, Akureyri, Seyðisfjörður, Hornafjörður á vetrarvertíð og Vestmannaeyjar. Það hlýtur að vera hv. dm. ljóst, að þessar ráðstafanir snerta aðallega þau útflutningsskip, sem kaupa á þessum höfnum. Þess vegna er ekki alls kostar rétt að byggja á því, að réttir aðilar standi að reglug., þegar þess er gætt, að það er aðeins félag botnvörpuskipaeigenda og sjómenn í Rvík, Hafnarfirði og á Patreksfirði, sem standa að samningu hennar. Línuveiðaraeigendur hér í Rvík, sem eiga nokkur skip, sem hafa verið í ísfisksiglingum, hafa, eða a. m. k. einn þeirra, lýst yfir því, að hann hafi neitað að vera með, af því að hann hafi ekkert umboð nema fyrir sjálfan sig. Þetta skilja allir, því að ekkert félag er til með þessum fiskiskipaeigendum. Það er að vísu til félag, sem heitir Landssamband útvegsmanna, og það vill svo einkennilega til, að ég hygg, að formaður þess er líka formaður félags botnvörpuskipaeigenda og hefur sennilega undirskrifað fyrir hönd botnvörpuskipaeigenda, og þetta hefur getað villt ráðh. sýn. En landssambandið hefur ekki gefið formanni sínum neitt umboð til að standa að slíkum samningum. Þegar málið er svo vaxið, er ekki við hlítandi, að það sé n. manna í Rvík, sem hefur með höndum að ákveða, hvaða skip skuli sigla saman frá útflutningshöfnum úti um land, og hefur ekki annað við að styðjast en að vita, hvaða stærð og ganghraða skipin hafa, og þó ekki um ganghraðann, heldur bara vélina. Það er svo ástatt á Austurlandi, að þegar vertíð byrjar þar almennt, er lítið útlit fyrir, að nokkurt skip fáist til að sigla, vegna þess hámarksverðs, sem sett hefur verið á ísfisk í Bretlandi. En allar líkur eru til, að samningar náist um 4 skip frá Norðfirði, gegn því, að viss fiskipláss á Austurlandi geri við þau samninga um, að þau hafi alltaf forgangsrétt að fiski. Ég veit, að það er nú áhugamál eystra, að siglingar geti haldið áfram. Hins vegar er ég hræddur um, að þær hindranir, sem við bætast, verði til þess, að skip sigli ekki. Ég get ekki gizkað á, hve mikið óhapp það yrði fyrir landið í heild, en ég veit, að það er mikið. Á Austurlandi hefur verið lítið um salt. Það er eitt, sem erfitt er að bæta úr. Útgerðin er komin í það horf, að hún er öll miðuð við útflutning. Ég hugsa, að einhver segi: Það má þá salta farminn, þegar salan hættir. En ég hygg, eins og verðið er nú, mundi skerðast hlutur sjómanna við það. Ég hygg því, að það sé skylda hæstv. Alþ. að ganga þannig frá þessum málum, að ekki verði til stórtjóns fyrir almenning. Ég legg alla áherzluna á, að þannig verði frá gengið, að ekki þurfi að sækja undir aðila í Rvík, ef undanþágu þarf að fá, því að það er nú svo, að aðeins verður um 4 skip að ræða frá Austurlandi, og við sjáum, hvað það þýðir, ef þau eiga að sigla 2 og 2 í samfloti. Nú veit maður, að það þarf 3—4 daga til að fylla skip, og það þarf að vera mögulegt að flytja fiskinn út strax, annars rýrnar hann. Þegar á að fara að framkvæma þetta, þá ber þess að gæta, að þegar farið er að hlaða eitt, þá þarf að tryggja, að verið sé að hlaða annað, svo að þau verði samferða.

Á Austfjörðum hagar svo til, að með ströndd-

unum er ekki hægt að róa nema 6—8 daga með hverjum straum. Setjum nú svo, að skip byrji að hlaða á Fáskrúðsfirði í smástreymi. Svo byrjar systurskip að hlaða, og þá er komið stórstreymi. Hvað á þá að gera? Þetta er aðeins dæmi. Það geta verið óendanlega mörg fyrirbrigði, sem koma til greina, sem aðeins kunnugir menn vita um. Og það getur verið erfitt að sannfæra menn hér í Rvík um þörf á undanþágu. Ég hygg, að líka á Norðurlandi geti komið fram svipuð tilfelli.

Nú höfum við, meiri hl., í brtt. okkar viljað tryggja þetta, svo að það verði ekki misnotað. Það hyggjum við, að sé bezt tryggt með því, að ekki sé veitt undanþága fyrir eitt skip, nema skipshöfnin sé því samþykk.

Ég held ég hafi þá nokkurn veginn skýrt fyrir hv. d. og hæstv. ríkisstj., hvað vakir fyrir mér. Það má e. t. v. deila um ýmis atriði í brtt., en ég held, að þær þurfi ekki að koma í bág við framkvæmd l., þó að þær verði samþykktar.

Viðvíkjandi brtt. hv. 9. landsk. vil ég segja, að eins og hún er orðuð, finnst okkur hún gefa fyllilegt öryggi. Ég hygg, að það verði að setja tryggingu fyrir því, að í reglugerðinni, sem verður sett um undanþágur, séu ákvæði, sem tryggi, að undanþágubeiðnir séu afgreiddar tafarlaust, og virðist sem hv. 9. landsk. hafi skilið það að nokkru leyti. Ég hefði óskað eftir því, ef brtt. okkar verður felld, þá verði brtt. hv. 9. landsk. samþ., að á eftir orðunum „án tafar" komi „á hverri útflutningshöfn". Mér skilst, að þá séu tekin af öll tvímæli um, að ráðh. verður að sjá um, að fiskurinn verði útflutningsvara.

Hitt skal ég láta óumdeilt, í hvers höndum ákvörðunarvaldið á að vera. Því hefur verið haldið fram, að oddvitar séu ekki færir um það. Ég hygg, að bezt færi á því, að ríkisstj. skipaði sinn manninn frá hvorum aðila, útgerðarmönnum og sjómönnum á hvorum stað. Þá verður að vera oddamaður, og hvort hæstv. ráðh. vill hallast að því að taka lögreglustjóra á hverjum stað, geri ég ekki að kappsmáli, en hitt verður að hafa hugfast, að hann verður að vera hlutlaus. Ég hygg, að það sé alls staðar völ á mönnum, sem treysta má. Þó vil ég benda á, að í brtt. okkar er lögð skylda á þessa menn, að l. sé beitt. Þetta álít ég, að ætti að vera þeim hvatning til að gæta varúðar um veitingar á undanþágum frá hinum almennu reglum.

Nú vil ég að endingu taka það fram, að það er ekki mín meining að leggja stein í götu sjómanna. Ég er sjálfur gamall sjómaður, en það verð ég að segja, að ég hefði ekki viljað sækja sjóinn eftir settum l. Hættur eru æfinlega á öllum stöðum. Ég held, að bezta öryggið sé í manni sjálfum. Þetta segi ég ekki til að mæla á móti því, að ráðstafanir séu gerðar til öryggis sjómönnunum. Allir vilja gera sitt til að fyrirbyggja slys. En áreiðanlega verður það þetta, sem verður að treysta á: þeir hæfileikar, sem sjómaðurinn hefur sjálfur til að ráða sem bezt fram úr hverjum vanda, sem að höndum ber. Ég tek aftur fram, að falli till. okkar meiri hl. n., þá áskil ég mér rétt til að flytja skriflega brtt. við brtt. hv. 9. landsk.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Í tilefni af ummælum hv. 1. þm. S.-M., þar sem hann benti á að orðalagið á athugasemdunum við frv. væri ekki nákvæmt, þá verður að viðurkennast, að það hefði verið betra, ef staðið hefði, „fulltrúar stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna í Rvík og Hafnarfirði" og er rétt að biðja afsökunar á, að svo er ekki. Hins vegar lít ég svo á, að ríkisstj. hafi ekki átt þess kost að hafa færari fulltrúa á fundi en þá, sem fjölluðu með henni um þetta mál.

Út af þeim athugasemdum, sem hv. þm. hefur gert viðvíkjandi undanþágumöguleikum fyrir skip, sem sigla frá höfnum utan Rvíkur, verður að viðurkennast, að við samningu reglugerðarinnar hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til þessa. En eins og ég sagði áður, skal það verða tekið til yfirvegunar, þegar reglugerðin er útbúin, svo að ekki þurfi að leita til Rvíkur með slíka undanþágu, a. m. k. ekki í hvert skipti. Eins og ég sagði áður, þá verður leitað ráða hjá fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna, áður en endanlega er gengið frá reglugerðinni. Um hitt, hvort frv. skuli breytt úr heimild í skyldu, þá verður hv. d. að meta, hvað er æskilegt og hvers er þörf. En ég vil benda á, að það er eindregin ósk sjómanna, að þessari lagasetningu sé hraðað sem mest. Og að gefnu tilefni vil eg taka það fram, eftir að hafa kynnt mér málið síðan ég talaði hér fyrr í dag, þá yrði slík breyt. til að seinka málinu. Það eru því vinsamleg tilmæli til hv. d., að hún athugi, hvort ekki sé hægt að afgreiða frv. í því formi, sem það er, til þess að tefja það ekki, og vísa ég til þeirrar yfirlýsingar, sem ég hef gefið um, að það muni verða tekið tillit til þeirra ábendinga, sem hér hafa komið fram, við samningu reglugerðarinnar.

Hins vegar, ef hv. d. álítur, að ákvæðin séu ónóg til að tryggja öryggi sjómanna, þá verður d. að ráða þar um. En það sýnist ljóst, að það er meiri trygging í því, að þessi l. fái afgreiðslu á þessu þingi, en hinu, hvort þeim er breytt úr heimildarlögum í skylduform.

Ingvar Pálmason: Ég geri ráð fyrir, að fyrir þessari brtt. hafi ég mælt svo nægja muni, en ef forseti óskar þess, þá get ég skilað skriflegu brtt. strax, og hún getur þá komið til atkv., ef brtt. hv. 9. landsk. kemur til atkv.

Forseti (GJ): Ég álít, ef brtt. á að koma til atkv., þá þurfi afbrigði og umr. um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 719) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 702,1.a felld með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, IngP, MJ, BBen.

nei: GÍG, HG, KA, PHerm, BSt, BrB.

7 þm. (EE, HermJ, JJ, LJóh, PM, ÞÞ, StgrA) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 702,b felld með 7:4 atkv.

— 719 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 701 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

— 702,1.—4. teknar aftur.

3.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 720).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 97. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Þetta frv. er lagt fyrir Alþ. af ríkisstj. eftir tilmælum, sem henni bárust fyrir alllöngu frá fulltrúum stéttarfélaga sjómanna í Rvík og Hafnarfirði. Ríkisstj. leitaðist við, eftir því sem hægt var, að koma á samkomulagi milli útgerðarmanna og sjómanna um skipulagða samsiglingu, án þess að til lagasetningar þyrfti að koma, og hefur stj. nokkrum sinnum setið fundi með þessum aðilum. Enda þótt togaraeigendur kæmu á hjá sér skipulagi um þessar siglingar, sem virtist vera nægilegt til þess að gefa öryggi þar um, þá var þó ekki hægt að koma á fullu samkomulagi um samsiglingu allra skipa, sem sigla á milli Íslands og Stóra-Bretlands. Fulltrúar sjómanna, þeir, sem viðræður áttu við ríkisstj., lögðu á það mikla áherzlu, að þetta yrði sett í lög til þess að tryggja það sem bezt, að samsigling ætti sér stað með öllum skipum. Þá var það, að stj. ákvað að leggja fram á Alþ. frv. það til l., sem hér liggur fyrir. Ég vil taka það fram, að á fyrsta fundi, sem haldinn var með fulltrúum útgerðarmanna, lýstu þeir því yfir, að þeir vildu í þessum efnum gangast fyrir því, að skipshöfnunum væri tryggt það mesta öryggi, sem hægt væri að láta þeim í té. Eftir að séð var, að ekki varð komizt hjá því að leggja fram frv. um þetta á Alþ., reyndi stj. enn að hafa samvinnu við báða þessa aðila með þeim árangri, að eftir nokkrar viðræður náðist samkomulag milli fulltrúa útgerðarmanna í Rvík og hinna áðurnefndu fulltrúa sjómanna um reglugerð þá, sem prentuð hefur verið með frv. sem fylgiskjal. — Við meðferð málsins í hv. Ed. var lítils háttar breyt. gerð á 2. gr. frv., en af því leiðir, að einnig þarf að gera dálitla breyt. á reglugerðinni, og mun stj., ef þetta verður að l., hafa um það samráð við hina fyrrnefndu aðila, áður en endanlega verður gengið frá reglugerðinni. Annars mun hún að aðalefni til verða gefin út eins og hún er prentuð með stjfrv.
Ég vil svo aðeins leyfa mér að óska þess, að hv. d. sjái sér fært að hraða meðferð þessa máls svo, að það gæti orðið að l., áður en þessu þingi, sem nú situr, slítur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 720, 731).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (JJós): Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. — Ég skal taka það fram út af brtt. á þskj. 731, þar sem lagt er til að færa fyrirsögn frv. til betra máls með breyt. á einu orði, að ég lít svo á, að samþykkt þeirrar brtt. hafi það ekki í för með sér, að frv. þurfi að endursenda Ed. vegna hennar. Ef ekki koma fram aðrar brtt. og ná samþykki, mun frv. geta fengið afgreiðslu sem lög við næstu umr. í hv. d. — Verður nú gengið til atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 731 (ný fyrirsögn (fyrir „samsiglingu“ kemur: samflot)) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti (JJós): Með því að enginn kveður sér hljóðs, er umr. lokið. — Áður en gengið verður til atkv., vil ég geta þess, að við 2. umr. þessa máls leyfði ég mér að líta svo á, að brtt. á þskj. 731, um það, að fyrirsögn frv. væri færð í betri stíl, gæti skoðazt samþ., án þess að sú breyt. ylli því, að senda þyrfti frv. aftur til hv. Ed., og hv. þdm. höfðu ekkert á móti því. En ég hef síðan fengið ábendingu um, að það gæti komið fyrir, að þeir, sem l. taka til, gætu hengt hattinn sinn á það, ef málið fengi slíka afgreiðslu frá þinginu, að þessi breyt. næði ekki samþykki Ed. aftur. Og með því að skylt er að hafa ávallt það, er sannara reynist, mun ég bera frv. nú upp með þeirri breyt., sem orðin er á fyrirsögn þess, sem er sú, að orðinu „samsiglingu“ hefur verið breytt í „samflot“, — og að frv. samþ. endursenda það forseta efri deildar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 98. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 741).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 746).

13. Dýrtíðarráðstafanir.

Á 28. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir (stjfrv., A. 451).

Á 63. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Frv. það, er hér liggur fyrir, er hið fjórða í röðinni þeirra, sem ríkisstj. leggur fyrir þingið og miðar að því að spyrna gegn verðbólgunni og dýrtíðinni.

Ég ávarpa nú hv. d., um leið og frv. er tekið til meðferðar, vegna þess að stj. stendur að frv. sem heild, en ráðstafanir þær, sem lagt er til, að gerðar verði, falla undir svið fleiri ráðh., sem síðar gera nánari grein fyrir þeim. Ég geri mér í hug, að suma, bæði utan þings og innan, kunni að hafa verið tekið að lengja eftir að sjá, hverjum tökum stj. hugsaði að beita, er hún hæfist handa um höfuðátök sín við dýrtíðarmálin. En hér til vil ég svara því og játa, að stj. var líkt farið og sumum öðrum á þessum styrjaldartímum, að hún gekk út í stríðið gegn verðbólgunni og dýrtíðinni án þess fyrirfram að vera nægilega vopnum búin, og þurfti hún því að smíða og láta smíða vopnin, eftir að út í stríðið var komið, og þá er ætíð borin von, að allt geti gengið eftir áætlun. Stj. hefur vitanlega þurft ýmsu öðru að sinna og orðið fyrir töfum í starfi sínu, sem ég ekki hirði að greina nema sjúkleika fjmrh. um nær þriggja vikna skeið, sem kom sér næsta bagalega einmitt fyrir afgreiðslu af hendi stj. á þeim málum, sem hér eru nú til meðferðar. Þetta læt ég nægja til skýringar því, að þessi málatilbúnaður af hálfu stj. er, ef svo má segja, nokkrum dögum á eftir áætlun. En ég hygg, að það skipti ekki mestu máli, að þetta afkvæmi stj. er svona síðborið, heldur hitt, hversu yður, hv. alþm., gezt að því.

Ég get mér þess til, að einhverjir kynnu að óska, að nákvæmari aths. og skýringar hefðu fylgt frv. um einstök atriði þess. En stj. leit svo á, að þær skýringar og rök fyrir hinum sérstöku þáttum frv. og samhengi milli þeirra innbyrðis væri hentast að gefa og þau kæmu að beztu haldi við meðferð málsins í þinginu.

Stj. hefur lagt þar á allan hug að finna þau vopn, sem líklegust eru til að vinna á hinum átfreka úlfi verðbólgu og dýrtíðar og leggja hann í fjötur. Stj. er sannfærð um, að baráttan, sem nú er háð í þessum málum, verði því aðeins sigursæl, að landslýðurinn sameinist til átaka og að engar ráðstafanir komi að fullu haldi, nema almenningur skilji nauðsyn þeirra, fallist á réttmæti þeirra og taki hlutdeild í aðgerðunum.

Í till. sínum hefur stj. því farið þrjár höfuðleiðir, sem í rauninni liggja til allra landsmanna, sem eitthvað geta lagt af mörkum. Þessar leiðir eru sköttun og skyldusparnaður, skerðing dýrtíðaruppbótar og lækkun á verði landbúnaðarafurða. Mér þykir rétt að taka fram og leggja áherzlu á það, að stj. telur alla þessa þætti vera nauðsynlega og standa í svo nánu sambandi hvern við annan, að hættulegt væri að rjúfa það samband með því að kippa einum eða öðrum burt. En hversu gildur hver þátturinn á að vera eða hlutfallið milli þeirra innbyrðis, getur verið undir álitum komið.

Um IV. kafla frv. vil ég sérstaklega taka þetta fram: Þeir kunna að vera til, sem telja, að stj. hefði fyrirfram átt að leita samninga við málsvara verkalýðsins eða laun- og kaupþega. En hér er þess m. a. að gæta, að engin stofnun er bær um að gera bindandi samning fyrir hönd þessara aðila allra, og í annan stað er stj. ekki að setja l.; hún er að bera fram frv. til lagasetningar, sem er á valdi þingsins, en innan þess er að finna flestalla gildustu og fremstu forustu- og fyrirsvarsmenn verkalýðs og launþega. Reynslan hefur sýnt, að lagasetning varðandi kaupgjald kemur ekki að haldi, nema launþegar sýni henni hollustu, og stj. er fyllilega ljóst, að löggjöf um dýrtíðarmálin verður næsta torveld viðfangs, ef launþegar vilja ekki ljá henni lið. En ef þeir sjá, að l., sem sett eru af nauðsyn, eru réttlát og einum ekki ívilnað umfram annan, þá treysti ég þeim fyllilega til að liggja ekki á liði sínu til þess að stuðla að því, að slík l. yrðu framkvæmd samkv. tilgangi sínum.

Með frv. þessu er stj. ekki að krefjast þess af neinni stétt, að hún beri fyrir borð hagsmuni sína, eða af neinum flokki, að hann hverfi frá stefnumálum sínum. Hún er að leitast við að vísa á leiðir, þar sem fulltrúar þjóðarinnar, flokkar þingsins, gætu mætzt og orðið með nokkrum hætti samferða í þessu eina máli til þess að bjarga umbjóðendum sínum, fólkinu, þjóðinni, þótt þeir annars fari ferða sinna eftir öðrum leiðum og eigin áttavita.

Stj. er ljúft að láta þinginu í té og hverjum einum stjórnmálaflokkanna þá aðstoð, sem hún má og að gagni kynni að koma í málinu.

Að lokinni umr. nú er það ósk mín, að málinu verði vísað til 2. umr. og n., væntanlega fjhn., og ég leyfi mér að skjóta því fram til athugunar, hvort ekki væri heppilegt, að fjhn. beggja d. ynnu saman að málinu.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég skal leitast við að skýra nokkrum orðum það í frv., sem skiptir þau mál, sem mér eru falin í rn., og skal ég þá byrja á 1. kafla frv., sem er sameiginleg ákvæði um álagning skatta til ríkissjóðs árið 1943.

Eins og fyrirsögnin ber með sér, eru þessar ráðstafanir gerðar til eins árs. Sú breyt., sem hér kemur fram, er aðallega um varasjóðshlunnindi hlutafélaga. Útgerðarfélögum er ætlað að halda þessum hlunnindum með sérstöku tilliti til þess rekstrar, sem þessi félög hafa með höndum, en með því skilyrði, að allt þetta fé verði lagt í nýbyggingarsjóð. Mikið hefur verið um það rætt af öllum flokkum, að mikla nauðsyn beri nú til að efla nýbyggingarsjóð útgerðarinnar. Ég hygg, að allir séu sammála um þetta atriði. Hins vegar má segja, að nýbyggingarsjóður sé hvorki fugl né fiskur. Ég hygg, að segja megi, að kannske ekkert af þeim félögum, sem eiga togara, hafi myndað sér nýbyggingarsjóð, sem gerir þeim mögulegt að eignast nýja togara nema með stórfelldum lánum. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fyrir hendi og teknar eru eftir uppgjöri frá bönkunum, munu allir nýbyggingarsjóðir nú nema um 13 millj. kr.

Í sambandi við þessa l. gr. eru enn fremur undanþegin niðurfellingu þessara hlunninda þau félög, sem samkvæmt l. geta ekki úthlutað varasjóði sínum, en það eru samvinnufélög. Mér

finnst þetta full sanngirni vegna þess, hverjar skorður þessum félögum eru settar með sína sjóði. Ég tel, að það sé nokkuð líkt farið með nýbyggingarsjóði og þessa sjóði, að þeir séu nú orðnir þeim böndum bundnir, að segja megi, að eigendur þeirra, ef svo skyldi kalla, séu ekki sjálfráðir um, hvernig þeim er varið og þeir geti ekki farið með þá mikið á annan hátt en ákveðið er með l. um varasjóði samvinnufélaga. Sá tekjuauki, sem gert er ráð fyrir, að komi í niðurfellingu varasjóðshlunninda, er áætlaður lauslega 1¼ millj. kr.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir, að áætla megi hærri fyrningarfrádrátt en almennt gerist hjá þeim fyrirtækjum, sem mestmegnis starfa að útflutningsframleiðslu eða vinnslu úr íslenzkum hráefnum. Þessi till. er færð fram með alþjóðarheill fyrir augum, vegna þess að þau fyrirtæki, sem vinna að útflutningsframleiðslunni eða vinna eingöngu úr íslenzkum hráefnum, hafa byggt hús og verksmiðjur eða skip á undanförnum árum óeðlilega háu verði. Það er því sjáanlegt, að slík félög yrðu ekki samkeppnisfær að stríðinu loknu við þau félög, sem eiga eignir, sem standa í miklu lægra verði. Hér er reynt að koma í veg fyrir, að hrun geti komið fyrir í þessum rekstri af þeim sökum, að ráðizt hafi verið í framkvæmdir á stríðsárunum. Hér er því aðeins verið að stuðla að því, að þessi fyrirtæki geti eftir stríðið rekið fyrirtæki sín á heilbrigðum grundvelli.

Þá kem ég að viðreisnarskattinum, sem er hvort tveggja í senn, skattur og skyldusparnaður.

Skattur af tekjum upp í 11000 kr. endurgreiðist að fullu. Af tekjum þar frá upp í 20000 kr. má segja, að skattur sé ekki mjög tilfinnanlegur, en heldur þyngri af tekjum frá 20000 upp í 100000 kr. Þegar kemur fram yfir 100000, fer hundraðsálagningin stighækkandi, vegna þess að þá tekur stríðsgróðaskatturinn við, og er þetta gert á svipuðum grundvelli og útsvörunum hefur verið fyrir komið. Enginn fær endurgreitt af þessum skatti, meira en 2000 kr., og þar með er sagt, að ekki er endurgreitt af skatti, sem er lagður á það, sem er fram yfir 60000 kr.

Nú munu flestir spyrja, hvað þessi viðreisnarskattur geti gefið í aðra hönd. Það er ákaflega erfitt að gera sér nákvæma og ábyggilega grein fyrir því, en eftir því sem næst verður komizt, má ætla, að hann verði um 11 millj. kr. samtals. Þar frá dregst að vísu sá skyldusparnaður, sem ríkissjóði ber að endurgreiða, sem mætti áætla um 2 millj. kr. Ég tek fram, að þetta er mjög lausleg áætlun, vegna þess að skattstofan hefur ekki skrá um það, hversu miklar tekjur eru á hverju skattstigi, og þess vegna er útreikningur slíks skatts byggður á öðrum miklu hæpnari rökum. Áætlað er, að viðreisnarskattur og það, sem kemur við niðurfellingu varasjóðshlunninda, muni nema 12—13 millj. kr.

Þriðji kaflinn er um eignaraukaskatt. Hér er um mjög óvenjulegan skatt að ræða. Hér er um að ræða skatt á eignir, sem skattþegnum hefur verið leyft að eignazt, eftir að þeir höfðu greitt allar skyldur og skatta. Slíkan skatt er auðvitað ekki hægt að taka nema einu sinni og undir mjög óvenjulegum kringumstæðum. Má segja, að slíkar kringumstæður séu fyrir hendi nú, þar sem um er að ræða mjög óvenjulegan stríðsgróða tveggja ára, og jafnframt er um það rætt að leggja nýjar byrðar á þjóðina alla. Gert er ráð fyrir, að öll eignaaukning, sem er umfram 50000 kr. og orðið hefur á árunum 1940—1941, komi undir eignaraukaskatt, sem byrjar með 5% og færist upp í 25%, þegar eignaraukningin er komin upp í 2 millj. kr. Áður en skatturinn er lagður á, skal draga frá eignaaukningunni skatta og útsvar, lagt á árið 1942, sem er ekki nema sjálfsagt, því annars gæfi það ekki rétta hugmynd um eigur skattþegns. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að nýbyggingarsjóður sé ekki skattlagður, og í þriðja lagi, að tapsfrádráttur sá ekki skattlagður. Geri ég ráð fyrir, að mönnum finnist full sanngirni, að þetta hvort tveggja sé gert.

Það er að vísu álitamál, hvernig eigi að verja þessum tekjum. Stj. hefur lagt til, að þeim verði varið til að reisa hús yfir ráðuneytin, hæstarétt og helztu stofnanir ríkisins, en það er ljóst, að íslenzka ríkið, ef svo má að orði kveða, hefur ekki þak yfir höfuðið. Með þessu móti væri þó einhver sýnilegur vottur um þessa álagningu, ef þessar tekjur væru ekki gerðar að eyðslueyri til misjafnlega þarfra hluta. Áætlað hefur verið, að tekjur af þessum skatti yrðu um 3300000 kr.

Að síðustu ætla ég að minnast með nokkrum orðum á IV. kaflann, um verðlagsuppbót á laun. Lagt er til, að greidd verði 80% verðlagsuppbót í stað 100%, eins og nú er. Eins og verðlagsuppbótin er nú, er þetta lækkun, sem nemur um 12½% á heildartekjur launþega, en sú fórn, sem launþegar færa með þessu, lækkar, eftir því sem vísitalan lækkar. Launþegar munu yfirleitt hafa fengið grunnlaunauppbót 25—60%, en það er ákaflega mikill munur á því, hvort verðlagsuppbótin er lækkuð eða grunnkaupið, því að þegar mestöll verðlagsuppbótin er horfin og þar með sú fórn, sem launþegar færa, halda þeir óskertu grunnkaupi sínu. Það er öllum kunnugt, að þetta, sem hér er farið fram á, er ekki einsdæmi. Þetta hefur viðgengizt í Svíþjóð, þar sem jafnaðarmannastjórn hefur verið við völd um langan aldur. Að vísu hafa verið gerð um það frjáls samtök, en nú mun það hafa verið lögfest, a. m. k. að einhverju leyti.

Við, sem sitjum hér á litlu, afskekktu landi, verðum að gera okkur það ljóst, að úti í heimi, þar sem háð er barátta milli stórveldanna upp á líf og dauða, þar stendur engum fyrir svefni, hvernig fer um hag lítillar þjóðar norður við Íshaf. Við verðum að berjast okkar eigin baráttu. Þjóðin veit, að hún er í hættu stödd vegna óvenjulegra orsaka, og talað er um, að allir verði að færa fórnir til þess að bægja frá þeirri hættu, sem yfir vofir. En er þetta nokkur fórn á við það, að atvinnuvegirnir stöðvist? Er þetta nokkur fórn á við það, að sparifé þjóðarinnar verði að engu? Er þetta nokkur fórn á við það, að hér ríki neyð í stað nægta?

Þetta frv. gerir ráð fyrir, að allir leggi fram nokkurn skerf, en það er engin fórn. Þetta er aðeins friðþæging, sem þjóðin leggur fram til þess að ná aftur því jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem tapazt hefur af andvaraleysi og vanmati á þeim óvenjulegu örðugleikum, sem forsjónin hefur knúið í fang landsmanna.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Allar þjóðir, sem við þekkjum og vitum um, hafa lagt á það höfuðáherzlu að fyrirbyggja hjá sér vaxandi dýrtíð og verðbólgu, vegna þess að dýrtíð og verðbólga skapar alltaf glundroða og ringulreið í lífi og atvinnuháttum þjóðanna. Hér í okkar landi var í upphafi styrjaldarinnar líka byrjað á sömu braut með því að leggja nokkrar hömlur á dýrtíðina og verðbólguna, en því miður var síðar fallið frá þessu að mestu eða öllu leyti. Afleiðingarnar eru öllum kunnar. Hér var um hríð vaxandi dýrtíð með öllum venjulegum afleiðingum. Í síðastliðnum desembermánuði var svo komið, að allur almenningur gerði sér grein fyrir því, hver vá væri fyrir dyrum, og ég held, að allir hafi talið nauðsyn á, að gripið væri í taumana og eitthvað aðhafzt, enda var þá öryggisleysið og dýrtíðin orðin slík, að atvinnuvegirnir voru teknir að stynja. Öllum er t. d. kunnugt, hvernig komið var um frystihúsin. Siglingar smærri fiskiskipa okkar á erlenda markaði gátu ekki borið sig, og varð að leggja þeim í naust. Þrátt fyrir síhækkandi verð á landbúnaðarafurðum, var sjáanlegt, að landbúnaðurinn hlyti að dragast saman verulega, og var það ekki sízt alvarlegt mál. Þetta olli vonleysi og vantrú á framtíðina, svo og vantrausti manna á peningana. Uppsparaðir peningar, sem oft og tíðum eru hið eina, er aldrað fólk hefur sér til lífsviðurværis, lækkuðu í verði, svo að hætta var á, að þeir yrðu að engu. Þetta vantraust á peningana skapaði kapphlaup um fasteignir og slík verðmæti, sem talið var öruggara að eiga. Framhald á sömu braut hlaut að leiða af sér hrun atvinnuveganna í landinu. Aðrar þjóðir höfðu séð, hvað gera þurfti. Ein grannþjóð okkar, sem við metum á margan hátt meira en aðrar, gerði einna ákveðnastar ráðstafanir til að standa á móti verðbólgunni og ákvað að varðveita verðgildi peninganna. Þessi þjóð einsetti sér að halda niðri vöruverðinu, bæta ekki dýrtíðina nema að nokkru leyti og taka úr umferð peninga, sem hefðu haft þau áhrif að auka dýrtíðina, með því að leggja á sérstaka skatta og koma á skyldusparnaði. Þessi þjóð sá, hvað gera varð til að fyrirbyggja voðann. Og ég held, að okkur sé nauðsyn á sams konar ráðstöfunum til að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir. Með þetta ástand fyrir augum hefur öll ríkisstj. orðið sammála um að leggja fram þetta frv. Hæstv. fjmrh. hefur getið þess, hver áhrif þetta mundi hafa á kaupgreiðslur í landinu.

Viðvíkjandi V. kafla frv., um verð landbúnaðarafurða, vil ég segja nokkur orð. Í 14. gr. þessa kafla er gert ráð fyrir, að verð landbúnaðarafurða lækki um 10% frá því, sem var 31. des. 1942. Þessi hundraðstala er þannig fundin, að við það er miðað, að kaup launþega lækki almennt um 12.4% frá því, sem var um áramót. Nú var það aðgætt, hve mikill hluti af framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða fælist í vinnulaunum, og eftir vitneskju, sem fengin er hjá búreikningaskrifstofu ríkisins, nam sá hluti 78% árið 1940. Með því að margfalda 12.4 með 78 og deila með 100 koma út þessi 10%, eða því sem næst, og virðist sanngjarnt að ákveða verðlækkunina þannig. Þó má benda á það, að vörur þær, sem lækkaðar eru í verði á þennan hátt, svo sem kjöt og nýmjólk, eru yfirleitt framleiddar á síðasta ári, og að því leyti sem kaupgjald við þessa framleiðslu var þá hlutfallslega hærra en verður næstu mánuði, má segja, að frekar sé hallað á landbúnaðinn. En ég get ekki séð, að hægt hafi verið að fara nær um samræmi, að því er snertir byrðar á launþega og bændur, en hér er gert, þó að frekar sé á bændur hallað.

Í frv. er lagt til, að skipuð sé 5 manna n., er hafi með höndum að ákveða réttlátt verð á landbúnaðarafurðum. Þegar það hefur tekizt, á að koma á réttu samræmi milli verðs á landbúnaðarafurðum og kaups launþega í landinu. Ef n. getur ekki lokið störfum fyrir 1. maí 1943, sem væri æskilegast, skal sú regla gilda, þar til vísitölugrundvöllur hefur verið lagður, að mjólk og mjólkurvörur lækki um 1% fyrir hvert stig framfærsluvísitölu undir 230 niður í 200 stig, en 1% fyrir hver 2 stig þar undir. Sama regla gildir um verðlækkun á kjöti, kartöflum og grænmeti eftir 1. sept. 1943, ef n. hefur ekki þegar ákveðið grundvöll fyrir verðvísitölu þessara vara.

Ég bendi á það, að ef svo skyldi fara gagnstætt öllum vonum, að kauphækkanir ættu sér stað í náinni framtíð, þá verður að sjálfsögðu slíkur aukinn vinnukostnaður tekinn til greina og bændum tryggð verðhækkun á sama hátt og á þá er lögð verðlækkun með lækkandi vinnulaunum.

Í 16. gr. er svo gert ráð fyrir framlagi úr viðreisnarsjóði til þess að lækka enn frekar verð á kjöti og nýmjólk. Þetta gerir ríkisstj. af því, að hún telur lífsskilyrði, að dregið sé úr verðbólgunni þegar í stað, og þó að þetta kosti nokkurt fé, telur hún, að það muni koma aftur með heilbrigðari háttum í þessum efnum.

Eftir lauslegum skýrslum um kjötmagn í landinu og áætlunum um nýmjólkurinnlegg á næstu mánuðum má gera ráð fyrir, að útgjöld vegna 16. gr. muni nema 4.5 millj. kr.

Í 16. gr. er það tekið fram, að á meðan sú skerðing verðlagsuppbótar er í gildi, sem um getur í 12. gr., skuli hliðstæð skerðing vinnulauna við landbúnað koma fram í verði landbúnaðarafurða, þegar það verður ákveðið samkvæmt vísitölu.

Ég læt þessi orð nægja um málið, en vil að lokum segja þetta: Ég vil telja víst, að allir Íslendingar vilji vinna að því í sameiningu, að þjóð vor eigi sem bjartasta framtíð í þessu landi, en það veltur á því, hvort við, sem nú lifum, reynumst færir um að taka réttar ákvarðanir og miða þær við framtíðina, en ekki aðeins stundarhagsmuni, — hvort við höfum skilning til að fallast á, að nokkuð af þeim réttindum, sem við höfum, verði skert í því skyni að stuðla að því, að skapast megi meira öryggi og heilbrigðara líf í framtíðinni. Ég vil vona, að við berum öll gæfu til þessa.

Eysteinn Jónsson: Þó að þetta frv. hafi lítið verið rætt í flokkum þingsins og litlar upplýsingar legið fyrir um það þar til nú og því verið erfitt að mynda sér skoðun um málið, þykir mér hlýða að fara um það nokkrum orðum, sumpart almennt og sumpart um einstök atriði til athugunar fyrir n. þá, sem fær það til meðferðar. Þegar litið er yfir það, sem komið hefur frá

þingflokkunum, síðan þing hófst, um dýrtíðarmálin eða þau mál, sem hér er fjallað um, vekur það eftirtekt, að alltaf hefur verið lögð áherzla á samkomulagsleiðina og að ekkert yrði gert í þessum málum, fyrr en gerðar hefðu verið ýtarlegar tilraunir til að koma á samningum milli þeirra stétta, sem þessar ráðstafanir snertu mest. Hafa menn þá einkum haft í huga verkamenn og aðra launþega og bændur. Ég sé ekki ástæðu til að rekja ástæðurnar fyrir þessari afstöðu flokkanna, en þannig hefur verið um þessi mál ályktað, eftir að þing kom saman. Þetta frv. er hins vegar lagt fram, án þess að hæstv. ríkisstj. hafi gert nokkrar ráðstafanir til að koma á samningum við þessa aðila. Hæstv. ráðh. nefndi tvær ástæður til þess, að stj. hefði ekki hnigið að þessu ráði. Hin fyrri var sú, að ekki væru sjáanlegir utan þings neinir þeir aðilar, sem færir væru um að fjalla um þessi mál. Þetta er sjálfsagt að verulegu leyti á misskilningi byggt. Ég trúi ekki öðru en hægt væri að finna slíka aðila til að ræða málin fyrir hönd hlutaðeigandi stétta og í umboði þeirra. Ég vil sérstaklega láta í ljós undrun mína yfir því, að þetta skuli ekki hafa verið reynt. Hin ástæðan, sem hæstv. ráðh. nefndi, var sú, að ríkisstj. setti ekki l. og hún gerði ráð fyrir, að hér á þingi væru aðilar, sem gætu talizt fulltrúar stéttanna. Eftir þessum orðum ætti að mega líta á þetta frv. sem nokkurs konar grundvöll að samningum fremur en skilyrðislausa stefnu hæstv. ríkisstj. Ég dreg þetta beint af ummælum hæstv. ráðh., og er síður en svo, að ég hafi nokkuð við það að athuga. Það væri einmitt mjög æskilegt, að samningaumleitanir gætu nú hafizt, því að málið er flókið, og í þessu fáorða frv. er í raun og veru fjallað um vandamálin, sem nú eru efst í hugum manna. Betra hefði þó verið, að sá tími, sem liðinn er, hefði verið notaður til þess að semja við þá, sem mest eiga hér hlut að.

Frv. má skipta í tvo kafla. Er annar um skattamálin, en hinn um ráðstafanir til að halda niðri dýrtíðinni (þó að frv. sé í sjálfu sér í fleiri köflum). Ég ætla fyrst að víkja að skattamálunum. Í I. kafla er lagt til að taka af hlutafélögum varasjóðshlunnindi þau, er slík félög hafa notið, að undanskildum útgerðarfélögum, ef þau leggja allt varasjóðstillag í nýbyggingasjóð. Ég tel það eðlilegt, eins og á stendur, að þetta sé gert. Þó tel ég vafasamt, að rétt sé að láta útgerðarfélög alltaf halda þessum hlunnindum að fullu, hversu mikið fjármagn sem einstök félög hafa nú lagt fyrir.

Það er algert nýmæli, að stj. megi ákveða með reglugerð, að sérstaklega skuli afskrifa eignir þeirra fyrirtækja, er einkum starfa að útflutningsframleiðslu, ef framleiðslutækjanna hefur verið aflað með óeðlilega háu verði.

Ég álít þetta ákvæði vafasamt fyrr en séð er, hvort þær dýrtíðarráðstafanir heppnast, sem nú eru á döfinni. Vel getur orðið langt í land, þar til verðlag lækkar, og e. t. v. verður gengishrun. Það er því vafasamt að slá þessu atriði föstu nú og óhafandi að ráðherra hafi þetta í hendi sér. Ég bendi á þetta strax, svo að hægt sé að athuga þetta sjónarmið í nefnd nánar.

Þá kem ég að II. kafla frv., um viðreisnarskattinn. Hann er þungur, eins og hv. fjmrh. sagði. En ég sakna upplýsinga í sambandi við það, hvernig hann verkar, og þá sérstaklega hvernig skattaálögur í heild verða, ef þessi kafli verður samþykktur.

Mér finnst alveg nauðsynlegt að leggja upplýsingar um þetta efni fyrir án tafar. Það er að vísu hægt að afla þeirra án atbeina stj., en það er eðlilegt, að hún leggi þær fram með frv., og hefðu þær átt að vera í grg. Meðan þessar upplýsingar eru ekki fyrir hendi, er erfitt að dæma um skattstigann nýja.

Ég vil benda n. á, að þegar allir skattstigar eru samanlagðir, þá er ekki sýnilegt að skatturinn hvíli afar þungt á 20—100 þúsund króna tekjum. Ég vil benda á, að í því sambandi þarf að athuga sérstaklega viðhorf smáútgerðarinnar, og setja um hana sérákvæði, ef þessi nýi skattur verður samþ. Það verður að auka nýbyggingarsjóðshlunnindi hennar.

Það er gert ráð fyrir því, að stj. sé heimilt að verja skattatekjum þeim, er fást (12—13 millj.) til að lækka dýrtíðina og halda niðri verði á nauðsynjavörum bæði innlendum og erlendum, skilst mér.

Þá er komið að því meginatriði frv. að kaupa niður dýrtíðina með almannafé.

Það var mikið rætt um það í byrjun stríðsins, þegar rætt var um dýrtíðarráðstafanir, að verja fé af stríðsgróðanum til að halda niðri vöruverði í landinu. Þetta var, á meðan dýrtíðin var ekkert lík því, sem nú er.

Þetta taldi ég þá kleift að vissu marki. Þá var auðséð, að með tiltölulega lágum upphæðum var hægt að koma í veg fyrir allverulegar verðhækkanir. Nú er aftur á móti þannig ástatt, að verðlag er hér margfalt hærra en þá var, og allt annað á því við í þessum efnum, þegar nú er rætt um hugsanlegar leiðir til þess að lækka það gífurlega verðlag, sem nú er orðið.

Nú er svo komið, að fjárupphæð, sem þá hefði getað komið í veg fyrir 50% hækkun á tiltekinni vörutegund, lækkar sömu vörutegund vart, svo að verulegu nemi.

Með milljónatug er nú hægt að hnika til verðlagi á sömu vörum, sem þá hefði verið hægt að halda niðri með einni milljón. Ég vil, að menn hugsi sig nú vel um áður en horfið er að því að verja milljónatugum af almannafé til þess að kaupa dýrtíðina niður um örfá stig.

Annað hefur og mjög breytzt frá því, sem var, þegar talað var um að halda niðri dýrtíðinni með fjárframlögum, sem þó átti aðeins að vera einn þáttur í dýrtíðarráðstöfunum. Þá var auðvelt að afla fjárins með sköttum og útflutningsgjaldi, og þá var gert ráð fyrir mjög góðri afkomu ríkisins. Nú er ástandið gerbreytt. Nú er erfitt að afla fjár í þessu skyni, og þörf ríkisins er sár fyrir fé til framkvæmda síðar. Viðhorfið er gerbreytt í tvennum skilningi: Í fyrsta lagi eru áhrif fjárframlaga í þessu skyni alveg hverfandi, og í öðru lagi er aðstaðan til þess að afla þess fjár, sem um munar, margfalt erfiðari.

Enda þótt stj. hafi lagt hér fram háar skattakröfur, sem eru áætlaðar 12—13 milljónir, þá er sú upphæð hverfandi í þessu sambandi. Til þess að borga einnar krónu lækkun á hvert kíló af kjöti þarf ca. 2.5 milljónir króna á ári, svo að af því sést vel, hvernig komið er.

Þó er ótalið enn eitt atriði í þessu sambandi og er nauðsynlegt að rannsaka það gaumgæfilega.

Setjum svo, að farið væri út á þá braut að verja milljónum króna úr ríkissjóði til lækkunar á kjöti og mjólk t. d. Þetta fjárframlag mundi vitanlega hafa í för með sér lækkað kaupgjald og verðlag og verða til þæginda, og af einni lækkun mundi leiða aðra, en þó mun minni en menn halda. En einhver lækkun á sér stað.

Nú getur ríkið ekki endalaust greitt út milljónatugi í þessu skyni, enda gerir frv. ekki ráð fyrir því. Ég sé ekki betur en þegar þar er komið sögu, gerist eitt af tvennu: Bændur verði þvingaðir til þess að taka á sig verðhækkunina, sem þó er auðvitað ekki mögulegt, eða þá að útsöluverð varanna verði að hækka af nýju um það, sem ríkið greiddi. Þá hæfist víxlgangurinn á ný, verðlagið og kaupgjaldið hækkaði á nýjan leik, en fé tapað, sem greitt hefði verið úr ríkissjóði. Þetta þarf að rannsaka mjög vel, og enn þá er ég þeirrar skoðunar, að þessi leið sé ekki fær.

Hitt er annað mál, að væri gerð heildaráætlun um lækkun dýrtíðarinnar í landinu, sem búast mætti við að stæðist í framkvæmd, þá kæmi til mála að veita almannafé til þess að mæta utanaðkomandi verðhækkunum. Enda væri það í meira samræmi við þær ráðstafanir, sem áður hafa verið fyrirhugaðar í þessum málum.

Þá vík ég næst að III. kafla frv. Sá er um eignaraukaskatt. Það er ekki langt, síðan farið var að tala um hann. Svo mun á því standa, að menn hafa yfirleitt gert ráð fyrir því þangað til nú alveg nýverið, að ríkið væri að safna fé, er síðar yrði hægt að nota til framkvæmda. Einn góðan veðurdag kemur það hins vegar í ljós, að ríkið hefur ausið út öllu fénu jafnharðan vegna þeirrar fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið. Nú horfa menn fram á óleyst verkefni og fjárvana ríkissjóð, þegar miðað er við verkefnin. Þrátt fyrir þetta hafa landsmenn hins vegar eignazt stórkostlega fjármuni í innstæðum erlendis og hérlendis, menn hafa lækkað skuldir sínar og aukið eignir sínar, svo að verulegum auðæfum nemur á okkar mælikvarða.

Nú sjá menn, að svo má ekki lengur ganga, og er það almennt viðurkennt.

Upp úr þessum jarðvegi er hugmyndin um eignaraukaskattinn sprottin. Hinsvegar er augljóst, að ýmsir erfiðleikar eru á framkvæmd eignaraukaskattsins og er ekkert upplýst í frv., eftir hvaða reglum á að innheimta hann. Það getur orðið erfitt að komast að raun um, hvað hver á. Í því efni er tilgangslaust að fara eftir upplýsingum, sem menn vita, að eru rangar í mörgum dæmum. Það þarf því undir eins að gera sér grein fyrir framkvæmdinni. Mér finnst þessi kafli í frv. vera í undarlegu ósamræmi við þau rök, sem til þess liggja, að eignaraukaskattur er nauðsynlegur og réttlátur. Það er vegna þess, að það þarf á geysimiklu fé að halda til stórra framkvæmda í almanna þágu. Það þarf að gera meira en að afla 2—3 milljóna til þess að byggja stjórnarráðshús. Það þarf að umsteypa alveg þennan kafla frv.

Þá vil ég spyrjast fyrir um það hjá stj., hvernig hún ætlar að tryggja hreint eignauppgjör við framtal til þessa skatts, svo að líklegt sé, að hann verði réttlátlega á lagður. Þetta er undirstöðuatriði í málinu. Ýmislegt í því sambandi er þannig vaxið, að ekki er hægt að ræða það í heyranda hljóði, en úr þeim atriðum verður stjórnin að hafa á reiðum höndum úrlausnir eigi að síður, í samvinnu við þingið. Meginatriðið er, að tryggð verði réttlát framkvæmd þessa skatts.

Auk þessa bendi ég á: Það er ekkert ákvæði í frv. um það, hvernig skuli meta eignir manna og hvað skuli telja eignaaukningu í því sambandi.

Þá er ein málsgrein í frumvarpinu, sem heimilar fjármálaráðherra að færa niður eignaraukaskatt eða veita gjaldfrest á honum að einhverju leyti. Það er algert einsdæmi í íslenzkri löggjöf, ef setja ætti slíkt ákvæði, og það er alveg óverjandi að veita nokkrum einum manni heimild til þess að ráða því hvernig skattur skuli lagður á einstaka borgara. Þetta hefur sennilega verið tekið upp vegna þess, hve margt hefur verið órannsakað í þessum efnum.

Mér finnst allur kaflinn um eignaraukaskattinn svo óverulegur og þannig úr garði gerður, að ég vildi heldur, að ekkert yrði samþ. um eignaraukaskatt en þessi kafli yrði samþ. þannig eins og hann er frá ríkisstj. hendi. En þar sem málið er aðkallandi, þá er sjálfsagt að leggja fram vinnu til þess að gera það svo úr garði, að viðunandi verði.

Þá er að lokum IV. og V. kafli frv., að svo miklu leyti, sem ég hef ekki komið að þeim áður. Það er yfirlýstur vilji allra flokka, eins og ég hef á drepið, að um þetta mál verði reynt að ná samkomulagi milli allra aðila, en stjórnin hefur kosið að leggja nú fram till. sínar án þess að leita áður samkomulags. En það virðist þó jafnframt koma fram í 12. gr. frv. að það sé ætlun ríkisstjórnarinnar, að þetta verði samningamál og ekki nema að sumu leyti löggjafaratriði. Ég hjó eftir ummælum í þessa átt hjá hæstv. atvmrh., og dreg það einnig af því, að hér er ekki um allsherjar kaupbindingu að ræða, heldur millilið, sem getur ekki einu sinn náð tilgangi sínum, nema samkomulag náist um kaupgjaldsmálin utan Alþ.

Hér eru engin ákvæði um festingu grunnkaups, og þá ber væntanlega heldur ekki að skilja frv. þannig, að um tiltekið hámarksverð á landbúnaðarafurðum verði að ræða, enda þótt annað verði raunar helzt skilið af orðalagi frumvarpsins.

Ef þetta frv. verður þáttur í samningsgerð eða samkomulagi við verkamenn og bændur, þá skilst mér, að það hafi litla þýðingu sem löggjöf.

Lækkanir þær á kaupi og verðlagi landbúnaðarvara, sem hér er gert ráð fyrir, mun ég ekki ræða að svo stöddu, þar sem ýmsar upplýsingar viðvíkjandi því eru alveg nýkomnar fram, og ég hef því ekki haft tíma til þess að athuga þær sem skyldi. Ég vil þó aðeins minnast á eitt.

Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að samkvæmt 14. gr. — þ. e. vegna þessarar verðlækkunar, sem á að gera á landbúnaðarafurðum —, muni vísitalan lækka um 10 stig. Ég geri ráð fyrir, að þetta muni vera rétt, og samsvarandi yrði hún raunverulega lækkun á verði, sem landbúnaðurinn tekur á sig, eftir frumvarpinu. Hæstv. landbrh. gerði ráð fyrir, að vegna þeirrar lækkunar, sem gert er ráð fyrir í 16. gr. frv. og keypt er til bráðabirgða með framlagi úr ríkissjóði,

mundi vísitalan lækka enn um 16 stig, þannig að með þessu móti mætti lækka vísitöluna alls um 26 stig, eða niður í 236 stig. Af þessari 26 stiga lækkun yrði þá 10 stiga raunveruleg lækkun, en 16 stiga lækkun keypt til bráðabirgða. Síðan taldi hæstv. ráðh., að búast mætti við, að vísitalan lækkaði enn eitthvað síðar vegna afleiðinga af þessum lækkunum, en hann gat ekki um, hve miklu þær afleiðingar mundu orka.

Að því er viðvíkur fjárframlögum til lækkunar á vísitölunni, er það að segja, að til þess þarf svo miklar upphæðir, að ómögulegt er að kaupa hana niður til langframa. Má í því sambandi benda á, að hæstv. ráðh. taldi, að til þess að kaupa vísitöluna niður um 16 stig fram til 1. maí n. k. mundi þurfa 4—5 millj. kr. Áður er búið að kaupa vísitöluna niður um 4—5 stig með 1 kr. lækkun á kjötkílói, og auk þess hefur hún verið keypt nokkuð niður með lækkun á smjöri, þannig að alls mun fást um 23—24 stiga lækkun á vísitölunni með „annarlegum“ ráðstöfunum, þ. e. með beinum framlögum úr ríkissjóði og ráðstöfunum, sem ekki geta staðið til frambúðar. Hvað verður þá eftir af þessari lækkun þegar framlögin þrjóta. Þá hækkar allt á nýjan leik að öllum aðstæðum óbreyttum, og lækkunin verði þá raunverulega mjög lítil, sem eftir stendur. Hér þarf hins vegar að koma fram varanlegri lækkun. Það er aðalatriði þessa máls.

Þá leyfi ég mér að spyrja sérstaklega um eitt atriði í V. kafla frv., sem lýtur að verðlagi á landbúnaðarafurðum. Í 15. gr. segir, að kjósa skuli 5 manna nefnd til þess að búa til vísitölu fyrir landbúnaðarafurðir, en að verð á landbúnaðarafurðum skuli ekki vera hærra en nú er. En nú skildist mér á hæstv. landbrh., að þessi n. ætti einnig að verðleggja landbúnaðarafurðir. Þetta þarf að fá upplýst strax. Það verður að liggja ljóst fyrir, hvort bundið verði ákveðið hámarksverð á landbúnaðarafurðirnar eða ekki. Ég spyr því, hvort n. eigi eingöngu að fjalla um vísitölu fyrir verð á landbúnaðarafurðum, eða hvort hún á einnig að ákveða grunnverð á þessum vörum. Það gæti að sjálfsögðu átt sér stað, þegar þessi n. er komin á laggirnar og farin að rannsaka þessi mál, að hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að það væri eðlilegt, að verð á landbúnaðarvörum hækkaði frá því, sem nú er, að frádregnum þessum 10%. Ef það er ætlunin, að þessi n. eigi aðeins að setja vísitölu fyrir landbúnaðarafurðir, en hámark sett á verð þeirra með þessu frv., hvað á þá að gera, ef rannsókn sýnir, að landbúnaðarvörur þyrftu að hækka? Getur þá n. aðeins fært verðið niður, en ekki upp, þótt sanngjarnt væri? Þessu óska ég að fá svar við.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvað hún hyggst fyrir um heimildina í dýrtíðarl. frá 1941, um að nota fé til að halda dýrtíðinni í skefjum. Hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér að nema þessa heimild úr l., eða hyggst hún að fá henni haldið við sem möguleika til fjáröflunar í dýrtíðarráðstafanir jafnframt því, sem hún fer nú fram á?

Nú hefur hæstv. ríkisstj. sagt, að búið sé að nota aðeins 1½ millj. kr. samkvæmt þessari heimild, en að upphæðin, sem heimildin hljóði um, nemi um 7½ millj. kr. samtals, og eru þá eftir um 6 millj. kr., eftir skilningi hæstv. ríkisstj. Þótt gert hafi verið ráð fyrir því af hálfu Alþ., að þessi heimild yrði notuð, ef svo bæri undir, tel ég nauðsynlegt að fá að vita nú, hvort hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að láta hana falla niður ónotaða, eða hvort hún hefur gert ráð fyrir að nota þetta fé til dýrtíðarráðstafana til viðbótar því, sem frv. það hljóðar um, sem nú er rætt.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Það hefur vafalaust verið beðið eftir því með mikilli óþreyju af þingi og þjóð, hvað ríkisstj. legði til, að gert yrði í dýrtíðarmálunum. Þótt nokkur dráttur hafi orðið á því, að þetta frv. kæmi fram, er það afsakanlegt. Ég býst við, að það komi í ljós, að það sé hvorki einfalt eða óbrotið að ráða fram úr þessu vandamáli á réttlátan hátt. Ég er því ekki að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir þann drátt, sem orðið hefur á þessu, en ég ásaka hana miklu fremur fyrir það, að þegar frv. loks kemur fram, þá skuli það vera eins og það nú er. Það hefur verið mjög mikið um það rætt, að nú verði allir að leggja eitthvað á sig til þess að ráða bót á þessu ástandi, sem nú ríkir hér, en það er ekki hægt að slá þessu fram sem algildri reglu, og þegar á að ráða bót á dýrtíðinni, þá verður að líta í kringum sig og sjá, hvað hefur gerzt í íslenzku þjóðlífi og íslenzku hagkerfi frá því 1940 og fram til þessa dags. Það er strax hægt að slá því föstu, að þjóðarauður Íslendinga hefur vaxið mjög á þessu tímabili. Í þessu sambandi nægir að líta á erlenda gjaldeyrinn, en hann heldur alltaf áfram að vaxa hér í landinu, þótt verzlunarjöfnuðurinn sé okkur nú óhagstæður. Þjóðartekjurnar eru nú orðnar mjög miklar, og miklu meiri en nokkru sinni áður í sögu landsins. Nú á tveimur síðustu árum hefur mönnum einnig orðið það ljóst, að hætta geti steðjað að og slegið geti í bakseglin, ef ekkert sé gert til þess að halda dýrtíð og verðbólgu í skefjum. Þessu tvennu getum við slegið föstu, að þjóðarauðurinn hefur aukizt mjög og að nú þarf að gera ráðstafanir, sem kosta mikið fé, til þess að auka öryggi þjóðarinnar og bæta afkomumöguleika hennar.

Að segja það, að nú þurfi allir að taka á sig hlutfallslega sömu byrðar, er algerlega röng og ósanngjörn ályktun. Það verður að athuga vel, hverjir hafa hagnazt og hverjir tapað. Ef við tökum til dæmis launastéttina, þá tók hún á sig miklar byrðar með gengislækkuninni 1939 í von um það, að þá mundi eitthvað rakna fram úr atvinnuleysinu. Það fór eins og búast mátti við, að kaupmáttur launastéttarinnar minnkaði, en áður hafði mikill hluti hennar átt að búa við atvinnuleysi, sem hafði gengið svo nærri mörgum, að þeir höfðu neyðzt til þess að leita á náðir hins opinbera. Það voru verkalýðurinn og launastéttin, sem tóku á sig byrðar 1939, og þær komu hart niður fyrst í stað. En þegar leið á árið 1939 og stríðið skall á, þá varð það strax í upphafi ljóst, að við það mundu opnast nýir og óvæntir gróðamöguleikar fyrir ýmsar stéttir þjóðfélagsins. Sjávarútvegurinn hafði verið hart leikinn á ýmsa lund. Margar greinar hans höfðu verið reknar með tapi. Landbúnaðurinn hafði mætt nokkru tapi, en hið opinbera hafði gert ráðstafanir að sínu leyti til þess að létta kreppunni af bænd-

um landsins, eftir því sem efni stóðu til. En í árslok 1939 byrjaði strax nýtt viðhorf. Sölufarmar til Þýzkalands og Bretlands voru þá keyptir fyrir óvenjulega hátt verð, sem bætti aðstöðuna fyrir sjávarútveginn og landbúnaðinn. Gærufarmur, sem fór héðan til Þýzkalands síðast á árinu 1939, og aflasölur strax þá, til Þýzkalands sérstaklega, gerðu það að verkum, að strax kom í hendur vissra stétta í þjóðfélaginu veruleg tekjuaukning. En verklýðsstéttin bjó áfram við skarðan hlut. Það ár er kaup verkalýðsstéttanna og launastéttanna bundið og ekki greidd á það full dýrtíðaruppbót. Tekjur þessara stétta, framleiðendanna, voru rýrar fram yfir mitt árið. En þá fer allt að gerbreytast á hina hliðina. Þá er, undir lögbindingunni á kaupinu, byrjað að hækka verð landbúnaðarafurðanna. Þá byrjuðu fljótlega að hækka afurðir útgerðarinnar í landinu með bættum kjörum og hækkuðu verði á sjávarafurðunum.

Árið 1940 var ágætt afkomuár og að sumu leyti mikið gróðaár fyrir sjávarútveginn. En fyrir launastéttirnar var það lélegt ár, þó að seinni hluti ársins bætti það að nokkru leyti upp, en það dugði alls ekki til. Þá eru liðin tvö ár, sem gera það að verkum, að aukizt hefur misræmið milli tekna stéttanna í íslenzka þjóðfélaginu miðað við það, sem áður var. Launastéttirnar verða út undan, en framleiðslustéttirnar taka gróðann, og þeir, sem annast dreifingu vara, byrja líka að safna að sér álitlegum gróða. Fram til þessa tíma voru og útgerðarmenn skattfrjálsir.

Svo kemur árið 1941. Þá verður breyting að því leyti, að kaup launastéttanna hækkar til samræmis við hækkandi dýrtíð, eftir vísitölu, sem var reiknuð einum til þrem mánuðum eftir á. Verðlagið heldur enn áfram að hækka. Launastéttirnar verða enn fyrir auknum þunga af vaxandi dýrtíð, því að þær fá ekki kaup sitt hækkað eftir dýrtíðinni. En þá hjálpar þeim aukin atvinna. En nú fer stríðsgróðinn að flæða til útgerðarinnar og verzlunarstéttarinnar og að mörgu leyti einnig til bændastéttarinnar. En verkalýðsstéttin og launafólkið gerir lítið meira en að standa í stað, fastlaunafólkið alls ekki meira en að standa í stað. Dýrtíðaruppbót er því að vísu greidd, en hún kemur öll eftir á. Laun aukast við það, að menn vinna lengri vinnutíma. Menn leggja nætur við daga til þess að auka tekjurnar.

Svo kemur árið 1942. Þá hækkar verulega grunnkaupið hjá launastéttunum öllum á því ári, og afkoman hjá því fólki verður mjög sæmileg. Þá fyrst er hægt að segja, að þessar stéttir fari að fá dálítið í sinn hlut af þeim stríðsgróða, sem hafði flætt yfir landið í rúm tvö ár. Á þessum tímamótum stöndum við nú.

Við þekkjum þessa forsögu. Og minnugir þessarar forsögu eigum við að ákveða framtíðina. En við eigum ekki að slá fastri þeirri regin-vitleysu, rangsleitni og ósanngirni, að nú beri að leggja einhverjar tiltölulega jafnar byrðar, reiknaðar „prósentvís", á allar stéttir þjóðfélagsins, án tillits til þess, hver hefur verið afkoma þeirra nú síðustu árin. Til þess að meta það, hvort rétt sé, að byrðarnar raunverulega geti verið jafnþungar eða ekki, þá ber að meta það, sem á undan er gengið, sem ég hef að nokkru getið, tekjur hinna ýmsu stétta í þjóðfélaginu og þess samræmis eða misræmis, sem þar hefur átt sér stað. — En mér virðist þetta frv. bera sára lítinn keim af því, að þessa hafi verið gætt, heldur að með því sé meira að segja vakinn upp gamall draugur, sem ég hélt, satt að segja, að hefði verið kveðinn niður fyrir fullt og allt á síðasta ári, þar sem það nú skýtur upp höfðinu, að beita eigi lögþvingun gegn launastéttunum, móti vilja þeirra og andstöðu þeirra. Ég hélt, að þessi draugur, sem riðið hafði húsþökum launastéttanna undanfarið, væri kveðinn svo langt niður, að engri ríkisstj. tækist að vekja hann upp. En núv. hæstv. ríkisstj. gerir þó tilraun til þess að vekja þennan draug upp. Og því óskiljanlegra er það, þar sem hæstv. núv. forsrh. hefur talað af mikilli sanngirni og velvild um það mál, rétt áður en hann tók við forsæti þessarar hæstv. ríkisstj. Hann sagði 1. desember í ræðu sinni:

„En í byrjun yfirstandandi árs (þ. e. 1942) horfði svo um kaupgjalds- og verðlagsmál, að ríkisvaldið taldi nauðsyn að taka á ný í taumana í því skyni að halda hinni vaxandi dýrtíð í skefjum. Var þá gripið til ráðstafana án þess að hafa verkalýðsstéttirnar með í ráðum, ráðstafana, sem leiddu til ófarnaðar."

Þetta var hverju orði sannara og lýsir góðum skilningi þess mæta manns, sem hafði verið áhorfandi pólitískra átaka undanfarið og hafði séð, hvað það kostaði að beita eina stétt í þjóðfélaginu rangindum, að það leiddi einungis til ófarnaðar. Þeim mun sárara og óeðlilegra finnst mér það nú, að hæstv. ríkisstj., með forsæti þessa hæstv. ráðh., skuli nú leggja fram till. um að lögbjóða lækkun á kaupi hjá launastéttunum. Því að ég þori að fullyrða, að það er ekki gert í samráði við þær. Ég þori líka að fullyrða, að það er gert gegn vilja þeirra, og það veit hæstv. ríkisstj., þó að hún kunni ekki að hafa gert miklar tilraunir til þess að afla vitneskju um það hjá þeim.

Þessi almennu orð vildi ég láta falla um frv., en skal svo reyna á þeim örfáu mínútum, sem eftir eru af ræðutíma mínum, að minnast á nokkur atriði í frv., sem mér virðist rétt að benda á strax í upphafi.

Um I. kafla frv. er það að segja, að mjög kann að orka tvímælis, hvort það er rétt að undanskilja jafnfortakslaust einn þriðja hluta af tekjunum, sem lagðar eru í varasjóð og til nýbyggingasjóða hjá útgerðarfélögum yfirleitt. Get ég þar tekið undir orð hv. 2. þm. S.-M. og bent honum á það, að vera kynni, að sum útgerðarfélög væru orðin svo sterk, að engin sérstök ástæða væri til þessa. Sérstaklega er þetta líka athugunarvert og þarf nánari athugunar við, þegar athuguð eru ákvæði 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að leyfa megi óvenjulegar afskriftir á eignum slíkra fyrirtækja.

Ég vil líka benda á það, að það sé rétt að athuga, þegar þar að kemur, hvort það er rétt að ákveða jafnfortakslaust eins og gert er í frv., að samvinnufélög séu laus við það að fá skatt á þann hluta teknanna, sem þau leggja í varasjóð. Ég álít, að það þurfi athugunar við líka, hversu mikils auðs samvinnufélög kunna að hafa aflað á þessum stríðsgróðatíma og hvort sanngirni mæli með því, þegar á að fara að ganga á eignir og tekjur

þeirra, sem mest hafa grætt, að þau eigi þá fortakslaust að vera undanskilin.

Um viðreisnarskattinn sjálfan vil ég aðeins segja það, að það gefst enginn tími eða tækifæri til þess að fara nákvæmlega út í skattstigann þar. Þó virðist mér, að á það megi benda, að skattstiginn í þessum viðreisnarskatti er fyrst og fremst á tekjum upp að 100 þús. kr., jafnvel þó að hann sé lækkandi þar á tekjubili, og svo er hann lækkandi á tekjunum upp að 200 þús. kr. Nú er athugandi, að þetta frv. breytir því ekki, að sveitar- og bæjarfélög megi ekki leggja útsvör á tekjur fyrir ofan 200 þús. kr. Allir tekjuöflunarmöguleikar sveitar- og bæjarfélaga eru á tekjum einstaklinga og félaga, sem hafa tekjur á þessum hluta skattstigans, sem fellur undir viðreisnarskattinn. Og vera má, að þar kunni að vera gengið full nærri tekjuöflunarmöguleikum sveitar- og bæjarfélaga með þessu móti. — Þetta er atriði, sem ég vil benda á.

Annars virðist margt mæla með því, að hugmyndin um viðreisnarskatt sé rétt og það sé rétt að bæta við skatti á þessum hluta skattstigans og breyta ákvæðum núgildandi skattal., hvað snertir skattlausan frádrátt til varasjóða, þó að ég álíti, að þau ákvæði frv., er þetta snerta, þurfi af ýmsum ástæðum mjög náinnar endurskoðunar við, eins og við er að búast. Getur enginn til þess ætlazt, að nein ríkisstj. leggi fram svona lagað frv. þannig, að ekkert þurfi við það að athuga. Þætti mér því ekki undarlegt, þó að það kynni að þurfa að taka breytingum. Og víst er það, að það þarf að athugast mjög gaumgæfilega.

Hugmyndinni um eignaaukaskatt er Alþfl. hlynntur. En ég get að sumu leyti tekið undir það með hv. 2. þm. S.-M., að mér finnast ákvæðin um þetta í III. kafla frv. vera bæði mjög ónákvæm og að sumu leyti þannig, að þau orki mjög tvímælis. Það er t. d. jafnan áður en eignaaukaskattur er ákvarðaður lögheimilaður tapsfrádráttur útgerðarfélaga. Það var nú svo, að þegar tapsfrádráttur var lögheimilaður, þá voru deilur um, hvort það skyldi gert. Alþfl. var andvígur því, að hann yrði leyfður. En samkomulag varð um það milli Framsfl. og Sjálfstfl. að leyfa þennan frádrátt. Og það samkomulag var viðtækara heldur en kom fram í þessu máli.

Alþfl. er ekki reiðubúinn fyrir sitt leyti til að ganga inn á það skilyrðislaust, að tapsfrádráttur verði tekinn til greina, þegar kemur til þess að leggja þennan skatt á. Enda mun þetta vera síðari tíma viðbót í frv., eins og hv. þm. mun vera kunnugt um, sem í trúnaði fengu að sjá frv. áður, hvaða ástæða sem var til að setja þetta ákvæði í frv., áður en því var útbýtt á Alþ.

Um IV. kafla hef ég rætt í sambandi við launastéttirnar almennt og skerðingu á réttindum þeirra. Og mér finnst engin rök vera hægt að færa fram fyrir því, að Alþ. gegn vilja verkalýðssamtakanna og launastéttanna ákveði að lækka kaup þeirra stétta nú um tæp 13%. Engin rök liggja til þess, engin sanngirni mælir með því og ekkert rétt hlutfall fæst milli stéttanna í landinu með því móti. Það er að vísu svo, að ákvæði 12. gr. frv. eru þannig, að það er opið fyrir verkalýðssamtökin og launastéttirnar að fara fram á grunnkaupshækkun, sem gerir þá alveg haldlaust þetta ákvæði frv. um lækkun á verðlagsuppbót. Og mér skildist á hæstv. forsrh., að það væri kannske einhver von til þess, að þetta yrði athugað, hvort þessa leið eigi að fara svona fortakslaust, eins og gert er ráð fyrir í frv. Og ég vil mega vænta þess, að ríkisstj. athugi það og finni þann þunga, sem á bak við býr og fljótt mun koma í ljós hjá launastéttunum í landinu út af þessu ákvæði frv., af því að þeim finnst þetta ákvæði ekki réttlátt, borið saman við önnur ákvæði frv. Og ég álít líka það vera annað, sem gera ætti, að þetta ákvæði ætti að athugast af samtökum launastéttanna, til þess að hægt væri að sjá, á hvern hátt væri hægt að fá gagnkvæman skilning ríkisvaldsins og launþegasamtakanna í öllum þessum greinum, til þess að sjá, á hvern hátt væri hægt að gera aðstöðu þeirra í þjóðfélaginu á þá leið, að byrðarnar væru ekki lagðar tiltölulega þyngstar á þá, sem laun taka, þegar á að fara að hefja svo kallað viðreisnarstarf. En að mínu viti eru byrðar þessar lagðar þyngst á launastéttirnar með IV. kafla frv., eins og það er lagt fram hér fyrir hæstv. Alþ.

Um verðlag landbúnaðarafurða get ég sagt það eitt, að mér finnst mjög á skorta í því efni í 15. gr., að engin ákvæði skuli vera um það, eftir hvaða reglum í höfuðatriðum eigi að finna út verðlagsvísitölu landbúnaðarafurða og frá hvaða tíma þar eigi að taka skurðpunktinn. Það er eins og hæstv. ríkisstj. hafi sjálfa órað fyrir því, að það mundi ekkert koma frá þessari n., sem í 15. gr. er gert ráð fyrir, að skipuð verði, og þess vegna hafi hæstv. ríkisstj. sett til vara það ákvæði í frv., að ef engin vísitala yrði fundin, þá lækkaði verð landbúnaðarvara á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 15. gr. frv. En ég held, að þessi ákvæði 15. gr. þurfi gagngerðrar athugunar við eins og önnur ákvæði V. kafla frv., og er Alþfl. fús til þess fyrir sitt leyti að taka þátt í rækilegri athugun á þeim kafla.

Ég hef nú notað þann tíma, sem mér var framast leyfður af hæstv. forseta til ræðu minnar, og þó að ég hefði kosið að fara um málið fleiri orðum, læt ég nú staðar numið. En ég vænti þess, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, sé aðeins opnun á viðræðum um það, á hvern hátt hægt er að bæta úr erfiðleikum, sem bíða fram undan, en hæstv. ríkisstj. vilji ekki með þessu frv. setja einskorðað fram hugmyndir, sem hún telji rangt og fráleitt að víkja frá. Mörg atriði frv. eru þess eðlis, að Alþfl. vill ræða þau, telur þar þörf á breyt. og telur, að þar sé í frv. stefnt í rétta átt. Sum ákvæði frv. eru hins vegar á þá lund, að Alþfl. telur þau, í þeirri mynd, sem þau hafa í frv., þannig, að þau verði að hverfa algerlega burt úr frv. Með þetta fyrir augum mun Alþfl. taka þetta mál til rækilegrar athugunar eins og ávallt, er um vandamál er að ræða, og ræða bæði við flokkana og ríkisstj. um þær till. til lausnar þessa vandamáls, sem hann hefur fram að bera.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það er nú ekki seinna vænna, að Alþ. fari nú eitthvað að hugsa í dýrtíðarmálunum. Og það er auðséð, að þingflokkarnir hafa verið að bíða eftir því að sjá, hver væri vilji ríkisstj. í þeim efnum. Frv. um dýrtíðarráðstafanir er þá líka komið hér fram frá hæstv. ríkisstj. Sósfl. hafði að vísu gengið út frá því, að hægt mundi vera að hafa aðra stefnu hér í þinginu um þetta mál. Strax þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, skrifaði Sósfl., að hann væri reiðubúinn til að taka upp samvinnu við ríkisstj. um að flytja frv. um dýrtíðarmálin. Flokkurinn sá ekki ástæðu til að bera fram frv. einn um málið, þar sem hann áleit ekki hægt að fá alla flokka sameiginlega til þess að leysa þessi mál svo, að viðunanlegt yrði, og áleit, að slík mál sem þessi yrðu ekki heldur leyst öðruvísi en með samvinnu milli þings og stj.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. haft þá aðferð að bera þetta frv. hér fram án þess að hafa ráðfært sig við þingflokkana. Og eftir að hafa heyrt framsöguræðu hæstv. ráðh., verður maður að líta svo á, að hér sé fyrst og fremst að ræða um till. frá hendi hæstv. ríkisstj., en ekki lausn, sem hún ætli sér sérstaklega að halda fast við; m. ö. o., að ríkisstj. hafi ekki komið sér niður á, hvaða stefnu hún ætlar að taka í þessu máli, og treysti sér ekki til að leggja fyrir þingið ákveðna stefnu, sem hún ætli að halda fast við, heldur leggi fram till., sem hún gerir.

Hér hefur farið ákaflega mikill tími til spillis. Ríkisstj. gat tekið upp samvinnu strax við þingflokkana um þessi mál, þegar hún tók við völdum, til þess að reyna með samstarfi milli þingflokkanna og ríkisstj. að leysa málið. En það hafa nú liðið tveir mánuðir síðan, sem ríkisstj. hefur verið að hugsa um þetta mál, með þeim árangri, sem hér sést. Ég er hræddur um, að árangurinn komi seint, ef nú fyrst er farið að ræða í n. það, sem átti að fara að ræða fyrir 2 mánuðum, lausn dýrtíðarmálanna. Við höfum tapað 2 mánaða dýrmætum tíma, sem átt hefði að nota til að ná þar niðurstöðu, og stöndum nú í þeim sporum að eiga fyrst um það að ræða, hvers konar þessi dýrtíð sé og hvaða ráð séu við henni, en á þingfundum er ekki þægilegt að ræða þannig allt málið frá rótum. Það er þeim mun verra viðfangs, sem þetta frumvarp sjálft er ósanngjarnara. Frumvarp hæstv. ríkisstjórnar er eins og hnefahögg í andlit meiri hluta þjóðarinnar. Hagsmunir verkalýðsins eru með frv. þessu skertir miklu meir en annarra stétta. Þegar ríkisstj. fyrri ára voru að hækka dýrtíðina í þágu annarra stétta, var það gert á kostnað verkalýðsins, en þegar hinir vísu menn komast að þeirri niðurstöðu, að lækka þurfi dýrtíðina vegna hinna sömu, sem áður þurfti að hækka hana, þarf lækkunin líka að verða á kostnað verkalýðsins. Dýrtíðarhækkunin var eins og skipulögð herferð allt frá því vorið 1939, að gengi ísl. krónu var lækkað til þess að lækka verðgildi þeirra króna, sem greiddar voru verkalýðnum í kaup, en skapa stórútgerðinni gróða. Samtímis var verkalýðsfélögum bannað að neyta samtaka sinna til að hækka grunnkaup. Gengislækkunarleiðin var valin af því, að ekki var álitið fært að lækka kaupið beinlínis að krónutali. Þannig var dýrtíðaraldan fyrst leidd yfir þjóðina, meiri hl. hennar til tjóns. Ekkert verulegt var gert til að stöðva flóðið, ekki fengust tollar lækkaðir á nauðsynjum nema þetta lítilræði, sem lagfært var í fyrra. Síðan þegar gróðaráðstafanirnar hafa borið árangur og milljónirnar fara að safnast fyrir hjá stórútgerðarmönnum, krefjast þeir að fá þær yfirfærðar og borgaðar út í íslenzkum krónum. Fráfarin ríkisstj. varð við þeirri kröfu. Með því að yfirfæra þá peninga svo að skipti hundruðum þúsunda sterlingspunda eða milljónum, án þess að ykist vöruinnflutningur sá, sem þessi aukna kaupgeta beindist að í landinu, óx dýrtíð. Þessar ónotuðu milljónir í höndum nokkurra auðmanna urðu til þess að sprengja allt upp, jafnframt því sem þær komu í klær þeirra mjög miklum fasteignum miðstéttarmanna, sem síðan kunna að standa eftir rúnir. Þannig kom hver ráðstöfunin af annarri til hækkunar dýrtíðinni. Ég þarf ekki að rekja þann þátt, sem hækkun landbúnaðarafurða átti, svo margt er búið um það að tala. Vísitöluhækkun verkalauna átti einnig þátt, en þess ber að gæta, að það var í hverjum mánuði lægsta vísitalan, sem farið var eftir á Íslandi. Á hverra kostnað hækkaði þá dýrtíðin? — Verkalýðsins auðvitað og svo sparifjáreigenda. Fyrstu stríðsárin hækkaði grunnkaupið ekkert hjá verkamönnum, svo sem Dagsbrúnarmönnum í Rvík, en eftir 10 ára meira og minna atvinnuleysi varð atvinna svo mikil og allmikið stundað eftirvinna, að með auknum þrældómi gátu þeir aukið tekjur sínar í bili, tekjur, sem hin sívaxandi dýrtíð hrifsaði svo af þeim. Tvisvar var verkalýðurinn sviptur samningafrelsi með lögum. Svo loks í ágúst 1942 tekst honum að knýja fram grunnkaupshækkun. Síðan hefur það kveðið við, sérstaklega í blöðum afturhaldsins, að þessi hækkun s. l. missiri sé orsök dýrtíðarinnar, sem hófst upp úr gengislækkun 1939 og hefur svo stöðugt vaxið, og því sé ekki um annað að gera en skerða með l. þau réttindi, sem verkalýðurinn hefur áunnið sér. Af því að hann var afskiptur, meðan dýrtíðin var að hækka, á hann að bera mestan þungann af lækkun hennar og kaupið að lækka á undan dýrtíðinni, — það er hvort í samræmi við annað.

Ég held, að þá sé full ástæða til að spyrja nokkurra spurninga um dýrtíðina og tekjuskipting í landinu. Það er vitanlegt, að með löggjöf sem þessari er verið að skipta upp þjóðartekjum og þar með þjóðareignum milli stéttanna, og furðar mann, ef þm. kæra sig ekki um að fá glögga vitneskju um þær breyt., sem verið er að gera.

Af hverju og til hvers er verið að lækka dýrtíðina? Til þess að afstýra böli, sem hún er farin að baka öllum stéttum, e. t. v. ekki síst stórútgerðinni, sem að henni stóð fyrst og lengst í von um gróða. Böl dýrtíðarinnar er ekki aðeins efnahagslegt, heldur og siðferðilegt, — öryggisleysið, sem við hana skapast, eyðslutilhneigingin, sem fylgir, o. s. frv. En fyrir hverja þarf fyrst og fremst að stöðva dýrtíðina og lækka?

Ég vil kasta fram nokkrum ágizkunum. Framleiðslutekjum landsmanna má nú skipta í þrennt. Hve mikil er sú framleiðsla, sem við njótum í landinu? Hvað er m. ö. o. aðeins í umferð milli okkar sjálfra? Það er afarerfitt að vita. Ég veit ekki, hvort það er út í loftið að gizka á 300 millj.

kr. s. l. ár. Það mætti e. t. v. álíta það meira. Okkur er það ekkert sérstakt böl, þó að verð þessarar framleiðslu sé reiknað hátt, ef hver stétt fær rétt látlega upp skorið. Þá eru í öðru lagi útfluttar vörur, um 200 millj. kr. s. l. ár. Þar er það, sem skórinn kreppir núna. En liggja fyrir nokkrar rannsóknir um það, hvaða vörutegundir það eru, sem seldar eru erlendis með halla? Ég býst t. d. við góðri útkomu á lýsissölunni, enn sem komið er, og á ísfiski togaranna, sem sigla á vesturströnd Englands, og stærstu skipa, sem á austurströndina sigla. Sérstaklega hefur mikið verið talað um halla á rekstri hraðfrystihúsa. En eftir þær ívilnanir, sem fengizt hafa, vildi ég vita, hver sá halli er eða hvort hann þarf nokkur að vera, — ef rétt er reiknað. Þá er smábátaútgerðin. Það mun vera rétt, að þar sé um þó nokkurt tap að ræða. Einnig mun framleiðslukostnaður síldarútgerðar vera orðinn of hár í ísl. krónum. Ég vil spyrja hæstv. stjórn, hverjar athuganir hún hefur gert á því hverjar framleiðslugreinar aðeins verði reknar með tapi, eins og er, og hverjar sýnast geta gengið án þess. Vitneskja um þetta þarf að liggja fyrir, þegar verið er að ræða um dýrtíðarmálin. Það er vel hugsanlegt að jafna milli framleiðslugreina eins og stórútgerðar og smáútgerðar, t. d. með því að reikna þessum aðilum mismunandi gengi í yfirfærslum, án þess að nokkur heildargengisbreyting ætti sér stað. Svör við þeirri spurningu, hvernig hægt er að láta útflutning bera sig, byggjast á þekkingu, sem þarf um þessa hluti. Nú mun verða sagt, að við þurfum líka að þekkja til hins, hvaða útflutningsvörur okkar seljist án halla eftir stríðið og hvaða verðlækkunar megi þá vænta á þeim. Mér virðist auðsætt, að tap verði á landbúnaðarafurðum á erlendum markaði hvort sem er, ríkið verði eins og nú að ráða fram úr fjárhagsafkomu bænda án mikils tillits til erlends verðlags, svo að það sé hér aukaatriði.

En ég vil spyrja að einu: Hvaða vissu höfum við um verðlag í markaðslöndum okkar, t. d. Englandi, eftir stríð? Ef verðlag í Englandi hækkaði stórkostlega eftir stríðið, ef ensku stj. finnst það hentugt að lækka peningagildið í hlutfalli við vöru, — ef ekki í hlutfalli við aðrar myntir —, meðan landið er að hrinda af sér stríðsskuldunum, en við hefðum með miklum fórnum lækkað dýrtíðina hér og hlytum svo að fá dýrtíð aftur, þá væru þær fórnir okkar unnar fyrir gýg. Verði hins vegar engin hækkun í Englandi og öðrum markaðslöndum eftir stríð, kemur hér auðvitað kreppa, og við verðum að færa framleiðslukostnað okkar til samræmis við erlenda verðið. En það er mikið íhugunarefni, hve langt við eigum að ganga í fórnum, sem hugsanlegt er, að unnar verði fyrir gýg, þótt ég álíti vafalaust, að við verðum að færa dýrtíðina eitthvað niður. Og þessu má ekki gleyma, að það er fyrst og fremst gert vegna útflytjendanna.

Þá kem ég að þriðja þætti framleiðslunnar, en það er sú vinna og framleiðsla, sem keypt er af erlendum mönnum í landinu sjálfu. Afurðir, sem þeim hafa verið seldar, og vinna nema 130 millj. kr. á s. l. ári, en það er álíka mikið og allur ísfiskurinn eða meir en ⅔ af útflutningnum í vörum. Á þessum liðum getum við að vissu marki grætt á aukningu dýrtíðarinnar. Að henni hefur orðið þar þó nokkur beinn hagur. En fyrir þeim hagnaði eru þau takmörk, að minna er keypt, ef verð er hátt, og ég býst við, að á síðasta ári hafi að því takmarki komið, er á leið, svo að dýrtíðin sé þar farin að baka okkur tjón, og þetta þarf að athuga. Þess er skemmst að minnast, að fjandskapazt var yfir því, að íslenzkir verkamenn skyldu vinna í setuliðsvinnunni, af því að ekki var um að ræða útflutningsverðmæti, sem kapítalistarnir í landinu gátu hirt bróðurpartinn af. Það hefur sem sé alltaf verið hugsað um það eitt, að stórútgerðin haldi sínum gróða og hlunnindum, hvernig svo sem fari fyrir þeim, er lítið sem ekkert hafa sér til lífsframfæris, varla ofan í sig og á.

Árið 1939 var um að gera að lækka laun verkamanna til þess að bjarga stórútgerðinni frá hruni, eins og það var kallað. Það var m. ö. o. verið að bera fyrir brjósti gróðavon stórútgerðarinnar, og svo er nú það sama að endurtaka sig, þegar á að fara að lækka laun verkalýðsins, svo að stórútgerðin geti haldið áfram að græða eins stórkostlega og hún hefur gert undanfarið. Og sú hæstv. ríkisstj., er nú situr, sér ekki aðra leið en þessa til þess að vinna bug á dýrtíðinni. Lausnin á með öðrum orðum að vera sú að halda við stórgróða stórútgerðarinnar á kostnað verkalýðsins í landinu. Er hægt að trúa því, að hv. þm. sjái ekki, að hér er farið þveröfugt í sakirnar? Því að hvort er réttlátara að láta verkalýðinn, sem dýrtíðin bitnar hvað harðast á, bera kostnaðinn af völdum dýrtíðarinnar, eða stórútgerðina, sem mest hefur auðgazt og mest hrúgað upp hjá sér stórgróðanum vegna styrjaldarinnar og dýrtíðar? Það þarf enginn maður með heilbrigðri skynsemi að vera í vafa um annað eins og það, hver það á að vera, sem bera skal kostnaðinn af dýrtíð þeirri, sem nú er í landi voru. En það er samt sem áður eins og þessi sérréttindi útgerðarfyrirtækja séu eins og einhver heilagur hlutur, sem á engan hátt megi hrófla við, og að voðinn væri vís, ef það yrði gert. Það má með l. hindra það, að stórútgerðin tapi, og það á að mega með l. ákveða stórútgerðinni ákveðinn og öruggan stórgróða, en það má líka ræna rétti þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, til þess að semja um kaup sitt og kjör. Ef verkalýðurinn fær tækifæri til að kaupa sér ver utan um koddann sinn, föt til að klæðast í eða til að lifa sómasamlegu lífi með því að þurfa ekki að búa við skort, þá má það ómögulega viðgangast, þá þarf að rýra kjör þessa fólks, til þess að stórútgerðin, togaraeigendurnir, fái óáreittir að safna til sín stórgróðanum. Nei, það á að vera réttlátara að láta verkalýðinn koma biðjandi til fátækrafulltrúans og biðja hann ásjár, en sérréttindi stórútgerðarinnar má ekki með neinu móti skerða. Þetta er sú stefna, sem mestu hefur ráðið og verið aðalinntakið í þeim dýrtíðarfrv., sem komið hafa undanfarið.

Þá ætla ég nú að ræða einstaka liði og atriði í dýrtíðarfrv. því, sem hér liggur fyrir.

Það er þá fyrst við I. kafla frv., um nýbyggingarsjóðinn. Hæstv. fjmrh. lýsti yfir því, að um 13 millj. kr. mundu nú vera í þeim sjóði, en ekki var neitt um það sagt, hvað í varasjóðnum væri.

Hvað skyldi það vera? En ég vil leyfa mér að spyrja, hvernig á því stendur, að eftir að flutt hefur verið út árlega af ísfiski fyrir um 100 millj. kr. og eftir allt skattfrelsið, sem þjóðin hefur veitt stórútgerðinni, þá skuli hún ekki hafa í nýbyggingarsjóði eftir þennan stórgróða annað en einar 13 millj. kr. Það hlýtur eitthvað meira en lítið að vera bogið við þetta. Og ég er hræddur um, að það sé full þörf á strangari skattaaðgerðum gagnvart stórútgerðinni með því að taka undan yfirráðum hennar þann sjóð, sem ætlaður er til endurbyggingar á skipastólnum, og að engar undanfærslur geti þar átt sér stað, og enn fremur þarf það að vera gersamlega fyrirbyggt, að togaraeigendurnir geti að stríðinu loknu beitt stórgróða sínum gegn þjóðinni.

Um skattamálin er það að segja, að ég vil taka það fram, að mér finnast undanþáguheimildir stj. vægast sagt óviðfelldnar. Annars er svo mikið búið að ræða þetta, að ég ætla ekki að eyða neinum orðum að því. En þó get ég ekki látið hjá líða að minnast á það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að fyrirtækin mundu ekki samkeppnisfær, ef þau nytu ekki þessarar undanþáguheimildar. Nú vill einmitt svo til, að þessar dýru húsabyggingar, sem hann var að minnast á, að væru svo þungbærar fyrir fyrirtækin, þær eru eitt af beztu ráðunum til þess að svíkja undan skatti. Það er því harla lítil ástæða til þess að heimila undanþágur hjá fyrirtækjunum af þeim sökum. Væri ekki nær að hjálpa eitthvað með undanþágu eða öðru slíku því fátæka fólki, er af húsnæðisvandræðum hefur orðið að ráðast í að reisa sér húskofa í dýrtíðinni og berst í bökkum með að standa straum af kostnaðinum? Nei, það er ekki gert, heldur á að veita einhverjum fyrirtækjum undanþágu og innleiða með því stórfellda spillingu.

Nú, svo er það viðreisnarskatturinn. Sá skattur á sérstaklega að leggjast á hina efnaðri gjaldendur í landinu, að því er ríkisstj. ætlar, og mun þessi skattur samtals nema 11 millj. kr. að frádregnum 2 millj. kr., sem eiga að endurgreiðast á sínum tíma. En eins og þessari skattaálagningu er fyrir komið, þá mun skattur þessi aðallega greiðast af millistéttinni í landinu. — En hvað er nú þessi upphæð í samanburði við þann stórgróða, sem yfirstéttin í þessu landi hefur fengið? Árið 1940 höfðu 40 íslenzkir gjaldendur í Rvík 17 millj. kr. í tekjur, og 1941 höfðu 176 menn 34 millj. kr. í hreinar tekjur, og þetta er þó eftir óáreiðanlegu skattaframtali, en það er þó bersýnilegt af þessu, hversu hverfandi lítið það er, sem auðmannastéttin þarf að greiða af gróða sínum í sambandi við þennan skatt.

Ég vil nú spyrja: Ef það er svo mikið nauðsynjamál að lækka dýrtíðina, eins og þessi hæstv. stj. vill halda fram, því er þá ekki hægt að takmarka blátt áfram þá tekjuupphæð, sem hver einstakur maður má hafa, og láta það, sem fram yfir er, ganga til hins opinbera? Því ekki að taka fyrir uppsprettuna sjálfa að dýrtíðinni? Nei, þetta er ekki gert, sem er þó það eina, sem vit væri í, heldur á að hjálpa stórgróðamönnunum til að varðveita sinn stórgróða, á meðan þjóðin er látin fórna. Er ekki von, að manni blöskri þetta háttalag, sem innleiða á og staðfesta með l.

Þá kem ég að eignaraukaskattinum. Það hefði nú verið hægt að ímynda sér, að þegar stjórnarvöldunum loksins hugkvæmdist að leggja á kapitalskatt hér í þessu landi, þá væri hann hafður það ríflegur og honum hagað þannig, að hægt yrði með honum að bæta afkomumöguleika hinna eignalausu og afstöðu þeirra í þjóðfélaginu. En hvað skeður? Það á að verja þessu fé til þess að reisa hús fyrir ráðuneytin, hæstarétt og helztu stofnanir ríkisins, en þegar farið hefur verið fram á það allt fram á þennan dag að reisa hús og stofnanir, sem bráðnauðsynlegar eru allri alþýðunni í landinu, þá hafa þær till. verið drepnar og því borið við, að fé væri ekki fyrir hendi til þessara hluta. Svona er nú samræmið á háu stigi, og eftir því fer viljinn til þess að hlúa að alþýðunni og þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu og alltaf eru látnir fórna. — Ég býst því við, að þessi eingaraukaskattur og tilhögun hans eigi hvorki vinsældum að fagna hjá þingi né þjóð.

Þá kem ég að 4. kafla frv. Ég þarf í raun og veru ekki mörgum orðum um hann að fara, því að verkalýðurinn í landinu hefur þegar sýnt það með samtökum sínum og einingu, að hann lætur ekki ganga á rétt sinn með hvaða brögðum, sem vera skal. Þetta hafa hv. þm. áþreifanlega orðið varir við. Það er heldur ekkert réttlæti í því að ætla sér að ganga á þau kröppu kjör, sem verkalýðurinn á við að búa, og að ætla honum sérstaklega að fórna. En þetta fer 12. gr. frv. fram á. Þess vegna er sú gr. ekki einungis óréttlát, heldur bæði óviturleg og ógerleg, því að það er búið að sannreyna það, að verkalýðsstéttin íslenzka lætur það ekki viðgangast, að komið sé með óréttmætar og ósanngjarnar kröfur á hendur henni. Ef eitthvað á að gera, sem verkalýðsstéttina varðar, þá verður það að gerast í samkomulagi við hana, ella verður það ógert.

Það er ekki svo gott að áætla, hvað verkalýðsstéttin mundi, ef þetta yrði að l., þurfa að fórna miklu af fjármunum. En ef við höldum okkur við Rvík eina, þá mundi það sennilega ekki vera fjarri sanni að áætla, að hún hafi haft í tekjur 100 til 120 millj. kr. síðasta ár. Og ef hún mundi hljóta sömu upphæð í ár, sem varla má þó búast við, mundi verkalýðurinn hér í Rvík þurfa að láta af hendi rakna um 14 millj. kr. eftir 12. gr. þessa frv., sem framlag sitt, og það bara verkalýðurinn í Rvík. Það er m. ö. o. meira framlag en auðmannastéttin og stórútgerðin hefur á þremur árum lagt í nýbyggingarsjóð til þess að varðveita gróða stríðsáranna, þangað til eftir styrjöldina, svo að hægt verði að endurbyggja skipastólinn. Sjá nú ekki allir, hversu hróplegt ranglæti er í þessu? Verkalýðsstéttin í Rvík á á einu ári að borga 14 millj. kr. til þess að reyna að vinna bug á dýrtíðinni, en stórgróðamennirnir eiga að halda sínum sérréttindum og sínum gróða að mestu óskertum. Það er verkalýðsstéttin, sem enn sem fyrr á að fórna, og hvaða tryggingu hefur hún svo fyrir því, að ekki bíði sama atvinnuleysið og bölið eftir stríð? Enga, — alls enga.

Það var ekki dýrtíð á árunum 1931—1939, þegar verkalýðurinn gekk atvinnulaus meira og minna og neyðin var daglegur gestur á heimilum þeirra. Hafa íslenzk stjórnarvöld gert nokk-

uð til þess að fyrirbyggja, að hið sama verði eftir þetta stríð? Það er vissulega mál til komið, að um þetta sé hugsað í alvöru og gerðar séu róttækar ráðstafanir til þess, að sama bölið meðal verkalýðsins endurtaki sig ekki eftir stríð. Það verður að gá að því, að stríð og dýrtíð er ekki eina bölið í þessum heimi, — það veit a. m. k. sá verkalýður, sem hefur þurft að horfa fram á atvinnuleysi, skort og örbirgð.

Það, sem því verður að gera um leið og þessi mál eru til úrlausnar hér á Alþ., er að fyrirbyggja, að afkomumöguleikar verkalýðsins sæki í sama horfið eftir stríð eins og þeir voru fyrir stríð, eða verði jafnvel verri. — Það, sem nú er að gerast á sviði fjármála í landinu, getur haft hinar örlagaríkustu afleiðingar til hins verra að stríðinu loknu, ef ekkert er að gert nú. Mestur hluti þess fjármagns, sem inn í landið kemur, fer, eins og nú standa sakir, í hendur örfárra manna, eða 20—30 manna, sem reka stórútgerðina. Þessi stórútgerðarfyrirtæki eru nú orðin stórauðug, en fyrir stríð urðu þau að leita á náðir bankanna til þess að geta haldið togurunum úti sér og sínum til framdráttar. Eftir stríð verður þetta viðhorf gerbreytt af því, sem gerzt hefur. Þá þurfa auðmennirnir aðeins að grípa til varasjóðanna og þurfa ekki lengur að leita til bankanna. Það verður því að ætla, eftir því sem á undan er gengið, að það verði undir geðþótta þessara togaraeigenda komið, hvort þeir gera út eða ekki, og að ekki verður fyrst og fremst spurt um, hvað verkalýðnum og öllum almenningi sé fyrir beztu. Þeir geta með öðrum orðum látið togarana liggja, þegar þeim sýnist. Forsmekk þess, er vænta má af þeim eftir stríð, getum við séð í bréfi ísl. botnvörpuskipaeigenda frá því í des. s. l., þar sem farið er fram á, að kaupið sé lækkað hjá verkamönnunum. Það má svo sem sjá af þessu, hverju verkalýðurinn má búast við, ef togaraeigendurnir eiga að vera einráðir um það að gera út eftir stríð. Ef þetta mál er ekki tekið föstum og ákveðnum tökum nú, um leið og reynt er að lækka dýrtíðina, þá er það, sem verkalýðurinn leggur til frá sinni hálfu, unnið fyrir gýg, ef ekki fæst jákvæð lausn á því böli, er verkalýðurinn átti við að stríða fyrir styrjöldina.

Það er því ekki nema eðlilegt, að verkalýðurinn setji fram þetta sjónarmið, um leið og dýrtíðarráðstafanir eru teknar til yfirvegunar, því að af tveimur illu er þó dýrtíðin skárri böli því, sem verkalýðurinn hefur árum saman orðið að berjast gegn fyrir tilveru sinni svo að segja frá degi til dags. Það er því ekki nema eðlilegt, að í umr. um þetta dýrtíðarfrv. fléttist hitt og þetta, sem kannske, strangt tekið, heyrir ekki til því frv., sem hér liggur fyrir, en aftur á móti snertir mjög rekstrarafkomu þjóðfélagsins í heild og einstakra stétta. Það þarf að taka það til rækilegrar athugunar, hvernig auðnum, sem nú safnast í hendur einstakra manna, verði sem bezt fyrir komið með heill almennings fyrir augum, en að engan veginn verði hægt að nota hann að stríðinu loknu móti þeim, sem þetta land byggja og rækta, sér og þjóðinni til framfæris. Með þessu er þó á engan hátt verið að setja stólinn fyrir dyrnar um lausn dýrtíðarinnar. Það er ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að verkalýðnum séu sköpuð betri skilyrði og að kröfur um að tryggja atvinnu hans séu fram bornar. Ef á að tryggja rekstur stórútgerðarinnar, þá er eðlilegt að verkamenn vilji, að atvinna þeirra sé einnig tryggð.

Um eitt vildi ég fá upplýsingar hjá hv. atvmrh., og það er, hvort það er rétt, að ég held, að hann hafi sagt, að við útreikning þennan á vinnulaunum, sem lagður væri til grundvallar, væri miðað við 78%, þegar reiknuð eru vinnulaun bænda. Ef vinnulaun þeirra eru reiknuð þannig, eru þeir skoðaðir sem launþegar. Í þessu sambandi væri gott að fá að vita um vinnustundafjölda. Vil ég spyrja, hvort vinnustundafjöldi er það, sem leggja á til grundvallar eða er hafður til hliðsjónar. Gæti það verið gott sjónarmið, ef það yrði til þess, að stundirnar yrðu notaðar betur. En ef leggja skal til grundvallar verðlagsuppbætur á útfluttar gærur og kjöt, þá verður annað uppi á teningnum en þegar vinnustundafjöldinn er hafður til þess. Nú er það eigandi varanna, sem liggur til grundvallar. Stórbóndinn fær þá tífalt, tvítugfalt á við fátæka bóndann.

Ég býst ekki við því, að stórbóndinn leggi fram fleiri vinnustundir en fátæki bóndinn. Eftir þessu er litið á bóndann sem launþega, og er gott, að hætt er að líta á hann sem atvinnurekanda. Þá verður að gegnumfara „principið", þegar í öðru tilfellinu er litið á hann sem launþega, en í hinu sem eiganda. Þessu kasta ég fram til þess að fá nákvæmari upplýsingar í málinu.

Í 5. kafla er gengið út frá því, að bændum verði greidd allmikil upphæð, 4½ millj. kr., í uppbætur á afurðaverðið. Ég sé ekki betur en hækkun sú á landbúnaðarafurðum, sem þetta hefur í för með sér, sé látin í té af pólitískum ástæðum fremur en kröfum frá bændum. Það er gert á kostnað verkalýðsins þegar verið er að veita þessar uppbætur á afurðir landbúnaðarins.

Hef ég nú rætt nokkuð almennt um málið og ýmislegt, sem kemur til greina í þessu sambandi.

Sósialistaflokkurinn hefur verið reiðubúinn til samstarfs í dýrtíðarmálum. Það hefur lítið verið unnið að þessum málum af hálfu þingflokkanna og stjórnarinnar og án mikils árangurs. Fæ ég ekki séð, að þetta sé nokkur lausn á því eða leið út úr vandræðunum, heldur aðeins árás á verkalýðinn.

Einna praktiskasta leiðin er sú, að málið verði tekið af dagskrá. Vil ég kasta því fram, án þess ég vilji gera það að till. minni, hvort ekki væri rétt að nefnd væri skipuð til þess að vinna að lausn dýrtíðarmálanna með ríkisstjórninni. Það þýðir ekki að karpa svona aftur og fram og komast ekki að neinni niðurstöðu.

En eins og ég tók fram, þá geri ég þetta ekki að till. minni, heldur kasta þessari uppástungu fram sem hugsanlegri leið til þess að greiða fyrir skynsamlegri vinnubrögðum í sambandi við þetta mál.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Þegar hv. núverandi ríkisstjórn tók við völdum, gaf hún það fyrirheit, að hún mundi beita sér fyrir lausn dýrtíðarmálanna í landinu. Hún hefur, frá hennar sjónarmiði séð, gert tilraun til að ráða bót á

þeim vandræðum, sem þing og þjóð eru einhuga um að ráða þurfi bót á, með frv. því, sem hér liggur fyrir. Það hefur verið rætt nokkuð af flokkunum og hefur sætt þungri gagnrýni. Það var borið fram af ríkisstjórninni, án þess að hún leitaði samstarfs við þingflokkana við samningu þess. Það hefur og komið fram í umr. nokkuð sterk gagnrýni á þingflokkana fyrir það að geta ekki komið sér saman um lausn þessa máls. Með hliðsjón af því mætti taka till. stjórnarinnar með góðvild, þótt hins vegar sé ekki óeðlilegt, að þær séu nokkuð gagnrýndar í einstökum atriðum. Vil ég leyfa mér að víkja örfáum orðum að aðaldráttum frv.

Ég tel það mjög varhugavert að skerða rétt varasjóða, eins og gert er ráð fyrir í frv. Það verður að líta á það, hve atvinnurekstur Íslendinga er áhættusamur. Þess vegna er talsvert rík ástæða til að hvetja menn til að safna í varasjóði til þess að geta staðizt misæri, ekki sízt þegar þess er gætt, að nú hækkar hagur ríkissjóðs ekki nema um 1¼ millj. kr. Það er því vafamál, hvort það er rétt leið, sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið, með tilliti til þeirrar nauðsynjar að standast taprekstur. Tel ég það varhugavert, ef skerða á rétt hlutafélaga, en samvinnufélögin eiga að njóta áfram sömu réttinda.

Ég hef sett þetta fram hér, án þess að ég hafi beina jákvæða till. að bera fram viðvíkjandi þessum kafla.

Varðandi 2. kafla frv. get ég tekið undir það, að um verulega skattaukningu er að ræða, einkum þegar þess er gætt, að áður hvíldi mikill skattaþungi á íslenzkum skattgreiðendum. Vil ég f. h. Sjálfstfl. áskilja mér rétt til að bera fram till. um þessi atriði síðar.

3. kaflinn er, eins og hv. fjmrh. tók fram, nýmæli í íslenzkri löggjöf. Það er náttúrlega neyðarúrræði mikið að leggja sérstakan skatt á eignir hlutafélaga og einstaklinga vegna þessa gróða. Menn verða að líta á það, að nú þegar eru greiddar 3 til 4 krónur af hverjum 5. Tel ég að rök ríkisstjórnarinnar séu ekki nógu sterk til að réttlæta það, hversu nærri eignaréttinum er hér gengið.

Varðandi 4. og 5. kafla vil ég taka fram, að enginn þurfti að ganga þess dulinn, að það efni mundi sæta gagnrýni, enda hefur það farið svo. Hv. frsm. framsóknarmanna sagði, að það þyrfti að athuga leiðir til lækkunar á dýrtíðinni. Vil ég taka undir þá skoðun. Hitt vil ég ekki styðja, sem sumir hafa haldið fram, að rétt sé að láta hana leika lausum hala. (Vantar í hndr.).

Að hann er mildilegur, sést bezt af því, að í dag er honum ætlað að vera 12½%, en ef dýrtíðarvísitalan er 250 stig, þá á hann ekki að vera nema 6½%, og ef vísitalan kemst niður í það, sem var 1939, er ekki um lækkun kaups að ræða fyrir launastéttirnar lengur. Þeir, sem bera hagsmuni launastéttanna sérstaklega fyrir brjósti, verða að viðurkenna, að hér er beitt mjög mildilegum aðferðum í þessum efnum.

Ég get vel skilið, að umboðsmenn bænda standi upp og segi: „Gamla þrætueplið, sem verið hefur í allri dýrtíðarbaráttunni, er hér tekið upp, og sú hliðin, sem verri er, er látin vita að okkur.“ Því að ég hef skilið ákvæði frv. þannig, að með því séu bein fyrirmæli sett um verðlag á landbúnaðarafurðum. En þó að þetta frv. sé samþ. óbreytt, er ekki með því af skorinn möguleiki launastéttanna til þess að bera úr býtum sömu krónutölu eins og nú að óbreyttum l., eingöngu með því að beita samtökum sínum til grunnkaupshækkana, ef atvinnuvegirnir eru álitnir þola það, sem ég þó tel að sé ekki. En vegna lagafyrirmæla er ekkert að mínu viti því til fyrirstöðu, að slík launahækkun geti átt sér stað hjá launastéttunum, þó að þetta frv. verði samþ., þar sem þó bændum væri ákveðið visst verð fyrir sínar vörur, sem þeir með engu móti gætu breytt.

Ég get — eins og ég vona, að menn sjái af þessum orðum — ekki á þessu stigi málsins heitið einstökum atriðum þessa frv. fylgi Sjálfstfl. En ég vil — og ég held að ég megi mæla það fyrir hönd Sjálfstfl. — eiga þátt í því, að þetta mál sé athugað í ljósi þeirrar alvöru, sem hér er á ferðinni og með fullum góðvilja til þess að ná einhverri niðurstöðu. Ég hef litið á ræður hæstv. ráh. þannig, að þeir með þeim hafi viljað segja: „Við höldum nokkuð fast á þessu máli, bæði almennt og í einstökum atriðum, en þó ekki svo fast, að við séum ekki reiðubúnir til þess að hnika til, ef aðeins höfuðtilgangi okkar er náð, sem er að lækka dýrtíðina í landinu og reyna að fullnægja þeim þjóðarvilja, sem kveðið hefur hæst á um þessi mál innan sala Alþ. og af vörum alþm. utan þessara sala, enda þótt þeir hafi engar till. komið fram með, með nægilegu þingfylgi að baki til þess að leysa þessi mál.“

En til þess að niðurstaða náist í slíkum málum sem þessum, finnst mér verði að seilast dýpra og nota betur þá þekkingu, sem er fyrir hendi, heldur en kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, frsm. Sósialistafl. (EOl). Ég heyrði ekki betur heldur en meginþættir ræðu hans væru helzt um þjóðnýtingu á einstökum atvinnurekstri eða einstakra greina atvinnurekstrar landsmanna, sem ekki stendur í neinu beinu sambandi við lausn þessa máls, eins og það liggur fyrir. Og allt hans tal um þá hlið málsins var líkara því, að hann kæmi frá Grænlandi eða einhverjum öðrum afskekktum skika veraldarinnar, heldur en hinu, að hann hefði setið á Alþ. á undanförnum árum og átt sinn þátt í því að semja um það, hvernig beri að skipta arðinum milli einstaklinga þjóðfélagsins annars vegar og þjóðfélagsins hins vegar. Það var ekki annað að skilja á honum heldur en að hann áliti, að gróði, sem hann taldi, að hálaunastéttirnar á Íslandi, sem hann svo kallaði, hafa fengið, væri eign útgerðarinnar, sem það opinbera hefði engin afskipti af. En sjálfur hefur þessi hv. þm. ásamt okkur, sem hér höfum átt sæti á hæstv. Alþ., ákveðið, að 3 og upp í og yfir 4 kr. af hverjum 5 af þeim gróða, sem fallið hefur í skaut af þessum atvinnurekstri, sé um leið orðið eign hins opinbera. Og mér var alveg óskiljanlegur sá hugsanagangur, sem þó mjög gætti hjá honum, að dýrtíðin í landinu hefði verið látin hækka takmarkalaust til framdráttar þessum stórtekjumönnum. Þessi hv. alþm. er það skýr í hugsun og hefur það mikla þekkingu á þjóðmálum, að hann hlýtur að tala hér alveg um hug sér. Hann

hlýtur að vita, að þessi stórútgerð, sem hann kallar, hefur borið því minna frá borði sem dýrtíðin hefur vaxið meira í landinu. Tekjuhlið þessarar útgerðar markast af söluverði aflans í Englandi, en útgjaldahliðin hins vegar markast að verulegu leyti af dýrtíðinni í landinu, og verður því hærri sem dýrtíðin vex meir. Af þessu leiðir, að vaxandi dýrtíð í landinu er vaxandi böl fyrir þessa útgerð. Þetta er augljóst mál, þar sem söluverðið fylgir ekki dýrtíðinni. En það, sem mér skildist vaka fyrir þessum hv. þm., að það, að látið hefði verið að kröfum útgerðarinnar um að afhenda henni sín pund, sem bundin voru í Englandi, þ. e. borga þau út í íslenzkum krónum, hefði orsakað aukna dýrtíð í landinu, það held ég að sé á misskilningi byggt. Mér vitanlega hefur ekki verið varið einni einustu krónu hjá því útgerðarfyrirtæki, sem ég er kunnugastur, í nokkuð það, sem er óskylt rekstri þess félags. En þá sök bar hv. þm. (EOl) á hendur útgerðinni, að hún hefði braskað með þessa peninga, pundin, sem bundin voru en svo borguð út hér í íslenzkum krónum, og þar með aukið dýrtíð í landinu, með því að yfirborga fasteignir og þess háttar. Ég er reiðubúinn að sýna þessum hv. þm. reikninga þessa félags, margendurskoðaða m. a. af hv. 2. þm. S.-M. og af löggiltum endurskoðendum. Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) var um hríð daglegur gestur við að athuga þetta reikningshald, og sömuleiðis Helgi Briem á sínum tíma. Og ég held, að ekki hafi sá töluglöggur maður til verið á landinu, að ekki hafi rekið nefið ofan í reikninga þessa. Ég get sýnt hv. þm. (EOl) reikninga þessa. Og ég held, að ekki sé nein upphæð, sem neinu nemi, sem farið hefur hjá þessu félagi til þess, sem hann var að tala um, sem ekki hafi verið greiðsla skulda eða tillag í nýbyggingarsjóð. Og aðeins í tvö skipti var greiddur 5% arður af hlutafé. Þetta er kannske ótrúlegt, en það er samt satt. Og ég er reiðubúinn, ef þessi hv. þm. óskar, að sýna honum þessi plögg. Af því að ég hafði látið áður orð falla í svipaða átt við annan hv. þm., eins og ég nú læt falla við þennan hv. þm., hef ég sýnt þeim hinum öðrum hv. þm. þessi plögg, og varð hann hissa yfir því að sjá þau, því að hann hafði búizt við öðru þar. Og ég held, að það mundi hreinsa loftið í íslenzku þjóðlífi, ef þessi plögg yrðu opinber. (EystJ: Er ekki bezt að leggja þau fram á lestrarsal?). Þessi hv. þm. (EystJ) veit, að ég fer með rétt mál, ef hann hefur skrifað það í þá vasabók, sem hann er ekki búinn að týna. En það er eðlilegt, að þegar menn horfa á tölur um t. d. 13 þús. sterlingspunda sölu í einni för, þá spyrji menn: „Hvar eru þessir gullklumpar allir?“ En það eru ekki margar krónur að tiltölu af þessum gróða, sem sigla í varasjóðina, þegar skattyfirvöldin eru búin að fara höndum um þá tekjusjóði, það fé, sem fæst við þessar sölur. Og þegar hv. þm. spyr, hvers vegna sé ekki meira fé í nýbyggingarsjóðum, þá liggur skýringin í því, að 3—4 kr. eru teknar í ríkissjóð og bæjarsjóði af hverjum 5 kr. þessara tekna. Og þegar það er búið, rennur helmingur afgangsins í nýbyggingarsjóð viðkomandi firma og helmingurinn í varasjóð. Og ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi sagt, að ekkert félag, sem ætti eitt skip, ætti enn nægilegt fé í nýbyggingarsjóði til þess að byggja nýtt skip. Ég veit ekki, hve mikið nýtt skip kostar, en eftir síðustu styrjöld kostuðu ný skip um 40 þús. sterlingspund. Eftir þessa styrjöld má búast við, að byggð verði stærri skip en áður fyrir íslenzka útgerð. En af þessu má sjá, hvað þessir sjóðir eru máttvana. Útgerðarmenn sjálfir þurfa engu að kvíða sjálfra sín vegna, að þeir hafi ekki nóg til að bíta og brenna. En sjónarmiðið verður að vera viðara heldur en að hugsa um það. Það verður að taka til greina sjónarmið sjómanna, verkamanna og þjóðarheildarinnar, og þau sjónarmið verða að liggja til grundvallar löggjafar á þessu sviði.

Ef ekki hefur verið um skattsvik að ræða, hefur sú löggjöf, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og ég höfuð staðið að að setja, tekið nú þegar svo mikið af tekjum útgerðarinnar til hins opinbera, að svona veikir eru nú nýbyggingarsjóðirnir.

Ég hef nú ekki gaumgæfilega athugað, hvaða afleiðingar þetta frv. mundi hafa, ef það væri samþ. óbreytt. En mér sýnist, fljótt á litið, að ef þetta verður að l., muni aðili, sem græðir 200 þús. kr., borga nálega 150 þús. kr. til ríkis og bæjar, þegar þess er gætt, að ekki er lengur heimilt að draga skatt og útsvar síðasta árs frá tekjum við ákvörðun skattskyldra tekna. Sumir halda, að það sé meira en ¾ af skattskyldum tekjum, sem renni til hins opinbera af þessum tekjum. Ég viðurkenni, að mér fróðari maður í þessum efnum telur, að þetta sé ekki rétt hjá mér, að það séu ¾ teknanna, sem að þessu marki renni til hins opinbera, heldur sé það meira.

Ég endurtek það, að Sjálfstfl. getur ekki heitið fylgi sínu einstökum atriðum þessa frv. á þessu stigi málsins, en vill gjarnan taka málið til gaumgæfilegrar athugunar og líta á þessa viðleitni stjórnarinnar til þess að leysa vandann sem mjög virðingarverða.

Ég vildi svo leyfa mér að bera fram þá uppástungu við hæstv. forseta, hvort ekki mundi vera réttara, þegar eðli málsins er athugað, að setja sérstaka n., sem sérstaklega yrði til þess kosin að fjalla um þetta mál. Hv. fjhn. hefur nógum störfum að gegna, og ég veit heldur ekki, hvort flokkarnir hafa valið þá n. með þetta frv. fyrir augum. En þetta mál er alveg sérstaks eðlis, og menn verða að gera sér ljóst, að afleiðing framkomu þessa máls er sú, að þm. verða að samþ. þetta frv. óbreytt, eða lítið breytt, eða þá að koma með nýtt frv. og mynda um það nýja stjórn, hvernig sem hún þá yrði.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Eins og tekið hefur verið fram, einkum af hæstv. forsrh., er frv. það til l. um dýrtíðarráðstafanir, er ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þessa hv. d., tilraun af hennar hálfu til að efna það heit, er hún gaf þegar í upphafi, að hún vildi reyna að vinna bug á þeirri dýrtíð og verðbólgu, er sýndist vera á góðum vegi með að stöðva aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, og gera gjaldmiðilinn verðlausan, ef haldið hefði verið áfram á sömu braut.

Öllum var og er ljóst, að svo mátti eigi fara.

Bölvun atvinnuleysisins blasti fram undan, og þeir, sem með ráðdeild höfðu lagt fé til hliðar til öryggis sér og sínum, horfðu fram á það, að fljótt mundi spariféð ganga til þurrðar, ef atvinna stöðvaðist, en vöruverð væri óbærilega hátt.

Öllum ber saman um, að það hafi verið þjóðarböl að gefa dýrtíð og verðbólgu jafnlausan tauminn og raun ber vitni. Að nokkru leyti var það á valdi okkar að halda dýrtíðinni í skefjum, en að öðru leyti ekki. Erlendar nauðsynjar og farmgjöld hækkuðu vegna stríðsins, innlend framleiðsla og kaupgjald hlaut að hækka vegna hækkunar erlendra nauðsynja, fyrst þess var ekki gætt að halda niðri verði þeirra með framlagi af opinberu fé. En loks jókst eftirspurnin eftir vinnuafli mjög eftir komu setuliðsins og átti sinn þátt í vexti dýrtíðarinnar. Þetta eru allt alkunn atriði og margrædd.

Verðbólgan hefur haft mjög ólík áhrif á stundarhag ýmissa þegna þjóðfélagsins. Hún hefur eflt stundarhag þeirra, er fást við verzlun, viðskipti og atvinnurekstur; einnig þeirra, er fást við framleiðslu landbúnaðarafurða og sumra launastétta, einkum í iðnaðinum, og þeirra, er skulda öðrum peninga. Aðrir hafa stórtapað á verðbólgunni. Ber þar fyrst og fremst að nefna sparifjáreigendur og alla, sem eiga peningakröfur á hendur öðrum og fá þær greiddar með verðminni peningum, og snertir þetta flesta launþega. Útflytjendur græða hins vegar minna og minna vegna verðbólgunnar og fara loks að tapa, sé gengið óbreytt, þar sem tilkostnaður eykst jafnt og þétt, án þess að verðið hækki á útflutningsvörunum.

Þótt svo hafi verið til þessa, að ýmsir hafa grætt, en aðrir tapað á verðbólgunni, er nú flestum ljóst, að allir tapa að síðustu, nema að sé gert, því að gengishrun yrði annars afleiðingin.

Hitt er annað mál, að menn greinir á um, hvernig ráða beri fram úr vandanum, og hafa umr. hér í hv. d. leitt það í ljós. Í raun og veru er ekkert eðlilegra en þetta, því að hvern tekur jafnan sárt til sinna.

Till. stjórnarinnar byggist á þeirri meginhugsun, að allir verði eitthvað á sig að leggja til þess að rétta við þjóðarhag, sem annars væri í voða. Stjórnin hefur því lagt til, að allir tækju á sig byrðar, en hitt er á valdi fulltrúa þjóðarinnar — Alþingis — að meta og vega, hversu tekizt hafi um úthlutun þeirra byrða.

Stjórnin mun leitast við að skýra málið eins vel og henni er unnt, bæði við umr. og í væntanlegu samstarfi við n. þær, er um málið kunna að fjalla. Henni er fullljóst, að þetta dýrtíðarmál er flókið, erfitt og viðkvæmt, hvernig sem á það er litið, hvort heldur er frá sjónarmiði einstaklinga eða þingflokka. En þetta er mál allrar þjóðarinnar. Við erum allir í einum báti, Íslendingar. Enginn má færast undan að setjast undir árar og leggja lið sitt til, að höfn verði náð úr ölduróti óvissu og öryggisleysis. Stjórnin hefur ekki samið till. sínar til þess að ala á ófriði í þjóðfélaginu. Hún óskar eftir friði og samhug með þjóðinni. Henni er fullljóst, að tilgangslaust er að fá samþ. l., sem vitað er um fyrirfram, að ekki verði haldin. Slíkt leiðir aðeins til spillingar þjóðinni og ógæfu fyrir heildina. En hún treystir á heilbrigða skynsemi manna, ef þeir fá næði til að hugsa hlutlægt um málin og láta tilfinningar ekki ráða, þótt höggvið sé nærri þeim. Flestar þjóðir heims eru nú í hlekkjum með einhverjum hætti. Sumir þeirra eru úr járni, svíðandi sárir. Þeir hlekkir, sem leggja þarf á þegna okkar lands, eru úr rósum í slíkum samanburði. En hlekkir eru alltaf hlekkir, hvort sem þeir eru úr járni eða rósum.

Eins og tekið hefur verið fram, eru meginatriði frv. þau, að nýir skattar skuli lagðir á þá skattþegna, er hafa haft sæmilega ríflegar tekjur eða gróða síðast liðin ár, en þeir, sem hafa haft lágar árstekjur, skuli sleppa við skattinn. Hins vegar hlíti þeir og allir launþegar 20% skerðingu á allri dýrtíðaruppbót á laun sín og bændur hliðstætt.

6000 kr. eru lægstu skattskyldar tekjur, sem viðreisnarskattur yrði lagður á. Er vert að benda á, að þar er um að ræða niðurfærðar tekjur um meðalvísitölu ársins, sem leið, en hún var 206. Sem dæmi má nefna, að einhleypur maður hefði orðið að hafa rúmlega 14200 kr. tekjur, til þess að viðreisnarskattur sé á hann lagður, en maður með konu og 2 börn á framfæri, hefur þurft að hafa um 8950 kr. tekjur, til þess að viðreisnarskattur lenti á honum, eða 63 kr. á dag að meðaltali í 300 vinnudaga, og er þá augljóst, að þessi skattur snertir ekki fjölskyldumenn við algeng störf. Lægsta skattgreiðsla í viðreisnarskatt er kr. 267.80, eða kr. 130.00 margfaldaðar með meðalvísitölu ársins 1942, sem var 206.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um skattinn að sinni, en rétt er þó að benda á, vegna ummæla háttv. 2. þm. S.-M. (EystJ) í þá átt, að skatturinn kynni að vera of þungur á teknabilinu milli 20 þús. kr. til 100 þús. kr., einkum með tilliti til smáútgerðar, að enginn umreikningur á sér stað varðandi fyrirtæki eða félög og þá heldur ekki hækkun á skattinum um vísitölu, og yrði því skattsfjárhæðin nákvæmlega sú, sem stendur í frv., þegar um slíka skattþegna er að ræða.

Ég skal nú fara nokkrum orðum um landbúnaðarafurðir og lækkun á kaupinu. Lækkun landbúnaðarafurðanna á kostnað framleiðenda er hugsuð þannig, að hún verði í svipuðu hlutfalli á hverjum tíma og sú launaskerðing, sem launþegar bæru. Aðra leið treysti stjórnin sér ekki til að fara. Um það er deilt, hvort rétt hlutfall sé milli verðs landbúnaðarafurða og kaupgjalds í landinu. Það er rétt, að verð landbúnaðarafurða hefur hækkað meira en t. d. Dagsbrúnarkaup. Sé athuguð verðvísitala landbúnaðarafurða, að meðtöldum eggjum og garðávöxtum, og verðið á vísitölumagninu í jan. 1939 sett sem 100, kemur í ljós, að vísitala þeirra var 453, þegar framfærsluvísitalan var 272, þ. 1. des. 1942. Vísitala dagkaups Dagsbrúnarverkamanns með 10 tíma vinnu (þar af 2 tímar eftirvinna) var í des. 414 miðað við að dagkaup 1939 sé sett sem 100, en dagkaupsvísitalan varð 433 í jan. fyrir 10 tíma vinnu á sama hátt. Miðað við 8 stunda vinnudag var dagkaupsvísitalan 376 í desember, en 394 í janúar.

Stjórnin hefur til glöggvunar látið gera línurit, er sýnir greinilega verðbreytingar þess magns

landbúnaðarafurða, er reiknað er með í vísitölunni, breyt. á dagkaupi eftir Dagsbrúnartaxta, hreyfingu vísitölunnar sjálfrar og loks vísitölu alls annars, sem reiknað er með í vísitölunni, þ. e. erlendra vara, fatnaðar, húsnæðis, fiskmetis o. s. frv. Þann 1. des. s. l. var vísitala þessara vara og gæða 214. Skal þessu línuriti ekki frekar lýst, enda varla hægt að gera það, nema allir hafi það fyrir sér, um leið og það er gert. En það mun verða fjölritað, til þess að hv. þm. geti kynnt sér það.

Í till. stjórnarinnar er lagt til, að skipuð verði n., er finni framfærsluvísitölu við landbúnað og verðlagsvísitölu fyrir landbúnaðarafurðir. Með því er ætlunin, að úr því fáist skorið, hvort sama framfærsluvísitala eigi við fyrir þá, er í sveit búa og í kaupstöðum, og í öðru lagi sé fundinn réttlátur grundvöllur fyrir verði á landbúnaðarafurðum.

Því var hreyft af hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), að hæpið væri að greiða fé úr ríkissjóði til að lækka verð á landbúnaðarvörum. Mér skildist, að hv. þm. væri þeirrar skoðunar, að ef hætt væri við það aftur, hlytist af því annaðhvort byrði fyrir bændur eða hækkun á landbúnaðarvörunum. Það er þó augljóst mál, að fjárgreiðsla úr ríkissjóði í eitt skipti fyrir öll til að lækka verð þessara vara, eins og lagt er til í frv., hefur í för með sér mikla lækkun á vísitölunni. Mjólkurframleiðslan er mjög næm fyrir vísitölubreytingum, sökum þess, hve mikill liður kaupgjaldið er í mjólkurverðinu, og þá vitanlega jafnt, hvort sem kaupið hækkar eða lækkar. Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að eigi þurfi að greiða með mjólk og mjólkurafurðum nema skamma stund. Lækkun vísitölunnar og þar með kaupgjaldsins muni nægja til þess, að mjólkurframleiðslan standi undir sér sjálf án styrks úr ríkissjóði.

Um greiðslu með kjötinu er það að segja, að lækkun á verði þess ætti að greiða fyrir sölu þess á innlendum markaði fyrir miklu hærra verð þó en fæst fyrir það erlendis. Sé hins vegar flutt út kjöt, ber að verðbæta það úr ríkissjóði, samkvæmt þál. frá 31. ágúst. Virðist því auðsætt, að það sé fyllilega réttmætt að lækka verð kjötsins, sem eftir er frá fyrra ári, með framlagi úr ríkissjóði, og stuðla með því að aukinni neyzlu innan lands, og ná vísitölunni niður, áður en heyannir byrja í sumar, svo að verð á landbúnaðarafurðum geti orðið sem lægst, mjólkurverðið mjög fljótlega, en kjötið, þegar næsta framleiðsla kemur á markaðinn.

Ef gert er ráð fyrir, að vísitalan komist niður í 230 vegna dýrtíðarráðstafana og samkomulag næst um, að greidd skuli aðeins 80% af fullri dýrtíðaruppbót, færi um kaupgreiðslu atvinnuveganna, bæði í sveit og við sjó, eins og vísitalan væri komin niður í 204 stig. Dagkaup fyrir 8 tíma vinnu yrði þá með Dagsbrúnartaxta kr. 34.27 í staðinn fyrir kr. 45.70 með vísitölu 272. Hjá því getur ekki farið, að slík lækkun á dýrtíðinni muni hafa mikil áhrif á framleiðslukostnað landbúnaðarins og gera kleift að selja vörurnar við hóflegra verði en nú er án nokkurs framlags úr ríkissjóði, enda er það þetta, sem vakir fyrir stjórninni, hafi það ekki verið ljóst áður.

Ég skal svo að lokum fara nokkrum orðum um skerðingu dýrtíðaruppbótar til launþega. Ég skil það vel, að þetta er viðkvæmt mál fyrir alla launþega og forvígismenn þeirra. En ég held, að fullyrða megi, að sú byrði, sem þannig væri lögð á launþega, sé ekki þyngri en svo, að hægt sé að bera hana. Það er hagur launþega að stuðla að því, að ekki komi til þess, að atvinnuleysi og hrun læsi hrömmum um þjóðfélagið. Það er hagur launþeganna, að atvinnuvegirnir geti haldið áfram að skila gróða, sem ríkið geti tekið í sína vörzlu með sköttum, en síðan verið til hagsbóta fyrir alþjóð til framkvæmda, er gætu gert lífið í landinu betra. Sé haldið áfram á sömu braut og hingað til, verður bráðlega enginn gróði, sem hægt er að taka, og þá er ekki einu sinni handbært fé til að standa undir daglegum rekstrarútgjöldum ríkis og bæjarfélaga, hvað þá meira. Hvar yrði þá framkvæmdasjóður ríkisins, og hve mikið væri hægt að fá af framförum, sem allir þrá? Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hvers vegna ætti að lækka dýrtíðina og fyrir hverja. Hann taldi alveg sjálfsagt að stöðva hana, en virtist í efa um, hvort nauðsynlegt væri að lækka hana til muna. Það er staðreynd, að smábátar hafa tapað og hraðfrystihúsin stöðvuðust s. l. haust. Nú sem stendur stunda bátarnir sjóinn, og hraðfrystihúsin eru í gangi. En þess er að gæta, að nú stendur vertíð sem hæst, og hvað tekur við, þegar fiskaflinn minnkar? Hvað tekur við, ef stríðið hættir skjótlega, t. d. í haust, og verðið á útflutningsvörum okkar fellur? Við getum ekki treyst því, að Bretar felli pundið eftir stríð.

Það er ekki vegna einkahagsmuna útgerðarmanna, sem lagt er til, að dýrtíðin lækki, heldur ber til, að sjávarútvegurinn haldi áfram, helzt svo, að hann skili gróða, sem hægt er að taka með sköttum í almenningsþágu. Er þetta svo voðalegt?

Ég vil svo að lokum benda á, að lækkun kjöts og mjólkurvara með framlagi úr ríkissjóði er bein hagsbót fyrir þá, sem lægst eru launaðir. Þeir, sem lægst eru launaðir, sleppa við viðreisnarskattinn, en honum á einmitt að verja til að lækka þessar vörur. Ef verðið á kjöti yrði 4.50 kr. kg nýtt kindakjöt og lítri af mjólk 1.30 kr., munar litlu, að verkamaðurinn standi jafnvel að vígi til að kaupa sama magn af þessum vörum eins og árið 1939.

Árið 1939 þurfti verkamaðurinn að vinna í 54 mínútur fyrir því magni, er 4.8 manna fjölskylda notaði að meðaltali á dag af nýju kjöti og mjólk, nefnilega 2.3 l af mjólk og 260 g af nýju kjöti, samkvæmt vísitöluútreikningunum. Ef vísitalan yrði 230 og greidd væri 80% dýrtíðaruppbót, yrði tímakaupið í dagvinnu 4.28 kr., og þá þyrfti verkamaðurinn að vinna í 58 mínútur fyrir dagmagni vísitölunnar af nýju kjöti og mjólk í stað tæpra 54 mínútna 1939.

Að lokum vil ég taka fram, að till. hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K. um að skipuð sé sérstök n. þm. úr öllum flokkum til að fjalla um dýrtíðarmálin, fellur mér persónulega vel í geð. Um þetta mál verður að nást samkomulag allra, því að það er gagnslaust og ríkinu hættulegt, að sett séu l., sem ekki eru í heiðri höfð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Áður en þetta frv. fer til n., vil ég benda á 2—3 atriði í frv. til athugunar fyrir n., sem mér virðist, að ekki hafi enn komið fram.

Fyrst vil ég benda á, að áður en eignaraukaskattur er lagður á samkv. 9. gr., er heimilað að draga frá tapsfrádrátt útgerðarfélaga. Í þessu sambandi vil ég biðja n. að athuga, að þennan tapsfrádrátt hafa ekki fengið önnur félög en þau, sem hafa haft glögga reikninga, sem hafa sýnt, hvert tapið var. Þau, sem ekki hafa gert það, hafa sum komið á eftir, þegar tapsfrádráttur var leyfður með lögum og sagt: „Við höfum tapað, og við viljum fá tapsfrádrátt.“ En þau hafa ekki fengið hann, enda ekki getað sannað, hver hann hafi verið. Afleiðingin er sú, að það er til, að tvö félög, sem hefur staðið eins á fyrir að öllu leyti, að annað hefur fengið 5 millj. kr. frádrátt vegna tapa, en hitt ekki neitt.

Í öðru lagi vil ég benda á, að sú vísitala, sem á að finna samkvæmt 5. kafla frv., eigi að vera til grundvallar fyrir hvert verð, sem verður á landbúnaðarafurðum. Það er sjálfsagt hægt að finna hana, þó að það kunni að vera erfitt og sú tala verði ekki eins nákvæm og sú vísitala, sem gildir hér í Rvík. Mér skildist á hæstv. félmrh., að þál., sem samþykkt var í sumar, geri það að verkum, að ef ekki fengist það verð fyrir þær vörur, sem vísitalan segir um, þá mundi ríkissjóður hlaupa undir bagga. Það hlýtur eitthvað að liggja á bak við þetta, því að það vitum við, að oft hefur verð landbúnaðarafurða verið langt fyrir neðan þessa vísitölu. Það hefur verið reynt að ráða bót á þessu, t. d. með því að hafa verðið á kjöti á innlenda markaðinum hærra en verðið á útflutta kjötinu og jafna síðan mismuninn. En ef verðið innan lands á að vera miðað við þessa vísitölu, þá er það gefið, að sama verð eigi að vera fyrir útflutta kjötið, en þál. frá í sumar nær ekki yfir nema framleiðslu ársins 1942.

Enn fremur vil ég benda á, að ef það er, sem mér skildist á upplýsingum, sem gefnar voru í gær, að 14. gr. mundi gera 10 stiga lækkun, þá fæst hún því aðeins, að reiknað sé með fleiru en talað er um í 14. gr., en þar er talað um þær vörur, sem verðlagðar séu samkvæmt sérstökum lögum, en það eru þær vörur, sem verðlagðar eru af mjólkurverðlagsnefnd, kjötverðlagsnefnd og verðlagsnefnd grænmetisverzlunarinnar. Ef við tökum þessar vörur, fáum við engin 10 stig, heldur 7 stig, og það er vegna þess, að þarna eru ekki allar landbúnaðarvörur. Það vantar t. d. nautakjöt og kjötfars, en verðlagning á því heyrir ekki undir kjötverðlagsnefnd. Þó að kindakjöt lækki um 10%, þá stendur verð á nautakjöti og kjötfarsi í stað eins og annað, sem n. verðleggur ekki.

Svipað er að segja um þann stigafjölda, sem á að nást með 16. gr. Mér reiknast, að ef ekki eru teknar nema þær vörur, sem þessar n. verðleggja, þá fari vísitalan ekki niður í 236 stig, heldur 244 stig. Ég vil benda á, að ef það er meiningin að láta þessa lækkun koma á fleira, þá verður að búa þannig um í gr., að sá tilgangur náist. Þetta vil ég biðja n. að athuga.

Ég sé ekki ástæðu til að nefna fleira sérstaklega, en þó held ég, að það sé tæplega nógu ljóst í 12. gr., þar sem talað er um, að ekki eigi að borga uppbót af hærri grunnlaunum en um opinbera starfsmenn segir. Nú er það tvennt, sem gildir um opinbera starfsmenn, annars vegar að það hámark, sem megi borga vísitölu á, sé 650 kr. á mánuði, og hins vegar hefur það líka verið ákveðið, að kaup megi hækka um 25—30%. Ég býst við, að í þessari gr. sé átt við 650 kr., og þá finnst mér það þurfa að koma fram greinilegar en það gerir nú. Nú er mörgum, sem fá þessa uppbót, ekki greitt mánaðarkaup, heldur dagkaup. Þess vegna þarf að miða hámarkið bæði við dagkaup og mánaðarkaup. Þetta vil ég einnig benda n. á.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða frv. Þó vil ég undirstrika það, að ég held, að eignaraukaskatturinn nái engan veginn takmarki sínu eins og þarna er fram sett, því að sá eignarauki, sem fram kemur, er að vísu nokkur, en sá, sem þyrfti að ná til, er fyrst og fremst sá, sem ekki sést, en það eru eignir manna, sem faldar eru í veðdeildarbréfum og ýmsum öðrum verðpappírum og hvergi eru taldar fram, en það eru eignir, sem fyrst og fremst þarf að ná í með þessum skatti. Það kann að vera, að skattadómari eigi að ná yfir það, og hann nær kannske í einhverja smáviðbót, en þar þarf að verða mikil breyting til bóta, ef á að nást í það allt, og það næst ekki með þessum kafla, eins og hann er þarna.

Forseti (JJós): Ég vil geta þess út af þeim tilmælum, sem komið hafa fram beinlínis af hálfu hv. þm. G.-K. og ýmsir aðrir hv. þm. hafa látið í ljós, að ég mun fallast á, að sérstök n. verði kosin til að fjalla um þetta mál, og verður hún þá kosin, eftir því sem samkomulag næst um hana á sama fundi og atkvgr. fer fram um frv., en það verður á morgun. Atkvgr. um málið er því frestað nú og það tekið af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 25. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Það hefur orðið að samkomulagi milli allra flokkanna að falla frá óskum um sérstaka n. í þessu máli, og það er sameiginleg till. allra flokka að vísa málinu til fjhn.

Forseti (JJós): Með því að hv. þm. hafa tekið aftur till. sínar um sérstaka n. í þessu máli og fyrir liggur till. um að vísa málinu til fjhn., verður gengið til atkv. um það. Vil ég þá um leið minna hv. þm. á niðurlagsorðin í ræðu hæstv. forsrh., um að hv. fjhn. ynni í sameiningu við hv. fjhn. Ed. að athugun málsins.

Frv. vísað til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 451, n. 662, 651, 663, 673, 674).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ágseirsson): Herra forseti. — Það mál, sem hér um ræðir, er búið að vera alllengi fyrir þinginu til úrlausnar, og allt til þessa dags hefur ekki verið hægt að ráða því til lykta, og veldur þar um ýmislegt, sem ég ætla mér ekki að rekja nú.

Áður en það frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fram, höfðu farið fram samningaumleitanir milli þingflokkanna um lausn dýrtíðarmálsins. Þessar umr. stóðu alllengi, en lauk þó svo, að ekkert samkomulag náðist, og hafa þar að mestu um ráðið hin ólíku sjónarmið þingflokkanna, að ekki skyldi vera hægt að koma á samkomulagi um þetta brýna og aðkallandi vandamál. — Niðurstaðan af þessu varð svo sú, eins og mönnum er vel kunnugt, að ekki var hægt að mynda ríkisstj., er ætti að baki sér stuðning meiri hl. þings, og var þá sú stj. mynduð, er nú situr.

Í febrúarmánuði þ. á. lagði svo núv. ríkisstj. fram till. sínar í dýrtíðarmálunum, og fékk þá fjhn. frv. stj. til meðferðar. Hefur það verið hjá fjhn. frá því 25. febr. og hafa fjhn. beggja deilda í sameiningu rætt mál þetta mjög ýtarlega og eytt bæði miklum tíma og vinnu til þess að ná sem beztum árangri. Heppilegt þótti, að undirnefnd starfaði að málinu, og var í því skyni látin starfa 4 manna undirnefnd, einn nm. frá hverjum þingflokki, og starfaði sú n. á tímabilinu frá 10. marz til 25. s. m. En þegar ekki varð samkomulag, tók fjhn. Nd. málið í sínar hendur.

Fjárhagsnefndirnar urðu þess brátt varar, að ekki mundi fást fylgi, svo að neinu næmi, innan þingsins um frv. stj. í dýrtíðarmálunum og ekki mundi slíkt fylgi nást heldur um þær breyt. á 4. og 5. kafla frv., sem stj. sjálf lagði fram, og að jafnvel ekki einn þm. mundi geta fylgt þeim óbreyttum. Þá var ekki nema um eitt að velja fyrir fjhn., en það var að koma fram með till. í dýrtíðarmálinu, sem fjhn. gæti sameinazt um, án þess þó að þær hefðu fyrirfram fylgi stjórnar eða þingflokka. Þetta hefur fjhn. gert og komizt að samkomulagi um þær till., er liggja fyrir á þskj. 662 og 663. En það skal tekið fram, að fjhn. hefur gert sér far um að fara sem næst till. ríkisstj. sem auðið var.

Fjhn. leggur til, að 1. kafli frv. um varasjóði og skatta verði felldur niður, ekki í sjálfu sér af því, að fjhn. sé á móti þeirri hugsun, sem þar kemur fram, heldur af því, að hún telur það atriði ekki nógu vel rannsakað og undirbúið. Hún telur t. d., að ekki sé rétt að taka varasjóði þeirra fyrirtækja, sem eru rétt nýstofnuð, en það mundi gera þeim erfitt að koma ár sinni fyrir borð, fyrirtækinu til tryggingar í framtíð. — Þá hefur n. komizt að sömu niðurstöðu hvað áhrærir eignaraukaskattinn, ekki beint af því, að hún sé á móti grundvallarhugsuninni, heldur af hinu, að hún telur ekki ástæðu vera til þess að draga þennan þátt inn í deilur um sjálfa dýrtíðina, þar sem einnig þessi skattaálagning sé ekki nógu vel undirbúin. Ef þessar till. fjhn. verða samþ., þá mun fjhn. bera fram þáltill. þess efnis, að skipuð verði mþn. til þess að taka til athugunar þessa tvo kafla, og ætti sú n. að skila áliti sínu fyrir 15. ágúst.

Fjhn. er með 5. brtt. sinni inni á sama efni og 2. kafli frv. Þar er þó sá munur á, að fjhn. leggur til, að skyldusparnaðurinn verði ekki hafður með. Frv. stj. gerir ráð fyrir, að með ákvæðum þessa kafla ættu að nást inn 11 millj. kr. og þar af fari 2 millj. í skyldusparnaðinn og því væru eftir 9 millj. kr. fyrir ríkisstj. til ráðstöfunar. Eftir till. n. áætlar hún, að skatturinn muni alls verða um 6—8 millj. kr., og samkv. brtt. n. ætti þessi upphæð að nægja til þess að standast útgjöld þau, er á ríkið leggjast samkv. till. n., en þessi útgjöld eru lauslega áætluð, ef notaðar verða heimildir til hins ýtrasta. Uppbætur á kjöt 2 millj. kr., á mjólk 1 millj., og loks atvinnutryggingarsjóður 3 millj. kr., sem til samans verða 6 millj. kr.

Í 4. kafla frv. hæstv. ríkisstj. er fram á það farið, að aðeins verði greidd dýrtíðaruppbót, er nemur 80% af verðlagsuppbót skv. vísitölu á öll laun. Nú er dýrtíðaruppbótin greidd að fullu samkv. samningum verkamanna og atvinnurekenda, og ríkisstj. greiddi og sömu uppbót árið 1940 og '41. Það var með því viðurkennt, að ekki ætti að blanda sér í þetta mál, heldur að láta uppbætur fara eftir samningum milli réttra aðila. En svo kemur saga gerðardómsins í byrjun ársins 1942, sem hv. þm. munu hafa í fersku minni, og með hliðsjón af þeirri ráðstöfun hins opinbera ætti engum hv. þm. að detta í hug að koma fram með till., sem færi í sömu átt, að lögbjóða kauplækkun frá því, sem frjálsir samningar standa til.

Nú hefur hæstv. stj. gert allmiklar breytingartillögur við þennan kafla frv. Þar er lagt til, að full verðlagsuppbót verði greidd, en að sú uppbót miðist við vísitölu 220. — **N. þótti ekki rétt** að binda uppbótina við lægri vísitölu en þá, sem raunverulega gildir, eins og hæstv. stj. hefur lagt til, þar sem um hana eru nú samningar milli réttra aðila og óráðlegt að breyta þeim með lögum.

Till. fjhn. er í þá átt, að í þessu efni sé réttara að fara samningaleiðina, og leggur hún því til, að hæstv. ríkisstj. leiti samkomulags við Alþýðusamband Íslands og önnur stéttasamtök um samþykki þeirra fyrir því að fallast á, að í næsta mánuði eftir að þetta frv. verður að l., verði greidd verðlagsuppbót á laun miðað við verðlag fyrsta dag þess mán., í stað fyrsta dags næsta mán. á undan, eins og launþegar hafa nú rétt til að fá (þ. e. a. s. að fá greidda verðlagsuppbót t. d. 1. maí eftir útreikningi 1. apríl).

N. hefur ástæðu til að ætla, að ef hæstv. ríkisstj. leitaði samkomulags við rétta aðila í þessu efni, þá mundi hún fá óskum sínum fullnægt, og ef vísitalan lækkaði í 230 stig, þá mundi hér verða um snögga breyt. til batnaðar að ræða til lækkunar á dýrtíðinni, og oft vill það svo verða, að tilmælin verða sterkari en valdboðin, og n. hefur ástæðu til að ætla, að í þessu efni verði samkomulagsleiðin fullt svo heppileg.

Hæstv. ríkisstj. leggur til, að vísitölunni verði komið niður í 220 stig, en fjhn. gerir ráð fyrir, að hún verði 230, og stafar sá mismunur af því, að n. ætlast til, að útsöluverð afurða verði haft hærra en ríkisstj. leggur til.

Höfuðatriðið hjá n. í sambandi við það, sem gert verður í dýrtíðarmálunum, er það, að reynt verði til þrautar að fá samkomulag milli aðila

um þær ráðstafanir, sem gerðar verða, það er sú leið, sem að áliti n. ber að fara, og að reynt verði til þrautar, hvort hún muni ekki reynast fær. Þetta mál hefur frá því fyrsta verið hið erfiðasta, og erfiðleikarnir aukast heldur, eftir því sem á líður, og því verður að reyna þá leiðina, sem haldbezt mun reynast, en hún er tvímælalaust sú að leysa vandamálið með frjálsum samningum og samkomulagi, a. m. k. verður ekki hægt að segja annað, á meðan þessi leið er ekki reynd, því að hún hefur svo marga kosti fram yfir þá að skipa með valdboði einu saman, að þetta eigi að vera svo og svo. Valdboðið er ekki einhlítt. Við verðum þess svo ljóslega varir, hversu það rekur alltaf lengra og lengra í þá áttina að skipa með valdboði meira en góðu hófi gegnir, sem svo oft leiðir til einræðis. Vitanlega er ég þó ekki að bera þetta saman við það mál, er hér um ræðir, heldur vil ég gera þá afstöðu okkar í fjhn. sem skýrasta til þess, sem við leggjum aðaláherzluna á, sem er samkomulagsleiðin.

Þá leggur fjhn. til, að skipuð verði n. sex manna til þess að finna grundvöll vísitölu landbúnaðarafurða og hlutfall milli verðlags þeirra og kaupgjalds. Stj. leggur til, að skipaðar verði tvær n. til þessara hluta, en fjhn. leggur til, að hún sé ein, en í sjálfu sér er hér ekki neinn verulegur munur á. Fjhn. leggur til, að þessi n. verði rannsóknar- og samninganefnd.

Það er að vísu ekki um það hægt að segja fyrir fram, hver árangurinn kann að verða af slíku nefndarstarfi. Líklegt er, að ekki náist fullt samkomulag, en ef svo skyldi þó fara, þá telur n., að slíkt samkomulag skuli ráða úrslitum. En hvernig sem fer, skilar þó þessi n. áliti sínu, og ef hún verður ekki sammála, kemur til kasta þingsins að skera úr. Það er venjulega svo, að löggjafarvaldið skirrist við að þurfa að taka í taumana, fyrr en í nauðir rekur. Samkomulagsleiðin hefur ekki verið farin, og því er a. m. k. sjálfsagt að reyna þá leið fyrst. Það er verið að heimta of mikið af löggjafarvaldinu, þegar það á að fara upp á eigin spýtur að lækna verðbólguna. Menn sjá, hvernig hið opinbera hefur undanfarið ýmist beitt sér fyrir því að hækka og lækka kaupgjald eða afurðaverð, þannig að þetta hefur rekizt hvað á annað og orðið til þess að valda óánægju meðal stéttanna, um leið og verðbólgan hefur vaxið jafnt og þétt. Því er það, að n. vill leggja áherzlu á það, sem ég hef þegar tekið fram, að reynt sé með samkomulagi við þá aðila, er hlut eiga að máli, að leysa þetta mál; og n. gerir sér von um árangur. En ef þær vonir skyldu bregðast, þá verður hv. Alþ. að taka til sinna ráða og láta hið pólitíska vald skera úr.

Það er ekki heldur vafi á, að n. þessi, sem skipuð verður, nái betri árangri en ella, ef hún er aðeins látin vera rannsóknar- og samninganefnd. Mun hún með því móti geta starfað með öðru og betra hugarfari heldur en ef nú ætti að fara að setja upp gerðardóm eða annan dóm yfir hana.

Þá er það lagt til, að þessi n. hafi lokið störfum fyrir 15. ágúst. Ef svo færi, að n. yrði ekki sammála um álit sitt, yrði Alþ. að taka við málinu og skera úr, enda má það teljast eðlilegt, að sjálft löggjafarvaldið taki þá sínar ákvarðanir og hið pólitíska vald beri þá ábyrgðina.

Hæstv. stj. hefur enn möguleika á því að láta verðlagsn. ákveða verð á landbúnaðarafurðum. Hún hefur rétt til að skipta um formann, en formaður getur í slíkri n. ráðið úrslitum, og ef stj. skipar formanninn eftir sínum geðþótta, getur hún ráðið úrslitum. Fjhn. hefur ekki kosið að skipa nýja n. í þessu sambandi, en ríkisstj. er ekki bjargarlaus, þó að samningan. takist ekki að ná samkomulagi. Það hefur verið sagt um þessar till. fjhn., að allt sé ónýtt, ef þetta samkomulag tekst ekki, þá sé engin von til þess, að það takist að hafa hemil á dýrtíðinni. En hver er tryggingin fyrir því, að úrskurður þeirrar n., sem skipa á samkv. frv. hæstv. ríkisstj. um hlutfall milli afurðaverðs og framleiðsluvísitölu, yrði í samræmi við dýrtíðarpólitík hæstv. stj. sjálfrar? Hún gæti vel fellt úrskurð, sem væri í algeru ósamræmi við þá pólitík. Í þessu stórmáli verða þing, flokkar og ríkisstj. að sætta sig við nokkra óvissu að því er framtíðina snertir, því að ég býst við, að erfitt verði að útvega þá vátryggingu gagnvart framtíðinni, sem gildi í íslenzkri pólitík. En jafnvel þó að samkomulag næðist ekki, er málið svo vel undirbúið að mínum dómi, að allar ákvarðanir, sem gerðar yrðu eftir 15. maí, gætu orðið reistar á öruggari grundvelli en nú er til. Og um till. n. er það að segja, að hún vill láta reyna þessar samkomulagsleiðir, sem aldrei hafa verið reyndar áður til fulls. Hér er að ræða um hagsmuni stórra stétta, og samkomulag verður því að nást, því að annars verður slagur, og hann mundi samkvæmt hlutarins eðli geisa hér í þinginu. Ég vil telja það eina mestu þörfina fyrir stjórnmál þessa lands, að frjálst samkomulag náist. Og í till. n. er reynt að draga þá línu, sem tryggi sem bezt samræmi að því er snertir hagsmuni þessara stétta, þó að framkvæmdin verði óefað erfið. Í till. hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir 75% verðbótum á kjöt frá síðustu sláturtíð, en í till. n. er gert ráð fyrir fullum verðbótum. Till. n. mundu að þessu leyti valda heldur meiri útgjöldum, en um þetta ættu ekki að þurfa að verða miklar deilur. Meiri munur er á till. n. og ríkisstj., þar sem stj. gerir ráð fyrir, að ofan á grunnverð ársins 1939, að því er snertir kjöt, mjólkurafurðir og garðávexti, sé bætt 40% grunnverðsuppbót og svo ofan á það vísitölu 220, þar sem n. leggur til, að á verðið 1939 sé bætt 45% grunnverðsuppbót og þar á ofan 230 vísitölu. Þarna kemur fram nokkur munur, eða hér um bil 10 vísitölustig. Nú trúi ég raunar ekki á það, að slíkur útreikningur geti alltaf staðizt að fullu, en ég vil halda því fram, að þótt vísitalan komist ekki lengra niður en í 230 stig, sé þar um að ræða svo mikla lækkun frá því, sem hæst var (272 stig), að það muni verða afkomu ýmissa atvinnuvega til mikillar hjálpar á næsta sumri, og tel ég, að það geti t. d. vel ráðið úrslitum um síldveiðarnar. Ég ætla ekki að fara að deila um það, hvort vísitalan eigi heldur að lækka niður í 230 eða 220 stig, því að þar er aðeins um nokkurn stigsmun að ræða, en engan eðlismun. Nú kostar mjólkurlítrinn kr. 1,75. Eftir till. n. mundi hann lækka niður í kr. 1,30, en eftir till. ríkisstj. í kr. 1,23. Kjöt mundi líklega

lækka í kr. 5,40 eftir till. n., en í 5,24 eftir till. ríkisstj. Þessar uppbætur á nú að greiða, meðan það millibilsástand helzt, sem hlýtur að skapast bæði eftir till. n. og hæstv. ríkisstj. En n. leggur til, að bæturnar séu greiddar til loka þess tímabils, er sex manna n. á að starfa, eða til 15. ágúst, því að telja má hæpið, að þessar lækkanir kæmu þegar til greina í framleiðslukostnaði bænda. Náist hins vegar ekki samkomulag fyrir 15. ágúst, er enn gefinn frestur til 15. sept., svo að ríkisstj. geti tekið til sinna ráða eða kallað saman þing, en eftir þann tíma skulu uppbæturnar ekki greiddar. Þá hefur n. gert till. um að heimila ríkisstj. að leggja fram úr ríkissjóði 3 millj. kr. í sérstakan sjóð, sem á að nefnast atvinnutryggingarsjóður. Þykir henni ekki ósanngjarnt, að lagt sé fram nokkurt fé til að tryggja launþega gegn atvinnuleysi, um leið og greiddar eru verðuppbætur til bændastéttarinnar.

Ég vil svo að lokum leggja á það áherzlu, að þessar till. n. eru ekki fluttar í andstöðu við hæstv. ríkisstj. Eftir þá löngu baráttu, sem fram hefur farið síðan í nóvember, var útlitið um það, að hægt væri að fá viðunandi afgreiðslu þessa máls, orðið svo dauflegt, að n. taldi sér skylt að gera allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að samkomulag mætti takast. Hún vildi leitast við að semja till., sem líkur væru til, að meiri hl. þings gæti fallizt á. Till. hæstv. ríkisstj. koma líklega fyrr til atkv. hér í hv. d., og má því líta á till. n. sem nokkurs konar varatill. Þó að þessar till. n. kosti nokkuð mikil útgjöld og ekki verði eins langt komizt með þeim og till. hæstv. ríkisstj. um það að færa niður dýrtíðina, má segja, að í þeim komi fram sama stefnan og í till. hæstv. stj., en þó er sá munur á, að í till. n. er ekki gert ráð fyrir neinu valdboði, heldur hinu, að samningaleiðin verði farin. Ég held, að erfitt verði að afgreiða þetta mál, nema takast megi að skapa um það fjögra flokka samstarf, því að erfiðara er að tryggja framgang stórmála, þegar enginn þingmeirihluti ber ábyrgð á ríkisstj. en þegar ákveðinn meiri hl. hefur bæði ábyrgðina og völdin. N. hefur því teygt sig eins langt og kostur var á, ef verða mætti til þess, að slíkt samstarf næðist. Næstu dagar munu skera úr um það, hvort n. hefur reiknað þetta pólitíska dæmi rétt eða ekki.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Hv. frsm. fjhn. hefur nú gert skilmerkilega grein fyrir gerðum hv. n., og skal ég ekki fjölyrða um einstök atriði í því sambandi, en aðeins taka þetta fram:

Eins og hv. d. getur farið nærri um, er ríkisstj. ekki ánægð með afgreiðslu málsins af hálfu hv. n. Sérstaklega harmar stj. það, að hv. n. hefur ekki komizt að niðurstöðu, sem tryggi varanlega lækkun dýrtíðar. Eftir 15. sept. er allt í óvissu, þó að n. voni, að sex manna n. takist að leysa málin á þann hátt, að verðbólgan skelli þá ekki yfir aftur. En um leið og hv. d. tekur málið til afgreiðslu, vil ég taka það fram fyrir hönd ríkisstj., að ef d. afgreiðir frv. í því formi, sem það hefur nú, eða öðru formi, sem er ekki n er till. stj. en þetta frv., þá mun stj. telja sér skylt að taka afstöðu sína til nýrrar athugunar. Þetta vildi ég taka fram, svo að hv. d. gæti haft það til hliðsjónar við afgreiðslu málsins.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Þetta eru að ýmsu leyti mjög örlagaríkar umr., og er því skylt að láta þær fara fram af stillingu og fullri alvöru. Þingið verður fyrst og fremst að reyna að gera sér grein fyrir, hvert stefnir, ef ekki tekst að finna eðlilega lausn á þessum vandamálum. Þjóðin öll bíður með mikilli eftirvæntingu þeirrar lausnar, en undir henni er hagsæld þjóðarinnar á næstunni komin og ef til vill sjálfsforræði hennar að nokkru leyti. Ófriðurinn hefur valdið miklum örðugleikum, en hið meðfædda sundurlyndi þjóðarinnar veldur því, að ekki hefur verið við þeim spornað eins og skyldi. En ekki stoðar að sakast um orðinn hlut og ekki heldur að berja sér á brjóst og segja, að við getum ekki ráðið við erfiðleikana, það verði að láta allt skeika að sköpuðu. Slíkt væri uppgjöf. Það væri skortur á karlmennsku. Erfiðleikarnir eru viðráðanlegir og jafnvel auðveldir viðfangs, ef þau sjónarmið eru látin ráða, sem varða almenningsheill, og ef allir eru samtaka um að breyta eftir beztu vitund. Erfiðleikarnir eiga rót sína að rekja til þess ástands, sem ófriðurinn hefur valdið. Um það eru allir sammála. Hagsmunasamtök, flokkar og stéttir keppast nú við að tryggja sér sem mest af ímynduðum verðmætum, sem ófriðurinn hefur haft í för með sér. Sú keppni hefur gert þessa aðila tortrygga, hvern í annars garð. Einmitt þess vegna er nauðsynlegt að hefja sig yfir sjónarmið stéttahagsmuna og flokkatogstreitu. Til þess þarf fórnarlund og víðsýni. En því miður virðist viljinn til þessara hluta ekki vera mjög mikill. Enginn vill sleppa því, sem hann hefur, því að menn vilja ekki trúa því, að þrumurnar, sem heyrast í fjarska, séu í raun og veru fyrirboðar ofviðrisins. Fár kann sig í góðu veðri heiman að búa. En of seint er að búa sig, þegar óveðrið er skollið á.

Ríkisstj. er ljóst, að þjóðarnauðsyn er á því, að samkomulag náist í þessu máli, og þess vegna hefur hún nú borið fram nýjar till. í stað IV. og V. kafla frv. Treystir hún því, að þetta megi verða til þess að samræma sjónarmiðin og auðvelda samkomulag. Í brtt. er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir 12% kaupskerðingu og 10% lækkun allra landbúnaðarvara komi lækkun vísitölu í 220 stig fyrst um sinn. Verð á landbúnaðarvörum skal ákveðið þannig, að lagt verður til grundvallar verð, sem á þeim var í janúar, febrúar og marz 1939, að viðbættri 40% grunnverðsuppbót og vísitölunni 220. Hins vegar skal frá byrjun næsta mánaðar eftir gildistöku l. ekki greidd hærri verðlagsuppbót á laun en samsvarar framfærsluvísitölunni 220. Þetta hvort tveggja gildir aðeins til bráðabirgða, eða þar til verð á landbúnaðarframleiðslu hefur verið ákveðið samkv. sérstakri vísitölu. Verð á landbúnaðarafurðum er nú fundið með því að gera ráð fyrir, að laun verkamanna hafi hækkað um 51% frá 1939. Í þeim útreikningi, sem þar kemur til greina, er ekki tekið tillit til orlofsl., sem munu samsvara 4% launahækkun. Síðan í desembermánuði hafa egg og aðrar vörur lækkað um 4½ stig, og

önnur verðlækkun gæti numið 2 stigum. Ef þetta er tekið til greina og fleiri atriði, sem jafngilda verðlækkun, koma út 46 stig, sem draga verður frá 172, sem er vísitalan eins og hún hefur orðið hæst. Með því komumst vér niður í 226 stig í einu átaki, ef svo mætti segja. Þau 6 stig, sem á vantar, til þess að vísitalan komist niður í 220, ættu varla að verða erfið viðfangs, ef stj. fengi nokkurt olnbogarúm í þessum efnum. Smásöluverð ætti þá að verða sem hér segir: á mjólk kr. 1,23 hver lítri, á kjöti kr. 5,24 hvert kg., á smjöri kr. 11,95 hvert kg. og annað eftir því.

Eins og tekið er fram í tillögunum, á að verðbæta mjólkina til 14. maí og greiða ¾ hluta verðmunarins á kjötbirgðunum með framlagi úr ríkissjóði.

Þessar tillögur voru afhentar fjárhagsnefnd skriflega 27. marz í þeirri von, að samkomulag næðist á þessum grundvelli. En eins og sjá má af tillögum fjárveitinganefndar, er langt frá því, að nefndin hafi getað átt samleið með stjórninni, og sama er að segja um stjórnina gagnvart tillögum nefndarinnar.

Ríkisstjórnin álítur, að tillögur fjárhagsnefndar nái hvergi þeim árangri, sem nauðsynlegur er í dýrtíðarmálunum. Ef nefnd sú, sem tillögurnar gera ráð fyrir, verður ekki sammála, þá verður enginn vísitölugrundvöllur lagður fyrir verð landbúnaðarvara. Þegar framlagið úr ríkissjóði fellur niður 15. sept., hljóta vörurnar að hækka aftur og dýrtíðin aftur að færast í núverandi form eða verra, en milljónum króna kastað út til þess eins að selja mjólk og kjöt ódýrara í 4—5 mánuði. Lækningin væri engin. Það væri líkt því að ætla sér að lækna sjúkling með því að gefa honum deyfandi meðul nokkra daga til að draga úr verkjunum.

Önnur aðalstoð tillagnanna er sú að stofna 3 millj. króna atvinnutryggingarsjóð, og reglugerð fyrir sjóðinn skal sett af mþn. í samráði við Alþýðusamband Íslands, sem mun vera heldur óvenjuleg aðferð. Sjóðurinn út af fyrir sig getur engin áhrif haft á lagfæringu dýrtíðarinnar, nema síður sé, að því leyti að í hann rennur það fé, sem annars færi til dýrtíðarráðstafana.

Annars verður ekki annað séð en sjóðurinn sé stofnaður til þess að sætta launþegana við þá fórn, sem þeim er ætlað að færa á altari dýrtíðarinnar í eitt skipti fyrir öll, en það er 12% lækkun á eins mánaðar kaupi. En til þess að það takist og áður en það er gert, er ríkisstjórninni skipað að ganga fyrir kné allra stéttarfélaga í landinu og biðja þau að fallast á að færa slíka fórn, svo að afstýra megi hruni atvinnuveganna. Ef félögin hins vegar fallast ekki á að gera þetta, hlýtur þessi hluti tillagnanna að falla niður, og er þá ekki um að ræða neinar ívilnanir af hendi launþega til að lækka dýrtíðina. Fari svo um verðlagsnefndina, eins og ég nefndi áður, þá eru allar ráðstafanir samkv. till. fjárhagsnefndar að engu orðnar, en tilraunin hefur kostað ríkissjóð 6—7 milljónir króna.

Hér er verið að kaupa frest og kaupa hann háu verði, án þess að um nokkra varanlega úrlausn sé að ræða á því vandamáli, sem hér er um að fjalla.

Ég tel óþarft að fjölyrða um þau atriði frumvarpsins, sem nefndin vill niður fella. Ef ekki á að láta allt reka hér á reiðanum, heldur reyna að hafa einhvern hemil á verðbólgunni, er full nauðsyn fyrir hvaða ríkisstjórn, sem situr, að hafa til umráða talsvert mikið fé í því skyni. Það er ekki líklegt, að slíkt fé fáist nema með nýjum sköttum. Núverandi tekjustofnar ríkisins munu varla gera mikið fram yfir áætluð gjöld.

Ég held því fram af ríkri sannfæringu, að till. ríkisstjórnarinnar séu jákvæður grundvöllur, sem skjótlega mundi sýna varanlegan árangur í baráttunni við dýrtíðina. Og árangurinn mundi nást án nokkurra teljandi fórna frá nokkurri stétt. Ef þetta er rétt, sem ég fullyrði, að sé, er þá ekki verið að deila um aukaatriði, er ekki verið að deila um það, hvernig beri að halda á austurstroginu, meðan bátinn fyllir smátt og smátt?

Ef eitthvað er gert nú, sem verður að engu gagni, eða ef ekkert er gert í því trausti, að ástandið verði til haustsins ekki verra en það er nú, þá hefur dýrmætur tími farið til ónýtis, og verðbólgu-hugarfarið grípur um sig aftur með vaxandi krafti. Fólkið missir trúna á það, að nokkuð verði gert til bjargar. Það missir trúna á þing og stjórn.

Kreppan er á leiðinni. Allar verklegar framkvæmdir eru að stirðna undir þunga verðbólgunnar. Byggingariðnaðurinn er að stöðvast. Allir draga saman seglin, sem eitthvað þurfa að láta framkvæma. Útvegurinn berst í bökkum, og erfiðleikarnir verða honum að líkindum brátt ofviða. Enginn veit enn, hvort hægt verður að starfa að síldveiði í sumar. Verzlunin og iðnaðurinn hlýtur að dragast stórlega saman. Allt atvinnulíf landsmanna stynur undir þunga dýrtíðarinnar.

Ef skriðunni verður leyft að halda áfram, ef ekkert verður gert fram til haustsins, ef engar skynsamlegar og raunhæfar ráðstafanir verða gerðar nú þegar gegn dýrtíðinni, þá mun mörgum í landinu þykja orðið þröngt fyrir dyrum, þegar komið er fram undir veturnætur.

Jón Pálmason: Mér þykir rétt að víkja nokkuð að því stóra máli, sem fyrir liggur. Ekki beint til þess að afmarka sjónarmið míns flokks eða skýra frá störfum fjhn. þennan 1½ mán., sem hún hefur unnið að þessum málum, heldur til að skýra nokkuð tillögur þær, sem fyrir liggja, eins og þær koma fyrir.

Þetta er nú búið að vera höfuðmál hér á Alþ. í tvö ár. Það hefur valdið deilum milli flokka, og það hafa fallið á því ríkisstjórnir. Þetta hefur og verið höfuðmálið á því þingi, sem nú er að enda, og það hefur verið reynt að leita samkomulags um það, bæði með till. til stjórnarmyndunar og á annan hátt. Það er því ekkert undarlegt, þótt enn sé mikill ágreiningur um þetta mál, og það má því þykja nokkrum tíðindum sæta, að ein n. hér á Alþ. skuli hafa getað komizt að sameiginlegum niðurstöðum um þetta mál, sem sem allir nm. sætta sig við. Þessar till. fjhn. hafa nú verið skýrðar af hv. fjhn. og hæstv. fjmrh.

Ég skal byrja á að fara út í nokkur atriði í frv. stjórnarinnar, sem einkum hefur verið deilt um.

Eins og frv. kom frá stjórninni, þá voru I.—III. kafli þess nýjar skattaálögur, en fjhn. hefur orðið sammála um að fella niður I. og III. kaflann. Hv. frsm. minntist á, að sumir gætu e. t. v. hugsað sér að láta ákvæði þessara kafla standa, en ég er því mjög mótfallinn.

I. kafli er um það að afnema öll réttindi hlutafélaga til þess að draga frá tekjum sínum varasjóðstillag, áður en skattur er á lagður. Samkv. skattal. frá 1935 var hlutafélögum veittur réttur til þess að draga þannig frá 50% af varasjóðstillagi sínu, en með skattal. frá því í fyrra var þessi hluti lækkaður niður í 20%. Nú á að afnema þessi réttindi með öllu. Sem sagt, það á að afnema möguleikana til þess að hlutafélög verði stofnuð framvegis, og nú eru mörg hlutafélög til, sem eiga engan varasjóð. Hér er svo langt gengið, að ég get alls ekki hugsað mér að samþykkja slíkt. Varðandi II. kafla frv. hefur fjhn. dregið út úr honum svonefndan skyldusparnað, en það áttu að vera frá 400 kr. til 2000 kr., sem einstaklingur legði fram til þessa, er átti svo að vera geymslufé, er síðar yrði skilað aftur.

Fjhn. hefur litið svo á, að ef ætti að koma á skyldusparnaði, meðan á verðbólgunni stendur, þá verði að fara aðrar leiðir en að taka það fé með sköttum. Ég hygg og, að fæstir treysti því, að þessu fé yrði skilað aftur. Ef ríkissjóður kemst í vanda, þá verður þetta fé tekið fyrr en annað og tæplega skilað sömu aðilum. En um leið og fjhn. hefur lagt til að fella niður þetta ákvæði um skyldusparnað, þá hefur hún lagt til, að lágmarkið á skattskyldum tekjum verði hækkað. Það leiðir af sjálfu sér. Ef átt hefði að samþykkja þetta ákvæði um skyldusparnað, þá hefði þurft að breyta því mjög frá því, sem er í frv., svo meingölluð eru ákvæðin. T. d. ef maður á að greiða 400 kr. í þennan skatt, á hann að fá allt greitt aftur, en sá, sem á að greiða 401 kr., á aðeins að fá 25% eða 100.25 kr. Annars skal ég ekki fara lengra út í þetta, en eins og hv. frsm. fjhn. hefur skýrt frá, þá er ekki samkv. till. n. gert ráð fyrir, eftir áætlun stj., að þessi upphæð nemi meiru en 2 millj. kr. af 11 millj. alls, samkv. þessum kafla. Annars virðast þessar áætlanir svífa nokkuð í lausu lofti, enda erfitt að gera áætlanir eftir sköttum frá fyrra ári, því að þetta er svo miklum breytingum undirorpið.

Viðvíkjandi III. kafla, sem n. hefur einnig lagt til, að verði felldur niður, þá er það að segja, að hann er ekki hugsaður sem dýrtíðarráðstafanir, heldur sem skattaálag til þess að byggja hús yfir ráðuneytin, hæstarétt og helztu stofnanir ríkisins. Hann getur því að ósekju fallið út úr frv. og á þar alls ekki heima. Ef samt ætti að fara að ganga inn á þá braut að gera með skatti eignarnám hjá mönnum, þá verður einhver ríkástæða að vera fyrir hendi, gildari ástæða en við höfum fengið að heyra frá hæstv. ríkisstj. Greinar þessa kafla virðast svífa svo mjög í lausu lofti hjá henni, að ég get ekki fallizt á að fara inn á þessa skattaleið, enda yrði ég þá a. m. k. að fá eitthvað meira til þess að festa hendur á en nú er í þessum furðulegu till. Það er mjög erfitt að ákveða, hvað sé eignaaukning. Við vitum það t. d., að allt búfé er nú metið með margföldu verði miðað við það, sem var fyrir stríð. En það er mikill vafi á, að þar hafi nokkur eignaaukning átt sér stað, hafi ekki verið um fjölgun að ræða. Sama máli gegnir um aðrar eignir, sem hafa hækkað í verði af völdum verðbólgunnar. Það er vafi á, að þar sé um nokkra eignaaukningu að ræða. T. d. ef tveir menn ættu sitt húsið hvor, sem hvort um sig væri metið á 100 þús. kr., og annar seldi sitt hús á 200 þús. kr., þá er þó vafi á, að hann sé nokkru ríkari en hinn, sem á hús sitt áfram, með því að svo mikil óvissa er ríkjandi um allt peningaverð eftir stríðið. Ég get fullyrt, að það yrði erfitt að ákveða, hvað væri raunveruleg eignaaukning í þessu sambandi, því að það er ekki hægt að miða við það, þótt eignir hafi margfaldazt í verði að krónutali.

Eins er með verzlanir. Þær eignir, sem þær eiga í vörubirgðum, eru nú með margföldu verði, miðað við það, sem var fyrir stríð, en mikill vafi á, hvað á að telja eignaaukningu, af því að það hlýtur að fara mjög eftir því, við hvaða verði vörurnar seljast, sem eftir verða, er verðlækkunin skellur á að stríðinu loknu. Allur þessi útreikningur hlýtur því að verða nokkuð hæpinn, og ég varð mjög undrandi á að sjá svona till. koma nú frá hæstv. ríkisstj. Að ætla sér að reisa stórhýsi nú í verðbólgunni og setja till. um það inn í frv. um dýrtíðarráðstafanir.

Þá kem ég að IV. kafla frv., sem er aðalatriði þess. Hann fjallar um það, að ekki skuli greiða nema 80% dýrtíðaruppbót á laun eða kaup fyrir hvaða starf, sem er. Þetta er aðalatriðið, af því að það eru höfuðtill. til þess að lækka dýrtíðina, og við það eru bundnar allar þær till., sem á eftir fara. Hér er um að ræða till., sem margir gætu talið sanngjarna, en á þessu eru þó stórvægilegir gallar, og þeir hafa skýrzt betur fyrir þjóðinni á síðasta ári heldur en áður. Ég vil taka undir það með hv. frsm. fjhn., að ég álít, að hér sé verið að fara aftan að siðunum, þegar þing eftir þing og ár eftir ár á að gera þær kröfur til Alþ., að það fari að blanda sér inn í samninga milli verkamanna og atvinnurekenda, meðan þar er fullur friður á. Ég álít, að þarna sé komið inn á mjög hættulega braut, ef á að blanda sér þannig í hag alls almennings í landinu. Ef til þess er ætlazt, að lögfest verði verð á landbúnaðarafurðum og kaupgjaldi. Ég tel það mjög hæpið, sem hér er farið fram á um það efni, og álít, að Alþ. fari út fyrir það verksvið, sem það á að hafa. Varðandi þetta sýnist ekki ástæða til fyrir mig að efast um það, hvort það væri löglegt af Alþ. að taka upp á slíku, þar sem tveir af okkar æðstu og elztu dómurum eru nú í ríkisstj. En okkur, ólögfróðum alþýðumönnum, sýnist það allvafasamt, að Alþ. færi inn á þá braut að blanda sér í frjálsa samninga milli manna. Ef ég hefði ráðið til mín vinnumann fyrir ákveðið kaup og þar um væri fastur samningur, þá teldi ég það óeðlilegt, ef Alþ. færi að skipa mér, að ég mætti ekki greiða þessum manni nema ákveðinn hluta af því kaupi, sem um var samið. En það er einmitt það, sem hér hefur verið að gerast, að sumir menn hafa álitið, að það væri réttmætt að grípa inn í á þann hátt, að Alþ. færi með lögum að

fyrirskipa, að samningar, sem gerðir hafa verið á frjálsan hátt milli manna, skyldu ekki gilda. Aðferðin um lækkun uppbótar með lögboði getur gengið, að því er snertir starfsmenn ríkisins, af því að þeir búa undir þeim lögum, sem Alþ. á hverjum tíma setur. En það er öðru máli að gegna, þegar um er að ræða frjálsa samninga milli atvinnurekenda og verkamanna, sem hvorugir hafa beðið Alþ. um aðstoð til þess að breyta þeim samningum. Það væri um það náttúrlega allt öðru máli að gegna, ef mál væru komin á það stig, að launadeilur ættu sér stað milli atvinnurekenda og verkamanna, sem ekki væru sýnilegar líkur til, að leystar yrðu á annan hátt en með lagasetningu. Þá gæti komið til mála að grípa inn í með löggjöfinni. En meðan svo er ekki, finnst mér slíkt óeðlilegt. Og mér finnst þessi skoðun mín hafa fengið dálítinn stuðning, þrátt fyrir mikla lögfræði hæstv. ríkisstj. og annarra manna, sem fylgja stefnu hæstv. ráðh. í þessu máli, því að sjálf ríkisstj. hefur tekið þennan kafla frv. aftur og lagt fram nýjar brtt. um sitt eigið frv., þar sem þetta er að öllu leyti fellt úr. Nú má vera, að mörgum finnist, að hv. fjhn. sé að ganga út á einhverja hættulega eða vafasama leið, þegar hún leggur til, að það skuli leita samninga við stéttarfélögin um það að breyta til frá þessum samningum, sem gerðir hafa verið. Þar er ekki um mjög mikið að ræða, aðeins breyt. á launakjörum fyrir einn mánuð, maí, sem mundi nema 130—140 kr. á þeim mánuði fyrir venjulega verkamenn hér í Rvík. Ég hef gengið út frá því, að ef þessar till. hv. fjhn. verði samþykktar hér af þeim flokkum í þinginu, sem sérstaklega telja sig vera forsvarsmenn verkalýðsstéttarinnar og þeirra stéttarfélaga, sem hún hefur myndað með sér, þá sé um leið fengin vissa fyrir því, að umrætt samþykki fáist.

Þá kem ég að V. kafla frv. hæstv. ríkisstj. og öllum þeim brtt., sem eru í sambandi við hann. Það er sá kafli, sem snýr að hag bændastéttarinnar í landinu. Um efni hans virðist hafa verið einna mestur ágreiningur, ekki eingöngu milli hæstv. ríkisstj. og hv. fjhn., heldur og að öðru leyti milli flokka og manna í umr. hér í þinginu og í blöðum undanfarnar vikur og mánuði. Í þeim till., sem hæstv. ríkisstj. leggur fram í sínu frv., varðandi landbúnaðinn, þá teljum við sumir í fjhn., að það sé gengið mjög alvarlega á rétt bændastéttarinnar og gengið svo langt í því efni, að ekki sé hugsanlegt, að slíkar till. nái samþykki hér á Alþ., sem betur fer. Þar er ætlazt til þess, að fært verði niður verð á landbúnaðarafurðum mjög verulega með lagaákvæði, og það er ekki svo um búið, að það sé ætlazt til, að sú verðlækkun sé bætt upp nema að litlu leyti. Varðandi mjólkina er gert ráð fyrir, að verðlækkunin verði úr kr. 1.75 í 1.23 á lítrann og það sé bætt upp í hálfan mánuð, en svo sé því hætt. Þetta er till., sem ég hygg, að enginn fulltrúi íslenzkra bænda geti sætt sig við. Enn fremur er það í frv. hæstv. ríkisstj., að það eigi að halda áfram með það, þar til vísitalan kemst niður í 200 stig, að lækka t. d. mjólk um 1% fyrir hvert stig, sem vísitalan lækkar um. Þetta mundi þýða það, að ef t. d. kaupgjald lækkaði, miðað við vísitölu, úr 220 stigum um 4½%, þá þýddi það, að mjólkurverðið til bændanna ætti að lækka um 10%. Hæstv. fjmrh. hefur fatazt illa, þegar hann ætlast til þess, að nokkur alþm. taki það til greina, að hér sé verið að sýna réttlæti í afgreiðslu máls, miðað við jöfnuð milli stétta, eins og hann talar svo hátíðlega um.

Síðari till. hæstv. ríkisstj., sem eru þannig til komnar, eins og hæstv. fjmrh. réttilega tók fram, að þær eru færðar í búning eftir þeim viðtölum, sem fram hafa farið milli fjhn. og hæstv. ríkisstj., síðan frv. var lagt fram og fjhn. fengu það til meðferðar, — þær eru því í raun og veru till., sem ekki eru upphaflega hugsaðar af hæstv. ríkisstj., heldur hafa komið fram í þeim viðræðum, sem farið hafa fram milli einstakra manna um málið. En þær eru þó þannig, að þær eru ekki aðgengilegar fyrir okkur, sem skiljum hag íslenzkra bænda, þannig að það geti náð nokkurri átt að ætlast til þess, að þær verði samþykktar. Í fyrsta lagi er í þessum till., að það eigi að hætta eftir lítinn tíma að borga á milliliði, sem niðurfærslan á mjólkinni kostar. Og enn á að gilda sama ranglætið varðandi frekara verðfall í sambandi við lækkun á vísitölunni. Það á enn fremur að byggja á verði landbúnaðarafurða 1939, bæta þar við 40% sem grunnverðsuppbót og láta svo verðið lækka samkvæmt vísitölu. Þetta er í alla staði svo óaðgengileg till., að það var alveg fullt samkomulag um það í fjhn., að þetta gæti engin sanngirni stutt. Ég segi fyrir mig, að því fer fjarri, að ég gæti hugsað mér slíka reglu gildandi. M. a. er það að segja, að þó að þessi regla geti að nokkru leyti gilt, ef hún er borin saman við einstök stéttarfélög, sem hafa samið um kaupgjald, þá fer því ákaflega fjarri, að hún sé neitt nærri því að svara til þess kostnaðarauka, sem hefur orðið við framleiðslu landbúnaðarafurða síðan 1939. Kaup við þá framleiðslu hefur aukizt þannig, að það hefur ferfaldazt til sexfaldazt síðan 1939. Vegavinnukaup, sem er það kaupgjald í landinu, sem mest áhrif hefur á kaupgjald við framleiðslu í sveitum, hefur fimm- til sexfaldazt á þessu tímabili. Og kaupið við landbúnaðarvinnu fer að mestu eftir því kaupgjaldi. Þegar ríkið sjálft býður fimmfalt til sexfalt kaup í hverri einustu sveit á landinu fyrir vegavinnu á við það, sem það var 1939, þá eru það nokkuð furðulegar till., sem koma frá hæstv. ríkisstj., og sýnir, að hún hefur ekki mikla þekkingu á því, sem á sér stað í íslenzkum sveitum, að þær afurðir, sem framleiddar voru við þann tilkostnað, skuli hækka aðeins um 40% að grunnverði frá því, sem var 1939, og eftir vísitölu þar ofan á.

Þegar alls þessa er gætt, þá virðist mér það liggja ljóst fyrir, að allir kaflar í frv. hv. stj., jafnvel hver einasta gr., er svo gallað, að hún ætti ekkert að furða sig á því, þó að örðuglega gangi að fá samþykki fyrir slíku hér á Alþ. Tvo aðalkafla frv. hefur stj. sjálf tekið aftur og þar með aðalatriði frv., og síðari till. hennar taka hinum fyrri ekki mikið fram. Ég er nú líka viss um, að ekki er til einn einasti þm., sem fáanlegur væri til að samþykkja frv. hæstv. ríkisstj. eins og það var lagt fram og ég efast um, að nokkur vildi samþykkja það með breyt., þegar

stj. hefur tekið aftur og endursamið tvo aðalkafla þess, þá einu kafla, sem hægt er að nefna dýrtíðarráðstafanir.

Hæstv. stj. verður því að láta sér það lynda, þó að fjhn. hafi farið inn á nokkuð aðrar leiðir heldur en þær, sem felast í slíku frv. Hún getur ekki furðað sig á því eftir að hafa sjálf gerbreytt frv. sínu, þó að þm. sjái slíka vankanta á síðara frv. hennar, sem sumir eru þeir sömu.

Ég skal svo gera nokkurn samanburð á till. stj. og fjhn. um kaupgjald og afurðaverð.

Við nm. teljum það vænlegast til árangurs varðandi breytingu á samningum um kaupgjald og laun að leita samþykkis þeirra aðila, sem breytingin bitnar á. Um það eitt er að ræða að borga eftir lækkaðri vísitölu í maímánuði, og mundi það nema 12.2% lækkun frá apríl-vísitölu, miðað við 230 stig. Leiðtogar stéttasamtakanna eru flestir hér á Alþ., og ef þeir samþykkja, þá verður samkomulagið auðsótt, annars ekki. Lögþvingunaraðferðin hefur verið reynd, og ég hygg, að hæstv. stj. reyndist hún örðug, eins og nú er ástatt í landinu.

Varðandi landbúnaðarafurðir er sá munur á till. stj. og fjhn., að í fyrsta lagi vill ríkisstj. setja tvær n. til að undirbúa rannsókn og gera till. um afurðaverð og gildi meirihlutavald í hvorum tveggja. Önnur sé 6 manna n., hin 3 manna n. Fjhn. leggur til, að sett sé ein 6 manna n. og tillögur hennar fái því aðeins gildi, að hún verði sammála. N. er hugsuð sem rannsóknar- og samningan. Að meirihlutavald sé látið ráða um svo mikilsvert atriði að ákveða heildartekjur allra landbúnaðarmanna í hlutfalli við tekjur annarra stétta, getur valdið alvarlegum árekstrum. Gæti svo farið, að lítið væri á slíku að græða. Segjum, að fulltrúar bænda yrðu í minni hluta, eða fulltrúar launamanna yrðu í minni hl. Hvorir um sig mundu sætta sig illa við ákvörðun meiri hl. og málið standa óafgreitt eftir sem áður. Með kröfunni um, að nm. verði sammála, eru þeir því knúðir til að leita í því efni ýtrustu tilrauna. Hér veltur á miklu að ná árangri, og ef stilltir og gáfaðir menn veljast í n., má ákveðið reikna með góðum árangri.

Annars verð ég að segja það, að varðandi hagsmuni bændastéttarinnar legg ég mest upp úr því að fá það viðurkennt af öllum flokkum þingsins, sem lengi hefur verið aðalkrafa mín, að það fólk, sem vinnur að framleiðslunni í sveitum landsins, eigi að fá sama kaup fyrir vinnu sína eins og það fólk, sem er í stéttarfélögum bæjanna. Þetta getur því aðeins orðið, að allar afurðir búanna séu teknar til greina við hennan vísitöluútreikning, sem ætlazt er til, að n. geri. Þessi atriði eru ekki komin frá stj., heldur fjhn. og hefðu enda litla þýðingu, nema samkomulag fáist og viðurkenning flokka Alþ. Varðandi kjötbirgðirnar frá síðasta ári, þá er skammt á milli ríkisstj og fjhn. um heimildir til að lækka útsöluverð þeirra. En stjórnin vill ekki að ríkið greiði nema 75% af mismuninum, en fjhn. leggur til, að hetta sé greitt að fullu, sem er í samræmi við eldri þingsamþykktir. Hæstv. stjórn vill ekki virða hær.

Um mjólkina munar því, að ríkisstj. vill færa útsöluverð hennar úr 1,75 kr. pr. lítra í kr. 1,23 pr. lítra og borga mismuninn í hálfan mánuð, en hætta svo. En fjhn. leggur til að færa útsöluverðið í kr. 1,30 pr. lítra og bæta hallann að fullu, að svo miklu leyti sem lækkuð vísitala kemur ekki til greina. — Miðað við vísitölu 230, eins og n. gerir ráð fyrir og þýðir 12.2% lækkun á kaupi, ætti mjólkin að lækka líka um 12 2% eða 21 eyri hver lítri. Afganginn, 24 aura pr. lítra, ætlast n. til, að ríkissjóður greiði.

Lækki vísitalan meira, vill fjhn., að hlutföllin haldist eftir sömu reglu, en eftir tillögum stjórnarinnar ættu afurðir, eins og áður segir, að lækka um 10% ef kaupgjald lækkar um 4.5% á bilinu 230—200 stig í vísitölu.

Við teljum vænlegast til árangurs, að þetta sé gert með frjálsu samkomulagi. Ef forvígismenn verkamanna hér á Alþingi samþykkja þetta, er ástæða til að treysta því, að engar líkur séu til annars en verkamannasamtökin muni á það fallast og aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli.

Varðandi landbúnaðarvörur er breytingin um kjötið frá því, sem er í till. ríkisstj. og A-till. fjhn., ekki önnur en sú, að mismunurinn, sem kjötið frá fyrra ári er fært niður um, skuli greiddur að fullu úr ríkissjóði, en aðeins að ¾ samkv. till. ríkisstj., þó að því sé áður slegið föstu að greiða hann fyrr eða síðar allan, þ. e. að bændur fái það verð fullt, sem í haust var ákveðið á innanlandsmarkaði, og við það verður vitanlega að standa. Till. ríkisstj. um að greiða aðeins ¾ er annaðhvort meiningarlaus eða með öllu óviðunandi.

Um útsöluverð munar litlu á till. n. og stjórnarinnar. En fjhn. Nd. hefur ekki getað fallizt á, — en skoðanir einstakra nm. um þetta eru nokkuð mismunandi, — að binda við sérstaka útreikningsaðferð. Útreikningsaðferð stjórnarinnar er sú, sem ég áður vék að, með verðgrundvöll frá 1939 að viðbættu 40%, auk vísitölu, þannig að því fer fjarri, að ég fallist á hana og þótt að svipaðri aðferð sé vikið í nál. fjárhagsnefndar, þá er það ekki í tillögum hennar, og hefur enga þýðingu til bindinga fyrir framtíðina. En að binda við þessa reglu, er sýnilega það, sem hæstv. ríkisstjórn ætlast til.

Hæstv. fjmrh. veik að því, að tillögur ríkissti. væru til varanlegra bóta, en tillögur fjhn. að litlu eða engu nýtar. Hann gerir ráð fyrir að færa vísitöluna niður í 226 stig, en fjhn. í 230 stig. Líklega eiga þessi 4 stig að bjarga atvinnuvegum landsins að dómi hæstv. ráðherra. Varanleikinn í tillögum hans og stjórnarinnar í heild á víst að felast í því að níðast á bændastétt landsins umfram allar aðrar stéttir. Fjhn. fellst eigi á þá leið og Alþ. væntanlega ekki heldur. — Að ekkert vinnist á, ef 6 manna nefndin verður eigi sammála, eins og hæstv. ráðh. vildi vera láta, er líka rökvilla. Þó að svo færi, að verð landbúnaðarvöru yrði aftur fært upp í haust og hætt milligjöf, þá hefur visitalan lækkað, ef eigi koma aðrar óviðráðanlegar orsakir til, og því eðlilegt að ákveða verðið í samræmi við þá vísitölu, sem þá er. Væri visitalan í 230 í staðinn fyrir 262, ætti t. d. mjólkin að vera kr. 1.54 pr. lítrinn í stað 1,75, og annað eftir því. Allar röksemdir hæstv. ráðh. um varanleikann í tillögum

stjórnarinnar og fánýtið í tillögum fjhn., eru því lítils virði, nema hann ætli að gegnumfæra þá stefnu hæstv. stjórnar að knýja niður verðið á afurðum landbúnaðarins gegn allri sanngirni og án samræmis við annað.

Háttv. frsm. veik að því, að framleiðslukostnaðurinn í sveitum mundi ekki lækka svo fljótt með lækkaðri vísitölu. Þetta er vitanlega rétt. Þótt vísitalan lækki í 230, hef ég enga von um lækkun frá því, sem er. En það gæti komið í veg fyrir þá hækkun, sem ella verður. Vegavinnukaup, t. d. norðan lands, hefur hækkað nærri um helming frá því í fyrra. Það lækkar í samræmi við lækkaða vísitölu að sjálfsögðu og hefur eðlileg áhrif á annað sveitakaup.

Hæstv. fjármálaráðh. taldi tillögur fjárhagsnefndar miða að því einu að kaupa frest um skamman tíma og kaupa hann háu verði. Svo er nú það. Hvert er þetta háa verð? Í fyrsta lagi allt að 2 milljónum króna til að lækka verð á kjöti fyrir neytendurna í landinu. Þetta er ekki eyðslueyrir, heldur tilfærsla á peningum, sem bændur fá með skatti á hátekjur, í stað þess að allir, sem neyta kjöts, borga þá sömu upphæð ella. Í öðru lagi allt að einni milljón króna til milligjafa til lækkunar mjólkurverðs. Um það er sama að segja. Ekki er það eyðslueyrir. Í þriðja lagi er svo framlag til atvinnutrygginga, 3 milljónir króna til að leggja í framkvæmdir til atvinnuaukninga í bæjunum eftir stríðið, þegar atvinnuleysi ber að höndum. Ekki er þetta eyðslueyrir. Stjórnin gæti kallað það geymslufé, og fjögurra manna n. á að setja reglugerð um hlutverk og meðferð á þessu fé í samráði við Alþýðusamband Íslands. Ég óttast þetta ekki neitt, en því er ef til vill öðruvísi háttað með hæstv. stjórn. Fyrir þessar upphæðir, sem þannig eru færðar til, fæst svo lækkuð vísitala, og það þýðir lækkuð gjöld ríkisins og stofnana þess, bæjar- og sveitarfélaga, samgöngufyrirtækja og allra atvinnuvega, og það án þess að launþegarnir fái verri aðstöðu. Þetta er dýru verði keypt, segir hæstv. ráðh.

Hæstv. fjmrh. var að tala um meðfætt pólitískt sundurlyndi í þessu sambandi og útmála hina ríku þörf, sem nú væri á því að standa saman og leggja til hliðar flokka og stéttahagsmuni. Það er nú næsta furðulegt fyrir háttv. alþm. að fá þetta sérstaklega framan í sig af því tilefni, að það skuli hafa komið einu sinni fyrir, að 5 manna n. með fulltrúum allra þingflokka hefur orðið á einu máli um afgreiðslu í viðkvæmasta og stærsta deilumáli, sem fyrir liggur. Það er eins og hæstv. stjórn sé þetta sérstaklega ógeðfellt, og í einu blaði stjórnarinnar er fjhn. skömmuð óbótaskömmum í dag og líkt við hreinustu spellvirkja. Þetta er víst af því, að n. hefur drýgt þá synd að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Ég verð nú að segja það, að okkur nm. kom það mjög á óvart, að hæstv. stjórn skyldi fyllast óánægju yfir því, að n. skyldi geta orðið á einu máli. Við töldum okkur vera að sýna viðleitni í þá átt að reyna til að bjarga því meðal annars fyrir hæstv. stjórn, að einhver árangur fengist. Ef við hefðum klofnað eftir flokkum, var hans ekki að vænta. Og nú mun hæstv. stjórn hafa um það að velja að fá ekkert samþykkt eða fá okkar tillögur samþykktar, lítið eða ekki breyttar.

Þær yfirlýsingar, sem fram hafa komið frá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., um að þeir ætluðu sér eitthvað sérstakt, ef tillögur fjhn. yrðu samþykktar, hafa nú verið svo óljósar, að ég óska frá þeim ákveðinna skýringa. Hvað eiga þessir hæstv. ráðh. við? Ef þeir eiga við það, að þeir ætli að biðjast lausnar eða grípa til annarra róttækra ráðstafana, vegna þess að hætta sé á, að Alþ. komist að sameiginlegri niðurstöðu í þessu stóra og flókna vandamáli, þá verður það að leiða til opinberra reikningsskila frammi fyrir þjóðinni allri milli Alþ. og ríkisstj.

Hvað sem þessu líður, vænti ég þess, að háttv. d. komist að sömu niðurstöðu og fjhn.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég ætla aðeins að bera fram stutta aths. í sambandi við ræðu hv. þm. A.-Húnv. (JPálm). Það gætir hjá honum misskilnings á 1. gr. frv., sem fjallar um niðurfellingu á varasjóðshlunnindum hlutafél. Það, sem um er að ræða, er ekki niðurfelling nema til eins árs, en ekki varanleg. Ég tel, að um leið og lagðir eru þungir skattar á einstaklinga, sé ekki nema sjálfsagt, að þessir ópersónulegu gjaldendur taki sínar byrðar líka að þessu leyti. Hitt er ég sammála þm. um, að það kemur ekki til mála, að fél. verði til frambúðar svipt þessum rétti, enda hefur það ekki vakað fyrir stj.

Hv. þm. gat þess, að það kæmi talsvert ranglæti í ljós í sambandi við verðniðurfærslu á mjólk, samkv. því, sem stj. hefði hugsað sér. Ég vil benda þm. á, að sú niðurfærsla fer mjög svipað niður á við eins og mjólkin fór upp á við. Hafi hreyfingin upp á við verið réttmæt, ætti hreyfingin niður á við líka að vera réttmæt.

Hv. þm. tók það fram, að það væri nánast verið að beita bændur þrælatökum með því að ákveða vísitöluverð á afurðum þeirra. Ég er ekki á sama máli. Hér er mönnum skammtað kaup eftir vísitölu. Menn mega ekki selja iðnaðarframleiðslu öðru verði en stofnun hins opinbera ákveður. Menn verða að sætta sig við hámarksverð á ýmsri þjónustu, af því að þjóðfélagið telur nauðsynlegt að verja þegnana gegn því að borga of hátt verð. Fyrir mér vakir, að þetta sama, sem allir hljóta að telja nauðsynlegt, gangi líka yfir þá, sem framleiða landbúnaðarvörur.

Skúli Guðmundsson: Ég vil víkja með nokkrum orðum að einstökum atriðum þessa máls og meðferð þess. Mun ég einkum taka til athugunar þá kafla frv., sem fjalla um greiðslu verðlagsuppbótar og um verð á landbúnaðarvörum. Ég vil þó fyrst geta þess, viðvíkjandi 1. og 3. kafla frv., um takmörkun á varasjóðshlunnindum félaga og eignaraukaskatt, að ég tel varhugavert að sleppa báðum þeim köflum úr frv. Ég hef því undirskrifað nál. með athugasemd, varðandi 1. kaflann, þar sem ég tel rétt að samþykkja hann nú með nokkrum breytingum. Um eignaraukaskattinn tel ég, að sé nokkuð öðru máli að gegna, og geti verið rétt að fresta því máli, þar til á næsta þingi, og undirbúa afgreiðslu þess betur en þegar er orðið.

Vinnubrögð þingsins í þessu máli hafa verið þannig, að frumvarp ríkisstj. var rætt á mörgum sameiginlegum fundum fjárhagsnefnda í báðum deildum. Þar lögðum við fulltrúar Framsfl. fram tillögur flokksins í málinu. Þær voru í fyrsta lagi um skipun tveggja nefnda með fulltrúum frá bændum og launamönnum til að finna hlutfall milli verðlags landbúnaðarafurða og kaupgjalds stéttarfélaga, er miðist við það, að atvinnutekjur þeirra er vinna að framleiðslu landbúnaðarvara verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta, og til að finna grundvöll framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara, í samráði við búreikningaskrifstofuna. Skyldi verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi við þetta hvort tveggja og breytast eftir því. Þá var tillaga um að á meðan markaðir fyrir útflutningsvörur landbúnaðarins eru að nokkru eða öllu leyti **lokaðir vegna stríðsins,** skyl framleiðendum tryggt samsvarandi verð fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem þarf að flytja úr landi. Þá var tillaga um, að þar til fundinn er sá verðgrundvöllur, sem nefndunum er ætlað að finna, skuli verð landbúnaðarafurða til bráðabirgða ákveðið þannig, að tekið sé meðaltal af því vörumagni, sem daglaunamenn gátu keypt fyrir 10 stunda vinnu í des. 1939 og í sama mánuði 1942, og verðið ákveðið í samræmi við það. Var til þess ætlazt, að kaupgjaldið og verðlagið yrði í þessum hlutföllum til bráðabirgða, þar til annað yrði ákveðið.

Að síðustu var tillaga um það, að verðlag á landbúnaðarvörum og kaupgjaldið skyldi fært niður í jöfnum hlutföllum, þannig, að þær ráðstafanir lækki dýrtíðina að ákveðnu marki. Um þessa eðlilegu leið hefur því miður ekki verið unnt að ná samkomulagi enn sem komið er.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um frumvarpið sjálft. Í 12. gr. þess er lagt til, að dýrtíðaruppbót á laun verði takmörkuð við 80% af verðlagsuppbót samkv. framfærsluvísitölu.

Mundi þetta, ef samþykkt yrði, valda rúmlega 12% lækkun á launagreiðslum, miðað við þá framfærsluvísitölu, sem nú er. Þá er, í 14. gr., svo fyrir mælt, að jafnskjótt sem takmörkun verðlagsuppbótar kemur til framkvæmda, skuli verð landbúnaðarafurða á innlendum markaði lækka um 10% frá því verði, sem var á þeim 31. des. 1942. Í 16. gr. er síðan lagt til, að um leið og áðurnefnd 10% verðlækkun kemur til framkvæmda, skuli, með framlagi úr ríkissjóði, lækka þessar vörur í verði til viðbótar, þannig, að verð á dilkakjöti lækki í kr. 4.50 hvert kg. í smásölu og aðrar tegundir kindakjöts í samræmi við það. Enn fremur að nýmjólkurverð verði fært niður í kr. 1.30 hver lítri, og verð annarra mjólkurafurða eftir því. Ríkisframlagið til lækkunar á kjötverðinu miðast við þær birgðir, sem fyrir eru í landinu, en framlagið til lækkunar á mjólkinni falli niður 1. maí. En skv. 15. gr. er lagt til að skipa 5 manna nefnd, til að gera verðlagsskrá yfir framfærslu- og framleiðslukostnað landbúnaðarins, og gera á þeim grundvelli vísitölu eða vísitölur, sem fara skal eftir við ákvörðun verðs landbúnaðarvara. Hafi nefndin eigi lokið þessu fyrir 1. maí, mundi sú lækkun á mjólkurverði, sem framleiðendum er ætlað að taka á sig eftir þann dag og þar til vísitalan er fundin, nema tæplega 26%, á móti rúml. 12% lækkun á kaupgjaldi eins og áður er um getið. Þetta tel ég mjög óeðlilegt og óaðgengilegt fyrir framleiðendur.

Verði dráttur á því, að nefndin ákveði vísitölugrundvöllinn, er svo fyrir mælt, í 15. gr., að á meðan skuli sú regla gilda, að mjólk og mjólkurvörur lækki um 1% fyrir hvert vísitölustig undir 230 niður í 200 stig. Er því þarna gert ráð fyrir að verðlækkunin á þessum afurðum verði rúmlega helmingi meiri, hlutfallslega, heldur en lækkun kaupgjalds og launa á sama tíma. Sama regla á að gilda um verðlækkun á kjöti, kartöflum og grænmeti, eftir 1. sept. næstk., hafi nefndin eigi ákveðið grundvöll fyrir vísitölu landbúnaðarvara fyrir þann tíma.

Hæstv. ríkisstjórn hefur nú nýlega lagt fram breytingartill. við umræddda kafla frv., á þskj. 651. Er þar (í b.-lið) tekið fram, að nefndin, sem á að ákveða grundvöll framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara og vísitölu, eða vísitölur, skuli ljúka störfum fyrir 15. ágúst. Í c-lið (14. gr.) brtt. er svo fyrir mælt, að smásöluverð kjöts, mjólkur, mjólkurafurða, garðávaxta og grænmetis skuli fundið með því að leggja til grundvallar verð þessara afurða í jan.—marz 1939, að viðbættri 40% grunnverðsuppbót ásamt vísitölu 220, og gangi þetta verð strax í gildi. Skv. d-lið (15. gr.) á ríkissjóður að borga mjólkurframleiðendum verðmuninn, frá núverandi verði, þar til 15. maí næstk., en þá á ríkisframlagið að falla niður. Ríkissjóði er ætlað að borga ¾ hluta verðmunarins á þeim kjötbirgðum, sem fyrir eru í landinu. Útsöluverð á mjólk mundi samkvæmt þessu lækka úr kr. 1.75 niður í kr. 1.23 eða um 30% og eiga framleiðendur að bera þessa verðlækkun eftir 15. maí. Frá 15. maí og þar til vísitölugrundvöllur er fundinn, á verð á mjólk og mjólkurvörum að lækka um 1% fyrir hvert vísitölustig undir 220 í 200 stig, eða um það bil helmingi meira hlutfallslega en kaupið.

Samkv. 2. lið 14. gr. á ekki að greiða hærri verðlagsuppbót á laun og kaup en samsvarar vísitölu 220. Mundi þetta gera um 16% lækkun kaupgjalds frá því, sem nú er, á sama tíma sem mjólkurverðið á að lækka um 30% eins og áður segir.

Útsöluverð á dilkakjöti mundi einnig lækka um ca. 30% frá því verði, sem var á því áður en ríkisstjórnin ákvað að lækka verðið með ríkisframlagi, en eins og áður getur, mundi ríkissjóður greiða ¾ hluta lækkunarinnar á þeim birgðum, sem fyrir eru í landinu við gildistöku laganna.

Í sambandi við þessar tillögur kemur til athugunar, hvort það sé eðlilegt og sanngjarnt að ákveða hlutfallslega miklu meiri verðlækkun á landbúnaðarvörum á innlendum markaði en svarar þeirri lækkun á kaupgjaldi, sem verður á sama tíma. Vaknar þá m. a. sú spurning, hvort verð á landbúnaðarvörum hafi hækkað hlutfallslega meira en kaupgjaldið að undanförnu. Því hefur verið haldið fram af mörgum, að svo hafi verið, og er sennilegt, að þær kröfur og tillögur, sem oft hafa komið fram um verðlækkun á þessum vörum, séu byggðar á þeirri trú, að bændur landsins hafi fengið meiri hækkun á

afurðaverðinu en svarar til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á kaupgjaldinu.

Ég hef nýlega athugað skýrslur, sem birtar hafa verið í ritum Alþýðusambands Íslands árið 1939 og 1943, um kaupgjald daglaunamanna í 40 verkalýðsfélögum í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Samkv. skýrslu, sem birtist í dagblaði hér í bænum í s. l. nóvember, í fréttum af þingi Alþýðusambandsins, sem þá stóð yfir, höfðu þessi 40 félög þá um það bil 8700 menn innan sinna vébanda.

Við samanburð á grunnkaupi í dagvinnu hjá þessum félögum árið 1939 og nú sést, að tímakaupið hefur hækkað hjá þeim að meðaltali um nálægt 65%. Á þessu þingi hefur verið lögfest orlofsfé, sem telja má til kjarabóta auk þeirrar grunnkaupshækkunar, sem hér hefur verið nefnd. Dagvinnutíminn mun víðast hafa verið styttur, á s. l. ári, og hafa verkamenn talið þá breytingu til kjarabóta, en hér er það ekki tekið með í reikninginn. Sé meðaltímakaup verkamanna í þessum 40 félögum árið 1939, sett 100, og bætt þar við meðalgrunnkaupshækkun, núgildandi vísitölu og orlofsfé, kemur út talan 450. Til samanburðar má benda á, að það mjólkurmagn, sem kostaði 100 aura 1939, kostar nú 438 aura, og vísitala kjötverðsins, reiknuð á sama hátt, er nú 441.

Þessi samanburður sýnir, að það er síður en svo, að hækkun afurðaverðsins hafi orðið meiri en hækkun kaupgjaldsins síðan fyrir styrjöldina, og þar af leiðandi er óeðlilegt að ætlast til þess, að bændur lækki afurðaverðið, nema tekjulækkun verði hjá öðrum stéttum.

Ég hef athugað hvernig slíkur samanburður á afurðaverði og kaupgjaldi mundi líta út, ef samþykktar yrðu breytingartillögur hæstv. ríkisstjórnar og uppbætur yrðu reiknaðar með vísitölu 220. Ef verkamannakaupið 1939 er sett 100, og bætt þar við þeim meðaltalshækkunum, sem orðið hafa á því, eins og ég gerði í dæminu hér á undan, verður útkoman 378. En vísitölur fyrir mjólkur- og kjötverð, reiknaðar á sama hátt, mundu verða 308. M. ö. o.: Verkamenn gætu þá fengið rúmlega 22% meira magn af landbúnaðarafurðum fyrir klukkustundarkaupið nú en þeir fengu árið 1939.

Ég vil nú spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvort hún hafi fengið fregnir af því að verð á landbúnaðarvörum í öðrum löndum hafi hækkað hlutfallslega minna en kaupgjaldið síðan fyrir styrjöldina? Hæstv. ráðherrar tala um það, að allt öryggi vanti um framtíðarlausn málsins, ef tillögur fjárhagsnefndar verða samþykktar. En hvaða öryggi er í þeirri lausn, sem hæstvirt stjórn stefnir að með sínum tillögum? Það skapar ekkert framtíðaröryggi að lækka dýrtíðina á kostnað bænda, meðan launamennirnir vilja ekki slaka til. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að reynt verði að ná samkomulagi við báða aðila um niðurfærslu. Náist það ekki, verður að sjálfsögðu að grípa til annarra ráða.

Ég get búizt við, að á það verði bent af einhverjum, að grunnkaupshækkun hjá opinberum starfsmönnum og öðru fastlaunuðu fólki sé yfirleitt allmiklu minni en meðalhækkun á kaupi daglaunamanna, sem hér hefur verið reiknuð út. Þetta mun rétt vera, en í því sambandi má benda á, að menn í föstum stöðum hafa meira öryggi um lífsafkomu og minni áhættu en bændur og verkamenn, og virðist því eðlilegra, að samanburðurinn sé gerður milli verkamanna og bænda.

Á hitt vil ég líka benda, að t. d. kaup vegavinnumanna, sem ekki er tekið með í útreikning mínum um kauphækkun verkamanna, hefur hækkað miklu meira víðast um land en nemur meðal kauphækkun annarra daglaunamanna. Mun hækkun á grunnkaupi þeirra síðan fyrir stríðið vera nálægt 100%, en það er einmitt vegavinnukaupið, sem hefur einna mest áhrif á það kaupgjald, sem bændur þurfa að borga.

Tel ég því sízt hallað á launamenn yfirleitt í þessum samanburði, sem ég hef gert.

Í brtt. fjárhagsnefndar, sem fyrir liggja, eru þau ákvæði til bráðabirgða um verðlag á landbúnaðarvörum á innlendum markaði, að ríkisstjórninni er heimilt að lækka nokkuð verð á kjötbirgðum, sem fyrir eru í landinu, gegn framlagi úr ríkissjóði, þannig að eigendur kjötbirgðanna hljóti engan skaða af þessari ráðstöfun. Um mjólk eru sett þau ákvæði, að heimilt er að lækka útsöluverð hennar, þó ekki um meira en 45 aura hvern lítra. Af þessari verðlækkun eiga framleiðendur að bera nokkurn hluta, þannig, að lækkun á verðinu til þeirra verði hlutfallslega jöfn þeirri lækkun, sem verður á vísitölunni og þar með á kaupgjaldi og launum, en að öðru leyti greiðist verðlækkunin úr ríkissjóði.

Hér er því lagt til, að því aðeins verði lækkun á afurðaverðinu til framleiðenda, að hlutfallslega jafnmikil lækkun á launum og kaupgjaldi eigi sér stað. Í því sambandi vil ég minnast á þá útreikninga, sem hæstv. fjármálaráðherra taldi sýna, að 40% grunnverðshækkun á afurðaverði til bænda væri hæfileg, miðað við þá kaupgjaldshækkun, sem orðið hefur. Þessa útreikninga vildu einstakir nm. í fjhn. taka gilda og byggja á þeim, og er að þessu vikið í nál., en um það er þar einnig athugasemd frá mér og öðrum nefndarmanni, sem neitum algerlega að fallast á slíka reglu. Jafnvel þótt búreikningar hafi sýnt, að um 78% af útgjöldum bænda væru kaupgjald, tel ég að ekki nái neinni átt að ætla bændum aðeins grunnverðshækkun á 78% afurðanna, meðan engar skýrslur liggja fyrir um það, hvað aðrir útgjaldaliðir við búrekstur hafa hækkað og hvað mikil hækkun hefur orðið á því kaupgjaldi, sem bændur þurfa að borga síðan fyrir styrjöldina.

Eins og áður segir á þessi hlutfallslega lækkun á afurðaverði og kaupi að gilda til bráðabirgða, þar til sú sex manna nefnd, sem lagt er til að skipuð verði, hefir lokið störfum, en þó gildi þessi ákvæði eigi lengur en til 15. sept.

N. á að finna grundvöll að vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara og reyna að komast að samkomulagi um hlutfall milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttarfélaga, er miðist við það, að heildartekjur þeirra, er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Skal í því sambandi tekið tillit til þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir.

Komist n. að sameiginlegri niðurstöðu um þessi atriði, skal verðlag á landbúnaðarvörum

ákveðið í samræmi þar við, meðan ófriðarástandið helzt. Mundi þá innanlandsverðið á afurðum bænda af sjálfsögðu ákveðast með hliðsjón af því, hversu hátt verð þeir fá fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem seldur er á erlendum markaði, þannig að heildartekjur þeirra verði í samræmi við tekjur annarra, eins og áður er sagt.

Sú aðferð að lækka dýrtíðarvísitöluna með fjárframlögum úr ríkissjóði getur ekki orðið til varanlegra úrbóta í dýrtíðarmálunum. Einhverjum árangri er hægt að ná í bili, en það er engin lækning á meininu, og vil ég taka það fram, að ég tel mjög varhugavert að eyða stórum fjárhæðum af ríkisfé til þess að kaupa niður dýrtíðarvísitöluna, þó ég sé með því, að stjórnin fái nokkrar heimildir til slíkra ráðstafana í bili. Því miður hefir ekki enn verið unnt að ná samkomulagi um þá leiðina að lækka innanlandsverðið og kaupgjaldið til þess að koma fram með því móti nauðsynlegri lækkun á vísitölunni. Bændurnir hafa tjáð sig fúsa til að lækka verðið á afurðunum, ef samtímis færi fram hlutfallsleg niðurfærsla á launum og kaupgjaldi. En til þessa hefur það strandað á launamönnum og fulltrúum þeirra. Þeir hafa enn, sem komið er, ekki viljað fallast á að sleppa neinu, jafnvel þó að aðrir vildu einhverju fórna. Ég tel rétt, að reynt verði að ganga úr skugga um það betur en orðið er, hvort unnt sé að leysa þessi mál með samkomulagi. Eins og ég hef þegar bent á, er í tillögum fjárhagsnefndar, og einnig í tillögum ríkisstjórnarinnar, gert ráð fyrir skipun sex manna nefndar, er reyni að komast að niðurstöðu um sanngjarnt hlutfall milli afurðaverðs og kaupgjalds. Vitanlega er allt í óvissu um það, hvort þessi tilraun ber árangur. En ég tel rétt, að tilraunin sé gerð, því að það væri mikilsvert, ef samkomulag gæti tekizt, þannig, að togstreita og metingur um þessi efni, sem mjög hefur borið á um tíma, gæti minnkað í bili.

En jafnvel þó það tækist að komast að samkomulagi um hlutfallið milli afurðaverðs og kaupgjalds og deilur um það efni minnkuðu í bili, er það eitt út af fyrir sig ekki nóg til lausnar á þessu vandamáli. — Þá er eftir að færa niður verðlagið og kaupgjaldið til þess að minnka dýrtíðina, svo að atvinnurekstur geti þrifizt á heilbrigðum grundvelli. Í því máli þarf að fást niðurstaða, svo að rekstur þjóðarbúsins geti orðið með eðlilegum hætti.

Öllum stéttum þjóðfélagsins þarf að verða það ljóst, ef þær hafa ekki skilning á því nú þegar, að þær verða að miða kröfur sínar við getu þjóðfélagsins til þess að fullnægja þeim. Með því einu móti getur þjóðfélagið haldið heilsu. Með því einu móti getur atvinnulíf þjóðarinnar verið heilbrigt, og þá er hægt að koma í veg fyrir allt atvinnuleysi.

Enginn má heldur skorast undan því að taka á sig sanngjarnar kvaðir til sameiginlegra þarfa. Sé ekki gætt nauðsynlegs samræmis, er hætt við, að illa fari.

Ég tel sjálfsagt, að alvarleg tilraun verði gerð til þess að ná samkomulagi milli stéttanna um þessi mál. Teldi ég í því sambandi máli skipta, að sem víðtækust samtök yrðu á þingi og utan þings um slíka tilraun. Vel má vera, að æskilegt væri að þær ályktanir, sem samþ. yrðu um slíkar samkomulagstilraunir, ættu að vera víðtækari en enn hafa komið fram tillögur um.

Af samþykkt, sem gerð var á nýafstöðnu búnaðarþingi, má ráða, að bændur muni ekki skerast úr leik í þessu efni. Vonandi er, að samtök annarra stétta taki einnig á málinu með skilningi og ábyrgðartilfinningu og hafi fyrir augum hagsmuni og þörf þjóðarheildarinnar, þegar gengið er að slíkum samningum. Fari hins vegar svo, að einstakir hópar innan þjóðfélagsins vilji ekki taka með sanngirni á málum og fari sínu fram og skeyti lítt um alþjóðarhag, er ný Sturlungaöld nærri, og vofir þá sú hætta yfir, að stéttadeilur og flokkadrættir valdi óhöppum, líkum þeim, er urðu fyrir 7 öldum. En þess er að vænta, að allir, eða a. m. k. flestir landsmenn, vilji koma í veg fyrir, að svo ógiftusamlega takist, og vilji afstýra því með hverjum þeim ráðum, sem tiltækileg eru.

Stefán Jóh. Stefánsson: Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., lýsti ég yfir því, að Alþfl. væri samningsfús um öll atriði, er til bóta horfðu, en á móti allri rangsleitni og misrétti í því. Út frá þessari yfirlýsingu hefur flokkurinn einmitt gengið til starfa við þessa 2. umr. Ég benti á það, að flokkurinn gæti hugsað sér að samþykkja 1.—3. kafla með þeim breytingum, sem aðrir flokkar gætu sameinazt um. Einnig lýsti ég yfir því, að Alþfl. mundi ekki fyrir sitt leyti samþ. 4. kafla, að skera niður 20% af dýrtíðaruppbót á laun. Fulltrúar flokksins í báðum fjhn. hafa starfað að lausn málsins samkv. þessu.

Brátt kom í ljós við samtöl í nefndunum, eins og hv. frsm. benti á, að stj. mundi ekki fá frv. samþykkt óbreytt. Hvort sem það er rétt hjá hv. þm. A.-Húnv., að enginn þm. mundi hafa verið með því óbreyttu, þá er hitt víst, að mikill meiri hl. hefði verið á móti því.

En orð og yfirlýsingar hæstv. stj. hafa ekki gefið til kynna neina úrslitakosti, og það kom skýrt fram hjá hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh., að um skerðingu á dýrtíðaruppbót væri ekki að ræða, nema um það næðust samningar.

En þegar stj. var ljóst, að frv. mundi ekki ganga í gegn óbreytt, þá sendi hún n. brtt. við það, sem eru prentaðar á þskj. 651 og eru einnig hér til umr.

En það varð þó auðsætt, að þessar till. mundu ekki heldur ná meiri hl., og ég hygg, að enginn hinna fjögurra þingflokka muni geta sætt sig við þessar umbætur stj. óbreyttar. Það varð því til þess, að fjhn. þessarar hv. d. fór að íhuga nánar samvinnugrundvöll innan n., og árangurinn er á þskj. 663.

Höfuðtill. eru því á tveimur þskj., tvær línur. Till. stj. eru á þskj. 651, en till fjhn. á þskj. 663.

Þegar litið er fyrst á till. stj., þá eru engar breyt. á 3 fyrstu köflunum um skattaálögurnar. Stj. hefur því ekkert breytt þeim köflum. Hins vegar hefur n. lagt til, að 1. og 3. kafli falli burt og að 2. kafla verði mikið breytt.

Um 4. og 5. kafla koma ólíkar till. frá stj. annars vegar og n. hins vegar.

Um þá kafla, er snerta skattaálögurnar, vil

ég segja, að flokkur minn er ekki ánægður með þá eins og stj. gengur frá þeim og mun ekki geta greitt þeim atkv., einkum 1. og 3. kaflanum. En væntanlega flytjum við þá brtt. við þessa kafla, því að Alþfl. vill einnig láta afgreiða þá. Ég mun því ekki fjölyrða um þá að sinni, en síðar verður tækifæri til þess, af flokkurinn kemur fram með brtt. Ég mun því víkja frá þessum köflum og snúa mér að hinum, sem eru þungamiðjan, dýrtíðarráðstafanirnar sjálfar, verðlag landbúnaðarafurða og kaupgjaldið. N. hefur lagt til, að slegið væri á frest endanlegri ákvörðun um hlutfallið milli afurðaverðs og kaupgjalds, en þó lagt til að lækka dýrtíðina um 30 stig og greiða kostnaðinn við það að mestu úr ríkissjóði. Út af þessu vil ég taka það fram, að minn flokkur hefði helzt kosið að leggja einhvern fastari grundvöll í þessum efnum á þessu þingi en fram kemur í till. n., og að því leyti stendur flokkurinn nær till. stj., þótt vitanlega yrði þá að breyta þeim. Fyrir þær sakir, að tilraun stj. til að leiða málið fyrr til lykta liggur nær sjónarmiðum flokksins, mun hann taka þann kostinn að bera fram brtt. við sjálft stjfrv.

Þótt hv. þm. A.-Húnv. gæfi nokkurt tilefni til, þá mun ég ekki víkja að ræðu hans. Ég vil aðeins taka það fram, að minn flokkur telur, eftir að hann hefur athugað till. stj. um 40% grunnverðsuppbót, að það sé mjög til samræmis við grunnkaupshækkun hjá launastéttum landsins.

Þá skal ég víkja að brtt. okkar hv. þm. Hafnf. á þskj. 674 við brtt. stj. á þskj. 651. Um leið vil ég beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt við atkvgr. að bera fyrst upp brtt. stj. ásamt brtt. okkar, og skilst mér, að ekki þyrfti að vera ágreiningur um það, ef það þættu heppilegri vinnubrögð. Ástæðan er sú frá minni hendi, að afgreiðsla þessara till. mundi móta afstöðu Alþfl. til tillagna fjhn., og mundum við þá skoða þær sem varatill. Þótt óvenjulegt sé að bera þannig einn þátt frv. undir atkv., þá teldi ég það eðlilegt, ef enginn hefur á móti því, og vildi mega ganga út frá því sem gefnu, þar til fram á annað sæist.

Það má segja, að í brtt. okkar á þskj. 674 sé eitt aðalatriði, sem er ákvarðandi fyrir afstöðu flokksins til brtt. stj., og það atriði er, að tryggt sé, að launastéttirnar fái greidda fulla dýrtíðaruppbót, hver sem hún svo verður. Það verður ekki séð á till. stj., hvort hún vill tryggja fulla dýrtíðaruppbót, og þar sem engin ákvæði eru um það, þá fær Alþfl. ekki unað við það óbreytt. Ég vænti þess þó eftir orðum hæstv. félmrh. og ummælum hæstv. stj. við fjhn. Nd. að dæma, að ekkert sé þessu til fyrirstöðu. En ég tel það gersamlega ákvarðandi fyrir afstöðu flokksins, að þetta sé tryggt.

Í annan stað leggjum við til, að breytt sé skipan þeirrar n., er rannsaka á hlutfallið milli verðlags og kaupgjalds og gera tilraun til samkomulags milli framleiðenda og neytenda. Við leggjum til, að n. verði skipuð 5 mönnum í stað 6, tveimur fulltrúum fyrir landbúnaðinn og tveimur fyrir launþega og einum óháðum oddamanni. Hvorki hagstofustjóri né forstöðumaður búreikningaskrifstofu ríkisins virðast kjörnari til að tryggja réttlátari niðurstöður í n. en aðrir, en eru henni eðlilegir til aðstoðar.

Þá er sá munur á till. okkar og ákvæðum stj., að eftir okkar till. verða niðurstöður þessarar n. ekki bindandi, nema hún verði sammála. Ég vísa til ræðu hv. frsm. fjhn., hv. þm. V.-Ísf.

Nú er hafin alvarleg tilraun til að ná samkomulagi milli bænda og verkamanna. Náist það ekki, þá verður hið pólitíska vald að grípa í taumana, og þá kemur til kasta þingsins.

Það væri ekki rétt, að meiri hl. í n. réði úrslitum í svo viðkvæmum málum, sem hér um ræðir. Það væri ábyrgðarhluti að fá henni slíkt vald í hendur án nokkurrar íhlutunar af umbjóðandanum, sem er Alþ.

Hv. fjmrh. sagði, að það væri óviðunandi fyrir stj. að ganga fyrir kné allra verkalýðsfélaga í landinu til þess að fá hjá þeim heimild til þess, að greiðsla verðlagsuppbótar á kaupgjald fari fram eftir þeirri vísitölu, sem er byggð á verðlaginu 1. dag þess mánaðar eftir að frv. þetta verður að l.

En það er vafasamt að líta á þetta. Á stuttum tíma mundi stj. geta fengið upplýsingar um það hjá samtökum launþega, hvernig þeir mundu una þessu. Og fari svo, að fulltrúar stéttafélaganna verði sammála, þá sakar ekki leyfi þeirra. Ég tel þvert á móti rétt og vel farið, að stj. afli sér þessarar heimildar, ef hún getur.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um þær brtt., sem fyrir liggja frá mér og hv. þm. Hafnf., og ég vil endurtaka það enn einu sinni, að Alþfl. vill gjarnan fá samkomulag um þetta mál, en þó með því ófrávíkjanlega skilyrði, að tekin séu til greina þau höfuðatriði, sem ég hef bent á. Alþfl. óskar ekki eftir neinu öðru fyrir hönd launastéttanna en að þeim sé sýnt réttlæti. Hann óskar þess ekki, að launastéttirnar fái nein forréttindi fram yfir aðrar stéttir þjóðfélagsins, en hann vill ekki fallast á, að þær séu beittar misrétti. Till. Alþfl. eru byggðar á því eingöngu.

Ég vildi nú, að hæstv. ríkisstj. léti heyra, hvort hún teldi ekki brtt. okkar við till. hennar heppilegar og mælti með, að þær yrðu samþ. Tel ég þá að meiri hl. Alþ. gæti sameinazt á þeim grundvelli. Á því er enginn vafi, að það þarf að gera slíkar ráðstafanir, sem þarna er lagt til, að gerðar séu, og ég hygg, að þær verði betur gerðar með því að samþykkja till. okkar en till. fjhn., þó að ég sjái þar tilraun til að leysa málið. En í þeirri till. finnst mér of miklu skotið til framtíðarinnar. Ég ætla, að sterkari og betri grundvöllur fáist með brtt. okkar við brtt. stj. en með till. fjhn. En að þeim föllnum mundi Alþýðuflokkurinn athuga, hvort hann getur fallizt á till. fjhn.

Forseti (JJós): Ég hef heyrt óskir þær, sem hv. 4. þm. Reykv. bar fram um atkvgr. um brtt., þegar þar að kemur. Ég get ekki sagt neitt ákveðið um það, en lofa, að það verði tekið til athugunar í samráði við aðra aðila málsins.

Umr. frestað.

Á 93. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (*A. 451, n. 662, 651, 663, 673, 674, 687, 688*).

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Áður en ég vík að þeim brtt., sem ég flyt við till. fjhn. ásamt hv. 2. þm. N.-M., þá vil ég fara nokkrum orðum um þau mál, sem í daglegu tali eru nefnd dýrtíðarmál. Ég tek það fram, að þegar ég á við till. hv. fjhn. og hæstv. ríkisstj., þá á ég við þær till., sem þessir aðilar hafa lagt fram við tvo síðustu kafla frv., þ. e. kaupgjalds- og verðlagsmál. Mér kemur ekki á óvart, þótt erfitt muni reynast að lækka dýrtíðina. Fyrst ekki fékkst samkomulag um að stöðva dýrtíðina, þá mun veitast erfitt að fá samkomulag um að færa hana niður.

Mörg orð hafa fallið í garð Alþ. og ríkisstj. um þann seinagang, sem verið hefur í dýrtíðarmálunum, en ég tel, að málavextir allir séu svo, að varlegt sé fyrir jafnt utan- sem innanþingsmenn að gerast mjög dómfrekir, þótt erfiðlega gangi að fást við þessi mál, eins og nú er komið. Menn verða að gera sér ljóst, að nú er þessum málum þannig varið, að gæta verður fullrar varúðar og gætni, ef árangur á að nást. Frá því í haust hafa allir flokkarnir lýst yfir því, að þeir vildu reyna samkomulagsleiðina í þessum efnum. Ég mun ekki rekja hér sögu þessa máls né heldur svara ummælum viðvíkjandi fortíðinni, jafnvel ekki rangfærslum í ræðum ýmissa hv. þm., sem hér hafa talað. Ég vil aðeins slá því föstu, að flokkarnir lögðu áherzlu á þetta atriði, og hv. ríkisstj. virtist a. m. k. í aðra röndina hafa tekið upp sömu stefnu við 1. umr. Frv. hennar bar vott um þetta, og þó einkum ræður, sem haldnar voru af hálfu ríkisstj. Frv. hennar byggðist ekki á lögbindingu kaupgjalds og verðlags nema að litlu leyti. Það var fremur byggt á því, að samkomulag næðist við hlutaðeigandi aðila. Ef slíku samkomulagi varð ekki náð, þá var frumvarpið gagnslaust eða gagnslítið, vægast sagt. Það kom einnig fram af hálfu hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. við 1. umr. málsins, að þeir kærðu sig ekki um, að frv. yrði samþ., nema þetta samkomulag næðist. Þessi afstaða hæstv. ríkisstj. hefur orðið þess valdandi, að þeim, sem telja sig hafa umboð fyrir verkalýðinn í landinu, hefur verið afhent stöðvunarvald í dýrtíðarmálunum. Í vetur lá mjög óljóst fyrir, hvernig þessir aðilar hugðust nota þetta stöðvunarvald, en nú liggur skýlaust fyrir, að þeir muni nota það vald til þess að ganga ekki inn á neina lækkun kaupgjalds hjá verkafólki, nema þá, sem leiðir af lækkun vísitölunnar. Þeir vilja ekki, að verkalýðurinn slaki neitt til. Ég skal ekki nú fella neinn dóm um afstöðu flokkanna í þessu, en vil benda á, að af þessari afstöðu verkalýðsflokkanna leiðir, að ekki verður hægt að gera neitt verulegt til þess að lækka dýrtíðina. Þetta er staðreynd, sem enginn getur gengið fram hjá, og út frá þessu verður að dæma um allar till., sem fram kunna að koma. Þeir, sem ekki vilja una við, að lítið verði aðhafzt í dýrtíðarmálunum, verða að taka upp lögbindingartill., sem snerta alla, er hlut eiga að máli. Þeir, sem eigi vilja til þess úrræðis grípa, verða að viðurkenna, að ekki er hægt að gera neitt verulegt átak í dýrtíðarmálunum nú. Fram hjá þessu er ómögulegt að komast. Mig undrar stórum að heyra, að sumum virðist ekki vera þetta ljóst. Hæstv. fjmrh. virðist alls ekki vera þetta ljóst. Hann talaði eins og stj. ætti hér einhverjar till., sem væru einhver úrlausn á dýrtíðarmálunum. Þetta verður að athuga nánar. Hæstv. ríkisstj. leggur til, að eigi verði hróflað við kaupgjaldinu. Þegar gengið er út frá þessu, þá er ekki nema tvennt hægt að gera til þess að hafa áhrif á dýrtíðina, og hvort tveggja úrræðið er aðeins til bráðabirgða. Annars vegar er sú leið að bera fé ríkisins í vöruverðið og lækka dýrtíðina eitthvað í bili, án þess að það lækki raunverulega kaupgjald og afurðaverð í landinu. Á þessari leið er sá stóri galli, sem gerir hana ónothæfa nema sem hjálparmeðal í smáum stíl, á meðan fjárhæðir eru viðráðanlegar, að ef ekki næst samkomulag um að færa niður síðar kaupgjald og afurðaverð, þá mun því fé, sem lagt var til lækkunar vöruverðsins, alveg á glæ kastað af hálfu ríkisins. Hæstv. ríkisstj. vill fara þessa leið. Ég varaði við því við 1. umr. að leggja fé fram í þessu skyni, enda þótt ég geti fallizt á, að eitthvað verði gert að því til þess að halda við verðlaginu og viðhalda því áliti manna, að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. og Alþ. að stöðva dýrtíðarflóðið. En þessi leið er neyðarúrræði og má alls ekki nota nema í smáum mæli.

Hins vegar virðast sumir hugsa eitthvað á þessa leið: Launamaðurinn vill ekki slaka á kaupgjaldinu, við viljum ekki fara út í lögbindingu, en við viljum lækka dýrtíðina, og það skal gert með því að lögbjóða lækkun afurðaverðsins. Því miður kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að þetta vakir einmitt fyrir hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. hefur fundið mótstöðu launamanna og verkalýðsins, og hún telur ekki rétt að leggja til, að kaupgjald verði lækkað með l. Af þessu átti ríkisstj. ekki að geta ályktað nema á einn veg: Það er ekki hægt að koma fram neinni verulegri lækkun á dýrtíðinni og allra sízt mögulegt að lækka verðlag landbúnaðarafurða, þegar svo er ástatt um kaupgjaldið. En ríkisstj. hugsar alveg þveröfugt við þetta hún vill lækka landbúnaðarafurðir með l. Ríkisstj. vill nú svífa þar að, sem hún heldur, að mótstaðan sé minni en hjá verkamönnum. Þetta tel ég algerlega rangt að farið og vil í því sambandi sérstaklega vísa til ræðu hv. þm. V.-Húnv., þeirrar, sem hann flutti í gær. Hann sýndi fram á, að ef miðað er við 1939, þá hefur afurðaverðið ekki hækkað meira en tímakaupið, og er þá ekki tekið tillit til orlofsfjár verkamanna. Það er einkennilegt, að þessar till. hæstv. ríkisstj. skuli koma fram, þegar slíkar upplýsingar eru fyrir hendi.

Till fjhn. bera það yfirleitt með sér, að þar eru ólík sjónarmið bræddd saman. Skal ég ekki um þær fjölyrða. Ég skal þó taka fram, að hvað sem um þessar till. er að segja, þá er þar þó viðurkennt það meginsjónarmið, að þar sem ekki fæst samkomulag um allsherjarlækkun af allra hálfu og menn vilja ekki fara lögbindingarleiðina, þá sé ekki hægt að raska því hlutfalli, sem verið hefur á milli kaupgjalds og afurðaverðs. Þetta viðurkennir n. í stað þess að stjórnin leggur til, að þótt verkalýðurinn vildi ekki lækka neitt kaup sitt, þá skyldu bændurnir samt lækka framleiðslu sína. Ég vil hins vegar enn einu sinni taka fram, að ég tel meira en lítið hæpna leið að

borga niður dýrtíðina eins og nú er komið, og vísa ég þar til þess, sem ég hef áður sagt. Það getur hæglega orðið til þess, að þeim peningum verði á glæ kastað, ef ekki fæst frambúðarsamkomulag um lækkun dýrtíðarinnar með öðru móti. Ég tel, að það ætti að ganga miklu skemmra í þessu en n. gefur í skyn, en taka þá heldur þann kost að þola meiri dýrtíð um stund í þeirri von, að samkomulag náist, áður en hrun byrjar.

Ég vil síðan minnast örlítið á það, sem hæstv. fjmrh. sagði um till. n. annars vegar og miðlunartill. hæstv. ríkisstj. hins vegar, því að það þýðir ekki að tala um upprunalega frv., heldur eru það nýju till., sem skipta aðalmálinu. Ég varð undrandi yfir því, að hæstv. fjmrh. skyldi vera að gera tilraun til að láta líta svo út, að aðalmunurinn á þessum till. sé sá, að í hinum nýju till. stj. sé um að ræða stórfelldar till. til að lækka dýrtíðina til frambúðar, en till. n. væru aðeins bráðabirgðalausn. Ég vil benda honum á og bið hann að athuga það mjög vel, að allar till. stj., bæði hið upprunalega frv. og eins síðari till., hafa að þessu leyti alveg nákvæmlega sömu ágalla og till. fjhn. Engar þessara tillagna hafa í sér nokkra varanlega lausn á dýrtíðarmálinu. Mér finnst satt að segja, að þessi áróður hæstv. ráðh. hér á Alþ. sé allkynlegur. Ég vil einnig benda hæstv. ráðh. á, að þó að stj. tækist að fá fram sérstaka lækkun á afurðaverði landbúnaðarins, þá eru engar líkur til, að slíkt stæðist til frambúðar. Það eru engar sérstakar líkur til þess, að n., sem stj. vildi skipa til þess að úrskurða um þessi mál, mundi dæma, að þau hlutföll milli verðs og kaupgjalds, sem stj. miðar við, séu rétt. Þvert á móti eru allar líkur til þess, að ef kaupgjald verður óbreytt, þá yrði hlutfallið dæmt eitthvað líkt því, sem það er nú og fjhn. leggur til, nema framleiðslukostnaður hækki enn, sem raunar eru allar horfur á. Þess vegna er ekkert öryggi að finna í till. stj. fyrir því, að þessi þáttur í till. hennar geti orðið til frambúðar, auk þess sem hér er um ranglæti hið mesta að ræða.

Þá gerir stj. ráð fyrir í sínum till. að allverulegu fé verði varið úr ríkissjóði til að lækka afurðaverðið og þar með vísitöluna og kaupgjaldið í landinu. Það eru ekki neinar minnstu líkur til, að þetta geti orðið til frambúðarlækkunar á vísitölunni, hvort sem það er gert samkv. till. stj., fjhn. eða einhverra annarra. Ég vil beina því eindregið til hæstv. stj., — sérstaklega til hæstv. fjmrh. út af því, sem hann sagði í gær, — að gera sér ekki far um að gera miklu meiri í sínum augum og annarra þann mismun á árangri, sem kann að vera að vænta af till. fjhn. annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar, heldur en nokkur ástæða er til. Hér ber nógu mikið á milli og nógu erfitt að eiga við úrlausnir þingmála, þó að ekki sé verið að koma inn í umr. áróðri um það, að till. stj. séu frambúðarúrlausn, en till. n. aðeins bráðabirgðalausn.

Það, sem hér ber aðallega á milli, er það, að ríkisstj. hyggst að koma fram sérstakri lækkun á landbúnaðarafurðum, en n., og ég hygg mikill meiri hl. þm, álítur hvorki réttmætt né skynsamlegt að vega í þann knérunn, en skynsamlegast sé, fyrst ekki er hægt að fá nú allsherjarsamkomulag, að halda um sinn því hlutfalli, sem er, og láta fara fram rannsókn og reyna samkomulag. En ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að þótt ég ræði málið með þessu móti og þyki till. n. skárri en hæstv. stjórn, þá finn ég það að till. n., að þar er ætlazt til, að meira fé sé lagt fram til lækkunar dýrtíðinni en ég tel fært, og ég álít, að það geti ekki orðið til frambúðar né dugað til lengdar. Ég gerði fyrirspurn um það við 1. umr., hvað stj. áliti, að þyrfti að greiða mikið í slíkar uppbætur skv. frumvarpi stj., og ég hygg, að því hafi verið svarað, að gert væri ráð fyrir um 4½ millj. kr., en fjhn. gerir ekki ráð fyrir meiru en 3 millj. kr. Eins og ég áður sagði, þá get ég þrátt fyrir nána yfirvegun ekki fundið neinn mun á því öryggi, sem þessar tvær leiðir gefa og ekki fundið á þeim annan mun en þann, að stj. heldur enn fast við að gera sérstaka lækkun á landbúnaðarafurðum.

Það er mín skoðun, að haldi hæstv. stj. fast á þessu atriði, verði það til lítils ávinnings dýrtíðarmálunum. Ég vil benda hæstv. stj. á, að það er einmitt höfuðskilyrði fyrir, að eitthvað geti á unnizt í þessum málum, að gætilega verði farið að einmitt nú, því að eins og ég hef margtekið fram, þá er ekki nema um tvennt að ræða annaðhvort samkomulagsleiðina eða lögbindingarleiðina. En meðan menn telja ekki rétt að taka upp lögbindingu, þá verður að halda sig við samningaleiðina, og þá verður að ná samkomulagi allra aðila. Það er ekki samkomulagsleið, ef lögbinda á annan aðilann, en semja við hinn. Menn mega aldrei láta sér úr minni líða, að ef launastéttirnar halda fast við það að slaka í engu til á kaupi sínu, þá er ekki hægt að fá neina frambúðarlausn í dýrtíðarmálunum, og þá er ekki hægt að benda á eina till. sem frambúðarlausn, en aðra sem ónýta bráðabirgðaráðstöfun, því að þá eru allar till. lítt til frambúðar. Meðan aðstaðan er eins og hún er nú, að menn eru á samningaleiðinni og verkalýðsflokkarnir halda sömu afstöðu og þeir gera nú í dag, þá er ekki annað hægt að gera en að reyna að stöðva dýrtíðina og reyna að halda við trú manna á því, að haldið verði í rétta átt. Ég tel alls ekki ómögulegt, að sú samninganefnd, sem nú á að setja, geti náð samkomulagi, því að hún hefur mikið aðhald úr mörgum áttum, sem auka ætti líkurnar fyrir því, að samkomulag næðist.

Þetta er það sjónarmið, sem ég vildi láta koma hér fram að gefnu tilefni. Það er nauðsynlegt, að reynt sé að fá starfsfrið um þessi mál. Það þarf að koma í veg fyrir, að sá bráðabirgðaárangur, sem þegar er fenginn, eyðileggist. Þjóðinni verður áreiðanlega ekki meira gagn gert með öðru en því, eins og allt er í pottinn búið. Er það þó ekki fyrir það, að ég álíti ekki nauðsynlegt að færa niður dýrtíðina, og nægir þar að vísa til ummæla minna um það mál fyrr og síðar.

Ég vil þá minnast örfáum orðum á þær brtt., sem ég hef flutt hér ásamt hv. 2. þm. N.-M. Þær fjalla um aðra kafla en ég hef enn gert hér að umtalsefni, því að þær snerta skattamál. Fjhn. hefur tekið inn í samkomulag sitt að fresta eða

fella niður 3. kafla frv. Hvað sem er að segja um 3. kafla frv., þá er það að mínum dómi alveg augljóst, að það er engin ástæða fyrir Alþ. að fresta að taka ákvarðanir um 1. kafla frv. Ég vil benda mönnum á, að frestun á þessum kafla þýðir, að ekki skuli verða nein breyting á þessu atriði frá því, sem nú er, þ. e. a. s., um varasjóðshlunnindi hlutafélaga við uppgjör fyrir árið 1942. Ég verð að taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta, þegar lagt er til að leggja á landsfólkið þennan viðreisnarskatt, sem til viðbótar við þá skatta, sem fyrir eru, gerir skattana hærri en nokkurn tíma hefur áður verið talað um að leggja á menn hér á landi, hvað þá framkvæmt, þá er ekki rétt, að hlutafélög, sem hafa með höndum gróðastarfsemi í landinu, svo sem verzlanir t. d. haldi þeim varasjóðshlunnindum, sem þau hafa haft undir allt öðrum kringumstæðum. Till. okkar miðar að því að koma uppástungum stj. um þetta efni inn í brtt. n., í stað þess að n. vill fella þennan kafla niður úr frv. Ég veit, að það má finna með nokkrum rökum eitt að þessum till., sem sé það, að hér séu tekin með og svipt hlunnindum ný hlutafélög, sem enga varasjóði eiga. Þar má í fyrsta lagi því til svara, að þeim er ekki miklu vandara um en einstaklingunum, sem stj. og þing virðast ætla að sameinast um að veita ekki slík hlunnindi. En ef einhver leggur svo mikið upp úr þessu atriði, að hann af þeim ástæðum telur sér ekki fært að samþ. till. okkar, þá vil ég benda á, að til eru leiðir, sem væru eitthvað vægari í garð þeirra félaga, sem eiga enga varasjóði, og ég fyrir mitt leyti vil athuga allar skynsamlegar tillögur, sem fram kunna að koma um þetta.

Við höfum tekið inn í þessar till. nokkur nýmæli. Við höfum fellt niður sumt, sem hæstv. stj. lagði til um þessi mál, og tekið upp nýtt í staðinn. Fyrst er það, að við gerum ráð fyrir, að varasjóðs- og nýbyggingarsjóðshlunnindi hjá þeim útgerðarfélögum, sem mestu hafa safnað í sjóði, verði nokkuð takmörkuð frá því, sem verið hefur. Við leggjum til, að þegar nýbyggingarsjóður og varasjóður samtals eru orðnir ein millj. kr., eða nema meira en hlutafé félaganna, þá skuli þessi hlunnindi lækka úr ⅓ í ¼.

Þá er annað nýmæli, sem ég vil vekja athygli hv. þm. á. Viðbótarskatturinn, sem gert er ráð fyrir í till. hæstv. stj. og n., er mjög veruleg viðbót við þá skatta, sem fyrir eru, og verði hann samþykktur, verða skattar hærri en nokkru sinni áður, eins og ég áður sagði. Ég vil biðja menn að athuga, að eftir að skattarnir hafa verið hækkaðir, eins og nú er gert ráð fyrir, verður ákaflega erfitt fyrir þá einstaklinga, sem reka áhættusaman atvinnurekstur, að koma sér upp nokkrum verulegum sjóðum eða eignast nokkuð að ráði til þess að standast nauðsynlega endurnýjun á atvinnutækjum sínum síðar. Þetta á sérstaklega við um útgerðarmenn. Skatturinn verður mjög þungur á þeim tekjum, sem eru talsvert algengar hjá smáútvegsmönnum, sem hafa sæmilegan arð árið 1942. Þeim er nú heimilað að leggja 20% af ágóðanum í nýbyggingarsjóð. Eftir að þessi hækkun á skattinum hefur átt sér stað, teljum við flm., að fullkomin ástæða sé til að hækka þetta framlag upp í ⅓ hluta teknanna, og er það þá jafnhátt og hlutafélögunum hefur verið ætlað. Þó gerum við ráð fyrir, að þetta hafi þau takmörk, að hin auknu hlunnindi komi ekki til, þar sem nýbyggingarsjóður nemur 200 þús. kr. eða þar yfir. Útgerðarmenn hafa um tíma haft allgóða afkomu, en það verður líka að gæta þess, að útlitið er ekki bjart framundan fyrir sjávarútveginn. Ég held þess vegna, að um leið og skattstiginn er hækkaður eins og fyrirsjáanlegt er, að gert verður, þá sé eðlilegt að auka þessi hlunnindi hjá útgerðarmönnum, því að þeir hafa hér mjög sérstöðu í þessum efnum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira um þessar brtt. og læt því staðar numið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég hefði kunnað betur við, að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur, því að ég vildi víkja nokkrum orðum að honum. Þegar núverandi stj. tók við völdum, flutti hæstv. ráðh. allmargar ræður til þjóðarinnar um nauðsyn þess, að allir legðust á eitt, og háska þann, sem af mundi hljótast, ef þetta tækist ekki. Mörgum brá þess vegna í brún, þegar hæstv. stj. lagði fram þetta frv. sitt. Mönnum þótti þar kveða við annan tón en í sáttaræðum hæstv. ráðh. Þeim þótti hnefinn nokkuð greinilega reiddur á loft og þá fyrst og fremst að verklýðssamtökunum. Mönnum þótti að vonum hart, ef úrbótaráðstafanir hæstv. stj. yrðu eingöngu fólgnar í því að svipta verkamenn dýrmætasta rétti sínum, réttinum til samtaka og samninga við atvinnurekendur. Yfir þingið og fjhn. dundu því mótmæli úr öllum áttum. Fjhn. tók nú að vinna að málinu og einsetti sér að stuðla að því eftir mætti að finna samkomulagsgrundvöll. Hún hefur nú lagt fyrir þingið till. sínar um samkomulag til lausnar þessum vandamálum, og nú fær hún ávítur fyrir hjá hæstv. stj., sem talað hefur svo fagurlega um þegnskap og sameiningu allrar þjóðarinnar, og af munni hæstv. fjmrh. heyrum við nú, að ríkisstj. geti ekki unað við neina þá lausn, sem ekki feli í sér kúgun verklýðsfélaganna og lögfestingu kaupgjaldsins við ákveðna vísitölu, ásamt 12% kauplækkun þegar í stað. Þegar fjhn. Nd. er ákveðin í því að leggja till., sem hún álítur vænlegar til samkomulags, fyrir hv. d., þá lýsir hæstv. ríkisstj. yfir því, að slík lausn sé óviðunandi, og hæstv. fjmrh. lýsir yfir því, að með þessu sé verið að heimta af stj., að hún beygi kné sín fyrir verklýðssamtökum þessa lands. Við þekkjum þennan tón og kunnum illa við hann. Okkur þykir hann bera of greinilegan keim af hroka ríka mannsins gagnvart hinum fátæka. Þessum mönnum virðist þykja það sjálfsagt, að verklýðssamtökin búi við ófrelsi, af því að í þeim eru fátækir menn. Það hefur áður komið fram hér á þingi, að Alþýðusamband Íslands er í augum hæstv. ríkisstj. ekki eins fínt félag og t. d. verzlunarráðið eða SÍS. Hæstv. fjmrh. kallar það m. a. s. „að beygja kné sín“ að leita samkomulags við verklýðsfélögin, en hæstv. stj. telur það hins vegar ekki eftir sér að brjóta l., ef um það er að ræða að þóknast verzlunarráðinu eða SÍS. Hún telur ekki eftir sér að beygja kné sín fyrir þeim samtökum. Í alþýðusambandinu eru ef til vill ekki eins fínir menn, þeir ganga

ekki í eins fínum fötum, búa ekki í eins fínum villum. En það eru nú samt þeir, sem skapað hafa villurnar og framleitt auðinn, sem hinir státa af. Það eru þeir, sem flytja hingað vörurnar, er heildsalarnir hafa gróða sinn af. Við mundum að vísu ekki telja hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild of góð til að beygja kné sín fyrir alþýðusambandinu, en við erum þó alls ekki að fara fram á neitt slíkt, heldur það, að verklýðsfélögin séu látin njóta jafnréttis. Við förum fram á það, að tekið sé eins mikið tillit þessara stærstu samtaka þjóðarinnar og annarra samtaka. Það er þetta, sem við eigum við með orðinu lýðræði, Við höfðum reyndar talið, að þótt vilji hæstv. stj. sé ekki betri en raun ber vitni um, þá væru hyggindi hennar meiri en svo, að hún vildi fara að efna til styrjaldar við þessi samtök, því að það hlyti að kosta nýja baráttu, ef fara ætti að kúga þau, og sú barátta mundi fara fram bæði utan þings og innan. Frelsi verklýðssamtakanna til að ráða sjálf málum sínum er þeim dýrmætara en allir fjársjóðir, og þau munu ekki láta hann af hendi baráttulaust. Verklýðssamtökin hafa fullan hug á að knýja það fram, að þessi réttur þeirra sé viðurkenndur, og þau hafa afl til að knýja það fram.

Ég teldi æskilegt, að það kæmi fram, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að gera það að fráfararsök, ef verklýðssamtökin í landinu verða ekki beygð undir kúgunarokið. Ég skil till. fjhn. svo, að með þeim sé leitazt við að ná samkomulagi stéttanna og afstýra deilum, sem annars gætu komið upp, en mér virðist allt annað felast í till. hæstv. stj. Auk þess sem ég fordæmi algerlega þá kúgunarstefnu, sem kemur fram í till. hæstv. stj., vil eg spyrja hana: Með hvaða valdi ætlar hún að framkvæma þessa stefnu? Hér er raunverulega um tvær stefnur að ræða, og önnur hvor hlýtur að verða ofan á.

Það kann að vera, að ýmsir aðrir hefðu fundið betri lausn málanna en við, sem starfað höfum í fjhn. Við höfum gert það, sem við gátum bezt, og ekki reynzt færir um að finna betri lausn með því að þurfa að taka tillit til allra þeirra aðila, sem hér koma til greina. Það er talað um það af miklum fjálgleik, að menn verði að hefja sig yfir togstreitu stéttanna og láta þau sjónarmið ráða, sem miðast við almenningsheill. En ég vil vekja athygli á því, að þessar stéttir eru einmitt þjóðin sjálf, almenningsheill er heill verkamanna, bænda o. s. frv. Það er hægt að skapa kúgunarvald, innlent eða erlent, en það er ekki hægt að skapa raunverulega lausn vandamálanna nema með samkomulagi stéttanna tveggja eða fleiri. Landinu hefur að vísu löngum verið stjórnað með kúgun. Verkalýðsstéttin hefur orðið að þola áþján og ofbeldi yfirstéttarinnar. En við vonum, að þeir tímar séu nú á enda. Verklýðsstéttin er orðin svo öflug, að hún þarf ekki lengur að sætta sig við kúgunina. Og vilji menn ekki leita eftir erlendu kúgunarvaldi, þá er ekki um annað að ræða en leita samkomulags við verklýðsstéttina. Stéttirnar verða sjálfar að koma sér saman. Það er að vísu ekki að svo stöddu hægt að afnema togstreitu stéttanna, því að hún er sjálfur grundvöllur þess þjóðfélagsskipulags, sem við eigum við að búa. Baráttunni milli þessara stétta mun halda áfram, á meðan grundvöllur þjóðfélagsskipulagsins er það, að lítill minni hluti á framleiðslutækin og lifir á vinnu meiri hlutans. Þessi togstreita er frá sjónarmiði verkamanna og bænda barátta um líf þeirra og frelsi. Í þessari baráttu hafa oft verið færðar þær dýrustu fórnir, sem hægt er að færa. Hitt er annað mál, hvort þessum stéttum finnst á hverjum tíma ástæða til að heyja þá baráttu af fyllsta vægðarleysi. Margir telja, að nú sé á ferðum sérstakur voði fyrir þjóðina, ekki fyrst og fremst vegna dýrtíðarinnar, heldur vegna sterkra áhrifa, sem flæða hér yfir. Og það yrði að teljast mikill ábyrgðarhluti að fara nú að efna til ófriðar milli stéttanna, á meðan ekki er sýnt, að ein eða fleiri þeirra séu nógu sterkar til að stjórna landinu, þar til lausn væri fengin. Fyrir rúmu ári var reynt af hálfu þeirra, sem telja sig fulltrúa bændastéttarinnar, að beita hörðu við verkalýðsstéttina, og við vitum, hvernig fór. Nú er svo ástatt, að engar stéttanna hafa reynzt þess megnugar að mynda stjórn. Til þess er kraftajafnvægi stéttanna of mikið, og þetta jafnvægi hlýtur að haldast, á meðan því er ekki breytt fyrir átök stéttanna sjálfra. Við í fjhn. höfum í till. okkar aðeins verið að reikna með raunverulegum kraftahlutföllum stéttanna í landinu. Við höfum ekki sérstaklega verið að berjast fyrir hagsmunum sérstakra stétta, heldur höfum við reynt eftir megni að komast að því, um hvað þessar stéttir gætu komið sér saman og hvað þær gætu sætt sig við á núlíðandi tímum. Við höfum vafalaust hver um sig sína ákveðnu skoðun á þessum till., og hver um sig mundi óska þess, að þær væru öðruvísi. En þessar till. fjhn. eru einmitt komnar fram með tilliti stéttanna, það er þjóðarinnar. Það hefur verið sagt, að þjóðin biði eftir till. til úrlausnar. Ég held, að þessar till. fjhn. séu þær, sem þjóðin getur sætt sig við, eins og nú stendur á. Í sambandi við þessar till. n. hefur verið talað um það, að með þeim sé of langt gengið, að því er snertir uppbætur til bænda. Ég skal ekki draga dul á það, að ég hefði viljað hafa þetta atriði nokkuð öðruvísi. En eg vil spyrja hv. þm. og hæstv. ríkisstj.: Ef sett væru l. á þessu þingi, sem bændastéttin teldi, að væru skerðing á rétti hennar, með hverju ætti þá að framfylgja þeim l.? Bændur framleiða mest af þeim mat, sem við lifum á, meðan aðrar þjóðir í Evrópu eiga að búa við skort og fólk deyr jafnvel úr hungri hundruðum þúsunda saman. Vilja menn stofna til illdeilna við bændur á slíkum tímum? Mér virðist það ekki ráðlegt. Ég stakk upp á því í fjhn., að leitað væri álits bænda um það, hvort ekki væri rétt að leggja uppbæturnar til þeirra í sjóð, sem notaður væri þeim til styrktar að stríðinu loknu, en fulltrúar þeirra vildu ekki fallast á það. Og á meðan skoðanir bænda eru ekki öðruvísi, sé ég ekki, hvernig verkalýðsstéttin eða þingið eða þá ríkisstj. ættu að taka sér vald til að kúga þá. Við getum verið misjafnlega ánægðir með þessa lausn, sem náðst hefur. Ég tel t. d., að fulltrúar bænda hafi spennt bogann of bátt. En ég tel jafnfráleitt að beita bændastéttina ofbeldi og verkalýðsstéttina.

Þá kem ég að því atriði í þessum till., sem er algert nýmæli í okkar l. Þar er ríkisstj. sem sé

fyrirskipað að leita samkomulags við Alþýðusambandið og fá það til að fallast á, að verðlagsuppbót fyrir maímánuð sé reiknuð eftir vísitölunni 1. maí, en ekki mánuði áður, en það mundi þýða 12% lækkun á launum verkamanna í maí. Með þessu væri farið fram á, að verkamenn afsöluðu sér þessu af frjálsum vilja, en það er fórn. Fyrir mann, sem hefur svo sem 1100 kr. að lifa af á mánuði, er það ekki lítil fórn að afsala sér á annað hundrað kr. mánaðarlega. Og ekki er farið fram á, að þetta sé bætt upp. En hins vegar er ríkisstj. heimilað að leggja 3 millj. kr. í sérstakan sjóð, atvinnutryggingarsjóð, sem notaður verði til að tryggja verkamenn fyrir atvinnuleysi.

Ég álít eðlilegast, að svona sjóður yrði stofnsjóður til að tryggja verkamenn gegn atvinnuleysi í sambandi við alþýðutryggingarnar. Það var ákveðið, þegar alþýðutryggingarlögin voru sett á árunum, að einn þáttur þeirra skyldi vera atvinnuleysistryggingar. Var gengið út frá því, að ríkið legði fram allt að 75 þús. kr. í þennan sjóð. Þetta framlag hefur aldrei verið greitt, því að lögin voru svo illa úr garði gerð, að þessi þáttur þeirra hefur aldrei komið til framkvæmda. Nú er talað um það með hverri lýðræðisstjórn, að ef menn vilji viðhalda lýðræði og mannréttindum eftir styrjöldina, þá verði að útrýma atvinnuleysinu, koma algerlega í veg fyrir, að það komi aftur. Þetta þykir sjálfsagt hjá hverri þjóð, þar sem lýðræðisskipulag er, og nú er unnið að því ýmist að koma upp atvinnuleysistryggingum eða endurbæta þær, sem fyrir hafa verið. Ég hafði ekki búizt við því, að íslenzka þjóðin vildi vera eftirbátur annarra lýðræðisþjóða í þessu efni. Ég hef gengið út frá því, að ef Bretland og önnur lönd, sem hart verða úti í þessari styrjöld og verða að borga stríðskostnað, sem nemur upphæðum, sem okkur óar við að nefna, geta lagt út í að skapa fullkomnari alþýðutryggingar en nokkru sinni fyrr, þá geti íslenzka þjóðin, sem hefur grætt á þessari styrjöld, skapað fullkomnari tryggingar hjá sér en nokkur önnur þjóð, ef menn vilja tryggja alla borgara þessa lands gegn sjúkdómum, atvinnuleysi og hverju öðru böli, eftir því sem hægt er með þjóðfélagslegum tryggingum.

Alþýðutryggingunum var komið á eftir óskum verkalýðssamtakanna. Það hefur verið óskað eftir, að þær yrðu fullkomnari. Það er óskað eftir tryggingum gegn atvinnuleysi, sem séu vel úr garði gerðar. Ef verkamennirnir eiga nú á árinu 1943 að borga úr sínum vasa 12% af launum sínum, þá er sanngjarnt, að því fé sé varið til að stofna sjóð, sem gangi inn í alþýðutryggingarnar, og verði slíkur stofnsjóður í samræmi við l. eins og þau mundu verða, ef þeim yrði breytt þannig, að þau yrðu notuð, sjóður, sem verkamannasamtökin eða atvinnuleysissjóðir þeirra ættu aðgang að, ef til þess kynni að koma, að borga þyrfti tryggingarfé vegna atvinnuleysis. Enginn óskar síður eftir því en verkamannastéttin, að til þess þurfi að koma, að atvinnuleysissjóðirnir yrðu notaðir til að borga úr þeim einhvern hungursskammt, til þess að verkamenn geti dregið fram lífið, meðan þeir eru atvinnulausir. Það er ósk verkamannastéttarinnar að hafa næga atvinnu, — alltaf næga atvinnu. Hitt er aðeins neyðarráðstöfun, ef það versta skyldi verða, ef þjóðarheildin skyldi bregðast þeirri skyldu sinni að sjá svo um, að þjóðfélagið verði þannig eftir stríðið, að allir, sem vilja vinna, geti fengið vinnu.

Ég vil strax taka af öll tvímæli um það, ef einhver skyldi vera með ótta um, að þess háttar sjóðir, sem tryggja verkamenn gegn atvinnuleysi, yrðu notaðir, ef verkamenn væru atvinnulausir vegna verkfalls. Slíkt kemur ekki til mála. 71. gr. l. um verkföll hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til."

Mín hugmynd með þessum sjóði er, að honum sé varið til að skapa tryggingu gegn atvinnuleysinu, og við vitum, að þar sem slíkir sjóðir eru til, er þeim venjulega ekki eytt, heldur eru þeir hafðir sem bakhjarl. Þeir eru myndaðir af framlögum ríkis, bæja og verkamanna og eru svo sterkir, að þeir eru oft lánaðir út að nokkru leyti til ýmissa gagnlegra framkvæmda.

Hæstv. fjmrh. segir, að þessar 3 millj. kr. séu bætur komnar, sé þeim varið til að berjast móti dýrtíðinni. Við skulum ekki gleyma því, að fleira þarf að gera nú sem stendur heldur en aðeins að eyða fé til að kaupa niður dýrtíðina. Það þarf líka að leggja grundvöll að okkar þjóðfélagi eins og það á að verða eftir stríðið. Þegar bændur fá persónulega útborgað það, sem fer til að kaupa niður dýrtíðina, eða a. m. k. meiri hlutann af því frá sjónarmiði þeirra, sem sækja þeirra mál fastast, þá finnst mér ekki ósanngjarnt af hálfu verkalýðsins, að það, sem verkamenn verða að greiða úr sínum vasa, fari til að tryggja menn gegn atvinnuleysi að styrjöldinni lokinni.

Ég skal svo láta útrætt um þann kafla, sem mest hefur verið deilt um í sambandi við þetta mál, en snúa mér ofurlítið að þeim kafla, sem ætlazt er til að fella niður eða breyta.

Eins og form. n., hv. þm. V.-Ísf., skýrði frá í framsöguræðu sinni, höfum við 3 komið okkur saman um, þegar séð yrði um afgr. þessa máls, ef það fer á þann veg, sem brtt. gera ráð fyrir, að leggja til, að skipuð verði sérstök mþn., sem hafi lokið störfum fyrir 15. ágúst, til þess að gera till. um breyt. á skattalöggjöfinni, sérstaklega viðvíkjandi eignaaukaskatti. Uppgjör stríðsgróðans hefur ekki farið fram hér á landi, þó að þessi dýrtíðarlög verði samþ. Það geta verið mismunandi skoðanir um það, hvort það eigi að fara fram nú eða síðar á þessu ári, á þinginu, sem byrjar nú eftir nokkra daga. Ég býst við, að það hafi ekki sérstaklega mikla þýðingu, hvort verður gert, en það er engum vafa bundið, að í sambandi við þetta uppgjör og þann eignaraukaskatt, sem hlýtur að verða lagður á, þegar reikningarnir verða gerðir upp eftir öll þessi stríðsgróðaár, þá koma fram mjög eindregnar kröfur af hálfu verkamannastéttarinnar um, að fé, sem þarna fæst, verði varið til þess að tryggja betur þeirra afkomu en verið hefur. Ég skal engu spá, hvort hægt er nú að ná samkomulagi um þær till., sem verkalýðshreyfingin

mundi geta sætt sig við. Ég þarf ekki að lýsa skoðun minni gagnvart því. Ég hef gert það svo oft. Ég vil aðeins segja frá því, að ég hef lagt fram í fjhn. till., sem ég álít persónulega, að væru réttlátar, till., sem búa þannig um hnútana viðvíkjandi endurbyggingarsjóðunum, að tryggt sé, að þeim verði ekki varið í taprekstur, heldur verði hægt að byggja fiskiflotann upp fyrir þá seinna meir. Ég lagði fram till. um mjög mikinn eingaraukaskatt, sem að okkar áliti ætti að gefa 10—20 millj. kr. Samkomulag varð ekki um þessar till. í n. Meiri hl. n. var á því, að rétt væri að fresta stærstu atriðum þessa máls, og það er mín skoðun, að eins og nú horfir við, sé heppilegast að halda fast við það, sem n. leggur til.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem einn hv. meðnm. minn, hv. þm. V.-Húnv., minntist á viðvíkjandi útreikningnum um hækkun hjá verkamönnum og bændum. Það er ekki til að vekja deilur um það, heldur til hins, að bæði sjónarmiðin, sem fram komu í n., komi greinilega fram í d.

Við höfum, eins og brtt. bera vott um, gengið til samkomulags hvorir við aðra. Hins vegar hafa nm. gert grein fyrir því í nál., hvernig þeir hafi reiknað þetta út. Hv. þm. V.-Húnv. vill halda fram, að hækkun á kaupi verkamanna sé upp undir 60—70%. Sannleikurinn er sá, að það sem deilt er um, er það, hvað leggja skuli til grundvallar, og við getum rifizt um það fram og aftur í þinginu. Ein af ástæðunum til þess, að við leggjum til, að þessi n. verði sett, er einmitt sú, að þetta rifrildi er bezt komið í höndum fulltrúa beggja aðila, þar sem þeir geta lagt fram sín rök og deilt um þau. Hv. þm. V.-Húnv. reiknar þannig, að hann tekur tímakaupið eins og það var fyrir stríð. Hann tekur tímakaupið eins og það var fyrir stríð, kr. 1,45, og reiknar hækkunina út frá því. Þá var vinnutíminn 10 stundir, en nú 8, sem er þá það, sem er „normalt“ nú. Það þýðir það, að atvinnurekandi, sem ræður verkamann einn dag, ræður hann nú til að vinna í 8 stundir í stað 10 áður. Atvinnurekandinn gerir þetta m. a. vegna þess, að það er reynslan í öllum löndum Evrópu, að menn afkasti jafnmiklu á 8 stunda vinnudegi eins og 10. Það er því vitanlegt, að það verður 8 stunda vinnudagur, sem eftirleiðis verður miðað við í samningum, og það verður 8 stunda vinna, sem verkalýðurinn hefur til að lifa af. Það er því rangt að miða ekki útreikninginn við 8 stunda vinnudag. Grunnkaup Dagsbrúnarmanna er nú kr. 16.80, og er grunnkaupshækkunin því 16%. En ef svo er unnið lengur, unnin eftirvinna, þá er vinnudagurinn orðinn það langur, að það er skaðlegt heilsu manna og gefur verri vinnuafköst. Eftirvinnan gengur því út yfir heilsu manna og menningarstörf og ætti helzt ekki að eiga sér stað, og sums staðar eru slík vinnulaun undanþegin skatti. Þetta þurfa menn að athuga, þegar þeir reikna þetta dæmi. Meginið af verkamönnum hér í bæ vinna nú 8 tíma. Á þá að reikna með þeim kjarabótum, sem tveggja tíma yfirvinna mundi veita þeim, þegar þeir hafa ekki færi á að fá þá vinnu.

Hv. þm. V.-Húnv. áleit rétt að taka tillit til þess við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða, að það hefði ekki verið hægt að selja nema nokkurn hluta af þessum vörum, en hitt yrði ónýtt. Þetta eru rétt rök frá hans sjónarmiði, en þau eru líka rétt frá sjónarmiði verkamannsins, sem vinnur í 8 tíma, því að honum finnst hart, að sér sé reiknað til kjarabóta á grunnkaupi sú vinna, sem hann vinnur ekki. Ég tek þetta aðeins fram, til að báðar skoðanirnar kæmu fram, en ekki til að vekja deilur um þetta atriði. Þetta var oft rætt í fjhn., og það verður líka rætt í 6 manna n., sem lagt er til að skipa til þess að reyna að finna samningagrundvöll í þessum málum. Ég held, að það sé því þýðingarlítið að vera að endurtaka fram og aftur sömu rökin á þessu stigi málsins.

Ég vil svo að endingu lýsa yfir þeirri skoðun minni viðvíkjandi því, hvernig bera skuli upp till., sem fram hafa komið. Ég álít, að fyrst eigi að bera upp brtt. fjhn. Þá fæst úr því skorið, hvort samkomulagsstefnan eða kúgunarstefnan skuli ráða í dýrtíðarmálunum. Það væri æskilegt, enda er það ósk allrar n., að aðrar till. en hennar verði teknar aftur til 3. umr. Það ætti ekki að neinu leyti að skaða.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Ég vil velja mér að einkunnarorðum setningu, er hv. þm. V.-Húnv. (SkG) sagði við umræðurnar hér í hv. deild í gær um dýrtíðarmálin: „Sé ekki gætt nauðsynlegs samræmis í þessum málum, er hætt við að illa **fari.**“

Ég mun leitast við að færa rök fyrir því, að það er einmitt þetta, sem stjórnin hefur reynt að gera og er meginkjarni í þeim breytingartillögum, sem stjórnin hefur borið fram við þau ákvæði frumvarpsins, er fjalla um verðlag á landbúnaðarvörum og kaupgjaldið.

Þetta mál er erfitt, viðkvæmt og flókið. En þó vona ég, að takast megi að varpa nokkru ljósi á ýmis atriði þess og beita við það öfgalausum rökum og hlutleysi. Þegar dýrtíðarvandamálið er athugað, nægir ekki að stara á kaupgjald og verðlag eins og það er nú í svipinn, þegar það er sem hæst. Það verður líka að athuga sem flest atriði þess síðan stríðið hófst, rekja sögu þess um rúmra þriggja ára bil og draga ályktanir af því með framtíðina fyrir augum.

Stjórnin hefur látið gera línurit, sem sýnir gang málsins síðan 1939, og hafa háttvirtir alþingismenn nú um hríð getað kynnt sér það.

Ég tel, að fá megi all-ljósa hugmynd um hlutföllin milli kaupgjalds og afurðaverðs, með því að reikna út meðalvísitölur fyrir hvert dýrtíðarár. Í fyrsta lagi meðalvísitölur framfærslukostnaðar, í öðru lagi meðalvísitölur Dagsbrúnarkaups fyrir 10 stunda vinnudag og í þriðja lagi meðalvísitölur fyrir verðlag landbúnaðarafurða. Ég hef reiknað út þessar þrjár vísitölur hvert ár fyrir sig og síðan tekið meðaltal af vísitölum ófriðaráranna þriggja, 1940—1942 og útkoman er þessi:

Meðalvísitala framfærslukostnaðar í þessi 3 ár er 166. Meðalvísitala Dagsbrúnarkaups (10 tíma vinna) í þessi 3 ár er 174. Meðalvísitala landbúnaðarafurða í þessi 3 ár er 209.

Útkoman er því sú, að meðalvísitala kaupsins fyrir allt tímabilið er 5% hærri en sjálf fram-

færsluvísitalan, en verð landbúnaðarafurða hefur verið 26% hærra en framfærsluvísitalan að meðaltali öll þessi þrjú ár.

Til þess að hægt sé að sannprófa þetta, skal ég tilfæra tölurnar fyrir hvert ár:

Meðal-vísitala	Fram-færsluk.	Dags-brúnark.	Landbún-aðarafurðir
1940	132	118,7	128,4
1941	159,7	156,8	198,3
1942	205,6	245,8	300,6

Af þessu sést, að meðalvísitala kaupsins er lægri en sjálf framfærsluvísitalan bæði árin 1940 og 1941, en verður talsvert hærri árið 1942 vegna grunnkaupshækkana. Hins vegar er vísitala landbúnaðarafurða lægri en framfærsluvísitalan árið 1940, en töluvert hærri bæði hin árin.

Eins og kunnugt er, varð röskunin mest, bæði á kaupgjaldi og verðlagi, á síðasta ári. Meðalvísitala kaupsins varð 20% hærri en framfærsluvísitalan, en meðalvísitala landbúnaðarafurða varð 46% hærri árið sem leið.

Þessar tölur eru byggðar á útsöluverði landbúnaðarafurða hér í Reykjavík og sanna því ekki, að bændur beri úr býtum í samræmi við það. Er því nauðsynlegt að rannsaka, hvað bændur fengu fyrir vörur sínar fyrr og nú í sinn vasa.

Árið 1939 var meðalverð til bænda fyrir mjólk 24.3 au. pr. lítra. Árið 1942 var meðalverð til bænda fyrir mjólk um 87.72 aur. pr. lítra, eða 3,6-falt verð 1939, en hækkun á ostum, rjóma og smjöri þó meiri. Árið 1939 fengu bændur að meðaltali kr. 1.16 fyrir kg. kjöts. Árið 1942 áætla ég verðið, lágt reiknað 5.80 til bænda, eða nákvæmlega fimmfalt verðið 1939.

Árið 1942 munu bændur fá fyrir ullina um 6,3-falt verðið 1938, en stríðssala var á nokkru af ullinni 1939, og það ár því ekki tekið með.

Árið 1942 munu bændur fá fyrir gærur ca. 4,5-falt verðið 1938, en stríðsverð var á gærum 1939, og það ár því ekki tekið með.

Þessi athugun leiðir í ljós, að meðalverðið, sem bændur fá sjálfir fyrir aðalvörur sínar árið 1942, er 3.6 falt — 6.3 falt meðalverðið 1939, (ull og gærur þó miðaðar við 1938), en meðalvísitala ársins 1942 var 2.06, eða nákvæmlega tvöföld vísitala ársins 1939 og Dagsbrúnarkaup tæplega 2.5 falt.

Nú gæti verið um að ræða að tilkostnaður bænda hafi aukizt svo frá því, sem hann var fyrir stríð, að verðlag landbúnaðarvara gæti ekki verið lægra en þetta. Helztu kostnaðarliðir eru fóðurbætir, tilbúinn áburður, vextir og afborganir af skuldum og þó fyrst og fremst kaupgjald.

Skal nú athugað, hversu verð hafi breytzt á þessu síðan fyrir stríð. Aðaltegundir fóðurbætis eru síldarmjöl og maismjöl. Árið 1939 kostaði síldarmjöl kr. 31.25, en 1942 kr. 32.00 pr. 100 kg eða 25 aura verðmunur á 100 kg. Maismjöl kostaði 1939 um kr. 28.00 pr. 100 kg. hér á staðnum, en 1942 um kr. 78.00 og hefur það því 2,6 faldazt.

Þá er tilbúinn áburður. Erfitt er um samanburð á verði, nema um sé að ræða sambærilegar tegundir. Brennisteinssúrt ammoniak kostaði 1939 kr. 22.09 pr. 100 kg., en 1942 kr. 45.00 og hefur verðið því tvöfaldazt.

Kaupgjald bænda hefur hins vegar stórhækkað síðan fyrir stríð, aðallega á síðasta ári og 1941, en samkv. búreikningum fyrir árið 1940 var hækkun á aðkeyptri vinnu aðeins 9.5%. Því er haldið fram, og það skal ekki véfengt, að kaupgjald í sveitum hafi verið fimmfalt árið, sem leið, frá því, sem það var fyrir stríð. Nú er talið á búreikningum, að kaupgjald fyrir aðkeypta vinnu nemi um þriðjung af heildarkaupi bænda og hafi sá hluti fimmfaldazt, en kaupið að öðru leyti breytzt eins og Dagsbrúnarkaup (meðaltal síðasta árs). Hefur kaupið í heild sinni verið 3.3 falt kaupið 1939. Virðist þá, að þessir stóru liðir í búrekstrinum: Kaupgjald, tilbúinn áburður og fóðurbætir, hafi hvergi nærri hækkað að sama skapi og verð það, er bændur hafa fengið fyrir vörur sínar í sinn vasa, en vaxtagreiðslur staðið óbreyttar.

Að öllu þessu athuguðu hlaut stjórnin að velja þá leið í dýrtíðarmálunum, sem hún nú hefur gert með breytingatillögunum við kaflana um kaupgjald og verðlag. Hún vildi leita nauðsynlegs samræmis milli kaupgjalds og verðlags og festa hlutfallið til bráðabirgða, unz fundin væri nákvæm vísitala fyrir verð landbúnaðarafurða, er fara mætti eftir til frambúðar.

Vísitalan komst hæst upp í 272 stig og hafði þannig hækkað um 172 stig. Af þessum 172 stigum áttu 4 innlendir vöruflokkar 100 stig, en þessir flokkar eru:

Kjötmeti	31.4 stig
Fiskur og fiskmeti	7.18 —
Mjólk, feitmeti (smjörlíki meðtalið) og egg	53.61 —
Garðávextir	7.83 —
samtals	100 stig

Allar aðrar vörur, kol, fatnaður, álnavara, skófatnaður, kaffi, sykur, brauð, búsáhöld, húsaleiga o. s. frv. o. s. frv. áttu ekki sök á nema 72 stiga hækkun. Þó er þarna um að ræða vörur, sem keyptar eru í ófriðarlöndunum sjálfum, fluttar hingað með háum stríðsfrögtum vegna ófriðartrygginga, áhættuþóknunar, sem stundum er vitnað í, unnar hér af dýrum iðnaðarmönnum eða dreift meðal almennings af verzlunarstéttinni og tollaðar hátt af ríkinu sumar hverjar.

Af þessu er ljóst, að meginorsök dýrtíðarinnar er hjá okkur sjálfum, vegna þess að vöruverð og kaupgjald hækka hvað annað á víxl, eins og allir vita, og vegna ósamræmis þar á milli, eins og ég hef sýnt fram á með ljósum rökum, og fólgið er í því, að verðlag innlendra vara er hlutfallslega of hátt.

Þess vegna hefur stjórnin leitazt við að finna lausn dýrtíðarmálsins með því að koma á samræmi hér á milli og lækka vísitöluna í námunda við vísitölu erlendra vara og gæða. Samræmið á milli kaups og verðlags landbúnaðarvöru fæst með því, að setja svipaða „grunnkaupsuppbót" á afurðaverðið eins og þá, er launþegar hafa fengið, en reikna síðan með verðlagsvísitölu á hvort tveggja.

Menn getur greint á um, hvaða grunnkaupsuppbót réttlátust sé, að bændur fái á verðið frá 1939. Fastlaunaðir verkamenn hafa fengið 38%

grunnkaupsuppbót, opinberir starfsmenn, verzlunarfólk og skrifstofufólk um 27%, daglaunamenn hér í bæ 39—55%, ef reiknað er út frá raunverulegum vinnustundum í 8 tíma og í 10 tíma vinnudegi, en víða úti á landi talsvert meira. Stjórnin valdi þá leið að setja ca. 50% grunnkaupshækkun á þann hluta afurðaverðs bænda, er fer í kaupgjald, og jafngildir það 40% á verðið í heild sinni.

Mér er það vel ljóst, að hægt er að gagnrýna þetta á báða bóga. Verkamenn geta sagt: vinnudagurinn er nú almennt, og verður almennt, 8 stundir, og þá er grunnkaupið aðeins 16% hærra en fyrir stríð. Verzlunarmenn og opinberir starfsmenn geta sagt: Við höfum fengið 27% grunnkaupshækkun, hvers vegna eiga þá bændur að fá 50% hækkun? Verkamenn geta sagt: Bændur hafa atvinnutryggingu árið um kring við bú sín, við erum ofurseldir atvinnuleysi ef að kreppir. Launþegar í kaupstöðum segja: vörur bændanna eru okkur miklu dýrari en þeim, því að við verðum að borga allan milliliðakostnað við sölu og dreifingu þeirra. Hjá okkur fóru 16—20% af launum okkar í húsaleigu fyrir stríð, en hjá bændum sennilega um 5% af launum þeirra. Útlendu vörurnar kosta bændur svipað og þær kosta okkur, því að farmgjöldum er þannig hagað, að verðið gæti orðið sem líkast, hvar sem er. Vísitalan er þess vegna hagstæðari fyrir bændur að mörgu leyti en hún er okkur.

En bændur geta svarað: Vinnudagur okkar er lengri en ykkar, þið hafið miklu meiri þægindi, fáið sumarfrí með fullum launum, o. s. frv.

Báðir hafa rétt fyrir sér að nokkru, og er því vandratað meðalhófið. Ég leyfi mér að vænta þess, að stjórnin hafi hitt á þann meðalveg, sem báðir aðilar megi við una, þangað til annað kynni að reynast réttara og sanngjarnara.

Ef tekið er meðaltal af grunnkaupshækkun pr. klukkust. í 8 tíma vinnudegi og 10 tíma vinnudegi er það 47% (meðaltal af 39% og 55%). Sé slíkri grunnkaupshækkun bætt ofan á kaupgjaldshluta afurðaverðsins handa bændum, jafngildir það 36.7% af heildarverði afurðanna. Ef bætt er við það 4% fyrir orlofsfé, yrði útkoman 40.7% grunnkaupshækkun á afurðaverðið í heild sinni, eða líkt og stjórnin reiknar með.

Sé gert ráð fyrir, að verkamenn vinni 9 tíma á dag að meðaltali, og hygg ég þá, að þeir telji hallað á sig, ef svo er gert, og framfærsluvísitalan sé 220, yrði vísitala dagkaups þeirra 303, eða 38% hærri en framfærsluvísitalan. Ef bændur fá 40% hækkun á verðið 1939 og vísitölu 220 þar á ofan, yrði vísitala landbúnaðarafurða 308, eða 40% hærri en framfærsluvísitalan. Er hægt á þessu stigi málsins að finna öllu betra samræmi? Að vísu skal það játað, að með 8 tíma vinnu er dagkaupsvísitala verkamannsins ekki nema 16% hærri en framfærsluvísitalan, en vinnutími bænda er talinn að meðaltali rúmlega 9 stundir á fæðisdag.

Ég hygg, að þau rök, sem ég hef nú fært fyrir því, að tillögur stjórnarinnar geti talizt sanngjarnar í garð beggja aðila, hljóti að sannfæra alla um, að svo sé, ef hugsað er um málið með hlutleysi skynseminnar, en ekki hlutdrægni tilfinninganna. Það er þýðingarlaust að skjóta þessu máli á frest, og jafnauðvelt eða erfitt að leysa það nú eins og síðar.

Ég skal þá fara fáum orðum um brtt. fjhn. Hv. n. hefur þótt kenna verðbólgu í frv. ríkisstjórnarinnar, og hefur hún því fækkað gr. þess úr 18 niður í 8, þ. e., hún hefur fellt niður 11 og bætt einni inn í staðinn. En um lækkun verðbólgunnar að öðru leyti er öðru máli að gegna. N. hefur talið það heppilegra að kalla skattinn verðlækkunarskatt en viðreisnarskatt svona til þess að sýna greinilega, til hvers hann skuli notaður. Annars er það um þessar till. n. að segja, að með þeim eru allar líkur til þess, að frv. komi að engu gagni, og er slíkt með öllu óviðunandi.

Hv. þm. V.-Ísf. gat þess í ræðu sinni, að ef n. sú, sem gert er ráð fyrir, yrði ekki sammála, þá væri þýðingarlaust fyrir löggjafarvaldið að grípa inn í, en hann sagði, að samkomulag væri betra en nokkur lög. Það er að vísu rétt, en hvernig búast menn við, að það samkomulag verði, sem þessi n. kemst að? Stjórnin kýs fremur að lögfesta ákveðið sanngjarnt hlutfall milli kaupgjalds og verðlags en að eiga það undir nokkrum mönnum og því, hvort þeim tekst að verða sammála eða ekki, hvort nokkur árangur næst í baráttunni við dýrtíðina.

Ég hef ekki mikið meira um þetta að segja. Ég er vonsvikinn yfir því, hve lítill vilji virðist vera til þess að lækka dýrtíðina. Ég hafði búizt við, að menn hefðu meiri áhuga á því en enn þá hefur sýnt sig.

Ég vil benda á það, að ef vísitalan lækkaði niður í 220 stig, þá þýðir það 20% lækkun á öllum launum, og slík lækkun mundi hafa mikil áhrif á allar opinberar framkvæmdir. Hitaveitan og allar rafvirkjanir meðal annars mundu þá verða stórum ódýrari heldur en meðan vísitalan er svona há. Erfiðast er þó að þurfa að horfa fram á það, hvernig atvinnulífið verður í haust, ef vísitalan verður þá um 260 stig. Hvernig verður vöruverðið þá í haust? Er ekki hætt við því, að það verði svo hátt, að vísitalan hækki enn þá meira, og þá er ekki séð, að atvinnuvegirnir þoli þá hækkun.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er um ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Þetta frv. er komið frá hæstv. ríkisstj., og hefur því verið ætlað, ef að l. yrði, að leysa þau vandamál, sem nú steðja að þjóðinni. Svo sem kunnugt er, var núverandi ríkisstj. skipuð af ríkisstjóra Íslands laust fyrir s. l. áramót. Hæstv. stj. lofaði að vinna á móti frekari verðbólgu og koma dýrtíðinni niður, og hún hefur keypt hana niður í 262 stig, eða um 10 stig, og hefur vísitalan staðið í því síðan um áramót. Hæstv. ríkisstj. lofaði að leggja fyrir Alþ. frv. um dýrtíðarráðstafanir, og er það þetta frv., sem nú er hér til umr. Alþ. beið eftir þessu frv., þjóðin beið eftir því. Bæði Alþ. og þjóðinni hafði verið lofað því, að frv. skyldi lagt fram, sem fæli í sér lausn á dýrtíðarmálunum. Fjhn. beggja d. Alþ. hafa haft þetta frv. til athugunar í nærri 6 vikur og reynt að gera sér grein fyrir því, að hve miklum notum það mætti verða, ef að l. yrði. Þær hafa reynt að koma sér saman um mögu-

leika fyrir því að skila sameiginlegu áliti, reynt að gera sér grein fyrir því, hvað væri mögulegt að gera til þess að sameina þjóðina um þetta frv., ef hugsanlegt væri, að það gæti orðið til þess að leysa þann vanda, sem að þjóðinni steðjar. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir hér í hv. d. í gær, að hann harmaði það mjög, að fjhn. skyldi ekki hafa getað komið með lausn á vandamálinu. En í sambandi við þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh., ber að sjálfsögðu að athuga það, hvað hæstv. stj. hefur haft fram að bera, og hvers virði það frv., sem hún hefur borið fram fyrir Alþ., er í dýrtíðarmálunum. Það verður ekki hjá því komizt að bera þetta frv. hæstv. stj. saman við þær till., sem fjhn. hefur lagt fram og hér eru til umr. um leið og frv. hæstv. stj. Það er vitanlegt, að það er miklum erfiðleikum bundið að lækka dýrtíðina. Hv. alþm. hafa gert sér erfiðleikana ljósa. Öll þjóðin mun gera sér grein fyrir þeim, og stjórnin mun nú, eftir að hafa setið við völd í 4 mánuði, hafa orðið þess áskynja, að dýrtíðina er erfitt að lækka.

Það er ekkert undarlegt, þó að oss Íslendingum reynist erfitt að færa niður dýrtíðarvísitölurnar, ef þess er gætt, að það er ekki mögulegt að benda á eitt einasta land í heiminum, — ekki eitt einasta ríki í heiminum, — sem hefur gert þær ráðstafanir, sem hafa orðið til þess að koma dýrtíðinni niður á þessum umbrotatímum. Þau ríki, sem hafa sterkt vald á bak við sig og hafa gert ákveðnar tilraunir til þess að lækka dýrtíðina, verða nú að horfa upp á það, að dýrtíðarvísitalan stígur þrátt fyrir alla viðleitni og þrátt fyrir allar tilraunir til þess að hefta verðbólguna. Bandaríkjaforseti hefur orðið að horfa upp á það síðustu mánuði, þrátt fyrir allar tilraunir til þess að halda dýrtíðinni niðri, að verðbólgan hefur vaxið. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að oss Íslendingum reynist það erfitt að koma dýrtíðinni niður.

Það munu ef til vill einhverjir segja, að öðru máli sé að gegna hjá Íslendingum heldur en hjá öðrum þjóðum, sem eiga í styrjöld. En við skulum gera okkur það ljóst, að þó að við Íslendingar sendum ekki menn á vígvellina, erum við samt sem áður óbeinlínis í styrjöld. Við erum hernumin þjóð. Á meðal okkar dvelur fjölmennt setulið, jafnvel eins fjölmennt og þjóðin sjálf. Það er því ekkert undarlegt, þó að við, sem búum við þessa aðstöðu, verðum að sætta okkur við það, að atvinnuvegirnir gangi úr skorðum og hér skapist ástand, sem við ekki að öllu leyti erum ánægðir með. En það er ekki nema gott, — og það er ekki nema eðlilegt, — að þeir, sem stjórna landinu, finni til ábyrgðar og geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að berjast við dýrtíðina og önnur vandamál. En hitt er lakara, að þeir skuli hrópa það út til þjóðarinnar, að þetta sé auðvelt, það sé Alþ. að kenna, ef þetta vandamál verði ekki leyst á auðveldan hátt. Mér hefur skilizt á sumum ráðh., að það sé auðvelt að leysa þennan hnút, ef alþm. hafi réttan skilning á málinu, og mér hefur skilizt á ýmsum ráðh., að þeir hafi bent á hina réttu lausn með því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég kemst ekki hjá því að rekja frv. stj. að nokkru leyti, og mun ég síðan bera það saman við till. fjhn. og leitast við að draga af því niðurstöðu og leitazt við að sýna fram á, hvort frv. hæstv. stj. eða till. fjhn. munu vera heppilegri til úrlausnar og til árangurs. Fyrsti kaflinn í frv. stj. fjallar um það að draga úr varasjóðshlunnindum hlutafélaga, og einnig eru um þetta sett ákvæði varðandi nýbyggingasjóð. Fjhn. var næstum því sammála um það að fella þennan kafla burtu. Einn hv. nm. gerði þó fyrirvara, hvað þennan kafla snerti, en mikill meiri hl. n. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri réttara að skipa mþn. til þess að athuga þessi mál heldur en að skella á þungum sköttum, hvað þetta snertir, að óathuguðu máli. Hæstv. ríkisstj. og Alþ. verða að gera sér það ljóst, að um leið og lagt er til að innheimta skatta í ríkissj., þá má ekki ganga það langt í því, að skattþegnarnir, þeir sem hæstan skattinn greiða, verði að stöðva atvinnurekstur sinn og verði af þeim ástæðum ekki oftar skattþegnar. Hvað nýbyggingarsjóðina snertir, þá er óhætt að fullyrða það, að þeir eru á engan hátt orðnir það háir, að nokkur háski geti af því stafað, eins og einn hv. ræðumaður vildi gefa í skyn hér í dag. Hitt er miklu vissara, að þessir sjóðir eru ekki orðnir nægilega öflugir til þess, að möguleikar séu á því, að hægt sé að endurnýja skipaflotann að styrjöldinni lokinni. Það má fullyrða, að nýbyggingarsjóður hvers togara er ekki meiri en sem nemur 300—400 þús. kr., og það sjá allir, hvort sú upphæð nægir til þess að endurnýja skipin. Það er alveg víst, að nú er ekki hægt að byggja togara fyrir minna en 2—3 millj kr., og ef við erum sannfærðir um það, að þjóðin þurfi að eignast góð skip, — nýtízku skip, — þá getum við líka verið sammála um það, að það ber að leggja fé til hliðar í nýbyggingarsjóð, til þess að möguleikar verði á því að endurnýja ryðkláfana, eins og gömlu togararnir hafa verið nefndir. Framtíð þjóðarinnar er undir því komin, að atvinnufyrirtæki hennar geti gengið, og atvinnufyrirtækin geta ekki gengið, nema því aðeins að hægt sé að endurnýja þau tæki, sem að atvinnurekstrinum lúta. Við þurfum að byggja stóra nýtízku togara eftir styrjöldina, við þurfum að eignast fleiri togara og stærri skipastól heldur en við eigum nú. Þess vegna er það þröngsýni, þegar því er haldið fram, að nýbyggingarsjóðirnir geti verið háskalegir fyrir þjóðina. Það er óskiljanlegt, að slík þröngsýni skuli koma fram á hv. Alþ. Það hefur verið bent á það, að það væri réttmætt að búa þannig um hnútana, hvað við kemur nýbyggingarsjóði, að útgerðarfélögin gætu aðeins notað hann til þess að endurnýja flotann. Ég er þessu samþykkur. Ég sé ekki, að það sé neitt því til fyrirstöðu, að búið sé þannig um hnútana með löggjöf, að nýbyggingarsjóðir verði aðeins notaðir til þess að endurnýja flotann. En mþn. sú, sem yrði skipuð eftir till. fjhn., á að athuga þetta mál m. a. Það á ekki að rasa fyrir ráð fram; hlutafélög og útgerðarfélög eiga nú á þessu ári að hafa sömu skattalög og þau hafa áður haft. Þau eiga að fá að leggja í varasjóð og nýbyggingarsjóð nokkuð af ágóða ársins 1942. Ég legg þess vegna til, eins og meiri hl. fjhn. hefur gert, að 1. kafli frv. falli burt. Það verður að athuga það með rannsókn, á hvern hátt skatta-

málunum, þeim hluta þeirra, sem var í þessum kafla frv., verði hentugast fyrir komið í framtíðinni, hvort það er rétt að taka varasjóðshlunnindin af hlutafélögum, hvort það er rétt að setja kvaðir á nýbyggingarsjóðina o. s. frv.

Þriðji kafli frv. er um eignaraukaskatt. Hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir, að með þeim kafla væri hægt að afla tekna fyrir ríkissj., sem næmu 3½ millj. kr. Hvað átti nú að gera við þessar 3½ millj. kr.? Það átti að byggja stjórnarráðshús, hús yfir hæstarétt og fleiri opinberar byggingar. Nú er ekki því að neita, að það þarf að stefna að því að koma upp nýjum byggingum á þessu sviði, en það kemur ekki dýrtíðarmálunum við, hvort nú á þessu stigi málsins er tekinn eignaraukaskattur í þessu skyni, og vitað er það, að ríkisstj. hefur lengur búið í því húsi, sem hún er nú í, heldur en þó að beðið verði með það að reisa slíka byggingu þangað til að stríðinu loknu. Það er a. m. k. víst, að ef einhver hv. þm. hefði leyft sér að bera fram slíka till. sem þessa, þá hefði hann orðið að athlægi. En af því að það er stj., verður henni fyrirgefið, þó að hún komi með þessa till. inn í frv.

Fjhn. varð sammála um það að afnema þennan kafla, og hefur því enginn nm. skrifað undir nál. með fyrirvara vegna þessa atriðis. En meginhluti fjhn. hefur orðið sammála um að skipa mþn. einnig til þess að athuga það, hvort réttmætt sé að ganga inn á þá braut að taka eignaraukaskatt, sem er í rauninni ekkert annað en eignarnám.

Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það efni að svo stöddu, en ég ætlast til þess, að Alþ. og hæstv. ríkisstj. sé ekki svo brátt í brókum, hvað þetta snertir, að hún geti ekki beðið í eitt ár eftir úrskurði mþn., sem tæki þetta mál til alvarlegrar íhugunar.

Um 2. kafla frv., sem nefndur er í frv. stj. viðreisnarskattur og skyldusparnaður, er það að segja, að fjhn. hefur breytt orðalagi þessa kafla. — Hæstv. félmrh., sem talaði hér áðan, vildi nú meina, að fjhn. hefði, um leið og hún tók viðreisnarnafnið af þessum skatti, horfið frá því að byggja till. sínar þannig upp, að um nokkra viðreisn væri að ræða. En ég held, að hæstv. félmrh. fari hér villur vegar. Ég held, að þessi skattur, hvaða nafn sem hann ber, muni gera gagn eftir því, hvernig því fé er varið, sem með honum kemur í ríkissjóðinn, en ekki eftir því, hvað hann er nefndur. Hæstv. ríkisstjórn hefur kannske viljað nefna skattinn þessu nafni til þess að minna þjóðina á það, að stjórnin væri fyrst og fremst viðreisnarstjórn, stjórn til þess að reisa þjóðarbúið úr því öngþveiti, sem það er komið í, eins og maður hefur oft heyrt frá hæstv. ráðherrum. Ástæðurnar eru vitanlega alvarlegar og geta orðið það í framtíðinni ekki síður en hjá öðrum þjóðum, sem búa í hringiðu styrjaldarinnar. En af því að svo oft er talað um öngþveiti hjá okkur, vil ég leyfa mér að minna á það, að það er sama, við hvaða mann er talað, úr hvaða stétt í þjóðfélaginu sem er, þá líður öllum vel. Allir hafa fullar hendur fjár, og atvinnuvegirnir hafa aldrei gengið betur en nú. Ef talað er við verkamann, þá segir hann: „Ég hef aldrei átt hægara með að veita mér til daglegra þarfa heldur en nú.“ Ef við tölum við bændur, segja þeir: „Við höfum aldrei haft fjárráð fyrr en nú.“ Ef við tölum við verzlunarmenn, þá segja þeir: Verzlun okkar hefur eiginlega aldrei gengið betur heldur en árið, sem leið. Ef við tölum við útgerðarmenn, þá segja þeir: „Fyrirtæki okkar hafa gengið vel árið, sem leið, og skilað ágætum hagnaði.“ Og sjómenn segja: „Við höfum aldrei borið meira úr býtum en nú.“ — En samt er talað mikið um vandræði og öngþveiti. Ég vil, að menn geri sér ljóst, að það er ekki ástæða til að tala um öngþveiti og vandræði í okkar þjóðfélagi, fyrr en þjóðfélagsborgararnir fara að kvarta.

En við getum gert okkur ljóst, að það er hætta á öngþveiti, og það er allt annað. Það er hætta á því, að atvinnuvegirnir ef til vill stöðvist. Það er hætta á því, að verðlag útfluttra vara lækki og að atvinnuvegirnir geti ekki risið undir því kaupgjaldi í framtíðinni, sem nú er greitt. Þess vegna er það hygginna manna háttur að gera ráðstafanir í tíma til að fyrirbyggja það, sem ef til vill kemur, en engan veginn er víst, að komi. Og hæstv. ríkisstj. hefur viljað stuðla að því með því frv., sem hér liggur fyrir, og skal ég ekki gera lítið úr þeirri viðleitni. En ég ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. viðurkenni hreinskilnislega, að það frv., sem hún hefur lagt fram fyrir hæstv. Alþ. um þetta, felur ekki í sér þær lausnir á vandamálunum, sem þjóðin vonaði. Ég ætlast til þess, að hún viðurkenni það hreinskilnislega, um leið og hún gerir sér far um það að gera lítið úr þeim till., sem fjhn. hefur lagt hér fram. Fjhn. leyfir sér að breyta nafninu á viðreisnarskattinum og nefnir hann verðlækkunarskatt, til þess að nafnið sé í samræmi við það hlutverk, sem þessum sjóði er ætlað að inna af hendi, að borga með landbúnaðarafurðum, meðan bráðabirgðaástandið ríkir, til þess að mögulegt sé að koma vísitölunni eitthvað áleiðis niður á við. Og fjhn. hefur leyft sér að hækka lágmarkið þannig, að verðlækkunarskatturinn komi ekki á lægri tekjur en 10 þús. kr. skattskyldar tekjur umreiknaðar. Það er ætlazt til þess, að verðlækkunarskatturinn með þeim skala, sem fjhn. hefur samið, gefi af sér 6—8 millj. kr. En hæstv. ríkisstjórn gerði ráð fyrir því, að viðreisnarskatturinn gæfi af sér 11 millj. kr., þar af 2 millj. kr. í skyldusparnaði. Hún ætlaðist einnig til þess, að viðreisnarskatturinn yrði tekinn af 6 þús. kr. tekjum umreiknuðum.

Hvað skyldusparnaðinn snertir, vil ég segja það, að fjhn. sá ekki ástæðu til að taka hann með, og sízt eins og hann var orðaður í frv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég viðurkenni það, að það má margt gott segja um skyldusparnað. Og ég held því fram, að skyldusparnaður hefði átt að vera kominn á fyrr, og það hefði jafnvel átt að lögleiða hann í byrjun stríðsins. En skyldusparnaður í þessu formi, eins og hæstv. ríkisstjórn lagði til í sínu frv., er einskis virði. Þar er aðeins talað um 2 millj. kr. í skyldusparnað. Og ef skyldusparnaði er ætlað að draga úr kaupgetunni í bili og eftirspurn eftir vörum, þá yrði hann svo lítill með því, að hann næmi aðeins 2 millj. kr. yfir allt landið, að það er ekki til neins gagns að lögleiða það. Þess vegna lagði fjhn. til, að þessu atriði yrði sleppt.

Þetta er það, sem ég hef að segja um þennan skattakafla. Það mætti margt segja yfirleitt um skattamálin og þá skattapólitik, sem rekin er í landinu. Mér virðist að ýmsir hv. þm. gangi beinlínis með skattaæði. Þeir sjá ekkert annað en skatta. Það má nefna þá skattpíningamenn réttu nafni. Ég fyrir mitt leyti vil ekki draga úr því, að þeir, sem hafa breið bök og standast við að borga skatta, geri það. En ég ætlast til þess, að hv. alþm. séu svo miklir búmenn fyrir sína þjóð, að þeir sjái það, að það er ekki hyggilegt að skattpína svo þegnana eða fyrirtækin, að þau verði ekki framvegis fær um að greiða skatta. Það er ekki nóg, að hægt sé að innheimta skattana á einu ári, ef svo er ekki hægt að halda þeirri starfsemi áfram.

IV. kafli stjfrv. var um það að stýfa vísitöluna um 20% og borga aðeins 80% af dýrtíðaruppbót. Þannig hugsaði ríkisstj. sér í fyrstu beina kauplækkun, og það var vissulega virðingarverð viðleitni frá hennar hendi. (FJ: Það geta verið skiptar skoðanir um það). En hvað gerðist svo? Það stóð ekki lengi sú stefna hjá hæstv. ríkisstjórn. Sjálf felldi hún niður þennan kafla með brtt. við sitt eigið frv. Kem ég að því síðar.

V. kafli frv. var um verðlagningu landbúnaðarafurða, um verðfestingu landbúnaðarvaranna og 10% lækkun á þeim frá 31. des. s.l. að telja. Og það er í þessum kafla ýmislegt fleira varðandi landbúnaðarafurðir, sem ég ætla ekki að rekja nú, heldur brtt. hæstv. ríkisstjórnar, sem nú eru fram komnar, og ræða um þær í þeirri mynd, sem þær nú eru. En ég vil taka það fram, að það form, sem var á V. kafla upphaflega, var eins og hnefahögg framan í bændur. Þar var ekki gert ráð fyrir neinni grunnverðshækkun á landbúnaðarafurðum. Nei, þær skyldu lækka hlutfallslega eins og þær stigu, og bændur áttu að gleyma því, að launþegar höfðu fengið grunnkaupshækkun, sem nam 25—60%. Þeir áttu að sætta sig við það að fá enga verðlagshækkun á grunnverð landbúnaðarafurða. En hæstv. ríkisstj. bætti ráð sitt að nokkru leyti í þessu efni eftir að hafa talað við fjhn., með því að bera fram brtt. við sitt eigið frv., með því að ákveða, að bændur ættu þó skilið að fá einhverja grunnverðsuppbót. En frv. ríkisstj. er þrátt fyrir þessa brtt. hreint og beint hnefahögg framan í bændur landsins. Hæstv. ríkisstj. þarf ekki að gera sér það í hugarlund, að fulltrúar bænda á Alþ. láti bjóða sér slíkt. Hæstv. ríkisstj. beygði sig fyrir verkalýðssamtökunum, þegar mótmæli frá verkalýðssamtökunum komu hvaðan æva af landinu gegn ákvæðum stjfrv. En hæstv. ríkisstj. hefur e. t. v. hugsað, að bændur væru ekki það sameinaðir og ættu ekki þá málsvara, að það mætti bjóða þeim það, sem ekki var þolað, að boðið væri verkalýðnum.

Hæstv. ríkisstj. leggur til, að vísitalan fari niður í 220 stig, samkv. brtt. hennar á þskj. 651 Landbúnaðarafurðir séu bættar upp eftir þeirri vísitölu, þegar lagt hefur verið til grundvallar sem grunnverð það verð, sem var á þeim í janúar-marz 1939, að viðbættri 40% grunnverðshækkun. Eftir þessum till. hæstv. ríkisstj. færi mjólkin niður í kr. 1.23 lítrinn í útsölu, en kjöt niður í kr. 5.26 pr. kg. Eftir þessum till. hæstv. ríkisstj. á að greiða uppbót úr ríkissjóði á mjólkina til 15. mai, en síðan á uppbótin að falla niður. Á kjötbirgðir frá fyrra ári skyldi greiða úr ríkissjóði uppbætur að ¾ hlutum, enda þótt fyrir liggi skýlaus loforð um það, að þessi verðmunur skuli greiddur allur úr ríkissjóði. Niðurstaðan af þessum till. ríkisstj. varð því sú, að kauplækkunin var aðeins 16%, en verðlækkun á landbúnaðarafurðum 30%. Þetta segi ég, að sé að gera upp á milli hinna vinnandi stétta í landinu. Þetta er ekki að taka jafnt tillit til allra þegna þjóðfélagsins. En þetta hlýtur að skapa afstöðu okkar til núverandi ríkisstj., ef hún ætlar sér að halda þessu striki. Till. minar og hv. þm. A.-Húnv. (JPálm), sem við lögðum fram í fjhn., miðuðu að því að lækka verð landbúnaðarafurða um 20% og lækka kaupgjaldið einnig um 20%. M. ö. o., við vildum byggja á því, sem var sanngjarnt og rétt, að lækka kaupgjald og verðlag jöfnum höndum og samhliða, því að það þykir vel upplýst og sannað, að verðlag og kaupgjald hafi hækkað nokkurn veginn jafnt, miðað við það, sem var 1939. Það hefur verið talað um, að það væri sanngjarnt að miða við 40—45% grunnverðshækkun á landbúnaðarafurðum. En ég vil ekki á neinn hátt viðurkenna þann grundvöll að órannsökuðu máli. Ég hef skrifað með fyrirvara undir nál. ásamt hv. þm. V.-Húnv., hvað þetta snertir. Hv. þm. V.-Húnv. hefur aflað sér upplýsinga um það, að í 40 verkalýðsfélögum, sem hann hefur gert samanburð á, hafi kauphækkun verið 65—76%. Ef þetta er rétt, þá er vitanlega engin sanngirni í að halda því fram, að bændur eigi ekki að fá nema 40—45% grunnverðshækkun á landbúnaðarafurðir. Það hefur verið talað um, að vinnan við framleiðslu bænda sé ekki nema ⅘ hlutar af framleiðslukostnaðinum, og því sé ekki rétt að verðið fyrir hann hækki að sama skapi sem vinnulaunin. En menn bara gleyma því, að framleiðendur í sveit verða auk kaupgreiðslunnar einnig að fæða það fólk, sem vinnur hjá þeim. Og fæði hefur hækkað í verði. Og framleiðendur í sveit verða einnig að kaupa verkfæri, sem eru miklu dýrari nú en fyrir stríð. Sláttuvélar kostuðu t. d. fyrir stríð 300 kr., en nú 1300 kr. Þessu má ekki gleyma, þegar talað er um grunnverðshækkun landbúnaðarafurða og það borið saman við kaupgjaldið. Ég vil þess vegna alls ekki að órannsökuðu máli viðurkenna á neinn hátt, að rétt sé að miða við vissa prósenttölu, þegar talað er um þær grunnverðsuppbætur, sem bændur verða að fá, sem miðuð sé við verðlagsuppbót hinna vinnandi stétta. Og það er verkefni þeirrar n., sem allir flokkar eru sammála um, að verði skipuð, að finna réttan grundvöll fyrir hlutfallinu á milli verðlags og kaupgjalds í landinu.

Ég og hv. þm. A.-Húnv. bárum fram till. í fjhn. um það, að í stað þess að það væru tvær nefndir, sem fyndu grundvöll fyrir vísitölu landbúnaðarafurða, væri það ein 6 manna nefnd, skipuð hagstofustjóra, — og væri hann formaður n., — forstöðumanni Búreikningaskrifstofu ríkisins, tveim mönnum eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einum manni eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einum manni tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæjarfélaga. Og við settum það að skilyrði, að þessi

n. yrði að vera öll sammála, til þess að niðurstaða hennar gæti gilt. Og hvers vegna settum við það skilyrði? Af því að við álitum það óhjákvæmilegt, til þess að starf n. mætti verða að notum, til þess að friður mætti fást um þau mál, sem aðalstyrinn hefur staðið um undanfarið. Og við gerðum það líka í eigin hagsmuna skyni til þess að tryggja rétt okkar umbjóðenda, um leið og við vitum, að hinir, sem eru fyrir hönd verkalýðsins, eru líka ánægðir með þetta og telja sinn rétt líka tryggðan. Ég vil ekki eiga neitt á hættu með það, að úrskurðir þessarar n. byggist á litlum meiri hluta. Eg vil ekki afsala réttinum til þessarar verðlagsvísitölu ákvörðunar í hendur 5 manna n., þar sem hæstiréttur eigi að skipa formann n., Búnaðarfélag Íslands einn mann í n., Alþýðusamband Íslands einn mann í n. og Bandalag starfsmanna ríkis og bæjarfélaga einn. Ég vil ekki eiga á hættu, að meiri hluti slíkrar n. hafi vald til þess að ákveða, hvernig vísitalan skuli reiknuð, gegn mótmælum fulltrúa bænda.

Nú hefur það komið fram í umr., að mönnum þykir óliklegt, að þessi n. geti orðið sammála, og ef hún verði ekki sammála, þá sé enginn árangur af hennar starfi og fótunum kippt undan þeirri viðleitni, sem á að gera til þess að stemma stigu fyrir dýrtíðinni. En ég fyrir mitt leyti er svo bjartsýnn, að ég tel mjög líklegt, að slík n. geti orðið sammála, svo framarlega sem í hana veljast sanngjarnir menn. N. hefur 3 mánuði til þess að starfa, og hún hefur vissulega þunga pressu á sér. Hún veit, að ef hún kemur sér ekki saman, þá er þriggja mánaða starf hennar til einskis, og ef hún kemur sér ekki saman, þá er grundvellinum kippt undan þeirri viðleitni að nokkru leyti, sem hér er gerð á hæstv. Alþ. til að stemma stigu fyrir dýrtíðinni. Ég tel mjög líklegt, að þegar 15. ágúst nálgast, þá beri nm. eitthvað á milli. En ég tel einnig mjög líklegt, að þessir aðilar vinni það til að slá báðir eitthvað af kröfum til þess að mætast á miðri leið, heldur en að starfið verði til einskis. Og ég er hér um bil sannfærður um það, að útkoman verður sú, ef í n. veljast skynsamir og góðviljaðir menn.

Mér hefur virzt, að allir flokkar í þinginu væru sammála um að skipa þessa n., sem á að finna landbúnaðarvísitölu. Deilan stendur þá um þetta, hvernig skuli skipa málum þessa 3 mánuði til 15. ágúst. Og það er dálítið hart, ef Alþ. getur ekki komið sér í þessu efni saman um þetta bráðabirgða tímabil. Samkv. till. fjhn. hefur ríkisstj. heimild til 15. september til þess að borga niður dýrtíðina að nokkru leyti. Fjhn. ætlast til þess, að vísitalan komist niður í 230 stig. Hæstv. félmrh. sagði áðan, að ef till. fjhn. væri fylgt, þá kæmist vísitalan niður í 240 stig. Hæstv. fjmrh. sagði, að eftir þessari sömu till. kæmist vísitalan niður í 234 stig. Ég vil spyrja: Hvorum þessara hæstv. ráðh. á þingheimur að trúa? Ég ætla, að það sé sanni nær, sem hæstv. fjmrh. upplýsti, og að ef till. fjhn. væri fylgt, væri hægt að koma vísitölunni niður í 230 stig. Annars væri ástæða til þess, að hæstv. félmrh. væri hér nálægur, því að ég vil leyfa mér að fara hér nokkrum orðum um það, sem hann hélt fram í þessu efni. Ég ætla að bíða með það um stund, ef hann skyldi koma, áður en ég lýk máli mínu.

Eftir till. fjhn. er lagt til, að kaupgjald lækki um 12.2% miðað við það, að vísitalan fari niður í 230 stig. Það er líka ætlazt til þess, að mjólkin lækki um sömu prósenttölu til bænda, eða úr kr. 1.75 niður í kr. 1 54 lítrinn. En fjhn. leggur til, að útsöluverð á mjólk fari niður í kr. 1.30 og að ríkissjóður borgi mismuninn, sem eru 24 aurar. Og eftir þeim till. hefur ríkisstj. heimild til þess að borga þennan mismun til 15. september. Þá leggur fjhn. einnig til, að kjötbirgðirnar frá í fyrra verði greiddar að fullu, og voru allir fjhn.-menn sammála um það, að það væri hrein og bein ósvinna að fara fram á það við hæstv. Alþ., að það gangi á bak orða sinna og svíki bændur um það, sem þeim réttilega hafði verið lofað. Samkv. till. fjhn. er ætlazt til þess, að útsöluverð á kjöti muni fara niður í kr. 5.40 pr. kg. Það hefur jafnvel heyrzt frá einstökum fulltrúum bænda, að með þessari aðferð, sem fjhn. leggur til, sé rétturinn að nokkru leyti tekinn af þeim og þeir settir skör lægra heldur en verkalýðsfélögin. Ég vil algerlega mótmæla því, að rétturinn sé að neinu leyti tekinn af bændum með þessari ráðstöfun eða að þeir missi nokkurs í, hvað þetta snertir. Mjólkin er ekki lækkuð til þeirra meira en það, sem nemur kauplækkuninni. Bændur fá, meðan bráðabirgðaástandið ríkir, bætta úr ríkissjóði þá lækkun á mjólkinni, sem nemur meiru hlutfallslega heldur en kaupgjaldslækkuninni. Og þeir fá kjötbirgðirnar frá fyrra ári bættar upp að fullu. Þess vegna er ekki rétt að segja, að bændur hafi afsalað sér nokkrum rétti. Því að þó sex manna nefndin reyndist óstarfhæf og hún fyndi ekki þá vísitölu, sem henni væri ætlað að finna, þá eru verðlagsnefndirnar, sem nú eru til, fyrir hendi, og þær hafa sína möguleika til þess að verðleggja landbúnaðarafurðirnar í haust í samræmi við það, sem kaupgjaldið þá verður.

Hvers vegna leggur fjhn. til, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að kaupa niður dýrtíðina? Af því að það er ekki hægt að koma dýrtíðinni niður á annan hátt, þegar horfið var frá beinni kauplækkun.

Það er talað um það, að meðgjafarleiðin geti ekki staðið til lengdar og sé ekki æskileg, og það er að vísu rétt, enda væri æskilegast, að hægt væri að koma kaupgjaldinu og verðlaginu niður samhliða. En ekki minni fjármálamenn heldur en Bretar hafa leikið þann leik árum saman og allra þjóða mest að kaupa niður dýrtíðina. Og þeir hafa ekki talið, að því fé, sem þannig er varið, sé á nokkurn hátt á glæ kastað. Ég held því, að það sé ekki nein fjarstæða, þó að við um nokkurn tíma förum þessa leið.

Það er spurt að því, hvað muni ske í haust eftir 15. september, þegar heimild ríkisstjórnarinnar er fallin úr gildi. Já, hvað yrði þá? Við skulum hugsa okkur, að sex manna nefndin hafi þá komizt að þeirri niðurstöðu, að það verðlag á landbúnaðarvörum, sem nú er, eftir að búið er að kaupa þær niður, verði of lágt, miðað við kaupgjaldið, og að sex manna nefndin hafi orðið sammála og sannfærð um það, að það verði að hækka verðið á landbúnaðarafurðunum, til þess að það verði í samræmi við kaupgjaldið. Ég ætlast til, ef n. kemst að þessari niðurstöðu, að

verkalýðurinn og launþegarnir hliti úrskurði sex manna nefndarinnar, ef hún kemst að raun um það og verður sammála um það, að það sé ósamræmi milli kaupgjalds og verðlags, og er sannfærð um að kaupgjald er of hátt, miðað við verð á landbúnaðarafurðum, og þá gangi launþegarnir undir þann úrskurð n. að lækka kaupgjaldið eftir því. Hins vegar, ef launþegarnir vilja ekki hlíta þessum úrskurði, þá er ekki annað að gera en hækka landbúnaðarafurðirnar, þangað til þær eru í samræmi við launin, eða í 3. lagi að halda áfram að verðbæta úr ríkissjóði, sem væri algerlega vitlaust undir þeim kringumstæðum. Það er aðeins eitt, sem er afsökun launþeganna nú, og það er það, að ekki hefur farið fram vísindaleg rannsókn á því, hvað sé hið rétta hlutfall milli kaupgjalds og verðlags. Þegar sá úrskurður er fenginn, tel ég, að bæði framleiðendur og launþegar eigi að marka afstöðu sína eftir því.

Það hefur verið talað hér um atvinnutryggingasjóð, sem fjhn. leggur til, að stofnaður verði með 3 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Það má deila um það, hvort ríkissjóður á að stofna slíka sjóði. Ýmsir nefna þennan sjóð verkfallssjóð, en samkv. l. er ekki heimilt að nota hann í því skyni. Ég tel, að sjóðsstofnun sem þessi geti átt fullan rétt á sér, vitandi það, að fyrir styrjöldina greiddi ríkissjóður ekki minna en ½ millj. kr. árlega til atvinnubóta, þegar atvinnuleysi steðjaði að. Nú megum við gera ráð fyrir því, að þeir tímar komi aftur, að atvinnuleysi verði og megi þá hlíta því ráði að leggja eitthvað af mörkum úr ríkissjóði til að skapa atvinnu. Ég held þess vegna, að ekki sé óhyggilegt nú, ef peningar eru fyrir hendi, að leggja fé til hliðar í þessu skyni, því að það dugar ekki að þverskallast og berja höfðinu við steininn. Við viðurkennum, að ef það ástand skapast, að fjöldi fólks verði atvinnulaus, verður það að lifa samt, og það er ríkisvaldið, sem verður að hlaupa undir bagga og láta það hafa það, sem nauðsynlegt er til lífsviðurhalds. Ég held við ættum ekki að deila um þetta, því að þessir peningar eru ekki tapaðir. Þeir eru lagðir til hliðar, og það má nota þá eftir styrjöldina, þegar krepputímar ef til vill koma.

Félagsmálaráðherra sagði hér áðan, að samkv. till. fjhn. mundu útgjöld ríkissjóðs verða 4¼ millj. kr. vegna kjötsins og vegna mjólkurinnar 2.4 millj. kr. Ég get upplýst, að þetta er algerlega rangt, hvað kjötið snertir, — um mjólkina er mér ekki eins kunnugt. Það er talið, að kjötbirgðir í landinu um miðjan þennan mánuð verði 1700—1800 þús. kg, og verðlækkunin er kr. 1.00 á kg. Hitt er algerlega óviðkomandi till. fjhn., það sem ríkisstj. gerði um síðustu áramót, þegar hún borgaði kjötið niður um 1 kr. kg. Fjhn. leggur til, að kjötið verði borgað niður um 1 kr., en þó nemur það ekki nema tæpum 2 millj. kr. Eins og upplýst hefur verið, þá mun í hæsta lagi verða greitt vegna mjólkurinnar 1 millj. kr. Ég er ekki alveg viss um þetta, en tel ólíklegt, að það verði meira, — með 10 aura lækkun á mjólkurlítrann verða það kr. 125000 á mánuði, og ætti þetta þá að láta nærri.

Ég tel, að fjhn. hafi gert tilraun til þess að sameina sundurleit sjónarmið, og hún hafði vissulega ekki annað en gott í huga, þegar hún gerði það. Fjhn. gerði sér ljóst, að það eru aðeins örfáir dagar þangað til á að slíta þessu þingi. Hún gerði sér ljóst, að ef inn í þingið kæmu 3 eða 4 nál., yrði ekkert samþykkt eða gert, frv. ríkisstj. yrði fellt, og upp úr því gæti ekki annað skapazt en glundroði. Fjhn. hafði ekki búizt við þeim viðtökum, sem hún hefur fengið hjá hæstv. ríkisstj. fyrir viðleitni sína. Hæstv. ríkisstj. hefur veitzt að fjhn. fyrir viðleitni hennar, og tel ég það ósæmilegt með öllu. Fjhn. gekk ekki nema gott eitt til. Hún taldi það skyldu sína að leggja fram krafta sína til þess að sameina, en ekki til þess að sundra. Hún taldi, að hægara væri fyrir ríkisstj. að starfa undir samkomulagi og sameiginlegum átökum en sundurlyndi, og taldi það í samræmi við yfirlýsingar ráðh., þegar þeir tóku við störfum. Þeir lýstu því þá yfir hátíðlega, að þeir vildu sameina þjóðina, sameina hana til átaka, og þess er vissulega þörf, ekki síður nú en áður. Það hefur jafnvel verið gefið í skyn, að ríkisstj. taki ekki að sér að framkvæma þessar till. Forsrh. sagði það ekki beinum orðum í gær, heldur það, að ríkisstj. yrði að endurskoða afstöðu sína, ef þingið samþykkti till. fjhn. eða einhverjar aðrar, sem ekki stæðu nær frv. stj. Mér er með öllu óskiljanlegt, ef stj. gerir það að fráfararatriði, að till. fjhn. verði samþykktar. Mér er með öllu óskiljanlegt, ef stj. gerir það að fráfararatriði, að Alþ. er einu sinni sameinað um till. Mér er það óskiljanlegt, af stj. teldi erfiðara að starfa undir þeim skilyrðum heldur en ef þingið væri í 4 flokkum, sem bærust á banaspjótum.

Fjhn. hefur lagt til, að farin yrði samningaleiðin. Íslendingar eru þannig skapi farnir, að þeir þola ekki kúgun. Ef þeim er réttur hnefinn rétta þeir hann aftur á móti, og það er vissulega bezt, að hnefinn sé ekki reiddur, nema nauðsyn beri til þess. Við höfum fengið reynsluna af því á síðasta ári, að hnefi ríkisvaldsins var ekki nógu sterkur til þess að framkvæma það, sem átti að gera, og ég hef ekki nokkra trú á því, að hnefi ríkisvaldsins sé sterkari nú en hann var á síðastliðnu ári. Við verðum að játa staðreyndirnar og viðurkenna, að verkalýðurinn er sameinaður og tiltölulega sterkur. Við skulum ekki heldur gera ráð fyrir, að bændur séu sundraðir og láti bjóða sér allt. Við skulum heldur gera okkur ljóst, að fulltrúar bænda eru á verði fyrir þá, og skulum um leið viðurkenna, að það, að verkalýðurinn er sameinaður, sameinar bændur, svo að ekki sé gengið á hagsmuni þeirra. Þegar það er viðurkennt, að verkalýðurinn stendur sameinaður annars vegar og hins vegar bændur, er ljóst, að það er ekkert sem dugar annað en samvinna og samningar. Þess vegna leggur fjhn. til, að þessir sterku aðilar semji. Um leið og sagt er: Launþegar eru sterkir, segi ég: Bændur eru líka sterkir. Þeir mundu ekki láta launþegana kúga sig Um leið og launþegar skrúfa upp kaupið, munu bændur skrúfa upp afurðaverðið. Þess vegna er ekki önnur leið fær en grundvöllur að samningi. Við skulum gera okkur ljóst, hvar við stöndum, og gera okkur ljóst, að dýrtíðin er ekki að mestu heimatilbúin vara, eins og félmrh. sagði áðan. Mér virtist félmrh. vilja gefa í skyn,

að dýrtíðin væri að mestu leyti bændum að kenna. Það er þýðingarlítið að halda slíkri fjarstæðu fram. Félmrh. las hér margar tölur áðan, sem ég gat ekki skrifað upp allar. Hann talaði um, hvað mjólkin hefði hækkað mikið síðan 1939, sagði, að það væri 3.6-falt, og hann talaði um, hvað kjötið hefði hækkað mikið, sagði, að það væri 4.5-falt. Hann talaði um, hvað ull og gærur hefðu hækkað mikið, en þá notaði hann ekki árið 1939, heldur tölur ársins 1938, til þess að fá hagstæðari samanburð, vegna þess að hann sagði, að það hefði að nokkru leyti verið stríðsverð á ullinni og gærunum 1939. Hvers vegna fór hann í árið 1938? Til þess að fá hagstæðari samanburð. Hvers vegna ekki byggja í öllum tilfellum á árinu 1939? Satt að segja var þessi samanburður ráðh. ekki á nokkurn hátt bændum í óhag, þótt hann virtist það eftir skýringum hans. Ef við athugum, hvað kaupgjaldið hefur hækkað í sveitum landsins, og berum það saman við hækkunina á landbúnaðarvörunum, þá er sá samanburður vissulega ekki bændunum í óhag, því að dæmið er sett skakkt upp af ráðh. Við vitum, að einföldustu dæmi er hægt að reikna skakkt, ef þau eru sett skakkt upp. Við skulum tala um það kaup, sem stendur bændunum næst, vegavinnukaupið. Hvað var það 1939? 90 aurar á klukkustund. Og hvað árið sem leið? Kr. 5.36 á klukkustund. Og hvað nemur þessi hækkun miklu? Kaupið hefur sexfaldazt, en ráðh. segir, að mjólkin hafi 3.6-faldazt, ull og gærur hafi 4.6-faldazt og kjötið 4,5-faldazt, og er þessi samanburður bændunum í hag, ef dæmið er sett rétt upp. Ef það er sett skakkt upp, er hægt að fá annað út úr því.

Þá talaði ráðh. um áburðinn. Hann sagði, að brennisteinssúrt ammoniak hefði kostað 45 kr. sekkurinn síðastliðið ár. Hann gleymdi að tala um, að ríkissjóður gaf með áburðinum, og hann gleymdi að tala um, að bændur verða sennilega á þessu ári að kaupa áburðinn 100% dýrari en árið, sem leið. Það er það, sem við megum búast við, þótt vel megi vera, að ráðh. vilji ganga inn á að borga með áburðinum, svo að dæmi hans geti staðizt. En ef halda á áfram með dæmi hans, skulum við ekki tala um kr. 45.00, heldur um kr. 100.00 eða kr. 120.00 sekkinn af brennisteinssúru ammoniaki.

Félmrh. minntist á það, að meiri hl. dýrtíðarinnar væri til orðinn hjá okkur sjálfum í sambandi við hækkun landbúnaðarafurðanna. Ég er sannfærður um, að félmrh. er tiltölulega skýr maður, en því meira undrunarefni er það, að hann er hissa á því, að landbúnaðarafurðir skuli hafa hækkað. Ætlaðist þessi ráðh. til þess, að landbúnaðarafurðirnar stæðu í stað, hvernig sem kaupgjaldið væri? Er undarlegt, þótt kaupgjaldið hækki við þær aðstæður, sem við eigum við að búa. Það er vitanlegt, að hér dvelur fjölmennt setulið, og á árunum 1940 og 1941 var eftirspurnin svo mikil eftir vinnu, að framboðið fullnægði henni ekki, og setuliðið borgaði það, sem upp var sett. Er það þá nokkuð undarlegt, þótt vinnulaunin hækkuðu undir þessum skilyrðum? Og vitanlega hækkaði afurðaverðið líka.

Ég get nú farið að ljúka máli mínu, en vil aðeins mótmæla því, að dýrtíðin sé heimatilbúin vara, sem að mestu sé búin til af bændunum. Ég hef ætlazt til, að ríkisstj. gerði sér grein fyrir, hvar við stöndum, að við erum í hringiðu styrjaldarinnar og erum engin undantekning í þessum málum, því að engin þjóð ræður við dýrtíðina, og engri þjóð í heiminum hefur tekizt að lækka dýrtíðina, en stj. telur, að hægt sé að koma dýrtíðinni niður á við, ef hennar till. eru framkvæmdar.

Það er till. fjhn., að miðað sé við vísitölu 230, og ber þá á það að líta, að útlendu vörurnar fara nú hækkandi. Það væri varhugavert að lækka vísitöluna þannig, að vísitala útlendu vörunnar færi upp fyrir, og ég held, að stj. fái aldrei svo mikið fé til umráða, að hún geti keypt niður þær vörur, sem til landsins flytjast. Ég held, að hún hljóti að eiga fullt í fangi með að borga niður innlendu vörurnar, eftir því sem hægt er. Ég held, að það sé hyggilegast að fara þá leið, sem fjhn. bendir á, að koma vísitölunni niður í 230, til þess að þurfa ekki að hoppa aftur á bak, til þess að þurfa ekki að horfa upp á það, að vísitalan hækki aftur. Það er betra að taka drjúglangt skref en að taka svo stórt stökk, að maður falli á því á miðri leið.

Fjhn. hefur tekið að sér það hlutverk að reyna að sætta og sameina hin sundurleitustu sjónarmið. Fjhn. álítur, að sundrungin sé nógu mikil, þótt ein n. innan þingsins gæti komið sér saman, og fjhn. var ekki nógu samvizkulaus, til þess að koma sundurleit og splundruð inn í þingið. Enginn nm. mun vera fyllilega ánægður með nál., því að allir hafa slegið einhverju af fyrstu kröfum sínum, en fjhn. telur, að með þessu nál. sé lagður grundvöllur að meira samstarfi og samkomulagi en áður hefur ríkt, og telur, að það sé hægara fyrir stj. að vinna að nauðsynjamálum þjóðfélagsins undir þeim skilyrðum, og að hafa Alþ. sameinað á bak við sig í því máli, sem þjóðina varðar nú mest.

Íslendingar hafa barizt innbyrðis, og þeir eru þannig skapi farnir, að það er eins og þeir vilji alltaf standa í orrustum, en reynslan hefur sýnt oss, að það getur verið dýrt að eiga í stöðugum vígaferlum. 12. og 13. öldin sýndi oss ljósast, hvað það kostaði. Árið 1262 ætti að vera oss minnisstætt. Það var þá, sem þjóðin glataði sjálfstæði sínu, vegna þess að höfðingjar landsins áttu í stöðugum erjum og illdeilum. Látum aldrei henda íslenzku þjóðina, að þeir atburðir endurtaki sig, sem gerðust 1262. Gerum okkur ljóst, að við getum búið svo að okkur, að það kosti okkur sjálfræðið. Það geta komið vandræðatímar, þótt ekki séu þeir nú. Gerum okkur ljóst, að það er nauðsynlegt, að þjóðin sameini krafta sína og standi saman að vandamálunum.

Ef þingið samþykkir till. fjhn., er lagður grundvöllur að sameiningu, og þá eru sköpuð betri skilyrði en áður fyrir því að fá árangur í þeim málum, sem við erum að berjast fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hef leitt þessar umræður hjá mér til þessa, en af því að það hefur atvikazt svo, að ég hef verið formaður bæði í mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd lengst af, og af því að því hefur verið haldið fram hér eins og í blöðum og á

mannfundum áður, að landbúnaðarvörurnar hafi fyrst verið hækkaðar og af þeirri hækkun hafi síðan leitt alla verðbólguna, þá finn ég ástæðu til að upplýsa þetta mál, svo að menn heyri þó hið rétta, hvort sem því svo verður trúað eða ekki. Það var 8. jan. 1940, sem rætt var um að hækka mjólkurverð. Vísitala kauplagsnefndar hafði þá hækkað, og kom öllum saman um, að eftir því yrði mjólkin að hækka um 3 aura En auk þess var vitað, að kostnaður við dreifingu og rekstur mjólkurbúanna hafði aukizt, og urðu nokkuð skiptar skoðanir um, hvort seljendur mjólkurinnar ættu að bera það og mjólk til þeirra því lækka, eða neytendur, og mjólkin þá hækka, sem nemi þeim kostnaði fram yfir það, sem vísitala kauplagsnefndar sagði til um. Þetta komst til þáverandi ríkisstjórnar, sem féllst á, að neytendur yrðu í hærra mjólkurverði að bera aukinn dreifingarkostnað, svo að bændur fengju til sín verð, sem væri þeim mun hærra en áður, sem nemi hækkun kaups samkv. vísitölu, eða 3 aurum.

Ég hafði reynt að gera mér ljóst, hver þessi aukni kostnaður væri, og taldi hann vera um 2 aura á lítra. Frá hálfu fulltrúa neytenda var því haldið fram, að þetta væri of hátt, það væri mest einn eyrir. Líka þessi ágreiningur komst til ríkisstj., og 13. jan. varð það að samkomulagi, að Björn Árnason og Ari Thorlacius skyldu fara gegnum reikninga samsölunnar og búanna og finna eftir verði á kolum, umbúðapappír, hleypi o. s. frv., hver kostnaður væri nú, miðað við áður, en í bili yrði mjólkin aðeins hækkuð um 4 aura í stað 5, er ég taldi þurfa. Eftir sex vikna starf fundu þeir Ari og Björn, að kostnaðurinn var 2.16 aurar pr. lítra, eða eins og ég hafði sagt hann vera, og í marz fengum við fyrst að hækka um síðasta eyrinn af þeim 5, sem átti að hækka um í *árs*byrjun. *Allt árið 1940* var síðan fylgt þeirri reglu að hækka mjólkurverðið eftir kaupvísitölu, að viðbættum þeim kostnaði, er áætlaður var, að orðið væri á hverjum tíma á dreifingunni og vinnslunni. Alltaf var því haldið fram, að áætlun mín um, hver hann væri orðinn, væri of há, en þó varð niðurstaða ársins sú, að verðið til bænda varð heldur lægra en kaupvísitalan sagði til um, og kom það af því, að ekki fékkst fyrr en í marz, að þeir Ari og Björn höfðu lokið rannsókn sinni, að taka fullt tillit til þess kostnaðar, er varð á dreifingunni Mér var það ljóst haustið 1940, að kaupvísitala framfærslunefndar og kostnaðarvísitala landbúnaðarvaranna var hætt að fylgjast að, en tók þó ekkert tillit til þess fyrr en í jan. 1941. Bændur fundu þetta sama, og stærsti kúabóndi landsins, Thor Jensen, fór að selja kýr sínar og búa sig undir að hætta af þessari ástæðu. Kaup, sem veturinn 1939—1940 hafði verið 100, var 1940—41 orðið um 300, og sá liður í kostnaðinum við framleiðsluna hafði því stórhækkað, þótt taxtakaup bæjanna væri óbreytt.

Þá var farið að reyna að finna kostnaðarvísitölu mjólkurinnar og árið 1939 lagt til grundvallar, og þá bæði tekið meðal bú eftir búreikningaskrifstofu ríkisins, og meðal bú eftir framtölum bænda í skattskýrslum, og síðan reynt að finna á hverjum tíma, hvað hinir einstöku kostnaðarliðir hefðu hækkað frá 1939, og eftir því hvert mjólkurverðið þyrfti að vera. Hvernig þetta hefur tekizt, er ekki mitt að dæma um, en ég fullyrði, að þegar nefnd sú, er á að reyna að finna vísitölukostnað landbúnaðarvaranna, hefur gert það, þá muni það sýna sig ljóslega, að það hefur hvað mjólkina snertir, verið nærri lagi. Það var þá líka svo, þegar mjólkurverði var breytt í nóv. í vetur, að allir nm. voru sammála um, að mjólkin þyrfti að hækka, en sumir lögðu trúnað á þau ummæli fjmrh., að hans ríkisstjórn mundi strax og þing kæmi saman, gera ráðstafanir til að hækka kaup og verðlag, lækka verðbólguna, og vildu bíða þess, en taka boði hans um að ríkisstjórnin þangað til greiddi mismun á þáverandi mjólkurverði, sem var 1.50, og því er nefndin taldi það þurfa að verða 1.75. Þetta vildi meiri hlutinn ekki. Bæði treysti hann ráðherra í engu, og vildi ekki eins og þá stóð láta ríkið borga með mjólkinni, þar sem kaupendur þá voru meir en nógir.

Nokkru öðru máli hefur verið að gegna með kjötið. Af því selst á venjulegum tíma um helmingur í landinu. Verðjöfnunargjald er ákveðið í lögum og því hægt að vita, hvað hægt væri að hafa til að jafna verðlag á kjötinu, sem selt er úr landi, og því, sem selt er innan lands. Og þar sem takmarkað er, hver verðmunurinn má að eðlilegum hætti vera á útflutningskjötinu og því, sem selt er innan lands, þá hefur alltaf ráðið mestu verðlag á því, hvað hægt væri að selja þann hlutann, er út þarf að flytja. Og síðan erlendir kaupendur urðu hér á landi, þá hvað þeir mundu fást til að gefa til þess að kjötið seldist allt. Eftir þessum sjónarmiðum var þar farið, og það er vitað, að bæði 1940 og 1941 lá það verð, er vogandi var að setja á kjötið, neðan við kostnaðarvísitölu, miðað við 1939, en það munaði ekki miklu, og kjötið varð að seljast.

Af þessu vona ég menn sjái, að það er alrangt að halda því fram, að landbúnaðarvörur hafi hækkað á undan kaupinu. Þær hafa hækkað, vegna þess að kaupið hefur hækkað, en hitt er svo annað mál, að kaupið í sveitinni hækkaði langt á undan kaupi í kaupstöðunum og margfalt meira. Til þess lágu eðlilegar ástæður á vinnumarkaðinum, en mjólkin er ekki hækkuð fyrr en 3 mánuðum eftir að hlutföllin milli kaups í sveit og kaupstað hafði raskazt, og kjöt svipað.

Bæði frv. ríkisstj., brtt. hennar og brtt. fjhn. hafa gengið út á að láta landbúnaðarafurðir lækka og það verða til að lækka vísitöluna. Framkvæmd þessi er nokkuð óljós, eins og till. eru orðaðar. Hvernig hugsar stjórnin sér, að uppbótargreiðslu verði hagað á stað eins og Vestmannaeyjum, þar sem 70 mjólkurframleiðendur selja mjólk, hver í sínu lagi beint til neytenda? Hvernig verður það þá á stað eins og Keflavík, Sandgerði, Siglufirði o. s. frv.? Í slíkum stöðum yrði að snúa sér til ótal einstaklinga og oft engin tök á að dæma um hinar og aðrar óglöggar upplýsingar, sem gefnar yrðu. Það getur vel verið, að bæði fjhn. og ríkisstj. hafi hugsað fyrirkomulagið allt út í hörgul, — enn verður þess ekki vart.

Ríkisstj. gerir ráð fyrir verðlækkun framvegis í samræmi við lækkun framfærsluvísitölu. Ég er

hræddur um, að þarna yrði verulega gengið á hluta bændastéttarinnar, án þess að nokkur kæmi í staðinn. Undanfarna daga hef ég verið að leita fyrir mér hjá mönnum, sem vanir eru að fara í sveit á sumrin, hvaða kaup þeir ætli nú að setja upp. Þeir fást alls ekki fyrir lægra kaup en í fyrra, þótt vísitala lækki, heldur setja þeir hærra upp. Í haust settu þeir upp 800 kr. á mán. og allt frítt, en fóru í jan.—febr. niður í 500 kr. á mán. Nú eru kröfurnar og boðin aftur komin hærra en þau voru í haust og munu alltaf verða hærri en goldið var í fyrra. Þó að ríkissjóður borgi uppbætur á vörurnar, svo að bændur fái óbreytt verð nema lækkað eftir framfærsluvísitölu, fá þeir mjög skarðan hlut, meðan framleiðslukostnaður minnkar ekkert. Kostnaður við kartöfluframleiðslu stórhækkar, tilbúinn áburður hækkar um 100%, ef sú hækkun á frögtum, sem „Eimskip“ vill fá, verður samþykkt, og hvaða ráðstafanir, sem gerðar verða til að láta ekki kartöflur hækka, verða til tjóns; þá þyrftum við e. t. v. ekki að flytja inn svolitla viðbót af þeim eins og nú, heldur mestan kartöfluforðann.

Eins og þessum málum er nú komið, held ég hyggilegast sé að gera ekki í bili neitt verulegt til að lækka dýrtíðina, en fyrst og fremst eigi að tryggja ríkissjóði tekjur til að mæta því, sem yfir kann að dynja, og skipa þá nefnd, sem ráðgerð er, til að reyna að finna þann grundvöll, sem á megi byggja eðlileg hlutföll kaupgjalds og afurðaverðs, — þótt ég viðurkenni aldrei grundvöll, sem nær ekki til kaupgjalds eins og það hefur breytzt í sveitum. — Í stað bráðabirgðaráðstafana til að lækka vísitölu með framlögum úr ríkissjóði held ég nægi að skipa fyrst þessa nefnd, sem lyki störfum ekki síðar en í ágúst, og hvort sem hún gerir álit óskipt eða sem meiri og minni hluti, kemur þá fyrst til þingsins kasta að stíga afdrifarík spor í lækkunarátt, ef unnt er á grundvelli þeirrar n. Eins og sessunautur minn, hv. 2. þm. Rang. (IngJ) sagði áðan, eru ákaflega margir, sem finnst þeir hafa fullar hendur fjár og eru ekkert fíknir í að lækka vísitölu fyrr en eitthvað kreppir að. Þetta viðhorf almennings getur breytzt á ekkert löngum tíma. Þegar kemur að því að semja um verð á útflutningsvöru okkar, er hætt við, að hún a. m. k. hækki ekki í verði, og þá getur margt breytzt af þeim orsökum. Áður þarf að reyna að fá grundvöll að samkomulagi og heimila ríkisstj. einhverja fjárhæð til að halda verðlagi í horfinu eða láta það fremur síga.

Það þarf víst ekki að orðlengja frekar, að ég tel, að þegar slík n. er búin að skila áliti og almenningur búinn að sjá, að vísitala landbúnaðarframleiðslunnar er eitthvað dálítið uppi á 4. hundraðinu, þá verði illt að þurfa að hækka aftur þær vörur, sem búið yrði að lækka með samþ. þessara till., og væri betra að rasa þar ekki fyrir ráð fram þessa fáu mánuði, sem bíða þarf.

Þótt ég sé ekki samþykkur till. ríkisstj. og enda ekki till. fjhn. heldur, er ég henni ákaflega þakklátur fyrir, að hún vill að málinu vinna og ekki flóta sofandi að feigðarósi, eins og fyrrverandi ríkisstjórn gerði, sem lét hverjum degi nægja sínar þjáningar og aldrei hugsaði fram í tímann.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að fara að auka þá þrætu, sem hér er um verðlag og kaupgjald. Ef hér yrðu samþ. í aðalatriðum þær till., sem fram hafa komið frá fjhn. og ríkisstj., liggur fyrir, að þetta hvort tveggja yrði metið af nefnd. Ég tel því þessum langdregnu þrætum ofaukið.

Áður en ég geri grein fyrir atkvæði mínu, vil ég taka fram, að mér mislíkaði það, sem á bar í frv. ríkisstj., að verið er að gera einfalt mál flókið. Inn í dýrtíðarmálið er flækt margbrotnum aðgerðum, sem þurftu ekki beint að koma því við, heldur eru skattamál fyrst og fremst. Í frv. eru 3 kaflarnir skattalöggjöf, og ég skil ekki, hvað stjórnin hefur þótzt ávinna með þeirri samblöndun, ég er stórhissa á henni. Það er ekki aðferð til að fá dýrtíðarmálin leyst að draga inn í þau einhver mestu hitamál, sem verið hafa á undanförnum þingum. Auk þess var tilefnislaust að gera það. Ef í það er ráðizt, sem ég tel í flestum tilfellum óþarft og óheppilegt, að greiða niðurfærslu vöruverðs með framlagi úr ríkissjóði, verður framlagið að takast af ríkissjóðnum, sem er einn og óskiptur, og tekjuöflun til hans er annað mál. Það er gömul og úrelt aðferð að vera að skipta tekjum hans í smásjóði til þessa eða hins, það er klútshornapólitík á sama stigi og það, þegar menn ríða í kaupstað með aura í einu klúthorninu fyrir skýlu handa Siggu og í öðru horni fyrir svuntu handa Gunnu. Þess háttar fjármálavizka tíðkast víst hvergi hjá stjórn og þingi nema á Íslandi. Engin rannsókn hefur heldur verið gerð á því, hvort tekjur ríkissjóðs muni hrökkva fyrir niðurfærslu dýrtíðarinnar, ef hún yrði að einhverju leyti keypt niður, og á meðan er ótímabært að leggja á nýja skatta, sem enginn veit, hverju nema mundu, — og hafa um það heila 3 kafla í sjálfri dýrtíðarlöggjöfinni. Hafi ríkisstj. komizt að því, að það sé eitt af mestu þjóðfélagsmeinum okkar, að skattar séu of lágir, er henni þetta e. t. v. vorkunnarmál. En hinir gegndarlausu skattar eru einhver mesti þjóðarvoði okkar og hætt við, að eftir stríðið fáum við að súpa af því seyðið.

Ég er þegar búinn að lýsa yfir því, að bæði till. ríkisstj. og fjhn. eru allt önnur lausn málsins en ég hefði kosið. Fyrir mér horfir þetta þannig við, að ef við ætlum að lækka dýrtíðina, verðum við að athuga hvernig hún hækkaði og snúa sömu leið aftur. Við erum komnir í svimandi hæð, upp einstigi, og verðum að fara niður sama einstigið aftur. Það þarf að afskrifa dýrtíðina, en engin hætta er á, að við höfum ekki nógan tíma til þess, ef við veljum einungis hina réttu leið, þá einu, sem fær er. Eins og hv. 2. þm. Rang. (IngJ) tók fram, er ástandið engan veginn hættulegt sem stendur, og atvinnuvegir landsmanna hafa allt að þessu gengið mjög vel. En við óttumst framtíðina og vildum vera komnir ofan á jafnsléttuna, áður en hrun verður á erlendum markaði. Og þegar þar að kemur, skiptir mestu, að atvinnuvegirnir séu þannig staddir, að þeir þoli taprekstur um skeið. Það gerðist fyrir þetta stríð, að atvinnuvegirnir urðu að búa við taprekstur, og það á eftir að gerast, og þá er getan til þess því meiri, sem þeir eru fésterkari. — Það hefur undanfarið heyrzt frá mörgum, bæði launþegum

og framleiðendum, að þeir mundu sætta sig við, að lækkað yrði hjá hvorum tveggja, kaupgjaldið og afurðirnar, og væri þar unnt að finna hlutfall, sem á réttlæti byggðist, mundu flestir una því. Samt væri það miklu auðveldara, ef ekki breyttist verðlag um meira en 3—4% í senn og kaupgjald lækkaði um leið að sama skapi. Menn mundu varla taka eftir þeirri lækkun, hún mundi koma svo vægilega niður. Kaupþegar mundu smám saman fá dálítið lækkað verð á sínum nauðsynjum og framleiðendur fá dálítið ódýrari vinnukraft. Og ef svo giftusamlega tækist til, að n. sú eða þær, sem eiga að reikna hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags, gætu orðið sammála og komizt að niðurstöðu, sem ekki yrði véfengd, mætti, ef í ljós kæmi, að einhver aðili hefði orðið fyrir skakkafalli, leiðrétta það með framlagi frá því opinbera. En engar till., sem fram hafa komið, hníga í þessa átt, heldur er ætlazt til, að teknar séu nokkuð stórar sveiflur, en ég álít, að þær séu hættulegar. Hvort sem teknar eru till. stj. eða fjhn., gera hvorar tveggja ráð fyrir því, að n. reikni út rétt hlutfall, en ef hinar harðvítugu hagsmuna deildir sætta sig ekki við það, er sýnilegt, að því verður ekki hlýtt. Ég er sannfærður um, að eina leiðin út úr ógöngunum er samkomulag milli þeirra, sem hafa gert sig að forustumönnum framleiðenda annars vegar og launamanna hins vegar.

Ég vil ekki skiljast svo við þetta mál, að ég taki það ekki fram, að fjhn., sem hefur orðið fyrir mikilli gagnrýni, hefur samt náð merkilegum árangri, nefnilega þeim, að menn úr öllum þingflokkum hafa þar orðið sammála, en það kemur ekki oft fyrir í viðkvæmum hagsmunamálum, og ég held, að n. mundi ekki hafa náð því samkomulagi, ef hún hefði ekki fundið til ábyrgðar, og það gefur mér vonir um, að samkomulagshugurinn sé svo ríkur, að einnig í haust muni nást samkomulag. En sú leið, sem ég hefði helzt kosið, væri að halda áfram fet fyrir fet að afskrifa dýrtíðina, því að ágreiningurinn er mestur, ef taka á stórar sveiflur.

Ég er líka fjhn. þakklátur fyrir, að hún hefur fallizt á að fella niður tvo kafla um álögur í frv. stj. Það er nokkurt spor til að greiða ágreiningsmálin út úr þeirri flækju, sem þau eru í, þó að of skammt sé gengið, þar sem haldið er eftir tekjuskattskaflanum.

Ég vil að lokum láta í ljós þá von, að Alþ. takist að afgreiða einhverjar byrjunaraðgerðir í þessu vandamáli, sem stj. geti fallizt á, að fullnægi þeim höfuðtilgangi, sem fyrir henni vakir með frv.

Forseti (JJós): Ég hefði viljað halda áfram fundi í kvöld og mun gera það, ef ekki koma fram óskir um annað.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Þó að ríkisstj. sé það mikið áhugamál, að þetta mál fái greiðan og góðan enda, þá er hún á þeirri skoðun, að afgreiðslu þess muni betur borgið, ef þdm. fá að sofa yfir nóttina áður en þeir greiða atkv., og af ýmsum ástæðum vil eg óska þess, að umr. verði frestað til morguns.

Umr. frestað.

Á 94. fundi Nd., 9. apríl, var enn fram haldið 2. umr um frv. (A. 451, n. 662, 651, 663, 673, 674 687, 688, 705).

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Ég flyt hér með hv. 6. landsk. á þskj. 687 og 688 brtt. við brtt. hv. fjhn. við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, og vil ég nú gera nokkra grein fyrir þeim.

Það er þá í fyrsta lagi brtt. við 17. tölul. í brtt. fjhn., um verðákvörðun á landbúnaðarafurðum og uppbætur til bænda, vegna þeirra ráðstafana, sem þar er gert ráð fyrir, að gerðar verði. Fjhn. gerir ráð fyrir, að verð á mjólkurlítra verði 1.30 kr. og á kjötkg. 4.80 kr. út til neytenda, en að það verði svo verðbætt til bænda með framlagi úr ríkissjóði. Við höfum hins vegar lagt til, að verðið á þessum vörum verði ákveðið með því að bæta 45% við verðið, sem á þeim var í jan.—marz 1939, ásamt verðlagsuppbót samkv. vísitölu framfærslukostnaðar, þó ekki hærri vísitölu en 220. Þessi ákvæði eru miðuð við það að reyna að láta bændur og verkamenn njóta svipaðs réttar. Það er í alla staði eðlilegt að miða við 45% hækkun á grunnverði. Ég vil í því sambandi benda á, að samkv. nýjustu búreikningaskýrslum kemur í ljós, að um 78% af bruttótekjum bænda ganga á einn eða annan hátt til vinnulauna. Hér er um að ræða 58% hækkun á þessum lið, og er þá ekki ósanngjarnt að ákveða þetta útsöluverð eins og við höfum lagt til. Útsöluverð mjólkur verður með þessum hætti ca. 2½ eyri lægra pr. lítra en gert er ráð fyrir í till. n., þannig að mjólkurlítrinn kemur til með að kosta um 1.27½ kr. Með okkar till. fæst því heldur meiri lækkun en hjá n. Í 2. mgr. brtt. okkar eru svo settar reglur um þær uppbætur, sem bændum skulu greiddar, um leið og verðið lækkar. Það er og gert ráð fyrir að verðbæta allar þær kjötbirgðir, sem til verða í landinu, þegar þessi l. ganga í gildi. Hvernig skuli verðbæta mjólkina er erfiðara við að eiga, þar sem hún er framleidd jafnóðum, en það er gert ráð fyrir, að til 15. maí verði borguð uppbót á hana með 1.75 kr. pr. lítra, en frá þeim tíma verði hún bætt upp þannig, að bændur fái sama verð fyrir hana og þeir mundu fá, ef hún væri seld með 45% grunnverðshækkun, miðað við söluverð 1939 og auk þess verði greidd á hana verðlagsuppbót samkv. vísitölu þess tíma. Með þessum hætti verða uppbæturnar mjög svipaðar og fjhn. leggur til, en þær jafnast öðruvísi niður á mánuðina. Auk þess leggjum við til, að uppbæturnar verði aðeins að hálfu leyti greiddar í réttu hlutfalli við magn seldrar vöru, en að hinn helmingurinn verði greiddur óskiptur til bænda, sem höfðu minna en meðalárstekjur (nettó) 1942, og skuli þær greiðslur fara stighækkandi í öfugu hlutfalli við tekjurnar. Með þessu á að tryggja smábændunum, sem hafa mesta þörfina, það miklar uppbætur að þeir þurfi ekki að stöðva framleiðslu sína vegna verðlækkunarinnar, en aftur er tekið ofurlítið af kúfnum hjá þeim stærstu, sem betur þola skellina.

Auk þessa höfum við lagt til, að lagðar verði 3 millj. kr. í sjóð til eflingar íslenzkum landbúnaði. Það kunna nú sumir að segja, að þegar

búið sé að greiða mjög mikið fé til styrktar íslenzkum landbúnaði, og það er nokkuð til í því, en það fé hefur ekki komið að tilætluðum notum. Ég býst ekki við því, að þjóðin horfi í það, þótt bændum sé það mikill styrkur, að þeir geti lifað við sæmileg lífsskilyrði, og veit að verkamenn gera það ekki, en þeir horfa að vonum sárum augum eftir þeim upphæðum, sem kastað er, án þess að nokkuð sjáist eftir þær.

Með þessum 3 millj. kr. sjóði er gert ráð fyrir, að stefnt verði til gerbreytingar á skipulagsháttum landbúnaðarins. Það þarf m. a. að færa saman byggðina og gefa bændum þannig kost á að nota sér hina auknu afkastagetu og bætta möguleika til þess að hagnýta sér vélar við framleiðsluna auk annarra kosta, sem þéttbýlið hefur. Með þessu er miðað að því að bæta lífsskilyrði bænda og lækka um leið framleiðslukostnaðinn á vörum þeirra, en þetta mun hvort tveggja vera hægt og er þetta því til mikilla hagsbóta fyrir þjóðina, sem þarf mjög á landbúnaðarvörum að halda. Það er mjög óeðlilegt að etja bændum og launastéttunum hverjum gegn öðrum og stofna til úlfúðar þeirra á milli. Ekkert er eðlilegra en brautir bænda- og verkamanna liggi saman, enda þótt þeir taki tekjur sínar á mismunandi hátt. Ég veit, að það er í fullu samræmi við vilja verkamanna, að lyft verði undir landbúnaðinn, þannig að bændum verði sköpuð betri lífsskilyrði svo að þeir flosni ekki upp og hrúgist á mölina, heldur geti verið kyrrir í sveitunum og framleitt nauðsynjavörur þjóðarinnar sem ódýrast. Lausnin á þessu vandamáli hefur verið eitt af erfiðustu viðfangsefnum þjóðarinnar og einn brattasti hjallinn í baráttunni við dýrtíðina. Þessi mismunur á því, hvernig bændur og verkamenn taka tekjur sínar, hefur valdið miklum erfiðleikum á að koma niður dýrtíðinni, en ég er viss um, að ef þjóðin hefði fyrr farið inn á þá braut, sem við nú leggjum til, þá hefði ekki allt hlaupið í þann baklás, sem það nú situr í, í baráttunni við dýrtíðina. Ég vil og benda á það, að það er mjög varhugaverð skoðun, sem sumir ef til vill hafa, að það sé hægt að leysa dýrtíðarvandamálið á kostnað verkamanna eða bænda og á þeim grundvelli sé reynt að fá annan hvorn aðilann upp á móti hinum. Stærsti kosturinn á till. fjhn. er einmitt sá, að ætlazt er til, að þessar stéttir semji sín á milli, en leggi ekki til orustu. Að því leyti má alls ekki víkja út af þeim grundvelli, sem fjhn. hefur markað. Það má þar ekki fara eftir till. ríkisstj. og ekki eftir till. alþfl.manna, sem leggja til að lögbinda afurðaverðið, en ekki kaupgjaldið. Slíkt hlýtur alltaf að leiða til ófriðar og óhags fyrir verkamenn, og það hlýtur að leiða til þess, að kaupgjaldið verði þá einnig lögþvingað fyrr eða síðar.

Þá er það síðasta mgr. brtt. við 17. tölul., um álagningu. Nú þegar vísitalan lækkar svo sem búizt er við og þar með tekjur launafólks og bænda, þá er það óeðlilegt, að þeir, sem taka tekjur sínar með álagningu, haldi áfram að taka sömu tekjur eins og áður. Við leggjum því til, að lagt verði fyrir viðskiptaráð að setja ný ákvæði um hámarksálagningu í samræmi við lækkaðan kostnað. Það er nauðsynlegt, að samtímis því sem tekjur launþega og bænda eru lækkaðar, þá séu og lækkaðar tekjur þeirra, sem taka þær með álagningu. Það er mjög erfitt að setja ákvæði um þetta í hundraðshlutum, og verður viðskiptaráð því að reyna að finna einhverja heppilega lausn á þessu.

Þá eigum við hv. 6. landsk. og till. á þskj. 688, sem er viðaukatill. Hún fjallar að ýmsu leyti um sama efni og till. hv. 2. þm. S.-M. og hv. 2. þm. N.-M., um skattaákvæði. Í frv. eins og það kom frá ríkisstj., voru ákvæði um þetta í I. kafla frv. og víðar, en fjhn. hefur lagt til, að meginið af þessum skattaákvæðum verði fellt niður. Við teljum óeðlilegt, að þetta komi fram í því formi, sem það er í frv. Við teljum eðlilegt að halda sér við þann grundvöll, sem fjhn. hefur markað, og fyrst og fremst beri að afgreiða sjálfar lækkunartill., og höfum við því flutt þessa till. sem viðaukatill. við 18. tölul. í till. fjhn., sem felur í sér efnislega breyt. á frv. sjálfu. Í till. hv. 2. þm. N.-M. og hv. 2. þm. S.-M. er gert ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs verði látnar renna í framkvæmdasjóð ríkisins, en ég tel réttara að leggja þær sem stofnfé í alþýðutryggingar. Nú er í ráði að gera miklar breyt. á alþýðutryggingunum, og hefur n. verið skipuð til þess að undirbúa það mál. Enginn efi er á, að þessar breyt. verða mjög kostnaðarsamar, en víst er, að fátt er eins varanlegt fyrir þjóðina eins og varanlegar alþýðutryggingar, og þessu fé verður ekki betur varið. Ég er á móti því, að þessar tekjur verði notaðar í eyðslufé, en ég er að því leyti samþykkur till. hv. 2. þm. N.-M. og hv. 2. þm. S.-M., að ég vil, að fénu verði varið í alþjóðarþarfir, en ekki sammála þeim um, í hvað féð skuli fara.

Það er efnisbreyt. í till. okkar hv. 6. landsk. frá till. hinna tveggja hv. þm., að því leyti, að þeir vilja, að þeir skattþegnar, sem sjávarútveg stunda, fái að leggja ⅓ af skattskyldum tekjum í nýbyggingarsjóð, eftir að þær eru orðnar 1 millj., en við leggjum til, að þegar tekjurnar eru orðnar svo háar, þá sé ekki ástæða til að leyfa þennan frádrátt. Hitt eru frekar formsbreytingar, sem skipta minna máli. Þessar till. okkar eru viðbót við till. fjhn., og því legg ég áherzlu á, að atkvgr. fari fram á eftir till. fjhn.

Ég minntist áðan á till. hæstv. ríkisstj. Ég hygg, að ekki skipti miklu máli um skipun n. þeirrar, sem á að reyna að komast að samkomulagi, ef hún aðeins er skipuð fulltrúum beggja aðila. Annað skiptir litlu máli, t. d. hvort hún er öll skipuð af hæstv. ríkisstj., en gæta verður þess, að í henni eigi sæti fulltrúar bænda annars vegar og verkamanna og annarra launamanna hins vegar, því að ef þessar stéttir eiga ekki fulltrúa í n., þá er tilgangslaust að skipa hana.

Þá er í c-lið brtt. hæstv. ríkisstj. á þskj. 651 gert ráð fyrir að lögbinda bæði verð landbúnaðarafurða og það, sem bændum er veitt fyrir vörur og kaup launamanna. Það hefur margoft verið bent á, að tilgangslaust sé að fara inn á þessa braut, og ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. sé ekki ljóst, hvað það er, sem hún fer þarna fram á. Með þessu mundi hún skapa óeirðir, sem hún mundi ekki ráða við, og þess vegna þýðir ekki að fara inn á þessa braut. Hið eina, sem getur dugað, er samkomulagsleiðin, og ég vil taka fram, að ég er andvígur því, að farið verði

inn á þessa braut nú, enda þótt hægt verði að lögbinda afurðaverð til bænda. Við viljum, að samkomulagsleiðin sé reynd við bændurna, en ekki, að þeir séu beittir boðabrögðum, því að bændur og verkamenn eiga að vinna saman gegn hinum sameiginlega óvini, sem á þá ræðst. Ég vil þess vegna vara við till. hæstv. ríkisstj., og mér finnst í hæsta máta undarlegt, að Alþfl. skuli vilja taka þá ábyrgð á sig að ganga inn á þessa braut, því að það á ekki að siga þessum tveimur stéttum saman, heldur eiga þær að vinna saman.

Það hefur borizt í tal, hvernig skuli bera upp þær brtt., sem fyrir liggja. Mér finnst ekkert efamál, að brtt. hv. fjhn. eigi að koma fyrst til atkv., á undan brtt. hæstv. ríkisstj. Það væri óeðlilegt, ef brtt. hv. n. yrðu ekki bornar upp fyrst, því að þær fela í sér meginmál þess, sem hér er um rætt. Aftur á móti eru till. hæstv. ríkisstj. þannig, að þær missa tilgang sinn, nema þær séu bornar upp allar í einu lagi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Hv. 2. þm. Reykv. gerði í ræðu sinni í gær aths. við það, að ég skyldi hafa gert samanburð á tímakaupi verkamanna árið 1939 og nú. Hv. þm. sagði, að vinnudagur verkamanna væri nú styttri en áður, eða 8 stundir. Atvinnurekendur hefðu menn yfirleitt í vinnu aðeins þessar 8 st. Þess vegna væri réttast að gera samanburð á dagkaupi fyrir 10 stundir fyrr og nú fyrir 8 stundir. Hann sagði, að afköstin væru nú ekki minni eftir 8 stundir en áður eftir 10 stunda vinnu. Ég skal ekkert um það dæma að þessu sinni. Ef til vill er svo í einstökum tilfellum, að afköstin séu ekki minni, en ég tel, að svo sé ekki yfirleitt, því að varla hefur svo mikil breyting orðið á þessum síðustu 2—3 árum, að menn afkasti jafnmiklu nú með 8 stunda vinnu og fyrr með 10 stunda vinnu. Ef þessi aðferð hv. þm. væri notuð við samanburðinn, þá þyrfti að liggja fyrir, að bændur framleiddu nú jafnmikið vörumagn á 20% styttri vinnudegi en fyrir 1—2 árum. Ég fullyrði, að svo sé ekki. Það er ekki unnt fyrir bændur að auka svo afköstin við framleiðsluna, a. m. k. á meðan stríðið stendur. Ég tel það auðvitað mjög æskilegt að bæta allar vinnuaðferðir, svo að menn geti afkastað sem mestu verki á sem styztum vinnutíma. En það eru takmörk fyrir því, hve langt er hægt að komast í því að stytta vinnutímann, og á stríðstímum er ekki hægt að bæta aðstöðu landbúnaðarins svo, að vinnuafköstin verði í skjótri svipan 20—25% meiri en 1939. Að þessu þarf að stefna, en núna á þessum tímum er engin leið að gera þessar breytingar, og jafnvel á eðlilegum tímum tekur það langan tíma. Það er mjög erfitt nú að fá landbúnaðarvélar, einnig efni í peningshús og hlöður, en bygging á þeim getur sparað vinnuafl í sveitum, bæði við heyöflun og einnig við búpeningshirðingu. Ég tel þess vegna ekki unnt að gera samanburð á þennan hátt eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði. Svo er það annað í sambandi við 8 st. vinnudaginn. Leiðtogar verkamanna töldu styttingu vinnudagsins mjög til hagsbóta fyrir verkamenn. En mér virtist koma fram í ræðu háttv. 2. þm. Reykv. sú skoðun, að þetta gæti e. t. v. verið til tjóns fyrir þá, þar eð þeir fái þess vegna minna dagkaup, þegar eftirvinna sé lítil. Ég vil benda á, að þessari styttingu vinnudagsins var alls ekki þröngvað upp á verkamenn. Þeir óskuðu eftir þessari breytingu sjálfir, en voru ekki beðnir um hana, og ef þetta eru kjarabætur fyrir verkamenn, eins og sagt hefur verið, finnst mér, að bændur ættu að verða aðnjótandi svipaðra hlunninda. En ég vil benda á, að bændur geta ekki fært vinnutíma sinn niður í 8 stundir. Ef til vill ætlast þá hv. 2. þm. Reykv. til þess, að þeir fái eftirvinnukaup fyrir þann tíma, sem þeir vinna umfram 8 stundir.

Ég tel svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta atriði málsins, en vil víkja nokkrum orðum að hæstv. félmrh., út af ræðu hans í gær. Hæstv. ráðh. hefur reiknað út vísitölur fyrir kaupgjald og verðlag. Það getur verið ágæt aðferð til þess að gera samanburð, en eitt er nauðsynlegt við þau vinnubrögð, og það er, að útreikningurinn sé byggður á traustum og réttum grundvelli. Ef grunnurinn er ótraustur, þá verður yfirbyggingin skökk. Hæstv. félmrh. byggir allan samanburðarútreikning sinn á kaupgjaldi verkamanna í félaginu Dagsbrún í Rvík. Ég tel, að þetta sé ekki sanngjarnt, vegna þess að grunnkaupshækkun verkamanna í Rvík síðan 1939 er minni en víðast annars staðar á landinu, eða um 45%, en í 39 öðrum verkamannafélögum innan alþýðusambandsins, í kaupstöðum og kauptúnum landsins, er grunnkaupshækkunin að meðaltali 76% á sama tíma, og er þó ekki með talið orlofsfé. Bændur í öllum héruðum landsins þurfa að kaupa mikla vinnu með þessari hækkun. Má t. d. nefna vinnu við skipaafgreiðslu, og í kauptúnunum þarf að greiða eftirvinnukaup fyrir mikið af þeirri vinnu, því að skipin koma á hafnirnar á hvaða tíma, sem er, og þá verður að afgreiða þau, sé það fært vegna veðurs. Þessi vinna er því ekki eins reglubundin í kauptúnunum og í hinum stærri kaupstöðum. Þá er vinna við slátrunarstörf að haustinu stór liður í kostnaði við verkun og sölu á sauðfjárafurðum. Einnig má minnast á vegavinnukaupið, sem hefur hækkað enn meira. Þetta hvort tveggja, vegavinnukaupið og kaupgjaldið í kauptúnum landsins, hefur miklu meiri áhrif á kaupgjald í sveitum, sem bændur þurfa að borga, heldur en kaup verkamanna í Rvík. Ég hef áður skýrt frá því, að meðal grunnkaupshækkun daglaunamanna í 40 verkamannafélögum er 65%, en ef orlofsfé er talið með, þá rúmlega 71%. (ÞG: Þessar tölur eru ósannindi.) Þessi hv. þm. veit ekki, hvað hann er að tala um, og ætti að afla sér betri vitneskju um hlutina, áður en hann fer að gjamma fram í ræður manna. Ég fullyrði, að sízt er á verkamenn hallað með þessum meðaltalsreikningi í samanburðinum við afurðaverðið. En er ekki veik undirstaða hjá hæstv. félmrh. að taka aðeins til samanburðar verkamannakaup hjá Dagsbrún í Rvík, sem hefur hækkað einna minnst hlutfallslega síðan 1939? Er þetta sá meðalvegur, sem hæstv. ríkisstj. þykist vera búin að finna og vill nú ganga? Hvor okkar ætli sé nær meðalveginum, hæstv. félmrh. eða ég?

Ég sýndi fram á í síðustu ræðu minni, að ef till. hæstv. ríkisstj. yrðu samþykktar og fram-

færsluvísitalan yrði 220 stig, þá yrði vísitala tímakaups, sé reiknað með meðalgrunnkaupshækkun hjá áðurnefndum 40 verkamannafélögum og orlofsfé meðtalið, um 378 stig, en fyrir mjólkur- og kjötverð yrði vísitalan 308 stig. Ef hins vegar framfærsluvísitalan lækkaði úr 220 niður í 200 stig og afurðaverðið lækkaði um 1% fyrir hvert stig þar á milli, eins og hæstv. ríkisstj. gerir till. um, mundi vísitala tímakaups verða 343 stig, en vísitala kjötverðs 245. Svona lítur það út í mínum augum samræmið og réttlætið, sem hæstv. ráðh. sagðist vilja skapa. En jafnvel þótt aðeins sé tekið Dagsbrúnarkaup til samanburðar, sem eins og áður segir hefur hækkað einna minnst síðan 1939, og framfærsluvísitalan kæmist niður í 200 stig, þá yrði vísitala tímakaups 302 (orlofsfé meðtalið), en vísitala landbúnaðarafurða 245. Svona yrði útkoman, jafnvel þótt þessi leið yrði tekin. Þetta telur hæstv. félmrh. réttlæti og samræmi og telur, að það þurfi ekki frekari athugunar við. Um það er ég á öðru máli. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki fundið meðalveginn enn þá. En veginn þarf að finna. Um það virðast allir hv. þm. sammála, og samkv. frv. á að skipa sérstaka nefnd, sem falið sé að finna þennan meðalveg, þ. e. sanngjarnt hlutfall á milli afurðaverðs og kaupgjalds. Jafnframt þarf að finna, hvað kaupgjald verkamanna og annarra stétta og afurðaverðið megi vera hátt á hverjum tíma, til þess að það sé í sem bestu samræmi við heildartekjur þjóðarinnar. Ég tel, að rétt sé að reyna til þrautar að leysa þessi viðfangsefni með samkomulagi, en meðan verið er að leita að hinum gullna meðalvegi, eigum við ekki að raska því hlutfalli, sem nú er milli afurðaverðs og kaupgjalds.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Ég vil leiðrétta leiðan misskilning í ræðu hv. þm. V.-Húnv. og tel það bezt gert með því að lesa upp kafla úr ræðu minni í gær. [Vantar í hdr.].

Hv. þm. V.-Húnv. segir, að ég hafi haldið fram, að ekki þyrfti frekar að athuga þetta mál. Þetta er ekki rétt, því að ég hef þrisvar sinnum tekið fram, að í ráði væri að setja n. til að finna rétta vísitölu fyrir landbúnaðarafurðir, og eftir henni verði farið við ákvörðun verðsins. Stj. vill, að bændum sé borguð uppbót að ¾ á það, sem eftir er óselt af kjöti, og á mjólk og mjólkurafurðir til 15. maí. Gert er ráð fyrir, að þessi uppbót nemi allt að 5 millj. kr., ef vísitalan færi niður í 220, eins og stj. leggur til.

Ég vil biðja hv. þm. að athuga, hvað það þýðir, að vísitalan fari niður í 220 stig. Ef maður lítur á hana, þegar hún var 272, og tækist að lækka hana úr því niður í 220, þá er það 20% lækkun á vísitölunni. Af því leiðir 20% lækkun á kaupi, án þess að um nokkra raunverulega launaskerðingu sé að ræða. Þessi 20% lækkun þýðir 20% hækkun á peningagildi gagnvart vinnuaflinu. Það verður hægt að kaupa 20% meira vinnuafl fyrir þá peninga, sem þjóðin á til. Það er vitað, að bændur eiga inni hjá ríkissjóði ekki minna en 20 millj. kr. Ef vísitalan er færð niður í 200, eykst kaupmáttur þessarar innistæðu bænda um 4 millj. kr. gagnvart verkakaupi. Ríkisstj. vill færa vísitöluna niður og borga bændum skaðabætur fyrir, að hún er færð niður, sem mun nema 4—5 millj. kr. En þessi ráðstöfun eykur verðgildi þeirra 20 millj. kr., sem bændur eiga hjá ríkissjóði, um 4 millj. kr. Er þetta tap eða gróði? Er hér verið að níðast á bændum?

Stefán Jóh. Stefánsson: Það eru aðeins örfáar aths., sem mér fannst rétt að gera út af þeim umr., sem orðið hafa hér í d. um mál það, sem mest hefur verið rætt um. Sérstakt tilefni gaf mér hv. þm. Siglf., sem hélt því fram, að það væri óviðurkvæmilegt af mér og hv. þm. Hafnf. að bera fram þær brtt., sem við gerum við brtt. hæstv. ríkisstj., að binda verðlag á íslenzkum afurðum með l., þótt ekki væri nema skamma stund, en með því að taka fram í hjá honum benti ég á, að hann, sem ber fram till. á þskj. 687, gerir nákvæmlega það sama, þ. e. að leggja til, að ákveðið verði verð á landbúnaðarafurðum, þar til n. sú, er skipa á, hefur skilað áliti sínu og annaðhvort myndað grundvöll með því að vera sammála um hlutfallið milli verðs á landbúnaðarafurðum og kaups eða þá orðið sundurþykk, og kemur þá til kasta hins pólitíska valds að ákveða, hvað þá skuli gert. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning, sem þarna kom fram í ræðu hv. þm. Siglf. Hann getur vissulega ekki ráðizt á till. okkar alþýðuflokksmanna fyrir það sama og hann ásamt flokksmönnum sínum ber fram. Hitt er annað mál, að allt frá 1934 hefur verið haft skipulag um verðlag íslenzkra landbúnaðarafurða, og það hafa í raun og veru ekki verið bændur sjálfir, sem hafa ákveðið það verðlag, heldur n., sem skipuð er eftir sérstökum l. frá Alþ., og má vænta, að form., sem skipaður er af landbrh., geti þar miklu ráðið, þannig að ákvörðun verðs á landbúnaðarafurðunum hefur í níu ár verið ákaflega mikið í höndum hins pólitíska valds í landinu á hverjum tíma, en alls ekki í höndum samtaka bænda. Þarna kemur fram sá meginmunur, sem á þessu er og ákvörðunum á vinnu verkamannastéttarinnar. Þar hefur verið haldið fram, að ættu að vera frjálsir samningar milli atvinnurekenda og verkamanna. Með hliðsjón af þessu fannst okkur þm. Alþfl., að það væri ekki hart, þó að verð á vörum bænda væri til bráðabirgða ákveðið með l., en samtímis væri gert ráð fyrir, að skipuð væri n., sem skyldi vera bæði samningan. og einnig ákvörðunarn., ef samkomulag fengist.

Ég vil einnig taka fram, að mér þykir leiðinlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki ennþá hafa séð sér fært að lýsa yfir neinu út af brtt. okkar hv. þm. Hafnf., þar sem er að finna nokkrar brtt. við till. sjálfrar stj. Ég hefði gjarnan viljað vita um afstöðu hæstv. stj. til þessara till. okkar og vil, úr því að ég stóð upp í annað sinn, ítreka, að hæstv. stj. léti eitthvað til sín heyra um þessar brtt. Það er ekki ósanngjörn ósk af okkar hendi, þar sem við viljum að verulegu leyti byggja á þeim grundvelli, sem hæstv. stj. hefur lagt með sínum eigin brtt., en færa þær þó í það horf, að viðunanlegt sé til samþykktar af sjónarhóli Alþfl., en ég geri ráð fyrir, að enn þá megi vænta einhverra nánari yfirlýsinga frá hæstv. stj. um þau málefni, sem hér liggja fyrir, og þá vil ég

mega vænta, þar sem mér skilst, að tveir hæstv. ráðh. eigi þess kost að hlýða á mál mitt, að orðið verði við þessari beiðni okkar, að hæstv. stj. lýsi afstöðu sinni til þessara brtt. okkar.

Áki Jakobsson: Það er örstutt. Ég vil aðeins taka fram, að það er ekki rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að ég leggi til, að afurðaverðið verði lögbundið, því að ég geri ráð fyrir, að það verði fram til 15. sept. látið fylgjast með vísitölunni, og þó bætt við 45% og síðan látið fylgja vísitölunni nema fram til 15. maí, en fram að þeim tíma verði verðið það, sem það er nú.

Það var eitt atriði, sem ég gleymdi í sambandi við till. Alþýðuflokksmanna. Ef hún er samþ., þá er niður felld heimild, sem er í till. n., til stj. um það, að lagðar séu 3 millj. kr. í sjóð til atvinnutrygginga eftir stríð, sem nánar er ákveðið með samkomulagi við Alþýðusambandið í sérstakri reglugerð, sem samningan. gerir till. um.

Það er gert ráð fyrir í till. n. að leita samninga við Alþýðusamband Íslands og önnur sambönd launþega um, að sú lækkun á landbúnaðarvörum, sem hefur áhrif á vísitöluna, til lækkunar, verði látin gilda frá 1. þess mánaðar, sem næst kemur á eftir. Reiknað hefur verið, hvað miklu þetta munar, og hefur það verið lauslega áætlað um 3 millj. kr. Þess vegna taldi n. rétt, að þessar 3 millj. kr., sem eru ekki borgaðar launþegum, ef samkomulag fæst, verði lagt í þennan sérstaka sjóð til atvinnutrygginga. Till. Alþýðuflokksmanna ganga í þá átt að fella þetta niður. Verður ekki annað séð en að þeir vilji, ef þessi brtt. er samþ., halda sér við till. stj. og fella till n. Þessu hagsmunamáli er því stefnt í voða með till. þeirra.

Sveinbjörn Högnason: Hv. 4. þm. Reykv. lét þau orð falla í síðustu ræðu sinni, að það hafi verið hið pólitíska vald, en ekki félagasamtök bænda, sem mestu hafa ráðið um verð á landbúnaðarafurðum undanfarin níu ár. Ég hygg, að þar sé djúpt tekið í árinni, svo að ekki sé meira sagt. Það er vitað, að síðan **afurðasölul. voru** sett, hafa sérstakar n. tekið ákvarðanir um verð á landbúnaðarafurðum. Í þeim hafa setið fulltrúar bæði neytenda og framleiðenda, en stj. skipað oddamann. Það er enn fremur vitað, að verðlagið hefur svo að segja alltaf verið ákveðið með sáralitlum ágreiningi milli fulltrúa neytenda og bænda. Nú síðast, þegar mesta verðhækkunin var gerð, hygg ég, að enginn ágreiningur hafi verið, heldur vilja neytendur láta greiða styrk á þessar vörur. Þetta var ég að lesa nýverið í gerðabók verðlagsnefndar. Ég hef heyrt, ekki síst frá flokki þessa hv. þm., að bændur hafi verið nokkuð mikils ráðandi í þessari n. og hafi átalið það mjög, að þeir hafi dregið um of fram sinn hluta, þó að sannleikurinn sé sá, að oftast hafi verið samkomulag milli fulltrúa neytenda og framleiðenda. Hinu er ekki að neita, að að nokkru leyti eru verðlagsákvarðanir, sem þessi n. tekur, teknar af framleiðendunum sjálfum, þar sem neytendur hafa fengið leyfi til þess að láta sín sjónarmið koma líka fram um verðlag á þessum vörum. Mér finnst það einkennileg ályktun hjá hv. 4 þm. Reykv., að fyrst verðlagsákvarðanirnar hafa í þessi 9 ár verið í höndum bænda að hálfu leyti, skulum við segja, þá eigi að taka þennan rétt að öllu leyti af þeim nú, þó að megi á engan hátt skerða ákvörðunarrétt verkamanna. Ég skil ekki þessa röksemdafærslu, ég segi það alveg eins og það er, sízt hjá þeim manni, sem lýsti því yfir fjálglega í d. í gær, að fyrir sér vekti ekkert annað en að útrýma öllu ranglæti og að jafnréttið og réttlætið fengi að ráða. Ef þessum mönnum hefur á undanförnum árum sviðið, að bændur hefðu of mikil áhrif í n., þó að þeir hafi ekki ráðið þar nema að nokkru leyti og aldrei, sem teljandi er, dregið fram taum framleiðenda meira en fulltrúar neytenda hafa talið, að væri rétt, og nú á að taka þennan rétt alveg af þeim, sem hv. 4. þm. Reykv. segir þó, að sé ekki meiri en svo, að pólitíska valdið hafi þar ráðið mestu, — ef það er rétt að taka þetta af þeim með því að leggja niður n., þá get ég ekki skilið, hvernig maður, sem hefur snefil af réttlætistilfinningu, getur haldið því blákalt fram, að hjá verkamönnum megi ekki breyta einu einasta atriði um kaup, nema þeir sjálfir vilji. Þessi hv. þm. hugsar sem svo, að úr því að bændur hafi af þjóðarnauðsyn fellt sig við, að þessi réttur væri af þeim tekinn að nokkru leyti, þá sé réttmætt að taka hann af þeim að öllu leyti nú, um leið og ekkert má skerða hjá öðrum. Ég skil ekki svona hugsunarhátt, sízt hjá þeim, sem segjast eingöngu vilja réttlæti.

Það er rangt hjá hv. þm. Siglf., að Sósialistafl. áliti, að bændur eigi að hafa sjálfsákvörðunarrétt um verðlag á afurðum sínum, þegar þeir flytja hér till., þar sem lagt er til, eins og hv. 4. þm. Reykv. réttilega sagði, að þessi sjálfsákvörðunarréttur verði tekinn af þeim. Það minnti mig á hið forna spakmæli: „Fagurt skalt mæla, en flátt hyggja.“ Þessi till. sýnir allt annan hug hjá honum en hann vildi láta skína í í ræðu sinni áðan. Það er sjálfsagt, að verkamenn og framleiðendur séu látnir sjálfir ráða yfir vinnu sinni og vöru, á meðan kostur er. En ef á að gera upp á milli manna, ef ekki má setja löggjöf fyrir suma, hvernig sem á ríður, en aðra þarf ekki að spyrja um neitt, þá er komið út á ranglætisbraut, sem hlýtur að leiða til upplausnar fyrr eða síðar. Enda er það ekkert launungarmál, eins og nú horfir um landbúnaðinn, að ef mjög verður gengið á hlut hans, getur það ekki haft í för með sér annað en aukinn samdrátt hans, og verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því, að frá hæstv. ríkisstj. skuli koma till. um að lækka dýrtíðina eingöngu á kostnað bænda. Ég skal ekki ræða frekar um þetta; það hefur hv. þm. V.-Húnv. gert, en ég verð að lýsa yfir undrun minni vegna þeirrar furðulegu röksemdafærslu, er kom fram hjá hæstv. félagsmrh. í gær og í dag, þar sem hann tekur aðeins þær tölur, sem koma honum í hag, og hagræðir þeim, en sleppir svo hinum. Hann tekur sem sé aðeins þá menn til dæmis, sem lægsta grunnlaunahækkun hafa hlotið, en sleppir þeim, sem hafa fengið tvöfalda eða þrefalda grunnlaunahækkun. En hv. þm. V.-Húnv. tók meðaltalið og miðaði við það. Vitanlega hefur það engin áhrif, að því er framleiðslu bænda snertir, hvað grunnkaup hefur hækkað hjá embættismönnum, því að það er nú

svo, að bændur hafa heldur fáa embættismenn í þjónustu sinni. En það hefur mikil áhrif í þessu efni, hvað kaup hefur hækkað t. d. hjá vegavinnumönnum, og hjá þeim hefur kaupið vissulega hækkað mikið. Þegar maður í slíkri ábyrgðarstöðu sem hæstv. félagsmrh. leyfir sér að fara svo á snið við raunveruleikann sem þetta dæmi sýnir til þess að fá röksemdirnar sér í hag, en bændum í óhag, þá verð ég að segja, að ég get ekki tekið mikið mark á öðrum tölum hans.

Ég hygg, að ekki þurfi að ræða mikið um þann rétt bænda, sem er tvímælalaus, að þeir hafi sömu aðstöðu og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Ég vil jafnvel segja, að þjóðinni ríði nú ekki á öðru fremur en því, að hægt sé að halda landbúnaðarframleiðslunni uppi, ef menn vilja ekki, að það ástand skapist, að flytja verði landbúnaðarafurðir til landsins frá útlöndum og ríkið verði jafnframt að greiða stórfé til atvinnubóta. Enginn vafi er á því, að kaupgjald í sveit verður nú í sumar hærra en í fyrra. Með því verði, sem nú er t. d. á kartöflum, má segja það fyrir, að fáir bændur munu fást til að rækta þær, svo að framleiðsla þeirra hlýtur að dragast mjög saman, enda væri óskiljanlegt, ef hagsýnir bændur teldu sér ekki tryggara að draga saman búskap sinn, ef fara á að lækka dýrtíðina eingöngu á þeirra kostnað. Ég hygg, að það minnsta, sem bændur geta krafizt í þessum efnum, sé það, að þeir megi njóta jafnréttis við aðrar stéttir þjóðfélagsins, og meira hafa þeir ekki heimtað.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég þarf ekki að eyða fleiri orðum að því, að það er leiður misskilningur hjá hv. þm. Siglf., ef ekki annað verra, ímyndi hann sér, að einhver eðlismunur sé á brtt. hans og okkar alþýðuflokksmanna, að því er snertir bráðabirgðaákvörðun verðlags á landbúnaðarafurðum. En þegar hann var neyddur til að hörfa úr þessu vígi, leitaði hann í annað vígi til að gera till. okkar tortryggilega. Hann sagði, að við vildum koma því til vegar með henni, að verkamenn nytu ekki þessa þriggja millj. sjóðs, sem um ræðir í till. hv. fjhn. En þetta er auðvitað ekkert annað en fjarstæða, því að till. hv. fjhn. kemur eftir sem áður til atkv., þó að okkar till. verði samþ.

Hv. þm. V.-Sk. veik hér nokkrum orðum að því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Fram hjá því verður ekki gengið, hvað sem hv. þm. segir, að mikill munur hefur verið á verðlagsákvörðunum, að því er snertir afurðir bænda, og ákvörðun á kaupgjaldi verkalýðsins síðustu árin. Þeir, sem einkum telja sig fulltrúa bænda hér á þingi, hafa óskað þess, að sett væru l. um það, hvernig ákveða skyldi verð á innlendum landbúnaðarafurðum. Nú skal ég ekkert um það fullyrða, hvort þær reglur, sem um þetta hafa verið settar, eru réttlátar eða ekki. Aðalatriðið er, að fulltrúar bænda hafa farið aðrar leiðir í þessum efnum en fulltrúar verkamanna, og má vel vera, að fulltrúar bænda hafi farið réttar leiðir. En staðreyndin er sú, að þeir hafa fengið samþ. löggjöf um að taka úr höndum bænda ákvörðun verðlags á þeirra eigin framleiðsluvörum. Ef sú löggjöf væri afnumin, stæðu bændur í sömu sporum og verkamenn, hvað þetta snertir. Fulltrúar bænda hafa ekki óskað þess, að það væri gert. En meðan þeir óska eftir afskiptum löggjafarvaldsins af afurðasölunni, ætti það engin goðgá að vera, þó að hið pólitíska vald ákvæði, að verðið skyldi vera tiltekið um stuttan tíma, á meðan verið væri að leita samkomulags um málin, enda verður ekki annað séð en hér eigi hugmyndin um bráðabirgðaákvörðun verðlags mikið fylgi. Hæstv. ríkisstj. segir í sínum brtt.: „Meðan l. þessi eru í gildi, mega kjötverðlagsn., mjólkurverðlagsn. og verðlagsn. Grænmetisverzlunar ríkisins ekki ákveða hærra verð á landbúnaðarafurðum en l. þessi mæla fyrir um." Og í brtt. hv. fjhn., sem í eru fulltrúar allra þingflokka, segir svo: „Þar til verð landbúnaðarvara verður ákveðið samkvæmt fyrirmælum 4. gr., er ríkisstj. heimilt að ákveða verð þeirra þannig:" — o. s. frv. Loks segir í brtt. á 687. þskj. frá tveim fulltrúum sósíalista: „Þar til verð landbúnaðarvara verður ákveðið samkvæmt fyrirmælum 4. gr., skal ríkisstj. ákveða verð þeirra þannig:" — o. s. frv. Það er því greinilegt, að fulltrúar allra flokka hafa lagt til, að þessi skipun verði höfð, þó að ég haldi því ekki fram, að flokkarnir hafi staðið að þessu óskiptir. En á meðan þetta er lagt til af fulltrúum allra flokka á þingi, er að minnsta kosti ekki rétt að segja, að einn flokkur öðrum fremur vilji beita bændur ofbeldi í þessum efnum, og ættu menn heldur að snúa sér að öðrum þáttum þessa mikilsverða máls og hætta að deila um þetta.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég held, að hv. 4. þm. Reykv. hafi ekki lesið allar till. okkar sósíalista, því að þá hefði hann varla gert sig sekan um þann málaflutning, sem hann hafði hér áðan. Hann sagði, að það væri í samræmi við till. sósíalista, að verið væri að lögbinda verðið til bænda, þó að þeir hefðu einmitt deilt á ríkisstj. fyrir að vilja slíkt hið sama. Þetta getur virzt rétt, ef ekki eru lesnar nema tvær fyrstu málsgr. brtt. En svo segir í þriðju málsgr.: „Nú reynist vísitala framfærslukostnaðar hærri en 220 eftir þann tíma, og skal ríkissjóður þá fram til 15. sept. greiða mjólkurframleiðendum það, sem á vantar, fulla verðlagsuppbót samkvæmt henni. Enn fremur skal með framlagi úr ríkissjóði greiða verðmuninn af þeim kjötbirgðum, sem til eru í landinu við gildistöku þessara laga." Hér er fullgreinilega tekið fram, að verðið til bænda skuli ekki lögbundið, heldur skuli þeir fá verð samkv. þeirri vísitölu, sem í gildi verður á þeim tíma, sem um er að ræða. Auk þess er gert ráð fyrir 45% grunnverðsuppbót. En í till. ríkisstj. er aðeins gert ráð fyrir 40% grunnverðsuppbót og verð afurðanna lögbundið við verð það, sem var í gildi í janúar-marz 1939. En lítum nú á það verð, sem var á landbúnaðarafurðum árið 1939. Eru líkur til, að það hafi verið lægra en sanngjarnt var? Hverjir ákváðu þetta verð? Framsóknarmenn segja, að það hafi verið ákveðið af bændum, en auðvitað er það rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að það voru engan veginn bændur sjálfir, sem verðið ákváðu, heldur tiltekin pólitísk samtök, verðlagsn., þar sem bændur eru í minni hl. Tökum til dæmis hv. þm. V.-Sk., sem er einn af áhrifamönnum þess-

ara pólitísku samtaka og sjálfur hálfgildings bóndi. Enginn vafi er á því, að hagnaður hans af búskapnum er ekki nema lítill hluti af þeim aflafeng, sem hann dregur í land á sinni pólitísku útgerð. En látum það heita svo, að verðið hafi verið ákveðið af bændum. Það er að minnsta kosti ólíklegt, að það hafi ekki verið ákveðið eins hátt og sanngjarnt var. Það er t. d. alkunna, að kjöt var svo dýrt, að hagkvæmara var að flytja hingað kjöt frá útlöndum en kaupa það á innanlandsmarkaði, svo að því verður sízt haldið fram með rökum, að verðið hafi verið óhæfilega lágt. Mér þykir ólíklegt, að þessar n., sem voru svo að segja alveg einvaldar, vilji halda því fram, að þær hafi ekki gætt hagsmuna bænda, eins og skyldi, er þær voru að ákveða verð á afurðum þeirra. Ofan á þetta verð á nú að koma 45% grunnverðsuppbót samkv. till. sósialista og svo verðlagsuppbót samkv. þeirri vísitölu, sem er í gildi á hverjum tíma. Þegar athugað er, að framsóknarflokksmenn hafa sjálfir ákveðið grunnverð það, sem þessu er bætt ofan á, er ekki sjáanlegt, að þeir hafi nokkra ástæðu til að sakast um harðdrægni í þessum efnum. En til hv. 4. þm. Reykv. vil ég skjóta því, að þótt ásakanir hans í garð framsóknarflokksmanna séu vissulega réttar, þá má segja, að þær komi úr hörðustu átt, því að það var vissulega Alþfl., sem hjálpaði pólitískum spekúlöntum Framsóknar í þessa valdaaðstöðu. Þeir hefðu aldrei komizt í hana að öðrum kosti.

Þá ætla ég að víkja fáum orðum að hv. þm. V.-Húnv. Ég verð að segja, að þótt ég hafi verið á mörgum pólitískum fundum og hlýtt á misjafnlega vandaðan málaflutning, hef ég aldrei á ævi minni heyrt haldið fram ósannindum af jafnmiklu blygðunarleysi og í ræðu hv. þm. V.-Húnv. í gær og í dag. Hann hélt því fram, að grunnlaun verkamanna á Íslandi hefðu hækkað um 65% að undanförnu, og bætti því við, að hér væri þó ekki stytting vinnudagsins tekin til greina. Hæstv. félagsmrh. gerði í gær skilmerkilega grein fyrir þessu máli með samanburði sínum á hækkun kaups og verðs á landbúnaðarvörum. Hann hrakti svo rækilega þá staðhæfingu framsóknarmanna, að verð á landbúnaðarvörum hefði hækkað minna en kaupið, að ég þarf ekki að bæta þar neinu við. En í dag var hv. þm. V.-Húnv. kominn upp í 76% með þessa ímynduðu grunnkaupshækkun verkamanna og þóttist fá þetta út með því að athuga tímakaupið og taka til greina styttingu vinnudagsins. Þegar 8 stunda vinnudagur gengur í gildi hjá verklýðsfélögunum, deilist dagkaupið að vísu niður á færri vinnustundir og þannig kemur út hækkað tímakaup. En hið eina rétta í þessu sambandi er auðvitað að miða við dagkaupið. Stytting vinnudagsins táknar í sjálfri sér ekki auknar tekjur verkamanna, heldur bætt lífsskilyrði, aukna hvíld og aukið tóm til að menntast og mannast, enda er tilgangurinn með styttingu vinnudagsins sá einn að bæta kjör verkamanna að þessu leyti. Á einstaka stað og um stundar sakir, þegar sérstakur skortur er á vinnukrafti, getur stytting vinnudagsins að vísu táknað auknar tekjur verkamanna, en þá raunar líka því aðeins, að þeir leggi á sig aukið erfiði með því að vinna eftirvinnu. Eina rétta aðferðin í þessu efni er því að bera saman dagkaupið 1939 og grunnkaupið nú miðað við einn vinnudag. Hjá Dagsbrún, sem er langstærsta verkalýðsfélag landsins og þrisvar sinnum stærra en hið næststærsta, var dagkaupið 14.50 kr. árið 1939, en 16.80 kr. nú, og er þetta tæplega 16% hækkun. Svipað er þetta hjá Þrótti á Siglufirði og öðrum verklýðsfélögum í helztu kaupstöðum landsins. Þó að til kunni að vera nokkur smáfélög, sem hafa fengið fram 50, 60 eða jafnvel 80% grunnkaupshækkun, þá er í þeim svo hverfandi hluti íslenzkra verkamanna, að grunnkaupshækkun þeirra verður ekki mikið yfir 16% að meðaltali. Það er alveg óhætt að fullyrða, að grunnkaupshækkun íslenzks verkalýðs er að meðaltali innan við 20%. Það er því furðulegt ofstæki og hatur til verkalýðsins, sem lýsir sér í staðhæfingum eins og þeim, sem hv. þm. V.-Húnv. lét sér sæma að fara með, og hagsmunum bænda er í raun og veru enginn stuðningur í svona heimskulegum og einstrengingslegum málaflutningi. Enda ber þessi málaflutningur vitni um algeran misskilning á því, hverjir eru raunverulegir hagsmunir bændanna í sveitum landsins. Stórbændur og smábændur eru tvennt ólíkt. Stórbóndinn, sem lifir af vinnu annarra manna, hefur allt aðra aðstöðu en smábóndinn, sem á 30 eða 40 kindur og eina kú og kaupir engan vinnukraft, en selur jafnvel sjálfur vinnu sína á stundum. Smábóndinn hefur hagsmunastöðu með verkamanninum miklu fremur en stórbóndanum, enda er það sannast mála, að engir atvinnurekendur hér á landi hafa verið eins nízkir á vinnulaun og stórbændur, þó að ekki hafi allir verið jafnslæmir. En Framsóknarfl. er fyrst og fremst flokkur stórbænda.

Ég vil benda hv. þm. V.-Húnv. á, að það er einstrengingsskapur, þegar verið er að tala um afurðaverð, að vera að fjandskapast í garð verkamanna og gera þá ábyrga fyrir ábyrgðarleysi stjórnarvaldanna. Þess vegna verður það sízt til að auka gagnkvæman skilning, ef slíkur málaflutningur er hafður, sem hv. þm. V.-Húnv. viðhafði og hv. þm. V.-Sk. viðhefur á hverjum degi, ef hann stendur uppp, með sínum venjulega ofstopa.

Ég hef hrakið með tölum fullyrðingar hv. þm. um kröfur verkamanna til kauphækkunar. Ég geri mér þó ekki vonir um að geta sannfært þessa tvo hv. þm. Það er sama, hvaða rök væru borin fram af hálfu andstæðinga þeirra í stjórnmálum, þeir mundu leika sér að því að taka þau ekki gild. En ég vildi segja þetta, af því að mér fannst ekki nógu vel komið fram, hvað það voru miklar fjarstæður í ræðum þeirra, um að kjör verkamanna væru betri en þau eru.

Þegar verið er að tala um kjör verkamanna, þá má ekki gleyma því, að vísitalan er vitlaust reiknuð út frá byrjun. Vísitalan er alltaf reiknuð lægri en framfærslukostnaður gefur ástæðu til.

Verkamenn hafa alltaf fengið kauplækkun, með því að fá borgað eftir falskri vísitölu. Og þó að ekki sé eins þægilegt að koma fram með tölur til að sanna þetta eins og grunnkaupshækkunina, þá er sannleikurinn sá, að hækkunin hefir bara verið 12—16%. Þetta er viðurkennt af fjölda at-

vinnurekenda, m. a. af ríkinu, með því að láta starfsmenn ríkisins fá 20—25% hækkun. Það var viðurkenning á því, að vísitalan er vitlaust reiknuð út. Sama er með ýmsa aðra atvinnurekendur, að fjöldi þeirra gekkst inn á hækkun grunnlauna með svo og svo mörgum %, af því að vísitalan var of lág. Ég segi þetta til að sýna, að það eru ekki aðeins verkamenn sem halda þessu fram.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Þó að hv. 4. þm. Reykv. sé ekki við, þá ætla ég að svara því, sem hann sagði, fáum orðum. Hann vildi halda fram, að fulltrúar bænda hér óskuðu hjálpar löggjafarvaldsins til að lækka vísitöluna, gegn því að bændur afsöluðu sér að nokkru leyti að ákveða verð landbúnaðarafurða. Hann vildi halda, að bændur heyrðu undir allt annan flokk en verkamenn, sem ekki hefðu fengið neina löggjöf. Ég held hann renni hér blint í sjóinn. Hér er ástatt nákvæmlega á sama hátt í löggjöf báðum til handa. Hann hefur sízt aðstöðu til að koma fram og sverta skipulagningu afurðasölunnar. Það var heimtað frá neytendum, að ákveðið yrði verð afurðanna. Þá var líka fyrir verkamenn sett löggjöf, — stór lagabálkur, hin svonefnda „vinnulöggjöf." Afurðasöluskipulagningin á að vera hliðstæð henni. Hvenær dettur hv. þm. í hug að bændur hafi sjálfir óskað þess, að aðrir aðilar hlutuðust til um verðlagið? Vitanlega hefðu þeir viljað vera sjálfráðir. Það var aðstoð við bændurna, að þeir fengu verðlagslöggjöf, en þeir gátu ekki fengið hana nema með því að vera ekki að öllu leyti ráðandi um verðið. Þeir gengu að því af því að þá var hörmulegt ástand hjá landbúnaðinum. En það var ekki nema sjálfsagt að veita þeim hlutdeild í að ákveða verðið. Ég veit ekki betur en aðrir flokkar, sem skipulagt hafa sölu sinnar vinnu, hafi viljað hafa hönd í bagga um að ákveða verð vinnunnar. Nú vill hann taka þennan rétt af bændum. Þetta er sá maður, sem talað hefur hæst um það, að hann vildi ekkert nema réttlæti.

Þetta er svo augljóst mál, að ef önnur stéttin væri sjálfráð að því að ákveða vinnuverð sitt, en hin hefði bæði löggjafarvaldið og fl. til að beygja sig fyrir, þá þyrfti hún miklu frekar á því að halda að vera ekki þvinguð, þegar verið er að færa verðið niður. Því er það, að löggjafarvaldið hefur veitt báðum nákvæmlega sömu aðstöðu. Það eru því bara rökfalsanir, þegar hv. þm. er að halda því fram, að bændur hafi óskað þess, að löggjafarvaldið vildi ráða afurðaverði þeirra. Bændur eru reiðubúnir að taka allar verðlagsnefndir í sínar hendur. (EE: Allar?). Já, allar, ef allar þær n. eru afnumdar, sem nú starfa. Og ég skal fylgja því strax. Bændur hafa aldrei óskað þess, að aðrir en bændur færu með verðlagningu þeirrar framleiðslu. Og það er skoðun mín, að verkamenn mundu ekki kæra sig um, að útgerðarmenn og bændur væru skipaðir í n. til að ákveða þeirra vinnuverð. Enda hafa n. unnið sjálfstæðinu eiða sína.

Hv. 2. landsk. á útgerðarskútunni (Siglufjarðarskútunni í hv. d.) var að tala um, að ég væri annar þeirra, sem hefði haft hönd í bagga um verðlag á mjólkurafurðum. Það er ekki satt, ég hef aldrei átt sæti í þeirri n. Kunnugleiki hans er ekki meiri en þetta. Verðlagsn. hefur alltaf starfað út af fyrir sig. Skipulagsmál og afurðasölumál geta staðið alveg að fullu sér.

Ég veit ekki hvort ég á að svara hv. 2. landsk. Hann virðist með því markinu brenndur að geta ekki hugsað um stjórnmál nema sem „útgerð" eða „ spekúlasjón", enda er hann frá þeim stað, þar sem fyrst og fremst er hugsað um þetta tvennt. Það virðist sem þeim, sem þaðan koma, sé runnið það svo í blóð, að þeir geta ekki hugsað um neitt nema út frá því sjónarmiði. Einu sinni var svo langt gengið, að þeir með „útgerð" sinni og „spekúlasjón" voru nærri því búnir að setja bæði sjálfa sig og landið á höfuðið. Og ef hún á að færast í aukana, þá gæti það orðið eins og þegar síldar-„spekúlasjónin" stóð sem hæst, ef þessi útgerðar-og-spekúlasjónarhugsunarháttur verður um of ríkur á Alþ. áður en lýkur.

Það, sem hv. þm. sagði um verð á afurðum bænda, sýnir mjög vel, að hann sér aðeins þá hliðina, sem að verkamönnum snýr. Ég vil spyrja: mega bændur hækka verðlagið hjá sér? Það er ekkert í l. sem bannar verkamönnum að hækka vinnu sína í verði. Um það, sem hann sagði um Framsfl., að hann væri bara fulltrúi stórbænda, verð ég að segja, að ég held, að hér séu ekki glögg merki á milli stórbænda og smábænda. Þeir búa allir við sömu skilyrði eða álíka, hagur þeirra er háður ýmsum óviðráðanlegum öflum, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir. Þar kemur fleira til greina en ráðdeild og sparnaður og veltur á ýmsu. Ég held, að þessi flokkun hans sé álíka eins og ef hann ætlaði að fara að skipta verkamönnum í stórverkamenn og smáverkamenn, því að vitanlega eru innan verkamannastéttarinnar vel settir menn og betur en sumir bændur. Mér dettur ekki í hug að þeir ætli að fara að flokka sig innan verkamannastéttarinnar eftir því, hver efnahagur þeirra er. En kannske þm. frá útgerðinni á Siglufirði líti á sig sem fulltrúa fyrir smáverkamenn, en jafnaðarmenn sem fulltrúa fyrir stórverkamenn. Ég held nú samt, að sama löggjöf verði að gilda fyrir þá, sem sömu atvinnu stunda og sömu lífsskilyrðum eru háðir. Ég held, að hvort þeir verða smáir eða stórir, fari að einhverju leyti eftir því, hvernig þeir fara með efni sín, og að það verði erfitt að greina á milli þeirra. Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Emil Jónsson: Ég hafði ekki hugsað mér að ræða mikið um þetta mál, en af því hv. 4. þm. Reykv. er ekki staddur á fundi, þá svara ég fyrir okkar hönd. Það, sem gaf mér tilefni til að standa á fætur, var ræða hv. 2. landsk. Í henni voru svo furðulegar staðhæfingar, að ég get ekki látið vera að mótmæla sumum þeirra. Því var haldið fram, að sá munur væri á till. hans flokks og okkar, að okkar tillögur gerðu ráð fyrir bindingu afurðaverðsins, sem þeirra till. gerðu ekki. Því hefur þegar verið lýst, hver reginfirra þetta er, en ég vil bæta við nokkrum orðum.

Hér verður að gera greinarmun á aðaltill. og bráðabirgðatill. eða till. um bráðabirgðaverðfestingu. Aðaltill. frá hv. 4. þm. Reykv. og mér er sú, að skipuð sé n. til að reyna að finna hið rétta hlutfall milli afurðaverðs og kaupgjalds. Ef n.

finnur það og verður sammála, þá verði niðurstöður hennar látnar gilda sem grundvöllur að fastákveðnu verðlagi, á meðan á stríðinu stendur. Í þessu er enginn munur frá till. þeirra, sem standa að þskj. 705, annar en sá, hvernig skipa skuli n. Þeir vilja ekki heldur hafa verðlagið fastbundið frekar en við, en það vill hæstv. ríkisstj. Ég held því, að munurinn á þessum aðaltill. sé ekki efnismunur, nema hæstv. ríkisstjórnar. Það sem flokkarnir hafa borið fram er líkt. Þá er gert ráð fyrir, að sett verði bráðabirgðarverð. Allar till. gera ráð fyrir því. Ríkisstj. gerði ráð fyrir því, að verðlagið væri bundið. Það gerði till. Sósfl. líka, — bundið grundvallarverð, er breyttist síðan samkv. vísitölunni.

Það er sama, hvernig till. á þskj. 687 eru lesnar afturábak eða áfram, í þeim er bundið grundvallarverð landbúnaðarafurða samkv. vísitölu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Á þessu er ekki hægt að blekkja neinn. Það hefur verið deilt um þetta mál í 2 daga. Það má heita að það hafi komið fram eitt sjónarmið fyrir hvern mann. Hvort eitt er réttara en annað, er ekki hægt að segja fyrr en sú n., sem sett verður á laggirnar, hefur skilað áliti sínu. Ég fyrir mitt leyti og hv. 4. þm. Reykv. teljum, að þær uppbætur, sem brtt. hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, gangi nægilega langt til þess að jafnast á við þær kaupbætur, sem verkamenn hafa fengið. Hitt er til að raska því, sem var, áður en styrjöldin brauzt út. Ef þær verða samþ., þá munum við fylgja frv. stj., þó með þeirri breyt., að við munum samþ. það 3 millj. kr. framlag, sem till. fjhn. gera ráð fyrir í því skyni að koma til móts við það, að verkamenn gefa eftir af sínum launum einn mánuð. Það er ætlazt til þess, að sú upphæð, 12%, sem verkamenn gefa eftir af launum sínum, muni nema um 3 millj. kr., eða mjög svipuð upphæð og það framlag, sem fjhn. hefur gert till. um, og við munum samþ. þá till. — Ég tel, að með þessu sé að mestu leyti svarað ýmsum þeim firrum, sem hv. 2. landsk. var hér með, og enda hv. þm. Siglf. líka. Það er enginn eðlismunur á þessum till. okkar og till. sósíalista. Það er aðeins stigsmunur á því, á hvern hátt beri að bæta upp landbúnaðarafurðirnar.

Þá sagði þessi hv. þm., að afurðasölul. væru verk Alþfl. með Framsfl., og það er rétt. Mér dettur ekki í hug að mæla mig eða aðra Alþýðuflokksmenn þar undan neinni sök, því að við höfðum góða trú á því, þegar l. voru sett, að væru þau vel haldin, þá gætu þau orðið til mikilla bóta. En þessi löggjöf hefur verið harkalega misnotuð og farið með hana öðruvísi en við gerðum ráð fyrir 1934, þegar hún var sett. En það eru verk þeirra, sem með framkvæmdina hafa haft að gera.

Hv. þm. V.-Sk. talaði mjög um ákvörðun afurðaverðs og taldi, að það hefði kostað bændur allmikið að fá sett þessi afurðasölul., því að þeir hefðu ekki fengið að vera sjálfráðir um verðið. Þetta er ekki rétt nema að nokkru leyti, því að það skipaðist svo til um skipun þessara n., að þeir, sem bera hag bænda og afurðir þeirra mest fyrir brjósti, hafa ráðið í þessum n. Þeir hafa alls ekki tekið tillit til neytendanna eins og vert hefði verið. Þessi misnotkun hefur gert afurðasölul. svo óvinsæl sem þau eru orðin. Efni og uppistaða afurðasölul. gat, ef þeim hefði verið haldið í því formi, sem upphaflega var gert ráð fyrir, komið til hagsbóta bæði fyrir neytendur og framleiðendur. En staðinn fyrir það sjónarmið, sem mjög var undirstrikað 1934, þegar l. voru sett, hafa afurðasölul. verið notuð einhliða til hagsmuna fyrir bændur. — Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Það hefur verið svo mikið rætt. En mér fannst þeim atriðum, sem fram komu hjá sósíalistum, ekki mega vera ómótmælt. Þau voru svo fjarri því að vera rétt. Annars virtist hv. 2. landsk. tala með mestu fyrirlitningu um það, hvað væri rétt og hvað rangt, enda virtist hann ekki kunna á því nein skil. — Ég hefði talið æskilegt, eins og hv. 4. þm. Reykv., að hæstv. stj. léti það í ljósi, hvernig hún litur á þær brtt., sem við höfum leyft okkur að gera við frv. hennar. Þessar till. okkar eru skilyrði fyrir því, að við getum fylgt till. stj. Ef till. okkar verða ekki samþ., þá munum við auðvitað ganga á móti till. stj.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum, sem talað hafa hér, að þessar till., sem hér hafa komið fram, væru til lítils eða einskis gagns, þó að samþ. yrðu, því að með þeim væri ekki ráðin nein endanleg bót á málinu. En ég tel það ákaflega mikils virði, ef það mætti á einn eða annan hátt takast, þótt ekki væri nema um þennan stutta sumartíma, sem hér er gert ráð fyrir, að l. nái til, — að færa vísitöluna niður í 220—230 stig. Það hafa verið færð fyrir því sterk rök, að það geti einmitt ráðið á þessu, hvort atvinnuvegir þjóðarinnar verða áfram reknir á svipaðan hátt og að undanförnu. Ef hins vegar verður nú hlaupið frá málinu í svipaðri aðstöðu eins og það er, þá gæti það orðið til þess, að atvinnuvegirnir gætu ekki starfað eins og áður, og það mundi verða til mikils tjóns fyrir þjóðina. — Ég vil svo að síðustu leggja aðaláherzlu á það, að menn geri sér ljósan muninn á þeim bráðabirgðaákvæðum, sem nú eiga að gilda tvo til þrjá mánuði, og þeirri endanlegu lausn málsins, sem á að fást, eftir að þessi n. hefur fundið hlutfallið á milli framleiðslukostnaðar bænda og framfærslukostnaðar verkamanna. Þó að einhver tiltölulega veigalítill agnúi væri á þessu bráðabirgðarákvæði, þá tel ég það ekki nærri eins þýðingarmikið eins og hitt, sem á að gilda fyrir framtíðina.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skildist á hæstv. félmrh. í fyrstu ræðu hans, að þegar hann var að gera sér grein fyrir því, hvað vinnukostnaður hjá bændum hefði aukizt mikið frá því fyrir stríðið, þá hefði hann reiknað með því, að þeir sjálfir og skyldulið þeirra, sem vinnur með þeim að búskapnum, fengi í grunnkaupshækkun hlutfallslega svipað eða eins mikið og verkamenn hér í Rvík, í Dagsbrún, hefðu fengið. Þetta álít ég, að geti ekki leitt til sanngjarnrar niðurstöðu, þegar á það er litið, eins og ég og fleiri höfum bent á, að kauphækkun annars staðar á landinu, og einkum í sveitum, hefur orðið hlutfallslega miklu meiri heldur en hér í Rvík. Við getum hugsað okkur, að það hljóti að vera erfitt fyrir bónda t. d., sem á börn, sem eru að

vaxa upp og vinna hjá honum, að greiða þeim aðeins kauphækkun tilsvarandi við þá, sem orðið hefur hér í Rvík, þegar allt í kring í sveitunum vinna menn, sem hafa fengið meira en helmingi meiri grunnkaupshækkun frá því fyrir stríð heldur en verkamenn hér í Reykjavík. Ég tel, að þarna sé brunninn þráður í taug hæstv. félmrh. Hæstv. félmrh. vildi, að mér virtist, telja ríkisstj. það til gildis, að hún vildi borga bændum verðlækkun á kjötbirgðum frá fyrra ári að ¾ hlutum. Ég held, að það sé ekki hægt að telja þetta neitt sérstaklega þess vert, að orð sé á því gert sem rausn í þessu efni, þegar litið er á það, að útreikningar hæstv. ríkisstj. og samanburður á verði og kaupgjaldi eru byggðir á því, að bændur hafi fengið fullt verð fyrir þessar afurðir árið, sem leið, og það sé því ekki hægt að telja það hlunnindi, þótt staðið sé við að láta þá hafa það. Ég tel, að það a. m. k. mundi raska þessum útreikningum hæstv. ráðh. og útkoman verða enn óhagstæðari fyrir bændur, ef þetta atriði væri tekið með í reikninginn, en þessi till. ríkisstjórnarinnar, að hún vill láta bændur bera ¼ hluta af þessum byrðum, verðlækkuninni. En hæstv. ráðh. mun ekki hafa tekið það með í útreikningum sínum.

Hæstv. félmrh. talaði um það, að ef vísitala lækkaði, þá ykist verðgildi peninganna, sem bændur kynnu að eiga. En það gildir um allar stéttir jafnt í þjóðfélaginu, svo að ekki verður álitið, að bændur einir eigi að taka á sig byrðar þess vegna.

Þá flutti hv. 2. landsk. þm. (ÞG) ræðu hér áðan. Áður hafði hann látið nægja að grípa fram í, þegar ég var að tala, en svo flutti hann loks ræðu, þegar ég hafði að mestu lokið mínum ræðutíma við þessa umr. En ég vænti, að hæstv. forseti leyfi mér nokkra aths.

Hv. 2. landsk. hélt því fram, að það væri ekki hægt að byggja á útreikningum mínum um meðaltals-tímakaup í dagvinnu. Sagði hann, að ég hefði í gær talið það hafa hækkað um 65%, en í dag hefði ég talið það hafa hækkað um 76%. Hvort tveggja er þetta rétt. Ef við aðeins tökum kauphækkanir utan Rvíkur, í 39 félögum, þá eru það 76% að meðaltali, en ef við tökum fjölmennasta félagið með, Dagsbrún, þá verður hækkunin 65%. Hækkun grunnkaupsins hefur orðið minni í Rvík heldur en annars staðar, sem dregur meðaltalshækkunina niður. Ég varð þess líka var, að hv. 2. landsk. þm. treysti sér ekki til að hrekja útreikning minn á neinn hátt. Ég gerði glögga grein fyrir mínum útreikningi, og ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. hafi skilið þetta, — auðvitað að hv. 2. landsk. þm. undanskildum. Hann segir, að verkamenn fái ekki auknar tekjur við styttingu vinnudagsins, bara meiri hvíld daglega. En eiga þá ekki bændur að fá tilsvarandi friðindi? Getur ekki verið gott fyrir þá og gagnlegt að fjölga tómstundum sínum einnig? Ef verkamenn stytta vinnudaginn um 20%, þá þurfa bændur að fá á móti því 25% hækkun á afurðaverði, til þess að vera jafn vel settir, því að framleiðsla þeirra minnkar um 20%, og til þess að jafna það, þurfa þeir að fá 25% hækkun á því, sem þá er eftir.

Hv. 2. landsk. þm. segir, að grunnkaupshækkunin sé „lítið yfir 16%“ eða „milli 16 og 20%“ að meðaltali, ef borið er saman kaup fyrir 8 stunda vinnu nú við 10 stunda kaup áður. En það er sýnilegt, að um þetta veit þessi hv. þm. jafn lítið eins og allt annað í þessu máli. Og ég ætla að gera tilraun til að uppfræða hann ofurlítið um það atriði, þó að ég efist reyndar mjög um árangurinn. Ég skal þá segja honum það, að verkamenn í þessum oft nefndu 40 verkamannafélögum fá nú að meðaltali í grunnkaup 32% hærri fjárhæð fyrir 8 stunda vinnu heldur en þeir fengu fyrir 10 stunda vinnu áður. Svo kemur vísitöluhækkunin þar ofan á. Til þess að fá sömu friðindi, þurfa bændur að fá 25% hækkun á afurðaverði sínu. Og þá verður nákvæmlega sama niðurstaðan um afurðaverðið, hvor aðferðin sem er notuð. Ég get ekki gert að því, þó hv. 2. landsk. skilji þetta ekki — ég ber enga ábyrgð á því. Og ég tel alls ekki sanngjarnt, að ég skuli fá hér skammir og fúkyrði, þó að hann botni ekkert í þessu máli. Hann hefur ekki hrakið neitt af því, sem ég sagði, enda getur hann það ekki. En ég skal viðurkenna það, að þó það sé allt rétt, sem ég hef um þetta sagt og reiknað út nú, þá getur orðið að byggja þessa útreikninga á allt öðrum grundvelli og niðurstaðan orðið önnur, ef stefna sósíalista kemst í framkvæmd. En samkv. brtt. frá þeim, sem hér liggja fyrir, virðast þeir ætla að stefna að því, að í framtíðinni verði verkamönnum greitt mismunandi hátt kaup, eftir því, hvað þeir hafa haft miklar tekjur næsta ár á undan. Því að ef þetta á að gilda um bændur, að þeir eigi að fá mismunandi afurðaverð í ár eftir því, hvað þeir hafa haft miklar tekjur í fyrra, þá hlýtur þetta að eiga að gilda um verkamenn líka, að þeir fái mismunandi hátt kaup fyrir hverja vinnustund, eftir tekjum sínum árið á undan. Svona vilja sósíalistar hafa þetta — það getur vel verið heppilegt(!) — Þó hef ég nú ekki til fulls áttað mig á því, hvernig það verkar fyrir atvinnulífið í landinu og þjóðarheildina. En þeir hafa náttúrlega athugað þetta gaumgæfilega, ekki er að því að spyrja. En komist þetta í framkvæmd, yrði að byggja útreikninga kaupgjaldsins á öðrum grundvelli og útkoman yrði önnur. En þetta er nú ekki komið til framkvæmda enn, og þess vegna hef ég byggt útreikninga mína á því, sem nú gildir. Og ég held því fast fram, að þeir séu réttir.

Hv. 2. landsk. þm. sagði, að ég sýndi verkamönnum óvild, og hann notaði um það ljótari orð, sem ég vil ekki hafa eftir. En hvað hef ég gert hér í umr., sem bendir til þess, að mér sé illa við verkamenn? Jú, ég las upp úr skýrslum, sem Alþýðusamband Íslands gaf út 1939 og nú í ár, og ég reiknaði með, að eitthvað væri hægt að byggja á þessum skýrslum, eða að þær væru réttar. Ég leyfði mér að byggja útreikning minn á þeim. Einnig hef ég leitt í ljós í þessum umr. það, sem verkamannaleiðtogarnir, og þá ekki síst sósíalistar, hafa bæði í blöðum og á mannfundum kallað sigra verkalýðsins, Ég hef oft séð greinar í blöðum, þar sem talað hefur verið um það sem mikinn sigur verkamanna, þegar þeir fengu hærra kaup. En nú virðist þetta vera skoðað svo, sem það sýni óvild gagnvart verkamönnum, ef bent er á, að verkamannastéttin vinnur þessa stóru sigra. Nú má ekki reikna út, hvað

þeir hafa fengið miklar kauphækkanir. Ég á nú satt að segja hálf-erfitt með að skilja, að þetta, sem ég hef nefnt, lýsi sérstaklega slæmum hug í garð verkamanna. Orðbragð þessa þm. (ÞG) í ræðunni hér áðan er eitt af mörgum dæmum um það, að þegar sumir menn komast í rökþrot í umræðum á þingum og mannfundum, þá grípa þeir oft til slíks, enda kom það glöggt í ljós, að hv. 2. landsk. þm. var í slæmu skapi, þegar hann flutti ræðu sína. Það var kannske eðlilegt; hann hafði farið illa út úr orðaskiptum hér í dag við tvo Alþfl.-þm. um sérstakt atriði, og við hv. þm. V.-Sk. Og svo að síðustu gat hann ekki fært hin minnstu rök fyrir því, að útreikningar mínir væru rangir, enda hefur hann ekki reynt það, þótt hann langi til þess. Allt þetta mótlæti hefur farið í taugarnir á honum og komið fram í munnsöfnuði hans. En þetta orðbragð gerir mér ekkert til og haggar ekki einum staf í útreikningum þeim, sem ég hef birt, eða þeim rökum, sem ég hef fært fram.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Ég hafði hugsað mér að láta þessar umr. fara fram hjá mér og taka ekki þátt í þeim. En vegna þess, hversu þær hafa einhliða snúizt um kaupgjald og afurðaverð, vil ég segja nokkur orð. Okkur, sem yfirleitt höfum alltaf unnið, en aldrei lifað af því að reikna út þessi viðskipti, koma undarlega fyrir sjónir þeir útreikningar, sem koma hér fram viðvíkjandi kaupgjaldi og hækkun á því.

Á síðasta sumri, þegar við vorum búnir að gera samninga fyrir verkamannafélagið Dagsbrún, þá voru margir menn hér, sem höfðu fasta vinnu, sem við áttum að semja um fyrir þá, og um þá fórum við fram á, að þeir fengju „prósentvís" hækkun á sínu kaupi samkv. því, sem verkamenn hefðu fengið. Og allir töldu þá, að við hefðum fengið, verkamenn, 38% hækkun. Þá reiknuðum við fasta kaupið eftir því, að hækkunin hjá verkamönnum hefði verið 38%. Nú koma aðrir, sem reikna með því, að hún sé 51%.

Það verður þannig hjá okkur, sem ekki höfum beitt fyrir okkur reikningslistinni, að við erum ekki með á nótunum, þegar þeir töluvísu menn fara að reikna, því að þá virðast þeir geta fengið hvaða útkomu sem þeir vilja. Ef þeir þurfa að fá lága útkomu, þá geta þeir það, og ef þeir þurfa að fá háa útkomu, þá geta þeir það einnig.

Þá er kaupgjaldið fyrir verkamannavinnu úti á landi. Hv. þm. V.-Húnv. hefur borið mönnum það á brýn, að þeir hefðu ekki mikið vit á að dæma um það. Og hann sagði réttilega„ að kaup hér í Rvík, í Dagsbrún, hefði hækkað hlutfallslega minnst. En ég held, að það væri gott fyrir fulltrúa sveitakjördæmanna að fá að heyra rök þeirra manna, sem vinna verkamannavinnu úti á landi. Þegar þeir koma til okkar, þá segja þeir: „Hvernig eigum við að vinna hjá því opinbera fyrir langtum minna kaup heldur en það greiðir annars staðar, þegar við verðum að hafa þessa vinnu til þess að bæta upp okkar tekjur, þar sem framleiðsla okkar er svo lítil, að við getum ekki lifað af henni einungis? Af því að framleiðsla okkar er svo lítil, að við getum ekki lifað af henni, þá verðum við að fá hærra kaup." Og við höfum álitið, að þetta væri rökrétt hjá þessum mönnum. En svo er farið að reikna fyrir þessa menn, og talað um, hvað þeir fái „prósentvís" miklu hærra kaup heldur en áður, og þá er farið að telja það þeim til góðs, eins og þeir lifi eingöngu á vinnu sinni.

Árið 1941 unnu 6 þús. manns við vegagerð hjá ríkinu. Ætli það hafi ekki verið fullur helmingur af því sveitamenn? Á s. l. hausti voru menn við þessa vinnu ráðnir fyrir Dagsbrúnarkaup. Þeir höfðu ekki verkalýðsfélög eða neitt þess háttar, margir hverjir, að styðjast við. Þetta voru m. a. bændur í sveit. Svo leita þeir til verkalýðsfélaganna, bændurnir, til þess að geta haldið rétti sínum, hver fyrir öðrum, þannig að það hefur komið fram, þar sem vegagerðir hafa verið framkvæmdar í sveitum, að menn úr næstu sveit hafa verið útilokaðir frá þessari vinnu. Þeir telja þetta orðið lífeyri sinn, og á þeim forsendum á svo að halda því fram, að kaupið hafi hækkað hjá verkamönnum. Þetta finnst mér dálítið athugandi. Nú er alveg víst, að þessir menn, m. a. bændur, hafa leitað til þessarar atvinnu til þess að geta lifað. Hvers vegna halda þá ekki þessir hv. þm., að þeir eigi, sem þannig vinna, ekki að hafa sama kaup fyrir vegavinnu, hvar sem er á landinu? Svo er þetta, að bændur og aðrir sveitamenn verða að bæta sér upp atvinnu sína með þessari vinnu, sem er orðin þeirra atvinna, notað til þess að reyna að ganga á rétt þeirra, sem lifa á vinnu sinni eingöngu. Mér finnst þetta ekki rétt.

Svo eru það útreikningarnir eftir skýrslum alþýðusambandsins. Ég er viss um, að þessar skýrslur eru hárréttar. En það eru bara á annað hundrað félög í alþýðusambandinu. Hvers vegna taka þessir hv. þm. þau þá ekki öll með í reikninginn, úr því að þeir tóku 30—40 félög? Það er af því, að kaupið hjá þeim hefur ekki komizt nógu hátt, til þess að þeim finnist borga sig að taka þau með í reikninginn. Þess vegna er þeim sleppt.

Á öllum tímum hafa menn úr sveitinni leitað til sjávarins á vertíðinni, og ég veit, að þegar ég var unglingur, var oft ekki heima nema kvenfólkið til að gegna búverkum. Bændurnir fara til að geta framfleytt lífinu, og svona er þetta enn í dag.

Forseti (JJós): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 705, og verður að veita afbrigði frá þingsköpum, til þess að þær megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Í umr. hér hefur einkum verið rætt um kaupgjald verkafólks og afurðaverð bænda, eins og við var að búast, því að þeir liðir í frv. stj. eru erfiðastir viðfangs og um þá mestar deilur. Í umr. hefur margt sérkennilegt komið fram, einkum hinn gamli söngur Framsfl. til útskýringar á launakjörum verkafólks, og mér bregður svo sem ekki við að heyra hann. Ég ætla, áður en ég fer að svara þessum dylgjum framsóknarmanna í garð verkamanna og þeirra samtaka, að fara nokkrum orðum um till., sem fyrir liggja.

Því hefur verið haldið fram af Alþfl., að enginn munur sé nema þá smástigmunur á till. ríkisstj., Alþfl. og sósíalista. Í till. stj. kemur fram, að hún vill láta binda kaupið við vísitöluna 220, þó að það reynist, að hún verði hærri en 220. Og stj. ætlast líka til, að þetta verði sett í l. þvert ofan í samþ. verklýðsfélaganna. Um afurðaverð leggur stj. til, að það verði bundið við vísitöluna 220, eftir að fundið er sérstakt grunnverð. Till. Alþýðufl. víkja lítið frá þessu. Hann vill að vísu láta ákveða laun, að fengnu samþ. alþýðusambandsins, vitandi það, að sambandið hefur ekki rétt til að ákveða þetta nema með samþ. hvers verklýðsfél. fyrir sig. Um afurðaverðið eru till. Alþfl. þannig, að verðið er fastbundið við vísitöluna 220, með sama grunnverði og till. ríkisstj. benda til, en það þýðir hámarksverð á afurðir. Verðið getur ekki farið upp fyrir það, sem það var 1939, að viðbættum 45%, með vísitölu 220.

Till. okkar sósialista eru á þá leið, að kaupið verði greitt eftir sömu till. og fjhn. stingur upp á, nefnilega með samkomulagi við samtök launþega, þannig að launþegarnir fallist á að fá greidd launin með lægri vísitölu, mán. eftir að vísitalan er felld niður. Það mundi skaða þá um 30 stig í einn mán., og ef launþegarnir fallast á þetta, er ekkert athugavert við það, þó að því tilskildu, að þeir fái 3 millj. í atvinnutryggingasjóð. Á þessu og till. Alþfl. er mikill munur, en þó er munurinn enn meiri um afurðaverðið. Við ætlumst til, að fundið sé grunnverð fyrir afurðirnar, en svo ætlum við ekki að binda verðið við vísitöluna 220, heldur þá tölu, sem reiknuð er á hverjum tíma. Hér er ekki um hámarksverð að ræða.

Þá leggjum við til, að allt kjöt síðasta árs sé greitt að fullu með uppbótum úr ríkissjóði. En við tökum fram sérstaklega, að bændur, sem hafa minna en meðaltekjur, eigi að njóta uppbótanna í ríkara mæli en hinir, sem hafa meira en meðaltekjur. Hv. þm. V.-Húnv. fannst sú leið kynleg og líkti við það, ef verkamenn hefðu mishá laun eftir því, hver laun þeirra hefðu verið árið á undan, en það er mikill munur á því, þegar um uppbætur úr ríkissjóði er að ræða, hvort þær fara til manna, sem hafa haft gróða, eða til þeirra, sem lítið hafa borið úr býtum, enda hélt ég, að það væri venjulegt, þegar um aukagreiðslur væri að ræða, að þeir fengju meira, sem væru meira þurfandi fyrir stuðning.

Þá er enn fremur hjá okkur lagt til, að stofnaður verði 3 millj. kr. sjóður til viðreisnar í landbúnaðarmálum.

Á öllu þessu sést, að það er mikill munur á till. okkar sósialista og till. stj. eða brtt. Alþfl. Og enn er eitt atriði í till. okkar, sem ekki hefur komið fram hjá öðrum, sem sé, að allt annað verðlag í landinu verði lækkað, en ekki bara verð á landbúnaðarafurðum. Þeir, sem nú selja varning og mega t. d. leggja á hann 50%, eiga að lækka sína söluþóknun, fá lækkuð laun eins og aðrir.

Við sósialistar teljum, að bezta lausnin sé að samþ. í meginatriðum till. fjhn. með þeim brtt., sem við höfum flutt. Við höfum líka borið fram brtt. um skattfrelsisákvæði skattal., sem er í megindráttum svipuð till. 2. þm. S.-M. og 2. þm. N.-M. Þó tekur okkar till. yfir meira en þeirra till., þar sem skattfrelsishlunnindi til nýbyggingasjóða eru í okkar till. miðuð við 1 millj. Ég vil taka það fram að gefnu tilefni, að samkv. till. okkar er ekki hreyft við skattfrelsi samvinnufél., heldur er hún brtt. við gildandi l. og greinilega talið upp, í hverju breyt. eru fólgnar.

Í ræðum hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. V.-Sk. hefur sérstaklega borið á þessum söng í garð launþeganna og rangfærslum um kjör þeirra. Við þekkjum það, sem höfum staðið fyrir samtökum verkamanna, hvern hug framsóknarmenn bera til launþegasamtakanna. Þeir hafa alltaf krafizt dýrtíðarlækkunar með því að lækka kaupið, og í Tímanum hafa verið miklar sögur um þær stórkostlegu kaupupphæðir, sem verkamenn bæru úr býtum, og þá ekki sízt sjómenn. Ég minnist þess að hafa séð í Tímanum, að verkamenn hefðu 15—20 þús. kr. kaup, en sjómenn 40 þús. Þessir menn, sem skrifa í Tímann, vita ekki mikið um kjör verkamanna úti á landi. Vita þeir, hver eru meðallaun verkamanna í kaupstöðum utan Rvíkur? Þar, sem ég þekki bezt, er meðalkaup verkamanna 5—6 þús. kr. yfir árið. Og vilja þeir trúa því, að meðalkaup sjómanna á norðfirzka flotanum eru rúmar 6 þús. kr.? Ef þessir menn finna einstakt dæmi, halda þeir, að hægt sé að slá því föstu sem allsherjarkaupi.

Framsóknarmenn hafa lagt kapp á það í umr., einkum hv. þm. V.-Húnv., að benda á, að kaupið úti á landi hafi hækkað meira en í Rvík, og þar sem grunnkaup úti á landi hafi hækkað um 40—70%, eigi fyrst og fremst að miða við það. Það er rétt, að grunnkaupið úti á landi hefir hækkað allmiklu meira en í Rvík, þó að tölur hv. þm. V.-Húnv. séu alrangar. En ég vil benda á annað: Var kjötverð úti á landi miðað við kaupið, þar sem það var lægst? Var ekki kjötverðið jafnhátt þar og þar, sem kaupið var hærra? Ef miðað hefði verið við lágmarksverð, þá hefði líka kjötverðið verið annað. En það er þægilegt að segja á eftir, þegar búið er að miða kjötverðið við hæstu laun: „Launin hafa hækkað enn meir á þessum stað en annars staðar, svo að nú verður að miða kjötverðið við það.“ Það er hægt að spenna bogann hátt með þessari aðferð.

Ég hélt nú, að margir þm. Framsfl. væru farnir að skilja, að það er ekki vel þokkað af bændum, nema nokkrum stórbændum, að þeir séu að berjast gegn launahagsmunum verkalýðsins úti á landi, því að mikill hluti bænda þarf á því að halda að fara í vegavinnu og aðra vinnu, og væru teknar skýrslur á Austurlandi um það, hve mikil laun bændur hefðu greitt út úr búum sínum í vinnulaun og hve mikið þeir hefðu tekið inn, kæmi fram, að þeir hefðu tekið inn í setuliðsvinnu og annarri vinnu, meira en þeir hafa borgað út. Ég veit, að það er nokkur munur á þessu eftir því, hvar er á landinu, en það er ekki smár hópur bænda, sem vill ekki, að kaupið verði lækkað.

Gott dæmi til að glöggva sig á málflutningi framsóknarmanna í garð verkamanna og launþega, er það, hvernig hv. þm. V.-Sk. hagaði orðum sínum um hlunnindi til verkamanna samkv. l., þegar hann gerði samanburð á vinnulöggjöfinni og afurðasölul. Voru það verkamenn, sem

báðu um vinnulöggjöfina? Var hún ekki sett þvert ofan í vilja verkalýðssamtakanna? En hv. þm. V.-Sk. segir, að þar sem ríkið hafi sett verndarl. fyrir vinnuna á borð við afurðasölul. að sínu leyti, megi gera samanburð á því. Launþegarnir eiga sem sé að greiða sérstaklega fyrir það, að þeir fengu vinnulöggjöf yfir sig þvert ofan í vilja sinn. [Fundarhlé kl. 6—9½].

Ég var búinn fyrir fundarhléið að benda á þann mikla mun, sem er á till. okkar sósíalista annars vegar og till. ríkisstj., fjhn. og Alþfl. hins vegar. Við getum að vísu fallizt á till. fjhn. um ákvörðun kaupgjalds, en hins vegar ekki á till. ríkisstj. og Alþfl. um það efni. Við viljum gera allvíðtækar brtt. við till. fjhn. að öðru leyti, um ákvörðun afurðaverðs. Við viljum láta bæta upp að fullu kjötbirgðir, sem fyrir eru, jafnmiklu fé og fjhn. gerir ráð fyrir, en láta það fyrst og fremst renna til þeirra bænda, sem hafa minna en meðaltekjur. Einnig teljum við rétt, að bændum sé mætt á miðri leið á svipaðan hátt og verkamönnum með því að leggja 3 millj. kr. í sjóð, sérstaklega til þess að skapa nýjan grundvöll að atvinnurekstri, sem verða mætti til frambúðar.

Í till. fjhn. er enn fremur kafli, sem óumflýjanlegt er að breyta, þótt við höfum ekki gert um það sérstaka brtt. Gert er ráð fyrir að lækka mjólkurverð í kr. 1.30 lítrann, hvar sem er á landinu. En þar sem verðið er ekki yfir kr. 1.30, yrði þá engin lækkun, og á stöðum, þar sem milliliðakostnaður er lítill eða enginn, er mjólkin sums staðar lægri en það. Í till. okkar, sem byggja á verðlagi á hverjum stað 1939 og hlutfallslegri hækkun þess, felst að vísu hemill á þessu, en eðlilegra er að setja um það sérákvæði. Mér finnst undarlegt, að þm., sem telja sig sérstaklega forvígismenn bænda, skuli ekki geta fallizt á þessar till. í aðaldráttum. Margir þessara manna hafa ferðazt um landið þvert og endilangt og talið sig vilja fórna miklu af sínni hálfu eða sinna umbjóðenda til að lækka dýrtíðina, og bændur hafa mjög margir sagt hið sama. En eftir till. þeirra nú á dýrtíðin að lækka í 230 stig eða enn lægra, án þess að bændur fái minna fyrir framleiðslu sína, en beint í þeim tilgangi, að launþegar fái lægri laun. Launþegar eiga næsta mánuð að fórna kaupi, sem þeir hafa tryggt sér með samningum. Hvað hafa í rauninni þessir menn í huga, þegar þeir hrópa á lækkun dýrtíðar og krefjast fórna í því skyni, aðeins neita allri lækkun á afurðaverði bænda, jafnvel segja, að það þyrfti að hækka? Er meining þeirra aðeins kauplækkun? Var það eina dýrtíðarlækkunin, sem þeir hugsuðu sér?

Það er í rauninni leiðinlegt að þurfa að vera að metast á um kjör verkamanna og bænda, eins og hér hefur verið efnt til. Ég öfunda ekki bændur af þeirra kjörum og ekki fremur verkamenn af sínum. En það er greinilegt, að hér eru menn, sem vilja etja saman þessum stéttum og telja allt böl stafa af því, að verkamenn hafi fengið kaup sitt of mikið bætt. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að komast að þessari æskilegu niðurstöðu. Formaður kjötverðlagsnefndar, hv. 2. þm. Rang., komst að þeirri niðurstöðu í Morgunblaðinu, að kaup hefði hækkað meira en afurðaverðið. Að vísu var honum sýnt það með tölum í blöðum litlu síðar, að það var öfugt og hann hafði byggt á skökkum tölum, enda hefur nú hv. þm. V.-Húnv. alveg hörfað frá þessari fullyrðingu. Aftur á móti hafði hann þá aðferð að benda á ýmsar kauphækkanir í einstökum sveitum og kauptúnum, þar sem tiltölulega varð meiri hækkun en í Rvík, og með því réttlætti hann, að hann taldi, jafnvel hækkun frá því, sem er. Þetta er vitanlega hin mesta blekking í málinu. Afurðaverð var aldrei ákveðið með kaupgjald þessara staða í huga, heldur fyrst og fremst kaupgjald stærsta markaðs á landinu, Rvíkur og nágrennis hennar. Breyting kaupgjalds þar og breytingar afurðaverðs eiga að fara saman, eins og yfirleitt mundi verða á frjálsum markaði. Hinir smáu kaupstaðir hafa lítil áhrif haft á verðlag. Kjötið hefur verið jafndýrt, þar sem kaupið var 80 aura á klst. og þar sem það var nærri helmingi hærra.

Ég hefði gaman af að heyra, hvernig þeir, sem telja sig fulltrúa bænda, ætlast eiginlega til, að dýrtíðin verði lækkuð, ef þeir geta ekki hugsað sér að fara þær leiðir, sem við sósíalistar viljum fara og höfum flutt brtt. um. Mér skilst þeir vilja umfram allt vilja láta verð landbúnaðarafurða haldast, þegar vísitala kaupgjalds er lækkuð. Þá er tilgangurinn einungis kauplækkun, en ekki það að fá dýrtíðina lækkaða.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hef leyft mér ásamt 5 öðrum þm. að flytja brtt. á þskj. 705 við brtt. fjhn. á þskj. 651. Ég mun ekki blanda mér í þær umr., sem nú hafa farið hér fram, þótt ástæða væri til að leiðrétta sumt, m. a. orð hv. 6. landsk. (LJós), en úr því yrðu ekki nema þrætur. Þessar till. eru bornar fram af okkur sem e. k. samkomulagstilraun og það í tvennum skilningi, fyrst og fremst milli tillagna ríkisstj. og fjhn. og einstakra þm., sem eru meira og minna óánægðir með eldri till. allar, og í öðru lagi sem málamiðlun með hlutaðeigandi stéttum. Í till. okkar er ekkert alveg nýtt, ég hygg, að allt, sem þar er, hafi komið fram í eldri till. stjórnarinnar, fjhn. eða einstakra þm., en við reyndum að sameina það, sem flestir þm. virðast geta orðið sammála um, en sleppa hinu, sem mestum ágreiningi veldur. Við ætlumst eindregið til þess, að verkamenn og bændur, sem mest eiga undir því, að heilbrigt samkomulag náist, geti gengið að samningaborði sem jafnháir aðilar, er gera heiðarlega tilraun til að leysa málin með ördugu átaki báðir saman. Ýmsir eru vondaufir um árangur. Ég held það geti tekizt og tekizt vel. Við höfum ekki rétt til að örvænta um það. S. l. haust héldu fulltrúar ýmissa verklýðsfélaga fund í Rvík, og var um það rætt, að lækkun dýrtíðar ætti að byggjast á hlutfallslega jafnri lækkun innlends afurðaverðs og kaupgjalds. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja samþykkti þá ályktun um, að reynt yrði að lækka á þessum grundvelli, og sendi hana Búnaðarfél. Íslands með áskorun til þess um að beita sér fyrir málinu. Búnaðarfél. svaraði og taldi sér ljúft og skylt að taka það til athugunar. Á búnaðarþingi voru gerðar um þetta ályktanir, sem mörgum þm. munu kunnar. Enginn hefur enn gengizt fyrir, að þetta yrði reynt í alvöru. Það

er þingsins og ríkisstj. að gera það sem allra fyrst.

Með till. á þskj. 705 er gert ráð fyrir, að aðaltilraunin í þessum efnum verði gerð af stéttunum, sem jafnréttháum aðilum. Á það skortir of mikið í till., sem fram voru komnar. Í fyrstu var því slegið föstu, að launastéttin eða verkamenn séu fullkomlega frjálsir að ákvarða um sín mál. En bændur, sem geta að vísu sætt sig við sömu ákvæði og sömu höft og aðrar stéttir, geta aldrei unað því að vera beittir meira ófrelsi en aðrir, eins og nú er að stefnt. Þeir krefjast þess að vera alfrjálsir, meðan á samningunum stendur. Þó að þvingun sé aðeins beitt til bráðabirgða, er hvorugum unnt að sætta sig við hana, meðan aðrir samningsaðilar eru sjálfráðir. Á þessu eru till. okkar á þskj. 705 byggðar, og við ætlumst til, að eftir þeim verði reynt að finna þann grundvöll verðlags á innlendum afurðum annars vegar og kaupgjalds hins vegar, sem hægt sé að fóta sig á í framtíðinni og byggja á varanlegar umbætur. Ég vil líka benda á, hve mikið veltur á þeim útreikningi, sem hér hefur verið borinn fram, á því grundvallaratriði, hver grunnkaupshækkun hefur raunverulega orðið. Það hefur verið deilt um 16% og allt upp í 76%. Meðan enginn tryggur grundvöllur er fenginn, er hæpið af Alþ. að fara að lögfesta neitt í þessu efni. Slík ákvæði geta ekki orðið nema af handahófi gerð til þess eins að setja illt blóð í þann aðilann, sem telur sig rangindum beittan. Ég tel rétt, áður en Alþ. lögbýður nokkuð, að reynt sé með aðstoð hæfustu manna að finna þær tölur, sem ná meiri viðurkenningu en þær, sem deilt hefur verið um í þessum umr.

Því hefur verið haldið fram um brtt. okkar á þskj. 705, að þar í væri þeim ábótavant samanborið við aðrar till., að þar væri í öllum verulegum atriðum slegið á frest framkvæmdum til haustsins, er úrskurður fengist hjá þeirri n., sem á að leita að hlutfallinu milli verkkaups og verðlags afurða. Þetta er ekki rétt. Aðeins er í þeim fólgið meira sjálfræði en í öðrum till. um það, hvernig hagað verði aðgerðum. Það er líka gert ráð fyrir, að nú þegar verði leitað samkomulags milli þessara tveggja aðila, Búnaðarfél. og Alþýðusambandsins, um einhverjar þær lækkanir, sem samkomulag gæti orðið um, og þræddar till. fjhn. að nokkru leyti, svo að sami árangur ætti að nást, hvort farið væri eftir till. okkar eða fjhn.

Það er vitaskuld óafsakanlegt af Alþ. að vera hirðulaust um að kveða niður dýrtíðarbölið, en menn mega ekki fyllast þeirri óþreyju, þó að róðurinn sækist seint, að leggja árar í bát. Okkur hlýtur að skiljast, að örðugra er að koma dýrtíðinni niður en stöðva hana, og að margföld átök þarf til að koma henni niður réttlátlega á við að halda henni í skefjum. Slíkir sigrar verða ekki unnir með áhlaupum, heldur með þrotlausu áframhaldi. Við verðum að feta okkur áfram, þar til við náum takmarkinu, sem keppt er að. Í þessu máli eru ekki til nema tvær leiðir: lögfestingarleiðin og samningaleiðin. Lögfestingarleiðin hafði áður fylgi hér, en hefur það ekki lengur. Við verðum að taka hinum rökréttu afleiðingum af því og reyna samkomulagsleiðina, þannig að við byggjum alveg á samkomulagsvilja og samkomulagsmöguleikum, svo að verkafólk og bændur geti staðið sem jafnast að vígi.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að fara út í einstök atriði brtt. Þær skýra sig sjálfar. Aðalatriðið er þetta: Samkomulagsumleitunum er hleypt fram fyrir alla lögbindingu. Þó að till. séu bornar fram sem brtt. við till. stj., lítum við svo á, að verði þær samþ., sé þar með vikið til hliðar öðrum sams konar tilraunum í öðrum till.

Í 5. lið er gerð till. um 3 millj. kr. framlag til að fyrirbyggja hækkun og skuli ríkisstj. hafa frjálsar hendur um að verja því fé. Sömuleiðis er inn í 5. lið tekin í aðalatriðum till. frá fjhn. um að leggja fram 3 millj. til að vinna gegn atvinnuleysi til að ganga á móti verkamönnum til samræmis við tryggingar á greiðslum á útflutningsafurðum bænda, ef þær seljast ekki. Það er breytt forminu á þessu, því að við teljum eðlilegt að þar sem samþ. hafa verið l. um framkvæmdasjóð ríkisins, sé ekki rétt að skipta þeim greiðslum í fleiri kafla, því að það sama er í höfuðatriðum tilgangurinn með báðum þessum fjárframlögum, það að leggja fyrir fé, sem hægt sé að grípa til, til að auka atvinnuna í landinu, þegar fer að dragast saman og þröng verður fyrir dyrum um verkefni fyrir vinnandi fólk. Samkv. því, sem talað hefur verið fyrir till. fjhn., vakir það sama fyrir henni, og því er eðlilegast, að þetta fé renni í sama sjóð, en ef það skyldi ekki þykja nægilega tryggt, að þessu fé verði varið til að bæta úr atvinnuleysi, tökum við sérstaklega fram um það í till., svo að ekki geti leikið á neinn vafi.

Ég vænti, að hæstv. stj. og fjhn. og hv. þm. sjái sér fært að fylgja till., því að að dómi okkar flm. eru þær það eina, sem hægt ætti að vera að sameina alla aðila um til að standa á móti frekari verðbólgu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Þó að ég sé margt búinn að heyra, sem vert væri að svara, eru það sérstaklega tvö atriði hjá hv. 6. landsk. þm., sem ég get ekki látið ómótmælt, svo miklar firrur sem þar komu fram.

Hv. þm. talaði um kjötverðið, og að það væri eins alls staðar á landinu. Í l. eru ákveðin viss verðlagssvæði, og munar miklu á heildsöluverði á hinum ýmsu svæðum. Þá hefur verið leyfð smásöluálagning, en aðeins á 5 stöðum á landinu hefur hún verið notuð til fulls. Af þessu leiðir, að kjötverðið hefur alla tíð verið misjafnt í útsölu.

Hv. þm. sagði, að bændur á Austurlandi hefðu meiri tekjur af vegavinnu en af búum sínum. Þegar klofningurinn varð milli Bændafl. og Framsfl., var mikið deilt um vegavinnukaupið. Þá rannsakaði ég þetta hjá hverjum bónda á Austurlandi, og hver var útkoman? Annað árið 49 kr. að meðaltali, hitt 61 kr. Þetta gæti hafa breytzt eitthvað síðan, en það er ekki nema lítið, svo að nærri má geta, hvað það er fjarri öllu lagi, sem hv. þm. bar fram. Þessa villu hans taldi ég mér skylt að leiðrétta.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls aftur, en svo margt einkennilegt ber fyrir eyru manns, einkum um afurðaverð bænda, að skylt er að svara

verstu firrunum. Mér finnst ýmsir þm. berja höfðinu við steininn og engum rökum taka. Þeir segja bara, að tölurnar séu falskar, ef þær eru þeim í óhag, svo að erfitt er að rökræða við þá.

Hvað hæstv. félmrh. snertir, vil ég með fáum orðum minnast á rök hans í dag, þegar hann sagði, að afurðaverð hefði fimmfaldazt, en kaup þre- til fjórfaldazt. Það kaupgjald, sem miðað er við, er vegavinnukaupið. Það var kr. 0.90, en er nú kr. 5.36 og hefur sexfaldazt. Það hefur hækkað mun meira en afurðaverðið, og þetta kaup verða bændur að miða við, þegar þeir ráða sér fólk. Vormaðurinn spyr: hvað fæ ég í vegavinnu? Eins er með kaupamanninn. Þeir vilja ekki ráða sig fyrir minna en borgað er í vegavinnu. Og aldrei hefur verið eins mikið um vegavinnu og árið, sem leið, og verður sennilega eins í ár. Hver snáði getur farið í vegavinnu fyrir fullt kaup, en bændur geta ekki fengið þá menn nema fyrir sama kaup.

Hv. 2. landsk. þm. hélt því fram, að grunnkaupshækkunin væri ekki meira en 16% síðan 1939. Ég hélt ekki, að ég mundi heyra slíka firru á Alþ. Tímavinnukaupið var kr. 1.45 1939, en er nú kr. 2.10. Ég hélt, að hver maður gæti reiknað, hverju sú grunnkaupshækkun nemur, enda aðeins lágmarkskrafa til háttvirtra þingmanna. Er þá sleppt kjarabótum, sem verkamenn hafa fengið að auki og við koma vinnutímanum. Það hefur verið gerður samanburður á 40 fél. af hv. þm. A.-Húnv., og samkv. hans niðurstöðu er hækkunin að meðaltali 65%. Hv. 2. landsk. þm. mótmælti þessu, en ekki með neinum rökum. Hann sagði bara, að þetta væri ekki rétt. Mér finnst þurfa brjóstheilindi til þess að halda því fram, að grunnkaupshækkunin sé aðeins 16%. Annars skal ég ekki eyða tímanum í að þræta um þetta. Það er ekkert aðalatriði, en nauðsynlegt þó að fá rétta niðurstöðu, og ég hygg, að sú n., sem á að finna vísitölu verðlags og kaupgjalds, reikni þetta nákvæmlega út.

Hv. 2. landsk. þm. var að tala um, að óeðlilegt væri, að kjöt á Íslandi væri selt dýrar en frá öðrum heimsálfum. Ég hefi heyrt þetta fyrr og séð spurt um það í Þjóðviljanum, af hverju við flytjum ekki kjöt inn frá Ameríku og hættum að framleiða kjöt. Af hverju kaupum við föt hér eða húsgögn eða hvers konar nauðsynjar, þegar hægt er að fá þetta ódýrara í Ameríku? Hvers vegna rekum við hér iðnað, og hvers vegna eru Íslendingar að vinna, en halda ekki að sér höndum og flytja allt inn eða flytja inn verkamenn, sem vinna fyrir lægra kaupi en okkar fólk? Það er ekki kjötið eitt, heldur öll framleiðsla, sem er dýrari hér en annars staðar, því að kostnaðurinn við framleiðsluna er meiri hér en annars staðar.

Hv. 6. landsk. þm. var að tala um, að það væri einkennileg ráðstöfun að bæta bændum upp kjötbirgðirnar frá í fyrra, ef vísitalan færi í 220, því að með því væri verið að auka tekjur þeirra. Veit ekki þm., að þetta eru birgðir frá fyrra ári og að því kemur ekkert málinu við, hvað vísitalan fer í á þessu ári?

Þessi hv. þm. undraðist það, að kjötverðið skyldi nú vera alls staðar eins á landinu. Ég vil í því sambandi upplýsa það, að verðlagssvæðin voru afnumin á síðasta hausti. Þetta er eðlilegt, þar eð tilkostnaðurinn er svipaður um allt land. Fyrir stríð gilti misjafnt kaupgjald í landinu, en nú er það alls staðar eins. Þá var tímakaupið t. d. kr. 0.95 austur í Rangárvallasýslu, en kr. 1.45 hér í Rvík. Nú er borgað sama kaup hér og þar, og eins er fyrir norðan og vestan. Hvers vegna ættu ekki bændur þar að fá sama verð fyrir kjötið og bændur hér í grennd? Verðlagssvæðin eru því orðin óþörf, eins og komið er. Þess vegna hafa þau verið afnumin og sama verð látið gilda um allt land.

Hvað snertir fram komnar brtt., þá skal ég ekkert um þær segja að svo stöddu, ég hef enn ekki áttað mig á þeim með tilliti til tillagna fjhn. En eitt hef ég þegar gert mér ljóst, að brtt. um atvinnutryggingasjóð get ég ekki greitt atkv. Mér er óljúft að rjúfa gerða sætt í fjhn. og samþ. brtt., er valda efnisbreyt. Hv. þm. Mýr. og fleiri flytja brtt. um það, að atvinnutryggingasjóður verði lagður í framkvæmdasjóð, og er það e. t. v. eðlilegt. En þar sem við í n. höfum gert samkomulag og sætt, þá mun ég ekki greiða því atkv., nema samkomulag náist um það í n.

Að lítt athuguðu máli þykir mér eðlilegt, að Búnaðarfélagið verði viðurkenndur samningsaðili á borð við alþýðusambandið. Það væri því ekki óeðlilegt, að stj. leitaði einnig til Búnaðarfélagsins um það, hvort það gæti fyrir sitt leyti fallizt á lækkun afurðaverðs. Þetta er vitanlega ekki efnisbreyt., heldur viðurkenning á því, að félagssamtök bænda séu jafn rétthá í þessu sambandi og félagssamtök verkamanna.

Um aðrar brtt., eins og frá hv. þm. Siglf., hv. 2. þm. S.-M., hv. þm. Hafnf. og hv. 4. þm. Reykv., er það að segja, að ég er á móti þeim öllum. Ég vil taka það fram, að ég óska eftir, að till. fjhn. verði fylgt í öllum aðalatriðum og helzt samþ. án allra breyt., nema þetta með búnaðarfélagið, sem ég nefndi áðan.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta atriði, en ljúka máli mínu að svo stöddu.

Hvað viðvíkur brtt. á þskj. 705, þá hef ég athugað það, og get verið með fyrri hlutanum, ef n. kemur sér saman um það.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Ég vil víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann hélt því fram, að tölur þær, sem ég fór með í ræðu minni í gær, hefðu verið mikið út í loftið, eftir því sem mér skildist. Þó vildi hann ekki slá því alveg föstu og vildi, að ég birti þær. Það ætla ég líka að gera.

Hann sagði vígalega, að ég hefði alveg gengið fram hjá vegavinnukaupinu. En það hefur oft verið sagt hér í hv. d., að það hafi fimmfaldazt, og það er rétt. En hitt vita og allir, að flestir þeirra, sem vegavinnu vinna, eru úr sveit og litlu þorpunum. Ég hef hér skýrslu frá vegamálaskrifstofunni. Samkv. henni voru unnin 174256 dagsverk í vegavinnu árið 1941 af 3204 mönnum. Meðalkaup varð kr. 18.39. Það er tekið yfir heildina, en í skýrslunni er tekið fram, að nálega ⅓ hluti þessara manna hafi verið unglingar á aldrinum 12—16 ára. Síðasta ár voru 5200 menn í vegavinnu; af þeim voru 3700 úr sveit, en 1500 úr kauptúnum. Nú vil ég ekki segja, að kaupgreiðslur hafi runnið til bænda í réttu hlut-

falli við tölu sveitamanna í vinnunni, þar eð vitað er, að þeir vinna aðallega í vegavinnu haust og vor og hafa því skemmri vinnutíma en þeir, sem eru úr kauptúnum, sem eru oft allt sumarið. En ég vildi leggja áherzlu á þetta, af því hv. þm. taldi mig vilja hafa rangt við.

Þá vil ég benda hv. þm. á eitt, um mjólkina. Ég sagði í gær, að meðalverð til bænda fyrir mjólk síðasta ár hafi verið um 87.72 aurar pr. lítra. En í Tímanum frá 20. marz s. l. er skýrsla frá forstjóra mjólkursamsölunnar, þar sem sagt er að samsalan hafi fengið kr. 1.16 að meðaltali fyrir hvern mjólkurlítra og skilað kr. 1.14 til félaga bænda. En þó þetta standi í Tímanum og sé fallegt, þá haggar það ekki þeirri staðreynd, að til bændanna sjálfra runnu ekki nema 87.72 aurar. Það er svo margt á milli þess, sem greitt er til félaga bænda og bændanna sjálfra, eins og t. d. Flóabúið, flutningar á milli og margt fleira. Ég veit, að 5½ eyrir gengur til mjólkurstöðvarinnar og að hún er eign bænda. En mér dettur ekki í hug að telja þetta greitt til bænda. Ef þetta er kallað að fara óheiðarlega með tölur, þá veit ég ekki, hvernig á að fara heiðarlega með þær. Ég hef a. m. k. ekki farið vísvitandi með rangt.

Hv. þm. hélt því fram, að kaupgjaldið mundi verða hærra í sumar en áður. Þetta er rétt, ef dýrtíðin helzt óbreytt. En afleiðingin verður auðvitað sú, að afurðaverðið hlýtur að hækka í haust. Okkur ber því saman um það, að verðlag landbúnaðarafurða hljóti að hækka í haust að öðru óbreyttu, og því ber að lækka dýrtíðina að minu áliti.

Það er fróðlegt að geta um þau áhrif á gildi peningaeigna þjóðarinnar, sem lækkun dýrtíðarinnar hefur í för með sér. Um síðustu áramót munu innieignir þjóðarinnar hafa verið um 375 millj. kr., varlega áætlað. Ef vísitalan væri nú lækkuð ofan í 220 stig, þá yxi kaupmáttur þessarar upphæðar um 20%, eða 75 millj. kr. Þetta þýðir, að þjóðin getur keypt vinnuafl fyrir 75 millj. meira en ella. Hvert stig í vísitölunni kostar 160 þúsund. Hver 5 stiga lækkun sparar því 8 millj. Ég bið hv. dm. að gera sér í hugarlund, hversu ódýrari hitaveitan mundi verða, ef vísitalan væri lækkuð niður í 220. Hið sama mætti segja um rafvirkjanir og margt fleira. Við mundum fá 20% meiri vegi og fleiri brýr.

Gizkað er á, að útsvörin í ár verði um 20 millj. Þau ganga til að mæta útgjöldum bæjanna, sem eru mest rekstrarútgjöld. Mikið af þeim er greidd vinnulaun. Þau mundu öll lækka um 20%. Eins er um húsabyggingar. Öllum ber saman um, að hús séu nú afar dýr. Mikill hluti kostnaðarins er vinnulaun. Ef við lækkum dýrtíðina niður í 220, þá fáum við 20% meira vinnuafl á öllum sviðum fyrir sömu peninga. En ef við lækkum ekki dýrtíðina, þá munu ókomnir tímar súpa af því seyðið. Þeir munu þurfa að standa undir greiðslum hennar vegna árum saman. Og það munu verða erfiðir tímar. En ef við lækkum vísitöluna niður í 220, þá er hún aðeins orðin 7% hærri en síðasta ár, er meðalvísitalan var 206. En ef vísitalan verður látin haldast óbreytt í sumar, 262 stig, til hausts, þá er hún 27% hærri en meðalvísitalan síðasta ár. M. a. s. var vísitala fyrrihluta síðasta árs ekki nema 183 stig, svo að vísitala 262 væri 43% hærri, ef miðað væri við fyrrihluta síðasta árs. Ef ég geng út frá 27% mismun, þá ætti kjötið að vera kr. 9.50 í haust, en mjólkin ætti að geta verið óbreytt, þangað til kjötið kemur á markaðinn. En ef gengið er út frá 183 stigum, eða 43% mismun, þá yrði kjötið kr. 10.72 í haust eftir sömu verðlagsreglum. Slík hækkun á kjötinu mundi hækka visitöluna um 8—12 stig, eftir því, hvort miðað væri við 27% eða 43%. Síðan mundi mjólkin hækka og hefjast á ný gamla kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags. Og verði sami leikurinn leikinn í haust og í fyrra, þá mun vísitalan ekki verða langt frá 400 stigum um næstu áramót.

Er nokkuð vit í þessu? Það mundi reka að því, að atvinnuvegirnir mundu stöðvast, og atvinnuleysi koma. Þá gæti fólkið ekki lengur keypt kjöt, og væru bændur þá nokkuð betur staddir með hátt verð á kjötinu, ef neytendurnir gætu ekki keypt það?

Menn tala um tvær leiðir í þessum málum, leið skynseminnar og leið neyðarinnar. En ætli kaupmáttur neyðarinnar yrði ekki heldur lítill. Það eina, sem kemur að nokkru gagni, er að lækka verðlagið.

Þá vil ég svara hv. 2. þm. Rang. nokkrum orðum. Það hefur margt breytzt hér síðan í ágúst í fyrra, er samþ. var hér þál. sú um verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, sem oft hefur verið minnzt á. Litlu síðar, eða 1. september, skrifaði þessi hv. þm. grein í Morgunblaðið, þar sem hann talar um, að samkvæmt gamalli, íslenzkri venju eigi kaupamaður yfir sláttinn að hafa vikukaup sem samsvari einu sauðarverði, og talar hann um, að kaup muni þá vera 200—250 krónur á viku. Þá reiknar hann út, hvað kjötverðið þurfi að hækka mikið, til þess að sauðurinn leggi sig á þessu verði. Eftir nokkra daga er svo þessi hv. þm. orðinn form. kjötverðlagsnefndar.

Þessi hv. þm. segir, að ég hafi sagt annað en ég sagði í ræðu minni. Ég sagði, að verð á mjólk hefði 3,6-faldazt síðan 1939 og kjötverðið 5-faldazt frá sama tíma, og áætlaði þá, að bændur fengju kr. 5.80 fyrir hvert kg. Þetta hefur 3.6-faldazt, en ostur, rjómi og smjör margfaldazt, — ég hef ekki nákvæmlega reiknað það út. Ég taldi, að verð á ull hefði 6,5-faldazt síðan 1938, en það var síðasta árið, sem verð var normalt, því að nokkuð af ullinni var selt með stríðsverði 1939. Gærur sagði ég, að hefðu 4,5-faldazt frá því 1938. Svo taldi ég ekki fleira upp, því að þetta eru aðalvörurnar. Sem sagt, verðið 1942 var frá 3,6—6,5 sinnum verðið 1939. Þarna er hvergi sagt, að verð til bænda hafi fimmfaldazt. Að vísu, ef lagðar eru saman þessar tölur, þá fást 10, og meðaltalan 5, en það má ekki gera. Og mér dettur ekki í hug að hv. þm. hafi komizt að niðurstöðu sinni á þennan hátt. Ég tók það fram í dag, að kaupgjald það, sem bændur hafa þurft að greiða, hefði stórhækkað síðan fyrir stríð, en þó aðallega á síðasta ári. Ég hef reiknað, að kaup til bænda og þeirra skylduliðs hefði hækkað með sömu vísitölu og kaup Dagsbrúnar. Þetta gagnrýndi hv. þm. V.-Húnv. með nokkrum rétti, en þó var gagnrýni hans ekki með öllu rétt, því að skyldulið bænda á flest skepnur og fær háa afurðaverðið.

Þetta er orðið lengra mál en ég ætlaði. Ég vil þó enn einu sinni leggja áherzlu á það, að hv. Alþ. geri raunhæfar tilraunir til að lækka vísitöluna.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á till., sem nokkrir hv. þm. hafa borið fram. Ég skil ekki vel eitt í þessu og þarf að biðja um skýringu. Eins og sjá má á þskj. 705, þá á 6 manna n. að finna vísitölu framleiðslukostnaðarins og hafa skilað störfum fyrir 1. september. Svo hefur ríkisstj. heimild til að verja 3 millj. kr. til að lækka dýrtíðina, borga með henni, eftir þessu ákvæði, sem hljóðar svo: „Nú ákveður ríkisstjórnin að nota heimildir þessara laga (sbr. 5. lið) til þess að koma fram lækkun á framfærsluvísitölu, og skal hún þá leita samkomulags við *félagssamtök verkamanna og bænda*“ o. s. frv. Mér skilst, að samkv. þessu megi ríkisstj. ekki nota þessar 3 millj. nema með því að spyrja um leyfi þessara aðila. Svo kemur í lokin: „Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að auka framlag ríkisins til framkvæmdasjóðs frá því, sem þegar er ákveðið, um 3 millj. kr., og skal því fé sérstaklega varið til framkvæmda, sem vinna gegn atvinnuleysi.“

Svo var nú það. L. um framkvæmdasjóð ríkisins eru þannig, að *af tekjuafgangi ríkisins* 1941 átti ríkisstj. að leggja í hann 8 millj. kr. og einnig ⅜ af tekjuafgangi 1942, og fé þetta átti að geyma í Landsbanka Íslands. Ef enginn tekjuafgangur verður 1942, sem fjmrh. telur vafasamt, þá verður vandi að fá þessar 3 millj., eða hvar á að taka þær í aukaframlag? Mér skilst að ríkisstj. sé heimilt að láta ríkissjóð græða 3 millj. kr. meira en von er til, að hann geti gert, ef staðið er við allar skuldbindingar hans, og svo á að nota þetta fé *gegn atvinnuleysinu*. Ef framkvæmdir gegn atvinnuleysinu eiga að byggjast á þessu ákvæði, þá er ég hræddur um, að lítið verði úr þeim.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Hv. þm. Mýr. hefur haft framsögu um brtt., sem hann segir, að bornar séu fram til þess að koma á friði milli ríkisstj. og fjhn. Af hálfu fjhn. er ekki um neinn ófrið að ræða. Þar eru 5 þm., sem hafa drýgt það afbrot að vera sammála, þar sem þingheimur hefur ekki náð samkomulagi. Ég hygg, að enginn nm. þurfi að biðja afsökunar á því. Ég vil halda því fram, að n. hafi í till. sínum reynt að koma því heim, hvað hægt væri að fá samþ. í þingi af því, sem ríkisstj. lagði til í frv. sínu. Ef n. hefur dregið úr till. stjórnarinnar, þá er það til þess að reyna að koma þeim heim við vilja þingsins. Ég sé því enga ástæðu til að nefna þetta sáttatill. Ef hún væri það, þá ætti hún að benda á millileið. En hv. þm. sýndi ekki, á hvern hátt þessi till. ætti að vera til sátta.

Hæstv. ríkisstj. hefur fundið ýmislegt að till. fjhn., en þó ekki ýkja mikið. Ríkisstj. segist vilja kaupa niður dýrtíðina. Í þessari till. er lagt til, að til þess sé varið 3 millj. kr. Fjvn. nefnir sömu upphæð. Þar er munurinn enginn. En það er sá munur á till. fjhn. og þessara manna, að í till. fjhn. er ríkisstj. heimilað að borga niður afurðaverð, en í þessari till. er gert ráð fyrir, að hún þurfi til þess sérstakt leyfi. Þarna er ekki um millileið að ræða, heldur er ríkisstj. aðeins sniðinn þrengri stakkur. Hæstv. ríkisstj. hefur fundið það að till. okkar, að hún geri hæpið, að hægt sé að koma vísitölunni niður nema í 230. En með þessari till. yrði ekki heldur hægt að koma henni lengra niður. Svo að þá er ekki þetta til að miðla málum eða sætta. Í okkar till. er gert ráð fyrir því, að þegar sú n., sem á að finna vísitöluna, hefur lokið starfi sínu, þá skuli niðurstaða hennar gilda, ef n. er sammála. Ríkisstj. heldur því fram, að meiri hluti eigi að ráða. En í þessari till., á þskj. 705, þá á það ekki einu sinni að gilda, þótt n. sé sammála.

Ef það er hætta á því að ríkisstj. geti ekki sætt sig við till. fjhn., þá er ekki nema enn síður von til þess, að hún geti sætt sig við þessar till.

Ég læt svo þetta nægja. Ég hef farið yfir aðalatriðin, en auk þess, sem ég hef rakið, eru mörg önnur atriði í till. enn ónákvæmari en í till. fjhn. Ríkisstj. mun því enga ástæðu hafa til að þakka þessa milligöngu. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki verið mjög hörð á till. fjhn. Aðfinnsla hennar er meira á orðalagi en hún sýni, að þær séu svo mjög ólíkar till. hennar. Og þó að hæstv. ríkisstj. hafi tilkynnt, að hún muni athuga afstöðu *sína*, ef brtt. er samþ., þá eru ekki líkur til þess, að hún grípi til neinna örþrifaráða. Við höfum bent ríkisstj. á, að ef n. er ekki sammála, þá hefur stjórnin vald samkv. l. til að gera sínar ráðstafanir gegnum verðlagsnefnd, þegar fram á haust er komið. Þá mætti líka ætla að ríkisstj. mundi koma fram með till., og þá væri ástæða til að fara að gera úrslitakröfur til þingsins. En ég skil ekki, að hún muni gera það núna, áður en athuganir þær, sem gert er ráð fyrir, hafa farið fram.

Ég þykist vita, að ríkisstj. muni ekki mikla fyrir sér smábreyt. eins og að gr. hefur verið breytt í 8 frá 18, og nafninu á skattinum hefur verið breytt úr viðreisnarskatti í verðlækkunarskatt. Það kom til athugunar að kalla hann litla skatt til að gera hann vinsælan, en við höfðum á honum þetta nafn, af því að okkur fannst það bezt lýsa tilganginum.

Við leggjum áherzlu á þetta: að samkomulagsleiðin er ekki reynd til þrautar. Ef það yrði árangur af þeim tilraunum, þá mundi spretta upp það samkomulag í þjóðlífinu, sem mest er þörf á. En náist ekki samkomulag, þá vita menn, um hvað er barist, og mörkin verða skýrari. Það, sem nú á að greiða atkv. um, er skýrt. En margt, sem kemur fram í umr., eru atriði, sem ekki eiga *heima* við þessar umr.

Loks vil ég geta þess, að við erum samþ. því, að brtt. stjórnarinnar og brtt. við þær séu bornar upp á undan till. okkar.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Vegna þeirra ummæla hæstv. félmrh., að tölur þær, sem ég hef haldið á lofti, séu töluleikur, vil ég gera örstutta athugasemd til að sýna, hvernig töluleikur hans er. Hann sagði, að þær tölur, sem ég fór með í dag, hefðu verið út í loftið, en hvað á maður að segja um þau dæmi, sem hann nefndi í gær, en hirðir nú ekki um að staðfesta? Hann segir það rétt, að vegavinnukaup hafi 5-faldazt

eða 6-faldazt. Og hann segir, að mestur hluti þess fari til sveitanna. Þetta á að vera bending í þá átt, að það eigi ekki að taka þetta kaupgjald með, þegar verið er að ræða um, hvað fer til bænda. En það sýnir einmitt, að sá vinnumarkaður, sem bændur verða að gera sér að góðu, er einmitt þetta: þeir verða að greiða sama kaup. Þar sem meira en helmingur vegavinnunnar er unninn af þessu fólki, þá þarf einmitt að taka tillit til vegavinnukaupsins, af því að það kaup, sem bóndinn þarf að greiða, er í samræmi við það. Þetta veit hver maður með meðalgreind. Þá taldi hann fram önnur dæmi til að sýna, hve samvizkusamlega hann fer með tölur. Hann segist hafa talið mjólkurverð til bænda 87,7 aura, en hún væri í útsölu kr. 1.16. Hann gleymir, að það er skýrt fram tekið, að það er ekki nema helmingur mjólkur seldur þessu verði, sem sagt bara neyzlumjólk. Hinn helmingurinn er seldur lægra verði. Það er því misskilningur hjá hæstv. ráðherra, að mismunurinn fari allur í kostnað. Hann fer í verðjöfnuð. Ef bóndi selur 3 dilka, einn á 40, annan á 60 og þann þriðja á 80 kr., þá er hið raunverulega söluverð ekki 80 kr., heldur meðaltalan. Það er nákvæmlega það sama með mjólkina. Þetta vil ég ráðleggja hæstv. félmrh. að muna, næst þegar hann fer út í töluleik.

Ég læt þessi orð nægja, og vona að hafa sýnt fram á, hvers konar feluleik hv. ráðh. hefur haft í frammi. Ætla ég að bíða, þar til ég hef fyrir mér þær tölur, sem hann gengur út frá við útreikning sinn.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Aðeins örstutt athugasemd. Ég hef hálfgaman af að vera tekinn til altaris af hv. þm. V.-Sk. Ég verð að endurtaka það, sem ég sagði í dag í sambandi við aðkeypt vinnuafl, að kaupgjald hefur fimmfaldazt, og erum við hv. þm. V.-Sk. á sama máli um orsakir til þess. Svo var það, sem ég sagði um mjólkursamsöluna og meðferð mín á tölum í því sambandi. Vil ég aðeins taka það fram, að þar vitnaði ég í opinberar skýrslur og vísa þm. hér með þangað. Að endingu vil ég aðeins taka það fram, að tölur þær, sem ég fór með, verða ekki hraktar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Í till. þskj. 705 er farið fram á, að ríkisstj. snúi sér til alþýðufélaganna og þau taki á sig þær fórnir, sem færa þarf til þess að lækka dýrtíðina í landinu. Jafnframt leggi ríkisstjórnin 3 millj. kr. til að stofna atvinnutryggingarsjóð. Gerð er grein fyrir, hversu verja skuli sjóðnum. Hann er myndaður til tryggingar gegn atvinnuleysi. Mér þykir ótrúlegt, að verkamenn gangi inn á það að fórna meiru af kaupi sínu, án þess að tryggt verði, að stofnaður verði sjóður, sem grípa má til, þegar atvinnuleysi kemur. Ég býst ekki við, að verkamenn fari að leggja 12% af mánaðarkaupi sínu til sjóðsstofnunar án tryggingar fyrir nokkru á móti. Það væri eðlilegt, að þeir gerðu það, ef þeir fengju réttindi, sem þeim eru nauðsynleg á móti.

Ég fæ ekki séð gagnsemi till. þskj. 705, ef þær yrðu samþ., en hins vegar eyðileggja þær stefnu, sem er í till. fjhn., en þær eru til þess að gefa ríkisstj. aðstöðu til að vinna bug á dýrtíðinni.

Mér er ekki ljóst, hverjar afleiðingarnar mundu verða. Hins vegar hefði ég gaman að heyra, hvernig ríkisstj. snýr sér gagnvart þeim, og er það undarlegt, ef hún sættir sig betur við þær en till. fjhn.

Bjarni Ásgeirsson: Mér kom á óvart, hvernig hv. 2. þm. Reykv. tók till. þskj. 705 og ólíkt þeim anda, sem ríkti í ræðum þm. þess flokks í gær. Þá var lögð mikil áherzla á nauðsyn þess að koma á samvinnu milli bænda og verkamanna. Ég hef ekki komið auga á annan félagsskap bænda, sem gagn gæti gert í þessu efni en búnaðarfélagið. Teldi ég því vel farið, ef hægt væri að sameina alla verkamenn í eina heild, sem stæði saman um mál sín.

Áki Jakobsson: Það hefur borizt í tal grunnkaupshækkun, sem orðið hefur á síðastliðnu ári. Því er haldið fram, að hún sé 65%. Það er hv. þm. V.-Húnv., sem staðið hefur í þeim útreikningum hér og telur sig hafa óyggjandi tölur til stuðnings.

Þótt telja megi að margt sé vanmetið af því, sem gert er, verður ekki hægt að ganga fram hjá þeim tölum, sem réttar eru.

Grunnkaup hér í Rvík er 16%. Grunnkaup verkamanna er 16%. Að vísu vinna þeir 1½ klst. skemur til þess að fá þetta. Hitt er annað mál, hvort bændur eigi sams konar rétt til kjarabóta og verkamenn, og er auðvitað eðlilegt, að þeir njóti þeirra eins og unnt er. Hv. þm. V.-Húnv. hefur reiknað út grunnkaupshækkun í ýmsum verklýðsfélögum, og ég verð að segja, að það er mjög af handa hófi af hendi leyst. Hér í Rvík hefur grunnkaupshækkunin verið minnst síðan stríðið byrjaði, en í ýmsum smáfélögum úti um land hefur hún orðið geysimikil, en þó mismunandi. — T. d. í verklýðsfélaginu í Flatey nam hún 144%, en það félag telur 26 meðlimi. Hv. þm. V.-Húnv. valdi í sínum útreikningum 40 félög innan alþýðusambandsins af handahófi, og með slíkri aðferð er hægt að fá út hvað, sem menn vilja, Það er hægt að lesa allt út úr tölum og snúa þeim á allan hátt, og það mun varla hægt að ljúga einfaldara en með tölum.

Í rökum þessa hv. þm. í sambandi við þetta, er þar að auki farið rangt með ýmislegt, er snertir grunnkaupshækkanir verkamanna, síðan stríðið hófst. Mér virðist alveg tilgangslaust að metast um það, hvort bændur eða verkamenn séu betur settir. — Í sambandi við þetta er rétt að taka fram, að grunnkaupshækkun verkamanna gaf enga átyllu til að hækka verð landbúnaðarafurða á síðasta hausti, og er því ástæðulaust að bera fram slík rök. Það er miklu einfaldara að segja eins og er, að bændurnir hafi þurft á þessari verðhækkun að halda. Annars tel ég þessa hækkun á landbúnaðarafurðum óhóflega mikla, og ég tel jafnvel hættu á, að með henni geti bændur skaðað sína eigin vöru. — Þeir, sem stjórna þessu, eru komnir út á hálan ís, því að þeir skapa slíkan glundroða á verðlagi að allt jafnvægi raskast. Mér finnst óþolandi, að gengið sé fram með svona rök án þess að mótmæla þeim nokkuð.

Þá vil ég snúa orðum mínum að till. á þskj. 705. Mér virtist ekki standa steinn yfir steini í

þessum till. eftir ræðu hv. þm. Ísaf., og enginn flm. till. virtist treysta sér til að svara rökum hans. Þessar till. ganga út á að gera ekki neitt, láta allt sitja við hið sama. Sá grundvöllur, sem er að finna í till. hv. fjhn., skal settur til hliðar og allt haft óbreytt.

Ég vona, að hv. flm. till. geri sér ljóst, að ef þær verða samþ., þá þýðir það sama og frv. verði fellt og Alþ. geri ekki neitt í þessum miklu vandamálum, sem það hefur eytt svo miklum tíma í að reyna að leysa. Mér skildist á ræðu hv. 1. flm., þm. Mýr., að hann vildi gera Búnaðarfélag Íslands að sams konar stofnun fyrir bændur og Alþýðusambandið er fyrir verkafólk. Búnaðarfélag Íslands stendur ver að vígi í þessu tilliti en alþýðusambandið, vegna þess að það hefur aldrei um þessi mál fjallað. Enda þótt sumir í stjórn búnaðarfélagsins eigi sæti í verðlagsnefndum hér í Rvík, þá hefur félagið samt aldrei um þessi mál hugsað. Það væri eðlilegra að kaupfélögin og sláturfélögin tækju þessi mál að sér heldur en fá þau í hendur búnaðarfélaginu. Ég álít að með þessu verði bændum eigi gerður neinn greiði, miklu fremur hið gagnstæða.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekki látið í ljós álit sitt á þessum brtt. Hæstv. félmrh. var sá eini, sem minntist á þær, og mér skildist á orðum hans, að honum fyndist fátt um. Mér þætti ekki óeðlilegt, þótt hæstv. ríkisstj. léti hv. þdm. í té álit sitt á þessum brtt. Ég gat þess í fyrri ræðu minni, að samkv. nýútkomnum búreikningum þá sé 78% á verði landbúnaðarafurða kaup til bændanna sjálfra. — Við flm. brtt. á þskj. 687 gerum ráð fyrir 45% hækkun á landbúnaðarafurðum frá 1939, og með því yrði bændum tryggð 60% grunnkaupshækkun og enn fremur uppbót skv. vísitölu fram að 15. sept., en þá á n. sú, er skipuð verður skv. þessu frv., að hafa lokið störfum.

Ég tel, að með till. okkar á þskj. 687 sé hag bænda bezt borgið og má einkennilegt heita, ef fulltrúar bænda hér á Alþ. geta ekki fylgt henni.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að vegavinnukaupinu. Það kaup hefur hækkað langmest alls kaups síðan í stríðsbyrjun, og það hefur talsverð áhrif á hag bænda. Þess vegna er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, þegar vegavinnukaup fjórfaldast, að það hlýtur óhjákvæmilega að auka tekjur þeirra bænda, sem eiga þess kost að fara í vegavinnu eða senda menn þangað. Það er ekki sanngjarnt að taka aðeins tillit til vegavinnukaupsins, þegar rætt er um útgjöld bænda, heldur verður einnig að færa þeim þá vinnu til tekna. Ég vil aðeins taka þetta fram af því, að hv. þm. V.-Sk. horfði aðeins á útgjaldahliðina. Menn verða að gera sér ljóst, að þeir bændur, sem geta farið í vegavinnu og setuliðsvinnu, hljóta að bæta hag sinn allmikið. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt, að bændur reyni að sækja þessa vinnu, því að hún gefur mikið í aðra hönd, og auk þess er betra að fá hana núna en fyrir stríð.

Ég vil taka fram eitt atriði út af brtt. hv. 6. landsk. á þskj. 688, varðandi skattamál. Í þeirri till. er tekið fram, að félög, sem ekki geti úthlutað varasjóði sínum, fái að njóta sömu hlunninda og áður. — Í till. okkar er þetta ekki tekið fram, vegna þess að þetta ákvæði er ósnert frá núgildandi l. og þess vegna óþarft að taka það fram sérstaklega. Í till. ríkisstj. er þetta einnig tekið fram, en mér virðist það alger óþarfi.

Að sinni tel ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ríkisstj. getur sætt sig við brtt. á þskj. 705 að svo komnu máli og telur þær fremur stefna til bóta.

Félmrh. (Jóhann Sæmundsson): Herra forseti. — Út af yfirlýsingu hæstv. fjmrh. vil ég taka fram, að ég hef sérstöðu til brtt. á þskj. 705 og mun taka nánari afstöðu til þeirra, er ég hef séð, hvernig ýmsum öðrum till. reiðir af.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það má segja, að afstaða hæstv. ríkisstj. sé orðin alleinkennileg. Nú getur hún sætt sig við brtt. á þskj. 705, sem fara meðal annars fram á að fela Búnaðarfélagi Íslands ásamt alþýðusambandinu þessi mál, en till. fjhn. um þetta efni eru fordæmdar af hæstv. ríkisstj. Það væri fróðlegt að fá að heyra, hvaða rök hæstv. ríkisstj. getur gefið fyrir þessari kynlegu afstöðu sinni. Ég hef ekki vitað til þess, að Búnaðarfélag Íslands hafi haft með sölu afurða að gera. Bændur hafa skapað sérstök samtök í því skyni, sem eru: Samband íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélag Suðurlands, Mjólkurbú Flóamanna o. fl., og væri því eðlilegra, að þau samtök fengju þessi mál í hendur, heldur en Búnaðarfélag Íslands, sem aldrei hefur nálægt þessum málum komið.

Svo hefur það gerzt á ákveðnu tímabili í sögu bænda, að farið var inn á það svið, að a. m. k. allmargir af þeim óskuðu eftir því, að löggjafarvaldið léti til sín taka um að ákveða verðið á afurðum bænda. Það hafa verið sett sérstök l. og samkv. þeim kosnar sérstakar n. til þess að ákveða þetta verð. Síðustu 10 árin hefur það í raun og veru verið mest eftir óskum bændanna sjálfra, að gerð hefur verið nokkurs konar lögfesting á afurðaverðinu. Og sannleikurinn er, að bændur hafa litið svo á, að með pólitískum áhrifum sínum, sérstaklega hér í þinginu, mundu þeir fá ákvarðað um það, hvers konar verð væri sett á þeirra afurðir. Og það hefur haft alveg sérstök áhrif í pólitíkinni, eins og kom bezt í ljós við síðustu kosningar, — a. m. k. á það við einstaka stjórnmálaflokka — þannig að flokkarnir hafa reiknað út hugsunarhátt bænda í sambandi við kosningarnar, sem hefur haft áhrif á það, hvernig verðið hefur verið ákveðið á afurðum þeirra. Og það hefur verið reiknað út verðið á afurðum bænda með sérstöku tilliti til þess, hvort þessi eða hinn maður hafi þótt hæfur til þess að vera fulltrúi á Alþ. Það hefur bókstaflega verið unnið að því hér á Alþ. af einstökum bændum að fá afurðaverð bænda ákveðið sem bezt fyrir þá stétt. Og mér hefur þess vegna fundizt, t. d. í sambandi við það, sem við höfum rætt í fjhn. um þetta mál, að við værum í raun og veru að semja við fulltrúa bænda, af því að í þeirri n. væru menn, sem staðið hafa skeleggt fyrir hönd bænda hér í þinginu. Það var ekki slegið af þeirri kröfu, heldur var það svona líkt því eins og þegar fulltrúar verkamanna eru að

semja. Mér hefði því fundizt forsvaranlegt, frá bændanna sjónarmiði, að ganga frá þessu máli hér á þingi til bráðabirgða, meðan svo reynsla væri fengin um þær bráðabirgðaráðstafanir og góður samningsgrundvöllur til þess að byggja á í framtíðinni. Ég fæ því ekki betur séð heldur en einmitt með till. fjhn. sé tekið tillit til bænda, og þannig hafi þá farið fram samningar í augnablikinu um bráðabirgðagrundvöll, sem vel sé viðunandi til 15. ágúst, þannig að ekkert vit sé í því að láta þá „organization", sem ekkert hefur haft með þessi mál bænda að gera, taka ákvörðun um þau, nefnilega Búnaðarfélag Íslands. Um Alþýðusamband Íslands gegnir allt öðru máli. Það samanstendur af verkalýðsfélögum, sem beinlínis og sérstaklega eru til þess skipuð að ákveða verð á vinnuafli verkamanna og til að gera samninga þar um. Það er „organization", sem sérstaklega er viðurkennd í landinu sem samningaaðili í þeim efnum við atvinnurekendur. Og verkamenn hafa tekið mjög ólíka afstöðu gagnvart þeim ákvörðunum Alþ. um greiðslu fyrir vinnu þeirra því, sem bændur hafa tekið sams konar ráðstöfunum Alþ. gagnvart þeim, þ. e. a. s. um afurðaverðið, þegar það hefur verið lögfest. Þarna er því tvennu ólíku saman að jafna.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Mýr. (BÁ) kom inn á, viðvíkjandi 3 millj. kr. sjóðnum, þá held ég að hann hafi heyrt nokkuð illa, ef hann hefur lagt þá meiningu í ræðu mína í gær, að ég væri að mæla með því, að verkamenn fórnuðu 12% af kaupi sínu til þess að leggja í sjóð til ýmissa framkvæmda hér á Íslandi. Ég var einmitt sérstaklega að gera grein fyrir því, að það, sem helzt mundi geta fengið verkamenn til þess að geta lagt þessa persónulegu fórn á sig, mundi vera það, að þeir fengju tryggingu fyrir því, að fá að skapa sér sterkan sjóð sem tryggingu gegn atvinnuleysi. Ég las allmikið úr þeim kafla alþýðutryggingalaganna, sem er um atvinnuleysistryggingar. Ég sýndi fram á, hvers konar endurbætur þyrfti að gera á þessum kafla alþýðutryggingalaganna, sem hefur verið alveg ónýtur fram að þessu, og hvernig það væri alveg tilvalið að tengja þær endurbætur við þá fórn, sem farið er fram á, að verkamenn færi þarna, og skapa þeim til handa ný félagsleg réttindi. Og ég lýsti yfir þá, að ég álít ekki eðlilegt, að verkamenn mundu ganga inn á þetta og Alþýðusamband Íslands mundi ganga inn á að mæla með þessari tilslökun af hálfu verkamanna eða vinna að því undir öðrum kringumstæðum en að þetta yrði gert. Nú veit hv. 1. flm. brtt. á þskj. 705 (BÁ), að þeir flokkar hér í þinginu, sem sérstaklega hafa fylgi meðal verkamanna og ætla mætti þess vegna, að gætu nokkru áorkað um það, hvaða afstöðu alþýðusambandið tæki, eru alveg mótfallnir því að mæla með nokkru slíku eins og því, sem farið er fram á í brtt. á þskj. 705. Það má þess vegna ganga út frá því sem fyrirfram vonlausu að reyna að fara þá leið gagnvart Alþýðusambandi Íslands. Og það er gott, að þeir menn, sem gerzt hafa flm. þessarar brtt., geri sér það ljóst, þannig að þeir þurfi ekki að verða fyrir neinum vonbrigðum á eftir. Og það er nauðsynlegt, að ríkisstj. geri sér það ljóst líka, að með þessu móti er verið að loka þeirri leið, sem fjhn. var að reyna að opna. Ef hæstv. ríkisstj. segir um það, hvort hún sættir sig við þessar till., mun ég kannske minnast á þetta síðar, en skal ekki ræða málið frekar að sinni.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Mér þótti gott að heyra yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um það, að hæstv. ríkisstj. muni sætta sig við brtt. á þskj. 705, því að í þeirri yfirlýsingu hlýtur það að felast, að hæstv. ríkisstj. muni líka sætta sig við brtt. fjhn., þó að þær væru samþ. Það hlýtur að verða bein afleiðing af því að það, sem milli ber um þessar brtt., er þannig, að brtt, fjhn. standa nær stjfrv. heldur en þessar till. á þskj. 705.

Stefán Jóh. Stefánsson: Við alþýðuflokksmenn hér í hv. d. bárum fram brtt. við brtt. hæstv. ríkisstj. Og við vildum helzt byggja á þeim grundvelli, sem hæstv. ríkisstj. hafði lagt með sínum eigin brtt., þó með því skilyrði, að þar væru gerðar á nokkrar leiðréttingar, sem að vísu hæstv. ríkisstj. hefur engu lýst yfir um þrátt fyrir eftirgrennslanir okkar flm. Erum við því jafnnær um afstöðu hæstv. ríkisstj. til þessara brtt. okkar.

Ég gat þess, um leið og ég fylgdi þessum brtt. úr hlaði, að við mundum óska eftir því, ef þess væri nokkur kostur, að þær kæmu fyrst til atkvgr. hér í hv. d., en síðan kæmu brtt. hv. fjhn., því að afstaða okkar alþýðuflokksmanna til brtt. hv. fjhn. mundi mótast eftir því, hver hefðu orðið afdrif okkar eigin brtt.

Ég gat þess þá einnig, að ég teldi grundvöll þann, sem hæstv. ríkisstj. hefði lagt með sínum brtt., vera með þeim brtt., sem við flytjum, aðgengilegri heldur en brtt. hv. fjhn. Ég sagði þá ekkert um það, hvað Alþfl. mundi gera að föllnum okkar till. og brtt. hæstv. ríkisstjórnar, þar sem ég lagði áherzlu á það, að Alþfl. vill fá einhverja lausn á dýrtíðarmálunum hér á hæstv. Alþ., sem að gagni gæti orðið.

Nú hafa nokkrir hv. þm. borið fram brtt. á þskj. 705 við brtt. hv. fjhn. Og ég verð að segja það, að mig undrar það nokkuð, að hæstv. ríkisstj. skuli lýsa yfir velþóknun sinni á þeim brtt., jafn illa eða fálega sem hæstv. ríkisstj. tók undir brtt. hv. fjhn. En að svo miklu leyti sem brtt. hv. fjhn. eru ekki aðgengilegar í augum okkar alþýðuflokksmanna, þá eru brtt. á þskj. 705 enn þá síður aðgengilegar í augum okkar. Og við teljum það enga lausn á málinu, sem þar er farið fram á, og sjáum því enga ástæðu til þess að greiða atkv. með þeim brtt.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Það er aðeins örstutt aths. Ég vil aðeins lýsa yfir því fyrir hönd okkar flm. brtt. á þskj. 705, að þessi skilningur, sem hæstv. fjmrh. gat um í sambandi við þessa brtt., er réttur, eins og við álítum, að skilja eigi brtt.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð vegna þess, að það voru nokkrir hv. þm., sem gerðu athugasemdir við ræðu mína hér í kvöld, sem ég sé mig nauðbeygðan til að svara. Hv. þm. V.-Sk. (SvbH)

sagði, að hann hefði ekki trúað því, að önnur eins firra gæti komið fram eins og það, að haldið væri fram, að grunnkaup hefði hækkað aðeins um 16%, þar sem Þjóðviljinn hefði þó viðurkennt, að grunnkaupshækkunin hefði orðið um 20%. En ég sagði, að grunnkaupshækkun Dagsbrúnarverkamanna hefði orðið 16%, en víða á landinu hefði hún orðið hærri, og mundi hafa orðið að meðaltali 20%, þannig að mér ber saman við Þjóðviljann. Hv. þm. hefur því aðeins tekið rangt eftir.

Hv. þm. V.-Húnv. (SkG) kom enn með fullyrðingar um það, hve grunnkaupshækkunin væri mikil hjá verkamönnum, og hann var kominn með hana upp í 67%. En það hefur verið sýnt fram á, að grunnkaupshækkunin hefur ekki verið meiri en þetta, sem ég hef nefnt, þrátt fyrir alla hans útreikninga. Hann vildi halda því fram, að ég hefði verið í vondu skapi. Það var ég ekki. En hitt er vitað, að framsóknarmenn eru í vondu skapi þessa dagana. Sá flokkur á enga stjórnmálastefnu, en lýsir því yfir, að stefna hans mótist af stefnu annarra flokka; hann sé milliflokkur, sem vinni til hægri eða vinstri eftir atvikum; hafi sem sagt enga stefnu, en vinni eftir því, hvernig vindurinn blæs — og þá er eðlilegt, að hv. þm. Framsfl. séu í vondu skapi. Þegar enginn vill kaupa þá, hvorki til hægri né vinstri, þá er eðlilegt, að þeir séu í vondu skapi. Framsfl. vill selja sig til hægri eða vinstri eftir því, hvorir vilja bjóða betur í hvert skipti, þó að reynslan sýni, að verzlunin verður yfirleitt til hægri hjá þeim flokki.

Hv. þm. V.-Sk. sneri mjög út úr orðum mínum, er hann sagði, að ég hefði veitzt að öllum þm., vegna þess að ég deildi nokkuð á hann og hv. þm. V.-Húnv. En ég nefndi þá sérstaklega, vegna þess að ég taldi, að þeir hefðu nokkra sérstöðu, ekki aðeins meðal þm. yfirleitt, heldur einnig meðal þm. Framsfl., að vísu má telja hv. þm. S.-Þ. (JJ) með í þeirri sérstöðu. Ég var alls ekki að deila á alla þm. jafnt. Það vita allir, að þessir hv. þm. hafa sérstöðu í einstrengingshætti og hatri gagnvart verkamönnum og tilhneigingu til þess að veitast að verkamönnum og leitast við að mistúlka þeirra málstað og að geta unnið þeim ógagn. Hv. þm. V.-Sk. hefur sérstöðu um margt. T. d. eru ekki allir þm. í Framsfl. prestar, eins og hann er, og eins og allir vita, gersamlega trúlaus maður, þó að hann gangi á helgum í prédikunarstólinn með helgiblæ utan á sér. Allir vita, að hann er trúlaus. Það eru ekki allir þm. Framsfl. svona miklir hræsnarar, og hefur hann þar sérstöðu. Hv. þm. V.-Húnv. hefur líka sérstöðu í Framsfl. Hann hefur verið notaður til verka, sem fjöldi af framsóknarmönnum hefði ekki látið nota sig til. Þegar gjaldeyrisnefnd t. d. úthlutaði innflutningsleyfum til framsóknarmanna fremur en annarra og var þar hlutdræg, þegar þessi hv. þm. var í n. (**Forseti**: Vill hv. 2 landsk. þm. stilla orðum sínum meira í hóf?). Það eru tveir hv. þm., sem ég beindi orðum mínum til, en ekki, eins og hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég hefði gert, til allra hv. þdm. Hann sagði, að ég hefði beint orðum mínum að öllum hv. þdm., og tel ég því nauðsynlegt að gera grein fyrir þessu.

Hv. þm. Hafnf. (EmJ) beindi líka nokkrum orðum til mín, sem mér fannst ástæðulaust. Mér fannst, að hann gæti svarað því, sem ég beindi að Alþfl., þar sem ég minntist á þessar heldur tilgangslitlu till., sem Alþfl. ber fram, sem lítil meining er á bak við. Mér fannst hann geta svarað þeim rökum, sem ég beindi til hans. En honum fannst hann verða að koma með alllangar hugleiðingar um það, að ég kunni ekki að gera mun á réttu og röngu. Það vill oft verða, að menn greinir á um það, hvað sé rétt og hvað sé rangt, og þennan hv. þm. og mig greinir auðvitað mjög á um það, hvað sé rétt og hvað sé rangt frá pólitísku sjónarmiði í ýmsum málum. Ég ætla ekki að fara að rifja upp ágreiningsmál milli Sósfl. og Alþfl., en ég vil minnast á það t. d., að okkur greindi á um það — ég veit, að hann hefur alveg unnið þar eftir beztu samvizku, þessi heiðursmaður, og þeir hafa gert það alþýðuflokksmenn eftir beztu samvizku og talið sig vera að vinna landinu gagn með því, þegar þeir réðu yfir Alþýðusambandi Íslands — þegar ákveðið var, að enginn mætti vera fulltrúi á alþýðusambandsþingi, nema hann væri alþýðuflokksmaður. Þetta var auðvitað gert eftir beztu samvizku, ekki þarf að efa það. Við höfum þó um þessa ráðstöfun mismunandi skoðanir um það, hvað hafi verið rétt og hvað rangt. Við höfum haft mismunandi skoðanir um það líka að þessu leyti, þegar alþýðuflokksmenn notuðu aðstöðu sína til þess að selja sjálfum sér dýrar eignir, sem voru í eigu verkalýðsfélaganna í Rvík. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Rvík seldi þessar eignir þannig, að þeir menn, sem í því voru, seldu sjálfum sér þessar eignir fyrir h. u. b. einn tíunda hluta þess verðs, sem hefði verið hægt að fá fyrir þær með því að selja þær öðrum. Og vafalaust hafa þessir sömu menn gert það eftir beztu samvizku. Hv. þm. Hafnf. hefur talið þetta rétt, en ég tel, að það hafi verið rangt. Ég tel, að hann ætti að sitja í tugthúsinu fyrir það. (**Forseti**: Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við málið, sem er á dagskrá). Ég minntist á þetta til þess að sýna, að menn deila endalaust um það, hvað er rétt og hvað er rangt.

Að endingu vil ég taka undir það með hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), að það er bókstaflega ómögulegt að skilja það, að hæstv. ríkisstj., ef hún getur fallizt á brtt. sexmenninganna á þskj. 705, að hún geti þá ekki fallizt á brtt. fjhn. Ef hún getur fallizt á brtt. á þskj. 705, þá hlýtur hún að geta fallizt á brtt. fjhn., það er ekki hægt að fá annað út úr því.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Aðeins út af þeim ummælum hv. síðasta ræðumanns (ÞG) vil ég segja nokkur orð. Hann var að tala um, að það mundi liggja vel eða illa á þm., beinlínis eftir því, hvort þeir gætu selt sig og fengið góð tilboð eða ekki um að selja sig. Hann sagði, að það lægi mjög illa á framsóknarmönnum, en svo sagði hann, að það lægi prýðilega á sér. Eftir því hefur hann fengið sæmileg tilboð og fengið gróða upp úr sinni „spekulation."

En viðvíkjandi því, sem hann beindi að mér sérstaklega, vil ég taka fram, að ég vil heldur vera trúlaus heldur en að lifa á keyptri trú eða seldri.

Forseti (JJós): Ég hef hugsað mér, ef hv. þdm. hafa ekkert á móti því, að ganga nú á snið við þær brtt. á ýmsum þskj., sem snerta kaflaskipti og fyrirsagnir, því að það kemur eðlilega á eftir, þegar meginmálið hefur verið ráðið. Mér virðist, að ef fyrst er tekin ákvörðun um kaflaskiptin og fyrirsagnirnar, geti það ef til vill orðið óþarflega mikils ráðandi um atkvgr. um efni sjálfra till. Mér finnst þetta vel mögulegt og vil gjarnan heyra, ef einhver mælir því gegn.

ATKVGR.

Brtt. 673,1 felld með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HelgJ, JörB.

nei: LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, ÞG, ÁkJ, EOl, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JakM, JPálm, JS.

ÁÁ, BG, JJós greiddu ekki atkv.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínum:

Lúðvík Jósefsson: Með skírskotun til þess, að ég flyt ásamt hv. þm. Siglf. brtt. um sama efni, sem gengur lengra í að takmarka skattfrelsi þeirra aðila, sem hér um ræðir, segi ég nei.

Sigfús Sigurhjartarson: Með tilvísun til grg. hv. 6. landsk. þm. segi ég nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég áskil mér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr. og segi því já.

Emil Jónsson: Með skírskotun til orða hv. 4. þm. Reykv. segi ég já.

Brtt. 663,2 (1. gr. falli niður) samþ. með 19:8 atkv.
— 673,2 felld með 19:11 atkv.
— 663,3 (2. gr. falli niður) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 673,3 tekin aftur.
— 663,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 663,5 (ný 4. gr., verður 1. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
— 663,6—7 (5.—6. gr. falli niður) samþ. með 29 shlj. atkv.
— 663,8 samþ. með 31 shlj. atkv.

7. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 663,9—12 (8.—11. gr. falli niður) samþ. með 26:1 atkv.
— 705,2 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EystJ, GÞ, GG, HelgJ, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH.

nei: ÁkJ, ÁÁ, BG, EOl, EmJ, FJ, GTh, IngJ, JakM, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, ÞG, JJós.

GSv greiddi ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Ingólfur Jónsson: Við þessa umr. mun ég halda mig við nál. fjhn. Hins vegar mun ég við 3. umr. gera tilraun til samkomulags um brtt., ef fram kemur, og segi nei.

Brtt. 651,a felld með 19:6 atkv.
— 663,13 (ný 12. gr., verður 3. gr.) samþ. með 19:5 atkv.
— 674,1 felld með 23:5 atkv.
— 705,3 felld með 19:13 atkv.
— 705,1 og 4—5 teknar aftur.
— 674,2 tekin aftur.
— 651,b felld með 20:1 atkv.
— 663,14 (13. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 651,c felld með 22:2 atkv.
— 663,15 (14. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 651,d kom ekki til atkv.
— 663,16 (ný 15. gr., verður 4. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 687 felld með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: LJós, SigfS, SG, STh, ÞG, ÁkJ, BG.

nei: ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ, BÁ, EystJ, GÞ, GG, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, JakM, JPálm, JS, JörB, JJós.

StJSt, EOl, EmJ, FJ greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég er með sumu og móti öðru í þessari brtt. og greiði því ekki atkv.

Brtt. 663,17 (ný 16. gr., verður 5. gr.) samþ. með 23:3 atkv.
— 663,18 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 21:7 atkv.
— 688 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, BG, BÁ, EystJ, GG, HelgJ, JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS.

nei: SEH, SK, ÁÁ, FJ, GÞ, GSv, GTh, IngJ, JakM, JPálm, JS, ÓTh, PO, SB, JJós.

EOl, EmJ greiddu ekki atkv.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. á þessa leið:

Skúli Guðmundsson: Þessi till. fjallar að mestu um sama efni og var í 1. kafla frv. Ég tel reyndar, að gera þurfi hér nokkra breyt. á, en segi þó já til 3. umr.

Garðar Þorsteinsson: Um leið og ég segi nei, langar mig til að spyrjast fyrir um, hvaða reglur gilda um það, hvenær menn geta krafizt nafnakalls við atkvgr.

Ingólfur Jónsson: Ég var því feginn, að nafnakall skyldi viðhaft við þessa atkvgr., svo að hægt væri að heyra, hverjir greiða atkv. með þessu. Það er fróðlegt að heyra, að þeir menn, sem mest hafa fárazt yfir því, að lagðar yrðu 3 millj. kr. í atvinnutryggingarsjóð, skuli nú greiða atkv. með miklu meiri fjárfúlgu. (Ýmsir þm.: Eru umr. leyfðar?).

Páll Þorsteinsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. V.-Húnv. segi ég já.

17.—18. gr. (verða 8.—9. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 663,1 (kaflaskipting og fyrirsagnir kafla falli niður) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26:2 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 10 apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 707, 708, 709, 710, 715).
Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu allra brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jakob Möller: Á þskj. 715 eru nokkrar brtt. frá mér, og eru þær miðaðar við þær umræður, sem hér hafa farið fram. Ég hef heyrt, að sumum hv. þm. þyki gæta nokkurs ósamræmis í ákvæðum þessa frv. viðvíkjandi félagssamtökum launþega annars vegar og bænda hins vegar.
Til samræmis hef ég nú flutt brtt. við 3. og 5. gr., þar sem nánar er mælt fyrir um viðskipti ríkisvaldsins við þessa aðila, og vænti ég þess, að þær miði til sátta.
Hv. 2. þm. Skagf. flytur sams konar brtt. og ég við 1. málsgr. 5. gr., aðeins með öðru orðalagi. En efni hennar er hið sama, að ákveða verð á landbúnaðarafurðum að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands.
Þá á ég brtt. við 4. gr. um skipun n. þeirrar, sem á að finna vísitölu landbúnaðarafurða, þar sem ég legg til, að hún verði skipuð 5 mönnum, eins og stóð í till. Alþfl.manna, sem felld var hér í gær. Vænti ég, að hv. forseti sjái sér fært að bera till. mína upp, þótt þessi till. væri felld í gær. Ég legg til, eins og þar var gert, að opinberir starfsmenn verði ekki skipaðir í n., heldur njóti hún aðstoðar þeirra. En eftir sem áður þarf n. að verða sammála, til þess að til framkvæmda komi.
Þá er loks brtt. við 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir 3 millj. kr. í atvinnutryggingasjóð. Till. mín er bundin við samkomulag það, sem ráðgert er í 3. gr. Samkv. þeirri gr. í frv. skal stj., en eftir minni till. er henni heimilt að fengnu samkomulagi við félagssambönd launþega að ákveða, að í næsta mánuði eftir að l. þessi öðlast gildi skuli greiðsla verðlagsuppbótar á kaupgjald og laun fara fram eftir þeirri vísitölu, sem byggð er á verðlaginu 1. dag þess mánaðar.
Annars vil ég geta þess, að ég hygg, að þetta muni erfitt í framkvæmdinni. Það er erfitt að reikna út vísitölu fyrir hvern mánuð, fyrr en liðinn er ½ til ⅔ af honum. Hætt er við, að þetta yrði þá ágizkunarvísitala, sem síðar yrði þá að leiðrétta eftir þeirri réttu, svo að ég get ekki gert ráð fyrir, að þetta komi til framkvæmda, enda þótt samkomulag náist. Eigi að síður er þetta komið inn í frv. og því rétt að samþ. það. Mín till. er aðeins til samræmingar, en í henni felst engin efnisbreyt.
Í brtt. minni við 6. gr. felst lítils háttar formsbreyt., að mþn. í atvinnumálum skuli ekki setja atvinnutryggingasjóði reglugerð, heldur stj. sjálf eða ráðh., og getur hann þá leitað álits þeirra, er honum sýnist, og lægi beinast fyrir að leita álits Tryggingarstofnunar ríkisins.

Alþt. 1942. B. (61. löggjafarþing).

Ég hef athugað það í sambandi við þetta mál, að það orki e. t. v. nokkuð tvímælis, hvaða fjárgreiðsluheimild stj. hafi í sambandi við framkvæmd þessa frv. er að l. verður. Það gæti komið til greina viðtækari ráðstafanir til að halda dýrtíðinni í skefjum en gert er ráð fyrir í þessu frv. En ég hygg, að þá yrði litið svo á, að stj. hefði þær greiðsluheimildir í öðrum l. sem hér er ekki til að dreifa, svo að ekki þurfi um þetta nánar að ræða.

Jón Sigurðsson: Ég held ég megi fullyrða, að bændur séu yfirleitt fúsir til að fórna, og hefur búnaðarfélagið nýlega lýst yfir vilja sínum í þessu efni. Þeir munu verða fúsari til fórna, ef þeir eru hafðir í samráði en ef þeir eru krafðir um þær, enda er það auðskilið mál, að þeim er léttara að sætta sig við álögur frá þeirri stofnun, sem fer með mál þeirra og þeirra menn eiga sæti í, en af hendi annarra. Með þeim brtt. fá l. annan blæ og geðfeldari okkur bændum. Tel ég óhætt að treysta því, að búnaðarfélagið bregðist ekki, og er það fúst til samvinnu við ríkisstj. um þessi efni. Vænti ég þess, að það fari jafnhóflega í sakirnar og ég hef gert og Alþ. fallist á þessa till. En eins og ég sagði, getum við bændur ekki sætt okkur við það, að samningastofnun okkar sé sett skör lægra en hliðstæðar stofnanir annarra stétta.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég flyt hér smábrtt. við 7. gr. frv. Það hefur komið fram till. frá sósíalistum, sem mér kom ekki til hugar, að gæti náð samþ. deildarinnar, en samkvæmt henni átti að afnema skattfrelsi samvinnufélaga. Átti ég ekki von á því, að ýmsir, sem greiddu atkv. í gær, greiddu þannig atkv.
Vil ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við 7. gr. og vona ég, að hv. d. sjái sér fært að samþ. hana, þar sem eðlilegt virðist, að fé þessu sé varið á þann hátt, sem tekið er fram í till. Mun ég ekki fjölyrða frekar um þessa till. né heldur skattatill. Hún hefur mikið verið rædd hér.
Viðvíkjandi till. hv. 2. þm. Skagf. um, að Búnaðarfélag Íslands væri jafnrétthátt sem samningsaðili fyrir hönd bænda og alþýðusambandið f. h. verkamanna, vil ég benda á, að það er ekki eins alhliða félagsskapur og alþýðusambandið, og mun ég greiða atkv. móti till. Sömuleiðis mun ég greiða atkv. móti till. um verðlag á mjólk.

Forseti (JJós): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við 7. gr. frv., og af því hún er of seint fram komin og auk þess skrifleg, þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 722) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég flyt hér brtt. ásamt hv. þm. Siglf. á þskj. 710, um verðlag á mjólk.
Það er fullvíst, að bændur úti um land fá eins mikið og meira fyrir sína mjólk en þeir, sem búa í nágrenni Rvíkur. T. d. er það svo á Norðfirði. Það er alveg víst, að bændur þar hafa meira fyrir mjólk sína en bændur hér.

Mér hefur verið bent á, að nauðsyn bæri til þess að taka það fram, til þess að tryggja árangur, að ákvæði frv. tækju til ársins 1942. Hef ég nú ákveðið að flytja brtt. við 7. gr., og vænti eg þess, að ekki verði deilur um, að nauðsyn beri til þess, að till. nái samþykki.

Á ég nú ekki fleiri brtt. og leyfi mér hér með að afhenda forseta þessa skriflegu brtt. frá mér og hv. þm. Siglf.

Forseti (JJós): Sökum þess að brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, þarf tvöföld afbrigði.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 727) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Við 2. umr. var gerð grein fyrir afstöðu Alþ. til þessa máls. Þótt þetta frv. sé öðruvísi en við hefðum kosið, munum við ekki bera fram brtt., heldur bíða, unz það fer til Ed. Gat ég þess einnig að Alþfl. mundi bera fram brtt. varðandi skattakafla frumvarpsins eins og það var upprunalega, og bíða þær umr. Ed. Þarf ég því ekki að fjölyrða frekar um þetta mál.

Út af brtt. á þskj. 710 vil ég lýsa yfir, að ég get fallizt á hana fyrir hönd Alþfl. Við fluttum till., sem gekk í sömu átt, en hún var felld. En þótt hún væri felld eins og hún var borin fram, get ég greitt þessari atkvæði.

Að öðru leyti má kannske vænta þess, að fram komi skrifl. brtt., og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða meira en orðið er um þessar brtt., sem fyrir liggja. Þær eru fæstar stórvægilegar né raska verulega efni frv. frá því, sem það var eftir 2. umr.

En ég sé ekki ástæðu til þess að samþ. brtt. hv. 2. þm. Rang. (IngJ) um það, að sá tekjuauki, sem fengist með þeim breyt., sem ákvarðaður var í nótt við 2. umr. á þeim almennu ákvæðum um útreikning skattsins í sambandi við varasjóðina, rynni frekar til raforkusjóðs en til alþýðutrygginganna, — án þess að ég ætli að mæla nokkuð gegn því, að raforkusjóður hafi peninga til umráða, jafn þarft hlutverk og honum er ætlað. Ætla ég þó, að ekki verði um það deilt, að í framtíðinni verði, eftir því sem frekast er kostur, endurbættar alþýðutryggingarnar með auknum fjárframlögum. Og sé ég því ekki ástæðu til þess, að horfið verði frá því ráði, sem upphaflega var í sambandi við þetta mál ákveðið um þær. Ég sé ekki, að raforkusjóður standi þar feti framar en alþýðutryggingarnar, án þess að ég ætli nokkuð að gera lítið úr hlutverki raforkusjóðs. En mér finnst undarlegt, úr því að hv. þd. samþ. í nótt, að þessi tekjuauki skyldi vera bundinn við eins gott fyrirtæki eins og alþýðutryggingarnar, að það megi ekki standa deginum lengur sá tekjuauki, sem alþýðutryggingarnar fá með þessu móti. Það kann að fara svo, að afstaða Alþfl. til þessa frv. fari eftir því, hvaða brtt. verða að lokum samþ. við frv. En þó get ég sagt það þegar, að ef nokkrar brtt. við frv. ná fram að ganga, sem gera það frá sjónarmiði okkar alþýðuflokksmanna verulega óaðgengilegra heldur en það er nú, mundi það geta orðið til þess, að við vildum ekki ljá því samþykki okkar. Við erum ekki ánægðir með frv. eins og það er. En við vonum, að það geti tekið umbótum í hv. Ed., þegar það verður afgreitt þar. En við viljum ekki, nema því verði spillt frá því, sem nú er, bregða fæti fyrir, að hv. Ed. geti fengið það til athugunar og lagfæringar, eftir því sem þar standa efni til.

Eysteinn Jónsson: Ég vil fyrst minnast á brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á þskj. 15. Í fyrstu till. á þskj. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. verði heimilað, að fengnu samkomulagi við félagasamtök launþega, að ákveða, að í næsta mánuði eftir, að lög þessi öðlast gildi, skuli greiðsla verðlagsuppbótar á kaupgjald og laun fara fram eftir þeirri vísitölu, sem byggð er á verðlaginu fyrsta dag þess mánaðar. Í frv., eins og það liggur fyrir nú, er þessu ákvæði þannig háttað, að þar er svipuð heimild til handa ríkisstj., að fengnu samþykki Alþýðusambands Íslands, og annarra samtaka launamanna. Mér sýnist nú það ákvæði, eins og það er í frv., vera ófullnægjandi. Og mér virðist ekki þessi brtt. bæta þar mjög mikið úr, þó að kannske megi segja, að hún sé heldur nær því að vera nothæf en ákvæðið í frv. En tveir gallar eru á þessari brtt. Í fyrsta lagi er ekki til tekið af þingsins hálfu, hver séu þau samtök launamanna, sem ríkisstj. beri að leita til. Getur því orðið endalaust þref um það, til hvers þingið hafi ætlazt í þessu efni. Hinn gallinn er sá, að þó að samkomulag kynni að takast um það milli ríkisstj. og samtakanna, þá skortir heimild til þess að gera það samkomulag gildandi almennt fyrir þá, er laun taka í landinu. Ég vil því leyfa mér að flytja um þetta efni skrifl. brtt. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að fengnu samkomulagi við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að greiðsla verðlagsuppbótar á kaupgjald og laun fari fram eftir þeirri vísitölu, sem byggð er á verðlaginu 1. dag þess mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi."

Að öðru leyti vil ég segja það um brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að mér virðist svo sem ein þeirra sé til bóta, en hún er að efni til eins og till. frá hv. 2. þm. Skagf. Till. fjallar um að semja skuli við Búnaðarfélag Íslands í sambandi við afurðasölulækkunina.

Ég sé ekki ástæðu til að gera að umtalsefni hinar brtt. að öðru leyti en því, að mér finnst 2. brtt. vera til hins verra frá því, sem í frv. er ákveðið (PZ: Kemst hún að? Ég dreg það í efa).

Þá vil ég víkja að brtt., sem hér eru fluttar á þskj. 710 af hv. 6. landsk. (LJós) og hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Fljótt á litið munu ýmsir álíta, að þessar brtt. séu réttmætar. Telja það réttmætt að ákveða í frv., að afurðaverð, mjólkurverð t. d., skuli alls staðar lækka í sömu hlutföllum og ákveðið er, að það skuli lækka hér í Rvík. En málið er ekki eins einfalt og hv. 6. landsk. þm. vildi halda fram. Þannig er ástatt að sumsstaðar á landinu hefur mjólkurverðshækkunin orðið miklum mun minni en í Rvík. Sumsstaðar á mjólkurverðlagssvæði Rvíkur stafar þetta beint af markaðsskilyrðum. Hins vegar hafa launamenn á þessum svæðum allsstaðar fengið kaupgjald sitt hækkað

í samræmi við mjólkurverðshækkunina í Rvík, en ekki þá mjólkurverðshækkun, sem hefur orðið á þessum stöðum úti um landið. Launamenn hafa þess vegna í raun og veru hagnazt sumsstaðar vegna þess, hvernig ástatt hefur verið að þessu leyti. Ég tók fram, að sumsstaðar hafi þetta stafað af markaðsskilyrðum. Þótti ekki fært að færa mjólkina eins upp eins og í Rvík, þó að það hefði verið eins réttlátt frá sjónarmiði framleiðendanna á þessum svæðum að gera það eins og hér um slóðir. Ég lít því svo á, að það eigi ekki að slá því föstu, sem till. á brtt. á þskj. 710 um mjólkurverðlækkunina fer fram á, heldur láta þetta vera á valdi ríkisstj. eins og það er í frv. Það er byggt á misskilningi, sem hv. 6. landsk. þm. (LJós) hélt fram, að gengið yrði á hlut þeirra, sem taka kaup, ef till. er ekki samþykkt, af því að laun hafa alls staðar verið miðuð við þá mestu mjólkurhækkun, sem orðið hefur, þ. e. hér í Rvík.

Þá vil ég hér aðeins víkja að ræðu hv. 2. þm. Rang. (IngJ). Hann sagðist líta svo á, að með þeirri samþykkt, sem hér var gerð í nótt, — þ. e. a. s. með því að samþ. þá brtt., sem nú er orðin, næst síðasta greinin eða síðasta greinin í dýrtíðarfrv., eins og það liggur fyrir, þ. e. a. s. um varasjóði hlutafélaga, — hafi samvinnufélög verið svipt þeim rétti, sem þau hafa í löggjöfinni, til að draga frá tekjum sínum skattfrjálst ⅓ hluta af hreinum tekjuafgangi, ef þau leggja fjárhæðina í varasjóð. Það er ekki vafi á því, að þetta er algerlega rangur skilningur hjá hv. 2. þm. Rang. og styðst ekki við neitt í því, sem fyrir liggur um málið. Það er sem sé alveg greinilega tekið fram í þessari breyt., sem gerð var á næst síðustu gr. laganna, að þau ákvæði eldri skattal., sem ekki er hróflað við í till. sjálfri, standa, enda leiðir það af sjálfu sér. Það er ekki neitt hróflað við þessum réttindum, eins og báðir hv. flm. þessarar brtt. gerðu ýtarlega grein fyrir í framsögu málsins af sinni hálfu. Mig furðar þess vegna á því, að hv. 2. þm. Rang. skuli verða til þess að halda þessari fjarstæðu fram, ekki sízt þegar tekið er tillit til afstöðu hans til þeirra félaga, sem hér eiga hlut að máli. — Ég læt nægja að mótmæla þessu sem algerlega röngum skilningi hjá hv. þm.

Ég skal svo að lokum aðeins segja það, að Framsfl. hefur nú ekki flutt neinar brtt. við frv. við þessa umr. enn sem komið er, nema þessa einu skrifl., sem ég hef lagt hér fram. Það er ekki fyrir það, að við séum ánægðir með þetta frv. eins og það liggur fyrir, eins og öllum mun ljóst vera af því, sem hér gerðist í nótt og áður hefur verið sagt af flokksins hálfu, einkum um greiðslu úr ríkissjóði til lækkunar á vöruverði, eins og nú er komið málum. En við höfum ekki séð ástæðu til þess að tefja fyrir því, að málið komist frá þessari hv. d. til Ed., og þá í þeirri von, að hægt verði að fá fram, áður en málið er endanlega afgreitt, einhverjar breyt. á frv. í þá átt, sem okkur fellur betur. Ég skal taka fram, eins og ég sagði áðan, að ég teldi það vera til bóta, ef skrifl. brtt. mín við brtt. hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 715 yrði samþ., og leyfi ég mér að vænta þess að um það geti orðið samkomulag, því að efni hennar hlýtur að vera í samræmi við það, sem í raun og veru vakir fyrir þeim, sem vilja á annað borð hafa ákvæði í frv. um að leita samkomulags um kaupgjaldsmálin.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég hef ekki blandað mér inn í þessar almennu umr., sem fram hafa farið um dýrtíðarmálið og ætla ekki að tefja afgreiðslu þessa máls með neinum almennum umr. um málið. En brtt., sem samþ. var hér við 2. umr. við þetta frv., hefur gefið mér ástæðu til þess að flytja hér brtt. ásamt hv. 7. þm. Reykv. (SK). Og fyrir þessari brtt. vil ég mæla fáein orð.

Það efni, sem hér um ræðir, er 7. gr. frv., eins og það nú er orðið eftir 2. umr., og fjallar hún um skattamál, þ. e. a. s. breyt., sem samþ. var á frv. eftir till. frá tveimur sósialistum hér í hv. d., hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og hv. 6. landsk. þm. (LJós). Með þeirri gr., sem þannig er til orðin í frv., er tvennt lagt til: Að felld verði niður sú almenna skattívilnun, sem almenn hlutafélög hafa haft, og enn fremur að hlutafélög, sem að sjávarútvegi standa, haldi að vísu að vissu leyti þessari skattívilnun, en þó með þeim hætti, sem gerir þessi ákvæði gersamlega óviðunandi fyrir þennan atvinnuveg. Þar er lagt til, að upphæð nýbyggingasjóða verði bundin við ákveðið hámark viðvíkjandi skattívilnuninni, sem alls ekki fullnægir í framtíðinni þeirri brýnu þörf, sem er fyrir hendi á nýbyggingu skipastólsins. Þetta skattfrelsi er bundið við 1 millj. kr. í nýbyggingasjóði. Nú er öllum hv. þm. það ljósara en svo, að ég þurfi að endurtaka það, að þessi hámarksupphæð, 1 millj. kr., hrekkur mjög skammt fyrir eitt skipafélag eða útgerðarfélag til þess að endurnýja flota sinn. Og þetta ákvæði í 7. gr. frv. verður því fáránlegra sem svo virðist sem út frá því sé gengið, að þessi hámarksupphæð til nýbyggingasjóða, sem skattfrjáls sé, eigi að vera jöfn fyrir hlutafélögin, sem sjávarútveg stunda, hvort sem þau hafa 2, 3, 4, 5, 6, 7 eða 8 skip, eða þau hafa aðeins eitt skip. Möguleikarnir til nýbygginga eiga eftir þessu að vera gerðir jafnir fyrir það félag, sem á eitt skip eins og fyrir annað, sem á kannske 7 skip, ef ég skil þessa gr. rétt. Og þegar á þetta er litið, verður öllum auðsætt, hversu frámunaleg ákvæði hér eru á ferð. Brtt. okkar, hv. 7. þm. Reykv. og mín, er um, að þessi 7. gr. frv. falli niður. Ég veit, að þegar við, hv. 7. þm. Reykv. og ég, leggjum til, að þessi gr. verði felld niður, þá munu einhverjir hefja upp rama-óp um það, að hér séu að skjóta upp hausnum hagsmunir stórútgerðarinnar og stríðsgróðamannanna. Við höfum heyrt þann söng, og aldrei greinilegar heldur en í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl), þegar hann mælti fyrstu orð sín, þegar þetta frv. var lagt fram. Hann benti á það sem einhverja þjóðfélagslega hættu, ef útgerðin í þessu landi kæmi sæmilega efnum húin út úr þessari styrjöld og ef útgerðarmenn, sem eiga 1—5 skip, hefðu möguleika til þess að endurnýja skipin og bjóða sjómönnum, sem fiska og sigla til útlanda, möguleika til að sigla á sæmilega útbúnum skipum, en ekki ryðklafum. Það er þessi skilningur, sem í raun og veru er grundvallaratriðið, sem um er að ræða, þegar minnzt er á endurnýjunarþörf skipastólsins í

framtíðinni. Og ég lít á þessa afstöðu gegn því, að útgerðin geti endurnýjað skipastól sinn, sem skiljanlegan hlut frá sjónarmiði sósíalista, sem telja það ekki æskilegt fyrir þjóðfélagið, að atvinnufyrirtækin geti komið rík og sterk út úr þessari styrjöld, heldur vilja þeir, að þau verði þá fátæk, til þess að hægara verði að benda á, að fólkinu sé ríkt þörf á nýju þjóðskipulagi, því sem sósíalistar vilja hafa. En ég vil spyrja, hvort það muni vera nokkuð í óhag íslenzkum sjómönnum, sem sigla nú á illa útbúnum og gömlum skipum, þó að hægt sé að safna í sjóði til þess að endurnýja skipastólinn að stríðinu loknu.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. En andstaða mín er svo rík gegn þessu ákvæði í 7. gr., að ég vildi ekki láta þetta mál svo fara hér út úr hv. d., að slík till. kæmi ekki fram frá okkur.

Ég vil svo víkja nokkrum orðum að þætti framsóknarmanna í þessu máli, þeirra, sem staðið hafa á glóðum um, að samþ. yrði að leggja 3 millj. kr. til þess að tryggja atvinnu verkalýðsins í landinu. Framsóknarmenn hafa verið eins og þeir stæðu berfættir á glóðum út af því, að mögulegt yrði kannske að fá samþ. þessar 3 millj. kr. til þess að tryggja atvinnu verkalýðsins í landinu. En svo þegar kemur fram till. frá tveimur sósíalistum um að taka ekki 3 millj. kr., heldur mörgum sinnum 3 millj. kr., til alþýðutrygginganna, til þess að útgerðin geti ekki endurnýjað sig, þá voru framsóknarmenn ekki hræddir við að taka þessar milljónir til slíkra trygginga. Ég vil aðeins benda á „samræmið“ hjá hv. framsóknarmönnum í þessum atriðum.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að það er vegna hagsmuna sjómanna þessa lands, sem munu eiga framfæri sitt undir því að sækja sjóinn, sem brtt. mín og hv. 7. þm. Reykv. er flutt, og brtt. þessa leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta með tilmælum um, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (JJós): Mér hafa enn borizt tvær skrifl. brtt. Sú fyrri er við brtt. á þskj. 715, frá hv. 2. þm. S.-M., stíluð við 1. tölul. þeirrar brtt., svo hljóðandi: „Við 1. till. orðist svo: Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að fengnu samkomulagi við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að greiðsla verðlagsuppbótar á kaupgjald og laun fari fram eftir þeirri vísitölu, sem byggð er á verðlaginu 1. dag þess mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi.“

Hin önnur skrifl. brtt., sem mér hefur verið afhent, er við frv. sjálft, og eru flm. hennar þeir hv. þm. N.-Ísf. (SB) og hv. 7 þm. Reykv. (SK). Hún er svo: “Við 7. gr.: Greinin falli niður.“

Þessar tvær brtt. eru of seint fram komnar og þar að auki skrifl. Þarf fyrir þeim tvenns konar afbrigði, sem ég vil leita í einu fyrir báðar brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 723 og 724) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Þess gerist ekki þörf að eyða miklum tíma í að ræða þetta mál frá því, sem komið er. Ég vil þó víkja örlítið að því deilumáli, sem síðasti ræðumaður talaði um, sem sé, að það væri í andstöðu við samkomulag fjhn. að fara að taka upp í breyttri mynd frv. stj. Í því sambandi skal ég lýsa yfir, að ég get alveg fallizt á brtt. þá, sem hér hefur síðast verið lýst, frá hv. þm. N-Ísf. og hv. 7. þm. Reykv., og það er fyrst og fremst af því, að hvað sem líður skoðun manna um þetta mál, álít ég, að skattaákvæði eigi alls ekki heima í frv. um dýrtíðarráðstafanir, hvort sem gr. er samþ. óbreytt eða með þeirri breyt., sem hv. 2. þm. Rang. leggur til. Það var talsvert um það rætt í fjhn. að fella þetta niður eins og till. hljóðar um, og ég geri ráð fyrir, að meiri hl. n. leggi til, að sett verði mþn. til næsta haustþings, sem undirbyggi þetta mál og önnur fleiri, sem snerta breyt. á skattal. En ég er í miklum vafa um, hvort sú brtt. verður samþ., þá vil ég leyfa mér að flytja við þessa gr. brtt., sem gæti staðið sem varatill., ef hin yrði felld. Hún er þannig, að orðin: „ef nýbyggingarsjóður er orðinn ein millj. kr.“ falli burt. Það hefur komið í ljós, að menn eru í vafa um, hvort menn eiga frekar að miða við þetta ákvæði eða tryggingarupphæð skipa, en í raun og veru er það sanngjarnt í þessu tilfelli, að það sé miðað við vátryggingarupphæðina, og þá kemur til greina, að það er ekki réttlátt, þegar um fleiri skip er að ræða hjá sama aðila, að þar gildi sama regla. Við getum hugsað okkur, að það kosti eina millj. eða kannske meira að byggja eitt skip, og þá er það ekki sanngjarnt að takmarka nýbyggingarsjóð, sem flestir leggja mikið upp úr, meira en það, að það verði fyrir vátryggingu skipanna.

Svo er eitt atriði, sem er athugunarefni, og það er það, hvort eigi að gera breyt. um, hvernig skuli frekar takmarka nýbyggingarsjóð. Út í það atriði fer ég ekki meir, enda gerist þess ekki þörf. Ég mun ekki heldur víkja verulega að þeim brtt., sem hér hafa verið fram lagðar. Fjhn. mun, að því er ég hygg, greiða atkv. á móti þeim flestum, því að flestar þeirra miða að breyt., sem ég tel til lítilla bóta á frv. frá því sem er. Hv. frsm. mun að sjálfsögðu gera nokkra grein fyrir því. Ég get þó ekki látið vera að minnast á eina till. frá hv. 6. landsk., snertandi mjólkurverðið. Hún fer fram á, að þar, sem mjólk er seld lægra verði en í Rvík, lækki það hlutfallslega og að öðru leyti verði farið eftir þeim ákvæðum, sem í frv. eru. Þetta er ákaflega óþægilegt í framkvæmd og einnig ósanngjarnt. Fjhn. hefur gengið út frá því í till. sínum, að þar sem mjólk er seld lægra verði en kr. 1.30, verði ekki skipt sér af verðinu, en ef hún er seld á verðjöfnunarsvæði utan Rvíkur hærra verði en 1.30, þá taka ákvæði frv. að sjálfsögðu til þess. Ég vil þess vegna mælast til þess, að þessi brtt. verði felld, því að bæði er hún ekki sanngjörn og þar að auki svo óþægileg í framkvæmd, að ég veit ekki, hvernig hv. flm. hugsa sér að framkvæma hana, þar sem um svo ákaflega breytilegt verð er að ræða víðs vegar út um land.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. við 7. gr.

Forseti (JJós): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. við 7. gr., svo hljóðandi: Orðin „ef nýbyggingarsjóður er orðinn ein millj. kr.“ falli niður.

Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifl. Þarf því tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

[redacted]

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 725) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. flytur að þessu sinni ekki nema eina brtt. við frv. á þskj. 709, og er sú brtt. í rauninni aðeins leiðrétting, sem er hægt að samþ. án atkvgr. Að öðru leyti mun n. ekki óska eftir að láta í ljósi sameiginlegt álit um brtt., sem liggja fyrir.

Það, sem gerzt hefur í þessu máli, er, að búið er að tryggja, að launum verði ekki breytt nema með samkomulagi við launþega, og eins hefur verið ákveðið, að hlutfallið milli launa og afurða skuli ekki breytast, meðan rannsókn stendur yfir, en þó skuli breytast útsöluverð á landbúnaðarafurðum með því að greiða uppbætur á þær til að skapa lækkun á vísitölunni, meðan þessar bráðabirgðaráðstafanir standa yfir. Þetta er kjarninn í till. n.

Till. þær, er hér liggja fyrir, snerta ekki þennan þátt málsins, og læt ég þær því afskiptalausar.

Jakob Möller: Það skiptir ekki ákaflega miklu máli með þessa skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. S.-M. við 1. brtt. mína á þskj. 715, en ég hygg, að till. sé sprottin af misskilningi. Hv. þm. hefur ekki komið auga á, að það er skýrt tekið fram í brtt. minni, að heimilt sé að greiða verðlagsuppbætur eins og þar segir.

Svo er hitt, að nefna þau félagasambönd, sem semja beri við. Það má, af því að það stendur svo á, að ég held áreiðanlega, að það séu ekki nema tvö félagasambönd launþega, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæjar. En hvers vegna að slá því föstu, að jafnvel þó að fleiri sambönd væru til, þá ættu þau ekki að koma til greina. Það eru til mannmargar stéttir, svo sem skrifstofufólk og verzlunarfólk, sem hafa ekki allsherjar-félagasambönd. Hvers vegna á þá að slá því föstu, að þó að það hefði sín sambönd, þá kæmi það ekki til greina? Það er ekki á neinn hátt verra þó að orðalagið sé haft eins og það er í minni till.

Viðvíkjandi annarri brtt. vil ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann mundi sjá sér fært að bera hana upp. Ég greiddi ekki atkv. um hana við atkvgr. í gær, af því að hún var borin upp á þann hátt, sem hún var, þó ég væri henni samþ. En ef hæstv. forseti telur sig verða að halda sig svo strangt við bókstaf laganna, að af því að sams konar till. hefur verið felld áður, þó að það væri í öðru sambandi, þá sé ekki heimilt að bera hana upp, þá hef ég ekkert við því að segja.

Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þær umr., sem fram hafa farið um niðurfellingu skattaívilnunar til handa atvinnufyrirtækjum, sérstaklega þeim, er sjávarútveg stunda, ef nýbyggingarsjóður er kominn yfir eina millj. kr. Mér þykir dálítið undarleg afstaða hjá d. að slá því föstu, að ef eitthvert fyrirtæki hefur það stóran skipastól, að ein millj. nægir ekki til endurbyggingar, að þá eigi ekki að endurnýja hann. Ég held, að togarar séu um það bil 30 í landinu. Við skulum hugsa okkur, að þeir séu eign þriggja fyrirtækja. (**PZ:** Við skulum taka dæmið eins og það liggur fyrir). Nei, ég sé enga ástæðu til að taka dæmið eins og það liggur fyrir. Við vitum, að það er bara þetta eina fyrirtæki, Kveldúlfur, sem má ekki endurbyggja skip sín, og það er allt of djúpt niðri í svívirðingunni. (**SvbH:** Kveldúlfur?) Hv. þm. N.-M. má verða sér til skammar enn einu sinni, ef hann óskar þess. Við skulum hugsa okkur, að þessi þrjú félög eigi 10 togara hvert. Þá má endurbyggja 1½. Hina á ekki að endurnýja. Hvernig ætla verkalýðsleiðtogarnir þá að tryggja atvinnuna? Ég er hræddur um, að þriggja millj. kr. atvinnubótasjóður segi lítið, ef þannig á að sjá fyrir endurnýjun atvinnutækjanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það, sem gaf mér tilefni til að standa upp fyrir utan brtt., var það, sem hv. þm. N.-Ísf. beindi til mín. Hann var að minnast á það, að með þeirri till., sem var samþ. í gær við 7. gr., væri verið að stofna því í hættu, að menn gætu fengið ný fiskiskip. Ég vil vekja eftirtekt þessa hv. þm. á því, að með þessari gr. er meira lagt í þennan sjóð en áður var gert, og þess vegna verða þessi ákvæði til að gera hann öflugri en hann er nú.

Viðvíkjandi spursmálinu, sem hefur verið rætt í sambandi við þetta um þessa einu millj., sem mætti leggja í endurbyggingarsjóð þeirra þriggja félaga, sem eiga fleiri en 1 togara, þá býst ég við, að ef ákvæði l. eru þannig, þá verði þeim lítil skotaskuld úr að deila sér í fleiri hlutafélög. Þau hafa leikið annað eins. Ég á eftir að sjá, að það yrðu sérstök vandræði fyrir þau að safna fé í nýbyggingarsjóð, þó að þetta ákvæði væri í l.

En svo er hitt atriðið, öryggið fyrir því, að þessi sjóður verði notaður til nýbygginga. Eins og nú er, þá má nota þennan sjóð til að jafna með taprekstur. Það er því engin trygging fyrir því, að fiskiflotinn verði endurbyggður fyrir þetta fé. Það er ekki til neins að vera að koma hér í þingið og belgja sig út með það, að verið sé að tryggja, að sjómenn fái ný fiskiskip eftir stríðið. Að svo miklu leyti sem þessi l. geta gert eitthvað til að tryggja það, þá er þessi 7. gr., sem nú er komin í l., miklu betri trygging fyrir því heldur en þau skattal., sem nú gilda. Ég hef áður bent á, að það verður að gera þá breyt., að alls ekki megi taka þennan sjóð í taprekstur, svo að tryggt sé, að þjóðin fái nýjan flota fyrir hann.

Viðvíkjandi hinu, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist á, að það væri þjóðinni til svo mikilla heilla, að nokkur togarafélög kæmu rík og sterk út úr þessu stríði, þá vil ég varpa fram einni spurningu: Hvernig mundu þau nota sér þá aðstöðu? Mundu þau nota hana til þess að halda skipunum alltaf gangandi, svo að þau gæfu alltaf atvinnu? Nei, þau mundu gera það, meðan þau græddu. Það eru eins miklar líkur til, að þeir væru stöðvaðir helminginn af tímanum, því að þessir ríku menn mundu hugsa sem svo: „Við viljum ekki halda þeim úti, þegar við töpum á þeim, til þess að eyða ekki okkar fé.“ Meðan hér er ekki þjóðfélag, sem tryggir að þessi auður veiti varanlega atvinnu, þá kennir reynslan okkur, að slíkur auður verð-

ur notaður fyrst og fremst til að knýja sjómenn með sultarsvipunni til að lækka kaupið, þegar togarareksturinn gæfi tap. Það, sem við viljum stefna að í þessu sambandi, er, að þjóðin sé rík og sterk, en ekki, að nokkrir auðjöfrar séu svo voldugir, að þeir geti með auði sínum beygt þjóðina undir sína svipu. Ég hefði ekki farið að ræða þetta, ef þessi hv. þm. hefði ekki óskað eftir að fara út í umr. um stríðsgróðann og notkun hans. Hann getur fengið það, ef hann óskar sérstaklega eftir því.

Það hefur komið fram skrifl. brtt. við 7. gr., að í staðinn fyrir að verja því fé, sem þar um ræðir, til að gera endurbætur á alþýðutryggingunum, þá verði því varið í raforkusjóð. Í þennan sjóð hefur, eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsir, verið lagt um 10 millj. kr. Alþýðutryggingarnar bíða hins vegar endurbóta, sem þjóðin vonar eftir. Ef þessi brtt. verður samþ., þá geri ég ráð fyrir, að þm. Sósfl. greiði atkv. á móti þessari gr. og geri síðan ráðstafanir til að taka hana aftur upp í fyrri mynd sinni.

Viðvíkjandi þeim brtt. öðrum, sem hér liggja fyrir, þá er ég sérstaklega mótfallinn þeim till., sem fyrir liggja á þskj. 715 frá hv. 3. þm. Reykv. Ég sé ekki betur en þar sé fyrst og fremst miðað við það eitt að strika Alþýðusamband Íslands alveg út, á sama tíma og verið er að setja Búnaðarfélag Íslands inn. Ég er alveg á móti þessari stefnu.

Ég skal ekki orðlengja um brtt. á þskj. 708. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök, sem ég hef þar fram fært.

Forseti (JJós): Ég hafði vonað, að hægt hefði verið að ljúka umr. nú fyrir kvöldverð, en það verður torvelt að halda næturfund. Bæði var það, að síðustu nótt var næturfundur og erfitt er að halda hv. þm. hér svo lengi nætur. Ég vil því biðja þá hv. þm., sem enn eiga ótalað, að stytta mál sitt eftir föngum, svo að atkvgr. geti orðið lokið á áttunda tímanum.

Eysteinn Jónsson: Það er skylt að geta þess, að annað atriðið í aths. mínum við brtt. hv. 3. þm. Reykv., var á misskilningi byggt, þ. e. a. s., að stj. hefði ekki heimild til að fyrirskipa breyt. á kaupi, ef samkomulag næst. Eigi að síður vil ég fara fram á, að menn fylgi brtt. minni, því að þar er tekið fram, til hverra aðila skuli leita um samvinnu, og þá liggur það ljóst fyrir, hvaða félagasambönd er átt við. Það er t. d. til samband bankamanna og ýmissa annarra starfsmanna, og er því rétt að samþ. till. mína til þess að taka af allan vafa.

Það, sem hv. þm. N.-Ísf. kastaði hér til Framsfl., er svo mikil fjarstæða, að ég svara því ekki að öðru leyti en því, að það er ferlegur misskilningur, að framsóknarmenn hafi verið á glóðum yfir því, að samþ. ætti þrjár millj. kr. til þess að tryggja atvinnu fyrir verkalýðinn. Það hefur verið eitt höfuðáhugamál framsóknarmanna á undanförnum árum að safna fé í framkvæmdasjóð ríkisins, svo að hægt væri að fá þaðan nægilegt fé til að auka atvinnu, þegar þess verður þörf.

Hv. þm. ætti að kynna sér það áður en hann kastar slíku fram hér næst, að undanfarin ár höfum við framsóknarmenn lagt fram mikla vinnu ásamt öðrum flokkum hér í þinginu, og sérstaklega Alþfl., til þess að afla fjár til verklegra framkvæmda og auka með því atvinnu í landinu. En mótstaða hefur alltaf verið gegn þessu frá þeim flokki, sem hv. þm. N.-Ísf. telur sig til.

Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. kastaði fram um nýbyggingasjóðina og því sem hann fullyrti að við framsóknarmenn værum fjandsamlegir því, að skipaflotinn yrði byggður upp, vil ég taka fram, að rétt væri fyrir hann að kynna sér þessi efni miklu betur, og ætti honum að vera það vorkunnarlaust, því að ekki er langt að leita vitnisburðar um þetta. Við höfum lagt fram á þessu Alþ. till. um að útgerðarfyrirtækin geti komið upp hærri nýbyggingasjóðum en áður, þegar á heildina er litið. Bið ég hv. þm. að taka þetta til greina. Hitt er rétt að minna á, að nú fyrir skemmstu greiddi hv. þm. N.-Ísf. tvisvar atkv. gegn því á einni og sömu nóttu, að smáútvegsmenn fengju að auka nýbyggingarsjóðsframlagið úr ⅛ hluta tekna í ⅓ hluta. Kalla ég það vel að verið hjá hv. þm.(!!).

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja umr. mikið. En ég vil þó út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði hér um fyrirrætlanir útgerðarmanna, sérstaklega stærri útgerðarmanna, segja nokkur orð. Hann sagði, að það mætti vita það, að þessir menn, ef þeir kæmu efnaðir frá stríðinu, mundu hætta að gera út, þegar ekkert græddist á því lengur fyrir þá. Mig undrar mjög að heyra þessi orð, þegar ekki eru liðin meira en 3 ár síðan svo að segja hver einasti útgerðarmaður á Íslandi var búinn að eyða öllum sínum eigum í taprekstur. Það er sem sé allt of vitað mál, til þess að um það þurfi að deila, að útgerðarmenn hafa yfirleitt þá aðferð, að þeir láta fyrirtæki sín ganga ár eftir ár með tapi ef taprekstur verður að vera, heldur en að stöðva rekstur þeirra. Og þetta er venja góðra og gegnra atvinnurekenda á öllum sviðum. Þeir taka náttúrlega við gróðanum, þegar hann gefst, en þeir gefast ekki upp fyrr en í fulla hnefana. Og það hefur gengið jafnvel svo langt hjá Íslendingum, að fjöldi manna, sem hefur átt dálítið hlutafé í fyrirtækjum, hefur haldið uppi fyrirtækjunum með öllum eigum sínum. Og ég veit dæmi þess, að menn hafa látið allt að fimmfaldri hlutafjárupphæðinni af öðrum eignum sínum í fyrirtækin, áður en þeir skoruðust undan því að halda uppi atvinnurekstrinum. Þeir hafa látið allar eigur sínar ganga þannig til þurrðar og margir orðið gersamlega gjaldþrota. Og það er ákaflega hart að heyra slíkar ásakanir frá mönnum, vitandi algerlega hið gagnstæða. Því að reynsla okkar Íslendinga fullsannar þetta, sem ég hef sagt. Og þessi árás á útgerðarmenn hér á Alþ. er þessari stofnun að mínu áliti til mikillar minnkunnar, því að það er vitað, að það er einmitt þessi atvinnurekstur, sem gengur í svo miklum bylgjum, sem hefur undanfarið og mun í framtíðinni gera þjóðfélagið þess megnugt að halda uppi menningarlífi í landinu og standast áföll, sem eflaust eiga eftir að koma. Ég held,

að það sé orðið mjög almennt mál þeirra manna, sem afla sér brauðs á sjónum, að framtíð þeirra sé því betur tryggð sem atvinnufyrirtækin eru efnaðri. Og þetta er ekki nema eðlilegur skilningur sem hvert barn á að skilja, að ef það fyrirtæki, sem maður vinnur við, er illa stætt, þá verður atvinnurekstur þess minni, og má búast við, að mönnum, sem vinna við það, verði sagt upp starfi. Ég á oft tal við sjómenn. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að enginn þeirra sjómanna, sem ég hef átt tal við um atvinnurekstur við sjávarsíðuna nú upp á síðkastið, sé á öðru máli en þessu. Allir óska þeir þess að geta stundað atvinnu sína hjá fjárhagslega sterku fyrirtæki, og þeir telja það þá beztu tryggingu fyrir afkomu sinni í framtíðinni. Þeir menn, sem grafa vilja undan þessum fyrirtækjum fjárhagslegan grundvöll þeirra eða óska þess, að þau auðgist ekki, þeir eru beinlínis að stofna til þess að koma fjölda fólks á þessu landi á vonarvöl og skapa eymd og kvíða og e. t. v. algerðan sult. Ég segi þetta bara sem staðreynd. Ég ætla ekki að fara að halda skildi fyrir þá, sem spjótum er nú beint að, en ég vil aðeins, að hæstv. Alþ. líti á þetta mál sem algert þjóðmál.

Ég hef gerzt meðflm. að þeirri brtt., sem hv. þm. N.-Ísf. (SB) hefur lýst og flytur ásamt mér, um að fella niður 7. gr. frv. eins og það nú er orðið, sem er sumpart af því, að þessi 7. gr. stefnir að því að rýra fjárhag þessa mikla atvinnurekstrar, sem ég hef nú verið að ræða um. En í öðru lagi stafar það af því, að ég hef orðið fyrir alveg sérstökum vonbrigðum, hvað snertir afstöðu Sósfl. til þessarar till. Eins og ég lýsti hér í stuttri ræðu í gær, er ég alls ekki ánægður með þær leiðir, sem valdar hafa verið til þess að koma niður dýrtíðinni, og hef talið aðrar leiðir heppilegri, sem ég lýsti í ræðu minni þá. En ég féllst á af tveimur ástæðum að veita þessu frv. stuðning. Í fyrsta lagi af því að ég taldi nauðsynlegt, að eitthvert spor yrði stigið í þá átt að koma dýrtíðinni niður og að styðja ríkisstj. í því að ná einhverjum árangri á því sviði. En í öðru lagi fannst mér það svo mikils vert á þessari þrætusamkomu, að heil nefnd, skipuð mönnum úr öllum þingflokkum, hafði komizt að samkomulagi, sem mér fannst spá góðu, og ég vildi, að það samkomulag yrði að l. Þess vegna ákvað ég að fylgja brtt. hv. fjhn. En nú hef ég orðið fyrir tvöföldum vonbrigðum. Þetta samkomulag hefur orðið að verulegu leyti og ekki sízt fyrir það, að Sósfl., sem fær annars oft hörð orð hér í d., hefur reynzt mjög orðheldinn flokkur í málefnum hér, og ég hef aldrei orðið fyrir neinum vonbrigðum af því, að menn úr þeim flokki hér á þessari samkomu hafi ekki haldið orð sín. Ég hef því orðið fyrir tvöföldum vonbrigðum, þegar þessi flokkur hefur brugðizt í því samkomulagi, sem náðist í hv. fjhn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Það er aðeins örstutt aths. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) kvað það rangt hjá mér að telja, að sú breyt., sem nú er komin inn í frv. með 7. gr. frv., rýri kosti nýbyggingasjóðanna og skerði möguleika útgerðarinnar til þess að endurnýja framleiðslutæki sín í framtíðinni. Hann sagði, að samkvæmt 7. gr., eins og hún er, væri lagt meira í nýbyggingarsjóðina heldur en eftir núgildandi löggjöf. Ég vil um þetta segja: Drottinn gaf og Drottinn tók. Því að enda þótt sú breyt. sé á gerð gagnvart útgerðarfélögum í þessu efni, að nú samkv. þessari gr. eigi allt varasjóðstillagið að renna til nýbyggingarsjóðanna, en ekki aðeins nokkur hluti þess, eins og áður var, þá er þetta tekið aftur í niðurlagi gr., þar sem ákveðið hámark er sett fyrir því, hvað einstök fyrirtæki mega safna miklu á þennan hátt í sjóð. Það er því áreiðanlega vísvitandi blekking hjá hv. 2. þm. Reykv., þegar hann ætlar að halda því fram hér, að möguleikar útgerðarinnar til sjóðsöfnunar hafi verið auknir með þessu. Og um þetta fer ég þess vegna ekki fleiri orðum, og yfirleitt ekki frekar um hans umr. um það, hvernig útgerðarmenn í þessu landi munu snúast við, þegar erfiðleikarnir koma að stríðinu loknu. Hann getur verið einn um þær hugleiðingar, enda hefur hv. 7. þm. Reykv. svarað þeim svigurmælum og illyrðum, sem beint hefur verið að útgerðarmönnum þessa lands, sem rækt hafa með prýði skyldur sínar við þjóðfélagið.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) sagði, að framkvæmdasjóður ríkisins og forusta Framsfl. um myndun hans sannaði vilja Framsfl. til þess að efla framkvæmdir í þessu landi. En þegar ég sagði, að það hefði verið eins og Framsfl. hefði verið berfættur á glóðum, þá var það af því, að þegar fyrst var gerð grein fyrir tilgangi þessa 3 millj. kr. sjóðs af hv. 2. þm. Reykv., þá var tjáð, að tilgangur þessa sjóðs væri að efla atvinnu hér í landinu. Svo benti ég á samræmið í því annars vegar, að Framsfl. var eins og á glóðum af því að hann vildi ekki, að slíkt yrði samþ., en hins vegar í því að skerða möguleika útgerðarinnar til þess að efla skipastólinn með því að ganga inn á stórauknar skattatill. eða stórrýrða möguleika til þessara hluta til þess að efla alþýðutryggingarnar hér í landinu.

Ég vil svo taka undir það með hv. 7. þm. Reykv., að ég og aðrir sjálfstæðismenn munum þurfa að athuga margt til þess að finna verulegan hlýhug hjá Framsfl. til útgerðarinnar og verulegan skilning á þörfum útgerðarinnar og þá ekki sízt í sambandi við nýbyggingarsjóðina og endurnýjun flotans. Og þó að ég athugaði málið í dag og á morgun og daginn þar eftir, mundi ég lítið komast lengra í að finna nokkuð jákvætt hjá flokki hv. 2. þm. S.-M. til stuðnings útgerðinni íslenzku.

Varðandi það, að ég hafi greitt atkv. á móti hagsmunum smáútgerðarinnar í nótt, þá eru það hrein ósannindi hjá hv. 2. þm. S.-M. Hv. 2. þm. S.-M. hefur að vísu flutt ásamt öðrum skattaákvæðum, sem miða að því að draga úr möguleikum útgerðarinnar til þess að endurnýja flota sinn, till. um nokkurt framlag til nýbyggingar smáútgerðarinnar. En ástin til smáútgerðarinnar var ekki meiri en svo, að þó hann segði, að smáútgerðin þyrfti þessa stuðnings með, þá átti að taka það, sem til þessa stuðnings þyrfti, af útgerðinni á öðrum stað. Ég greiddi atkv. á móti þessu fyrst og fremst af því, að þessi till. var tengd við aðrar skattatill., sem hv. 2. þm. S.-M. þurfti að láta fylgja þessum vinsemdarvotti til

útgerðarinnar í landinu. En þegar skattamálin verða sérstaklega tekin til athugunar, þá skal ekki standa á mér að vera með till. í þá átt, að smáútgerðinni gefist aukinn kostur á að safna í sjóði sína. Og það er óþarfi fyrir hv. 2. þm. S.-M. að vera að reyna að koma því að hér, að ég hafi verið að bregða fæti fyrir smáútgerðina, þegar í þessum till., sem hann ásakar mig fyrir að hafa verið á móti, var gert í bólið sitt gagnvart öðrum þáttum útgerðarinnar.

Lúðvík Jósefsson: Ég skal reyna að lengja ekki mál mitt fram yfir það, sem þörf er á. En mér finnst ég verða að segja nokkur orð í tilefni af þeim ræðum, sem hér hafa farið fram, sérstaklega út af þeirri brtt., sem ég ásamt hv. þm. Siglf. (ÁkJ) flutti við 2. umr. þessa máls um afnám skattfrelsisákvæða núgildandi skattal. hjá nokkrum aðilum. Í því sambandi hafa þeir hv. þm. N.-Ísf. (SB) og hv. 7. þm. Reykv. (SK) lagt hér fram skrifl. brtt. um það að fella algerlega út úr frv. 7. gr., þá gr., sem afnemur skattfrelsi nokkurra félaga. Og við málflutning sinn hafa þessir hv. þm. lagt sérstakt kapp á að reyna að telja mönnum trú um það, að þessi brtt. okkar hefði miðað að því að minnka mjög framlög til nýbyggingarsjóðanna, og þetta hefði því verið árás á útgerðina í landinu og mundi leiða til þess, að nýbyggingarsjóðirnir gætu ekki haldið áfram að vaxa og því væru minni líkur til þess, að skipastóllinn yrði endurnýjaður. Þetta er með öllu rangt túlkað hjá þessum hv. þm. Og ef íhugað er, um hvað þessi brtt. okkar hv. þm. Siglf. var, kemur þetta mjög vel í ljós. Eitt af ákvæðum þessarar till. okkar er það, að afnumið verði skattfrelsi almennra hlutafélaga, sem starfa við hvers konar rekstur í þessu landi. Þar er um að ræða fjölda félaga, sem græða feikna mikið á verzlun eða öðrum viðskiptum. Þessi hlutafélög hafa hlotið þau hlunnindi fram yfir einstaklinga, sem reka samsvarandi rekstur, að þau hafa notið skattfrelsis á ⅓ hluta af tekjum sínum, ef þau hafa lagt það fé í nýbyggingarsjóð. Þetta er það, sem við leggjum til, að verði afnumið, að þessi félög njóti sérstakra ívilnana fram yfir aðra, sem sams konar atvinnurekstur stunda. Og þetta sjá menn, að getur ekki skert framlög til nýbyggingar fiskiflotans.

Þá er hið annað atriði í okkar brtt., það, að í stað þess, sem gilt hefur fram að þessu, að einstaklingar hafa ekki fengið leyfi til að leggja nema ⅙ hluta af hreinum tekjum í nýbyggingarsjóð, þá lögðum við til, að þeir mættu leggja ⅓ af hreinum tekjum í nýbyggingarsjóði skattfrjálst. Og með þessu verður réttur þeirra einstaklinga, sem fást við smáútgerð, — og einstaklingsrekstur útgerðar er alveg sérstaklega smáútgerð, — til þessara skatthlunninda eftir till. okkar eins mikill og hlutafélaga, sem reka sams konar atvinnu. Og hvaða ástæða hefur verið til þess, að 5 eða 7 menn, sem hafa myndað með sér hlutafélag um útgerð, eigi að hljóta einhver sérstök skatthlunnindi fram yfir það, þó einn vesæll smáútvegsmaður reki sinn bát? Ég sé ekki betur en þessi eini maður eigi að fá sömu skatthlunnindi eins og hinir 5 eða 7 menn, sem myndað hafa hlutafélagið með sér. Hér er því um sanngirnismál og samræmingu að ræða og eins um að auka framlagið til nýbyggingarsjóðanna.

Og þá er annað atriði, að þannig hefur það verið fram að þessu, að útgerðarhlutafélög hafa fengið skattfrjálsan ⅓ hluta hreinna tekna, en þau hafa ekki þurft að leggja nema helming af þessu í nýbyggingarsjóð. Þessir aðilar hafa því ekki lagt nema ⅙ hluta af hreinum ágóða útgerðarinnar í nýbyggingarsjóð. En samkv. till. okkar er lagt til, að þessir aðilar eigi, ef þeir vilja njóta sömu skatthlunninda og þeir hafa áður notið, að leggja ⅓ hluta af hreinum ágóða í nýbyggingarsjóð, eða tvöfalt meira en fram að þessu. Nýbyggingarsjóðirnir munu því aukast af þessu, en ekki minnka. Sú eina takmörkun, sem hér er sett um vöxt nýbyggingarsjóða, er aðeins, að þeir, sem hafa komið þeim sjóðum upp í 1 millj. kr., njóti ekki sömu skattfríðinda. Og mér er sagt, að það séu aðeins tveir aðilar í þessu landi, sem svo er ástatt um. Þessari takmörkun er því aðeins stefnt gegn tveim aðilum. En gagnvart öllum hinum aðilunum, sem útgerð stunda, verka þessi ákvæði þannig, að réttindin aukast til þess að leggja í nýbyggingarsjóði. Svo að það er ekki umhyggja fyrir vexti nýbyggingarsjóðanna, sem hefur verið að verki hjá þeim mönnum, sem staðið hafa gegn þessu ákvæði, heldur þykir þeim hart, að þau tvö félög, sem öflugust eru og ríkust, skuli ekki geta haldið áfram að leggja í nýbyggingarsjóði.

Þá er hér annað atriði, sem ég get ekki hlaupið fram hjá, en það eru brtt. þess efnis, að það fé, sem sparast á þennan hátt fyrir ríkið, eigi að renna til alþýðutrygginganna heldur en til annarra sjóða eins og raforkusjóðs. Ég verð að segja, að þessir skattar, sem á þennan hátt fást í ríkissjóðinn, fást alveg sérstaklega frá útgerðinni. Nú er vitanlegt mál, að ein sú breyt., sem stendur fyrir dyrum, og sem skiptir kannske hvað mestu, hvað snertir fjárframlög úr ríkissjóði, er einmitt breyt. á alþýðutryggingal. til hagsbóta sjómönnum. Þannig er sem sagt ástatt, að nú er greidd mjög mismunandi há trygging fyrir þá menn, sem farast á sjó, eftir því hvort þeir farast af stríðs völdum eða vegna hinna almennu sjóslysa. Með þetta er almenn óánægja, og flestir eru á því, að það verði að hækka bætur fyrir almenn sjóslys. Og þessi breyt. stendur fyrir dyrum á alþýðutryggingal. og krefst mikilla framlaga úr ríkissjóði. Og ég sé ekki betur en sjómenn séu vel að því komnir, þótt þeir fengju að njóta þeirra auknu tekna, sem af þessu fengist.

Forseti (JJós): Mér hefur verið afhent skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) við brtt. frá hv. 2 þm. Rang. (IngJ), svo hljóðandi: [sjá þskj. 726].

Þessi brtt. er skrifl. og of seint fram komin. Tvöföld afbrigði þarf fyrir henni, sem ég vil leita.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 709 samþ. án atkvgr.

— 723 felld með 19:14 atkv.

— 715,1 samþ. með 19:11 atkv.

— 715,2.a—b úrskurðuð frá atkvgr.

— 708 samþ. með 21:9 atkv.
— 715,3 kom ekki til atkv.
— 710 felld með 17:12 atkv.
— 715,4 samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SEH, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JakM, JS, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, JJós.
nei: SigfS, SB, SG, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, JPálm, LJós.
SK, GG greiddu ekki atkv.
1 þm. (BG) fjarstaddur.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigfús Sigurhjartarson: Þar sem ég get ekki betur séð en þetta raski gersamlega því samkomulagi, sem hefur orðið innan fjhn., þar sem Alþýðusamband Íslands er hér ekki tekið með sem samkomulagsaðili, segi ég nei.

Skúli Guðmundsson: Ég tel ekki, að þetta raski í neinu aðalefni greinarinnar, en tel að ýmsu leyti eðlilegra, að ráðh. setji reglugerðina, og ég geri ráð fyrir, að hann fái till. um þetta annars staðar frá, og segi því já.

Einar Olgeirsson: Þar sem ég álít, að samþykkt þessarar till. mundi alveg breyta þeim grundvelli sem lagður hefur verið í þessu efni, og gera það samkomulag torveldara, sem í þessum l. er gert ráð fyrir að leita eftir, segi ég nei.

Brtt. 724 felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GSv, GTh, IngJ, JakM, JPálm, JS, ÓTh, SB, SEH, SK, GÞ, JJós.
nei: HelgJ, JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG.
ÁÁ, PO greiddu ekki atkv.
1 þm. (BG) fjarstaddur.
Brtt. 726 samþ. með 19:13 atkv.
— 722, svo breytt, samþ. með 18:13 atkv.
— 725 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JakM, JPálm, JS, ÓTh, SB, SEH, SK, ÁÁ, EmJ, GÞ, GSv, GTh, JJós.
nei: JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, BG, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GG, HelgJ.
PO greiddi ekki atkv.
Brtt. 727 samþ. með 18:8 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 728).

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti — Frv. ríkisstj. um dýrtíðarráðstafanir er nú komið hingað til Ed. eftir miklar umr. í Nd., og eins og sjá má, hefur það tekið þar miklum stakkaskiptum, en nú kemur til kasta Ed. að leggja síðustu hönd á þetta mál. Hún hefur mjög stuttan tíma til umráða, þar sem gera má ráð fyrir, að morgundagurinn verði síðasti dagurinn, sem fundir verða haldnir í deildum. Ég ætla ekki að ræða þetta mál nú, en ríkisstj. mun gera grein fyrir afstöðu sinni við 2. eða 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skal mjög stytta mál mitt við þessar umr., en mun sýna afstöðu mína til þess við framhaldandi meðferð þess hér í d. Frv. þetta er kallað frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir, og þegar það var flutt, sýndi það réttilega skilning á því, að þeir meginþættir dýrtíðarinnar, verðlag á innlendum afurðum og stríðsgróði einstakra manna, væru þau viðfangsefni, sem væri óumflýjanlegt að taka til athugunar, ef dýrtíðarráðstafanirnar ættu að koma að gagni. Till. ríkisstjórnarinnar voru þó að minni hyggju alveg óviðunandi. Skatturinn, sem hún ætlaði að leggja á stríðsgróðann, eignaraukaskatturinn, var sem ekki neitt, einar 3 millj. kr., sem er hverfandi lítið miðað við þann feikna gróða, sem hefur fallið í hlut einstakra manna.

Þessi skattur benti þó á það, að ríkisstj. hafði gert sér það ljóst, að stríðsgróðinn væri ein orsök dýrtíðarinnar. Þá er það hitt atriðið, um verðlag á innlendum afurðum og hlutfallið milli þess og kaupgjaldsins. Þar var sá hængur á í frv. stjórnarinnar, að gert var ráð fyrir, að skert skyldu laun verkamanna án tillits til launakjara þeirra. En það voru engar líkur til þess, að samkomulag næðist um að lækka kaup verkamanna, ekki hærra en það nú er, en það er, miðað við Dagsbrúnartaxta, 16.80 kr. grunnkaup á dag, miðað við 8 stunda vinnudag. Það var því ómögulegt að ráðast þarna á til þess að lækka dýrtíðina, enda var þetta fellt niður í Nd. og annað sjónarmið tekið fyrir.

En því er ekki hægt að leyna, að eins og frv. nú er, þá er enga lausn á dýrtíðarmálunum að finna í því. Stríðsgróðinn er látinn því nær óskaddaður, þ. e. a. s., ef verðlækkunarskatturinn verður samþ., þá hækka skattar helzt á háum miðlungstekjum. Ég skal játa, að það er ekki gengið nærri lágtekjunum með þessum skatti, en hann leiðir til þess, að útsvarsálagningin verður meiri á lágar og miðlungstekjur.

Á þetta vildi ég benda nú þegar, og ég tek það fram, að sá skattur, sem ég hafði mest á móti, er enn eftir í frv.

Varðandi afurðaverðið er það að segja, að það atriði er alveg óvíst og öllu skotið á frest, þar til ef samkomulag næst í n. þeirri, sem á að fjalla um þessi atriði. En nú um hríð er gert ráð fyrir að kaupa verðlagið niður með fé úr ríkissjóði, og það verður væntanlega fengið með sköttum. Hvað við tekur, ef ekki næst samkomulag, er ekki vitað.

Þetta þótti mér rétt að benda á við þessa umr., en að öðru leyti mun ég gera fulla grein fyrir afstöðu minni síðar. Þó vil ég enn taka það fram, að það er viss vinningur að lækka vísitöluna úr 262 niður í 230, ef það er gert fljótt og ef nokkuð verður gert síðar, er þannig mun hægra um vik. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðh., hvort nokkrar líkur séu til þess að vísitalan fáist niður í 230 stig í byrjun næsta mánaðar eða hvort hún muni aðeins mjakast það smám saman.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Það hefur enn ekki verið stungið upp á því, að þetta mál gengi til n. hér. Ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. legði það til, en ég tel sennilegt, að hv. þdm. finnist það mörgum eðlilegt, að þetta mál gengi til fjhn., og skal ég játa, að svo hefði verið undir öllum venjulegum kringumstæðum, en hitt kann að orka tvímælis, hvort það sé rétt eins og nú er komið. Hæstv. ráðh. gat þess, að síðustu deildafundir mundu verða á morgun, og deildin hefur því ekki nema einn dag til þess að afgreiða þetta. Mér skilst, að helzt þurfi að afgreiða það í kvöld eða fyrri hluta næsta dags, ef á að verða hægt að slíta þingi á tilteknum tíma. Það virðist því vera formsatriði eitt að vísa málinu til n., en það hafa að vísu heldur engar raddir komið fram um það enn. En út af því, að ekki skuli þýða að láta annað eins mál og þetta virðist vera ganga til n. vegna þess að hún getur ekki lagt í það neina teljandi vinnu sökum tímaskorts, vil ég ekki láta hjá líða að benda á, hvað þessari hv. d. hefur verið boðið í sambandi við þetta mál og önnur stórmál nú á þinginu og undanfarandi þingum. Ég man ekki betur en þetta mál hafi verið lagt fyrir Nd. 22/2 s. l. Það var svo fyrst afgreitt þaðan á laugardagskvöldið var, og nú á þessi deild að afgreiða það á einum degi. Svona hefur þetta verið á undanförnum þingum um ýmis stórmál, en hér er þó enn lengra gengið en áður, því að áður hefur þó verið samið um afgreiðslu slíkra mála innan þess þingmeirihluta, sem ábyrgðina hefur borið, en hér hefur ekkert slíkt samkomulag verið gert. Ef svo hefði verið gert, þá hefði ef til vill mátt segja, að þetta væri verjandi. En ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. hagi þessu nokkuð á annan veg í framtíðinni en á þessu þingi, að leggja því nær öll þýðingarmestu málin fram í Nd. Þótt ég ætli ekki nú að tala um afstöðu mína til einstakra atriða frv., verð ég að segja það, að hún hlýtur að nokkru leyti að byggjast á því, að eg lít svo á, að Ed. eigi ekki nema um tvo kosti að velja í sambandi við þetta mál. Annar er sá að taka við því eins og það kemur frá Nd. og skila því frá sér aftur sem næst óbreyttu, en hinn er sá að stuðla að því, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi, annað hvort með því að fella það eða þá með því að senda Nd. það aftur með þeim breyt. sem ætla mætti, að gætu valdið þar ágreiningi. Við 2. umr. þessa máls verður, eins og menn vita, greitt atkv. um hverja gr. frv. út af fyrir sig, og kemur þá afstaða þm. í ljós til hverrar einstakrar gr., og þótt einstök gr. félli, þá er ekki hægt að segja, að það sé svo mikil röskun á frv., að óhugsandi sé, að Nd. geti sætt sig við hana. Og þó að frvgr. félli, væri ekki hægt að segja, að það væri slík röskun á frv., að ekki væri von um, að hv. Nd. gæti afgr. málið samt. En ef við viljum, að málið nái fram að ganga, sé ég ekki annað en við í þessari hv. d. séum algerlega útilokaðir frá að koma með nýjar till., því að það mundi þýða, að málið kæmi til hv. Nd., þegar fara ætti að slíta þingi, og allar líkur til, að nýjar till. mundu vekja nýjar deilur þar í d., svo að endirinn yrði sá, að málið yrði aftur að ganga til þessarar hv. deildar.

Það má segja, að þetta frv. sé ekki nema svipur hjá sjón í samanburði við það, sem var, þegar það var lagt fram í hv. Nd. Í hinu upphaflega frv. hæstv. ríkisstj. voru í raun og veru gerðar ráðstafanir til að lækka dýrtíðina, og þessu átti að ná með því að krefjast nokkurs af sem flestum borgurum þjóðfélagsins. Það er kunnugt, hvernig verklýðsfélögin og fulltrúar þeirra tóku þessu. Yfir Alþ. hefur rignt mótmælum frá þessum aðilum, og þingið hefur tekið þau mótmæli til greina. Virtust allir sammála um að taka úr frv. þau ákvæði, sem mótmælin höfðu vakið. Þegar svo var málum komið, reyndist það, að bændur vildu ekki heldur skerða hlut sinn á þann hátt, sem orðið hefði, ef frv. hefði náð fram að ganga óbreytt. Vilji þeirra í þessu efni var einnig tekinn til greina, og er því ekki annað eftir að frv. en heldur lítilfjörlegar ráðstafanir um framlög úr ríkissjóði og tilraunir að koma á samningum milli verkamanna og bænda, að því er snertir hlutfallið milli kaupgjalds og verðlags.

Eru þá þessi atriði, sem eftir eru af frv., þess virði, að það nái fram að ganga? Ég vil þegar lýsa yfir því, að því er mig snertir, og ég held, að því er snertir minn flokk, að þótt ekki sé hægt að segja, að mikið sé fengið með frv., er þó nokkuð fengið með því og von um, að það geti leitt til mikilsverðari árangurs. Afstaða mín markast af því, að ég vil greiða fyrir því þrátt fyrir allt, að frv. nái fram að ganga. En á þessu eru reyndar þau vandkvæði, að tíminn til að fjalla um málið er alveg farinn, eða því sem næst, og því mun ég ekki gera till. um, að málinu verði vísað til n. Ég tel, að slíkt yrði aðeins formsatriði, ef málið ætti þá ekki að sofna hjá n. Á það má líka minna, að fjhn. þessarar hv. d. hefur þegar fjallað um málið ásamt fjhn. Nd. Ég hefði raunar talið æskilegra, að sú samvinna hefði haldizt, en einn góðan veðurdag hætti hv. fjhn. Nd. þessari samvinnu án þess að ráðgast við okkur. En þó að málinu væri ekki vísað til fjhn. þessarar d., tók hún það fyrir á fundi í morgun. Annars hef ég litla trú á, að það sé til nokkurs, að n. fjalli frekar um málið.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af fyrirspurn hv. 3. landsk. vil ég taka það fram, að ef sá hluti frv., sem getur haft áhrif á vísitöluna, er framkvæmdur, þá geri ég ráð fyrir, að vísitalan geti lækkað um 35—37 stig eða í 235—237 stig, miðað við þá vísitölu, sem hæst hefur verið 272 stig. Þessi lækkun vísitölunnar virðist geta átt sér stað á grundvelli frv., ef samningar þeir, sem gert er ráð fyrir í því, takast. Svo eru líkur til, að vísitalan gæti lækkað enn nokkuð að fyrsta mánuðinum liðnum, ef frv. nær fram að ganga.

Pétur Magnússon: Það er rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að tími sá, sem við höfum til starfa, er stuttur. Þó er það bót í máli, að fjhn. þessarar hv. d. hefur tekið allmikinn þátt í athugun málsins. Hins vegar er ég ekki hv. þm. samþ. um það, að hv. d. verði að gera annað af tvennu, samþ. frv. í aðalatriðum eða fella það. Ég sé ekki betur en henni sé skylt að gera þær brtt., sem henni þykir eðlilegar, og láta málið ganga til hv. Nd. aftur, ef þörf gerist. Nýtt þing kemur saman innan skamms, og þó að bezt væri reyndar, að

málið næði afgreiðslu á þessu þingi, má segja, að ekki skipti miklu máli, hvort svo verður eða afgreiðsla tekst snemma á næsta þingi.

Í fjhn. var um það talað, að rétt væri að takmarka sem mest ræðuhöld við þessa 1. umr., og mun ég haga mér þar eftir. Ég þarf ekki að minna á, að við kosningarnar í haust var talið, að það hlyti að verða aðalverkefni þessa þings að kveða niður verðbólguna, og hæstv. ríkisstj. lýsti þessu einnig sem aðalverkefni sínu, þegar hún tók við embætti. Allir vita, hvernig þetta hefur gengið. *Frá því er þing kom saman, hefur það verið að berjast við þetta beinlínis eða óbeinlínis.* Í frv. því, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram í febrúarmánuði síðastliðnum, var lögð áherzla á það að færa niður dýrtíðina með því að lækka kaup og lækka jafnframt verð á innlendum landbúnaðarafurðum. Það má segja, að hið upphaflega frv. hæstv. ríkisstj. hafi miðazt beinlínis að því að lækka dýrtíðina, en hið sama verður naumast sagt um þetta frv. Sú vísitölulækkun, sem kemur til greina samkv. 4. gr., er bundin því skilyrði, að samkomulag náist um jafnvægi kaupgjalds og verðlags, og einu ákvæðin, sem miðast beinlínis að lækkun dýrtíðarinnar, ákvæði 5. gr., eru aðeins bráðabirgðaákvæði og háð því skilyrði, að sú verðlagsákvörðun, sem gert er ráð fyrir í 4. gr., takist. Það er raunar tilgangslaust að vera með spádóma um það, hvort þessi tilraun, sem um ræðir í 4. gr., muni takast, en ég efast ekki um, að erfiðleikar þeir, sem orðið hafa á samkomulagi hér á Alþ., eiga rætur að rekja til þess, að viljinn til að lækka dýrtíðina er ekki mikill hjá þjóðinni. Ýmsar stéttir telja sig ekki hafa hag af því í svipinn, að dýrtíð lækki, þó að ég verði að telja þá skoðun að minnsta kosti nokkuð hæpna, því að þegar verðlag fer að færast aftur í það horf, sem áður var, verður undanhaldið því erfiðara sem verðbólgan er þá meiri, svo að mikinn ávinning verður að telja að fá hana lækkaða nú þegar.

En þar eð ekki tókst að fá samkomulag á Alþ. um beina lækkun dýrtíðarinnar, sýnist ekki önnur leið fær en þessi. 5. gr. frv. hefur sem sagt aðeins bráðabirgðaákvæði inni að halda. Þar er ætlazt til, að dýrtíðin verði lækkuð fljótlega að nokkru með því að greiða fé úr ríkissjóði. Slík aðferð orkar alltaf tvímælis og jafngildir því, að verið sé að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. En þetta getur samt komið að nokkru gagni, og ef allt yrði látið afskiptalaust, gæti farið svo, að síldarútvegurinn stöðvaðist í sumar. En þegar sleppt er þessum tveim gr. og svo 1. gr., tel ég, að frv. orki mjög tvímælis. Ég tel t. d., að 7. gr. eigi ekki heima í þessu frv. Hún hefði átt að koma fram sem brtt. við skattal. Auk þess eru á henni tveir gallar, sem ég ætla þó ekki að ræða hér.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en aðeins taka það fram að síðustu, að ég tel 4. gr. frv. réttlæta, að það nái samþ., þó að þar sé aðeins um skilyrðisbundnar ráðstafanir til lækkunar dýrtíðinni að ræða.

Magnús Jónsson: Ég get fallizt á, að æskilegt væri, að þessi 1. umr. yrði ekki mjög löng, ef allar eiga að rúmast á einum degi, en vil þó leggja til, að málinu verði vísað til n. Ég er hissa á því, ef hv. d. vill ekki vísa málinu til n. Nýtt þing á ekki að koma saman fyrr en á föstudag, og ég sé ekki, að nokkuð sé því til fyrirstöðu formslega, að þessu þingi sé slitið degi áður. Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um aðferð þá, er höfð hefur verið í þessu máli: Hér er mál, sem er í raun og veru í lausu lofti. Það er sök sér um mál, sem áður hefur verið samið um og sæmilega eru undirbúin, þó að fljótaskrift sé á formslegri afgreiðslu þeirra, en mér skilst, *að því sé ekki til að dreifa hér.* Að vísu mun fjhn. Nd. hafa fjallað um málið ásamt fjhn. þessarar hv. d., en því samstarfi var slitið af hálfu fjhn. Nd., og samkomulag það, sem náðist í fjhn., var rofið og nýjum atriðum bætt inn í málið. Það er því eins og hvert annað ókarað þingmál, og hlýtur sú spurning að vakna í þessu sambandi, hvort þingið hafi leyfi til að virða að vettugi deildarskipun sína í svo mikilvægum málum. Ég teldi þó miklu skárra, ef málinu yrði vísað til n. og svo haldið áfram að ræða það hér fyrri partinn á morgun. Annars tel ég, að hér hafi ekki aðeins hv. Ed. verið virt að vettugi, heldur Alþ. sjálft. Það eru önnur stórveldi hér í landinu, sem tekið hafa að sér að ráða málinu til úrslita, annars vegar verkamenn, en hins vegar bændur, og það er nú jafnan svo, að taka verður til greina, hvað stórveldum þóknast að vilja. Þetta er dæmi þess, hvernig fer, ef löggjafarvaldið er sett út úr spilinu af sterkum hagsmunasamtökum. Þessar ráðstafanir, sem gerðar eru til bráðabirgða, sýnast mér stefna í rétta átt. Þar er hlaupið undir bagga af löggjafarvaldinu og fjárveitingarvaldinu og boðið fram fé til þess að búa í haginn fyrir þá útkomu, sem kann að fást við samningaborðið í hinni miklu nefnd. Hitt er annað mál, að frv. er stórskemmt með því, að rofið var samkomulag fjhn. Nd. og samþ. inn í það 7. gr. Mér þótti samsvarandi gr. í stjórnarfrv. vera ákaflega óaðgengileg, en hvað var hún hjá þessu, þegar ekki á aðeins að banna að leggja í varasjóði, heldur eyðileggja að mestu nýbyggingarsjóðina líka! Nú á að taka fé, sem var til tryggingar, endurnýjunar og eflingar fyrirtækjunum og atvinnunni, og leggja í sjóð til að framfæra með einhverju móti þá, sem þannig eru sviptir atvinnunni. Það er ákaflega undarleg ráðstöfun, vægast sagt, — í stað þess að herða á því með löggjöf, að fé yrði notað til endurbyggingar og atvinnuaukningar. Mér finnst það sérstaklega einkennilegt, að að þessu standa menn, sem lengi hafa prédikað, hvílík heimska þessir framfærslustyrkir séu. Hvað verður gert annað en eyða fénu í þá heimsku eða aðra álíka, þegar þeim tilgangi er náð að eyðileggja atvinnufyrirtækin? Það leiðir hvað af öðru. Og þetta er alls ekki breyting til bráðabirgða eins og annað í frv., heldur frambúðarbreyting á skattalögum. Vitanlega er alrangt, að slíkt ákvæði sé haft í þessu frv. og ekki sérstakt, enda var það ætlun fjhn. Nd. að blanda þessu ekki saman. Ég undraðist, þegar hv. 3. landsk. (HG) kvaðst sakna þess, hvað stjfrv. væri orðið breytt og skattaákvæðin úr því felld. Að vísu er tekinn úr því kaflinn um stríðsgróðaskatt og eignaraukaskatt, sem leggja átti á í sérstöku skyni.. Einnig féllu

burt ákvæðin um skyldusparnað. Að öðru leyti haldast skattaákvæðin, nokkuð breytt, og eins og 7. gr. er útbúin, gengur frv. nú svo miklu nær svokölluðum stríðsgróða en áður, að ólíku er saman að jafna.

Ég skal svo ekki hefja umr., en vil fyrir mitt leyti leggja til, að málinu sé vísað til fjhn., og mælast til þess mjög eindregið, að því sé ekki haldið áfram fyrr en á morgun.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Það vakti alls ekki fyrir mér að hindra, að málið færi til n. En eins og ég tók fram, er gert ráð fyrir, að á morgun verði síðustu umr. þingsins. Hæstv. forsrh. óskar eftir, að þingslit verði annað kvöld, ef unnt verður. Þeim verður að útvarpa, svo að þau geta helzt ekki orðið síðar en um kl. 10. Tíminn er naumur, en ég geri að till. minni, að málið fari til n., og deildarinnar er að fá úr því skorið.

Bjarni Benediktsson: Ég kvaddi mér hljóðs til að óska eftir, að málið færi til n. Að öðru leyti nægir mér að segja það við þessa umr., að ég hygg, að eins og málin hafa legið fyrir og eins og gögnum er háttað, sé ekki hægt að komast í bráð að annarri niðurstöðu í aðalefni frv. Það er ekki um annað að ræða en taka sér frest til að reyna að finna svokallaða landbúnaðarvísitölu og þar með hlutföll afurðaverðs og kaupgjalds. Á vöntun þessarar vitneskju hafa allar samkomulagstilraunir strandað. Á engu hefur verið að byggja nema óteljandi tölum, sem eru meira og minna gripnar úr lausu lofti. Hlutverk n. er að finna þann grundvöll, og hafi ekki tekizt samkomulag samkv. honum, er að því búnu kominn tími til fyrir hið pólitíska vald að taka ákvarðanir. Ég held því, að ekki sé harmandi, þótt önnur ákvæði hafi fallið úr frv., þar sem gert var ráð fyrir fljótari lausn þessa máls. Grundvöllurinn var ekki fyrir hendi. Þing og ríkisstj. hefðu getað sparað sér fyrirhöfn með því að gera sér þetta ljóst snemma.

Ég vil benda n., sem mun fá málið til meðferðar, á, að hún verður að taka ýmis atriði til athugunar í sambandi við 7. gr. Ég geymi mér til 2. umr. rétt til að ræða gr. í einstökum atriðum og skal ekki fara út í það, hvort skynsamlegt sé út af fyrir sig að svipta jafnt útgerðarfélög sem verzlunarfélög, hlutafélög jafnt sem samvinnufélög réttinum til þess að leggja fé í varasjóði. Ég tel okkur vera furðu óminnuga á fyrri reynslu, ef við munum ekki, að hæði verzlunar- og útgerðarfyrirtæki hljóta að komast í kröggur í stríðslok, verzlanir t. d. liggja þá með vörubirgðir, sem þær skaðast á, ef þær hafa gegnt þeirri skyldu sinni að birgja landið vörum. Eins er það athugamál, hvort heilbrigðara sé að koma í veg fyrir endurnýjun flotans eða greiða fyrir henni. En eigi að skattleggja þessa aðila eins og í 7. gr. segir, verður ekki hjá því komizt, að sveitarsjóðir fái meiri hluta þeirra skatta, sem þannig nást. Álagningarréttur sveitarsjóða var mjög takmarkaður og þeim veitt hlutdeild í staðinn í stríðsgróðaskatti, er hann var settur. Það hefur verið deilt um, hvort rétt sé að setja þá takmörkun á rétti sveitarsjóða. En hún helgast af því, að með þeirri skipun mála sé komið í veg fyrir skattflótta, þ. e. að menn leiti með rekstur sinn á staði, þar sem skattar eru lægstir. Sé nú tekinn af fyrirtækjunum réttur til að safna í varasjóði og tekin nokkurn veginn 90% af raunverulega öllum tekjum þeirra í skatt, er auðsætt, að sveitarsjóðir verða að fá verulegan hluta af þessari viðbót, ef ekki á stórlega á rétt þeirra að ganga. Frá fornu fari hafa beinir skattar verið aðaltekjustofn sveitarfélaganna. Mér virðast ⅘ þess, sem þarna á að taka, eiga að renna í sveitarsjóð, annaðhvort beinlínis til þess að lækka útsvör eða til að leggja í sjóði til notkunar eftir ófriðinn. Það getur auðvitað verið samkomulagsatriði, hve mikinn hlut þeir ættu að fá, en minna en ⅔ kæmi ekki til mála, ef nokkurrar sanngirni á að gæta. Ég vil skora á n. að taka þetta til athugunar, ef hún telur það rétt, sem ég tel rangt, að láta 7. gr. haldast að meginefni til.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hef litið svo á, að við 1. umr. mundu verða mjög litlar umr. og málið ætti að fara til n. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að allverulegar lagfæringar þarf að gera á frv., eins og það kemur frá Nd., þar sem því var spillt að mun við 3. umr. Orðalag 3. gr. er nú orðið vægast sagt miklu óviðkunnanlegra en samkomulag varð um í fjhn. og samþ. var við 2. umr. í Nd. Þar segir, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða að fengnu samkomulagi við félagssambönd launþega, að verðlagsuppbót skuli greidd eftir öðrum reglum en verklýðsfélögin hafa samið um. Það er gert ráð fyrir þeim möguleika, að t. d. Alþýðusambandið geti leyft að víkja þannig frá samningum, sem hin einstöku félög þess hafa gert og eru í fullu gildi, og að því leyfi fengnu er lögbinding leyfð. Að vísu er ég ekki í vafa um, að ekki getur komið til mála nein þvingun, eins og stjórn Alþýðusambandsins er nú skipuð, en ákvæðið er óviðkunnanlega orðað, þótt e. t. v. kæmi ekki núna að sök í praxis.

Þá er breyting í 5. gr. frv., þar sem ríkisstj. er heimilað að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands að ákveða útsöluverð landbúnaðarafurða. En Búnaðarfélag Ísl. er ekki aðili þess máls og það af þrennum ástæðum. Það er ekki stéttarsamtök bænda, sem bera megi saman við verklýðsfélögin, hefur ekkert umboð bænda til að semja um afurðaverð þeirra eða "kaup" þeirra, sem talað er um í þessu sambandi. Það hefur allt annað verkefni. Það er því gagnslaust að segja, að með þessu móti sé verið að tryggja, að reynt verði að ná frjálsu samkomulagi við bændur. Í öðru lagi þarf í raun og veru ekkert samkomulag við bændur um að lækka útsöluverð, þegar séð er um, að það valdi engri lækkun á útborgunarverði til þeirra. Í þriðja lagi er verðlagið ákveðið af stjórnskipuðum nefndum, raunverulega ákveðið af ríkisvaldinu, og ríkisvaldið hefur því fullan rétt til að breyta því, meðan þessu er ekki komið í það horf, sem ég teldi réttast, að verðlagið sé ákveðið með frjálsu samkomulagi aðila. Að því samkomulagi er stefnt með 4. gr. þessa frv. Nú mun einhver svara, að jafnvel þótt öll þessi rök væru rétt um þetta ákvæði, að samþykki Búnaðarfélags þurfi, muni ekki standa á því og þetta komi aldrei að sök. En satt að segja tel ég ekki víst, að þeir, sem fyrir Búnaðar-

félaginu ráða, kærðu sig um að fallast á lækkun útsöluverðs, þótt bændum væri að fullu bætt fyrir, — þeir gætu talið það óhaganlegt verzlunarbragð fyrir framtíðina, kysu e. t. v. heldur óbreytt verðlag, þar til n. lyki störfum. Ég vil ekki spá þessu, þó að ég óttist það.

Samkv. 6. gr., eins og hún er nú, hefur alþýðusambandið enga íhlutun um, hvernig reglugerð tryggingarsjóðsins yrði. Ég tel mjög orka tvímælis, hvort nokkurt samkomulag mundi þá nást við sambandið og ber þá að athuga, hvort nokkur ástæða sé til annars en afnema 3. gr. með öllu. Ég efast um, að samþ. hennar hafi nokkra þýðingu nú.

Ég get alveg fallizt á það, sem fram hefur komið í deildinni, m. a. hjá hv. 8. landsk., að í raun og veru skipti það samkomulag, sem 3. gr. miðar að, ekki ákaflega miklu máli. Verðlagið mundi vera hægt að lækka nokkuð mikið í mai án þess, með nægilega ströngum verðlagsákvörðunum.

Nú, þá er 7. gr. Það hefur verið að því vikið, að hún ætti ekki heima í þessu frv., að hún væri því óviðkomandi. Því er til að svara, að hún er því ekki fremur óviðkomandi en skattaákvæðin eru í frv. hv. stj. Ég er hv. 3. landsk. sammála um það, að eins og gengið hefur verið frá frv. fjhn., þá hafa vafasömustu skattaákvæðin verið tekin upp í l. gr. Ég tel því betra að hafa 7. gr. með og þá breyt. á skattalögunum, sem í henni felst.

Ég skal játa það, að viðkunnanlegra gat talizt að taka öll skattaákvæðin út úr og samþ. þau sem sérstök l., en til þess hefur ekki unnizt tími, og nú er nauðsynlegt að þetta frv. fái samþykki vegna skattaálaga fyrir 1942. Öðru máli er að gegna með eignaraukaskattinn. Til undirbúnings honum þarf lengri tíma.

En það gildir sama um 7. gr. eins og sumar aðrar greinar, að henni var spillt við 3. umr. í Nd., þar sem kveðið er á um, að fé því, sem aflast, skuli skipta til helminga milli raforkusjóðs og alþýðutrygginganna. Bæði mun þetta ekki verða til skiptanna, og svo orkar tvímælis að leggja fé í raforkusjóð, meðan rafmagnsmálin eru enn í því horfi, að aðeins liggja fyrir fráleitar till. þeirrar mþn., sem skipuð var í þeim málum. Ég tel því, að allt hefði átt að ganga til alþýðutrygginganna. Það er rangt, að dregið sé úr sjóðsmyndunum til eflingar fiskiflotanum samkv. 7. gr. Þvert á móti ber að leggja allt varasjóðstillag í nýbyggingarsjóð, til þess að varasjóðurinn geti notið skattfrelsis. M. ö. o., öll skattahlunnindin koma nýbyggingarsjóði til góða. Þannig er eftir frv. betur séð fyrir þessum málum en áður. Aðeins eru þau félög undantekin, sem eiga yfir eina milljón í nýbyggingarsjóði. Smærri útgerðarmenn fá meira skattfrjálst en áður, eða ⅓ fyrir ⅙. Hitt er annað, að ákvæði 7. gr. um breyt. á skattalögunum geta ekki orðið nema til bráðabirgða, en tilgangurinn með þeim er að koma til framkvæmda við álagningu skatts fyrir 1942.

Það verður áreiðanlega að breyta skattalögunum meira, því þótt skattfrelsi nýbyggingarsjóðs sé tryggt, þá er engin trygging fyrir því, eins og l. eru, að nýbyggingarsjóður geti ekki lent í taprekstri. Þetta þarf að tryggja fyrst, til þess að nýbyggingarsjóður verði að gagni, að hann verði notaður til nýbygginga eingöngu, en fyrir því er engin trygging í skattalögunum. Þessu þarf að breyta. Það þarf að koma í veg fyrir að fé, sem lagt er í nýbyggingarsjóð, geti orðið til að auðga einstaklinga, svo að þeir hagnist þannig af hinum óviðráðanlegu atvikum stríðsins.

Allt þetta eru atriði, sem þarf að taka til athugunar, og þessar breytingar eru svo aðkallandi, að þær verða að koma til framkvæmda á þessu ári. En fyrst þarf að breyta 7. gr. þannig, að ekki verði skipt til helminga milli alþýðutrygginganna og raforkusjóðs.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta meir að sinni, en býst við að taka aftur til máls, þegar málið kemur úr nefnd.

Gísli Jónsson: Ég vil í upphafi máls míns víta þá meðferð Nd. á þessu frv. að ætla þessari d. örlítinn tíma til afgreiðslu svo yfirgripsmikils máls, eftir að hafa haldið því vikum og mánuðum saman án þess þó að hafa fundið á því viðunandi lausn. Að þessu leyti vil ég taka undir orð þeirra hv. þm., sem hér hafa talað. Satt að segja furðar mig og mjög á því, að hv. fjmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur í d. þann stutta tíma, sem þetta stórmál er til umr. Annaðhvort er honum orðið alveg sama um afdrif þess, eða hér er aðeins um að ræða svo takmarkalausa óvirðingu fyrir þinginu, að hann telur það ekki ómaksins vert að fórna því nærveru sinni þessa stuttu stund, sem d. er ætlað til þess að ræða þetta mál, sem þó að margra dómi er ekki alveg óviðkomandi fjmrh. þjóðarinnar.

Í sambandi við afgreiðslu málsins í Nd. vil ég leyfa mér að benda á, að ein gr. þessa frv. var samþ. þar með 15:12 atkv. Nú er það vitað, að frv. kemur til með að valda deilum utan þings, ef það er samþ. þannig út úr þinginu með vilja aðeins ⅓ hluta þm. Eigi málin almennt að fá slíka meðferð, að eigi sé gefinn tími til athugunar og breytinga á auðsjáanlega stórgölluðum ákvæðum samþ. af litlum meiri hluta í Nd., þá veit ég ekki, til hvers verið er að senda þau til Ed.

Frá mínu sjónarmiði á hv. stj. ekki svo lítinn þátt í, að svo er komið sem komið er. Henni var að sjálfsögðu innan handar að krefjast svo skjótrar afgreiðslu frá Nd., að þessi d. gæti haft eðlilegan tíma til afgreiðslu málsins á viðunandi hátt. Ég styð því mjög þá till., að málið fari í n., og að sú n., sem væntanlega verður fjhn., hafi það til athugunar til morguns, eða lengur, ef nauðsynlegt er. Annars sé ég lítinn ávinning að þessu örverpi eftir tveggja mánaða körun í Nd.

Raddir hafa komið fram um að fella niður 3. og 6. gr., og allir vita, að 1. og 7. gr. eiga ekki heima í frv. Er þá ekki svo mikið eftir af því, að mikill skaði megi teljast að láta það sofna í n. Þvert á móti væri það leið til þess að bjarga heiðri þingsins, eins og nú er komið.

Ég sé, að hv. fjmrh. er nú kominn hér í d. Ég var undrandi yfir þeim leiðarvísi, sem hann lét þessari hv. d. í té, er hann innleiddi hér þetta mál. Af orðum hans gátu dm. ekkert ráðið, hvort

stj. líkaði betur eða verr afgreiðsla málsins í Nd., og tel ég það leitt, að ekkert skyldi koma fram í ræðu hans, sem benti á, hvernig stj. óskaði helzt eftir, að málið væri afgr. hér, úr því sem komið er. Ég vil einnig benda á, að sami háttur var hafður á um afgreiðslu fyrsta stjfrv. hér í vetur. Stj. var þá bent á ýmsar veilur í því frv., er síðar mundi leiða til margvíslegra erfiðleika fyrir dýrtíðarmálin. Það hefur nú komið á daginn, að þessi aðvörun var á rökum byggð, og að betur hefði farið, ef henni hefði verið gefinn meiri gaumur. En stj. þorði ekki að taka á málinu þeim tökum, sem nauðsynlegt var vegna hræðslu við verkalýðsflokkana, og valdi hún þá heldur minna réttlæti, minni festu og meira undanhald. Þetta er fyrsta ástæðan til þess, að þessum málum er ekki komið lengra en raun er á.

Þá vil ég einnig leyfa mér að benda á, að það hefur mjög tafið heppilega afgreiðslu dýrtíðarmálanna að blanda inn í þau jafnviðkvæmum og óskyldum málum sem skattamálunum. Hv. stj. hlaut að vera ljóst, að 1. og 2. kaflinn í frv. hennar áttu þar ekki heima, heldur í skattalögum. Hv. forsrh. og fjmrh. hlaut einnig að vera ljóst, að með nýjum l. um skattaákvæði varðandi tekjur ársins 1942 var gengið aftan að þegnunum, sem hafa lifað og starfað í þeirri góðu trú, að ekki væri allt í einu farið að gerbreyta skattafyrirkomulaginu þannig, að tekinn væri allt annar og meiri skattur af tekjum þeirra á árunum 1942 en l. mæla fyrir um. Ég boða því stórkostlega breyt. á l. gr. eins og hún er nú, sem fer í þá átt, að þurfi ríkið að taka fé af þegnunum til dýrtíðarráðstafana, þá sé það a. m. k. tekið á ærlegan hátt, en ekki komið aftan að mönnum til að taka af þeim fé, sem varið er með l. frá undanförnum þingum, sem enn eru í gildi.

Menn kveinka sér ekki við sköttum, sem teknir eru innan viturlegra takmarka, en þeir eiga heimtingu á því, að skattheimtan sé lögum samkvæm, en það getur hún ekki talizt, þegar þeir eru narraðir út í ýmisskonar atvinnurekstur í þeirri trú, að gildandi skattalögum verði ekki breytt fyrirvaralaust í þá átt að gera þá réttlausa gagnvart ríkinu. Þetta er svo stórt atriði, að ég óska eftir, að hv. fjhn. þessarar d. athugi það gaumgæfilega út frá sjónarmiði þegnanna og taki þá jafnframt tillit til þeirrar vansæmdar, sem á þingið mundi falla, ef sú regla væri þar almennt upp tekin að meta að engu l. fyrri þinga.

Einnig hef ég í huga að gera miklar breyt. við 7. gr., ef hún nær samþ. óbreytt við 2. umr., því að eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, þá nemur hún á brott allt atvinnuöryggi í landinu. Mér virðist kenna nokkurs ósamræmis í því, þegar hv. fjmrh. er að lýsa erfiðleikum atvinnurekenda, en á sama tíma kippir hann burtu stoðunum, sem standa undir rekstri þeirra. Mig undrar að jafn hygginn fjármálamaður og hann skuli í fyrstunni ekki hafa séð, hvert stefndi, en verða síðan að fara í hring í rökum sínum til að verja þetta athæfi.

Ég held, að erfiðleikarnir við að lækka dýrtíðina séu ekki hvað sízt í því fólgnir, eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, að sameiginlegur vilji þjóðarinnar stendur ekki á bak við það átak, sem til þess þarf að árangur fáist, og jafnframt að mikill meiri hluti þjóðarinnar lítur ekki á dýrtíðina sem mein, er nauðsynlegt sé að lækna. Burtséð frá því, hvort þetta er rétt eða rangt ályktað, þá væri ómaksins vert að rækileg rannsókn færi fram á því, hve mikið þjóðarbúið græðir á því að færa niður dýrtíðina með fjárframlögum úr ríkissjóði. Í sambandi við þetta mál má ekki gleyma því, að fyrir hverja vinnustund, sem við seljum setuliðinu með lægra verði vegna milligjafar úr ríkissjóði, erum við að gefa erlendu ríki ákveðna upphæð. Sama má segja um þær íslenzku afurðir, sem setuliðinu eru seldar fyrir lækkað verð vegna milligjafar. Þetta atriði hefur stj. vanrækt að láta athuga vísindalega, og er þess vænzt, að það verði nú ekki látið dragast lengur. Gæti það vel orðið til þess, að þm. ættu hægara með að átta sig á málinu að fengnum þeim upplýsingum.

Ég segi ekki að það sé mín skoðun, að þjóðin græði ekki á því að færa niður dýrtíðina, en ég segi, að þjóðin sé ekki sammála um skattaöflun í þeim tilgangi, skattaöflun, sem gengur svo langt, að hún brýtur l. og teflir sóma þings og stj. í hættu.

Það er erfitt að samræma þá hugsun, að rétt sé og sjálfsagt að taka allt af útveginum, eins og gert er með 7. gr., en leggja svo fram 2 millj. til stuðnings þeim sama atvinnuvegi. Nú á að taka allt, sem útvegurinn á. Ekki til þess að minnka dýrtíðina, heldur til þess að auka hana, því að vitanlega er verið að auka dýrtíðarflóðið með því að leysa bundið fé sjóðanna og setja það í umferð. Ráðstafanir hv. fjmrh. ganga því í þá átt að auka peningaflóðið í landinu og þá jafnframt að auka dýrtíðina.

Hvað viðvíkur þeirri skoðun hv. 5. þm. Reykv. að rétt sé að herða á þeim ákvæðum, að nota megi nýbyggingarsjóð aðeins til nýbygginga, þá er ég því alveg sammála. Það hefði átt að tryggja það þegar í byrjun, að þeir væru ekki notaðir í neitt annað. Ég veit, að útgerðarmenn mundu fyrir sitt leyti verða manna fyrstir til að samþykkja, að svo væri gert. Hins vegar tel ég rangt að leyfa enga varasjóði til að mæta taprekstri í erfiðum árum, því ef taprekstur er og ekkert er fyrir hendi til þess að mæta honum, þá er enginn áhugi lengur fyrir nýbyggingum og nýbyggingasjóðirnir þá alveg óþarfir. Það er því ekki rökrétt hugsað að leyfa ekkert fé til frádráttar til þess að mæta erfiðu árunum.

Ég mun nú ekki ræða þetta frv. eða einstakar gr. þess meira að sinni, en læt nægja þau atriði, sem ég hef þegar bent á. Ég vil að lokum taka það fram, að ég mun flytja róttækar brtt. við 1. og 7. gr. frv., nema því aðeins að þær taki miklum breyt. í fjhn. og við 2. umr.

Annars væri réttast að fella 3., 6. og 7. gr. alveg burtu, eða þá taka þann kostinn að svæfa frv. í n. og reyna þannig að bjarga sóma Alþ., sem nú á tímum er reynt að gera sem minnst úr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Það er í rauninni óþarfi fyrir mig að taka til máls, þótt hv. þm. Barð. léti þung orð falla um gerðir stjórnarinnar. Það er öllum kunnugt, hve mikill afburða dugnaðarmaður þm. Barð. er, og ef hans líkar

væru í rikisstj., þá fengist einhver úrlausn vandamálanna, en óvíst er, hve farsæl hún mundi vera.

Ég kann ekki við að hv. þm. Barð. beri fram þær ásakanir, sem hann hefur látið sér um munn fara. Hann er alls ekki dómbær um, hver aðstaða stjórnarinnar er.

Ég vil aðeins minna á, í sambandi við það, sem þessi hv. þm. sagði um veikleika stjórnarinnar, að mig minnir, að í ársbyrjun 1942 hafi setið hér að völdum sterk stjórn.

En ef þm. Barð. tekur upp þann hátt að vera siðameistari hér, þá vil ég minna hann á að brúka siðareglurnar fyrst við sjálfan sig.

Bernharð Stefánsson: Þetta eru nú orðnar nokkuð langar umr., en þó kannske ekki lengri en hefði mátt vænta.

Ég kvaddi mér hljóðs út af meðferð málsins, en ekki efni, því að mér sýnist það horfa til vandræða, hve tíminn til afgreiðslu þess er stuttur. Get ég ekki látið hjá líða að drepa á einstök atriði.

Hv. 1. þm. Reykv. lét í ljós, að samkomulagið, sem gert var í fjhn., hafi verið rofið. Ég held, að það sé ekki rétt. Ég held að þessir 5 menn hafi staðið saman að till. sínum, eftir því, sem ég bezt veit. Þetta hefur kannske átt að tákna hjá hv. þm., að það hafi verið flokkasamkomulag. En þeir stóðu ekki í sambandi við flokksmenn sína, og því ekki þess að vænta, að málið kæmist óbreytt í gegn. — Ég er ekki búinn að taka endanlega afstöðu til 7. gr. þess.

Það er ekki rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., að verið væri að torvelda aðstöðu til endurbyggingar flotans, eins og þeir sjá, sem lesa grg. En ég hef, eins og ég sagði áðan, ekki tekið endanlega opinbera afstöðu til málsins.

Þá kem ég að meðferð málsins, en hún gaf mér aðaltilefnið til þess að standa upp. Hv. fjmrh. gat þess, að þinginu yrði slitið fyrir kl. 10 annað kvöld. En það verður að ætla tíma til þess að koma málinu í gegn, ef það tekur breytingum. D. þarf tíma til að gera sínar athugasemdir. Þess vegna verð ég að segja, og beina því til hv. forseta, að ég sé ekki annað en umr. verði að fara fram í kvöld, ef málið á að fá afgreiðslu þingsins.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hann sagði, að frv. hefði verið skemmt í Nd., af því að Búnaðarfélag Íslands hefði verið áskilinn sami réttur fyrir hönd bænda og alþýðusambandið hefur fyrir hönd verkamanna. Hann neitar því að búnaðarfélagið sé réttur forsvarsaðili fyrir bændur. Mig furðar á því, að þm. skuli láta sér slíkt um munn fara. Það er að vísu ekki kaupkröfufélag. Ég hygg að það séu margir verkamenn, sem ekki eru í verkamannafélögum. En flestir, eða allir bændur eru í búnaðarfélaginu. Tel ég því, að líta megi á búnaðarfélagið sem greinilegra stéttarfélag en alþýðusambandið og fullgilt til að gera samkomulag fyrir þeirra hönd um bráðabirgðaráðstafanir.

Það er vandi að skera úr því, hvernig sómi Alþ. má mestur verða, einkum þessarar d., í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Hv. þm. Barð. vill helzt láta það sofna.

Það er ýmislegt, sem mælir með því, að þessi d. láti ekki bjóða sér ýmislegt, sem hún verður fyrir af hinni d. Til dæmis er afgreiðsla þessa máls. Hér á að gera það á einum degi, sem hin þurfti tvo mánuði til að gera.

Ég held ekki, að sómi Alþ. verði meiri, ef málið er látið sofna. Mestar deilur hafa orðið í blöðum, vegna þess hve afgreiðsla þessa máls gengur seint, og tel ég illt, ef ekki verður hægt að fá sæmilega lausn á því. Það má deila um það, hvort eigi að kenna fremur ríkisstj. eða þm. um, hvernig gengið hefur með málið. Leitaði hv. forsrh. vitnisburðar fjhnm. um það efni. Hún var á undan fjhn. að leggja fram miðlunartillögur í málinu, sem hafa fengið meiri byr en frv. eins og það var, þegar það var fyrst lagt fyrir Alþ.

Um eitt er hægt að saka jafnvel utanflokka stjórn, og það er það, að hún leitaði ekki samráða við Alþ. og flokka þess, þegar hún samdi frv. Vera má, að ef þess samstarfs hefði verið leitað áður en till. voru lagðar fram, að einhver von hefði verið samkomulags. Þá var stjórnin búin að gera sitt til. Þá var hún búin að gera það, sem í hennar valdi stóð, til þess að málið gengi fram.

Ég álít seinaganginn í Nd. ekki afsakanlegan. Ég held, að þeirri d. sé það ekki ljóst, að hún er ekki allt þingið og það sé ekki nema formsatriði að senda mál til þessarar d. Verður í framtíðinni að gera ráðstafanir til þess, að stórmál séu ekki tafin á þennan hátt. Það er mál út af fyrir sig, hvort ekki eigi að gefa Nd. þá ráðningu, sem hún á skilið að fá.

Gísli Jónsson: Mér virðast einkennileg svör hv. rikisstj. í þessu máli og ekki ástæða til að hlaupa upp á nef sér, þó gerðar séu jafnsjálfsagðar aðfinnslur og komið hafa fram. Saga stjórnarinnar er í stuttu máli sú, að hún kom sem hjúkrunarkona til að hjúkra Alþ. eftir tvennar kosningar. En nú er það hún, sem þarf hjúkrunar við. Hún ætti að halda sér við málefnið, og ef hún ekki þekkir það, á hún að kynna sér það. Þarf nokkuð til þess að kynna sér málin? Þyrði ég að keppa við hana í því efni, og skyldi ég standast það próf betur, þegar verk hennar verða dæmd af þjóðinni og Alþ. á sínum tíma. (**Forsrh.:** Þér gerizt spámaður!).

Það er alveg óþolandi, að stjórnin skuli ekki geta þolað rök.

Það er ljóst, að stjórnin hefði fremur átt að setja Nd. stólinn fyrir dyrnar en Ed. Ef hún hefði beðið um traust, hefði hún fengið það, þegar hún kom sem hjúkrunarkona. En í hverju frv., sem hún hefur komið með, hefur hún farið sínar eigin leiðir, en ekki leitað samstarfs við Alþ., og því hefur farið sem farið hefur, og ætti hún að læra af þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 728, 737, n. 744).

Of skammt var liðið frá 1. umr., útbýtingu nál. og brtt. 737. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Það þarf að sjálfsögðu ekki að skýra hv. d. frá því, hve ófullnægjandi tíma fjhn. hefur haft til að athuga þetta mál. N. var vel ljóst, að það voru ýmis atriði frv. sem hún hefði viljað athuga betur en gert var og vissulega var þörf á breyt. við. Einkanlega var það á 1. gr. frv., þ. e. a. s. um skattaákvæðin, sem þurft hefði að fara fram nákvæmari athugun, t. d. á skattstiganum og hve mikilla tekna mætti vænta. En til þess var enginn tími. N. varð að láta sitja við þá athugun á því, sem fram hafði farið í Nd.

Eins og sjá má af nál. á þskj. 744 hefur n. að miklu leyti orðið sammála. Að vísu hefur 1. þm. Eyf. sérstöðu, sem hann sem þm. mun gera grein fyrir sjálfur. Ég hygg hún varði síður efni málsins en formlega afgreiðslu. Og ég hygg, að sumar þær brtt., sem n. ber fram, muni hafa verið gerðar með samþ. hans.

Ég skal í sem fæstum orðum gera grein fyrir þeim brtt., sem n. hefur orðið sammála um að bera fram og teknar eru upp í nál. á þskj. 744.

Við 1. gr. frv. eru engar brtt. teknar upp. Það væri sjálfsagt ástæða til að gera grein fyrir því, hvaða tekna mætti afla samkv. 1. gr. frv. Sú athugun, sem hefur farið fram á því, verður að byggjast á því, sem ríkisstj. var búin að áætla samkv. frv. því, er hún upphaflega bar fram, eða samtals um 11 millj. kr. en af þeim eru áætlaðar 2 millj. geymslufé, eða 9 millj. í ríkissjóð. Nú er skattstigi sá, sem hið upprunalega frv. gerði ráð fyrir, breyttur, og eftir því sem áætlað er, munu tekjurnar samkv. þeim breyt. verða um 1 millj. kr. lægri og mætti því ætla um 8 millj. í ríkissjóð, en það er ómögulegt að fullyrða, að þetta standist. Þó má segja það, að eftir þeim fregnum, sem fjhn. hefur fengið um tekjuframtal, þá muni þessi tekjuáætlun frekar varlega áætluð og tekjur verða meiri, en ekki minni.

Því er ekki að neita, að hér er um allháan og tilfinnanlegan skatt að ræða, sem kemur fyrst og fremst niður á hærri meðaltekjur og lægri hátekjur, eða 50—200 þús. kr., þrátt fyrir það, að hér sé um verulega viðbót skatta að ræða, má fullyrða, að þeir fari hvergi alveg upp í 100%. Það var gerð athugun á þessu og gjaldstiginn reiknaður út og þá miðað við útsvarsstiga síðasta árs. Mér skilst, að eftir honum komist samanlagður tekju- og eignaskattur, útsvar og stríðsgróðaskattur hæst í 96%. Það er þó ekki verra en það. Þetta þætti utan Íslands hár skattur, en þar sem hann hefur í mörg ár verið 100%, þá þarf ekki að kippa sér upp við þetta, þegar þessi skattur er þá líka aðeins ætlaður til eins árs, og honum þar að auk ætlað að ráða bót á mjög alvarlegu þjóðfélagslegu vandamáli. Að þessu athuguðu ættu skattborgarar að sætta sig við frv. Ég geri það ekki með neinni ánægju að fylgja svo gífurlegri skattahækkun. Okkar skattar hafa verið of háir og hafa staðið atvinnulífinu fyrir þrifum. Mér er ógeðfelt að flytja svona mál, en maður verður að sætta sig við það eftir ástæðum. Þá er eðlilegt, að spurt sé: Til hvers er þessa fjár aflað? Þess er aflað til þess að standast kostnað af þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í 4. og 5. gr. þessa frv. Það hefur verið reiknað út, hvaða uppbætur greiða þurfi á kjöt og mjólk þann tíma, sem l. eru í gildi, svo að kjötbirgðir þær, sem í landinu eru, verði bættar að fullu. Má manni þá detta í hug, hvort miða eigi við þær hækkanir, sem ríkisstj. lét gera, eða hvort miðað er við það verð, sem nú er. Ef það er miðað við það verð, sem nú er, þá munu uppbæturnar á kjöt nema um 2 millj. kr. Ég held ég fari rétt með það, að hæstv. félmrh. hafi sagt í Nd., að uppbæturnar mundu nema um 4 millj. kr. Uppbótin fyrir mjólk mun áætluð um 1 millj., en það má gera ráð fyrir, að ef breyt. þær eru samþ., sem lagðar eru til í þessari hv. d., þá verði mjólkuruppbæturnar ögn hærri, af því að lækkun vísitölunnar kemur ögn seinna. Hér getur þó ekki verið um mikla hækkun að ræða, þar sem aðeins munar um einn mánuð, en það er gert ráð fyrir, að hún lækki í júní í stað maí.

Ef lögð er til grundvallar hærri talan, sem kjötuppbæturnar mundu nema, eða 4 millj. kr., þá nema þessi útgjöld samtals um 5 millj. kr. Mér sýnist eðlilegast í þessu sambandi að fara meðalveginn, og yrðu þá uppbæturnar alls um 4 millj. kr.

Það er því sýnilegt, að af verðlækkunarskattinum samkv. 1. gr. verður allrífleg upphæð eftir. Seinna mun ég gera grein fyrir því, hvernig fjhn. gerir ráð fyrir, að þessum tekjuafgangi verði varið. Fyrst um sinn ætla ég að ganga fram hjá fyrstu brtt. á þskj. 744. Það er naumast hægt að gera grein fyrir henni fyrr en búið er að gera grein fyrir hinum, en þá er fyrst sú, að 3. gr. frv. skuli niður falla. Með þessu er það unnið, að dýrtíð fæst niður einum mánuði fyrr en ella.

Fyrir lágu yfirlýsingar frá báðum deildum um, að samkomulag mundi ekki nást. Og ef samkomulagi er ekki náð, er lítil bót að því, að 3. gr. standi. Yfirleitt skiptir það ekki máli, hvort hún stendur eða er felld niður.

Ekki er hægt að fullyrða að full verðlækkun náist í júní. Örfá stig kunna að bíða þar til í júlí. En ekki er það sjáanlegt, að atvinnulífið sé í hættu þrátt fyrir dýrtíðina. Atvinnutækin eru í fullum gangi. Það verður þá ekki fyrr en síldveiðarnar byrja, að ástæða er til að óttast hættu í því efni.

Eðlileg afleiðing af því, að 3. gr. fellur, er það, að lagt er til, að 6. gr. falli einnig niður. Þessar 3 millj. kr., sem gert var ráð fyrir, að lagðar yrðu í sjóð, sem nefndist atvinnutryggingarsjóður, áttu að koma í stað fórna atvinnuveganna.

4. brtt. nefndarinnar er, að 7. gr. falli niður. Ekki er því að neita, að um efni þessarar greinar eru skoðanir nm. mjög skiptar. Þó held ég, að enginn ágreiningur hafi verið um það, að gr. ætti ekki heima í þessu frv., þótt sumir nm. gætu fylgt efni hennar að meira eða minna leyti. Ég hygg, að hv. 1. þm. Eyf. sé efnislega samþykkur því, að 7. gr. falli. (**BSt:** Nei). Þykir mér óþarft að rekja þetta frekar eða sundurgreina nánar.

Um 1. gr. var nokkur skoðanamunur meðal nm. um það, hvort nokkuð af því fé, sem þar ræðir um, skuli ganga til tryggingarstofnunar ríkisins. Áður hef ég gert grein fyrir því, að af

tekjum þeim, sem aflað er samkv. 5. gr., verði nokkru haldið eftir. Það vaknar þá sú spurning, hvort rétt sé að láta tekjum þessum óráðstafað og verða að eyðslueyri eða veita því til fyrirtækja til hagsbóta fyrir almenning. Önnur leið er að lækka skattstigann, þar sem tekjurnar gerðu ekki betur en að standast á við útgjöldin, samkv. 5. og 6. gr. Fullt samkomulag var með meiri hluta nm. um, að gera bæri ráðstafanir um það, hvernig fénu skuli varið. Nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á alþýðutryggingarlögunum. Skal ég engu spá um það, hvort við fáum nýskipun í því efni eða ekki, en hvort heldur sem verður, þá er þörf á fé til að grípa til. Í till. okkar er óákveðið, hvernig fénu skal varið, og leggjum við til, að það bíði endurskoðunar þeirra laga. Hvort það verður notað sem vísir að alþýðutryggingarsjóði, læt ég ósagt; vil engu spá um það. Framtíðin verður að leysa úr því. N. var sammála um brtt. til varnar því, að fé þetta yrði látið renna í ríkissjóð sem eyðslueyrir, en hvernig því yrði varið til hagsbóta í framtíðinni, skipti minna máli. Samkomulag um sanngjarna lausn málsins hefur ekki fundizt hjá meiri hlutanum.

Ég skal geta þess, að fyrir lá skrifleg brtt. frá Barða Guðmundssyni. N. athugaði hana, en gat ekki fallizt á hana.

Við nm. ákváðum að standa á móti brtt. við frv. nema einhverjum sjálfsögðum brtt., sem enginn ágreiningur yrði um.

Með þessum brtt. mælir n. með því, að frv. nái fram að ganga, og vonar að till. beri einhvern árangur og bæti úr þeim erfiðleikum, sem verðbólgan hefur skapað í þjóðfélaginu.

Bernharð Stefánsson: Eins og sjá má á nál. á þskj. 744, er ég ósammála meðnm. mínum um afgreiðslu málsins, þótt ég skrifi undir nál. með fyrirvara. Skal ég játa, að þessi skoðanamunur er það mikill, að ég hefði getað gefið út sérstakt nál. En af því að samkomulag var gott, bæði nú og áður, þótti mér ekki rétt að skilja mig frá meðnm. mínum, einkum af því, að öll n. mælir með því, að frv. verði samþ. Skoðanamunurinn liggur aðallega í því, að meðnm. mínir vilja gera allvíðtækar breytingar á frv. Sumir vilja binda samþykkt þessara brtt. við samþykki sitt á frv. endanlega. En ég ræð d. til að samþykkja frv. óbreytt.

Til þeirrar afstöðu minnar að ráða d. til að samþ. frv. óbreytt liggja tvær meginástæður. Um aðra þeirra gat ég rækilega í gær. Hún er sú, að ég tel málinu stefnt út í fullkomna tvísýnu með því að senda það til Nd. með viðtækum brtt. Því er yfirlýst og það liggur í hlutarins eðli, að þinginu verður slitið eftir hádegi á morgun. Brtt. mundu valda umr. í Nd. og tímatöf, óvíst hve langri. Verð ég að segja, að með þessu móti sé verið að stofna afgreiðslu málsins í óvissu. Ef það yrði sent Nd. aftur, gæti svo farið, að fyrir því ætti líka að liggja að fara til Sþ.

Ég skal játa, að ég er ekki alls kostar ánægður með frv. eins og það er nú. Mér þykir of skammt gengið í því að gera virkilegar ráðstafanir til að hamla dýrtíðinni og fá hana lækkaða, ef kostur er. Við ráðum ekki við annað en að gera sjálfsagðar ráðstafanir með löggjöf um þessi efni vegna verðlags, sem skapast á vörum á innlendum markaði. Gagnvart erlendu verðlagi er varla annað að gera en að verja fé úr ríkissjóði til jöfnunar og verndar. Ég óttast, að verð útlendra vara fari bráðlega hækkandi og að ekki veitti af því að gera fullkomnar ráðstafanir til að halda dýrtíðinni í skefjum innan lands, svo að dýrtíðarvísitalan þyrfti ekki að hækka, þótt vörur hækkuðu.

Ég er ekki í vafa um, að Nd. mundi draga úr þeim ráðstöfunum, sem stjórnin mundi gera í þessu efni. Þess vegna er það, að þótt ég játi fúslega, að ég er ekki fyllilega ánægður með frv. eins og það liggur fyrir, þá tel ég hins vegar, að í dýrtíðarmálunum sé það mikið unnið með því eins og það nú liggur fyrir, að það væri hreint og beint óhappaverk, ef Alþ. kæmi í veg fyrir samþykkt þess, þótt ekki sé mikið eftir af hinu upphaflega frv. ríkisstj.

Það er ákveðið, að tvær fjölmennustu stéttir landsins, bændur og verkamenn, geri tilraun til þess að semja um verðlag og kaupgjald í landinu. Ef samúð og skilningur af beggja hálfu ríkti, gæti það áunnizt, að hið óheilbrigða kapphlaup milli verðlags og kaupgjalds, sem ríkt hefur að undanförnu, hætti. Þetta tvennt hefur, ef svo má að orði kveða, skapað dýrtíðina. Vitanlega er ekki hægt að ráða við dýrtíð þá, sem skapast af verðlagi útlendra varna, en það er nú svo komið, að hún er orðin allmiklu hærri en vísitalan gefur tilefni til.

Þótt um smágalla á frv. sé að ræða, er ekki rétt að tefla því í hættu nú, því að þeir gallar standa til bóta, og gæti annað þing, sem kemur saman í þessari viku, tekið þá til athugunar. Enginn veit, hve lengi það kann að sitja, en ekki ætti að þurfa að bíða þess lengi, að þeir gallar, sem á frv. finnast, væru lagaðir.

Hv. Nd. ætti það skilið, að málinu væri vísað frá. Ed. ætti ekki að láta bjóða sér það að afgreiða mál þetta á einum degi. En málsins vegna er ekki viðeigandi að hafa þá aðferð.

Hin ástæðan er sú, að ég er ósamþykkur þessum brtt. frá meiri hl. fjhn., og ég tel mikla hættu á því, ef þær yrðu samþykktar, að frv. dagi uppi hér á Alþ. eða nái ekki samþykki þingsins. — Ég get sagt það, að ég er frekar samþykkur brtt. hv. þm. Barð.

Ég játa, að 1.—3. brtt. hv. meiri hl. eru frekar þýðingarlitlar, frekar blæbreyt. en efnisbreyt., sem þar er um að ræða. Ég sé ekki, að það hafi hina minnstu þýðingu, hvort þessar 3 millj., sem um ræðir, ganga til alþýðutrygginga, samkv. alþýðutryggingalögunum, eða hvort stofnaður verður slíkur sjóður, eins og frv. fer fram á. En óneitanlega eru það aðalatriði þessa þriggja brtt., að með þeim er gerður meginmunur á tveimur fjölmennustu vinnandi stéttum í landinu. — Það á að mega lækka verðlag innlendra afurða. Að vísu er sagt, að það sé ekki á kostnað bænda, en það snertir þá þó og hefur óneitanlega áhrif á hagsmuni þeirra, en nú á að slá föstu, að ekki megi setja lagastaf, sem verklýðssamtökin séu við bundin. Að vísu skal ég játa, að þetta atriði hefur litla þýðingu, en blærinn er sá, sem ég hef nefnt. —

Aðaltill. hv. meiri hl. fjhn. er auðvitað sú, að 7. gr. frv. falli niður, og það er efnisbreyt. á frv. Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði viðvíkjandi afstöðu minni til þessarar gr., þá játaði ég að vísu í n., að efni þessarar gr. ætti betur við í skattal., en ég vildi þó fylgja frv. óbreyttu og tel vel forsvaranlegt að láta greinina standa, og efnislega er ég henni samþykkur.

Ég tel því rétt að fara nokkrum orðum um þessa margumtöluðu 7. gr. frv. Því er haldið fram, að 7. gr. frv., eins og hún er nú, dragi úr möguleikum útgerðarinnar til þess að leggja fé í nýbyggingarsjóð, og eitt dagblað hér í bænum óð uppi með hinu mesta offorsi, eftir að þessi gr. var sett í frv. í hv. Nd., og sagði, að þetta væri árás á sjómannastétt landsins. Hvað, sem um þetta kann að mega segja, þá sjá þó allir, sem lesa 7. gr. frv. og vita eitthvað um hag útgerðarfyrirtækja, að þetta gildir ekki um langflest útgerðarfyrirtæki í landinu, heldur jafnvel hið gagnstæða. Skv. frv. er gert ráð fyrir, að allt varasjóðstillag útgerðarfélaga renni í nýbyggingarsjóð, en samkv. núgildandi l. skal aðeins helmingurinn renna þangað.

Að því er snertir takmarkanir 7. gr. á skattfrelsi, þá snerta þau ákvæði aðeins fá útgerðarfélög í landinu, og þau félög hafa safnað miklum eignum. Ég tek þetta aðeins fram til leiðréttingar, en ekki í því skyni, að ég sé að neita því, að eins vel færi á að hafa þessi ákvæði í skattal. En ég tel þó tilvinnandi að láta þau koma í þessu frv., heldur en að fá þau sennilega alls ekki. Þá vil ég enn fremur benda á, að skv. frv. nú eru nýbyggingarsjóðshlunnindi einstakra útgerðarfélaga aukin, og sérstaklega er þetta til hagsmuna fyrir smáútgerðarfélögin.

Ég held því að „Mogginn", sem óður og uppvægur hélt því fram, að framsóknarmenn og kommúnistar hefðu ætlað að drepa útgerðina með þessu, hafi hlaupið á sig.

Hvað snertir afnám skattfrelsis annarra hlutafélaga, sem rætt er um í 7. gr., þá er það að segja, að þau ákvæði eru samhlj. stjórnarfrv., og út af þeim ákvæðum var engin misklíð, þegar stjórnarfrv. var lagt fram, og því skyldi það þá vera nú, þótt þessi gr. sé aftur tekin upp í frv.? Eins og ég sagði áðan, þá tel ég eins gott að hafa efni 7. gr. í öðrum lögum, en vil aðeins benda hv. þdm. á, að ef menn eru sjálfum sér samkvæmir, þá hljóta þeir að sjá, að þessi gr. verður sett inn í frv. aftur í hv. Nd., þó hún verði felld úr því hér í hv. d. Þessi gr. var borin fram af fulltrúum Sósfl. í hv. Nd. og ég vil spyrja hv. fulltrúa Sósfl. í fjhn. þessarar d., hvort hann vilji ábyrgjast, að flokksmenn hans í Nd. vilji éta ofan í sig það, sem þeir samþykktu þar. Ef svo er, þá er öðru máli að gegna, og þá mun óhætt að afgreiða frv. svona breytt til hv. Nd.

Ég heyrði á fundi fjhn. í gærkvöld, að hv. meðnm. mínir væru vongóðir um, að frv. yrði samþ., þótt þær breyt. yrðu á því gerðar hér í hv. d., sem þeir fara fram á. — Ef svo er, þá breytir það miklu, en ég vil spyrja þá, hvort þeir geti ábyrgzt þetta.

Ég heyrði, að hv. frsm. meiri hl. lagði á móti brtt. hv. þm. Barð. Sennilegt er, að samþykkt þeirra verði frv. jafnt til falls sem brtt. fjhn., og er ég að því leyti á móti þeim, en eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, þá mun að sumu leyti vera litið með meira viðsýni á málið í þeim brtt. heldur en í brtt. hv. meðnm. minna.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Mér þykir rétt að taka fram, þótt ég sé með brtt. okkar fjögurra nm., að því fer þó fjarri, að ég telji með samþykkt þessa frv. fundna algera lausn í dýrtíðarmálunum. Í frv. er hvergi bent á lausn í sambandi við verðlag, skattamál og stríðsgróða. Samt tel ég, þar eð útséð er um, að frv. verði öðruvísi, að sú lausn, sem um ræðir í því, sé skárri heldur en ástandið verði óbreytt eins og það er nú. Með vísitölunni, eins og hún er nú, og þeim kostnaði, sem nú ríkir í sambandi við framleiðslustörf, þá tel ég vafasamt, hvort einstakir atvinnuvegir geti haldið áfram eða hvort þeir stöðvist, og ef vísitalan hækkaði enn í sumar, þá mundi það óhjákvæmilega koma fram á verði landbúnaðarafurða á komandi hausti. Ég tel þess vegna frv. skárra heldur en óbreytt ástand í dýrtíðarmálunum. Samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh. þá gerir hann ráð fyrir, að ef frv. verði samþ. í þessari mynd, þá mundi það lækka vísitölu í skyndi niður í 235 stig.

Hv. frsm. fjhn. sagði, og tel ég það rétt, að ef ekki yrði gerð breyt. á kaupi launafólks, þá gæti það tafið fyrir lækkuninni. Þetta atriði er komið undir því, hve röggsamlega hæstv. ríkisstj. beitir þeirri aðstöðu, sem hún fékk með l. um verðlag, sem afgr. voru frá Alþ. fyrr í vetur. Ég tel, að ef árangur af verðlagseftirlitinu eigi að sjást, þá verði það nú þegar að sýna meiri rögg af sér en hingað til.

Eins og frv. er nú, þá er horfið frá því að skerða kaupgjald launþega. Það er ljóst, að þessi hækkun vísitölunnar um nærri 30 stig léttir mikið undir á ýmsum sviðum framleiðslu og framkvæmda í landinu, og mest þar sem erfiðleikarnir eru stærstir, auk þess sem ég tel, að hún hafi áhrif á það, hvað verð landbúnaðarafurða verður ákveðið á næsta hausti, og getur vel farið svo, að þetta ríði baggamuninn. Síðan dýrtíðin magnaðist og ákvæði gengislaganna um fast hlutfall á milli kaupgjalds og verðlags raskaðist, þá vildi ég og lagði mikla áherzlu á, að reiknuð yrði út vísitala fyrir landbúnaðarafurðir og hlutfallið á milli bænda og verkafólks. Þetta mætti mikilli andstöðu, illu heilli, og það lánaðist að koma í veg fyrir, að þetta yrði gert. Nú í frv. er gert ráð fyrir, að n. verði skipuð til þess að rannsaka þetta. Ég tel bót að því, að slík n. skuli skipuð, en vil þó taka fram, að ég er ekki ánægður með skipun n. Þessari n. er líka ætlað að koma á samkomulagi milli aðila, um hlutfall milli kaupgjalds og verðlags. Vel er, ef þetta lánast, og ég vil leggja áherzlu á, að þetta verði reynt til þrautar.

Alþ. hefur nú setið lengur en nokkru sinni, eða í 5 mánuði, og ég verð að segja, eins og er, að því hefur ekki alls kostar lánazt að finna lausn í þessum málum, a. m. k. ekki svo, að meiri hlutinn vildi styðja hana. Samkv. frv. er nú ætlazt til, að leitað verði að lausn eftir nýjum leiðum. Úr því, sem komið er, tel ég rétt, að þessi tilraun verði gerð og til hennar verði vandað,

og illa er farið, ef spillt yrði að slíkar samningaumleitanir megi takast.

Verðlækkunin, sem gerð er samkv. frv., er miðuð við það tímabil, sem n. er ætlað til starfa. — Ég rengi ekki, að það sé illfær leið að koma fram lækkun á afurðaverðinu með greiðslum úr ríkissjóði. — Öllum er að vísu ljóst, að sú leið er gerleg, en samt ófær til lengdar, eða sem lausn á málinu. Hér er því aðeins um að ræða frest, á meðan tilraunin er reynd til þrautar. Til þess að standast kostnaðinn við framkvæmd l. er lagður á skattur sá, sem í frv. greinir og ég tel hinn vafasamasta.

Ég neita því að sönnu ekki, að það bætir mikið þennan skatt, að þrjár millj. af honum eiga að renna til alþýðutrygginganna, því að ég fullyrði, að verkefni í þeim efnum fer vaxandi og þörfin fyrir framlagi af hálfu hins opinbera einnig.

Að því er snertir áætlanir um það, hve miklar tekjur skatturinn muni veita, verð ég að segja það, að því er mig snertir, að ég hef ekki getað á þeim skamma tíma síðan þessu var breytt, gert áætlun, sem neitt megi á byggja, um það, hversu skatturinn nemur miklu. Hv. frsm. gat um áætlun, sem gerð var af fjármálaráðuneytinu á sínum tíma, og kom með áætlun um, hverju skatturinn mundi nema eftir þeim breyt., sem á hafa verið gerðar. Ég verð að segja, að við lauslega athugun finnst mér hæpið, að skatturinn muni nema þeirri upphæð, sem hv. frsm. nefndi. En ég hygg, að það sé rétt hjá hv. frsm., að þetta muni ekki svo stórkostlegu, að þetta þurfi að ríða neinn baggamun, að því er afgreiðslu málsins snertir.

Ég hef komizt að raun um það, eins og ég drap á fyrr, að það er með öllu vonlaust að fá afgreidd samtímis á þinginu verðlagsákvæði og skattamálaákvæði, sem snerta verulega stríðsgróðann í landinu. Ég tel því rétt eftir atvikum, að nú að þessu sinni sé snúið sér að því að afgreiðsla málsins verði á þennan takmarkaða hátt, sem ég hef nú lýst, að ákveða þessa verðlagslækkun, sem í frv. greinir, og gera þá tilraun, sem í frv. greinir, um að ná samkomulagi um rétt hlutfall milli verðlags og kaupgjalds, en blanda ekki inn í þetta afgreiðslu þeirra skattamála, sem mjög snerta stríðsgróðann, og á ég þar sérstaklega við þann stríðsgróða, sem safnazt hefur á undanförnu ári. Ég mun því ekki bera fram að þessu sinni brtt. við frv. í þá átt að taka upp eignaaukaskatt eða slíka skatta. En ég geri ráð fyrir, að ég muni sýna till. þess efnis við allra fyrsta tækifæri eftir afgreiðslu þessa máls.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) ræddi í þessu sambandi um 7. gr. frv., sem lagt er til brtt. frá meiri hl. n., að felld verði niður. Hann orðaði það svo, að þó að hann teldi að vísu ýmsa annmarka á gr. og sérstaklega á því að setja hana í þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá teldi hann þó til vinnandi að láta hana vera í frv. Ég fyrir mitt leyti álít, — þó að ég sé fylgjandi efni gr. í einstökum atriðum, — að ákvæðum skattal. um varasjóði og skattfríðindi varasjóðstillaga og annað slíkt þurfi heildarendurskoðun á, sem ekki hefur verið unnt að gera nú í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Og ég álít jafnframt, að löggjöfina um nýbyggingarsjóðina þurfi að bæta og breyta í verulegum atriðum, t. d. þurfi að tryggja það betur en nú er gert, að þessum sjóðum verði varið eingöngu til þess, sem tilgangurinn var samkvæmt l. og ætlazt var til, þegar ákvæðin um myndun slíkra sjóða voru sett, þannig að ekki megi láta þessa sjóði mæta taprekstri og fara í rekstrarhalla fyrirtækjanna, sem mundi draga þetta fé frá þeim nýbyggingum, sem þeim er ætlað að renna til. Þetta vildi ég aðeins benda á í sambandi við 7. gr. frv.

Ég vil endurtaka það, sem ég fyrr sagði, að því fer fjarri, að ég telji, að með samþ. þessa frv. sé nokkur lausn fengin á dýrtíðarmálinu. Það er með því aðeins keyptur frestur til þess að gera tilraun til þess að finna varanlegri lausn á því máli heldur en nokkur möguleiki var á, að hægt væri að fá á þessu þingi. Og jafnframt er hér um að ræða heimild til þess að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að lækka dýrtíðina á þessu tímabili. En þessa lækkun, sem fram kemur þó gegnum þá lækkun á afurðaverði, sem frv. gerir ráð fyrir, hana á með röggsamlegri framkvæmd hjá verðlagseftirlitinu að mega nota til þess að koma fram örari og meiri lækkun á því sviði heldur en ella mundi. Samkv. upplýsingum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið fjhn., þá er áætlað, að fyrir hver 10 stig, sem vísitalan lækkar, lækki útgjöld ríkissjóðs um 1500—1600 þús. kr. Og sjá þá allir, hversu miklu máli skiptir fyrir afkomu þjóðarbúskaparins, að eitthvað sé í þessu gert. Mér er einnig tjáð, að hjá einu einasta fyrirtæki hér, Eimskipafélagi Íslands, muni hver 10 stiga lækkun á vísitölunni samsvara 300—350 þús. kr. lækkun á árlegum gjöldum félagsins. Þó maður því verði að játa, að engin lausn er fengin á dýrtíðarmálinu með því að samþ. þetta frv., þá verður maður einnig að játa, að í viðbót við það hagræði og þann létti, sem ýmsar atvinnugreinar, sem nú eru mest aðþrengdar, fá með lækkun framleiðslukostnaðar, þá hlýtur lækkun vísitölunnar einnig að hafa veruleg áhrif til bóta á hag ríkissjóðs og ýmissa fyrirtækja, sem mikið er undir komið.

Ég vil því, eins og ég áður sagði, mæla með því, að frv. með þeim breyt., sem við fjórmenningarnir (meiri hl. fjhn.) höfum lagt til, að á því verði gerðar, verði samþ., og byggi ég það á þeim forsendum, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég minntist á það í gær, að eitt af því, sem tefur fyrir lausn þessa máls, væri það, að þjóðin væri ekki búin að gera upp við sig, a. m. k. hvort henni væri það eins mikið kappsmál að lækka dýrtíðina eins og oft af er látið. Ég segi þetta ekki til þess að gerast forsvarsmaður þess að halda dýrtíðinni uppi. En ég tel hins vegar, að þeim mönnum hafi borið skylda til þess að rannsaka þetta atriði til hlítar, sem hafa fundið hjá sér sterka hvöt til þess að berjast fyrir þessu máli. Og það dæmi, sem tekið var hér áðan af hv. 3. landsk. þm. (HG), að það sparaði ríkissjóði um 1600 þús. kr. á ári, ef dýrtíðin væri lækkuð um 10 stig, og Eimskipafélagi Íslands 350 þús. kr. gjöld á ári,

það er ekki nema önnur hliðin á málinu. Það hefur ekkert verið rannsakað, hve þjóðarbúskapurinn á sama tíma fengi miklu minna fé frá hinu erlenda setuliði, og það þarf að taka til athugunar á móti þessum tölum, sem hv. 3. landsk. þm. nefndi. Og það hefði verið skylda hæstv. ríkisstj. að gera sér þetta alveg ljóst, áður en hún lagði þetta frv. fram. Því að ef það við þá rannsókn kæmi fram, að þjóðarbúskapurinn fengi kannske þessa sömu upphæð eða meiri frá hinu erlenda setuliði, þá horfir málið öðruvísi við. En þetta hefur ekki verið upplýst á nokkurn hátt, og er leitt, að það skuli ekki hafa verið gert og niðurstaðan af því lögð fyrir þingið, áður en það átti að greiða atkv. um þetta mál.

Ég hef á þskj. 737 borið fram nýjar till. í þessu máli. Hv. fjhn. hefur haft þær till. til athugunar og ekki séð sér fært að taka neitt af þeim til greina, og mér skilst þá sérstaklega vegna þess, að hún álítur þær svo róttækar, að ef þær væru samþ., þýddi það sama sem að vísa málinu frá eða að það dagaði uppi. En ef það eitt er ástæðan fyrir því, að ekki beri að ræða þessar brtt. minar eða taka þær til greina, þá er hæstv. Alþ. að sjálfsögðu komið út á þá braut að gefa sér ekki tíma til þess að athuga þær till., sem fram koma í annarri d. þingsins, vegna þess hve hin d. hefur haldið málinu lengi, og það, hvort sem þær till. miða til hins betra eða ekki. Sú stefna var vítt hér í gær, og hún verður aldrei um of vítt, að koma í veg fyrir það með drætti á afgreiðslu máls í annari d., að hægt sé í stóru máli að taka til athugunar hverja þá till. frá hinni d., sem gæti orðið til bóta í málinu.

Brtt. mín við 1. gr. frv. miðast fyrst og fremst við það, að ég tel algerlega óviðeigandi, að hæstv. Alþ. fari hvað eftir annað inn á þá braut að svíkja skattþegna sína. Slík aðferð í skattamálum kippir algerlega örygginu undan þjóðarbúskapnum yfirleitt og hlýtur að lenda út í öngþveiti fyrr eða síðar. Það er svo allt annað mál, hvort skattarnir eru kannske of háir. Því vil ég ekki blanda neitt saman við hitt, að svíkjast aftan að skattþegnunum. En það er ekki hægt annað en að viðurkenna, að þessi stefna, sem tekin hefur verið upp hér á þremur þingum í skattamálum, að láta l. alltaf verka aftur fyrir sig, er alveg óverjandi. Hún er svo siðspillandi í fjármálalífinu, að þar má hæstv. Alþ. alls ekki ganga á undan. Hún er svona líkt eins og maður færi að byrja að velja sér áfenga drykki, þætti þeir bragðvondir í fyrstu, síðan skárri, og síðast drykki hann þá vegna áhrifanna af þeim, hversu siðspillandi sem þeir eru.

Ekki verður lokað augunum fyrir því, að hér þarf að afla tekna. Það er sérstakt atriði, sem ekki má blanda saman við það að svíkjast aftan að skattþegnunum. Þess vegna hef ég lagt til, að farið væri inn á alveg sérstaka leið um að afla tekna þeirra, sem alveg eru nauðsynlegar til þessara mála til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hér er gert ráð fyrir til þess að lækka dýrtíðina. Ég vil nú dálítið gera grein fyrir þeim mismun, sem er á þessari aðferð samkv. brtt. minni móti því, sem gert er ráð fyrir í frv., eins og það liggur nú fyrir.

Verzlanir í þessu landi held ég, að allir séu sammála um, að séu einmitt þær stofnanir, sem á þessum tímum séu langfærastar um að taka á sig einhverjar byrðar. Og ef einhver verzlun veltir t. d. 2 millj. kr., þá mundi hún samkv. brtt. minni verða að greiða um 20 þús. kr. í skatt. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sem samkv. blöðunum hefur haft í hreinan ágóða um 125 þús. kr., mundi samkv. þessum skattaákvæðum, sem hér liggja fyrir í frv., eiga að greiða 18370 kr. auk þeirra skatta, sem það ætti að greiða samkv. gildandi skattal. En samkv. brtt. minum yrði það að greiða 20 þús. kr. Auk annars hefur þetta fyrirkomulag um að ná þessum tekjum þann kost, að það er trygging fyrir ríkissjóð, að hann fær þetta gjald, sem þannig væri lagt á reksturinn strax. En það er engin trygging fyrir því, að ríkissjóður fái það gjald, sem lagt væri á reksturinn eftir á, því að oft ber það við, að ekkert fé er til að greiða með gjöld, þegar eftir á á að fara að innheimta þau. Það þekkja allir, sem við innheimtur fást, að greiðslur á gjöldum dragast oft árum saman eftir að þau eiga að greiðast.

Því hefur verið haldið fram, m. a. í hv. fjhn., að það væri í raun og veru sama sem að hækka dýrtíðina að leggja á slíkan skatt. En að halda því fram er það sama og að halda fram, að verðlagseftirlitið sé einskis virði. Því að ef ekki er hægt með verðlagseftirliti að fyrirbyggja það, að skattur þessi kæmi á neytendur, þá er heldur ekki með sama hætti hægt að tryggja það, að eigendur verzlunarfyrirtækjanna tækju ekki sömu upphæð og áður í sinn vasa. Svo að þau rök á móti því að leggja á þennan skatt fá ekki undir neinum kringumstæðum staðizt. Till. mín hefur líka þann kost, að með því fyrirkomulagi er ekki gengið aftan að skattþegnunum né brugðizt þeim loforðum í l., sem gefin hafa verið út á Alþ. Í því sambandi vil ég vekja athygli hv. þdm. á því, hvort þeim þætti sanngjarnt að setja nú l. um að hækka alla tolla á vörum í landinu, t. d. allt útflutningsgjald á öllum afurðum bænda og sjávarútvegsins í landinu, og segja, að þetta skuli gilda fyrir allt árið 1942. En það mundi vera alveg sambærilegt við það, sem nú á að gera hér. Og ég er viss um, að ef sú leið væri farin, þá mundi öll þjóðin rísa upp og segja: „Hér er verið að svíkjast aftan að hverjum einasta þegni þjóðfélagsins.“ Og það væri rétt. Það er þessi skoðun mín á málinu, sem hefur orðið til þess, að mér finnst sjálfsagt að bera fram brtt., sem gerir hvort tveggja í senn, að benda á leið til þess að leysa málið, miklu heppilegri og betri leið en í frv. er bent á, og hins vegar að forða Alþ. frá þeirri smán, sem það nú er að lögbinda hér í þriðja skiptið á tveimur árum um að ganga á bak orða sinna um skattamálin almennt. En hitt, hvort skattarnir skuli vera, eins og hv. frsm. fjhn. minntist hér á, 96% af tekjunum eða eitthvað minna, það er annað mál, sem á að ræðast alveg sérstaklega.

Hitt er ég svo sammála hv. 3. landsk. þm. (HG) um, að þessi mál hefði átt að leggja allt öðruvísi fram; það hefði ekki átt að blanda saman við afgreiðslu dýrtíðarmálanna afgreiðslu neinna skattamála, sem snerta sérstaklega mikið stríðsgróðann.

Ég lít einnig svo á, að þegar hæstv. ríkisstj. og Alþ. hafa orðið sammála um, að það sé nauðsynlegt að lækka verðlagið í landinu með framlögum úr ríkissjóði, þá eigi um leið að gera sér grein fyrir því, hvort það sé rétt að láta þá byrði alla saman koma niður á einu ári. Sú hlið málsins hefur heldur ekki verið athuguð. Og það er þess vegna, sem ég hef lagt til í brtt. minni, að þessum málum verði haldið alveg sérstökum, þannig að fénu, sem til þeirra á að verja, sé haldið aðskildu frá ríkissjóðnum, með því að skapaður verði alveg sérstakur verðlækkunarsjóður, sem hefði það hlutverk með höndum að vinna á móti dýrtíðinni, eftir því sem rétt þykir og nauðsynlegt á hverjum tíma, og að sérstakir skattar séu teknir inn í þann sjóð, og ef nauðsynlegt þætti, einnig innanríkislán til þess að lækka dýrtíðina, eins og sýnist, að menn hafi komið sér saman um, að nauðsynlegt sé að gera og að þessum skattabyrðum verði dreift á fleiri ár, ef það þætti of þungur baggi að greiða þau gjöld á einu ári. Kæmi það svo fram við rannsókn, að það þætti ekki þörf á að nota þessa heimild til að dreifa þessum byrðum, þá er sjálfsagt að láta þessa gjaldakvöð ganga yfir á einu ári. En komi það fram, að landsmenn geti ekki þolað það með skaplegum hætti, þá er gersamlega rangt að láta þessi gjöld koma sem byrði á þjóðina á einu ári.

Ég hef gert till. um það í brtt. minni, að verðlækkunargjaldið mætti ekki afnema fyrr en allt það fé er greitt, sem tekið kynni að vera til láns til þess að mæta útgjöldum vegna dýrtíðarráðstafananna, þó að það tæki mánuði eða ár að innheimta það hjá þjóðinni.

Ég hef þá gert dálitla grein fyrir brtt. minum viðvíkjandi 1. gr. frv. Mér er að sjálfsögðu ljóst, eins og málum er komið nú, að þá muni þær ekki ná fram að ganga. Sú stefna er hér uppi í þessari hv. d., að hversu nauðugt sem þdm. það er að samþ. þetta frv. eins og það er nú, þá verði menn að fylgja því, eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) minntist á, til þess að komast eitthvað ofurlítið áfram í þessu máli. Þar að auki er mér líka ljóst, að þar sem hv. fjhn. d. hefur að miklu leyti orðið sammála um afgreiðslu málsins hér í hv. d., þá muni hv. þd. ekki samþ. þessar brtt. minar, jafnvel þó að hún viðurkenni með sjálfri sér, eins og hv. 1. þm. Eyf. hefur gert hér, að þær hafi ýmislegt í sér, sem betur færi á, að samþ. væri, heldur en þær till., sem komið hafa fram frá hv. fjhn. (BSt: En þær eru ekki frá mér). Þó að ég hafi sett þessar till. hér fram, sem ég gerði áður en ég sá till. meiri hl. fjhn., þá mun ég ekki halda því til streitu að láta þessa brtt. við 1. gr. frv. koma til atkv., ef það yrði á einhvern hátt til þess að trufla framgang málsins. Og mun ég þá taka brtt. aftur, eftir að hafa lýst afstöðu minni til þessa máls. En ég mun hins vegar, þegar þessi mál verða rædd hér, væntanlega á næsta þingi, taka málið upp á ný. Því að mér er fullkomlega ljóst, að það er ekki rétt í skattamálum almennt að fara þá leið, sem hér er farin og farin hefur verið á undanförnum þingum. Og ég tek þá líka aftur brtt. við 4. og 5. gr. frv. [Fundarhlé].

Ég minntist áðan á það, að samkv. till. fjhn. eiga 3. og 6. gr. frv. að falla niður, og vil í því sambandi benda á, að það er náttúrlega ekki öryggi fyrir því, að þau ákvæði, sem þá standa eftir í 5 gr., komi í raun og veru að gagni í þessum málum. Í 5. gr. stendur, að ríkisstj. hafi heimild að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands að ákveða verð á mjólk og kjöti, og var það raunverulega miðað við það, að bændur fengju þau fríðindi, sem 3. gr. ákveður. Nú skilst mér, ef 3. og 6. gr. falla burt, að vafasamt sé, hvort tryggt verður, að búnaðarfélagið veiti samþ. sitt, og þá koma fram erfiðleikar við framkvæmd 5. gr. Ég veit ekki, hvort fjhn. hefur gert sér þetta ljóst, en mér skilst, að þetta sé atriði, sem ekki megi loka augunum fyrir við afgreiðslu málsins.

Ég mun ekki tefja umr. um málið á þessu stigi, en ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, minna á 7. gr. á þskj. 728. Þar er gert ráð fyrir, að skattfrelsi, sem hlutafélög hafa áður notið, bæði þau, sem hafa rekið verzlun, iðnað og hver önnur viðskipti, falli alveg burt og skattfrelsi þeirra, sem reka sjávarútveg, að því leyti til, að varasjóðstillag fari í nýbyggingarsjóð, og auk þess er líka sú takmörkun, að þetta megi ekki vera lengur en meðan sá sjóður er innan við eina millj. kr., eða, sem er líka nýmæli, jafnhár vátryggingarupphæð viðkomandi skips. Nú er ekki gert ráð fyrir því, hvernig með skuli fara, ef skip ferst, en það hefði mér þótt þurfa að taka nánar til athugunar. En út af þeim ummælum, sem áður hafa komið fram, að þetta sé ekki skerðing á rétti þeirra félaga, sem reka útgerð, þá vil ég leyfa mér að benda á, að það hlýtur raunverulega að fara saman, ef á að tryggja, að nýbyggingarsjóður komi að notum, og þar er ég sammála hv. 3. landsk. og hv. 5. þm. Reykv., að eigi að búa svo um hnútana, að það sé ekki hægt að nota nýbyggingarsjóð til neins annars en nýbygginga, og ég hef litið svo á, að það sé mikill galli á skattal. frá 1942, þegar ákveðið var, að mætti undir vissum kringumstæðum nota nýbyggingarsjóð til að greiða rekstrarhalla, en þá kemur sjóðurinn ekki að tilætluðum notum og fær ekki heldur þá samúð hjá þjóðinni, sem þörf er fyrir sjóð, sem er undanþeginn skatti. Til þess að hægt sé að fyrirbyggja það, þarf að búa svo um hnútana, að einhver hluti af ágóða viðkomandi fari í varasjóð, sem getur mætt tapi erfiðu áranna, en það er ekkert samræmi í að taka allan gróðann og leggja í bundinn sjóð, og þá er ekkert til að mæta skakkaföllunum nema þessi bundni sjóður, því að annars yrði viðkomandi félag að gefast upp, þegar enginn sjóður er til að eyða í erfiðu árunum. Þetta er ekkert vantraust á lánsstofnanirnar, því að það má ekki heldur lána út á þessa sjóði eða veðsetja þá.

Það er því misskilningur, að verið sé að styrkja útgerðina með því að setja allan ágóðann í nýbyggingarsjóð eins og hér er farið fram á.

Ég get ekki heldur fellt mig við 7. gr. eins og hún er, vegna þess að hún er rifting á l., sem áður hafa verið gefin út, og samkomulagi, sem gert var milli allra flokka þingsins, þegar skattal. voru sett, og ég hef lýst, hvernig ég tel þá braut hættulega, að fara inn á riftingu í þeim málum. Þá vil ég líka benda á, að með því að takmarka þessa upphæð við aðeins eina millj. kr., þá er

togarafélögum, sem nú eiga allt að 7 skipum, gert ókleift að byggja nema í mesta lagi eitt skip, en það eru ákaflega mikil höft á því, að hægt sé að viðhalda flotanum, en ég held að allir viðurkenni, að sé þjóðarnauðsyn, að hann sé til, þó að um hitt séu skiptar skoðanir, hver eigi að eiga hann. Eins og nú standa sakir, fæst ekki einu sinni eitt skip fyrir þessa upphæð, en á venjulegum tímum gætu menn fengið skip af sömu stærð og okkar fiskiskip fyrir um 500 þús. kr., og verður vafalaust langt þar til slík skip fást fyrir minna en eina millj. kr. Ég er vitanlega algerlega á móti þessari miklu skerðingu á flotanum vegna alls þess almennings í landinu, sem á lífsviðurværi sitt undir þessari atvinnugrein. Ég hef þess vegna lagt til á þskj. 737, að þessari gr. verði gersamlega breytt. Þar er farið inn á nýmæli. Það er nokkurs konar skyldusparnaður, en þó frjáls leið. Það er heimild fyrir stj. til að taka innanríkislán, vaxtalaust, þangað til eftir ófrið, en láta þar koma á móti, að þær fjárhæðir, sem einstaklingar eða félög nota til þess að kaupa slík skuldabréf, megi draga frá hreinum tekjum viðkomanda. Því hefur verið haldið fram með rökum, að það væri eitt af aðalmeinum dýrtíðarinnar, hversu peningaflóðið væri mikið hér á landi, og ef það er rétt, þá væri það spor í rétta átt, ef hægt væri að draga frá almenningi svo og svo mikið af því peningaflóði, sem nú er á markaðinum, með því að binda það í ríkisskuldabréfum og eiga það eins og varaforða þjóðarinnar til erfiðu áranna, og ég er ekki í vafa um, að sú stefna er rétt, og það á að fá fólk til að leggja til hliðar undir umsjón ríkisins svo og svo mikið af því fé, sem það þarf ekki á að halda nú, og eiga það til erfiðu áranna.

Til þess að tefja ekki um of tíma hv. d., mun ég lýsa yfir, eftir að ég hef skýrt afstöðu mína til málsins, að ég mun taka aftur brtt. mína á þskj. 737, þar til ég sé, hvernig fer um afgr. málsins við 2. umr., — hvort till. fjhn. verða samþ., — því að það gerbreytir fyrir mér málinu, ef frv. verður afgr. þannig, sem ég álít til stórbóta frá því, sem það er nú, þó að þá yrði eftir sem áður í frv. sú ósæmilega fyrirskipun að taka skatt aftur fyrir sig, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. En þó er þess að geta, ef nokkuð má marka það, sem sagt er á Alþ., að ekki er gert ráð fyrir, að þessi skattur sé tekinn nema eitt ár, og ég vænti þess, ef þetta verður samþ., að hv. þm. verði þess minnugir, að það sé aðeins gert til að bjarga þessu máli heldur en að láta það stranda á síðustu stund, en ekki fyrir það, að það sé kallað lagalega eða siðferðislega rétt að afgreiða slík lagaákvæði frá Alþ. Íslendinga.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það lítur út fyrir, að hv. þm. telji, að búið sé að finna svo góða lausn á málinu, að ekki þurfi að sinna því meir og hafi því engan áhuga fyrir því. Ég er ekki jafn viss um, að svo sé. Mér sýnist heildarmyndin af málinu nú vera sú, að lítið sé eftir af dýrtíðartill. annað en tilraun til að reyna að stöðva dýrtíðina, meðan verið sé að gera aðra till. í n., sem skipuð er til að reyna að finna grundvöll undir umr. um lausn málsins. Eins og málið horfir við og líklegt er, að það verði afgr., sýnist mér það vera í aðalatriðunum þannig, að það hefur verið reynt að ganga hina frjálsu leið í fimm mánuði, og árangurinn liggur hér fyrir. Við skulum vona, að árangurinn af næstu mánaða starfi verði eitthvað meiri.

Það er auðsætt mál, — enda kom það fram hjá hv. þm. Barð., — að eftir að felld hefur verið niður 3. og 6. gr., sem gerðu ráð fyrir, að ef til vill væri hægt að komast að samkomulagi við félagasambönd launþega, þá er engin trygging fyrir því, að bændur vilji gefa það samþykki, sem ræðir um í 5. gr. Bændur eru yfirleitt á móti því, að varið verði peningum til að lækka vörur. Þeir kunna að hugsa sem svo, að þegar hætt verður að veita þannig fé til verðlækkunar, þá sé engin trygging fyrir, að vöruverð fari aftur upp í það, sem þyrfti að vera. Vonandi er, að til þess komi ekki, en óneitanlega er allt erfiðara viðfangs, þegar ekki er gert ráð fyrir gagnkvæmum tilhliðrunum, eins og gert var ráð fyrir í frv., þegar það kom til þessarar hv. d. Má gera ráð fyrir, að hvorugar stéttirnar hefðu viljað láta það um sig spyrjast, að þær skoruðust undan að verða við þeim tilslökunum, sem átti að fara fram á við þessar stéttir í sambandi við 3.—5. gr., en eftir að 3. gr. hefur verið felld út úr, eins og gert er ráð fyrir í brtt., sem hér liggur fyrir, þá er það alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að það geta orðið erfiðleikar á framkvæmdinni. Ég fullyrði ekkert um þetta, en sjálfsagt er þó að hafa hliðsjón af þessu, þegar 3. gr. er felld niður, og þá er auðsætt mál, að þá er lítið eftir af dýrtíðartill. annað en að skipa 6 manna n. til að reyna að finna hlutfallið milli verðlags og kaupgjalds, og má búast við, að mikið af starfi hennar verði að rannsaka það, sem mest hefur verið deilt um hér á þingi í fimm mánuði, hvort verðlag á landbúnaðarafurðum hafi hækkað tiltölulega meira en kaup í landinu. Og þegar hv. 3. landsk. minntist á, að nokkurn tíma skyldi hafa verið farið út af grundvellinum, sem lagður var 1939, þar sem gert var ráð fyrir, að verð á landbúnaðarafurðum hækkaði um sömu prósenttölu og kaup í landinu, þá liggur það alls ekki fyrir í þessu máli, heldur er það einmitt það, sem mest er um deilt. Nú liggur fyrir sú lausn í dýrtíðarmálinu að rannsaka þetta sem grundvallaratriði undir, að hægt sé að fara einhverja frjálsa leið, því að vitanlega þarf fyrst og fremst að leggja fyrir fullkomnar hagfræðilegar tölur um það, hvernig þessu atriði sé háttað. Ef á að fara einhverja frjálsa leið í þessu máli, þá er ómögulegt að hafa vinnubrögð eins og glöggt komu fram í Nd., þar sem hver stóð upp á eftir öðrum og sýndi og sannaði, að þetta grundvallaratriði er enn á því stigi í okkar þjóðfélagi, að þegar einn mjög glöggur fjármálamaður fullyrðir, að grunnkaup hafi hækkað um 48%, þá segir annar 51, sá þriðji 65, sá fjórði 71 og sá fimmti 16%. Ég hygg, að slíkt eigi sér hvergi stað annars staðar. Ég hef í því efni leitað mér upplýsinga erlendis, hvernig kaup og verðlag hafi þar hækkað, og þar stendur ekki á svörunum, heldur eru þar opinberar stofnanir, sem tilkynna, að svona sé það í dag. M. a. sendi ég símskeyti til Banda-

ríkjanna og fékk upplýsingar um, hvernig því er háttað þar. Við aftur á móti erum ekki lengra komnir en svo, að við erum að deila um það, og eini ávinningurinn er sá, að nú á að skipa 6 manna n., sem rannsakar þetta ásamt öðru, sem kemur í ljós við starf n., en að vísu liggur þessi grundvöllur ekki fyrir í dýrtíðarmálinu, þegar n. hefur lokið starfi sínu, nema hún verði öll sammála. Ég get ekki séð, að nú liggi fyrir önnur lausn en sú, að þessi n. eigi að finna umræðugrundvöll, ef hún verður sammála. Í þessum orðum mínum liggur þó engan veginn það, að ég sé að lasta, að svo verði gert, síður en svo. Þetta er einmitt nauðsynlegur grundvöllur til þess, að hægt sé að ræða málið og leysa það með þeirri aðferð, sem þingið hefur hugsað sér.

Hins vegar er ekki að undra, þótt okkur veitist erfitt að færa dýrtíðina niður. Þó get ég ekki annað en mótmælt því, sem mjög er nú haldið fram, að þjóðina skorti enn skilning á þessum málum og vilji engu fórna, til þess að lausn þeirra megi takast. Ég held, að þjóðin hafi alltaf skilið þá hættu, sem stafar af aukinni dýrtíð, og ef fulltrúar hennar á Alþ. gætu orðið sammála, þá mundi að minni hyggju sízt standa á þjóðinni. Hins vegar er ekki því að leyna, að eftir því sem dýrtíð hefur staðið lengri tíma, venjast menn henni meir og meir, og allar greiðslur samræmast henni smám saman, svo að erfiðara verður að færa hana niður. Það, sem þjóðin hefur alltaf viljað ásamt Alþ., er að stöðva vöxt dýrtíðarinnar, en um niðurfærslu hennar hefur hins vegar ekki verið jafnóskiptur vilji. Og þegar við gefumst nú upp við þessi dýrtíðarmál eftir fimm mánaða viðleitni, þarf það ekki að koma okkur svo mjög á óvart, að ekki skuli hafa tekizt betur til um niðurfærslu dýrtíðarinnar, því að það hefur yfirleitt reynzt erfitt með öðrum þjóðum líka. Hins vegar er þjóðin nú eins og áður reiðubúin að leggja nokkuð á sig til að stöðva vöxt þessarar dýrtíðar.

Þó að ég geri lítið úr því, sem áunnizt hefur í dýrtíðarmálunum, felst ekki í því ásökun í garð þingsins, því að ég hygg, að við eigum eftir að reka okkur á, að það verður erfitt, ef ekki lítt framkvæmanlegt, að færa dýrtíðina niður, nema dýrtíðin fari að sverfa svo mjög að mönnum, að af leiði stöðvun á atvinnulífinu, þannig að augu manna opnist fyrir því, að þeir komist ekki hjá því að leggja á sig nokkrar byrðar til að færa hana niður að verulegu leyti. Ég er nú svo bölsýnn, að ég geri ráð fyrir, að þótt við smeygjum málinu fram af okkur að þessu sinni og setjum það í n., þá munum við mæta sama vanda aftur, þegar n. skilar áliti.

Annað atriði, sem mjög kemur til greina í þessu sambandi, er það, að stríðsgróðinn sleppur við skattlagningu. Á það hefur verið bent, að meira átak þarf til að færa niður dýrtíðina en stöðva vöxt hennar og þeir, sem mest hefðu grætt á hinu óeðlilega ástandi, yrðu einnig að fórna mestu. Sá maður, sem grætt hefur t. d. hálfa milljón kr. á styrjaldarástandinu, ætti að réttu lagi að borga nokkuð mikið af þeirri upphæð, því að þessi upphæð er meira virði, eftir að dýrtíð hefur verið færð niður, en áður, og eigandinn getur keypt fyrir hana meiri vinnukraft og önnur verðmæti. Niðurfelling dýrtíðarinnar er aukagróði fyrir þá, sem mikið hafa grætt áður, og því getur það ekki talizt nein fórn, þó að talsvert sé af þeim tekið. Auk þess ber að gæta þess, að þeir menn, sem safnað hafa fé vegna styrjaldarástandsins, eiga það fé á engan hátt hyggindum sínum eða sérstökum hæfileikum að þakka. Það er nokkurs konar rekagóss, sem borið hefur á fjörur þeirra. Það er sjálfsagt að gera mun á því, hvað er starfsgróði manns og hvað stríðsgróði hans. Það þarf því ekki að vera af neinni hneigð til að skattpína borgarana, þó að gengið sé eftir skatti af stríðsgróða manna.

Nú kemur það einkennilega fyrir, að um leið og gengið er frá þessum dýrtíðarmálum með skipun n. til að finna grundvöll fyrir niðurfærslu kaupgjalds og verðlags, er skilið svo við það atriði, sem einna mest hefur verið rætt um, skattlagningu stríðsgróðans, að þar verður engin breyting á. Ég er satt að segja hissa á þessum vinnubrögðum, svo skýrar yfirlýsingar sem fram hafa komið um þetta atriði frá ýmsum þingflokkum. Það er gert ráð fyrir, að felld sé niður 7. gr. úr frv., og mér er sagt, að verkamannaflokkarnir hafi báðir gengið inn á þessa breytingu gegn því, að þeir fái af peningum þeim, sem inn koma samkv. skattaákvæðum 1. gr., þrjár millj. kr. til að endurbæta alþýðutryggingalöggjöfina. Nú má fullyrða, að peningar til að fullkomna alþýðutryggingarnar muni ekki verða vandfengnir eftir stríðið, því að verði menn samnmála um nokkurn hlut eftir þessa styrjöld, þá munu þeir verða það um nauðsyn á bættri tryggingalöggjöf. Og vissulega mun ekki standa á okkur framsóknarflokksmönnum að styðja það mál. En það er auðsætt, að ef á annað borð á að fara að ræða um hlunnindi einstökum stórgróðafélögum til handa, þá eru í rauninni engin takmörk fyrir því, hvernig þau geta notað flokksaðstöðu sína og áhrif á þingi til að losna við nokkur hundruð þúsunda króna skatt gegn því að veita aukið fé úr ríkissjóði til alþýðutrygginga eða slíkra hluta. Slíkt væri ákjósanleg verzlun fyrir þessi fyrirtæki. En viðvíkjandi því, að fram hafi komið mótmæli við 7. gr. frá togaraeigendum og félagi farmanna, er það að segja, að þau mótmæli byggjast á misskilningi á gr., a. m. k. að því er farmannasambandið snertir. Ef gr. er rétt skoðuð, er auðséð, að varasjóðshlunnindin eiga að vera takmörkuð hjá þeim gróðafélögum, sem ekki stunda útgerð, og þeim, sem safnað hafa ákveðinni upphæð í varasjóð. En öll önnur félög, sem stunda sjávarútveg, mundu græða á þessu. Þá er ákveðið, að varasjóðstillag skuli allt renna í nýbyggingarsjóð í stað helmingsins, og væri það mikil trygging fyrir því, að hjá öllum félögunum nema hinum stærstu yrði varasjóðurinn meir notaður til endurbygginga en áður var. Farmannasambandið virðist ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. Útgerðarfélögin öll nema hin stærstu mundu fá aukin réttindi, úr ⅛ í ⅓. Þegar þess er gætt, verður að telja undarlegt, að fulltrúar verkamannaflokkanna hér í hv. d., sem fundu það helzt að fráfarandi ríkisstj., að hún gerði lítið til að skattleggja stórgróðann, skuli nú sjálfir beita sér móti till. um þetta. Annars er þetta umræðuefni allt svo viðtækt, að of lang-

an tíma tæki að ræða það hér til hlítar, enda óvíst, að dýrtíðarmálunum yrði þá lokið á þessu þingi. En allar líkur benda nú til þess, að 7. gr. verði felld úr frv. hér í hv. d., hvað sem hv. Nd. kann að gera. Og ef frv. fer út úr þinginu án 7. gr., er ekki hægt annað að segja en stríðsgróðamennirnir hafi komið ár sinni vel fyrir borð, því að það hlýtur auðvitað að verða miklum erfiðleikum bundið vegna hátíðar þeirrar, sem í hönd fer, að taka málin upp á næsta þingi og ljúka þeim, áður en ganga þarf frá þeim hjá skattan., enda mun tilgangurinn vera sá, að ekki verði skert hár á höfði stríðsgróðamannanna þetta árið.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get enn lýst yfir því, að ég er engan veginn ánægður með þetta frv. Ég var ekki ánægður með það eins og það kom frá hv. Nd., og er jafnóánægður með það enn, því að ég tel, að í því felist engin lausn á vandamálinu, heldur aðeins tilraun til lausnar. Ráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í 5. gr., eru að mínum dómi ekki afsakanlegar nema sem óhjákvæmilegar bráðabirgðaráðstafanir, af því að afurðasölumálunum hefur þegar verið stefnt í öngþveiti. Það er engin lausn að gefa með landbúnaðarvörum, því að það lækkar ekki dýrtíðina á nokkurn hátt. Þó að það kunni að takast með þeim hætti að koma vísitölunni nokkuð niður á við, er dýrtíðin óskert í raun og veru. Kaupandinn greiðir þá aðeins nokkurn hluta vöruverðsins í búðinni, en hinn í skatta. Sá, sem neytir lítils af vörunni, greiðir þannig fyrir þann, sem mikils neytir. Hinir efnaminni, sem neyta t. d. lítils kjöts, greiða fyrir hina, sem hafa efni á að neyta kjöts eftir vild. Þetta kemur líka ranglátlega fram gagnvart bændum, því að stórbóndinn fær á þennan hátt meiri uppbót en smábóndinn. Hins vegar virðist mér alveg óhjákvæmilegt að fara inn á þessa leið, og það er afsakanlegt frá sjónarmiði neytenda, að þeir skattar, sem lagðir eru á, séu lagðir á þá efnaðri, á háu tekjurnar. Að vísu má svara því til, að það sé sama hver peningurinn komi í ríkissjóðinn, því að hann fari í einn sameiginlegan sjóð allra landsmanna. En á hitt ber að líta, að þessir skattar mundu ekki hafa verið lagðir á nema í þessu skyni, og það ríður baggamuninn og afsakar leiðina.

Hitt ber að játa, sem komið hefur hér fram, að bæjarfélögin missa við þetta skatta, og þá einkum þau, sem enga stórgróðamenn hafa sem gjaldendur hjá sér. Því ber nauðsyn til þess á næsta þ. að gera ráðstafanir til nýrra skattstofna fyrir bæjarfélögin, og t. d. mætti afnema hámark útsvarsálagningarinnar eða láta meira af stríðsgróðaskattinum renna til bæjarsjóðanna.

Í sambandi við umr. þessa um dýrtíðarmálin kemst ég ekki hjá því að taka fram, það sem ég álít, að fyrst af öllu hefði átt að gera til að minnka dýrtíðina, jafnframt því sem fastur grundvöllur hefði fengizt um verð landbúnaðarafurða, það var að minnka tollana og afnema þá af nauðsynjavörum. Hefði það strax getað lækkað dýrtíðina um 20—30 stig. — Það er fáránlegt og í raun og veru alveg óskiljanlegt, hvernig mönnum gat dottið í hug að ausa út tugum millj. kr. í þeim tilgangi að lækka dýrtíðina, en leggja síðan á skatta, sem aftur hækka dýrtíðina.

Nú, svo háttar þannig til hér á hv. Alþ., að ekki er hægt að fá skynsamlega lausn á dýrtíðarmálinu. — Dýrtíðarl. þurfa að vera árangur sameiginlegs vilja á hv. Alþ., en nú er sá sameiginlegi vilji ekki fyrir hendi, því að þar gætir svo ólíkra sjónarmiða, og þessi ólíku sjónarmið munu halda áfram hér innan þingsalanna, svo lengi sem þjóðfélagsskipulag okkar er eins og það er í dag, þar sem andstæður stéttanna og hin ólíku sjónarmið eigast við. Á meðan þjóðfélag vort er þannig saman sett af andstæðum og stríðandi stéttum, þá er ekki við öðru að búast en að hv. Alþ. sé endurspeglun þess, sem er að gerast úti í þjóðfélaginu, þar sem fulltrúar stéttanna eiga þar sæti. Því er ekki nema eðlilegt, að árangurinn verði í samræmi við það.

Ég tel, að dýrtíðarfrv. hafi í meðförum hv. fjhn. þessarar d. tekið breyt., sem til bóta eru að allverulegu leyti. Í fyrsta lagi, að lagt skuli til, að sleppt verði 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að leitað verði samkomulags við verkalýðsfélögin um 12% launalækkun í maí n. k. Í samræmi við þetta er svo lagt til, að 6. gr. falli einnig niður. — Það hefði í sjálfu sér ekki gert mikið hvorki til né frá, þó að þetta hefði staðið í l., þegar þess er gætt að harla lítil líkindi hefðu verið fyrir því, að nokkurt samkomulag um kauplækkun hefði náðst, en vegna þess að það er blátt áfram ósanngjarnt að fara fram á slíkt við verkalýðinn, þá kann ég miklu betur við, að þetta atriði verði alveg þurrkað burt úr frv.

Við verkalýðsfélögin var gerður samningur um dýrtíðaruppbótina, að hún miðaðist við mánuðinn, sem leið, og á þann hátt er lagt fyrir, að verkalýðurinn tapi á vaxandi dýrtíð, en græði aftur með lækkandi dýrtíð, þ. e. a. s., að kaupgreiðslan fari á þennan hátt eftir sveiflu dýrtíðarinnar upp og niður aftur, að svo miklu leyti sem hún breytist samkv. dýrtíðaruppbótinni. Að vísu er hér um frjálsan grundvöll til samninga að ræða, en fyrir þær sakir, sem ég hef þegar drepið á, tel ég ekki rétt, að þetta ákv. um samningaumleitanirnar verði haft í l. Aftur á móti teldi ég illa farið, ef svo ætti að ganga frá þessu eina skattafrv., að ekki væri neinu fé varið til breyt. á alþýðutryggingarl. En þær breyt. koma til með að kosta mikið, ef árangur á að nást. Tel ég því mjög ákjósanlegt, að 3 millj. kr. renni til þessa breyt., eins og ráðgert er.

Um 7. gr. frv. er það að segja, að ég vildi, að ákvæði þeirrar gr. hefðu verið tekin upp í einhverju öðru formi og að jafnframt hefðu verið gerðar nauðsynlegar breyt. og endurbætur á skattal., sem gengju m. a. í þá átt að tryggja það, að meira fé fari í nýbyggingarsjóðina en nú fer þangað, svo og að tryggja smáútgerðarmönnunum meira réttlæti en þeir nú hafa. — Ég vil vona, að samkomulag náist um, að nauðsynleg ákvæði 7. gr. komist í framkvæmd. Hitt er aftur annað mál, að skattal. þurfa róttækari breyt. en þeirra, sem ákv. 7. gr. gera ráð fyrir, og í trausti þess, að skattal. verði endurskoðuð, þá þarf ekki að harma það neitt, þó að 7. gr., í því formi sem hún var, hafi verið alveg felld úr frv.

Ég geri ráð fyrir því, að eftir því, sem hv. þm.

hafa nú talað um skattamálin í sambandi við þetta mál, þá sé vilji fyrir hendi innan sumra flokkanna um breyt. á skattal., og því get ég lýst yfir, að ekki mun standa á Sósfl. að taka þátt í þeim breyt., sem nauðsynlegar eru á þeim l., sem lengra þurfa að ganga en ákvæði 7. gr. frv. fela í sér. Í fyrsta lagi þarf að breyta ákvæðunum um varasjóðina og tryggja meira fé í nýbyggingarsjóðina og enn fremur að sjá svo um, að það fé fari allt til nýbygginga, en sem stendur er engin trygging fyrir hendi í þá átt að fénu sé varið til þeirra hluta, og það tryggir heldur ekki 7. gr. þessa frv. — Enn fremur þarf einnig að fá miklu meira inn í ríkissjóð með eignaraukaskatti en lagt var til með till. stjórnarinnar.

Hv. þm. Str. er að tala um, að stríðsgróðamennirnir hafi sýnt mikla stjórnmálakænsku í sambandi við skattamálin, að mér skildist. Mér þykir þetta dálítið athyglisvert hjá hv. þm. Str., því að það getur varla bent á annað en einhver af þeim flokkum, er vill réttláta skipan skattamálanna, ætlar að svíkjast úr leik. (BSt: Það eru nú víst tveir flokkar, sem það gera, Alþfl. og Sósfl.). — Ég skal engu spá um afstöðu Alþfl. en mér þykir það næsta ólíklegt, að hann ætli sér að skerast úr leik í þessu máli, eftir yfirlýsingu hv. 3. landsk., en því get ég lýst yfir fyrir hönd Sósfl., að við munum fylgja fast fram miklu róttækari breyt. á skattal. en í 7. gr. frv. felst, og munum taka höndum saman við hvern þann flokk, sem sams konar till. hefur að flytja, til þess að þær breyt. nái fram að ganga.

Hitt er annað mál, er varðar þetta frv., að þar sem ekki er hægt að komast að samkomulagi við Framsfl. um leiðréttingu þeirra galla, sem eru á frv. og þá þeirra, sem eru í 7. gr. sérstaklega, þá liggur ekki annað fyrir en taka þá gr. út úr á þessu stigi málsins. — Framsfl. er eini flokkurinn, sem ekki hefur fengizt til að falla frá þeirri kröfu að lækka kaup verkamanna, jafnframt því, sem hann hefur viljað ausa fé úr ríkissjóði í verðuppbætur landbúnaðarvara. Framsfl. hefur líka alltaf barizt á móti því, að lagt yrði fé í alþýðutryggingasjóð, hvað svo sem hann segir nú. Hefur hann gleymt afgreiðslu seinustu fjárl. í þessu sambandi eða afstöðu flokksins til þessa máls nú í fyrradag?—

Annars er þýðingarlaust að vera að ræða um aukinn skatt á stórgróðann nema til að vita fyrir fram, til hvers á að nota peninga þá, er á þann hátt koma í ríkissjóðinn. Annars mætti jafnvel búast við, að þeir væru látnir ganga aftur til hátekjumanna, í einhverju formi, og er ekki langt að leita hliðstæðra dæma.

Þá var hv. þm. Str. að tala um, að fé mundi á næstunni verða veitt til alþýðutryggingganna og að ekki mundi standa á Framsfl. í þeim efnum. Hvernig getur hv. þm. lýst þessu yfir, eftir að allur þingheimur hefur séð afstöðu þessa flokks í sambandi við þetta mál við afgreiðslu síðustu fjárl.? Hvernig getur þessum hv. þm. Str. dottið í hug að segja þetta í þessari hv. d.? Býst hann við því, að honum sé trúað? — Hv. þm. Str. er óhætt að ganga út frá því sem gefnu, að þessi ummæli hans verða ekki tekin alvarlega eftir afstöðu flokks hans til þessa máls við afgreiðslu seinustu fjárl. og eftir því, hvernig flokkurinn tók einnig atvinnuleysistryggingunum í vetur, þar sem hann lýsti sig vera á móti þeim. —

Ég geng út frá því sem vísu, að þessar 3 millj. kr. gangi til atvinnuleysistrygginga, en það er engu líkara en verið sé að koma við hjartað í Framsfl., ef rætt er um slíkar tryggingar og einhver eyrir á að fara í slíkan sjóð.

Þá var hv. þm. Str. að tala um bandalag við stríðsgróðavaldið, og var að segja, að sósialistar væru í því bandalagi, sem auðvitað er ekkert annað en vitleysa. — En þessum hv. þm. ætti sízt að farast það að tala um bandalag við stríðsgróðavaldið, hann, sem árum saman var í bandalagi við Kveldúlfsvaldið á móti verkalýðnum. Er skemmst að minnast þess, að hann var aðalhöfundur gerðardómsl. — Nei — hv. þm. Str. verður að sýna einhverja stefnubreytingu, ef hann ætlast til þess að nokkuð mark sé á því takandi, sem hann segir.

— Ég var að minnast á eitt atriði úr 7. gr. frv. sem ákjósanlegt væri að fá samkomulag um að láta vera eftir í frv., þ. e. a. s. að láta meira fé í nýbyggingarsjóðina og tryggja réttlæti gagnvart smáútvegsmönnum. — En ekki mun samt vera borin fram till. um það, nema hægt verði að komast að samkomulagi um það atriði, til þess að frv. verði ekki stofnað í hættu með því.

Þá er loks eitt atriði enn, sem ég vildi leiða athygli að, en það er, að ég vildi láta það skýrt koma í ljós í frv., að mjólk utan Rvíkur skuli lækka í hlutfalli við þá lækkun, sem hér verður. En þetta atriði er mikið á huldu í frv., eins og það er nú. — Veit ég ekki, hvern skilning hæstv. stj. setur í þetta ákvæði um mjólkina, en væri mjólkin sett í 1.30 lítrinn hér í Rvík, en lækkaði ekki um leið hlutfallslega annars staðar á landinu, þá væri verið að koma aftan að launþegunum í landinu með slíku ákvæði. Þess vegna mun ég við 3. umr. koma fram með brtt., er tæki af öll tvímæli, hvernig þetta ákvæði frv. bæri að framkvæma, ef hæstv. stj. gefur ekki yfirlýsingu um að framkvæmd þessa máls muni verða samkv. því, sem ég hef hér talið rétt, að ætti að vera um útsöluverð mjólkur í landinu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Mér virðast umr. tefjast nokkuð meira en ástæða virðist vera til, og skal ég verða við þeirri ósk hæstv. forseta að takmarka mál mitt svo sem mögulegt er. En um leið og ég segi þetta, vil ég leiða athygli hæstv. forseta að því, að mig ber í raun og veru að skoða sem frsm. minni hlutans í þessu máli.

Hv. þm. Str. tók af mér ómakið að miklu leyti, því að hann benti á ýmislegt í sambandi við þetta mál, sem ég hefði einnig viljað láta koma hér fram við umr. málsins. — Þó þykir mér rétt að gera eina aths. við ræðu hans, þar sem hann hélt því fram eða gekk að því sem vísu, að brtt. hv. meiri hl. fjhn. við frv. yrðu samþ. — Ég er alls ekki eins viss um að svo verði, þó að ég verði að játa, að ég hef allmikið linast í þeirri trú við að hlusta á ræðu hv. 5. landsk.

Skal ég þá víkja nokkuð að hv. 3. landsk. Ræða hans bar vott um, að það var fulltrúi Alþfl., sem var að tala. Afstaða hans var lík því, sem Alþfl. er vanur að taka til málanna. — Hann lýsti því

yfir þessi hv. 3. landsk. þm., að hann væri ekki á móti 7. gr., heldur með henni, en ekki með henni í þessu frv., því að hún ætti heima í skattal. — Eg hafði sjálfur raunar látið í ljós álit mitt á því, að þessi gr. ætti betur heima í skattal. en í frv. þessu, enda mundi hún ekki vera látin standa lengi í frv. þessu, ef að l. verður, heldur samræmd þeim stað, er hún á betur heima. — En þetta út af fyrir sig afsakar ekki það að fella gr. burtu, og því grunar mig, að afstaða hv. 3. landsk. sé aðeins fyrirsláttur, að hann vilji ekkert við gr. gera, enda er þessi framkoma hans lík og sú, sem flokkur hans hefur alltaf, er hann sér sér færi á að skjóta sér með undanbrögðum undan öllu, sem máli skiptir, með því að finna eitthvað forminu til foráttu. —

Þá talaði hv. þm. um það, að það, sem eftir yrði af frv., mundi verða gagnlegt til að hafa áhrif á verð landbúnaðarafurða á næsta hausti. — Þetta mun rétt vera, og jafnvel þó að samkomulag náist ekki, og er það rétt að því leyti til, að verð landbúnaðarafurða verður þó alltaf lækkað með framlagi úr ríkissjóði. Það má mikið vera, ef refirnir eru ekki til þess skornir hjá þeim, ef þeir ætla að vera með þessum leifum, sem eftir eru af frv., að þeir vonist til þess, að þetta geti orðið. En það er ekki alveg víst, eins og viðskipti manna eru orðin fjölþætt nú, nema bændur hafi lært eitthvað af verkalýðsforingjunum, ef ætti að beita þá kúgun í þessum efnum. Þessi hv. þm. sagði, að það væri vonlaust, að hægt væri að afgreiða verðlagsmálin samtímis skattaálagningu á stríðsgróðann. Mér hefur hingað til heyrzt kveða nokkuð við annan tón frá flokki þessa hv. þm. og frá Alþýðublaðinu, en það hefur sífellt klifað á því, að einmitt þetta þyrfti að afgreiða saman. Nei, nú er ómögulegt að afgreiða þetta saman, og skattamálin eiga því að bíða til næsta þings, og ætli að það bíði ekki lengur, að gerðar verði nokkrar ráðstafanir gegn stríðsgróðanum, sem þeir kalla svo?

Ég læt þetta nægja til þessa hv. þm., enda sé ég ekki ástæðu til þess að svara honum orði til orðs. Hv. þm. Barð. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að 7. gr. frv. væri ekki skerðing á rétti útgerðarfyrirtækja. Þetta er ekki alveg rétt hermt. Ég sagði, að það væri ekki skerðing á rétti flestra útgerðarfyrirtækja, þ. e. a. s. ekki nema hinna allra stærstu, og ég endurtek það, að 7. gr. frv. er ekki skerðing á rétti flestra útgerðarfyrirtækja, og hún er jafnvel til hagsbóta fyrir mörg þeirra. Að öðru leyti þarf ég ekki að svara hv. þm. Barð., enda veik hann ekki að öðru í ræðu minni, og ég er, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, fúsari til þess að fylgja brtt. hans en till fjhn., því að þær eru virkilega róttækar till. til þess að lækka dýrtíðina, og mér finnst, að frekar ætti að ræða um þær sem samkomulagsgrundvöll, ef nokkur tími væri til, en svo er nú ekki, eins og hv. þm. er líka ljóst, þar sem hann hefur tekið flestar þeirra aftur, og þýðir því ekki, eins og sakir standa, að ræða nú frekar um þetta efni.

Ég veit ekki, að hve miklu leyti ég á að svara hv. 5. þm. Reykv., en hjá honum kenndi margra grasa, og sanngirnin var ekki efst á baugi hjá honum frekar en venjulega. Mér skildist á honum, að höfuðmein dýrtíðarinnar væri það, að afurðasölumálum bænda hefði verið stefnt í öngþveiti. Ég hygg, að órækar sannanir liggi fyrir um það, að bændur hafi ekki fengið afurðir sínar og þar með kaup sitt hækkað meira heldur en í hlutfalli við verkamenn og jafnvel tæplega það. — Hann talaði um 1. gr. frv. og taldi það kost á frv., sem að vísu er rétt, að skattarnir væru ekki lagðir nema á háar tekjur og miðlungstekjur, en ekki á lágtekjurnar. En það er nú þó svo, að samkv. þessu frv. er enginn skattur lagður á hæstu tekjurnar, því að skatturinn á hæstu tekjunum endar í núlli. (PM: Hvað er búið að taka mikið af þeim áður?). En í frv. var annar skattur á þessar hæstu tekjur, sem þessi hv. þm. virðist hafa verið samþykkur, að væri felldur niður. Ég er þó ekki svo mjög að fást um það, en ég er með þessu að benda á samkvæmnina hjá þessum hv. þm.

Hann kvaðst frekar hafa kosið, að 7. gr. stæði áfram í frv., og sagðist vona, að samkomulag næðist um hana, svo að hann virðist eiga von á því, að hún verði sett inn aftur. Mig furðar heldur ekki svo mjög á því, þar sem hún er komin frá hans eigin flokksmönnum, en mig furðar meira á því, að hans flokksmenn hér í d. skuli vera með því að fella hana niður. Það er ekki annað að sjá en flokkur hans hafi fengið iðrun mikla þegar „Mogginn“ fékk kastið hér á dögunum. Það hafa heyrzt loforð um það frá flokki þessa hv. þm., að hann skuli taka peningana, þar sem þeir séu til. Ég skal játa, að flokkur hans hefur enn ekki haft tækifæri til þess að framkvæma stefnuskrá sína, en nú hafði hann tækifæri til þess að stuðla að því, að allmikil skattahlunnindi væru tekin af þeim, sem betur mega í þjóðfélaginu, og þá bregzt hann. Það er erfitt að segja, hvort þetta sé fyrirboði þess, sem koma skal, ef hann skyldi fá meiri völd í þjóðfélaginu.

Ég varpaði fram þeirri spurningu til hæstv. fors. þessarar deildar, hvort ætti að skilja afstöðu hans svo, að flokksmenn hans í Nd., sem settu 7. gr. inn í frv., ætluðu að vera með því að fella hana niður aftur. Hæstv. forseti hefur enn ekki svarað þessu, enda á hann óþægilegt með að svara, meðan hann situr í forsetastóli, en þess þarf heldur ekki, því að það var ekki hægt að skilja annað á flokksmanni hans, hv. 5. þm. Reykv., sem er formaður flokksins, en að hans flokkur ætlaði að éta ofan í sig allt það, sem hann sagði og gerði í Nd. og það, sem hann hefur sagt í þessu máli. Það var hans svar. Hann sagði, að það, sem hefði staðið í vegi fyrir lausn þessa máls, hefði verið það, að ómögulegt hefði verið að fá samkomulag við Framsfl. um það. Það er hægt að fara að eins og strákar, sem hafa verið að fljúgast á og kenna svo hver öðrum og segja hver við annan: „Þú byrjaðir“, „nei, þú byrjaðir.“ Ég ætla nú ekki að fara út í það, en það var hægt að fá samkomulag við Framsfl. um það að samþ. þetta frv. óbreytt, eins og það var lagt fyrir Ed. Með því var ekkert gengið á rétt verkamanna, þar sem ekkert mátti hrófla við kjörum þeirra nema samþykki þeirra sjálfra kæmi til.

Hann sagði af sinni alkunnu sannleiksást, að það væri fyrst og fremst krafa Framsfl., að kaupið væri lækkað. Þetta er varla svaravert. Það

er vitað, að meðan dýrtíðin var ekki nærri eins mikil og hún er nú, þá gerði Framsfl. alvarlegar tilraunir til þess að stöðva hana með aðstoð löggjafarvaldsins, ekki lækka hana, heldur stöðva hana. Þessi hv. þm. var að víta hv. þm. Str. fyrir gerðardóminn svo nefnda. Hv. þm. Str. getur svarað fyrir sig, en ég minnist þess, að í gerðardómslögunum voru ákvæði um það, að verð á innlendum afurðum mætti ekki hækka frekar en kaupið, og ég veit ekki til þess, að Framsfl. hafi nokkru sinni lagt til, að kaupið yrði lækkað, nema annað væri lækkað á móti. Búnaðarþingið er ekki fulltrúasamkoma Framsfl., en það er fulltrúaþing bænda, og það gerði till. um það að lækka jöfnum höndum kaupgjald og afurðaverð. Ég er óánægður með, að þessu frv. skuli vera breytt, bæði vegna þess, að ég óttast um það, ef því verður breytt, en þó er sá ótti minni eftir að hafa heyrt ummæli formanns Sósfl. og hv. 3. landsk., sem er háttsettur maður hjá Alþfl., því að ég hygg, að þau gefi í skyn, að samkomulag hafi náðst við Sjálfstfl. um að frv. skuli verða samþ., og ég er óánægður með, ef það, sem ég tel mikið atriði, að ná samkomulagi við eina fjölmennustu stétt landsins, sem segir í 3. gr., verður fellt niður. En þótt nokkrar óánægju gæti hjá mér yfir því að fá ekki frv. samþ. óbreytt, þá er ég þó ánægður með, að það skuli hafa komið í ljós, hvað þessir tveir vinstri flokkar vilja gera, þegar á hólminn er komið, þótt þeir tali hátt á fundum og skrifi mikið í blöð sín um það að þeir vilji taka fjármuni af þeim ríku. Slík heilindi hafa áður komið fram hjá Alþfl., en það er gott, að Sósfl. skuli einnig vera búinn að opinbera sitt sanna innræti.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég sagði áðan, að tíminn til þess að afgreiða þetta mál væri stuttur, og skal ég því ekki lengja mál mitt, þótt um margt væri þörf að ræða. Einnig hefur hv. 1. þm. Eyf. svarað nokkru af því, sem ég hafði skrifað niður, og mun ég því viðhafa þann sjálfsagða vinnusparnað að endurtaka það ekki nema sem minnst.

Því hefur verið haldið fram af fulltrúum verkamannaflokkanna, að það þurfi að gera gagngerðar breytingar á skattal. og einnig þeim ákvæðum, sem um getur í 7. gr. þessa frv., og skal ég ekki neita því, að það sé nauðsynlegt. Ég held, að hv. 5. þm. Reykv. hafi tekið þetta fram og sams konar álit kom fram hjá hv. 3. landsk. Það, sem þeir hafa aðallega borið fyrir sig til afsökunar því, að þeir leggja til að fella niður ákvæði 7. gr. frv., er það, að þetta mál eigi að taka upp á næsta þingi, og þá einnig þau atriði, sem felst í gr. um eignaraukaskattinn. Það má gera ráð fyrir, að þetta sé ekki annað en fyrirsláttur, því að allir vita, að páskar eru skammt framundan og auðsætt, að þessu máli verður ekki lokið fyrir páska. Næsta þing yrði því að hafa langa setu, ef þetta mál ætti að ganga fram, og auðsætt er, að þessir skattar yrðu ekki lagðir á í ár. Það er enda vitað mál, að þessi ákvæði 7. gr., sem sósíalistar í Nd. báru fram, hafa ekki verið flutt í þeim tilgangi að fá þau samþ., og þeir hafa ekki búizt við, að þau fengjust samþ. og þess vegna snúast þeir nú á móti þeim. Þegar þeir halda því fram, að ekki hefði átt að bera fram skattatill. í sambandi við þetta mál, þá hefðu þeir átt að sjá það strax í Nd. En nú er það vitað mál, að það hefði verið hægt að fá dýrtíðarfrv. afgr. jafnt fyrir það, þótt 7. gr. hefði verið áfram í því, því að þeir flokkar, sem standa að 7. gr., hefðu jafnframt getað samþ. frv.

Þessir menn hafa einnig haldið því fram, að með 7. gr. hafi ekki fengizt þær fjárhæðir í alþýðutryggingasjóð, sem þeir vildu. Nú vil ég því spyrja þessa hv. fulltrúa þessara tveggja verkamannaflokka, hvort þeir vilji taka 7. gr. upp í frv. eins og hún var borin fram á Alþ. í fyrstu, að alþýðutryggingarnar fái þetta fé og það yrði meira, ef 7. gr. væri tekin upp hér í Ed. eins og hún var borin fram fyrst í Nd., heldur en ef hún væri samþ. óbreytt. Nú vil ég spyrja þessa menn, hvort þeir vilja taka hana þannig upp og fá hana samþ. hér. Ég bíð eftir svari þeirra við þessu. Ef þeir vilja hins vegar ekki gera það, af þeir vilja ekki samþykkja skattaálögur á stórgróðafyrirtæki, þá er að athuga, hvort þeir vilja fella dýrtíðarfrv. vegna sinna eigin till. Ekki fá þeir meira fé til alþýðutrygginganna með því. Ég geri því þessa fyrirspurn til fulltrúa verkamannaflokkanna hér og bíð eftir svari þeirra við henni.

Það hefur verið minnzt á það, að Framsfl. hafi ekki verið fáanlegur til þess að samþ. fjárveitinguna til alþýðutrygginganna, nema kauplækkun ætti sér stað um leið. Með þessu er átt við það atriði, hvort verkamenn vilji samþykkja lítils háttar kauplækkun í einn mánuð til þess að fá þennan sjóð. Þetta fellur um sjálft sig, af því að það liggur fyrir, að Framsfl. er fús til þess að samþykkja till. eins og sósíalistar báru hana fram í Nd., og þannig fengju alþýðutryggingarnar meira fé og án nokkurra kvaða.

Annars er það auðsætt mál, þó að alþm. séu misjafnlega fúsir til þess að samþykkja framlag til alþýðutrygginganna, að menn eru alveg sammála um það, að alþýðutryggingarl. ætti að endurskoða. Það er vitað mál. Þess vegna er þetta ekkert annað en fyrirsláttur hjá Alþfl. og Sósfl. Það er vitað mál, að enginn flokkur hér á Alþ., — a. m. k. ekki Framsfl., — sem hefur tök á því að endurskoða alþýðutryggingarl. og endurbæta þau, hefur neitt á móti því að veitt sé fé til þeirra, því fé, sem þarf til þess að gera á þeim skynsamlegar endurbætur. Hér hafa verkamannaflokkarnir góða aðstöðu til sóknar um það að endurbæta tryggingarlöggjöfina, eins og gert hefur verið í nágrannalöndunum. Það þarf ekki að kaupa það fyrir skattfrelsi hinna ríku í þjóðfélaginu að fá framlag til alþýðutrygginganna. Það er ekkert annað en fyrirsláttur, enda er það alveg auðsætt mál, að þeir, sem borga mestan skatt í þjóðfélaginu, eru sjálfsagt fúsir til þess að gera mikið af svona verzlun til þess að losna við að borga skatt. Hvers vegna skyldi ekki auðmaður vilja láta nokkuð af hendi til þess að hann geti persónulega grætt fé? Hitt er svo allt annað mál, hve lengi er hægt að taka peninga úr ríkissjóði, ef það ætti að halda áfram að gera svona verzlun.

Það er satt að segja dálítið einkennilegt, að um leið og verið er að fella niður ákvæði 7. gr.,

þá er verið að fella niður þau hlunnindi, sem ætluð voru til handa smáútveginum og til þess að byggja hann upp, en öll stærstu stórgróðafélögin eiga að halda hlunnindum sínum. Fyrir það eitt, að 2—4 stórgróðafélög fái að halda hlunnindum sínum, er það unnið til að fella niður hlunnindi smáútvegsins og þar með mögguleikana til þess að byggja hann upp. Annars liggur þetta atriði ljóst fyrir, því að hv. 5. þm. Reykv. sagðist vonast til þess, að hann gæti fengið 7. gr. samþ. lítið breytta, enda er það vitað mál, að þegar farið verður að ræða þetta mál við útgerðarmenn, að fella 7. gr. niður, þá verður það óverjandi. — Eins og ég sagði áðan, þá er þetta stærra mál en svo, að það sé hægt að ræða það til hlítar á svo stuttum tíma, sem er til umráða í sambandi við þetta mál, og læt því útrætt um þetta atriði að sinni. En það er dálítið einkennilegt, að það hefur engin stétt í landinu verið endurtekin eins oft í sambandi við þetta mál, dýrtíðarmálið, eins og einmitt þessi stétt. Verkamenn og bændur munu aldrei fást til þess að leysa þetta mál með góðu móti, nema Alþfl. sýni vilja sinn í að láta stríðsgróðamenn fórna einhverju. —

Nú, þegar á að leysa þetta mál hér á Alþ., þá koma fram þau rök, að ekki sé hægt að leysa málið, ef því sé blandað inn í, að stríðsgróðamenn fórni einhverju. Þegar samkv. 7. gr. er farið fram á, að það sé gert, þá koma fram þær raddir, að ekki sé hægt að koma málinu í gegn vegna þess, að þessir menn eigi að fórna einhverju. —

Út af þeim ummælum hv. 5. þm. Reykv., að mér farist ekki að tala mikið um þetta mál, því að ég hafi verið í bandalagi við íhaldið um skattamálin, og íhaldið hafi þá fengið að raka saman fjármunum. Það er þá komið að því, að hér séu komin skattal., sem þessi þm. og flokkur hans virðist ekki vilja beita. En hins vegar er það ljóst, að um leið og dýrtíðin fór að hækka verulega í þessu landi, þá var engin von til þess, að það gæti gengið, að stríðsgróðamennirnir væru ekki látnir fórna meiru heldur en áður, á meðan dýrtíðin var á byrjunarstigi. Skattar, sem voru ósanngjarnir áður, geta verið sjálfsagðir nú, eftir að dýrtíðin er komin svo hátt. Það er ekki hægt að leysa dýrtíðina nema með meiri fórnum heldur en þeim, sem áður töldust sanngjarnar. —

Ég vil ekki fara að ræða gerðardóminn. Það yrði of langt mál að fara að draga hann inn í þessar umr. En satt að segja efast ég um, að kjör verkamannanna í þessu landi séu nokkuð betri nú heldur en þau voru með þeim hlutföllum, sem með gerðardómsl. voru ákveðin. Með frjálsu leiðinni er nú komið svo langt, að við erum sammála um að skipa n., sem á að reyna að finna grundv., sem farið verði eftir. En á meðan við erum ekki komnir lengra en þetta með frjálsu leiðinni, þá held ég, að það sé bezt fyrir okkur að láta það liggja á milli hluta, að ræða um lögbindingarleiðina, sem ýmsar þjóðir hafa þó farið í þessum málum. Það gæti líka vel svo farið, að ekki næðist samkomulag í 6 manna n., þó að það væri óskandi, að samkomulag næðist. Og hver er þá árangurinn af frjálsu leiðinni? Við höfum nú setið hér á Alþ. í 5 mánuði yfir hinni frjálsu leið, og allir þekkja árangurinn. Það má hverjum manni vera ljóst, að haldi þessu áfram, og ekki náist samkomulag með frjálsum samningum, þá leiðir það ekki til nema einnar niðurstöðu, bæði fyrir þjóðfélagið í heild og verkamenn.

Á meðan ekki er meiri árangur kominn í ljós af frjálsu leiðinni en þetta, þá held ég, að það sé bezt fyrir okkur að hætta að tala um lögbindingu í þeim tón, sem við höfum gert hingað til, ekki sízt þegar við sjáum aðrar þjóðir í kringum okkur, eins og t. d. Bandaríkin, fara þá leið. Þar í landi hefur ekki gengið betur en svo að halda dýrtíðinni í skefjum, að forsetinn hefur orðið að nota allt það einræðisvald, sem hann hefur á stríðstímum, til þess að taka fram fyrir hendur þingsins, svo að dýrtíðin fari ekki fram úr öllu hófi.

Ég vil að lokum segja það, að ég vona, að þessi frjálsa leið til þess að færa niður dýrtíðina megi bera árangur. En hins vegar vil ég segja það, að við höfum enga ástæðu til þess að vera bjartsýnir, um leið og við skiljum við þetta mál hér á Alþ., þar sem þing annarra þjóða hafa ekki reynzt fær um að stöðva dýrtíðina og forseti Bandaríkjanna hefur orðið að nota einræðisvald til þess að taka fram fyrir hendur löggjafarsamkundunnar. Það er þess vegna bezt fyrir okkur að sleppa alveg umr. um gerðardómsl. að sinni, á meðan frjálsa leiðin hefur ekki sýnt meiri árangur heldur en hún hefur gert.

Jónas Jónsson: Ég vildi segja fáein orð við þessa umr. út af þessu máli, sem í rauninni hefur verið aðalmál þingsins í allan vetur. Það munu vera liðnir 5 mánuðir, síðan þingið tók til starfa, og þingvinnan hefur að mestu snúizt um þetta mál, hvort hægt væri að stöðva dýrtíðina og hvernig ætti að gera það. Hin hliðin á þessu máli var stjórnarmyndunarmálið, en það er öllum ljóst, hvernig það gekk. Fyrst eyddust í það margar vikur að reyna að mynda 4 flokka stjórn, síðan voru reyndar aðrar samstæður, og þegar enginn árangur fékkst heldur af þeim tilraunum, þá var það, að ríkisstjóri fól 5 utanþingsmönnum að fara með stjórnarforustuna. Þá munu það hafa verið kommúnistar, sem töldu það, að þeir gætu sem oddaflokkur komið á nýrri stj. með tveim öðrum flokkum, Alþfl. og Framsfl. Umræður um slíka stjórnarmyndun hafa síðan staðið yfir fram undir þetta, en ekki hefur kommúnistum tekizt að gera neina framkvæmd úr þessum draum sínum.

Nú eru sem sagt farnir 5 mánuðir í þetta, og hér er komið frv., sem búizt er við, að verði samþ. í d. Frv. er um þessi efni sama sem einskis virði, ef það ekki gerir skaða. Þessi er þá niðurstaðan af hinu langa þinghaldi. Það er auðséð, að það er óþekktur sjúkdómur í okkar pólitíska lífi. Það hafa verið gerðar ýmsar tilraunir, sem hefðu borið árangur á venjulegum tímum.

Það er einkum tvennt, sem hefur einkennt okkar pólitíska ástand í vetur. Annars vegar er það, sem kalla mætti almennan ofmetnað þjóðarinnar allrar. Þetta nær ekki aðeins til þeirra, sem eru í tölu stríðsgróðamanna, heldur einnig

til alls konar fólks, sem áður var fátækt, en veður nú í peningum og lætur það hafa áhrif á sig. Menn hafa í öllum stéttum lifað eins og kalífinn einn dag. Þetta er annar þátturinn. Hinn þátturinn er það, að inn í þingið hafa komizt 10 kommúnistar, en í enska þinginu er 1 og stundum enginn, í Bandaríkjunum enginn, í Danmörku voru 2—5 fyrir stríð, í Svíþjóð hafa þeir ekkert fylgi. Þessir menn vilja gjörbreyta því þjóðskipulagi, sem við búum við, en þetta virðast menn ekki enn hafa skilið, því að mikið af vinnu hinna flokkanna hefur gengið í það að tala við þetta fólk eins og þeir væru lýðræðismenn. Þessir menn hafa viljað rífa niður allt það, sem þm. hinna flokkanna hafa verið að byggja upp. Ég vona, að alþm., hv. stj. og kjósendurnir hafi séð af þessu, hvað að er.—

Ríkisstj., sem nú situr, tók við, með því að ríkisstjóri sá, að hér varð að vera einhver framkvæmastjórn. Hún hefur margt gert vel, en einstaka hluti illa. Hún reyndi að fá þingið og þjóðina til þess að lækka dýrtíðina. En stj. skildi það ekki, að það er ekki hægt fyrir neina stj. að framkvæma það, sem þjóðin vill ekki sjálf nema þá með einræði. Nú eftir 5 mánuði liggur við borð hjá okkur að samþ. l., sem eru alls ekki þess megnug að leysa dýrtíðina. En við því er ekkert að segja, úr því sem komið er. Stjórnin hefur haldið sæmilega í horfinu, henni tókst að stöðva dýrtíðina og koma henni nokkuð niður með fjárframlögum úr ríkissj. — En þjóðin sjálf vill ekkert á sig leggja til þess að lækka dýrtíðina, menn finna enga löngun hjá sér til þess. Stríðsgróðamennirnir hafa enga löngun til þess að lækka dýrtíðina, togararnir selja vel, þessir menn græða mikið fé, verkamenn hafa aldrei haft meiri tekjur en nú, og sem stendur geta bændur með því verði, sem á afurðunum er, haldið nokkurn veginn í horfinu. En það er höfuðgalli þessa frv., að í því eru möguleikar til þess, að aðstaða bænda verði gerð miklu verri en hún er nú. Það hefur komið upp úr þessum umsvifum öllum. — Þess vegna er það eins og hæstv. fjmrh. sagði, áður en hann tók sæti í stj., að það eru tvær leiðir til í dýrtíðarmálunum. Önnur er sú að beita skynseminni, hin er, að neyðin komi. Nú hefur hæstv. fjmrh. og alþm. séð það, að það er ekki hægt að nota skynsemina, og þess vegna hefur svo lítið gerzt í þessum efnum. En þá er hin leiðin, að láta neyðina koma. -- Það virðist einsýnt að markaður fyrir útflutningsvöruna muni stórlega þrengjast, áður en langt líður. Það er vitanlegt, að vilji enginn fórna neinu til þess að lækka dýrtíðina, þá kemur neyðin til sögunnar. — Ég álít, að það mundi ekki vera til bóta að skipta um stjórn. Ef núverandi stj. segði af sér, yrði ríkisstjóri að setja aðra stj. svipaða. Einhverjir utanþingsmenn yrðu kvaddir til þess að fara með stjórn landsins, og ég álít, að það væri aðeins til leiðinda fyrir alla og jafnvel til skaða að skipta um stj. aðeins til að skipta. — Það virðist því vera ljóst, að þingið getur ekki leyst vandann, og þó er þingið ekki lakara en kjósendurnir. Það er ekkert, sem knýr þjóðina til þess að klifra niður stiga dýrtíðarinnar. Við viljum láta ýta okkur niður stigann.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál sérstaklega. Ég geri mér engar vonir um neitt gagn af því; kannske verður það ekki heldur til spillis. Ég álít, að sem fyrst eigi að slíta þessu þingi og næsta þing eigi að standa sem stytzt í bili, svo eigi að koma þing saman í haust. Og þá sjáum við, hvort menn vilja taka skynsemina upp úr malpokanum eða hvort menn vilja bíða eftir neyðinni.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun reyna að stytta mál mitt, en það eru nokkur atriði, sem mér finnst ekki rétt að láta alveg fara fram hjá sér.

Hv. þm. Str. er ekki hér, en við hann vildi ég segja nokkur orð, en áður en ég vík að því, vildi ég víkja nokkrum orðum að því sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að önnur aðalmeinsemdin í okkar „parlamenteriska" líkama væri, ef svo mætti segja, ofmettun þjóðarinnar, og sennilega væri hyggilegast að láta náttúruna lækna það sjálfa.

Út af þessu vil ég segja nokkur orð. Ég hygg, að sú skoðun, sem kemur fram í ræðu hv. þm., eigi kannske nokkru meiri ítök í hugum manna en ætla mætti af þeim opinberu umr., að í rauninni sé bezt að láta þetta lækna sig sjálft. Þ. e. a. s., þegar misræmið á milli framleiðslukostnaðar og þess, sem hægt er að selja vöruna fyrir, er orðið svo mikið, að til fullkominnar stöðvunar leiðir, muni fylgja því lækkun á kaupi og lakari lífskjör fyrir það fólk, sem að þessu vinnur. Ætli það mundi ekki verða erfitt fyrir framleiðendur innanlands, eins og verði er háttað á innlendum afurðum, að fylgja með? Enda mun það vera þetta, sem hv. þm. Str. meinti, þegar hann talaði um að fram undan væri einhver sú ægilegasta kreppa í landbúnaðinum, sem komið hefði. Ég lít svo á, að þetta sé það, sem kallað er að láta reka á reiðanum. Það væri ekki að lækna. Það væri að gefast upp. Því hef ég frá því fyrsta reynt að bera fram till. til þess fyrst og fremst að stemma stigu við dýrtíðinni og svo lækna hana, en einmitt það, að þessi skoðun kemur fram hjá hv. þm. S.-Þ., skýrir kannske það fyrirbæri, að þrátt fyrir umr. flokkanna um þetta, virðist, þegar til á að taka, ekki vera alvara með að gera neitt. Það virðist ekki ótrúlegt, að þetta sé í sambandi hvað við annað. Ég tók eftir því, að hv. þm. Barð. sagði, að það væri mikið vafamál, hve mikið kappsmál það væri að lækka dýrtíðina með opinberum ráðstöfunum, og það er sami hugsunarhátturinn, sem þar kemur fram.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að ræðu hv. þm. Str. Þessum hv. þm. fer að sumu leyti broslega að vera með slíkar brýningar, sem hann er með í garð Alþfl., sem hann kallar verkamannaflokk. Hann talar um þennan flokk, sem alltaf hafi verið að tala um, að hann vildi skattleggja stríðsgróðann, en svo gengið á allt saman. Það er annað með Framsfl. Það eru nú karlar, sem ekki eru að fara í kringum þetta mál. Ja, ég verð nú að segja, að það er stundum ósamræmi milli orða og æðis, ekki síður þar en annars staðar. Ég man ekki eftir, að það mætti mótstöðu frá flokknum, þegar fellt var úr frv. stj. að takmarka afurðasölul. við það, sem þar var gert. Ég ætla líka að framsóknarmenn hafi verið með því að fella niður ákvæði um skattana í frv. stj.

og hygg, að þeir hafi í fjhn. Nd. greitt atkvæði um að fella þetta úr frv. stj., en hafi svo til málamynda flutt till. í n., sem ekki náði samþykki, en svo samþykkt till. frá sósialistum, sem svo er 7. gr.

Þegar frv. kom til 3. umr., gat Framsfl. ekki sætt sig við, að peningarnir gengju til alþýðutrygginganna, og kom með till. um, að þeir gengju til raforkusjóðs og fékk þá till. samþykkta. Þannig má minna á ýmislegt fyrr og síðar hjá þessum flokki í sambandi við skattalöggjöfina. Ég man ekki betur en snörp átök yrðu um það, hvort gefa skyldi tapsfrádráttinn skattfrjálsan, og það var Framsfl., sem sigraði í samstarfi við Sjálfstfl. Þar var um að ræða 10 millj., sem þessi liður var hærri en hann er nú. Ég held, að hv. þm. Str. ætti fyrst að hugsa um það að gera hreint fyrir dyrum flokks síns, áður en hann fer að tala til annarra. En ég er ráðinn í að fara mjúkum höndum um þennan mann, því að það er ástæða til að ætla, að á næstunni geti tekizt samvinna okkar á milli umfram það, sem nú er, og ég vil að sú samvinna geti tekizt. Ég vil aðeins halda mig að því, sem hann nefndi, úr því hann vill ræða þetta á þeim grundvelli.

Mér þótti vænt um það, sem hann sagði um alþýðutryggingarnar, að það væri ekki vandi að fá peninga til þeirra, að það stæði ekki á því, að flokkarnir vildu veita fé til alþýðutrygginganna. Svo tók hann sig á og sagði: „A. m. k. ekki Framsfl.“ En í n. flutti framsóknarmaður till. um að leggja í raforkusjóð það fé, sem búið er að samþykkja að leggja í alþýðutryggingarnar, í raforkusjóð, sem búinn er að fá 10 millj. og búið að binda handa honum 5 millj. kr. á ári. Á þessu tvennu tel ég mjög mikinn mun: brtt. flokksmanns hv. þm. Str. og ræðu hans. Ég segi um þetta svipað og um skattamálin, að ég vona, að svo verði efndir sem orð í þessu efni, og vil leita eftir því að fá samvinnu við hann um þessi mál framvegis. Hann fær áreiðanlega mörg tækifæri til þess að sýna vilja sinn í þessu efni.

Hv. þm. Str. beindi fyrirspurn til Alþfl. og Sósfl., að því er mér skildist. Hún var um það, hvort Alþfl. væri tilbúinn að taka 7. gr. upp, ef alþýðutryggingarnar fengju allt það fé, sem þeim þar er ætlað. Hv. þm. Str. er þingvanur og hygginn maður. Hann veit, að honum er óhætt að spyrja um þetta núna, af því að búið er að gera samkomulag um málið, og hann veit, að ég svík ekki það samkomulag, sem ég hef gert. Honum var þess vegna óhætt að spyrja núna.

Frsm. (Pétur Magnússon): Eins og við mátti búast, hefur teygzt úr þessum umr., og er nú liðið á daginn. Ég mun því reyna að haga svo orðum mínum, að ég lengi ekki umr., enda vil ég segja það, að það hefur ekki margt komið fram í þessum umr., sem gefi beina ástæðu til andsvara. Umr. snúast mjög upp í krit milli hinna svokölluðu vinstri flokka í þinginu. Þeir eru í tilhugalífinu, og það er ekki að undra, þótt einn flokk gripi eins konar afbrýðissemi, þegar hann er hræddur um ótrúmennsku hjá hinum. En ég held, að þeir verði að hugga sig við það, að það er oft gott í tilhugalífinu, að snurða hlaupi á þráðinn og bara skerpir kærleikann.

Hv. fyrri þm. Eyf. byggði mótmæli sín gegn till. n. á því, að málinu væri teflt í tvísýnu, ef það væri sent á milli d. Þessi hv. þm. kvaddi sér hljóðs hér í gær og hélt því þá mjög á lofti, að þessi d. yrði að sýna af sér þá röggsemi að láta málið ekki fara hér í gegn án þess að gera við það nokkrar verulegar athugasemdir, og hún yrði að láta skeika að sköpuðu um það, hvernig málið færi. Ég vil segja það, að hv. þm. er ekki í dag eins sár fyrir virðingu d. eins og þá, en hins vegar verð ég að segja það, að ég get ekki séð, eins og málið liggur fyrir, — þar sem um það virðist vera að mestu leyti samkomulag allra flokka í þinginu um afgreiðslu málsins, að því sé teflt í nokkra tvísýnu, þótt það sé sent aftur. Það ætti að geta komizt þangað í kvöld, og ætti þm. þeirrar d. ekki að vera vorkunn, þótt þeir þyrftu að leggja á sig vökur eina nótt, þar sem þeir eru búnir að halda málinu svo lengi.

Þá eru hin mótmælin, sem hv. 2. þm. Eyf. hreyfði gegn till. n. Hann sagði, að með till. væri gerður mismunur á stéttunum, þar sem aðeins væri lækkað afurðaverð til bænda, en launþegar ættu ekki að fórna neinu. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. getur fengið þetta út úr till. n. Eins og frv. mundi líta út, eftir að till. fjhn. hafa verið samþykktar, er ekki hægt að segja að bændur eða launþegar eigi að fórna neinu. Launþegum er ætlað að njóta uppbótarinnar án þess að sleppa nokkru, sem þeir hafa haft, og bændum er ætlað að fá fullar uppbætur í samræmi við vísitölu á hverjum tíma. Það er því misskilningur hjá hv. þm., að verið sé að gera upp á milli stéttanna með þessum till. Það má sjálfsagt til sanns vegar færa það, sem sagt hefur verið, að breyt. skipti ekki mjög miklu máli, en ég vil minnast á þá breyt., að 3 millj. kr. skulu samkv. till. okkar ganga beint til alþýðutrygginganna í staðinn fyrir að ganga í sérstakan sjóð. Á þessu er sá mikli munur, að það getur ekki liðið á löngu þangað til úr ríkissjóði þarf að leggja fé til alþýðutrygginga, og ef þessi upphæð er lögð þangað nú, ætti það að samsvara því, að hún hefði verið spöruð. Hins vegar er allt í óvissu um það, sem ætlazt er til í 6. gr., a. m. k. hvort ríkissjóði kemur það að nokkru gagni. Þá talaði þessi þm. um það, að frv. væri spillt með því að fella úr því 7. gr. þess, enda þótt hann játaði, að hún ætti ekki heima í þessu frv., heldur ætti að fellast inn í skattalöggjöfina. Þetta gerði hv. þm. Str. og mjög að umræðuefni og lagði á það aðaláherzlu í ræðu sinni, en því verður ekki móti mælt, að 7. gr. er, eins og frv. er núna, því algerlega óviðkomandi. Hún gerir ekki ráð fyrir neinum þeim ráðstöfunum, sem séu til lækkunar dýrtíðinni, og yfirleitt stendur sú fjáröflun, sem ráðgerð er þar, ekki í neinu sambandi við dýrtíðina. Hins vegar álita þessir þm., að ein af mestu þjóðarnauðsynjunum sé að hækka skattana, án þess þeir hafi gert sér grein fyrir því, til hvers ætti að verja þessu fé, og ég verð að segja það, að það liggur við, að það sé furðulegt að hlusta á það, þegar þessir þm., sem tilheyra þessum flokki, sem er langihaldssamastur í landinu — að heyra þá hella sér yfir kommúnistana fyrir það, að það sé ekki hægt að nudda þeim til þess að greiða atkvæði með nógu hárri

skattalöggjöf. Það var þó annað að heyra á þeim, þegar þessi núgildandi skattalöggjöf var borin fram af þeirri stjórn, sem þessi hv. þm. var forsrh. í, þegar hann sjálfur og flokksbróðir hans, sem var fjmrh., töldu að nú væri svo langt gengið í skattalöggjöfinni, að lengra yrði ekki gengið, eins og vissulega var rétt. Það er vissulega rétt, að ef við ætlum að byggja þjóðfélag okkar á „kapítalistisku" skipulagi, er ekkert vit í að hafa skattana eins háa og þeir eru, hvað þá hærri, og þetta játa menn úr öllum flokkum, jafnvel þeir, sem eru mótfallnir því kapítalistiska þjóðskipulagi, og það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það er ekkert vit í því að bera fram nýja skattalöggjöf, nema um leið sé sýnt fram á, til hvers þarf að nota fé, en hv. þm. Str. virðist vera kominn á þá skoðun, að skattaálögur einar út af fyrir sig séu einhver blessun fyrir þjóðfélagið og björg, og það virðist að hv. þm. Str. sé ekki einn um þessa skoðun, heldur virðist hann og skoðanabræður hans vera búnir að telja allstórum hluta af þjóðinni trú um, að þetta sé svo.

Um efni 7. gr. er það að segja, að það, sem ég hef mest út á hana að setja, er ekki það, að ósæmilegt er að miða ekki við flokka og stéttir, heldur við einstaklinga. En það er ekkert aðalatriði. En það, sem ég hef mest út á hana að setja, eru ákvæðin um hámarksálagningu.

Eftir að löggjafarvaldið hefur hvatt til þess undanfarið að breyta öllum stórrekstri í hlutafélagarekstur með því að veita skattívilnanir með tilteknum skilyrðum, tel ég það fullkomlega ósæmandi að koma nú aftan að og svipta fyrirtækin öll þeim hlunnindum eða viðhalda sífelldum ótta um, að það verði gert. Það er e. t. v. enn meir öryggisleysið og óttinn heldur en sjálfar aðgerðirnar, sem lamað hafa framtak manna hér til atvinnurekstrar, óttinn við það, að ef vel gengi, yrði allt aftur af þeim tekið.

Ég skildi ekki alveg fullyrðingar hv. þm. Str., þegar hann sagði, að öðruvísi hefði horft 1942 en nú, þá hefði dýrtíðinni verið haldið í skefjum og því síður ástæða til þess en nú að hafa skatta háa. Áleit hann, að meðan rekstrarkostnaður var ekki orðinn eins hár og nú og gróði því miklu meiri en nú, hafi síður þurft að skattleggja hátt, en nú þurfi þess, þegar þetta er svo breytt, að mörg fyrirtæki bera sig að vísu sæmilega, en örðugleikar vaxa og eru miklir fram undan. Ég hélt, að varlegar þyrfti að fara í skattlagningu, þegar misvel gengur og hjá sumum fyrirtækjum erfiðlega. Um 7. gr. er það annars að segja, að við vorum sammála um það í n., að í slíkum lögum ætti hún ekki heima. Og það, sem fyrir mér vakti, þegar ég lagði nokkra áherzlu á, að hún félli niður, var, að atvinnureksturinn þyrfti ekki að búa við þann hringlandahátt, sem verið hefur í skattalöggjöf. Ekki er ástæða til að svara hv. þm. Str. um allt, sem hann ræddi um, og sumt lítt skiljanlegt. Það liggur ekki fyrir, að ríkissjóður sé í þeirri fjárþröng, að slíkra stórbreytinga sé þörf. Ég get fallizt á, að ríkissjóður hafi þörf fyrir þann skatt, sem ákveðinn er í 1. gr., en lengra vil ég ekki ganga nú.

Hv. þm. Barð. hefur tekið aftur allar brtt. sínar til 3. umr., og ræði ég þær því ekki nú.

Að lokum vildi ég minnast á eitt atriði, sem hv. þm. kom tvívegis að í sambandi við 7. gr. Með því að fella hana burt er gengið nær nokkrum minni skattgreiðendum en ef hún stæði óbreytt, því að gert er ráð fyrir, að skattfrjálsu tillögin til nýbyggingarsjóða megi hækka nokkuð frá því, sem verið hefur. Ég get huggað hann með því, að n. var áður búin að ræða þetta og hugsar sér að koma með brtt. fyrir 3. umr. þess efnis, að þær ívilnanir rýrni á engan veg. Það gleður mig, að hann muni ljá því fylgi og beita áhrifum sínum í Framsfl. til þess, að hann fylgi því, og sjái til þess, að frv. tefjist ekki sakir þess atriðis, er það kemur aftur í Nd.

Það hefur verið mikið rætt, að í frv. felist ekki nein lausn dýrtíðarmálanna. Enginn hefur haldið því fram, að vandræðin, sem dýrtíðin og verðbólgan hafa leitt af sér, séu leyst með frv. En tilraun er þar gerð til að leysa a. m. k. eitt hinna stóru vandamála, finna hlutfall milli verðlags og kaupgjalds. Þó að það sé dregið í efa, að hún beri árangur, sérstaklega af hv. þm. Str., sem gerir varla ráð fyrir að búnaðarfélagið fallizt á lækkun útsöluverðs á innlendum afurðum, þykir mér ólíklegt, að svo vitrir menn og góðgjarnir sem þar ráða mundu sjá sér fært að setja sig móti lækkun, er ríkið bætir bændum upp, eða vinna á annan hátt móti því, að ákjósanlegur árangur náist. Ég vil treysta á þegnskap þeirra. Árangur er annars mest undir því kominn, hvort þeir menn, sem að atvinnurekstrinum standa, vilja fá verðlagið niður eða ekki. Ef stærstu stéttir þjóðfélagsins vilja viðhalda dýrtíðinni, er engin leið til að lækka hana, fyrr en neyðin ein gerir það. Ég vil vonast til þess, að menn horfi þar ekki aðeins á stundarhag, heldur hugsi um, hvernig fer, ef dýrtíðin helzt og fer þá sennilega hærra, ef ekki er að gert.

Brynjólfur Bjarnason: Mér finnst þessar umr. orðnar óþarflega langar. Fram hafa komið dálítið einkennilegar skoðanir, sem hv. þm. Str. hefur aðallega verið formælandi fyrir. Hann hefur haldið því fram, að því er mér virðist sem einhverri meginkenningu, að skattar væru ákaflega nauðsynlegir út af fyrir sig, án tillits til þess, hvernig það fé er notað, sem fæst með sköttunum, — minnstu skipti, þótt því væri kastað í sjóinn eða seðlarnir brenndir í eldi. Það væri þjóðþrifamál, taldi hann, að leggja skattana á, þótt óvíst væri, til hvers það fé yrði notað. Sósfl. er með því að leggja þunga skatta á hátekjur og stríðsgróða og nota fé til hagsmuna fyrir meiri hluta þjóðfélagsins, en hann vill engan skatt í tilgangsleysi eða vegna skattsins sjálfs. Hann kærir sig ekkert um, að ríkisstj., sem hann treystir ekki, ráði því fé og noti það t. d. í pólitískar mútur og brask, eins og dæmi eru til, né til þess að kaupa vopn, sem nota megi í stéttabaráttu. Sósfl. hefur engan áhuga á þessu. Ég nefni vopn, af því að í hlut á fyrrv. forsrh. (HermJ), sem hefur notað fé til að kaupa vopn, og honum mun auðvitað þykja sómi að því frá sínu sjónarmiði að hafa gert það. Hann var að tala hér áðan um góða verzlun, sem stríðsgróðamennirnir hefðu gert, og þeir mundu alltaf vera til í slíka verzlun, að láta af hendi svo og svo

margar millj., t. d. 10 millj., skildist manni, fyrir að sleppa við 1—3 millj. skattgreiðslur. Hann ætti að þekkja bezt sjálfur góðu boðin stríðsgróðamannanna. Vissulega er þá gott að verzla við þá og fá margar millj. fyrir hverja eina, ef til vill 10 millj. fyrir tvær. Hví skyldi maður ekki þiggja það? Hér er að ræða um peninga, sem teknir verða með sköttum. Sósfl. mundi aldrei fallast á, að þeir yrðu teknir með tollum. Það er auðskilið reikningsdæmi að bera saman frv. eins og það kemur frá Nd. og till. n. Samkv. frv. má gera ráð fyrir, að rösk millj. renni til alþýðutrygginga og ekki meira. Annað, sem inn kæmi af sköttum samkv. frv., er í óvissu, hvernig notað yrði, það er mest á valdi ríkisstj. Satt að segja treysti ég lítið á nytsemi þess fjár, sem þannig er óráðstafað. Það mætti nota það til uppbóta, sem frá sjónarmiði okkar flokks er e. t. v. ekkert sérstaklega eftirsóknarverð notkun, og enn fleiri leiðir eru til að misnota það fé. Samkv. samkomulagi meiri hl. n. renna hins vegar 3 millj. kr. til alþýðutrygginga algerlega skilyrðislaust, og þannig hafa unnizt til þeirra 2 millj. kr. Getur hv. þm. Str. ekki skilið þetta?

Þm. segir: „Það er ekkert að óttast, það fást nógir peningar til alþýðutrygginga, a. m. k. skal ekki standa á Framsfl. að veita þá.“ — Þó að ekkert annað hefði hafzt upp úr till. n. en þessi yfirlýsing um vilja Framsfl., væri ekki til einskis barizt. Hálfan annan mánuð höfum við staðið í samningum við Framsfl. um framlög til alþýðutrygginga og ekkert samkomulag fengizt. En í dag er allt falt! Er það ekki árangur? Skilur þm. þetta?

Ég hygg á hinn bóginn, að ekki sé sleppt færinu til að skatta hátekjur, þótt þessi háttur sé hafður á afgr. frv., vegna þess að það er margskjalfest yfirlýsing 3 flokka þingsins, að breyta skuli skattal. í þá átt. Ég veit ekki annað en þessir 3 fl. séu um þetta sammála og um, að leggja eigi á háan eignaraukaskatt, enn fremur skuli dregið mjög úr skattfrelsi varasjóða, en hækkuð framlög til nýbyggingarsjóða og sett takmörk fyrir því, hve miklu einstök félög geti safnað í sjóðina, og ráðstafanir gerðar til að fyrirbyggja, að félögin geti misnotað sjóðina eða látið þá renna út í sandinn. Svo framarlega sem Framsfl. skerst þarna ekki úr leik, er tryggt, að þingið setur hin nýju skattalög við fyrsta tækifæri. Annars eru núgildandi skattal. sett af Framsfl. í samvinnu við aðra fl., og þá var Framsfl., eins og hv. 3. landsk. benti á, eindreginn móti því, að haggað yrði við því ákvæði l., sem leyfði tapfrádrátt, því að þá hefði verið allt of nærri gengið þeim fyrirtækjum, sem hlut áttu að máli. Þm. segir nú, að fyrirtækin standi miklu betur að vígi en þá, og ef dýrtíðin lækki, sé óhætt að leggja á þau því meiri skatta. Hvernig getur hann haldið því fram? Visitalan var miklu lægri þá en líkur eru til, að hún geti orðið á næstunni, og gróði þessara félaga var þá miklu meiri en hann er nú, svo að þetta segir hann alveg út í bláinn. Ég er sammála honum um, að fyrirtækin þoli hærri skatta, en þau hefðu þolað þá enn betur þá en nú. Ef skattal. hefðu verið betur úr garði ger, hefði það þýtt um tíma margfaldan skatt í ríkissjóð við þann aukna skatt, sem nú er hægt að gera ráð fyrir. Þá var þm. móti því að taka hann, núna með því. Hvernig stendur á hugarfarsbreytingu þessa þm.? Ég veit það vel. Það var nefnilega svoleiðis, að hann var í þjónustu þessara afla, sem hann svo fagurlega kallar stríðsgróðavald. Hann barðist með þeim, þegar sett voru gerðardómslög (**HermJ:** Það er þá skipt um hlutverk núna.). Þá voru það góð öfl og máttarstólpar þjóðfélagsins, sem hann þjónaði. En nú er búið að reka hann úr þjónustunni, og hann er svona afskaplega móðgaður yfir því, þarf að hefna sín fyrir það. En við getum ekki séð þar ástæðu til að leggja á skatta og það bara til þess að henda þeim í einhverja vitleysu.

Hv. þm. Str. spurði um það, hvort Sósfl. og Alþfl. vildu ganga að því samkomulagi, að 7. gr. verði látin halda sér í frv. og allt fé, sem inn kæmi vegna þeirrar gr., yrði látið ganga til alþýðutrygginganna. Þetta er glæsilegt tilboð, en ég get upplýst hv. þm. um það, að þetta tilboð kemur ekki heilum sólarhring of seint. Honum hefur staðið allt þetta til boða til dagsins í dag. Nú hefur Alþfl. gefið það svar, að þetta sé of seint fram borið, því að flokkurinn er búinn að gera annað samkomulag. Það er ekki heldur hægt fyrir sósíalista, því að þeir hafa ekki til þess meiri hluta ásamt Framsókn, enda þurfa þeir ekki lengur á þessu höfðinglega tilboði að halda. Það var ekki fram borið fyrr en þeir þurftu ekki lengur á því að halda. Þeir fá kvaðalaust þessar 3 millj. Enn fremur er orðið samkomulag um, að í stað 7. gr. kæmi ákvæði, sem tryggja rýmra skattfrelsi fyrir smáútgerðarmenn í nýbyggingarsjóð, og loks höfum við fylgi Framsfl. og þar með meiri hl. Alþ. til þess, að skattal. verði breytt við næsta tækifæri, eins og við mundum helzt kjósa. Nú gæti hv. þm. Str. sagt: „Hvaða tryggingu hafið þið fyrir því, að minn flokkur svíki ekki?“ Ég verð að játa, að það er engin trygging fyrir því, og að það er ekki hægt að koma slíkum breyt. fram nema með aðstoð Framsfl. En gæti flokkurinn þá ekki líka svikið þetta tilboð, sem hann er að bera fram? Hann gæti svikið það í Nd. Nei, við verðum að treysta því, að Framsfl. standi við yfirlýsingu sína í skattamálum.

Það var m. a. eitt í ræðu hv. þm. Str., sem ég hafði gaman af. Hann sagði ákaflega hátíðlega, að það væri ekki víst, að kjör verkalýðsins væru verri, þó að gerðardómsl. hefði verið framfylgt. Ójá. Gerðardómsl. mæltu svo fyrir, að ekki mætti hækka grunnkaup. Nú hefur þessi hv. þm. sjálfur haldið því fram, að grunnkaup verkamanna hafi hækkað um 60—70%. Ofan á þetta hafi svo komið full visitala, sem hv. þm. heldur fram, að sé rétt, þannig að verkamenn hafi fengið dýrtíðina að fullu bætta. Hvernig getur þetta hvort tveggja staðizt?

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég minntist á það í dag, að ég teldi nauðsynlegt, að smábrtt. yrði samþ. við frv. á þá leið, að mjólkurverð lækkaði annars staðar á landinu til samræmis við lækkunina í Rvík, ef ekki kæmu upplýsingar frá ríkisstj. um, að l. yrðu framkvæmd þannig. Þar sem engin slík yfirlýsing hefur komið frá ríkisstj., mun ég bera fram þessa brtt. Ég vænti, að hún geti ekki valdið neinum ágrein-

ingi og verði samþ., þar sem um fullkomið sanngirnismál er að ræða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég gat um það í ræðu minni í dag, að andstaða mín mótaðist mest af þeirri stefnu, sem verið er að lögfesta og er í því fólgin, að komið er aftan að skattþegnunum. Margir þm. hafa talað í dag, en enginn þeirra, og ekki heldur fjmrh., hefur gert minnstu tilraun til að hrekja rök ræðu minnar fyrir því, að það væri þ. ósæmandi að ganga slíka braut. Hv. þm. Str. treysti sér ekki til að mótmæla þessu, en sagði þó, að það þyrfti nauðsynlega að ná til gróðans 1942. Ég vil út af þessu bera fram ákveðnar fyrirspurnir, og beini þeim einkum til hv. þm. Str. Hér á Alþ. í sumar var ákveðið með þál. að greiða uppbót til bænda, allt að 25 millj., eftir því sem komið hefur fram. Mundi hv. þm. Str. samþ., að þetta þ. setti l. um, að féð skyldi ekki greitt? Þetta er nákvæmlega hliðstætt því, sem nú á að gera. Ég vil líka benda á, að á sama þ. voru ákveðnar kjarabætur til embættismanna um grunnkaupshækkun. Mundi hv. þm. Str. og aðrir þm. vera sammála um að gefa út l. um, að þetta skyldi ekki greitt lengur en til dagsins í dag? Ég mundi telja það svik við þessa menn og ekki fást til að gera það.

Hv. þm. Str. gat þess, að ekkert hár væri snert á höfði stórgróðamannanna með þessu frv. Ég vil benda honum á, að hann gengur alveg fram hjá ákvæðum 1. gr., nema hann telji, að það séu ekki stríðsgróðamenn, sem hafa 200 þús. kr. tekjur. En það er einmitt á þá lagður 23350 kr. aukaskattur. Það er upplýst af hv. frsm. meiri hl. fjhn., að um 170 þús. eru teknar af þessum gróða frá annari hlið, og þá eru eftir 4%, eða um 8000 kr. Ég sé því ekki, hvernig það getur staðizt, að ekki sé verið að skerða hár á höfði stríðsgróðamannanna. Er hv. þm., sem hefur verið ráðh. í mörg ár, svona óvandur að fullyrðingum sínum, eða setur hann sig svona lítið inn í málið, að hann veit ekki, hvað hann er að tala um?

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það væri verið að koma aftan að verkalýðnum, ef 3. gr. yrði samþ. óbreytt. Ég er honum alveg sammála og vil því fella 3. gr. burt. En það er ekki verið að koma fremur aftan að verkalýðnum en skattþegnum yfirleitt með samþ. 1. gr. og 7. gr. Ég skil ekki, að menn, sem hafa tekið að sér að vera þm. þjóðarinnar, geti aldrei litið út fyrir hagsmuni síns eigin flokks.

Hv. 5. þm. Reykv. gerði fyrirspurn til ríkisstj. út af ákvæðinu í 5. gr., sem lýtur að útsöluverði mjólkur. Því hefur ekki verið svarað, og það einkennilega hefur skeð hér, að ríkisstj. og fjmrh. hafa eiginlega ekkert sagt um þessi mál, en ég mun líta svo á, að það verð, sem talað er um, eigi að gilda um land allt, kr. 1.30, og tel það sanngjarnt, því að vísitalan fyrir verkamenn úti á landi er reiknuð eftir þörfunum í Rvík, en ekkert tillit tekið til þess, hvort ódýrara er að lifa úti á landsbyggðinni. Ég veit hins vegar ekki, hvernig ríkisstj. hugsar sér að framkvæma þetta.

Í sambandi við skattal. og skattakerfið vil ég benda hæstv. fjmrh. á, að það er einmitt skattakerfið, sem átti mikinn þátt í dýrtíðinni. Þegar búið var að ganga frá skattal. þannig, að atvinnurekendum og stríðsgróðamönnum var ekki leyft að halda eftir nema sára litlu, var eðlilegt, að þeir vildu eins láta sína starfsmenn njóta þess eins og að féð færi í ríkissjóðinn. Ég benti á þetta í d. síðastliðið sumar, að þetta mundi reynslan sýna. Þetta hefur valdið meira peningaflóði í landinu en æskilegt var, og till. mín um breyt. á 7. gr. miðaði að því að kippa þessu í lag, ef henni hefði verið sinnt.

Í sambandi við orð hv. 3. landsk. þm. um, að það hefði komið fram, að ég teldi ekki þjóðarböl að dýrtíðinni, vil ég segja, að ummæli mín voru á þá leið, að það væri ekki gert upp enn, hvort hún væri böl eða ekki, því að ef þjóðin sjálf vildi lækka dýrtíðina, mundu allir þm. keppast við að reyna það til að halda fylgi. En af því að þetta er óuppgert mál, þora þm. ekki að gera neitt. Mér finnst, að ríkisstj. beri að láta rannsaka vísindalega, hve miklu þjóðarbúið tapar af gjaldmiðli frá setuliðinu innan lands, ef dýrtíðin er lækkuð, því að það er sjálfsagt að gera upp, hvað ríkissjóður græðir við lækkunina og hvað þjóðarbúið tapar vegna sölu til setuliðsins fyrir lægra verð. Þetta hefur ekki verið rannsakað, en það er nauðsynlegt að gera áður en ákveðið er, hve mikið fé á að greiða úr ríkissjóði til að borga niður dýrtíðina.

Mér fannst einkennilegt, þegar hv. 3. landsk. þm. og hv. 5. þm. Reykv. héldu því fram, að óhætt væri fyrir hv. þm. Str. að spyrja um samninga, því að þeir hefðu lofað og svikju ekki sína samninga. Þetta gaf til kynna, að það væri alltaf hægt í tíma að verzla við þessa menn, og væri t. d. hægt að taka þetta upp á næsta þ. Það er ábyrgðarhluti fyrir hvern kjósanda að gefa slíkum þm. fylgi sitt. Ég hefi aldrei séð grímunni kastað eins opinberlega og báðir þessir þm. hafa gert hér í d. í dag. Ég vona, að þetta sé ekki innræti þeirra, heldur sé það eitthvað annað, sem hefur komið þeim til að slá þessu fram.

Að síðustu vil ég minnast á ummæli hv. þm. S.-Þ. Hann kenndi hinum tíu kommúnistum um allt ófremdarástandið í þ. og mælti ekki blíðlega til þeirra. Það er einkennilegt af formanni flokks, sem í tvo mán. er búinn að daðra við kommúnistana til að fá að vera með þeim í landsstj., að hella sér svona yfir þá nú. Hvernig hefði farið um þá landsstj., sem hann ætlaði að mynda með þessum vandræðamönnum? Það hefði verið ljóti krossinn á þjóðinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 745) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Ég hef nú aðallega orðið fyrir stórskotahríð frá þeim, sem gert hafa samkomulag um þetta mál. Ég er því að vísu ekki óvanur, en eins og hv. forseti tók fram, þá kemst ég ekki hjá því að svara því með nokkrum orðum.

Ég hlýt þá fyrst að vekja athygli á því, að þær umræður, sem ég hef átt þátt í að halda hér uppi, eru ekki alveg tilgangslausar. Þær hafa sýnt vel órólegan og afkáralegan málaflutning veiks málstaðar þeirra, sem samkomulagið hafa

gert. Í annan stað eru þær heldur ekki tilgangslausar, ef það verður ofan á meðal þeirra, sem ætluðu að fella 7. gr. alveg niður, að smáútveginum verður þó bjargað.

En það, sem sérstaklega hefur verið beint til mín, skal ég nú athuga í stuttu máli.

Það er þá fyrst það, sem hv. 3. landsk. sagði, og sýnir vel, á hve veiku stigi málafærsla hans er.

Þótt við framsóknarmenn værum með því á sínum tíma, að fyrirtækjum væri gefið færi á að vinna upp töp sín, þá er það í hans augum goðgá að við skulum ekki áfram vera fylgjandi óendanlega stækkandi varasjóðum þeirra. Vitanlega gerir hv. þm. sér ljóst, að þetta eru engin rök og ekki honum sæmandi að beita þessu sem rökum. En hann grípur til þessa, af því aðstaða flokks hans er svo veik í þessu máli. Þetta sýnir ekki viðkunnanlegan blæ á málaflutningnum.

Hv. 8. landsk. sagði, að enginn samningur hefði verið gerður um að afnema 3., 6. og 7. gr. þessa frv., heldur hefði n. aðeins verið eindregið sammála um það. Aftur á móti segir hv. 3. landsk., að gerður hafi verið um þetta samningur. Þá varð ræða hv. 5. þm. Reykv. til þess að sanna þau orð mín, að stríðsgróðafélögunum hefði verið hlíft við að missa hlunnindi sín, gegn því að 3 millj. gengju til alþýðutrygginganna.

Hv. 8. landsk. segir enga samninga hafa verið gerða, en hv. 5. þm. Reykv. hælir sér af góðum samningum.

Það hefur verið minnzt á það hér af hv. þm. Barð. og hv. 8. landsk., að í þessu máli kæmi fram einhvers konar leiðinleg afbrýðissemi hjá framsóknarmönnum, af því að þeir hefðu reynt að mynda stjórn með vinstri flokkunum, en ekki tekizt það.

Ég ætla nú ekki að rekja það mál, en það er ástæða til að minnast á það í þessu sambandi, úr því að þessum ummælum er beint til mín, að ég kannast ekki við að hafa verið í neinni n. til að undirbúa stjórnarmyndun, og bjóst heldur ekki við, að það yrði framkvæmanlegt. Það vill nú svo vel til, að fyrir hendi eru nákvæm ummæli mín um það, hvernig sósíalistar mundu haga aðferðum sínum eftir kosningarnar í haust. Ég sagði, að fyrst mundu þeir látast vera óðfúsir til samstarfs, en síðan mundu þeir haga sér nákvæmlega eins og þeir hafa gert. Ég hygg, að enginn hv. þm. hafi greinilegar sagt fyrir um allt hátterni þeirra í þessum efnum en ég í Tímanum frá 8. október í haust. Þess vegna er því algerlega beint í skakka átt að tala um tilhugalíf frá minni hendi. Ég hef staðið nokkuð mikið í samningum fyrir minn flokk, en ég kannast ekki við að hafa staðið í neinum samningum um stjórnarmyndun. Þeir framsóknarmenn, sem stóðu í þeim samningum, gerðu það eftir ósk Sósfl. Sá flokkur mæltist til, að n. yrði skipuð til að athuga grundvöll fyrir stjórnarmyndun, og sá Framsfl. enga ástæðu til að skorast undan að skipa fulltrúa í þá n. Þessir hv. þm. ættu því að lita nær sér, og sízt ættu þeir að beina ummælum sínum til þm. Str. Ég átti vissa von á þessu samstarfstilboði, en vissi jafnframt, að ekkert mundi verða af samstarfinu.

Það er rétt á takmörkunum, að hægt sé að ræða um það í fullri alvöru hér, þegar a. m. k. tveir hv. þm. tala um það, að ég líti á skatta út af fyrir sig sem blessun. Ég hef aldrei tekið mér í munn orð hæstv. fjmrh., að skattar væru ekki fórn, heldur friðþæging, þótt ég sé ekki frá því.

En nú virðist því haldið fram í fullri alvöru hér, að ekki megi leggja á nokkurn skatt, án þess að honum sé ráðstafað um leið, annars sé eins og kasta honum í eld eða sjó. Þingmenn gerðu gott í að skilja, að þessu er ekki þannig varið. Þegar þess er gætt, að við erum ekki komnir lengra í afgreiðslu dýrtíðarmálanna en raun er á og ekkert fjárlagafrv. hefur verið lagt fram fyrir næsta ár, þá er ekkert vitað um, hvort nokkuð fé verður afgangs í reyndinni, þótt stórum upphæðum sé ráðstafað á pappírnum fyrirfram. Það á aðeins að gera tilraun til að leysa dýrtíðarmálin, og ef hún tekst ekki, þá hefur hún þó í för með sér tug eða tugi millj. króna í útgjöldum. Og svo heitir það ofsóknaræði eða „blessun" á máli hv. 5. þm. Reykv. að leggja á skatta, sem ekki er ráðstafað um leið, þótt enginn viti raunverulega, hvort nokkuð verður eftir til að ráðstafa. — Það er varla hægt að tala um þetta í alvöru. Hv. þm. segjast heldur ekki skilja, að ég skuli hafa verið fylgjandi núgildandi skattalögum, en geta svo ekki verið með takmarkalausri sjóðssöfnun félaga og fyrirtækja. Halda þeir, að aldrei reki að því á mörgum stríðsgróðaárum, að takmörk þurfi að setja fyrir þessari söfnun. Er nokkurt ósamræmi í því? Nei, hér er höggvið gersamlega út í loftið, en þeir hljóta að skilja viðhorf mitt.

Það reynir ekkert á hagsmuni bænda, verkamanna og annars almennings til þess að stöðva dýrtíðina. Það er fyrst, þegar á að fara að færa hana niður, og þá þarf að vinna stéttirnar til þess að vera með í því. En þær gera það ekki, nema stríðsgróðamennirnir gangi á undan og fórni einhverju. Þið eigið eftir að reyna það, hv. þm., að náist samkomulag fyrir 15. ágúst, þá verður þess krafizt, að stríðsgróðamennirnir gangi á undan leiðina til baka, enda er það rökrétt. Eins og nú horfir þurfa allir að fórna nokkru, og það er síður en svo ósamræmi í afstöðu minni í þessum efnum, sem sósíalistar hafa ekkert talið athugavert við fyrr en nú.

Það var minnst á það af hv. 5. þm. Reykv. að með því að gera þennan samning væri óruggt, að hér kæmust á atvinnuleysistryggingar. En samkv. frv. sjálfu er aðeins gert ráð fyrir að efla alþýðutryggingarnar að undangenginni endurskoðun á þeim. Nánar er þar ekki ákveðið, og er hér þá um baksamning að ræða, ef þetta er eins og hv. þm. segir. En þegar til kemur er það þó á valdi þingsins og endurskoðunarinnar, hvernig þessum 3 millj. verður varið.

Ég hef áður sagt það, að ég tryði því ekki, að standa mundi á Framsfl. til skynsamlegra endurbóta á alþýðutryggingunum. En satt að segja um þessar sjóðsstofnanir í sérstöku augnamiði, meðan dýrtíðarmálið er enn óleyst, þá eru það næsta brosleg vinnubrögð. Það er lítils virði að gera samning um ráðstöfun á 3 millj. til þessa eða hins, e. t. v. á kostnað dýrtíðarmálsins, meðan enginn veit neitt, nema það fé verði að engu vegna verðbólgunnar eða verði alls ekki afgangs.

Það hafa verið lagðar 5 millj. í endurbygginga-

sjóð og 8 millj. í raforkusjóð. En hvar eru þeir sjóðir? Eru þessir peningar til? Mikið af þessu hefur orðið eyðslueyrir. Hvernig fer svo, ef greiðsluvandræði verða vegna þess að dýrtíðarmálið er ekki leyst? Ætli verði þá ekki sömu afdrif þessarar fjárupphæðar og hinna sjóðanna tveggja, sem enginn veit, hvað orðið er af á þessu stigi málsins. Ég hefði mikla ánægju af að heyra, að þessir tveir sjóðir væru til ósnortnir, þegar búið er að verðuppbæta landbúnaðarafurðirnar. Það skiptir því mestu máli að leysa málin þannig, að allir sjóðir verði ekki að engu.

Þá minntist hv. þm. Reykv. á mig í sambandi við gerðardómslögin. Ég sagðist efast um það, og hef það eftir mörgum verkamönnum, að kjör þeirra væru nokkuð betri nú en þau mundu hafa verið, þótt þau l. hefðu verið í gildi, og er það vegna hinnar miklu dýrtíðar. Nú vil ég spyrja hv. þm., ef kaupgjald hefur hækkað um 60—70% og verðlag landbúnaðarafurða jafnmikið eða meira, eins og hann vill helzt halda fram, hverjar eru þá hinar raunverulegu kjarabætur verkamanna? (**BrB**: Er þá vísitalan skökk?) Hv. þm. má gjarnan taka fram í, en ég spyr aftur: Hver eru svo hin bættu kjör verkamanna, sem hann er að tala um? Sannleikurinn er sá, að hv. þm. er órólegur, af því að kjör verkamanna eru ekkert betri en þótt gerðardómslögin hefðu verið í gildi. Þau eru m. a. s. að því leyti verri, að atvinnuleysi er nú yfirvofandi, ef nokkuð ber út af. Hv. þm. er svo æstur og órólegur af því að hann veit, að vandræði bíða allra verkamanna, ef ekki tekst að leysa dýrtíðarmálið. Vinnan fer minnkandi, og svo kemur að skuldadögunum. Það kemur að þeim skuldadögum, að greiða þarf þann reikning að hafa spennt dýrtíðina upp. Þann reikning verður að gera upp seinna, og bæði verkamenn og bændur er farið að óra fyrir því.

Hv. þm. sagði, að hann skildi, hvers vegna ég hefði skipt um skoðun. Ég hefði verið í þjónustu stríðsgróðavaldsins og verið rekinn þaðan. Ég get endurtekið það, að það hafa orðið hjá okkur hlutverkaskipti, eins og sjá má af 7. gr. og fleiru. En það ættu þá þm. að vita og geta farið rétt með, að ég hef hvorki verið rekinn úr þessari þjónustu né annarri. Ég óskaði ekki eftir henni, og sleit því samvinnunni, eins og honum er kunnugt sem öðrum, og getur hann farið rétt með það, ef hann vill. Ég óskaði ekki eftir þeirri þjónustu, og ég öfunda hann ekki af þeirri aðstöðu, sem hann er nú kominn í. Ég vona, að hann reynist það giftudrjúgur maður, að hann segi upp samstarfinu eins og ég. Hann verður ekki rekinn. Sjálfstæðisflokkurinn rekur engan mann úr þjónustu sinni, ef hann getur notað hann. Ég gæti gefið honum upplýsingar um það, og ég gæti trúað, að að þeim fengnum mundi hann segja upp samvinnunni fyrr en síðar.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér inn í þessar umræður, en ég vildi koma í veg fyrir misskilning, sem orð hv. þm. Str. kunna að gefa tilefni til, þar sem hann sagði eftir mér, að skattur þessi væri ekki fórn, heldur friðþæging. Ég mun hafa sagt það á einum stað í ákveðnu sambandi, að ef þessi skattur færi til þess að lækna það öngþveiti sem landsmenn hafa að miklu leyti skapað sér sjálfir, þá mætti líta á hann sem friðþæging, en ekki fórn, m. ö. o., friðþæging fyrir mistök. Ég vildi bara leiðrétta þetta, af því að það kom nokkuð út úr réttu sambandi.

En úr því að ég stóð upp, þá vil ég færa fram mínar tölur, um skatta þá, sem gera má ráð fyrir, að fáist samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir. Mér skildist af hv. frsm., að honum teldist svo til, að kjöt- og mjólkuruppbótin mundi nema um 4 millj. kr., og þegar við er bætt 3 millj. í tryggingarsjóðinn, þá yrðu það samtals 7 millj. kr., sem þyrfti fram að leggja. Mér telst svo til, að kjötuppbótin verði 3½—4 millj. kr., en skal taka það fram, að þá er einnig tekin til greina sú verðlækkun, sem gerð var á kjötinu. Mjólkuruppbæturnar munu nema 1,8 millj. en ekki 1 millj. Ef sjóðnum er svo bætt við, þá verða þetta 8½ millj. kr. Ég vildi taka þetta fram, af því ég er vantrúaður á, að sá skattur, sem gert er ráð fyrir í frv., gefi þá fjárhæð, sem greind hefur verið.

Viðvíkjandi því, er hv. þm. Str. sagði um rafveitusjóð og framkvæmdasjóð, vil ég taka það fram, að 5 millj. hafa verið lagðar í raforkusjóð í Landsbanka Íslands, eins og lög gerðu ráð fyrir, og 8 millj. í framkvæmdasjóð. Ég geri ráð fyrir, að á næstunni verði 5 millj. kr. lagðar í raforkusjóð til viðbótar, svo að hann verði 10 millj., eins og lög mæla fyrir um. Þetta verður mögulegt af því, að svo lítur út fyrir, að tekjuafgangur 1942 verði meiri en gert var ráð fyrir, þegar fjárl. voru til umr., og einnig vegna þess, að þær verðuppbætur, sem þá var gert ráð fyrir, verði nokkru minni, vegna þess hve vel tókst sala á þeim afurðum, sem seldar voru til Ameríku.

Bernharð Stefánsson: Ég skal reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta að gera mitt til, að umræðum þessum verði lokið fyrir matmálstíma. Síðast þegar ég talaði, var ég að ræða við hv. 5. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. Ég get látið þær viðræður niður falla, því fremur sem ég varð að bregða mér frá og veit ekki, hvernig svör þeirra hafa fallið. Það verð ég þó að segja, að af þeim umr., sem ég hef hlýtt á, finnst mér þeir berir að því, að hin stóru orð, sem þeir hafa viðhaft bæði í blöðum og á mannfundum, hafi verið ryk, sem kastað var framan í alþýðu.

Út af þeirri skriflegu brtt., sem komin er fram frá hv. 5. þm. Reykv. um það, að verð á mjólk úti um land lækki hlutfallslega við það, sem verð á mjólk lækkar í Rvík, vil ég benda á, að þetta er alls ekki sanngjarnt. Það er öllum kunnugt, að kaupgjald úti um land hefur hækkað hlutfallslega meira en í Rvík og tilkostnaður við búrekstur hækkað hlutfallslega meira en hér í nágrenni Rvíkur. Það kann að vera, að það væri sanngjarnt, að mjólk úti um land lækkaði eitthvað meira en gert er ráð fyrir í frv., en það liggja engar upplýsingar fyrir um, hvað það ætti að vera mikið, og ég mun því gr. atkv. á móti till. hv. 5. þm. Reykv. Segi ég þó ekki, að ég mundi ekki vera fús til umtals um lækkun á mjólkurverði utan Rvíkur, á borð við það, sem í till. er ákveðið, ef fyrir lægju upplýsingar, sem hægt væri að byggja á.

Ég hef frá upphafi tekið fram þá afstöðu mína til þessa frv. hér í hv. d., að ég er yfirleitt á móti því, að gerðar verði á því breyt. En það er nú yfirlýst hér í hv. d. að þrír flokkar, sem hafa mikinn meiri hl., hafi gert einhvers konar samning um að gera breyt. á því, og má því húast við, að við því verði ekki spornað. Frv. hljóti því að ganga til Nd., hvort sem það hrekst þá meira milli d. í nótt. Út af þessu vil ég lýsa einni brtt. og vænti þess, að hv. forseti leiti afbrigða fyrir henni. Samt sem áður lýsi ég yfir því, að ég mun taka þessa brtt. aftur við 2. umr. málsins, þar til séð verður, hvort það er ætlun d. að breyta frv. eða ekki. Þessi brtt. sem ég ætla að leyfa mér að leggja fram, er að undanþiggja smáútveginn þeim auknu skattabyrðum, sem mundu leiða af því, ef frv. yrði samþ. óbreytt eða með þeim breyt., sem meiri hl. fjhn. hefur gert og er því við 1. gr. frv.

Ég lofaði hæstv. forseta því að lengja ekki mál mitt og skal því ekki færa fram mörg rök, en leyfa mér að vísa m. a. til ræðu hv. frsm. áðan og annarra, sem hér hafa talað. En þessi brtt. er þá þannig, að aftan við 1. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

„Skattfrjálst nýbyggingarsjóðstillag, sem einstaklingum og sameignarfélögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, er heimilað samkv. g-lið 14. gr. laga nr. 20 1942, skal hækka í 33⅓% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð. Þessi hækkun skal þó eigi koma til greina hjá þeim einstaklingum eða sameignarfélögum, sem lagt hafa í nýbyggingarsjóð 200000 kr. eða þar yfir. Ákvæði þessi koma til framkvæmda við álagningu skatta á tekjur ársins 1942."

Hv. þm. Barð. talaði áðan um það, að það væri ekki rétt að koma aftan að skattþegnum landsins og breyta skatti, sem l. landsins gera ráð fyrir, þannig að hann verkaði aftur fyrir sig. Ég veit það má færa ýmis rök fyrir þessu, og býst við, að það verði ekki að því fundið frá þessu sjónarmiði, þótt þessi till. sé samþ., því að ég veit ekki til, að menn álíti illa að sér farið, þótt skattar séu lækkaðir. Þetta er að vísu breyt. frá gildandi l., en þannig löguð breyt., að ég hygg, að enginn, sem hún viðkemur, verði á móti henni.

Ég afhendi því hv. forseta þessa till. með þeirri ósk, að hann láti prenta hana milli umræðna, en ég ætlast ekki til, að hún sé borin upp fyrr en séð verður, hvort breyt. verða gerðar á frv. eins og það kom frá Nd., heldur verði henni frestað.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 749) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég skal vera mjög stuttorður. Ég stóð upp til að lýsa því yfir, að ég mun taka brtt. viðvíkjandi verðlagi á mjólk aftur til 3. umr. í þeirri von, að hv. fjhn. athugi hana milli umræðna.

En úr því að ég er staðinn upp, get ég rétt sagt nokkur orð við hv. þm. Str. Það er rangt hjá honum, að stríðsgróðamenn þurfi að sleppa við einn einasta eyri í skatt vegna þessarar afgreiðslu frv., svo framarlega sem Framsfl. stendur við orð sín. Það er algerlega undir Framsfl. komið. Ef Framsfl. stendur við orð sín, þá eru þessar umr. óþarfar, og ég skil ekkert í, að hv. þm. skuli halda áfram að bulla svona allan daginn. (**BBen:** Er hv. þm. nokkuð óvanur því að heyra hann gera það?). Nei, maður segir nú svona. — Hvers vegna hefur fl. ekki flutt frv. um þessi efni á þessu þingi? Þannig má spyrja, og því þarf að svara. Þegar upplýst er, að til sé þingmeirihl. fyrir þeirri breyt. á skattal. að leggja á nauðsynlegan stríðsgróðaskatt, þá lítur það vissulega nokkuð einkennilega út, að þessu skuli ekki hafa verið komið í framkvæmd á þessu langa þingi.

Það er rétt að upplýsa það hér, að Sósfl. fór þess á leit við Framsfl. snemma á þessu þingi — og Alþfl. — að þeir undirbyggju og flyttu sameiginlega með fl. nokkur frv. um mál, sem þeir í yfirlýsingum sínum fyrir kosningar höfðu talið sig sammála um, m. a. skattamálin. Framsfl. tók vel í það að því leyti, að hann kaus menn til viðtals — og Alþfl. líka — og tók fram, að hann vildi líka athuga, hvort ekki gæti fundizt grundvöllur fyrir myndun vinstri stjórnar. Sósfl. var fús til að ræða það, en hitt var hans höfuðáhugamál að fá þegar samvinnu um þau mál, sem yfirlýst var, að fl. hefðu sameiginlega á sínum stefnuskrám. Þetta tókst ekki. Framsfl. vildi ekki samþykkja að vinna með Sósfl., nema hann vildi mynda stjórn með Framsfl. með þeim skilyrðum, sem Framsfl. setti, m. a. að kaup verkamanna væri lækkað. M. ö. o., þeir hafa haldið því fram, eins og þm. hafa heyrt, að þeir væru reiðubúnir að semja um hlufall milli kaupgjalds og verðlags, en það kom í ljós, að þeir vildu ekki breyta verði landbúnaðarafurða frá því, sem það var, nema kaupgjald og afurðaverð væri lækkað í jöfnum hlutföllum. Nei. Tilgangurinn með pólitík Framsóknar var ekki að auka tekjur bænda, heldur bara að lækka kaup verkamanna. Í þeim tilgangi er svo afurðaverðið skrúfað upp. Þetta er eitt af þeim höfuðskilmálum, sem Framsfl. setur. Þess vegna talar hann svo mikið um þennan óskapa lúxus, sem verkamenn lifa í. Þetta er ástæðan fyrir því, að þeir tala um 60—70% kauphækkun verkamanna. Nú, þegar upp úr þessu slitnaði, þá getur Framsfl. ekki haldið áfram.

Það hefur verið talað mikið um 60—70% kauphækkun og lúxuslíf verkamanna og að þeir væru of vel haldnir. Nú segir hv. þm. Str. að kjör verkamanna hafi ekki batnað þrátt fyrir kauphækkunina, og er það ofur skiljanlegt, þar sem afurðaverð hefur hækkað eins mikið og raun ber vitni um. Því hefur verið haldið fram, að vísitalan væri rétt, en það getur ekki staðizt, ef 60% kauphækkun kemur ekki að haldi. Þm. er hér kominn gegnum sjálfan sig, og er ekki hægt að gera betur. (**BSt:** Þetta er rökfals).

Þá talaði þessi hv. þm. um, að þýðingarlaust væri að leggja í sjóði, ef engar ráðstafanir væru gerðar til að lækka dýrtíðina. Virtist hann draga í efa að raforkusjóður væri til nokkurs gagns. Ég vil þá spyrja hvers vegna verið er að leggja í sjóði, ef þeir koma ekki að gagni. Í öðru lagi hvers vegna verið er að leggja til atvinnutrygginga, hvers vegna skattar eru lagðir á, hvers

vegna lagt fé í ríkissjóð, ef hætta er á, að þetta komi ekki að neinu gagni. Hann sagði, að té þessu ætti að verja til þess að lækka dýrtíðina, en ég vil benda á það, að þótt haldið verði áfram að veita uppbætur, þá er það engin lausn á dýrtíðarmálunum. Þegar skattar eru lagðir á, er ákveðið, til hvers þeir eiga að fara og er óþarfi að leggja þá á, ef ekki er fundin leið, til hvers eigi að nota þá.

Hv. þm. Str. kvað enga ástæðu til að setja frekari takmörk um skattfrelsi, eins og sakir stæðu. Það kom till. frá Sósfl. um takmörkun þess, en Framsfl. drap hana. Ástæða þessa þm. var sú, að hann var í þjónustu manns, sem hafði hagnað af þeirri lausn málsins. Hann sagði, að sér hefði ekki verið sagt upp vistinni, heldur hefði hann sagt henni upp sjálfur. Það er ekki í samræmi við það, sem þm. hefur sagt áður, að það hafi verið Sjálfstfl. Hann telur þetta hafa verið sultarlif og furðar mig á, að hann skuli hafa haldið það út í 3 ár. Ég hafði aldrei hugsað mér að ganga í þá vist, og sízt eftir að hafa heyrt þetta. Þegar ekki var hægt að gera gagn lengur, var vistráðningartíminn á enda, og krossmessan kom.

Hv. 1. þm. Eyf. hafði borið fram brtt. um nokkuð sama efni og meiri hlutans, og var hún samþ. í höfuðatriðum. Allshn. ákvað að flytja till. við 3. umr., sem vonandi nær samþykki. En af því hef ég ekki borið fram formlega till., að ég vona, að hv. 1. þm. Eyf. sé samþ. frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að lýsa yfir, að mér er með öllu ókunnugt um till. þá, sem síðasti hv. ræðumaður talaði um. Hefur hún ekki verið lögð fram í fjhn., þegar ég hef verið viðstaddur. Ég veik af fundi, áður en honum var lokið, og er því ekki viðriðinn það að till. var borin fram. Held ég, að ég hafi aðeins sagt, að gr. ætti betur heima í öðrum lögum.

Frsm. (Pétur Magnússon): Ég gat þess, að ég byggist við, að till. mundi koma fram í dag. Var ég fyrir fram að þakka hv. þm. Str., en þá hefur hv. 1. þm. Eyf. ekki verið viðstaddur.

ATKVGR.

Brtt. 737, 745 og 749 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, BBen, BrB, EE, GJ, HG, HermJ, IngP, JJ, KA, StgrA.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þótt ég telji það alveg ósamboðið Alþingi að ganga þannig á bak orða sinna, eins og hér hefur verið gert, mun ég greiða frv. atkv. og segi já.

Brtt. 744,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10:4 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 744,2 (3. gr. falli niður) samþ. með 10:5 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 744,3 (6. gr. falli niður) samþ. með 10:5 atkv.

— 744,4 (7. gr. falli niður) samþ. með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, KA, LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BBen, BrB, EE, GJ, StgrA.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Brynjólfur Bjarnason: Í trausti þess, að við 3. umr. verði samþ. sú brtt., sem fjhn. flytur, og í trausti þess, að nauðsynlegar breyt. verði gerðar á löggjöfinni, segi ég já.

8.—9. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 750, 737, 745, 749).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Ég gat þess við 2. umr., að meiri hl. fjhn. hefði í hyggju að bera fram brtt. við þetta frv. — Á fundi fjhn. kl. 9 varð það að samkomulagi milli 4 nm. að bera fram þessar brtt. Brtt. við 1. gr. er shlj. till. hv. 1. þm. Eyf. En eini munurinn á till. er sá, að samkv. till. hans á þetta skattfrjálsa tillag að takmarkast við 200 þús. kr. í nýbyggingarsjóði. Meiri hl. fjhn. taldi ekki ástæðu til að setja þetta takmark. Það hefur ekki verið sett um aðra nýbyggingarsjóði. Og þegar tillit er tekið til þess, hve skipabyggingar eru dýrar nú á tímum, gat meiri hluti fjhn. ekki séð ástæðu til að setja þetta ákvæði inn í frv. Þetta hámark mun miðað við það hjá hv. minni hl. fjhn. (BSt), að fyrir það séu byggðir bátar milli 10 og 20 smálestir. En það virðist engu síður vera þörf á því, að byggðir séu stærri bátar.

Mér þykir vænt um, að fengizt hefur viðurkenning þess frá mönnum úr öllum flokkum þingsins, að skattarnir, eins og þeir nú eru orðnir, séu orðnir of háir. Og ég hygg, að ef hv. meðnm. mínir í fjhn. vildu athuga skattal. betur, mundu þeir geta komizt að þeirri niðurstöðu, að það eru fleiri atvinnurekendur en þeir, sem nefndir eru í þessari till., sem ástæða væri til að leyfa að stofna sjóði til þess að endurnýja atvinnutæki sín.

Ég ætla svo ekki að tefja umr. frekar um þetta mál. Ég vænti þess, að gott samkomulag verði um afgreiðslu málsins hér í þessari hv. þd., þannig að umr. um það í hv. Nd. gæti orðið lokið í kvöld. Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. með beiðni um, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá meiri hl. fjhn., svo hljóðandi: [sjá þskj. 751].

Tvöföld afbrigði þarf fyrir þessari brtt. Hún er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Ég sé, að hér hefur verið útbýtt brtt. á þskj. 745 um útsöluverð mjólkur. Og ég vildi benda á það, að það er ýmislegt, sem mælir með því, að hún verði felld, ef hún kemur til atkvgr. Í fyrsta lagi það, að sams konar brtt. hefur komið fram í Nd., og það er ekki ástæða til þess að skapa fleiri ágreiningsefni milli d. heldur en þörf er á. Í öðru lagi er hún sjálfsagt komin fram vegna ókunnugleika þess, sem bar hana fram, vegna þess að það er sannarlega ekki ástæða til að lækka mjólkurverðið utan Rvíkur, þar sem það hefur verið miklu lægra þar heldur en hér. Mundi sú lækkun verða svo sem eins og verðlaun fyrir það, að bændur hafa á ýmsum stöðum úti á landi selt mjólkina miklu lægra verði heldur en þeir hafa þurft að selja hana fyrir á undanförnum tíma af sanngirni við kaupendur. Og enn fremur er ekki ástæða til að samþ. þetta, þar sem hér er verið að myndast við að hafa eitthvert hlutfall — þó lítið sé talað af sanngirni — milli kaups og verðlags, því að á það ber að líta, að kaup hefur hækkað meira úti um land hlutfallslega heldur en í Rvík. Svo það er ekki ástæða til þess að þrýsta niður mjólkurverðinu þar, sem því hefur verið haldið of lágu, samhliða því sem kaup á þeim stöðum hefur verið eins hátt eins og hér.

Ég ætla ekki að þreyta umr. um þetta. Menn geta séð, hvort þetta er hyggilegt og sanngjarnt, og sérstaklega þegar á það er litið, að það er vitanlegt, að kaup úti á landi verður líklega hærra í sumar heldur en verið hefur.

Bernharð Stefánsson: Ég vildi aðeins að þessu sinni spyrja hæstv. forseta, hvernig hann hyggist að bera upp brtt. frá mér á þskj. 749 og brtt. frá meiri hl. fjhn., hvora þeirra hann hyggist að bera upp fyrr.

Forseti (StgrA): Ég mun bera upp fyrr brtt. á þskj. 749.

Ingvar Pálmason: Herra forseti. — Það verður nú ekki langt mál, sem ég hef hér að flytja. Eins og hv. 8. landsk. (PM) tók fram, þá er sá einn munur á brtt. meiri hl. og minni hl. fjhn., að í brtt. frá minni hl. er visst hámark, en í brtt. meiri hl. er hámarki öllu sleppt. Ég tel, að það sé ekki rétt, á þessu stigi sem við erum nú, að því er snertir ráðstöfun á þessu fé, sem hér er átt við, — ég á við nýbyggingarsjóðina, — að hafa þetta ákvæði ótakmarkað. Hins vegar má vera, að í brtt. hv. minni hl. fjhn. sé hámarkið sett full lágt. Og ég mun því leyfa mér að bera hér fram brtt. við brtt. á þskj. 749 þess efnis, að í staðinn fyrir 200 þús. kr. komi 300 þús. kr. Og úr því að þessi brtt. kemur fyrr til atkv. en brtt. frá meiri hl. fjhn., vil ég afhenda hæstv. forseta þessa brtt. mína og óska, að hún verði borin upp við þessa brtt. hv. minni hl. fjhn.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (IngP) við brtt. á þskj. 749 (Dýrtíðarráðstafanir), svohljóðandi: [sjá þskj. 752].

Tvöföld afbrigði þarf fyrir þessari brtt. Hún er of seint fram komin og skrifl.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Það var aðeins um brtt. frá mér á þskj. 745. Mér þykir leitt, að hv. fjhn. hefur ekki séð sér fært að mæla með henni eða taka afstöðu til hennar yfirleitt, eins og ég hafði gert ráð fyrir að gert yrði. Það hafa komið fram þær aths. við þessa brtt., að með þessu væri verið — eins og það hefur verið orðað — að straffa þá, sem selt hafa mjólkina úti á landi ódýrara heldur en hér í Rvík. Ég hef hingað til gert ráð fyrir, að þessi verðmunur stafaði af því, að framleiðslu- eða flutningskostnaður eða hvort tveggja væri minni úti á landi heldur en á mjólkurverðlagssvæði Rvíkur. T. d. má nefna hreinsun mjólkur, sem hér er töluverður kostnaðarliður. Og ég hef haldið, að það væri minni kostnaður að koma mjólkinni á markaðsstað úti um land heldur en hér til Rvíkur. En ég hef haldið, að þessi verðmunur stafaði ekki af því, að bændur hafi lagt meira að sér úti um land til þess að halda mjólkurverðinu lágu heldur en bændur í nágrenni Rvíkur. Ef svo væri, að þeir hefðu gert það, þá væri það mikið alvörumál, því að þá mundi það benda til þess, að hægt væri að halda mjólkurverðinu miklu lægra heldur en það raunverulega er. Og þessi aths. gæfi vissulega tilefni til þess að taka það mál til nánari athugunar. Því að það mundi sannarlega vekja grunsemdir um það, að mjólkurverðinu hér í Rvík hefði verið haldið hærra en nauðsyn krefur í þeim tilgangi að hækka vísitöluna, til þess aftur á móti, að hægt væri að nota það sem röksemd til þess að lækka kaupið. En hitt er vitaskuld aðalatriðið, að samkv. þessu frv. hér er ætlazt til þess, að mjólkurframleiðendum verði að fullu bætt upp sú verðlækkun, sem á mjólkinni verður, bæði mjólkurframleiðendum, sem selja mjólkina til Rvíkur, og öðrum mjólkurframleiðendum. Og ef litið er á málið frá sjónarmiði neytenda, þá hljóta allir að viðurkenna það, að það væri alveg óafsakanlegt ranglæti gagnvart neytendunum utan Rvíkur, ef mjólkurverðið ætti að vera það sama eins og áður, þegar hins vegar vísitalan lækkaði og þar með allt kaupgjald og öll laun að sama skapi sem mjólkurverðið hér í Rvík hefur áhrif á vísitöluna. Það þýddi ekki annað en það, að með l. væri verið að lækka það kaup, sem er samningsbundið hjá því fólki, sem á heima á þessum stöðum. Ég hafði nú að vísu gert ráð fyrir því, að það gæti komið til greina, að hæstv. ríkisstj. mundi framkvæma ákvæði frv., ef að l. verða, á þann veg, sem í brtt. minni segir, vegna þess að það mælir allt réttlæti með því. Og í því trausti geri ég ráð fyrir, að hafi verið gengið frá þessu máli í hv. Nd. En þar sem engar yfirlýsingar hafa komið fram í þá átt frá hæstv. ríkisstj., verður að draga það í efa, því að eftir orðanna hljóðan í frv. ber henni ekki skylda til þess.

Um þær brtt., sem komið hafa fram frá hv. fjhn., meiri hl. n. og minni hl., nú við 3. umr., er það að segja, að ég er þeim sammála. Það hafa komið fram tvær till. um hámark nýbyggingarsjóða í sambandi við skattfrjálst tillag til þeirra, sem einstaklingum og sameignarfélög-

um er veitt heimild til. Ég sé ekki ástæðu til þess að geta ekki sameinazt um þetta atriði, því að í praksis held ég, að það sé nákvæmlega sama, hvor till. er samþ. Kunnugir menn halda því fram, að það muni ekki vera til neinn einstaklingur, sem muni vera neitt nálægt því að hafi lagt 200 þús. kr. í nýbyggingarsjóð. Og ef svo er, er nákvæmlega sama, hvor till. er samþ. Einstaklingar hafa breytt fyrirtækjum sínum í hlutafélög til þess að njóta hlutafjárfríðinda, eins og kunnugt er, ef þeir hafa haft stóratvinnurekstur með höndum. Svo að ef nokkuð væri rétt að samþ. af þessum till., þá væri það till. meiri hl. hv. fjhn. Annars geri ég ráð fyrir, að það sé nákvæmlega sama, hver till. er.

Bernharð Stefánsson: Ég skal taka það fram, að til samkomulags við hv. meðnm. mína í fjhn. get ég gengið inn á það fyrir mitt leyti, að brtt. hv. 1. þm. S.-M. verði samþ., þannig að hámark það, sem um ræðir í brtt. minni, verði fært úr 200 þús. kr. í 300 þús. kr. Og með tilliti til þess, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Reykv. (BrB) tók fram nú nýskeð, þá skil ég ekki annað en að allir ættu að geta sameinazt um þetta. Hitt get ég ekki fallizt á — ekki kannske aðeins vegna yfirstandandi tíma, heldur þá frekar vegna framtíðarinnar — að ekkert hámark sé sett og þetta sé haft algerlega óbundið. Og ég hygg, að það sé óvarlegt að setja slíka löggjöf. Vænti ég þess, að þar sem ég kem hér til móts við meiri hl. hv. fjhn. um einstakar miðlunartill., þá gangi hún einnig til móts við mig, svo að mín brtt. á þskj. 749, með þeirri breyt., sem felst í brtt. hv. 1. þm. S.-M., verði samþ. af öllum hv. þdm.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um mjólkina, vil ég taka þetta fram: Hann sagði, að mjólkin mundi hafa verið lægri úti um land, vegna þess að framleiðslukostnaður væri þar minni, en ekki vegna þess að bændur hefðu lagt þar meira að sér heldur en hér í nágrenni Rvíkur. Ég hygg, að það sé rétt, að svona hafi það verið. En þetta er ekki lengur. Kaup hefur jafnazt svo mikið á þessum síðustu tímum, styrjaldartímanum, að ég hygg, að það sé orðið ákaflega svipað um land allt og yfirleitt annar framleiðslukostnaður. Og það, að mjólkin annars staðar úti um land er ekki komin í sama verð eins og hér í Rvík, stafar af því, að menn eru nú ekki svo fljótir á sér — sízt bændur — að breyta í það horf, sem þeim í raun og veru væri þörf á í þessu efni og sambærilegt væri við aðra. Þess vegna held ég það, að brtt. hv. 5. þm. Reykv. á þskj. 745 (misprentað 750) sé algerlega óréttmæt, eins og ég reyndar gat um við 2. umr. málsins. Og það, sem hann sagði, að bændum yrði þá bætt upp mjólkin þetta tímabil, sem bráðabirgðaráðstafanirnar eiga nú að vera, það er að vísu rétt, að lögin ætlast svo til. (**IngP**: Það er ekki hægt nema þar, sem mjólkursöluskipulag er). Einn hv. þm. grípur fram í fyrir mér og segir, að þetta sé ekki hægt nema þar, sem mjólkursöluskipulag er, og er það rétt. Það er óframkvæmanlegt annars staðar. En jafnvel þar, sem mjólkursöluskipulag er, þá koma þau sömu vandkvæði í haust, ef ekkert verður úr samkomulagi, sem ég var að tala um við 2. umr. þessa máls.

Ég lengi svo ekki þetta mál. En mér finnst öll rök hníga að því, að það beri að fella brtt. á þskj. 745. Hitt er svo annað mál, hvort hæstv. ríkisstj. sér eitthvert færi á því í framkvæmd málsins að taka tillit til þess raunverulega ástands, sem nú er í landinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil mjög eindregið skora á hv. þd. að fella brtt. á þskj. 745. Mér er m. a. kunnugt um eitt mjólkursamlag, sem hefur gert samninga um að selja mjólk úti á landi fyrir kr. 1.45 lítrann, og það kostar þetta sama félag 20 aura að koma hverjum lítra mjólkurinnar á sölustaðinn. Þessu mjólkurverði hefur verið haldið niðri með samningum undanfarin ár. Og með verðlagsákvæðunum í desember s. l. var ekki leyft að hækka þetta verð aftur, þó að kostnaður, sérstaklega að vetrinum, við þessa mjólkursölu stigi mjög mikið. Sér það hver maður, að ósanngjarnt er að láta þessa menn líða fyrir það nú, að þeir hafa haldið niðri mjólkurverðinu á þennan hátt, með því að láta mjólkurverðið hjá þeim lækka enn meira, sem samþ. þessarar brtt. hefði í för með sér. Ég minntist á það hér við 2. umr. málsins, að það væri heldur engin ástæða til þessa. Vísitalan er reiknuð út eftir kostnaði hér í Reykjavík, og verkamenn úti á landi, sem fá kaup reiknað eftir þeirri vísitölu, hafa nú betri aðstöðu til að kaupa lífsnauðsynjar sínar að flestu leyti, af því að það er ekki eins dýrt að lifa þar eins og hér, þar sem vísitalan er reiknuð. Hins vegar hefur kaupgjaldið hækkað meira þar heldur en í Rvík, og er við komið upp í það, sem er hér í Rvík. Ég sé því ekki ástæðu til þess að gera kröfu um það, að þessi brtt. verði samþ.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 749 og þeirri brtt., sem fram er komin við hana, sé ég ekki annað en þar sé einhver togstreita á milli flm., sem hefði verið langbezt, að hv. flm. hefðu getað komið sér saman við hv. fjhn. milli umr. um að jafna.

Hvað snertir mínar brtt. á þskj. 737, sem ég tók aftur til 3. umr., þá vil ég lýsa yfir, að þótt ég sé þess fullviss, að það sé mjög mikið þingfylgi fyrir þeim brtt., þá er það nú svo, að hér á elleftu stundu er ekki hægt að knýja þetta þingfylgi fram. Og með því að frv. sjálft hefur tekið miklum breyt. til hins betra við 2. umr. málsins hér, þá vil ég ekki stuðla að því, að það nái ekki fram að ganga fyrir það eitt, að það sé verið að breyta því svo mjög fyrir utan það samkomulag, sem náðst hefur. Og mun ég því taka brtt. mínar til baka, en að sjálfsögðu setja þær aftur fram, ef frv. kæmi aftur breytt frá því, sem nú er frá hv. Nd., eftir að það hefur gengið til hennar nú héðan. En ég endurtek það, að ég tel, að 1. gr. frv. sé ramgölluð enn sem komið er. En þar á nú hv. Nd. a. m. k. þá sök á að hafa haldið þessu máli svo lengi, að það væri ekki hægt að ræða till. Nd. hér, hversu góðar eða lélegar sem þær væru, og veit ég ekki, hvort hv. Nd. er megnug að standa undir þeirri ábyrgð, sem hún hefur tekið á sig í því máli. Væri óskandi, að það kæmi ekki oftar fyrir, að sú hv. d. komi svona fram.

Jónas Jónsson: Hv. flm. brtt. á þskj. 745 hefur víst ekki skilið alveg sínar eigin gerðir og till. í

mjólkurmálinu. Ég ætla þess vegna að hjálpa honum með því að taka dæmi, sem liggur nærri hendi. Kaup verkamanna á Akureyri er, eftir nýkomnum blöðum að norðan að dæma, heldur hærra en í Dagsbrún. Mjólkin þar hefur aldrei verið seld hærra en á kr. 1.30. Það er þess vegna sýnilegt, að aðstaða verkamanna og annarra á Akureyri hefur verið þannig, að þeir hafa grætt á því að hafa þessa hagstæðu mjólkurverzlun. Nú er mála sannast, að það var enginn vandi fyrir mjólkursamlagið á Akureyri að hækka mjólkina meira. Þeir hafa alla aðstöðu til þess. Þeir ráða algerlega yfir mjólkurmarkaðinum. Það var ómögulegt að hindra þá frá því, ef þeir hefðu viljað fara þannig að. Aftur á móti er það svo um bændur hér við Rvík, að þeir eru búnir að læra það af verkamönnum og stéttasamtökunum að vera ekki með neina sérstaka hlífð. Þess vegna er það, að þeir menn í n., sem fjallar um mjólkurverðið í Rvík, mjög duglegur maður úr Alþfl. og annar úr Sjálfstfl., hafa ekki gert kröfur um það, að mjólkin væri í lægra verði, af því að þeim hefur fundizt sanngjarnt verð á henni.

Þess vegna er aðstaðan sú, að nú er lagt til á þskj. 750 að hegna t. d. Eyfirðingum fyrir þann sparnað og hófsemi, sem þeir hafa sýnt, og þegar hv. frsm. heldur fram, að það skipti engu máli fyrir bændur, þar sem þeir fái borgaða uppbót, þá er það aðeins sönnun fyrir athugaleysi hans, af því að hann sér ekki, að höfuðgallinn er sá, að þótt bændum sé borgaður hallinn með bráðabirgðaframlagi úr ríkissjóði, þá er enginn, sem segir, að það verði auðvelt fyrir framleiðendur, þegar hætt er að greiða ríkisframlagið, að fá vöruna hækkaða, þó að dýrtíð verði kannske sú sama og kaup kannske hærra. Þetta er höfuðgallinn á allri meðferð málsins, af því að það er ekki tekið réttum tökum, eins og búnaðarþing ætlaðist til, sem sé að lækka raunverulega án ríkissjóðsframlags kaup og afurðaverð. Þessi hegning á framleiðendur fyrir þeirra mildi er ákaflega ranglát í framtíðinni gagnvart þeim, þegar innan skamms tíma ríkissjóðsframlagið hættir, en eftir stendur það verð, sem raunverulega kemur fram við þá lækkun.

Brynjólfur Bjarnason: Það er meira ofurkappið, sem sumir hv. þm. leggja á, að brtt. á þskj. 745 verði felld, og þegar menn eins og hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Barð. ganga í bandalag um að fella till., þá kann það ekki góðri lukku að stýra, og geta menn þá getið sér til um eðli málsins.

Þessir hv. þm. halda því fram, að mjólkurverðið úti á landi hafi verið svo lágt, að það væri óréttlæti gagnvart framleiðendunum, að þeir lúti sömu l. og framleiðendur í nágrenni Rvíkur. Þetta getur ekki byggzt á öðru en því, að verðið í Rvík hafi verið ákveðið of hátt í hlutfalli við verðlagsákvarðanir, sem gerðar hafa verið úti á landi. Annars ganga þeir fram hjá því, að það er ekki verið að tala um að lækka verð til framleiðenda, því að það er um það að ræða, að á þessu tímabili verði bændum borguð að fullu sú lækkun, sem ætlazt er til, að verði á útsöluverði. En það, sem þeir virðast vera að halda fram, er, að það þurfi að hækka verð á mjólk úti á landi, vegna þess að verðið hafi verið of lágt. Mjólkurverðið hækkar, ef vísitalan lækkar og þar með verðlag, og þá finnst mér gengið nokkuð langt, að þegar verið er að ræða, hvernig eigi að færa verð niður, þá skuli vera haldið fram, að fyrst og fremst þurfi að hækka verulega landbúnaðarafurðir, sem eru þó þær vörutegundir, sem valda einna mestu um hækkun vísitölunnar. Ef þessi till. á þskj. 745 verður felld, þá þýðir það ekkert annað en það, að Alþ. ákveður, að verð á mjólk annars staðar en í Rvík skuli raunverulega hækka og finnst mér það öfugsnúið, að í þessu frv., sem fjallar um verðlækkun, að ráðstafanir skuli gerðar til hækkunar á vöruverði. Þessir hv. þm. voru að tala um, að kaup úti á landi væri jafn hátt og í Rvík í krónutölu, enda þótt verðlag væri þar miklu lægra. Það er nú svo, að kaup á Akureyri er eins hátt og í Rvík í sumum greinum, en aftur á móti miklu lægra hjá öðrum, og víðast hvar úti á landi er kaupið lægra en í Rvík. Það er alveg hrein undantekning, að það sé hærra, sums staðar jafn hátt, en það er t. d. alveg fjarstæða, að kaup á Akureyri sé almennt hærra, enda þótt það sé svipað og í Rvík í sumum atvinnugreinum. Á Siglufirði er mjólkin kr. 1.70, og er það hærra en hér er ætlazt til samkv. þessu frv. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að þessi brtt. verði felld, en ef það verður gert, þá er Alþ. þar með ekkert að gera annað en að draga af verkamönnum úti á landi nokkuð af því kaupi, sem þeir hafa nú samkv. samningum, sem þeir hafa gert við atvinnurekendur. Mætti orða það svo, að Alþ. hafi þá af ráðnum hug falsað þá vísitölu, sem kaupið er reiknað eftir, í þessum skollaleik.

ATKVGR.

Brtt. 737 tekin aftur.

— 752 felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt.

nei: LJóh, PM, ÞÞ, BBen, EE, GJ.

HG, KA, MJ, BrB, StgrA greiddu ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Brtt. 749 felld með 9:5 atkv.

— 751 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 745 felld með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KA, BrB, StgrA.

nei: HermJ, IngP, JJ, LJóh, MJ, PHerm, PM, ÞÞ, BSt, GJ.

HG, BBen, EE greiddu ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 101. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 753).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Fjhn. hefur haldið fund um þetta frv., eins og það nú er orðið eftir afgreiðslu þess í hv. Ed. Það hafa verið samþ. nokkrar till. frá hv. fjhn. Ed. við frv., og þessar brtt. eru mönnum kunnar

af þingskjölum og einnig af umr. í Ed., svo að ég geri ekki nánari grein fyrir þeim. Fjhn. þessarar hv. d. mun ekki bera fram neinar brtt. við frv. nú og gerir ráð fyrir, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir hér í hv. d.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Þetta frv. er nú komið til okkar aftur hér í hv. d. frá Ed. og hefur tekið miklum stakkaskiptum. Þau tíðindi hafa nú gerzt, að þrír af flokkum þingsins hafa nú gert samkomulag um það, hversu þetta mál skuli afgreitt. Þetta samkomulag er í framkvæmdinni svo vel skipulagt, að áður en atkvgr. var lokið við 3. umr. í Ed. um málið, þá var frv. prentað eins og það mundi líta út eftir 3. umr., samkv. því, sem bandalagið, sem um afgreiðslu þessa máls hafði skapazt þar, hafði gefið upp, að verða mundi um afgreiðslu frv. Á þessu hefur að vísu sá kostur verið, að hægt hefur verið að byrja þennan fund hér í hv. d. fyrr en ella. En þetta er dæmi þess, hve náið samstarf hefur tekizt á milli þeirra þriggja flokka, sem bundizt hafa samkomulagi um afgreiðslu málsins.

Með tilliti til þessa má segja með réttu, að það hafi ekki mikla þýðingu að ræða þetta mál nú hér í hv. d., þegar þannig er ástatt, að vitað er, að þetta samkomulag er fyrir hendi, og þar sem lýst hefur verið yfir af talsmönnum tveggja þessara flokka, Alþfl. og Sósfl., í hv. Ed., að samkomulag sé milli þeirra og Sjálfstfl. um þá afgreiðslu, sem orðin er. En eigi að síður vil ég nú þreyta hv. þdm. með því að vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við þetta mál og meðferð þess hér í þinginu. Mér finnst ýmislegt í þeirri sögu vera þannig, að það sé ómögulegt annað en að vekja athygli á því, um leið og síðasti fundur er háður á Alþ. um málið í þessari hv. d.

Því hefur verið mjög á lofti haldið af ýmsum stjórnmálaflokkum, reyndar öllum stjórnmálaflokkum í landinu að undanskildum Sjálfstfl., að ef takast ætti að fá nokkra lausn á dýrtíðarmálinu, eins og það hefur verið kallað, þá væri það eitt skilyrði, sem væri frumskilyrði og óumflýjanlegt til þess, sem sé að á undan eða jafnhliða hverri lausn á þessu máli, sem væri, yrði að fara fullnægjandi lausn á skattlagningu stríðsgróðans. Hæstv. ríkisstj. hefur sýnilega í frv. sínu tekið til greina þessi sjónarmið flokkanna og látið því 1. kafla frv. fjalla um þær undanþágur, sem mest hefur verið krafizt af hálfu verklýðsflokkanna. En það vakti strax nokkurn ugg hér á þingi, að þegar afgreiða skyldi málið frá þessari hv. d., þá skiptu fulltrúar Alþfl. og Sósfl. um stefnu og ákváðu, að dýrtíðarmálin skyldu afgreidd, án þess að skattamálin yrðu tekin með. Undir eins og vitanlegt var orðið, að meiri hl. fjhn., sem skipaður er fulltrúum Sjálfstfl. og verklýðsflokkanna, mundi leggja þetta til, lögðum við tveir framsóknarflokksmenn fram till., sem fóru mjög í sömu átt og till. hæstv. ríkisstj., þá að fella niður varasjóðshlunnindi útgerðarfélaga þeirra, sem mestum varasjóðum hafa safnað, og veita smáútvegsmönnum aukin hlunnindi. Þegar þessar till. okkar voru fram komnar, fór að kenna nokkurs óróleika í herbúðum sósíalista á Alþ., og voru þá tveir menn gerðir út af örkinni af þeirra hálfu til að sýna, að þeir vildu standa við orð sín. Þeir lögðu nú fram till., sem fóru mjög í sömu átt og till. hæstv. ríkisstj. og till. okkar hv. 2. þm. N.-M. Þó að lítið bæri á milli, tóku þeir ekki upp þinglega stefnu, þannig að till. þeirra væru fluttar sem brtt. við okkar brtt. og reynt þannig að færa þær í það horf, er þeir vildu hafa, heldur fluttu þeir brtt. sínar inn í frv. miklu aftar en okkar brtt. Þetta var gert til þess eins að sýnast án þess að eiga á hættu, að nokkuð yrði samþ. í málinu. Það var sem sé tilgangur þeirra að fella okkar till. með aðstoð Sjálfstfl., og gerðu þeir ráð fyrir, að við mundum þá fella þeirra till. eftir á, svo að þeir yrðu stikkfrí, eins og krakkarnir segja. Eftir það átti svo að segja, að Sósfl. hefði vissulega viljað framkvæma sína stefnu í skattamálunum, en Framsfl. drepið till. hans. En við höfðum nokkurn grun um það, hvað fyrir þessum hv. þm. vakti. Á till. okkar og þeirra var ekki sá munur, að ástæða væri til að láta hann sér fyrir brjósti brenna, ef raunverulegum áhuga á málinu hefði verið til að dreifa. Við samþ. þess vegna þeirra till., þótt þeir hefðu fellt till. okkar. Maður skyldi nú ætla, að þeim hefði þótt þetta æskileg málalok. En gleði þeirra yfir því var blandin, eins og brátt kom í ljós. Hv. 7. þm. Reykv. hafði farið að barma sér yfir því, að sósíalistar hefðu aldrei þessu vant svikið í dýrtíðarmálinu. En við 3. umr. málsins gerist svo það, að hv. 2. þm. Rang. flytur brtt. þess efnis, að fé það, sem fengist vegna 7. gr. frv., skyldi renna í raforkusjóð, en ekki til alþýðutrygginganna, eins og Sósfl. hafði ákveðið. Og þegar þessi till. kemur fram, rís fulltrúi sósíalista, hv. 2. þm. Reykv., upp og lýsir yfir því, að ef hún verði samþ., muni Sósfl. greiða atkv. gegn 7. gr., að skattfrelsi stórútgerðarinnar verði látið niður falla, en Sósfl. er brennandi af áhuga fyrir rafmagnsmálunum, eins og kunnugt er!

Hv. 2. þm. Reykv. lýsir yfir því, að ef þessi óhæfa verði samþ., að fé renni í raforkusjóð, þá muni flokkur hans greiða atkv. á móti 7. gr. Hann telur með öðrum orðum betra, að stórgróðamenn í Rvík sitji með fé en það renni í raforkusjóðinn. Á þennan hátt kom það í ljós, að Sósfl. var aðeins að leita að átyllu til að geta drepið sitt eigið fóstur, og átyllan var ekki sterkari en það, að fénu skyldi varið í áhugamál þeirra nr. 1 í stað áhugamála þeirra nr. 2. Var auðséð samspil Sósfl. og íhaldsins í þessu, að Ingólfur Jónsson skyldi látinn bera fram þessa brtt. Þetta samspil var svo klaufalegt, að engum gat dulizt það. Ég lagði þá fram till. um það, að fénu skyldi skipt þannig, að helmingur rynni í raforkusjóð, en helmingur til alþýðutryggginganna, og náði hún samþ., eins og kunnugt er. En hv. 2. þm. Reykv. tók svo nærri sér kveinstafi hv. 7. þm. Reykv., um það, að Sósfl. hefði svikið, að hann ætlaði að koma því til leiðar, að till. þeirra hv. þm. Siglf. og hv. 6. landsk. yrði felld, þó að það tækist reyndar að koma í veg fyrir, að þessu fóstri hv. fyrrnefndra þm. yrði grandað.

Og nú hófst síðari þáttur málsins í hv. Ed. Það þarf ekki að taka fram, að sjálfstflmönnum leið illa, meðan á þessu stóð og óráðið var, hvort

sósialistar mundu treystast til að ganga á móti fyrri stefnu sinni eða heykjast á því. En Sjálfstfl. hefði engar áhyggjur þurft að hafa af því máli. Niðurstaðan varð sú, að sósialistar og sjálfstflmenn sömdu um það í Ed. með samþ. Alþfl. að fella úr frv. ákvæði það um afnám skattfrelsis stórgróðamanna, sem flutt var af þm. sósialista hér í deild.

Nú er fróðlegt að rifja upp fyrri afstöðu Alþfl. og Sósfl. í skattamálum og dýrtíðarmálum. Alltaf þegar leitað var samstarfs við þá í þeim málum, þóttust þeir ekki geta tekið þátt í slíku samstarfi, vegna þess að of skammt væri gengið í skattamálunum. Þeir fundu raunar ekki svo mjög að skattstiganum sjálfum, sem nam um 90%, þegar komið var upp í 200 þús. kr. tekjur, en þeir sögðu, að þessi skattstigi væri ekki til í raun og veru, gróðamenn hefðu svo mikil hlunnindi ýmiss konar, að með því væri skattstiginn gerður að engu. M. ö. o., þeir báru það fyrir sig, að þau hlunnindi væru veitt, sem nú var í ráði að afnema. Þeir höfðu lofað kjósendum sínum að afnema þessi hlunnindi. En nú, er hæstv. ríkisstj. leggur fram till. um þetta og Framsfl. lýsir sig fúsan að fylgja þeirri till., hvað gera þá þessir flokkar? Þá semja þeir við Sjálfstfl. um það, að þessi hlunnindi skuli látin gilda. Þeir samþ. að fella úr frv. till. sinna manna í Nd. um afnám þessara hlunninda. Þeir höfðu líka fundið að því oft og mörgum sinnum, að óheimilt væri að leggja útsvar á alla þá tekjuupphæð einstaklinga eða félaga, sem umfram væri 200 þús. kr. En skyldu þeir hafa komið fram með till. um það, að þetta yrði lagfært? Nei, ekki heldur.

Hvaða átyllu hafa svo þessir menn til að réttlæta framkomu sína? Fyrsta tylliástæðan er sú, að með 7. gr. hafi verið þrengdur óhæfilega kostur útvegsins á því að safna fé í nýbyggingarsjóð. En samkv. þessari 7. gr. voru í raun og veru aukin nýbyggingarsjóðshlunnindi allrar smáútgerðar og tvöfölduð öll nýbyggingarsjóðstillög hjá öllum útgerðar- og hlutafélögum, sem ekki hafa komið varasjóði sínum upp í eina millj. kr. Það var í lófa lagið að ná samkomulagi um að hækka þetta takmark nokkuð, svo að félögin gætu fengið meira í nýbyggingarsjóð. Önnur tylliástæða Alþfl. og Sósfl. í þessu sambandi er sú, að þeir hafi með þessu samkomulagi við Sjálfstfl. um að fella niður aukna skatta á stórgróðamenn unnið það, að lögð skuli til hliðar þriggja millj. kr. upphæð, sem ganga eigi til alþýðutrygginganna. En helmingur af því fé, sem átti að koma í ríkissjóð samkv. ákvæðum 7. gr. eftir 3. umr. í Nd., átti einmitt að ganga til alþýðutrygginganna. Væri ekki rétt að draga að minnsta kosti þann helming frá þessum þrem millj. kr., þegar þeir eru að tala um það, sem áunnizt hefur með því að fella niður 7. gr.? Og væri ekki rétt fyrir þá að minnast þess, að þeir þurftu ekki að vera í neinum vandræðum með að tryggja þetta fé til alþýðutrygginganna? Ekki stendur á Framsfl. að samþ. það. Og það hefði verið útlátalaust, að einhver hluti af viðreisnarskattinum hefði farið til alþýðutrygginga. Framsfl. hefði aldrei skorað huga sinn um að samþykkja till. sósialista, ef það hefði ekki kostað það að fella niður 7. gr. frv., sem þeir fluttu sjálfir með Sjálfstfl. — Þessir menn ættu því ekki að vera að gera sig digra út af þessum Júdasarpeningum, sem þeir eru alltaf að flagga með í sambandi við þetta mál, að þeim hafi nú tekizt að ná í 3 millj. kr. í alþýðutryggingarsjóðinn.

Þá er það 3. tylliástæðan, sem er nú hin skemmtilegasta af öllum, og hún er sú, að skattar eigi ekki heima í dýrtíðarfrv. og þess vegna eigi að taka þá burtu, segja þeir nú. — Ég hef áður rakið það hér, hverju flokkarnir hafa haldið fram um þetta atriði, en það er, að fyrst og fremst ætti að ganga í það að skattleggja stríðsgróðann. Hafa sósialistar eigi síður en aðrir, — því að það mega þeir eiga, — haldið þessari stefnu mjög á lofti, að fyrst og fremst ætti að leggja skatta á stríðsgróðann. — En hvað skeður svo þegar á á að herða? Þegar svo langt er loksins komið, að dýrtíðarfrv., m. a. um skattlagningu stríðsgróðans, hefur gengið í gegn um aðra d. hv. Alþ. og er komið til hinnar, þá uppgötvast það bara á einni nóttu, að það, sem allt til þeirrar stundar hafði verið talið það sjálfsagðasta til lækkunar á dýrtíðinni, á alls ekki heima í dýrtíðarfrv. og er fellt burtu. — Og ekki tekur betra við, ef athugað er, hvernig þetta ákvæði, sem fellt var burtu, var inn í frv. komið, en það voru tveir sósialistar, sem gerðir voru út af örkinni með það ákvæði, en í Ed. er það svo fellt af flokksbræðrum þeirra. —

Er hægt að hugsa sér öllu meiri hringlandahátt í meðferð þýðingarmikilla mála, og hvað á þessi leikaraskapur að þýða? — Ég vorkenni þessum vesalings mönnum, sem flokkur þeirra leikur svo grátt, og ég er hissa á, að þeir skuli ekki rísa öndverðir gegn þessu framferði. —

En ef Sósfl. er óánægður með þetta frv., hví flytur hann þá ekki sérstakt frv.? — Nei — það er allt á sömu bókina lært hjá þessum flokki. Hann er nú augsýnilega kominn í svo mikil vandræði með sjálfan sig og athafnir hans svo mótsagnakenndar, að hann getur ekki lengur dulið málefnasvik sín og aumingjaskap. Er þetta hátterni þeirra allt meiri og minni ráðgáta, sem e. t. v. upplýsist síðar. —

Eftir sem áður segjast þó þessir hv. þm. Sósfl. vera brennandi af áhuga fyrir því að skattleggja stríðsgróðann og að það skuli gert á næsta þ. Þetta þ. hefur nú staðið síðan í desember f. á., og í þessa fimm mánuði hafa þeir haft tækifæri til þess að koma þessu áhugamáli sínu í framkvæmd. Eftir allan þennan tíma hafa þeir þó komizt að þeirri niðurstöðu, að nú eigi að láta til skarar skríða á næsta þ. Við skulum sjá til, hvað setur, en eftir því, sem á undan er gengið, verður maður að álykta, að alllangan tíma þurfi nú til þess að hugsa sig um, þegar til framkvæmdanna á loksins að koma. —

Þessi loddaraleikur sósialista, sem þeir nú eru að leika í sambandi við þetta mál, er ekkert gamanmál, heldur er hér um að ræða mikið alvörumál fyrir þá, sem veitt hafa þessum þm. brautargengi og umboð sitt á Alþ. —

Það getur verið að einstaka þm. skemmti sér að þessu framferði sósialista hér á hv. Alþ., en kjósendurnir geta ekki hlegið að því. Þeir hlæja ekki að því, er þeir, sem þeir trúðu að mundu

vinna samkv. yfirlýsingum sínum, bregðast svo gersamlega þeim málstað, er þeir voru hingað kosnir til þess að flytja. Því er það frá sjónarmiði kjósendanna allt annað en gamanmál, sem hér er á ferðinni. —

Að lokum vil ég benda á eitt atriði, sem sýnir, hversu hyldýpið hjá sósíalistum er mikið á bak við allt þetta. — Við skulum bara segja sem svo, að Alþfl. hefði verið einn um þá afstöðu, sem Sósfl. tekur núna. Hvað hefðu þá þm. Sósfl. sagt? Heyrið þið ekki slagorðin í þeim? Svikin við málstaðinn! Svikin við kjósendur! Undirlægjuháttur! Aumingjaskapur! Þjónusta við Kveldúlfsvaldið! —

Þessi furðulega afstaða Sósfl. nú mun víðar vekja athygli og almenna undrun heldur en hér á Alþ. Úti um allt land munu menn furða sig á þessu samkomulagi Sósfl. og Kveldúlfsvaldsins um verndun stríðsgróðans í höndum einstakra manna. — Með þessu framferði sínu, hafa þm. Sósfl. sýnt, að ekkert mark er á ummælum þeirra takandi, hversu digurbarkalega sem þeir kunna að mæla. — Þó að þm. Sósfl. brosi nú bara að því, sem þeir eru að leika hér, þá er það eitt víst, að þeir munu ekki gera það, er þessum leik lýkur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það væri rétt að rekja hér sögu frv., sem nú liggur fyrir til umr., einkum þó eftir að það var afgreitt frá þessari hv. d. Fjhn. d. var nokkurn veginn sammála, t. d. um tilmælin til alþýðusambandsins og um 3 millj. kr. til atvinnutrygginganna og um skipun mþn. til þess að rannsaka skattamálin, sem skilaði áliti 15. ág. þ. á. — Í fjvn. kom till. frá mér um það, að nýbyggingarsjóðurinn væri undir þjónustu hins opinbera, til þess að tryggja með því, að hann væri einungis notaður til nýbygginga, en lenti ekki í taprekstri útgerðarinnar eða öðru slíku. Enn fremur kom frá mér og fulltrúum Alþfl. í fjhn. till. um, að gert yrði ráð fyrir eignaraukaskattinum miklu hærri, eða um 15 millj. kr. En tími vannst ekki til þess að ganga frá þessu á sómasamlegan hátt, þar sem líka skorti á, að vinstri flokkarnir gætu komizt að samkomulagi á þeim tíma, sem afmarkaður var. Nokkur ágreiningur var um eitt höfuðatriðið, eignaraukaskattinn, hvernig ætti að nota hann. Það virðist mega orðið ganga út frá því sem gefnu, að hvenær sem minnst er á, að nota eigi eitthvað fé handa alþýðu þessa lands til þess að bæta kjör hennar og tryggja framtíð hennar, þá rísi Framsfl. öndverður og berjist með hnúum og hnefum móti öllu slíku. Það stendur ekki á þeim að koma fram með till. um skattaálagningu, en ef eitthvað af aurum á að fara til alþýðunnar, þá skal alltaf barið í borðið. Þess er skemmst að minnast hérna, að hv. þm. Framsfl. steindrápu allir till. um að verja 3 millj. kr. til atvinnutryggingar við afgreiðslu seinustu fjárlaga. Þá stóð Framsfl. sem einn veggur. Allir á móti.

Í sambandi við dýrtíðina er einna mest rætt um og barizt um tvennt, það er annarsvegar, hvernig taka eigi stríðsgróðann, og hins vegar, hvernig eigi að nota hann. Um afstöðu Framsfl. til hins síðarnefnda er þegar kunnugt, eins og ég hef þegar vikið að. Það var þegar séð, að ekki mundi nást samkomulag um 1.—3. kafla frv. eins og stj. gekk frá þeim, og alls ekki um 3. kaflann. Því var horfið að því ráði, eins og hv. frsm. fjhn. þessarar d. skýrði frá í framsöguræðu sinni, að stærstum hluta skattamálanna skyldi slegið á frest. Hvað gerist svo? Tveir sósialista þm. koma fram með till. um 3 millj. kr. til alþýðutrygginga, sem var sama till. og felld var í vetur. Bæði þessi till. og aðrar till. hv. fjhn. eru samþykktar.

Svo kemur 3. umr. Þá gerist það, að Framsókn skríður saman við Sjálfstfl. hér í d. og gerbreytir því, sem fjhn. hafði lagt til og samþ. var við 2. umr. Og svo er þannig farið með frv., að það verður sem sagt hvorki heilt né hálft fyrir atbeina þessara flokka, sem komu með einar 4—5 skemmdartill., sem fóru þannig með frv.

Í 3. gr. er stj. fyrirskipað að leita samninga við Alþýðusamband Íslands og önnur sambönd launþega um það, er þar greinir, en í gr. eftir 3. umr. sést ljóslega, að þessar samningaumleitanir eiga helzt að víkja og þær á að eyðileggja samkv. því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að sýnt væri, að stj. gæti ekki verið að beygja kné sín fyrir hverju verkalýðsfélagi.

Í 5. gr. gátu og þessir tveir flokkar komið sér saman um að bæta inn í atriði, sem mun verða smánarblettur mikill á þessum flokkum í sambandi við þetta mál. — Skilyrðið fyrir því, að 3 millj. kr. gangi í atvinnutryggingarsjóð, á samkv. gr., eins og þeir vildu hafa hana, að vera, að samkomulag náist við stéttasamtökin um kaupþækkunina, sem vitað er, að verður ekki svo mikið sem reynt að ná í það samkomulag, hvað þá heldur að það takist. — Ofan á þetta tiltæki þeirra bætist svo það, að í 7. gr. bæta þeir ákvæði um, að þessar 2—3 millj. kr. skulu að jöfnu skiptast milli alþýðutrygginga og raforkusjóðs. — Þó að raforkusjóður muni nú vera búinn að fá 10 millj. kr. samkv. því, sem hæstv. fjmrh. gaf nýlega í skyn, þá á það ekki að nægja til að byrja með, heldur taka peninga honum til viðbótar, peninga, sem miklu meira ríður á, að séu notaðir til breyt. á alþýðutryggingarl. — Þetta voru þá „spekúlasjónir“ þessara manna, sem gerðu frv. allt illt, er þeir gátu. — Við atkvgr. sátu þm. Sósfl. og Alþfl. hjá, og þannig fór það til hv. Ed. En brátt þótti það sýnt, að þar beið frv. enn verri meðferð því að þar þurfti ekki nema hv. þm. S.-Þ. og einn til, og þar með lék það laust í höndum Sjálfstfl., sem gat þá gert við það hvað, sem honum sýndist, því að hversu slæm sem Framsókn er hér í þessari hv. d., þá er hún þó enn verri í hv. Ed. —

Svo er hv. 2. þm. S.-M. sendur út af örkinni til þess að gráta krókódílstárum yfir því, að hv. þm. S.-Þ. tókst ekki að gereyðileggja frv. í Ed., og harmar hann það mjög, að Sósfl. og Alþfl. tókst að bjarga því, sem eftir var. — Já, ekki skal mig furða, þó að hv. þm. gráti yfir því. — Það er nú tryggt að 3 millj. kr. ganga til nauðsynlegra breyt. á alþýðutryggingarl. —

Það er ástæðulaust fyrir Framsfl. að vera að harma það, sem honum tókst ekki að eyðileggja í sambandi við þetta mál, og ég get fullvissað þann flokk um, að hann getur, ef hann vill, sýnt hvern hug hann ber til skattamálanna varðandi lækkun dýrtíðarinnar, því að strax á næsta þ.

munu Sósfl. og Alþfl. bera fram skattafrv., og þar verður ekki eignaraukaskatturinn 2½ millj., heldur 15—20 millj. kr., og um leið get ég sagt þeim flokki, að jafnframt verða gerðar kröfur um, að því fé, er fæst, verði varið til þess að tryggja afkomu alþýðunnar í landinu í bráð og lengd, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur.

Hv. 2. þm. S.-M. hefur lýst yfir því, að það muni ekki standa á Framsfl. að vera með slíku. Það er gott að vita, og ég mun síðar minna hann á þessa yfirlýsingu, og ég skora á hann að bæta því við, að það standi ekki á Framsfl. að verja því fé, sem kemur þannig inn, til þess að bæta afkomu almennings í kaupstöðunum, eins og þeir hafa styrkt raforkuveitur í sveitunum með 10 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði á einu ári. Það væri æskilegt að fá það greinilega tekið fram við þessa umr., hvort Framsfl. sé reiðubúinn til þess að semja við Alþfl. og Sósfl. um það, til hvers þessu fé skuli varið.

Við höfum orðið þess varir í samningum milli flokka, að þótt það hafi ekki verið nema smáræði, sem Sósfl. hefur farið fram á, þá hefur Framsfl. heldur kosið að láta málin drepast í höndunum á sér en að slaka nokkuð til við verkalýðssamtökin. Það spáir því engu góðu. En sem sagt, Framsfl. mun fá tækifæri til þess að sýna, hvað hann vill gera. Það mun ekki standa á Sósfl. að hafa frumkvæði um að leggja á eignaraukaskatt, en hann mun setja það skilyrði, að mjög ríflegum hluta af honum verði varið til alþýðutrygginga og annarra svipaðra hluta. Það kann að vera, að það verði togstreita um það, til hvers honum skuli varið. Framsfl. er orðinn því vanur eftir 15 ára valdaferil að skipa fyrir um málin, og hann er ekki búinn að átta sig á því, að kröfur verkalýðsins til bættrar lífsafkomu eru orðnar það háar, að ekki verður slakað til gagnvart honum, og ef Framsfl. ekki vill samþ. að láta að þeim, þá verður að leita annarra leiða.

Hv. 2. þm. S.-M. var að tala um það, að það væri nauðsynlegt að rifja upp dýrtíðarmálin. Við erum reiðubúnir til þess. Við erum til með að rifja upp sögu dýrtíðarmálanna, gerðardóminn og yfirlýsingar þessa háttv. þm. um það, sem ráðh., að það væri nauðsynlegt, til þess að hægt væri að framkvæma kaupkúgunarlög hans, að koma á slíku samræmi milli framboðs og eftirspurnar á vinnuafli í landinu, að ekkert atvinnuleysi yrði til í þjóðfélaginu. Við erum reiðubúnir að rifja þetta allt upp, ef þessi hv. þm. álítur það heppilegt, og við erum líka reiðubúnir til þess að rifja upp skattamálin og feril Framsfl. í þeim frá árinu 1939. Líklega gefst enn betra tækifæri til þess á næsta þingi að láta Framsfl. sýna, hvað hann meinar, því að þá verður væntanlega tekin ákvörðun um það, hvernig stríðsgróðanum skuli varið.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði um það, að með þeirri breyt., sem Ed. hefði gert á frv., væru skildar eftir í höndum stríðsgróðavaldsins í Rvík, 2½ millj. kr. En hvað lengi hugsar hann að það verði? Ef t. d. eignaraukaskatturinn verður samþ. á næsta þingi, heldur hann þá, að það verði ekki hægt að ná þessu? Heldur hann, að sjóðirnir verði ekki kyrrir? En það er bara eitt skilyrði, sem við setjum. Verkalýðurinn verður að fá að ráða meiru um það, hvernig þessu fé skuli varið en Framsfl. þykir gott.

Það, sem unnizt hefur við það, sem samþ. var í Ed. eftir skemmdarverk Framsfl. og Sjálfstfl. við 3. umr. hér í Nd., er það, að nú er tryggt að 3 millj. kr. renni til alþýðutrygginganna, í stað þess, að ef skemmdarverkin hefðu fengið að halda áfram í Ed., þá hefði þetta aðeins orðið 1 millj. kr., eða jafnvel alls ekki neitt. Er þetta það, sem alþýðan hefur tapað? Hvað er það? Eru skattarnir tapaðir? Eru möguleikarnir til þess að ná þeim farnir? Nei, þeir eru enn þá til og það í enn ríkara mæli en gert var ráð fyrir í frv.

Hv. 2. þm. S.-M. var svo, eins og til þess að fegra málstað sinn ofurlítið, að reyna að búa til það, sem hann kallaði yfirklórsástæður. Meðal þeirra var sú, að skattarnir væru ekki taldir eiga heima í þessu frv. Það atriði hefur nú verið skýrt svo rækilega, að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, hve mikil fjarstæða þetta er. En hitt er annað, að skattamálin voru illa undirbúin, og því hefur verið lýst yfir, að sett skyldi mþn. í þau mál, sem á að hafa skilað áliti fyrir 15. ágúst n. k., eða á sama tíma og samkomulagsn. í verðlagsmálum landbúnaðarins átti að skila áliti sínu. Það, sem veldur þessum harmagráti, er það, að Framsfl. hefur með því, sem gerðist í Ed., verið sviptur tækifæri til þess að eyðileggja þetta frv. Nú á að vera með þennan harmagrát út af slíku, og það á að dylja svikin, sem ekki komust fram, með því að bera okkur sósíalistum svik á brýn. Þeir menn eru undarlega gerðir, sem eins og þessi hv. þm. halda því fram, að þeir séu fylgjandi róttækum umbótum, en harma það svo, að 3 millj. kr. skuli veittar til alþýðutrygginga í stað einnar millj. kr. eða alls ekki neins.

En það er mikils virði fyrir alþýðumenn, sem hefur verið skammtað úr hnefa alla tíð, að nú skuli í fyrsta skipti ekki vera niðst á þeim og að þeir skuli nú í fyrsta skipti ekki þurfa að stynja undir oki kúgunarvaldsins. Það er algert nýmæli að ekki skuli fyrst og fremst ráðizt á þá, sem minnst eiga, en í stað þess skuli nú vera samþ. í því dýrtíðarfrv., sem verður afgr. á þessu þingi, að nú skuli þó lagðar fram 3 millj. kr. til þess að stuðla að því, að alþýðunni geti vegnað vel. Þessi umskipti eru fagnaðarefni öllum þeim, sem unna róttækum umbótum, og þeir munu halda áfram á þeirri braut og taka stríðsgróðann til handa alþýðunni í æ stærri og stærri stíl. Framsfl. getur þá sýnt, hvort hann vill standa með þeim, og hann skal ekki þurfa að kvarta undan því, að hann fái ekki tækifæri til þess að gera eitthvað fyrir alþýðuna. En ég gæti trúað því, að hann yrði fyrri til að semja við Sjálfstfl. um að setja ný gerðardómsl. og kaupkúgunarákvæði. Það mun verða höfð gát á slíku. Verkalýðsstéttin er ekki lengur í þeirri aðstöðu að þurfa að beygja sig fyrir öllu því, sem Framsfl. kann að dengja yfir hana, og hún mun halda áfram að knýja fram umbætur sér til handa á kostnað hátekjumannanna.

Það líða ef til vill ekki margar vikur, þar til Framsfl. fær tækifæri til þess að sýna, hvernig hann vill standa við þær yfirlýsingar, sem hv. 2.

þm. S.-M. gaf hér áðan. En þegar á hólminn er komið, er ég hræddur um, að það fari öðruvísi, að þeir, sem þykjast róttækastir, sitji hjá, meðan hv. þm. S.-Þ. hefur forustuna og stefnir með þá beint í faðm afturhaldsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég geri ráð fyrir, að ég hafi nokkra sérstöðu í þessum málum, sem ég vil gjarnan gera grein fyrir. — Ég hef talið það nauðsynlegt til þess að gera eitthvað að gagni í dýrtíðarmálunum að lækka jöfnum höndum kaupgjald og afurðaverð og taka allverulegan hluta af stríðsgróðanum til að mæta erfiðleikum komandi tíma. Eins og þetta frv. fór frá deildinni, þá var einum þessara þátta enginn gaumur gefinn, en það var lækkun kaupgjaldsins. Við það sætti ég mig og greiddi atkvæði með frv. Þegar nú frv. kemur hingað aftur, þá hefur skattaálagning stríðsgróðans einnig verið felld niður, en sá skattur átti að vera til þess að bæta úr erfiðleikunum síðari tíma, ná nokkru réttlæti, taka fé úr umferð og tryggja verðgildi peninganna. Þetta hefur verið fellt niður, vegna þess að meiri hl. Ed. hefur talið, að ekki þyrfti að geyma neitt fé til þess að mæta erfiðleikunum, sem fram undan eru, og sú mun ætlun þeirra að ná þeim árangri, sem á að fást, á kostnað bændanna einna. Þeir einir eiga að fá lækkaðan hlut sinn. Þetta á að gera, þrátt fyrir það að vitað er, að það mun verða 10—20% dýrara að framleiða afurðir bændanna í sumar heldur en það hefur verið nokkru sinni áður. Svo miklar álíta stríðsgróðamenn Ed. tekjur bænda, að þó þeir viti, að tilkostnaður vaxi við framleiðslu, þá á að lækka arð afurðanna. Af bændunum á að taka, en það má ekki lækka stríðsgróðann um einn eyri.

Afleiðingin af þessu er sú, að ég tel mig ekki geta fylgt þessu frv., þar sem í því er gert ráð fyrir, að tekjur bændanna skuli stórminnka, því að þótt vísitalan lækki eitthvað, þá hefur það engin eða mjög lítil áhrif á þann kostnað, sem bændur verða að greiða við framleiðsluna í sumar. Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv. og tel það skaðlegt og rýra mjög tekjur bænda og neyða þá til að draga saman framleiðsluna, en það er mjög skaðlegt á þeim óvissu og ótryggu tímum um alla aðdrætti, sem nú eru.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins leiðrétta nokkurn misskilning, sem virtist koma fram hjá hv. 2. þm. Reykv. í sambandi við raforkusjóðinn. Ég sagði í Ed. í dag, að það væri þegar búið að taka 5 millj. kr. og leggja í banka í þessu skyni, en að ég hefði von um að bráðlega mundi vera hægt að bæta öðrum 5 millj. kr. við. Mér virtist hv. 2. þm. Reykv. vilja skilja þetta svo, að nú þegar væri búið að leggja 10 millj. kr. í raforkusjóð, og vildi ég aðeins leiðrétta þann misskilning.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Það mætti ætla, eftir þeim umr., sem hafa farið hér fram í kvöld, að fulltrúar Framsfl. hefðu verið á móti brtt. fjhn. og brtt. ríkisstjórnarinnar og á móti frv. yfirleitt frá upphafi.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði núna, að það væri ekkert annað gert til þess að lækka dýrtíðina en það, sem væri á kostnað bænda, en ég hef þó ekki orðið var við neinar brtt. til lagfæringar á því. Í fjhn. tókum við fullt tillit til þeirra, sem þar töldu sig fulltrúa bændanna og þar átti Framsfl. fulltrúa, sem var samþykkur brtt. n., en nú er svo að heyra frá þeim flokki sem ekkert tillit hafi verið tekið til bænda. Það var nú svo, að í fjhn. urðum við að taka mörg tillit, og það var sérstaklega eitt, sem við tókum tillit til viðvíkjandi bændum, en það var það, að þeir fengju ekki minna fyrir kjöt og mjólk en vísitala hvers tíma segði til. Ég varð ekki var við annað en fulltrúar bænda í fjhn. væru þar sammála okkur hinum, sem erum ekki eingöngu bændafulltrúar.

Nú er mikið um það rætt, hvort eigi að taka varasjóðsréttindin af hlutafélögum og samvinnufélögum eða ekki. Þetta var samningsatriði í fjhn. en hefur nú verið gert að deiluatriði, og nú virðist það vera aðalatriði, en það var lítið rætt í n., og n. taldi, að till. ríkisstj. um þetta væru illa undirbúnar og að heppilegra væri að þessi mál væru rannsökuð af n. Ég varð ekki var við neinn ágreining um þetta, fyrr en málið kom hér út í d. Og um hvað er deilt? Um það, hvernig eigi að ráðstafa 2 millj. kr., sem sumir halda fram, að séu tapaðar, ef þær verða ekki teknar nú þegar. Nei, þetta fé liggur áfram í varasjóðum fyrirtækjanna. Þetta um varasjóðina er nú gert að aðalatriði, en ekki hitt þótt frestað sé að leggja skatt á hæsta stríðsgróðann, en um það hefur Framsfl. ekki borið fram neina till. Það er höfuðatriði, en það er ekki tekið fyrir, heldur er þessi hundaþúfa valin til þess að klifra upp á og gera hávaða og reyna að vekja sundrung. Þetta getur aldrei orðið neitt höfuðatriði, en hitt er höfuðatriði, að settar verði reglur um varasjóðina og að þær reglur verði varanlegar, en til þess þurfa þær að vera betur undirbúnar en gert hefur verið. Ég sé ekki betur en hér sé verið að blása sig út yfir algeru aukaatriði og með því að koma í veg fyrir það, sem verið var að reyna, en það er að koma á fjögurra flokka samstarfi um tilraun til þess að komast að niðurstöðu um það höfuðatriði að koma vísitölunni eitthvað niður. En til þess að koma slíku samstarfi á þarf að taka tillit til fleiri en Framsfl. eins. Ég er þeirrar skoðunar, að ef ekki sé tekið tillit til allra, þá séu allar till. til samkomulags og þar með stjfrv. dautt. Og því má ekki taka út úr frv. þau atriði, sem ekki koma beint við höfuðtilgangi frv. og heppilegra er að geyma, til þess að þau geti fengið betri undirbúning? Það má mikið vera, ef þetta litla atriði er ástæða til þess, að sumir hv. þm. geti sagt það, að hér sjái þeir eitthvert hyldýpi spillingarinnar opnast í þinginu.

Þessi höfuðástæða, sem nú er flutt fyrir því, að það hafi mátt til að taka varasjóðina nú þegar til þess að leysa dýrtíðarmálið, var ekki látin gilda, þegar gerðardómslögin voru í gildi. Engin slík ákvæði voru þar. Þá var hægt að skipta þessu niður í tvenn lög. Ég tel það hafa verið galla á stjfrv. að hafa þetta í einu frv., í stað þess að skipta því niður í tvennt. Það hefði síður valdið truflun. Þetta hefur líka komið greinilega í ljós. Það hefur komið greinilega í ljós, að fjhn. sá rétt, þegar hún komst að þeirri niður-

stöðu, að það mundi trufla meðferð málsins í þinginu, ef haldið væri fast við l. kafla stjfrv. á þessu stigi þessara mála, því að allar aðaltruflanir, sem orðið hafa og nú seinast í hv. Ed., stafa einmitt frá því, að þetta tillit var ekki tekið við atkvgr. hér á einum fundi. Frv. hefur spillzt og þær heimildir, sem stj. fær, vegna þessarar meðferðar málsins og vegna þess bardaga, sem hefur komið inn í meðferð þessa máls.

Það er ekki ástæða til að tala mjög mikið um þetta nú á síðustu stundu. Það hefur nú verið hafin herferð, sem kemur manni alveg að óvörum, eins og þessar ræður, sem haldnar hafa verið hér við eina umr. í Nd. En ég hefði búizt við því, og ýmsir aðrir þm., að hægt hefði verið að hafa samkomulag í þessu máli, úr því sem komið var, þannig að það gæti verið nokkurs konar fjögurra flokka samkomulag um þetta mál. En skilyrðið fyrir því, að hægt væri að koma slíku á, var það, að enginn einn flokkur stofnaði til samkeppni við aðra flokka í þessu máli. Mér finnst undarlegt, að samvinnumenn virðast nú við þessa umr. vera þeir, sem einna sterktrúaðastir séu á skefjalausa samkeppni í íslenzkum stjórnmálum.

Eysteinn Jónsson: Ég kemst ekki hjá því að fara nokkrum orðum um ræður hv. síðustu ræðumanna, og skal ég þá fyrst snúa mér að hv. þm. V.-Ísf. Hann sagði, að sér kæmu þessi ræðuhöld ákaflega á óvart, hann hefði ekki búizt við þessum ósköpum út af jafnlitlu atriði, hér sé um smátt atriði að ræða, atriði, sem ekki sé hættulegt þó að biði. Hann sagði, að það væri ljótt, að menn skyldu bera það sér í munn, að hér hafi orðið stefnubreyting hjá Alþfl. og Sósfl. Hann sagði, að þetta væri hundaþúfa, sem Framsfl. væri að reyna að hreykja sér upp á. Ég vil benda hv. þm. V.-Ísf. á það, sem ég raunar gerði í fyrri ræðu minni, að þetta litla atriði, þessi hundaþúfa, þetta atriði, sem má bíða og ekki er þess vert að sé rætt, það er atriði, sem Alþfl. hefur á undanförnum árum borið fyrir sig og sagt: „Vegna þess að þessu atriði, einmitt þessu atriði skattal., og varasjóðunum er skipað á þann hátt, sem er í l., getum við ekki tekið þátt í neinu jákvæðu stjórnmálastarfi.“ Upp á þetta litla atriði, sem nú má bíða, hefur Alþfl. haldið tvennar alþingiskosningar. Hann hefur borið fyrir sig þetta atriði. Þetta atriði er sú hundaþúfa, sem Alþfl. hefur setið á, síðan stríðið hófst.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að það hefði þurft að taka tillit. Til hverra þurfti að taka það tillit að fella niður þetta atriði? Hver var það hér á Alþ., sem ætlaði að fella frv., ef þetta atriði væri ekki tekið út? Það væri fróðlegt að hv. þm. V.-Ísf. vildi upplýsa það. Er hv. þm. V.-Ísf. að upplýsa það, að Sjálfstfl. hafi ætlað að drepa frv. stj., ef þessi skattaákvæði yrðu samþ. Og hver átti að fella frv. með Sjálfstfl., ef þetta yrði ekki tekið út? Það væri æskilegt, að hv. þm. V.-Ísf. vildi upplýsa það, hver það var, sem ætlaði að hjálpa Sjálfstfl. til þess að drepa frv., ef þetta atriði yrði ekki tekið út.

Mér þykir leiðinlegt, ef ræða mín skyldi koma hv. þm. á óvart. Ég vona, að það séu ekki svo mikil brögð að því, að það geri þá mikið til. En hann verður að fyrirgefa mér það, þó að mér sé þetta nokkurt alvörumál vegna þess, að Framsfl., og ég sérstaklega, hefur fengið margt óþvegið orð á undanförnum árum frá flokksbræðrum hv. þm. V.-Ísf. og Sósfl. fyrir það að hafa tekið það tillit til annarra að ganga inn á, að safnað væri í varasjóði, eins og verið hefur í l. fram að þessu. Þetta er eina atriðið, sem þessir hv. þm. hafa barizt fyrir, og þeir hafa ekki túlkað neina aðra lausn á dýrtíðarmálinu en einmitt þá að skattleggja stríðsgróðann. —

Ræða hv. 2. þm. Reykv. finnst mér vera glöggt dæmi þess hvernig fer, þegar greindur maður neyðist til þess að tala gegn betri vitund. Ég verð að segja hv. 2. þm. Reykv. það, að það er alveg þýðingarlaust fyrir hann að spinna þennan lopa hér frammi fyrir alþm. Það er enginn maður hér á Alþ. svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki í gegnum þennan lopa. Ég vil segja þessum hv. þm. það, að ég efast um, að litilsigldustu hópsálirnar í hans eigin flokki mundu taka fyrir góða og gilda vöru þau undanbrögð, sem þessi hv. þm. hefur haft hér í frammi. Þó að mikið hafi verið gert til þess að drepa úr því fólki heilbrigða dómgreind, þá efast ég um, að það taki þetta fyrir góða og gilda vöru.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefði verið rætt um skattamálin í fjhn., hann sagði, að fulltrúar vinstri flokkanna hefðu orðið sammála um það að skipa n. til þess að athuga þessi mál, og ætti hún að ljúka störfum fyrir 15. ágúst. Þetta er ekki rétt, a. m. k. er það mjög villandi sagt frá, því að hv. þm. V.-Húnv. hafði fyrirvara um þetta atriði, sem hér er verið að tala um, það meginatriði að breyta varasjóðsákvæðunum einmitt núna. En það var vegna þess, að okkur er ljóst, að verði þessu atriði ekki breytt nú, þá verður ekki hægt að ná nema litlum hluta þess fjár, sem fæst í ríkissjóð, með því að samþ. það ákvæði, sem fellt hefur verið úr frv.

Hv. þm. var í þessu sambandi að fara með aðrar eins röksemdir og þær að segja: „Halda menn, að þetta fé hlaupi á brott? Halda menn, að þetta fé náist ekki, ef samþ. verður róttækur eignaaukaskattur?“ Og hv. þm. sagði þessa kynlegu setningu, „að peningarnir mundu verða til í enn ríkara mæli.“ Er ómögulegt að fá þennan hv. þm. til þess að skilja það, að hefðu þessi ákvæði verið samþ. nú, þá hefði meiri hl. af þessu fé komið undir skattstigann, sem ákveður, að 70—90% skuli tekin af stríðsgróðanum? Getur hann ekki áttað sig á því, að 70—90% er meira en 25%, að þessar reglur eru kjarni málsins, sá kjarni, sem þessi hv. þm. er að reyna að komast fram hjá með þessu eins og öllu öðru, sem hann segir? Hv. þm. sagði, að öllum ætti að vera það ljóst, að höfuðatriðið í þessu máli væri ekki tekjuskatturinn eða varasjóðirnir. Höfuðatriðið væri eignaaukaskattur. Ég vil ekki draga úr því, að eignaaukaskattur sé stórt atriði, en þessi hv. þm. getur ekki komizt hjá því, að það er einmitt þetta atriði, sem Sósfl. hefur gert að aðalatriði fram að þessu, þ. e. sjálft fyrirkomulag tekjuskattsins og stríðsgróðaskattsins, alveg á sama hátt og Alþfl. Síðan kom hv. þm. að því að afsaka það, að þetta ákvæði hefði verið fellt út úr frv., og afsökunin var í fyrsta lagi sú, að hér

í Nd. hafði verið gert samkomulag, þ. e. a. s. það hafði gerzt, að Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu „skriðið saman.“ Um hvað höfðu þeir svo skriðið saman? Jú, þeir skriðu saman um það „að eyðileggja frv.“ og koma í veg fyrir það, sem verkalýðnum væri fyrir beztu. Hvaða atriði voru það svo, sem urðu þess valdandi, að þm. Sósfl. urðu að grípa til óvenjulegra leiða? Í fyrsta lagi það, að inn í frv. hafði verið sett ákvæði um það, að ef samkomulag næðist við alþýðusambandið og bandalag opinberra starfsmanna, þá væri ríkisstj. heimilt að fara eftir því samkomulagi. Þetta var annað atriðið, sem Íhald og Framsókn skriðu saman um. Hitt atriðið var það, að stofna skyldi 3 millj. kr. sjóð til þess að standa undir atvinnuleysistryggingum, og félmrh. skyldi setja reglugerð um sjóðinn. En áður hafði þetta verið þannig, að sérstök mþn. skyldi setja reglugerð um sjóðinn. Nú átti ráðh. að setja reglugerðina, og sjóðinn átti að leggja fram, ef samkomulag næðist milli alþýðusambandsins og ríkisstj. Sem sagt, alþýðusambandið hafði það í hendi sinni, hvernig reglugerðinni yrði komið fyrir. Það var nú þessi voði, sem Íhald og Framsókn skriðu saman um. Ekki var að furða, þó að sósialistarnir yrðu hræddir.

Það var því engin efnisbreyting gerð á frv. að þessu leyti. Það er sama, hversu hv. 2. þm. Reykv. eyðir löngum tíma í að sýna fram á að svo hafi verið. Það er ekki hægt. —

Það leit því ekki vel út, þegar frv. fór frá Nd., og þá var ekki við góðu að búast, þegar frv. kæmi til Ed. — Ég gleymdi að geta þess að hitt ódæðið, sem framið var í Nd., var það, að leggja skyldi helming þess fjár, sem inn kæmi vegna 7. gr., í raforkusjóð. Það var nú ekki lítið ódæði.

Annars verður gaman að heyra, þegar hv. 6. landsk. fer að tala við kjósendur sína um þetta mál, þar sem hann hefur látið sem raforkumálin væru hans aðal-áhugamál og hefur verið sendur út af örkinni af sósialistum til þess að sýnast í þeim málum. Raunar væri einnig gaman að heyra, þegar hv. þm. V.-Ísf., fer að tala við kjósendur sína. — Nú tók ekki betra við, því að nú fór frv. til Ed., og þá er málið sett þannig upp af hv. 2. þm. Reykv. Þarna stóð sem sé til eitt allsherjar samkomulag við Sjálfstfl., undir forustu þm. S.-Þ., um það að eyðileggja frv. Vesalings sósialistarnir áttu nú ekki annars úrkosta en að flýja til sjálfstæðismanna og reyna að fá þá til þess að bjarga frv. fyrir sig, ef sósialistar felldu aftur niður skatt af stríðsgróðanum, því að Jónas ætlaði nú að eyðileggja frv.!

En hvernig kemur þetta nú heim við raunveruleikann. Þetta er hreinn uppspuni hjá hv. 2. þm. Reykv. Fulltrúi Framsfl. í fjhn. lýsti strax yfir því, þegar málið kom til meðferðar í Ed., að Framsfl. vildi standa að frv. óbreyttu, eins og það væri, sósialistar þurftu því ekki að kaupa sig undan neinni ofsókn af hendi Jónasar Jónssonar í sambandi við þetta mál í Ed. Þetta sýnir ekkert annað en það, hvað hv. 2. þm. Reykv. er gersamlega þrotinn að öllum vörnum, að hann skuli leyfa sér að bera annað eins fram og þetta.

Þegar ég minntist áðan á meðferð málsins í fjhn., þá gleymdi ég að minnast á eitt atriði, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að það hefði þurft að fresta sköttunum, vegna þess að það hefði ekki náðst samkomulag um þá. Við hverja náðist ekki samkomulag? Það náðist ekki samkomulag við fulltrúa stríðsgróðamannanna í fjhn., eins og hv. 2. þm. Reykv. hefur ekki verið feiminn við að orða það. Hvað ætli hv. 2. þm. Reykv. og sósialistar yrðu að bíða lengi með það að skattleggja stríðsgróðann, ef þeir ætluðu að bíða eftir því samþykki? Ætli þetta sé ekki álika framkoma eins og það, að þessi hv. þm. hefur í allan vetur verið að ræða myndun vinstri stj., en svo einn góðan veðurdag, þegar búið er að sitja yfir þessu í marga mánuði, þá kemur það fram í blaði flokksins, að þetta geti verið varhugavert, það geti verið að það sé einhver á móti því, það gæti orðið um það deilt og þess vegna sé ákaflega varhugavert að leggja út í það. Hvað ætli að þyrfti lengi að bíða eftir vinstri stj., ef það ætti að bíða eftir samþykki íhaldsmanna? Það er málflutningur annað eins og þetta, og þetta er hv. alþm. boðið upp á af hálfu hv. 2. þm. Reykv. Eins og ég sagði áðan, þá efast ég um það, þó að það sé búið að drepa niður dómgreind margra af laxbræðrum hv. 2. þm. Reykv., að þetta sé af þeim álitin góð og gild vara lengur, og alls ekki fyrir það fólk, sem léði þeim atkv. sitt við síðustu kosningar í trausti þess, að þeir væru aðrir en þeir nú virðast vera. En þeir reikningar verða gerðir upp á sínum tíma. —

Það var þetta í Ed.: Þar var Jónas Jónsson, og hann sat á svikráðum, og það stóð til að eyðileggja málið, — Ég skildi þar við þann þráð, — og vegna þess var nú ekki annað fyrir hendi heldur en að leita til sjálfstæðismanna um að fá þetta í lag, eins og hv. 2. þm. Reykv. orðaði það. Einhverjum hefði nú fundizt ekki óviðeigandi, áður en til þessa úrræðis var gripið, að grenslazt hefði verið eftir því, hvað Framsfl. var að fara í Ed., en það var alls ekki gert. Sósialistum datt alls ekki í hug að kynna sér það, þrátt fyrir það að fulltrúi Framsfl. í fjhn. Ed. lýsti því yfir, að það kæmi ekki til mála, að Framsfl. fylgdi neinni breyt. á frv. Það er þýðingarlaust fyrir hv. 2. þm. Reykv. að vera að tala um till., sem fluttar hafi verið um alþýðutryggingarnar í sambandi við fjárl., því að Framsfl. hefur alltaf verið reiðubúinn að ganga inn á það að sinna því máli, og fullkomlega til móts við það, sem þessir hv. þm. hafa fengið í greiðslu fyrir svik sín í skattamálunum, ekki merkilegra heldur en það nú er. —

Þá kom þessi hv. þm. að framtíðinni og talaði nú ekki lítið digurbarkalega um það, hvað til stæði. Ég minntist á það í fyrri ræðu minni, hvað það væri broslegt að heyra þennan hv. þm. vera að bollaleggja um framtíðina og ráðgera að flytja frv. um að skattleggja stríðsgróðann, eftir að hann er búinn að drepa till. sinna eigin manna í þeim efnum. Ég vænti þess, að ekki færi á sömu leið aftur. En einhvern veginn fannst mér ég heyra það á hv. þm., að það mætti alveg eins búast við því, að aftur færi á sömu leið. Það var, þegar hann talaði um það, að böggull fylgdi skammrifi. Það mundi þurfa talsverða skilmála frá hendi sósialista, til þess að þeir gætu orðið með því að skattleggja stríðsgróðann. Eitthvað

var það í þessari ræðu hv. þm., sem gaf mér tilefni til þess að minnast þeirra starfsaðferða, sem sósialistar hafa haft hér á þessu þingi. Sósfl. hefur haft þá aðferð að bjóða upp á samninga um ýmis mál og sett sem skilyrði sín eigin sjónarmið, og geti aðrir ekki fallizt á sjónarmið hans, þá drepur hann þau með Sjálfstfl. Það hefur gerzt æ ofan á æ á þessu þingi. Og svo er röksemdafærslan þannig, að hv. þm. segir, að Framsfl. hafi látið málið drepast í höndunum á sér. En hvernig fyrirfórust þessi mál? Urðu þau sjálfdauð? Þau fóru þannig, að Sósfl. drap þau með Sjálfstfl. Og það skyldi nú aldrei eiga að vera eitthvað líkt þessu, þegar að því kemur að samþ. þetta mál, þá verði skilyrðin fyrir því hjá Sósialistafl. þau, að ómögulegt verði að ganga að þeim, og svo ef þessi skilyrði verða felld, þá kalli sósialistar það náttúrlega að drepa málið, og ef þeir geta ekki fundið nógu vitlaus skilyrði, drepi þeir málið samt. Getur það ekki verið þetta, sem þeir ætla sér? Það kann að vera, að vel megi rætast úr. En illan bifur hef ég á ræðu hv. 2. þm. Reykv. En það sýnir sig, hver meiningin er, þó að *ég heyri ekki betur en að hér sé verið* að undirbúa sama skrípaleikinn og á skattamálunum hér nýlega. Og þá framkomu verður ekki hægt að skýra á annan veg en þann, að það sé „sabotage", skemmdarstarfsemi, hreint og beint, sem sósialistar hafa haft hér í frammi. Því að ef sá flokkur hefði haft nokkurn áhuga fyrir þessu máli, skattamálinu, þá hefði hann verið búinn að knýja það fram sérstaklega, heldur en að láta það vera í sambandi við þetta frv. og drepa það svo með *því að segja*, að þeir ætli að flytja það á næsta þingi. Og það verður fróðlegt að vita, hvort þeir halda áfram þessari starfsemi á næsta þingi. Og þessi vinnubrögð, að fella skattana niður nú, eftir að búið er að sitja allan þennan tíma yfir afgreiðslu dýrtíðarfrv., sem afgreiddar verða nú einhverjar reitlur af, þau eru fyrir neðan allar hellur, og það veit hv. 2. þm. Reykv. ákaflega vel. Og þessi vinnubrögð eru af Sósialistum vafalaust gerð af ráðnum hug, og ekki í því skyni að auka *sóma þingsins*.

Ég get svo látið útrætt um þetta. Klukkan er nú orðin rúmlega eitt að nóttu, og ég geri ekki ráð fyrir, að ég taki aftur til máls, enda gerist þess ekki þörf. Það getum við verið sammála um, og jafnvel getur hv. 2. þm. Reykv. tekið undir það með mér, þó að ég efist um, að hann hafi hreinskilni til þess.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég hygg, að ég þurfi ekki að vera langorður. En vegna þess að sérstakt tilefni hefur gefizt til þess að tala um þetta mál nú, þrátt fyrir langar umr., bæði við fyrri umr. hér og einnig í hv. Ed., get ég ekki komizt hjá því að fara nokkrum orðum um þá breyt., sem hefur orðið á þessu máli, og sérstaklega þó um þau orð, sem fallið hafa hér frá hv. 2. þm. S.-M., bæði varðandi þetta mál og önnur mál, sem í raun og veru eru þessu óskyld.

Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) hefur alveg sérstaklega haldið því hér fram, að við sósialistar hefðum brugðizt okkar stefnuskrám varðandi breyt. á skattal. og að við hlypum þannig frá þeim, og þá alveg sérstaklega ég og hv. þm. Siglf. (ÁkJ), með tilliti til þeirrar breyt., sem gerð var á þessu frv. í hv. Ed. varðandi niðurfellingu skattfríðindaákvæða núgildandi skattal. En í sambandi við þessa breyt. er nauðsynlegt að athuga nokkuð, hvernig gangur þessa dýrtíðarmáls hefur verið hér í þinginu, og alveg sérstaklega nú síðustu dagana. Það var sem sagt sýnilegt, að það mundi verða allerfitt að fá flokkana saman til þess að leysa þetta dýrtíðarmál, svo lengi hefur það beðið lausnar. En þó hafði þannig skipazt að fjhn. Nd. virtist vera komin að samkomulagi í megindráttum, eftir að allir flokkar höfðu lagt fram sínar stefnutill. í þessum málum, þannig að *þeir urðu að falla frá þeim að verulegu leyti* og höfðu svo komið sér saman allir um eitt sameiginlegt nál., sem hér var lagt fyrir. Þá áskildu fulltrúar Framsfl. sér rétt til þess að bera fram brtt. og fylgja brtt. varðandi I. kafla frv. Og Framsfl. notaði sér þetta síðan hér strax í hv. Nd. og flutti brtt. einmitt um I. kafla frv., varðandi skattfrelsisákvæðin, eða talsverðar breyt. yfirleitt á gildandi skattal. Við umr. hér í d. kom glöggt og fljótt í ljós, að Framsfl. hafði *tekið þá stefnu í þessu máli*, að hann vildi með engu móti láta þetta dýrtíðarfrv. fara í gegn. Hann vildi alls ekki láta lækka dýrtíðina eins og málum var komið. Hann hélt uppi hér í d. löngum og miklum umr. til metnings um það, hvort kaup í landinu yfirleitt, og þá sérstaklega úti um land, hefði verið hækkað meira en kaup bænda yfirleitt eða afurðir þeirra. Og hér fór fram hinn skringilegasti reikningur ýmissa hv. þm. til sönnunar því, að kjör verkamanna væru miklu betri heldur en kjör bænda, og þeir ættu því fyrst og fremst að fórna með því að lækka sitt kaup, en hins vegar ættu afurðir bænda að lækka miklum mun minna. Og maður sér það í raun og veru bezt, hve freklega þeir vildu ganga fram í þessa átt, þegar þess er gætt, að þeir veittu ekki fylgi sitt við þau ákvæði, sem fjhn. hafði þó orðið sammála um í þessu efni. Og hver voru þau ákvæði varðandi þetta atriði? Það átti að lækka útsöluverð á kjöti, en bændur áttu að fá lækkunina alla greidda úr ríkissjóði. Það átti að lækka útsöluverð mjólkur, og mjólkurframleiðendur áttu að fá þá lækkun einnig greidda nema aðeins þá lækkun, sem mundi verða samsvarandi við lækkun visitölunnar. En launþegar áttu að gera meira en að lækka kaup sitt til samræmis við visitöluna. Þeir áttu að afsala sér þeim rétti, *sem þeir höfðu samið um við atvinnurekendur*, sem nema mundi um 12% hreinni launalækkun hjá þeim. Launþegar áttu í heilan mánuð að verða fyrir launalækkun, og svo auk þess í samræmi við lækkandi dýrtíð, þar sem bændur áttu að fá að halda sama verði á landbúnaðarafurðum til sín þrátt fyrir lækkandi dýrtíð. Framsóknarmenn vildu ekki una þessu. Þeir vildu ekki láta lækka útsöluverð landbúnaðarafurða, þrátt fyrir það að bændur fengju allan mismuninn greiddan úr ríkissjóði, og þar með lækka dýrtíðina. En þegar það virtist vera meiri hluti fyrir því hér í hv. Nd. að samþ. þó þessar brtt. fjhn., þá byrjar Framsfl. á því að gera alls konar tilraunir til þess að spilla þessu samkomulagi og reyna að láta samþ. frv. verða alveg einskis virði, reyna að koma þannig breyt. inn í l., að þau næðu alls

ekki tilgangi sínum. Og þá kemur Framsfl. fram með sína skattatill., sem á ýmsan hátt var gölluð. En við sósíalistar höfðum marglýst yfir, að að því talsverða leyti, sem till. færi í rétta átt, værum við henni sammála. Og við reyndum á ný samkomulag við Framsfl. um að fá þau jákvæðu ákvæði þess frv. í gegn ásamt nokkurri lagfæringu á skattalagafrv. Þess vegna bárum við fram frv. um viðtækari breyt. á skattal. En þá kom í ljós, að Framsfl. hafði aldrei meint neitt með því að bera fram skattatill. sína, heldur borið hana fram fyrst og fremst í þeim tilgangi að reyna að torvelda samþykkt laganna. Hann vildi ekki standa við samþykktina, þegar við höfðum gengið inn á allt, sem hann setti fram, heldur tók hann upp á því að semja við Sjálfstfl., sem var óánægður með þessi skattal., um að gera margar aðrar breyt. á frv., sem allar miðuðu í þá átt, að við gátum ekki fellt okkur við frv.; og þau ákvæði frv., sem fyrir voru, voru felld niður, og frv. mátti heita eyðilagt. Það hafði því í raun og veru komið eins skýrt fram eins og á varð kosið, að Framsfl. gerði allt, sem hann mögulega gat, til þess að fyrirbyggja það, að útsöluverð á kjöti og mjólk yrði lækkað. Hann gerði allt, sem hann gat, til þess að fyrirbyggja, að lækkun á vísitölunni gæti átt sér stað. Og ég segi það alveg sérstaklega í sambandi við þau orð, sem féllu hjá hv. 2. þm. S.-M. í minn garð, að ég hefði alveg sérstaklega gaman af því að fara með honum um þau kjördæmi, sem við erum báðir úr, og heyra hann verja þessar gerðir flokks síns, eftir kosningaáróður hans frá síðustu kosningum og þá miklu ábyrgðartilfinningu, sem hann belgdi sig þá út með á hverjum fundi, þegar hann taldi sig og flokk sinn þá einu, sem vildu lækka vísitöluna í landinu, en við sósíalistar og alþýðuflokksmenn, og reyndar allir aðrir en Framsfl., vildu spenna vísitöluna miskunnarlaust upp og þar með rýra laun sjómanna, sem bundin eru við fast fiskverð. En nú hefur hann og hans flokkur orðið uppvís að því að standa á móti því, að það sé hægt að lækka vísitöluna og bæta þar með launakjör þeirra sjómanna, sem nú hafa orðið margfalt harðar úti heldur en þeir voru þegar við vorum að ferðast um Suður-Múlasýslu. Við sósíalistar ætlum okkur nú að fella þetta ákvæði niður úr frv., sem við þó í góðri trú settum inn í frv. í fullu trausti þess, að Framsfl. mundi standa við samkomulagið um frv. áfram þannig, að við gætum staðið með því að öllu leyti. Og þegar framsóknarmenn eru búnir að skrumskæla frv. og skattatill. einnig, og þó að hv. 2. þm. S.-M. haldi, að við séum nú í einhverjum kaupum um þessa niðurfelling 7. gr., þá erum við óhræddir við að fella þetta ákvæði niður í bráðina og fá eitthvað af dýrtíðarfrv., sem hér liggur fyrir, í gegn fyrir sjómenn og aðra landsmenn, væntanlega til lækkunar á vísitölunni, en fá síðan á eftir fram nauðsynlegar breyt. á skattal., ef Framsfl. í raun og veru meinar nokkurn hlut með því, sem hann hefur sagt hér í ummælum sínum um þau mál. Með því vinnum við tvennt: Við fáum lækkun á vísitölunni, sem hv. 2. þm. S.-M. hefur sérstaklega talið, að hann bæri fyrir brjósti að færa nokkuð niður, og hitt einnig, að fá breyt. á skattal. á eftir. Og ég vil segja það, að ég hygg, að það verði þessum hv. þm. ekki hlátursefni að koma á okkar austurvígstöðvar og tala við sjómenn þar eftir þær ræður, sem hann hefur flutt þar við síðustu kosningar, til þess að reyna að skjalla þá til fylgis við sig, þegar hann nú berst á móti því, að nauðsynjar þeirra verði lækkaðar með því að lækka vísitöluna.

Það er alveg sérstaklega gott, að fram skuli hafa komið hér í þessari hv. d. viðurkenning á því, hvað framsóknarmönnum í raun og veru var í hug í þessum málum. En sú viðurkenning kom fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M., því að hann sagði afdráttarlaust, að hann hefði hér sérstöðu. Og það er sérstaða Framsfl. — það hefur greinilega komið fram — að hann væri alveg á móti því að framkvæma þessa lækkun, sem þetta frv. mundi geta haft á verð landbúnaðarafurða í útsölu. Hann var alveg á móti slíkri lækkun. Þeir menn, sem hafa haldið því fram, að kjöt þyrfti nauðsynlega að vera á kr. 7.75 pr. kgr. í útsölu hér í Rvík, miða við vinnulaun síðastliðins árs, sem voru miklu lægri að meðaltali heldur en á þessu ári, þar sem grunnkaupshækkun fór fyrst fram á síðari hluta s. l. árs. Þeir sömu menn hljóta eðlilega að halda fram, að útsöluverð á kjöti í ár þurfi ekki aðeins að vera kr. 7.15 pr. kgr., heldur miklu hærra, líklega um 10 kr. Og það, sem þessir menn óttast, er, að ef útsöluverð á kjöti ætti að lækka í kr. 4.80 og standa þannig þar til 15. september í haust, þá þyrfti að hækka kjötið í 10 kr., ef ríkissjóður ætti ekki að borga allan mismuninn á verðinu. Því að það er það, sem þessir herrar hugsa sér, að færa kjötverðið upp í haust. En þeim hrýs hugur við því að hækka kjötverðið svona skyndilega. Og þá vita þeir, að þeim tekst ekki að gera það á svipaðan hátt eins og þeim tókst að koma þessu verði upp á síðasta hausti í kapphlaupi pólitískra spekúlanta. Þá verður væntanlega kominn grundvöllur til að binda sig við um verðlagið á þessum vörum, en þeir óttast, að sá grundvöllur segi, að verðið á þessum vörum eigi að vera nokkru lægra heldur en þeir hafa viljað fram að þessu halda fram, að það ætti að vera. En þeir hefðu átt miklu hægara með að hækka kjötið í 10 kr. kgr., ef útsöluverðið gæti haldizt í kr. 7.75 kgr. fram til hausts, alveg án tillits til allra reglna.

Það væri einnig alveg sérstaklega þess vert fyrir hv. 2. þm. S.-M. að hugsa nokkuð til þess, hvernig hann færi að verja það fyrir kjósendum sínum, sem taka kaup sitt efir fiskverðinu, að hann ætlast til þess, að vísitalan lækki, en dýrtíðin ekki, þar sem hann vill halda mjólkurverði á Austurlandi jafn háu því, sem það hefur verið, þrátt fyrir það að vísitalan lækkaði og mjólkurverð hér í Rvík þar með. Slíkt mundi ekki bæta kaupgetu austfirzkra sjómanna. En hv. 2. þm. S.-M. hefur barizt miskunnarlaust gegn því, að mjólkurverðið fyrir austan lækki, þó að vísitalan verði færð niður.

Það, sem hefur vakað fyrir Framsfl., þegar hann hefur blásið sig mest út með það, að hann vildi lækka dýrtíðina í landinu, og að hann væri í raun og veru eini flokkurinn í landinu, sem það vildi, er að lækka vísitöluna, en ekki dýrtíðina, — lækka laun verkafólksins í landinu fyrst og fremst.

Ég vil að endingu segja það, að ég mun fella mig við það að samþykkja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir nú, í trú á það, að það verði til þess, að visitalan, og um leið dýrtíðin, lækki allverulega frá því, sem hún er nú, án þess að ráðizt sé á nokkurn hátt á launakjör verkafólks, og þá líka alveg sérstaklega, þegar það hefur komizt inn í frv., að aðstaða smáútvegsmanna er töluvert mikið bætt. Þau kjör, sem þeir hafa átt við að búa með gildandi skattal., hafa verið færð til horfs við þau skattfríðindaákvæði, sem hlutafélög hafa notið. Og er það til mikilla bóta fyrir smáútveginn. Enn fremur með tilliti til þess, að samkv. þessu frv. á að leggja 3 millj. kr. til atvinnutrygginganna, sem kemur alveg sérstaklega hinum fátækari í landinu til góða. Og þar sem þetta frv. er að minum dómi þannig, að það stefnir að öllu leyti í rétta átt, þá mun ég vera með í að samþykkja það. En hins vegar lýsi ég því jafnframt yfir, að *ég mun vinna að því*, að þær breyt. verði gerðar á skattal., sem fara í þá átt, sem við sósialistar höfum oftsinnis lýst hér yfir. Og þegar vænta má þess, að þær breyt. verði samþ., samkv. yfirlýsingum Framsfl., jafnvel eftir nokkra daga, þá sé ég ekki annað en að málinu sé borgið.

Einar Olgeirsson: Það var ekki nema eðlilegt, að það þyrfti ekki fleiri ræður af hálfu Framsfl. heldur en haldnar hafa verið hér í hv. d. um þetta mál til þess að koma upp um það, hvað sérstaklega hefur vakað fyrir þeim flokki. Það skauzt upp hjá hv. 2. þm. N.-M. (PZ). Hann var nógu hreinskilinn til að segja það, þó að hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) varaðist að koma inn á það. Það var sem sé frá sjónarmiði þess flokks það, sem á skorti í þessu frv., að kaupið væri hækkað. En hv. 2. þm. N.-M. kom með það. Þessum flokki þótti það skorta á frv., að ekki var haldið áfram á lögfestingarleiðinni. Það er það líklegast, sem gerir það að verkum, að einhverjir hv. framsóknarmenn verði á móti þessu frv. nú við þessa umr. Svo er því bætt við, að þetta sé allt gert á kostnað bænda.

Sannleikurinn er, að til þess að ná samkomulagi í fjhn. Nd. þá var gengið inn á þær ýtrustu kröfur, sem fram komu frá hálfu bændafulltrúanna. Það var fulltrúi Framsfl. í n., sem dikteraði greinina, sem fjallar um afurðaverð bænda. Svo kemur annar hv. framsóknarþm. hér í hv. d. og segir: „Það, sem með þessu er stefnt að, er á kostnað bænda. En það þarf að lækka kaupið.“ Hér kemur annar framsóknarmaður og segir: „Allt, sem verið er að gera, er gert á kostnað bændanna.“ Svo kemur 2. þm. S.-M. og segir: „Það er búið að fara svo með þetta fjhn. frv., að það er þinginu til skammar. Þetta er „sabotage“ — skemmdarverk, sem gerð eru á frv. Það er eitthvað annað, ef komið væri til okkar framsóknarmanna og unnið með okkur að frv.“ Já, hvernig mundi vera að fara þá leið? Þessi leið var reynd í Ed. Sama daginn sem þetta frv., sem verið er að afgreiða hér í nótt, var lagt fram hér í þessari d., var annað frv. lagt fram þar, líka af stj. Þetta var frv. um skattadómstól, frv., sem hafði eins mikla þýðingu gagnvart sköttunum eins og það, sem hér er verið að afgreiða, frv., sem Framsfl. hefur blásið sig mikið út af, frv., sem Framsfl. var búinn að gera að einu af sínum skilyrðum. Þetta frv. var lagt fram í Ed. sama daginn sem frv. það, sem hér er verið að afgreiða, var lagt fram í þessari d. Og hvernig fór með þetta frv. í þeirri hv. d.? Þarna var gott tækifæri fyrir Framsfl. til þess að sýna, að hann væri duglegur að koma fram áhugamáli sínu, og til þess að fá dómstól í skattsvikum, þannig að hægt væri að knýja fram, að meiri peningar kæmu inn samkvæmt núgildandi skattal. en ella fengjust. Hvað líður þessu frv. nú? N. klofnaði. Vinstri flokksarnir voru í öruggum meiri hl. Sjálfur fyrv. forsrh. Framsfl. var kosinn frsm. En hvar er nál.? Hvar er framsöguræðan? Og hvar er frv.? Frv. situr í Ed. Er þetta framúrskarandi vinstri samvinna? Það eina, sem hægt er að treysta á, er forusta Framsfl. Þið sjáið hvernig forusta Framsfl. fyrir vinstri samvinnu hefur verið í Ed. *Ég held, að þessir menn ættu ekki að belgja sig* alveg eins mikið út og þeir gera. Svo skamma þeir fjhn. þessarar d. fyrir það, að hún hafi ekki unnið. Við höfum haldið 54—55 fundi og unnið það mesta að þessu máli, sem hefur verið unnið á þessu þingi. Hvernig stendur á því, að það hefur verið reynt í allan vetur, hvort hægt væri að fá samkomulag við Framsfl. um að stjórna þessu landi, og verið setið með honum á óteljandi fundum í allan vetur, og hver er útkoman? Hún er sú, að Framsfl. hefur dregið málin á langinn, eftir því sem hann hefur getað, og stöðugt unnið á móti hagsmunum verkamanna, en dregið taum bænda eftir megni, en jafnframt látið í veðri vaka, að það væri nauðsynlegt að finna millileiðina. En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, að það er mikið bil milli Sósfl. og Framsfl. í afstöðunni til dýrtíðarmálanna, því Sósfl. vill semja um málin fyrir verkamenn og bændur, en Framsfl. vill fara lýðskrumsleiðina. Svo kemur hv. þm. S.-M. og segir: „Hvers vegna *er ekki farin sú leið að reyna hina ágætu vinstri* samvinnu? Hvers vegna er ekki reynt samstarf við Framsfl. um lausn dýrtíðarmálanna?“ Nú í vetur hafa 3 menn frá hverjum þessara flokka setið á rökstólum til þess að reyna að finna leið, og aðalmaður Framsfl. hefur verið þar hv. þm. S.-M., en n. hefur ekki fundið neina niðurstöðu. Svo kemur þessi þm. og segir, að þessi ótætis kommúnistar hafi ætlað sér að ná samkomulagi við stríðsgróðamennina og ætluðu að bíða með lausnina þangað til stríðsgróðavaldið gengi inn á þeirra skilmála. En hann gleymir því, að eftir að við vorum búnir að sitja 5—6 mánuði með Framsfl. á fundum, töluðum við í fjhn. saman í 3—4 daga. Eftir að búið var að sitja á fundum í allan vetur, kemur þessi þm. og talar um skemmdarverk, „sabotage“ sem við séum með, og að við séum að spilla öllu þinginu með þessu. Nei, mér finnst nú hræsnin fara nokkuð langt, þegar svona er komið. Í fjhn. voru meiri möguleikar til þess að ná samkomulagi og til þess að *fá annan fulltrúa Sjálfstfl. til þess að ganga inn* á það en til þess að ná samkomulagi við annan fulltrúa Sjálfstfl. og fulltrúa Framsfl. Svo viljum við ekki samstarf með Framsfl., þótt hann hafi aldrei í 9 manna n. getað komizt að niðurstöðu með Sósfl. og Alþfl. í þessu máli. Hafi

hann haft tilhneigingu til þess að gera það, hafði hann tækifæri til þess í fjhn. Ég bar þar fram beinagrind að þeim till., sem við hugsuðum okkur að flytja síðar, og las þær upp á einum fundi í n.

Í sambandi við 1. kafla vildum við fyrirbyggja, að nýbyggingarsjóður gæti farið í taprekstur, þannig að á honum væri ekki kröfuréttur. Viðvíkjandi 3. kafla vildum við setja skatta, sem gæfu minnst 15 millj kr. Þessu fé átti að verja þannig, að 4 millj. skyldu ganga til trygginga gegn atvinnuleysi; nokkuð skyldi ganga til sjóða vegna landbúnaðarins til þess að bæta bændum upp það tap, sem þeir yrðu fyrir af lækkun landbúnaðarafurða, og afgangurinn skyldi ganga til alþýðutrygginga og til framkvæmdasjóðs ríkisins. Við komum í fjhn. fram með till. okkar í sambandi við þetta, en höfum ekki orðið varir við að fulltrúar Framsfl. í n. hafi nokkuð tekið undir þær. Ég lagði það líka til og reyndi að fá tekið inn í frv. ákvæði um alþýðutryggingarnar í sambandi við kaflann um tryggingar gegn atvinnuleysi. Ég reyndi að fá fulltrúa Framsfl. til þess að ganga inn á þetta einmitt í sambandi við það, að ég gekk inn á það, sem hann vildi. Það hafði enga þýðingu, þó að ég reyndi að slaka til, og þó við borgum bændum hvern einasta kjötbita og hvern einasta mjólkurlítra, þá er aldrei slakað til. Það er þó undir einum kringumstæðum, sem Framsfl. vill slaka til, og það er, eins og hv. þm. S.-M. minntist á, þegar verið er að drepa málin í höndunum á þeim. Ég veit, að hann var að hugsa um ákveðið mál í þessu sambandi, bifreiðaeinkasöluna. Sjálfstfl. hafði ekki atkvæðamagn til þess að drepa það mál. Framsfl. og Alþfl. höfðu tækifæri til þess að sigra í því. Ég sagði þeim, að ef þeir væru með einni smábreyt. annars staðar, mundum við ekki sitja hjá. Hvað gerist svo þar? Þeir vildu ekki taka minnsta tillit til þessara óska okkar. Þeir felldu till. okkar. Við stóðum við það, sem við sögðum. Við sátum hjá, en Alþfl. og Framsfl. láta 3 þm. sína vanta og málið er drepið í höndunum á þeim. Svo koma þeir og segja: „Ef við hefðum vitað, að ykkur var svona mikil alvara með þessa breyt., hefðum við verið með henni.“ Þeir hefðu viljað það frekar en að láta drepa málið í höndunum á sér, en þá var það bara of seint. Það sama gildir núna. Við höfðum lagt fram óskir okkar um, að 3 millj. kr. yrðu lagðar til alþýðutrygginga. Framsfl. vildi ekki ganga inn á það, þótt við gengjum inn á allt, sem gat orðið til hags fyrir bændurna. Svo kemur þessi þm. á eftir og segir, að auðvelt hefði verið að fá þetta í gegn, ef þeir hefðu vitað, að okkur var alvara. Þeir halda, að það sé hægt að misbjóða rétti og kröfum verkamanna í þessu sambandi, án þess að það hafi nokkrar afleiðingar. Ég held, að þessi þm. megi fara að endurskoða afstöðu sína. Ég vil ráðleggja honum að reyna að læra það af reynslunni, að hann viti það, að næsta skipti, sem hann reynir að semja við fulltrúa verkalýðsins, þarf hann að taka tillit til óska þeirra. Þær hafa ekki verið svo ósanngjarnar fram að þessu, að ekki hafi verið hægt að taka tillit til þeirra. Það er ekki ósanngjarnt, að hér séu til almennilegar atvinnuleysistryggingar, þegar þær eru komnar á í öllum öðrum löndum. Þessi þm. lýsti því yfir að hann vildi taka tillit til óska af hálfu verkalýðsins í þessu sambandi, en hefur ekki viljað ganga svo langt í sambandi við vinstri samvinnu, að hann hafi viljað gera breyt. á framfærzlul. Og þessir sömu menn hafa lagt til, að fátæklingarnir væru klæddir í sérstaka einkennisbúninga, til þess að þeir þekktust úr hér á götum Rvíkur, og að þeir yrðu sviptir kosningarétti. Það væri ekki til einkis unnið, þótt þetta þing hafi lítið gert, ef Framsfl. gæti lært það af því, að þegar verkalýðurinn er að berjast fyrir kröfum sínum, þá er honum alvara, og að þegar kröfurnar eru bornar fram, sé rétt fyrir þá, sem ætla sér að vera með þeim, að vera með. Við kunnum ekki við slíka kaupmennsku, að ætla að bíða, og einhverntíma seinna, þegar allt er orðið of seint, að ætla þá að slá til.

Ef Framsfl. er alvara með að vilja vinna með verkamannastétt þessa lands, er bezt fyrir hann að ganga þegar inn á það ýtrasta, sem hann vill, ef um samkomulag á að vera að ræða. Hitt ætti þessi flokkur ekki að láta koma sér á óvart, ef hann neitar verkamönnum um sjálfsagðan rétt þeirra, þótt verkamannastéttirnar noti sér það, ef þær koma fram rétti sínum og umbótum með tilstyrk annarra.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það er einkum ræða hv. þm. V.-Ísf., sem gefur mér tilefni til að segja hér nokkur orð. Honum fannst það mikil goðgá af mér að segja, að með þessu frv. væri reynt að lækka vísitölu framfærslukostnaðar á kostnað bændanna einna saman, og sagði, að það væru mörg tillit, sem þyrfti að taka. Ég veit, að það þurfti að taka tillit til þess, að verkamenn neituðu að taka kauplækkunina til greina, en það þurfti líka að taka tillit til annarra. Það eru nokkrir þm., sem eru í hlutafélögum, þar sem konur þeirra og börn eru hluthafar og mynda hlutafélagið. Þessi hlutafélög eiga hús, sem þau leigja sjálfum sér, og 20% af ágóðanum má leggja til hliðar. Aðrir eru í hlutafélögum, sem reka verzlun. Ég veit a. m. k. um tvo — þeir eru ekki þm., — þar sem konur þeirra og tengdasynir eru hluthafarnir. Það þarf að taka tillit til þess, að þetta fólk fái 20% af ágóðanum í varasjóð án þess að greiða skatta af því. En það hefur sézt yfir þau tillit, sem þurfti að taka til bændanna, og þegar þeim tillitum er sleppt, er ég ekki lengur með frv. Hver einasti maður, sem fylgist með í sveitum landsins, veit, að það kostar 5—8 kr. meira pr. tunnu að framleiða kartöflur í sumar en í fyrra. Það kostar nokkrum aurum meira að framleiða kjötkílóið og mjólkurlítrann en í fyrra, og þó er ætlazt til, að bændur einir lækki vöruverð á framleiðslu sinni. En þegar til fulls þarf að taka tillit til stórgróðamannanna, þegar ekki einu sinni er hægt að sleppa því tilliti, en allt á að takast af bændunum einum, þá get ég ekki lengur verið með frv. Ég verð að vera á móti því.

Eysteinn Jónsson: Ég sagði það hér áðan, að ég gerði ráð fyrir því, að menn gætu orðið sammála um, að óþarfi væri að gera hv. 2. þm. Reykv. frekari skil en ég gerði þá, og skoraði ég á hv. 2. þm. Reykv. að viðurkenna þetta. Ég álít, að sú

viðurkenning sé nú fengin, þar sem hv. 2. þm. Reykv. kom sér algerlega hjá því að tala nokkuð um það ágreiningsefni, sem hér liggur fyrir, en fór algerlega út í aðra sálma, og ástæðan til þess, að ég geri þessa athugasemd, er einvörðungu sú, að hann dró inn í umr. atriði, sem eru sjálfstæð og koma ekki við því, sem rætt er um.

Hann var að tala vítt og breitt um vinstri samvinnu og sagði, að lítið dæmi um vinstri samvinnu væri það, að hv. þm. Str. hefði dregið að gefa út nál. um skattadómstól. Ég veit ekki hvernig þetta er, en ég hefði óskað þess, að málið hefði komið fram, og talaði um það við mann úr flokki mínum, að mér þætti það dragast nokkuð lengi. En ég veit það, að þm. sósíalista, sem hafa svo mikinn áhuga fyrir þessu máli, hafa ekki svo mikið sem rumskað út af því, enda orðið of seint að afgreiða það, þegar hér er komið, ef um það yrði nokkur ágreiningur. Ég held, að það sé rétt fyrir hv. 2. þm. Reykv. að minnast ekki á þetta.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að samvinnuaðferð sósíalista væri ákaflega einföld. Hún væri sú, að ef ekki væri gengið inn á kröfur flokksins um bætur til handa verkalýðnum, slær flokkurinn í borðið og leitar annarra úrræða Hver eru svo þessi önnur úrræði? Þau eru í því fólgin, að þegar Sósfl. líkar ekki, hvernig viss formsatriði eru afgr. í Nd., notar hann það sem átyllu til þess að ganga á móti einu aðaláhugamáli verkalýðsins, skattlagningu stríðsgróðans. Þetta eru úrræðin, sem þeir hafa, þegar ekki er gengið inn á það, sem þeim þóknast.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði hér þau eftirtektarverðu orð, að það hefði komið fram í fjhn., að hægara hefði verið að ná samkomulagi a. m. k. við annan fulltrúa Sjálfstfl. en við fulltrúa Framsfl. og fá fram það, sem Sósfl. vildi. Þetta stafar einfaldlega af því, að fulltrúar Alþfl. og Sósfl. bitu sig í það í upphafi að knýja fram dýrtíðarlækkun með því einu, fyrst og fremst, að afurðir bænda lækkuðu, en létu sér í miklu léttara rúmi liggja um skattlagning stríðsgróðans. Hann talaði um starfið í 9 manna nefndinni. Réttast væri fyrir hann að slíta þar ekki einstök atriði úr sambandi. Saga hennar verður sögð á sínum tíma og ekki víst hún verði honum þá til geðs. Það er til marks um einlægni fulltrúa fl. í n., að þegar þeir höfðu raunverulega „saboterað" starf hennar langan tíma og hún ætlaði að taka það upp af nýju, kom í Þjóðviljanum, blaði flokksins, mikil ritgerð um, að eina leiðin til samkomulags sé, að hinir flokkarnir fallist alveg á stefnu Sósfl. Það er sönnun þess, að fl. hefur aldrei meint neitt með öllu skrafi sínu um vinstri samvinnu. Þarna hefur Sósfl. komið barnalega upp um sig.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Vegna þess að ég var aðalflm. þeirrar till. hér í d., sem valdið hefur þessari miklu óánægju hjá sumum mönnum og vonbrigðum, verð ég að skýra afstöðu mína nokkrum orðum. Þegar till. var samþ. hér við 2. umr., treystum við sósíalistar því, að þannig fengi frv. að ganga fram. En þegar brtt. við gr. kom fram við 3. umr., datt okkur ekki annað í hug en brtt. yrði felld, og til þess að taka af tvímælin tók 2. þm. Reykv. (EOl) það fram, að sósíalistar mundu fella gr., ef henni yrði breytt eins og 2. þm. Rang. lagði til. Þá flutti 2. þm. S.-M. brtt., sem gekk í sömu átt, þótt skemmra væri. Þá var enn tekið fram, að við óskuðum, að gr. yrði borin upp eftir samþ. slíkrar breytingar, því að við gætum þá ekki samþ. hana. Þegar Framsfl. var búinn að smella sér inn á brtt. 2. þm. Rang. að nokkru leyti, gat ég ekki skilið það á annan veg en fl. væri að losa sig úr þeirri klemmu, sem samþ. 7. gr. hafði sett hann í. En aðvörun okkar hefðu framsóknarmenn átt að heyra og skilja — og gerðu það víst ekki eða látast ekki hafa skilið. Það er barnalegt af þeim vísu framsóknarmönnum. Þeir létust leggja á það ríka áherzlu, að ákvæði 7. gr. yrðu sett, þótt þau ættu betur heima í skattal., og hví skyldum við ekki taka þá í alvöru? Hitt vissu þeir jafnframt, að ekki kom til mála, að við sættum okkur við frv. í því formi, sem það fékk við 3. umr. Nd. Af hverju stafar þá reiði þeirra við okkur út af breytingum Ed.? Af því að frestað er skattabreytingum? Þessi skattaákvæði, sem hv. 2. þm. S.-M. hefur sennilega samið og taldi á sínum tíma nauðsyn til að bjarga atvinnurekstrinum, eiga nú að vera orðin sá þjóðarvoði, að ekki megi bíða með breyting þeirra eftir því, að róttækar og víðtækar breytingar fáist gerðar á skattal. með nokkrum undirbúningi, eins og Framsfl. og Sósfl. hafa hvor um sig lýst sig alráðna að gera. Nei, Framsfl. þóttu þessi skattal. sannarlega góð, þangað til kjördæmaskipunin breyttist og gerði þau að slæmum l. í hans augum. Nú var framsóknarmönnum sýnd veiði, sem þeir hugðust hafa í hendi sér. Það er alls ekki meiningin að rafvirkja landið með peningum raforkusjóðs, heldur fá þar nokkra viðbót við 25 uppbótarmilljónirnar til þess að kaupa atkvæði fyrir. (Forseti hringir.). Það er alltaf gott að fá háa skatta í ríkissjóðinn, segja menn, en þá viljum við fá að hafa hönd í bagga um það, að fé verði notað í almenningsþágu. Það, sem komið er í ljós af starfi mþn. í raforkumálum, lofar alls ekki góðu. En hitt er gott að heyra frá forvígismönnum Framsfl., að nú skuli ekki standa framvegis á fé til alþýðutrygginga. Ég skal reyna að sjá til þess, að þeim gefist tækifæri til að sýna viljann í verki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 754).

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Vegna orða þeirra, sem ég lét hér falla við 2. umr. í d. um málið og vegna málsins, sem nú var afgreitt, vil ég taka fram af hálfu ríkisstj. það, sem hér segir:

„Eins og skýrt hefur komið fram við umræður um dýrtíðarmálin í báðum deildum þingsins, mun enginn þingmaður vera ánægður með afgreiðslu þeirra, eins og hún sýnir sig nú að vera.

Ríkisstj. getur í fyllsta máta goldið samkvæði þessu áliti. En hinir pólitísku erfiðleikar eru svo miklir innan þingsins, að það hefur ekki megnað að taka dýrtíðarmálinu öðrum tökum en raun ber vitni.

Stjórnin hefði helzt kosið, að aðrir tæki nú við framkvæmd málanna. En henni er ljóst, að synjun af hennar hálfu á þessari stundu að hafa framkvæmdina á hendi getur skapað ástand, sem hún vill ekki bera ábyrgð á og ekki verður séð út yfir, hverjar afleiðingar hefði.

Stjórnin álítur þess vegna, að hún mundi bregðast þeim skyldum, sem hún hefur á sig tekið, ef hún tekur ekki við frumvarpinu og gerir þá tilraun, sem þar er stefnt að, í því trausti, að betri árangur náist en hægt er að gera ráð fyrir, eins og nú horfir. — Stjórnin gerir það í því trausti einnig, að það megi firra þjóðina nýjum og vaxandi erfiðleikum."

14. Skemmtanaskattur.

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943 (þmfrv., A. 62).

Á 13. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef ekki annað að segja f. h. fjhn. en að n. hefur flutt frv. eftir tilmælum dóms- og kirkjumálarn. Ef engar sérstakar aths. koma fram, leggur n. til, að frv. verði nú þegar vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:2 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 110).

15. Bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943.

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943 (þmfrv., A. 83).

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti — Það hefur raunar verið sýnt síðan þetta þing kom saman, að ekki mundi unnt verða að afgreiða fjárl. fyrir áramót. Þarf ég ekki að fjölyrða um það mál, því að öllum hv. þdm. er það kunnugt. Ég mun því láta nægja að vísa til grg. þeirrar, sem fylgir þessu frv., og óska þess, þar sem það er samþ. af fjvn. að beita sér fyrir þessu frv. — að vísu ekki á fundi í n., af því að það var ekki hægt að koma því við —, að frv. verði látið ganga til 2. umr. án athugunar í n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 111).

---

16. Dýralæknalaun.

Á 4. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (þmfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Frv. þetta, sem er flutt á þskj. 12 um breyt. á launal., er um nokkra breyt. á launakjörum dýralækna. Samkv. 14. gr. launal. eru byrjunarlaun dýralækna kr. 2500.00, en í l. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að byrjunarlaun hækki um kr. 1000.00 og verði kr. 3500.00. Hækkun sú, sem gert er ráð fyrir að verði á launaunum, er í samræmi við það, sem verið hefur í 14. gr. gildandi launal., að hámarkslaun verði kr. 1000.00 hærri en nú er.

Tilgangur þessa frv. er sá að tryggja sem almennust not bænda af dýralæknunum, en eins og launakjörum dýralækna er háttað, verða afskekktustu byggðarlögin út undan, og hefur reynslan orðið sú, að þessi byggðarlög hafa ekki möguleika til þess að skapa dýralæknum lífvænleg kjör. Þetta er af því, að þar, sem samgöngur eru vondar á landi, veigra bændur sér við að sækja dýralækni, vegna þess hve örðugt er að ná í hann, og því er nauðsynlegt, að hann hafi búsetu sem næst.

Í l. um dýralækna, nr. 24 1939, er gert ráð fyrir, að dýralæknar skuli vera 6 í landinu, 2 í Vestfirðingafjórðungi, 2 í Sunnlendingafjórðungi, 1 í Austfirðingafjórðungi og 1 í Norðlendingafjórðungi. Ástandið er þannig, að Vestfirðingafjórðungur hefur einungis einn dýralækni, og hann hefur setu í Borgarnesi, en á öllu svæðinu þaðan og til Vestfjarða er enginn dýralæknir. Fyrir nokkrum árum tók dýralæknir sér búsetu á Ísafirði, en vegna þess, að launakjör voru léleg og praksis lítil á svæðinu, sem að liggur, varð hann að hrökklast þaðan. Síðan er þessi landshluti dýralæknislaus. Ég hygg ekki þurfa um það frekari orð. Öllum má augljóst vera, að þörf er fleiri sérmenntra manna til dýralækninga. Þegar l. um dýralækna frá 1939 voru samþ., var gert ráð fyrir, að allir landshlutar fengju bætt úr dýralæknisþörf sinni og Vestfirðir fengju dýralækni á Ísafirði. Búseta dýralæknis skal ákveðin af ráðuneyti, og þar sem ráðuneyti hefur einu sinni áður sett dýralækni umdæmisins á Ísafjörð, en þar í nánd eru mannflestar og einna víðlendastar byggðir, tel ég þann stað of sjálfsagðan til þess, að nein bein þörf sé til að lögákveða búsetuna þar, og sleppi að bera fram um það till. Þar sem dýralæknar eru ekki fleiri en 6 á landinu, hefur samþykkt þessarar 1000 kr. launahækkunar ekki mikla eyðslu í för með sér. En launahækkunin virðist líklegasta ráðið til þess að tryggja, að menn, sem þegar eru menntaðir í greininni eða nú stunda nám í henni, setjist að í landshlutum, sem þurfa þeirra, þótt ekki sé um tekjumikla praksis að ræða, og geti þar orðið landbúnaði að liði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 80).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. — Þetta mál, sem hér liggur fyrir, fjallar um laun dýralækna. Landbn. er sammála um, að frv. verði afgr. óbreytt. N. er sammála um, að starf dýralækna sé nauðsynlegt, og telur réttmætt, að þeim séu veitt viðunandi kjör. Það er sýnilegt, að starf dýralækna er ekki eftirsótt staða, því að þeir eru sárafáir, sem hafa viljað taka það að sér. N. álítur, að þar sem jafnmikið er í húfi varðandi heilbrigðismál aðalatvinnuvegar landsins, þá sé alls ekki sæmandi að launa þetta starf svo, að líklegt sé, að enginn vilji taka það að sér. Aukatekjur dýralækna eru svo litlar, að þær munu oft ekki nægja fyrir ferðakostnaði úti um land, einkum þar, sem erfitt er um ferðalög. N. leggur því til, að dýralæknar fái álíka góð kjör og aðrir læknar landsins eiga við að búa, en kjör dýralækna hér hafa verið svo bágborin, að engum einasta manni hefur enn dottið í hug að gerast „praktiserandi“ dýralæknir. Sýnir þetta,

hve langt við erum á eftir tímanum í þessu máli, sem ætti að vera fyrsta undirstaða landbúnaðarins og er mjög þýðingarmikið heilbrigðismál, bæði vegna þeirra, sem stunda framleiðsluna, og eins hinna, sem kaupa vöruna. Núverandi ástand í þessum efnum er hins vegar aðeins til þess að sýnast, en ekki það starf, sem þetta ætti að vera.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en legg til fyrir hönd landbn., að frv. verði samþ.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég þakka hv. landbn. fyrir það, hve vel hún hefur tekið frv. mínu um breyt. á launalögunum, þ. e. um hækkun á launum dýralækna frá því, sem nú er.

Síðan ég flutti þetta mál við 1. umr., hef ég átt tal við suma af dýralæknum landsins um það, hvort sú breyt., sem frv. mitt gerir ráð fyrir, væri á þá lund, að þeim tilgangi yrði náð, að afskekktir landshlutar fengju dýralækna, og hafa þeir allir tekið undir þá skoðun, að aðalþröskuldurinn í vegi þess, að dýralæknar setjist að í afskekktum landshlutum, sé sá, að launin séu svo lág og um litla „praksis“ sé að ræða.

Með breyt. þeirri, sem gert er ráð fyrir í frv., er ætlazt til þess, að grunnlaun hvers dýralæknis hækki um 1000 kr. frá því, sem nú er.

Í lögum um dýralækna, nr. 24 1939, er gert ráð fyrir sex embættisdýralæknum hér á landi.

Er hér því farið mjög hóflega í sakirnar og ríkissjóði ekki bundnir miklu þyngri baggar en þegar hvíla á honum.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Ég er þakklátur hv. frsm. og landbn. fyrir góðar undirtektir, og það er álit mitt, að ef þetta frv. verður samþ., muni leysast nokkuð úr vandræðum afskekktra landshluta. Ég vil að lokum benda á það, að við nám erlendis eru tveir menn, sem ætla að leggja stund á dýralækningar. Það væri mjög æskilegt að geta tryggt það, að landbúnaðurinn fengi að njóta starfskrafta þessara ungu manna, þegar þeir koma heim, og mundu þá þeir landshlutar, sem nú eiga erfiðast fyrir, væntanlega fá nokkuð greitt úr vandræðum sínum. Ég hef svo ekki þessi orð fleiri, en ber aðeins fram þá ósk, að þetta mál fái sem greiðasta göngu í gegnum þingið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég kann ekki við, að þetta mál fari út úr d. án þess að segja um það nokkur orð, því að ég er málinu ekki alveg samþykkur. Það er alveg rétt hjá hv. flm., að laun dýralækna eru lág, en ég hefði haldið, að úr því að byrjað var að breyta launum dýralækna, ætti að vera með þá eins og aðra lækna, að það ætti að flokka þá, setja þá í launaflokka eftir því, hvað búizt er við, að héruðin hafi mikla praksis. Nú er það svo, að tvö þeirra embætta, sem hér eru, hafa hér um bil engar tekjur, þrjú gefa þó nokkrar tekjur, og eitt gefur tvöfaldar til þrefaldar tekjur á við embættislaunin. Þess vegna held ég, að rétt sé að flokka embættin og læknarnir hafi misjöfn laun, þannig að þeir, sem búa við tekjurýrari héruðin, hafi hærri laun en hinir, sem hafa miklar aukatekjur. Þessa skoðun vil ég láta koma fram hjá mér, áður en málið fer út úr hv. d., þó að ég hafi ekki séð ástæðu til að bera fram brtt., enda er það ekki hægt, þar sem málinu liggur svo mikið á, að það þarf að afgreiða það frá d. nú við tvær umr. sama daginn. En þann eftirrekstur skil ég nú ekki.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 16. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Ég bjóst við, þar sem ekki voru umr. um málið við 1. umr., að hæstv. forseti mundi gera till. um, að þessu máli yrði vísað til n. Þó að segja megi, að þetta sé ekki stórmál, þá sé ég ekki ástæðu til, að það fái ekki venjulega þinglega meðferð í þinginu. Ég sé ekki heldur, að því liggi það mikið á, að svo þurfi að vera. Ég stóð því upp til þess að leggja til, að þessu máli yrði við þessa umr. vísað til hv. landbn. og það tekið af dagskrá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.
Till. um að vísa málinu til landbn. felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, BSt, HG, HermJ, IngP, JJ.
Nei: KA, LJóh, MJ, ÞÞ, BrB, EE, GJ, GÍG, StgrA.
2 þm. (PM, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þetta frv. hefur verið til 1. umr. hér í hv. d., og þá tók enginn hér til máls, og þeir menn, sem nú vilja vísa því til n., höfðu engan áhuga til þess að ræða málið eða athuga um það, og með tilliti til þessa segi ég nei.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Páll Hermannsson: Ég hefði gjarnan viljað fá frest til íhugunar á þessu frv. um breyt. á launalögum, sem nú er 2. mál á dagskrá, því að ég

býst við, að ég beri fram við það brtt., ef nokkur tök verða á, og sama veit ég, að fleiri hv. þdm. hafa í huga. Með því að mér þykir leitt að neita um afbrigði, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti afgreiðslu málsins til morguns.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 19. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

Páll Hermannsson: Þegar þessu frv. var vísað til 3. umr., hafði verið fellt, að það færi til n., þótt einkennilegt mætti þykja, en ég bað hæstv. forseta að taka það eigi fyrir til 3. umr., fyrr en ég hefði athugað með öðrum þm., sem líkrar skoðunar voru um eitt atriði málsins, hvort eigi mundi rétt að flytja við það brtt. Varð forseti við beiðni minni. Frv. er um það eitt að hækka árslaun dýralækna um 1 þús. kr. og gera þá þar með alla jafnháa að launum sem héraðslækna í hæsta launaflokki. Þeir læknar, sem annast eiga um heilbrigði manna, eru í misháum launaflokkum eftir því, hve mannmörg eða þéttbýl héruð þeirra eru og líkurnar miklar fyrir aukatekjum. Hæst eru launin í strjálbýlustu héruðum, þar sem aðrar starfstekjur eru minnstar, og þetta hefur reynzt vera bæði réttlátt og nauðsynlegt. Mér sýnist, að sama regla ætti að gilda um dýralækna. Umdæmi þeirra eru misjöfn að tekjum. Í strjálbýlum sauðfjárhéruðum borgar sig oftast ekki að sækja lækni til sauðkindar. Ég álít því rétt, að umdæmin væru með misjöfnum launakjörum og hefðu þeir dýralæknar hæst laun, sem sitja á Vestfjörðum og Austfjörðum, og þriðja umdæmið kæmi þar e. t. v. til greina. En nú hef ég fengið að vita, að í landbn. Nd. var talsvert rætt um að gera breyt. á frv. í þá átt, án þess að framgengt yrði. Treysti ég mér því ekki til að berjast fyrir þeirri breyt. hér í stríði við Nd., þar sem hún virðist ekki eiga fylgi. En þá vildi ég skjóta því að í staðinn, að mér sýnist mega bæta úr þessu á annan hátt og mæta þörf þessara lækna með því að sjá þeim annaðhvort fyrir íbúð eða ábúð með góðum kjörum, sem gætu jafnvel munað þá meira en nokkur hundruð króna launahækkun. Ég veit um dýralækninn á Austfjörðum, að fátt kæmi honum betur en hjálp við að reisa bústað sinn. Þessu mætti annaðhvort koma fram í fjárlögum eða fyrir aðgerðir framkvæmdarvaldsins, sem oft hefur orðið að grípa til slíkra ráða í nauðsyn. Og allir játa, hve mikil nauðsyn það er, að þessi dýralæknaumdæmi standi ekki auð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 123).

17. Skattaviðauki 1943.

Á 11. fundi í Sþ., 18. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka (þmfrv., A. 112).

Á 22. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Á síðasta vetrarþingi var þetta frv. flutt af fjhn. Ed., en dagaði þá uppi í þessari hv. d. Frv. er því flutt aftur samkv. tilmælum fyrrv. hæstv. fjmrh. Er óþarfi að gera frekari grein fyrir frv., en nauðsynlegt er, að það nái samþykki fyrir áramót, svo að hægt sé að innheimta þennan viðauka strax á næsta ári.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 128).

18. Dýralæknar.

Á 22. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 12 júní 1939, um dýralækna (þmfrv., A. 116).

Á 25. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég þarf ekki að hafa langa framsöguræðu um þetta frv. Það er flutt af landbn. samkv. beiðni Dýralæknafélags Íslands. Samkv. því er gert ráð fyrir að sami háttur gildi um dýralækna og læknastétt landsins, að yfirlæknir verði í Rvík, er sé ráðunautur stj. í heilbrigðismálum búpenings, hafi eftirlit með embættisfærslu annarra dýralækna, yfirumsjón með sóttvörnum næmra búfjársjúkdóma og innflutningi búfjár og búfjárafurða. Störfum dýralæknisins í Rvík hefur að undanförnu verið svo háttað, að það virðist í alla staði eðlilegt, að sú tilhögun verði lögfest og yfirdýralækni verði greiddur nauðsynlegur skrifstofukostnaður eins og öðrum hliðstæðum embættismönnum. Þetta fyrirkomulag hefur ekki fólginn í sér önnur aukin útgjöld en skrifstofukostnað yfirdýralæknis, en virðist vera í alla staði hagkvæmt og nauðsynlegt til þess að tryggja sem beztan árangur af starfi dýralækna landsins. Þetta er og í samræmi við erlendar fyrirmyndir og í samræmi við aðra læknaskipan landsins, og má gera ráð fyrir, að heilbrigðismálum búpeningsins verði betur borgið með þessari skipan málanna en þeirri, sem nú gildir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 7. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 11 jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 30. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 116, n. 200).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Þetta frv. um breyt. á l. um dýralækna er hingað komið til hv. Ed. frá landbn. Nd. Það er ekki margbrotið, og fá atriði í því koma til álita. Meginbreytingin er sú, að einn dýralæknanna verði yfirdýralæknir, sá er hefur aðsetur í Rvík, vegna þeirrar sérstöðu hans. Launakjör hans verða hin sömu, en auk þess er honum ætlað dálítið skrifstofufé. Um þetta mál hefur enginn ágreiningur orðið í landbn. Ed., og hefur hún orðið ásátt um að mæla með því án breyt.
Ég vil aðeins taka það fram frá eigin brjósti, að þetta er alveg eðlileg skipan, að einn dýralæknanna hafi yfirumsjón, og geti starfsbræður hans leitað til hans, og eins er eðlilegt, að hann verði hér í Rvík.
Það er minnzt á það í 2. gr. frv., hvað þetta sé ábyrgðarmikið starf, því að hann á bæði að vera ráðunautur stj. í búpeningsmálum og halda uppi sóttvörnum gegn öllum næmum búfjársjúkdómum.
Ef þessara mála hefði verið betur gætt undanfarið bæði af almenningi og þeim, er um þau eiga sérstaklega að fjalla, þá hefði öðruvísi getað farið en farið hefur. Ég segi þetta ekki til að bera sök til eins eða neinna, heldur til að sýna mikilvægi þessa starfssviðs, sem útheimtir víðsýni, þekkingu og vilja.
Annars afmarkar þetta frv. ekki skýrt starfssvið yfirdýralæknisins, eða ekki til hlítar. Þar er t. d. ekkert tekið fram um mæðiveikivarnirnar, sem sérstök n. hefur fjallað um. Um þetta yrði þá að líkindum sett reglugerð síðar.
Ég endurtek svo, að landbn. hefur orðið sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 251).

19. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 20. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands. (Þmfrv., A. 102).

Á 21. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Þetta frv. um skattfrelsi Eimskipafélags Íslands er sama efnis og frv., sem samþ. hafa verið á undanförnum 15 árum. Einstakir nefndarmenn í fjhn., er *flutti frv., hafa um það óbundnar hendur.*

Það má segja, að tími sé til þess kominn að taka skattfrelsi Eimskipafél. Íslands til athugunar. Eimskipafélag Íslands hefur verið það mikill þáttur í þjóðlífi okkar og haft svo mikla þýðingu fyrir landsmenn. Það eru gerðar kröfur til þess, að það taki meira tillit til þjóðarhags heldur en almennt á sér stað um hlutafélög. Þess vegna hefur þótt rétt af ríkisins hálfu að veita Eimskipafélagi Íslands á móti ýmis hlunnindi og friðindi, eins og skattfrelsið hefur verið. Hins vegar hefur það svo verið um stjórn Eimskipafélags Íslands, að ríkið hefur ekki haft völd þar og hefur aldrei gert gangskör að því að tryggja sér nein yfirráð yfir félaginu í staðinn fyrir þann styrk, sem það fær. Ég álít nauðsynlegt, að Alþ. geri ráðstafanir til þess að tryggja sér meiri íhlutunarrétt en verið hefur yfir stjórn Eimskipafélags Íslands. Það er ósamrímanlegt til lengdar, að félagið sé algert hlutafélag annars vegar, en sé hins vegar knúð til að taka tillit til þjóðfélagsþarfa, en ríkið hafi samt ekki afgerandi áhrif á stjórn þess. Það hefði t. d. verið æskilegt, að Eimskipafélag Íslands hefði notað sér betur þau tækifæri, sem það hefur haft til að auka skipakost sinn.

Ég hygg, að nauðsynlegt væri milli 2. og 3. umr. að athuga, hvort ekki væri tímabært að gera þarna nokkra breyt. á. Ég geri ráð fyrir, að skattfrelsi félagsins verði á einhvern hátt að haldast. En það virðist eðlilegast, að ríkið fengi aukinn úthlutunarrétt um stjórn félagsins. Væri það hægt t. d. með því að lagður væri á það skattur, sem væri lægri heldur en annars mundi verða og borgaður með hlutabréfum, sem ríkið eignaðist.

Ýmsir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um efni frv., þó að samkomulag væri um að flytja það, og hef ég nú gert grein fyrir því.

Ingólfur Jónsson: Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það er vitanlegt, að Eimskipafélag Íslands hefur notið skattfrelsis á undanförnum árum, og frv. svipað þessu hefur verið flutt og samþ. annað hvert ár. Með þessu frv. er farið fram á, að Eimskipafélag Íslands njóti sömu friðinda og það hefur notið að undanförnu, og vil ég mæla með því, að því verði veitt þau einnig nú.

Ýmsir telja ástæðu til að taka Eimskipafélag Íslands til rækilegrar athugunar og að ríkið hafi meiri hlutdeild um stjórn þess en verið hefur. Ýmsir tala um fjárgróða í því félagi, alveg eins og það sé þjóðarháski ef sjóðseignir þess vaxa. Þetta félag hefur stundum grætt peninga, en stundum tapað vegna þess, að flutningsgjöld hafa ekki verið sett eins há og nauðsyn hefur krafizt. Þess ber að geta, að þótt félagið hafi grætt, hefur aldrei verið borgað til hluthafa meira en 4% í arð. Ég held, að þótt Eimskipafélagi Íslands tækist að safna í sjóði, þá gæti verið not fyrir þá að styrjöldinni lokinni til þess að auka skipakostinn, sem er allt of lítill og farinn að ganga úr sér.

Ég vænti því, að hv. þd. samþ. þetta frv. eins og það kemur frá fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv.

Á 25. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, 115).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 115 felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: *HelgJ, IngJ, JörB, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, STh, SvbH, ÁkJ, EOl.*

nei: EmJ, EystJ, GTh, JakM, JPálm, JS, PO, SB, SEH, SK, SÞ, ÁÁ, BÁ, JJós.

9 þm. (FJ, GÞ, GG, GSv, ÓTh, SkG, StJSt, ÞG, BG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 18:1 atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 254).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. — Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er borið fram af fjhn. Nd. og er nú komið til þessarar d. Brtt. kom fram í Nd. um það að láta framlenginguna aðeins ná til eins árs, en hún náði ekki samþykki. Fjhn. Ed. hefur haft málið til meðferðar og hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm. (StgrA) tók ekki þátt í nefndarstörfum sökum sjúkleika, en annar (HG) telur, að undanþáguna eigi aðeins að veita til eins árs. Saga málsins er sú, að með l. frá 24. júní 1924 var ákveðið, að Eimskipafélagið skyldi ekki greiða skatta eftir efnum og ástæðum, eins og venja var, heldur aðeins til bæjarsjóðs 5% af nettó ágóða. Þegar l. gengu í gildi á ný, árið 1928, var engu breytt öðru en því, að í stað þess að sleppa félaginu við skatt, var sett það skilyrði, að það skyldi ókeypis flytja 60 menn til og frá útlöndum eftir ráðstöfun ríkisstj. Síðan þessi l. gengu í gildi hafa þau verið framlengd um 2 ár í senn, og var nú undanþágan gengin úr gildi við síðustu áramót, og er því nauðsynlegt að fá þetta frv. afgr. Ég geri ráð fyrir því, að meðnm. mínir séu sammála um það, að Eimskipafélagið sé svo kært öllum landsmönnum, að sjálfsagt sé að framlengja gildi þessara l. eins og verið hefur. — Ég vil svo fyrir hönd n. leggja til, að frv. verði samþ. í því formi sem það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 289).

---

20. Happdrætti.

Á 33. fundi í Ed., 16. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (þmfrv., A. 208).

Á 35. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Ed., 19. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Formaður n., sem er frsm., er fjarverandi, en ég lofaði honum, ef hann væri ekki við, að hlaupa í skrápana fyrir hann.

Ástæðurnar er að finna í grg. og fskj. Breyt., er í frv. felst, er sú, að nú verði með l. ákveðið, að fjmrh. ákveði fyrir 1 ár í senn verð miða, að fengnum till. happdrættisstjórnar. Í lögum er ákveðið, að tala happdrættismiða skuli vera 5000. Ef tölur þessar haldast óbreyttar, verður afleiðingin sú, að vinningar verða að hækka. En jafnframt vilja þeir fá heimild til þess að fjölga, ef það þykir betra. Upphaflega var í lögum ákveðið, að verð hvers heils miða skuli vera 60 kr. á ári. En þetta breyttist upp í 80 kr. árið 1941.

Nokkur ágreiningur hefur risið milli stjórnar happdrættisins og umboðsmanna þess. Þeir geta ekki við unað þá umboðsþóknun, sem happdrættið hefur veitt, en það mun vera 7% af seldum miðum, og fara þeir fram á hækkun. Stjórn happdrættisins telur það ekki fært, án þess að raska fjárhagsgrundvelli laganna. Þar sem lögákveðið er, að 70% af verði seldra happdrættismiða skuli vera varið til að greiða vinninga og hefur því happdrættisstjórn heldur mælt á móti þeirri leið að hækka verð miðanna. Það hefur verið lagt til að hækka heldur verð miða án þess að hækka umboðslaun að prósentutölu. Ég skal geta þess, að við höfum allir í n. óbundnar hendur um einstök atriði frv. og frv. í heild, þótt við höfum orðið sammála um að leggja það fyrir þingið í þeirri mynd, sem stj. happdrættisins lagði það fyrir.

Það mun vera eftir 1 ár af upphaflegum leyfistíma happdrættisins og til viðbótar þau 3 ár, sem leyfið var framlengt um.

Á þskj. 1—3 er yfirlit yfir útkomu á rekstri happdrættisins þann tíma, sem háskólinn hefur notið þess, og yfirlit yfir, hvernig stendur með byggingu háskólans og annað, sem ágóða happdrættisins er varið til. Það er till. n., að frv. verði vísað til 2. umr., og áskilur n. sér rétt til að koma með brtt. síðar, ef þurfa þykir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 17:2 atkv.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 208, n. 267).
Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Af því að frsm., hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), er ekki hér, ætla ég að gera grein fyrir því, að fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með lítils háttar breyt.
Frv. er um það, að framvegis verði verð happdrættismiðanna ákveðið af fjmrh. fyrir eitt ár í senn, samkvæmt till. happdrættisstj. og að fengnum till. happdrættisráðs. Í grg., sem fylgir frv., eins og það kom frá hv. Ed., er skýrt frá því, hvaða ástæður liggi til þess, að fram á þetta er farið. Kemur þar fram, að gert er ráð fyrir að hækka verð happdrættismiðanna frá því, sem nú er. En stjórn happdrættisins telur, að þess sé þörf, til þess að háskólinn fái meiri tekjur en hann mundi fá af happdrættinu, ef verð miðanna væri óbreytt.
Fjhn. getur á þetta fallizt fyrir sitt leyti, en vill gera nokkra breyt. á a-lið 1. gr., þannig að í staðinn fyrir, að í frv. er ákveðið, að iðgjaldið fyrir hvern hlut ákveði fjmrh. samkvæmt till. happdrættisstj. og að fengnum till. happdrættisráðs, fyrir eitt ár í senn, komi: „Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstj. háskólans." Þannig er lagt til með brtt. fjhn., að úrslitavaldið um þessa verðákvörðun sé hjá fjmrh., en happdrættisstj. og happdrættisráð skuli gera till. til hans um verð miðanna ár hvert. Er þessi brtt. fjhn. í nál. á þskj. 267.

ATKVGR.
Brtt. 267 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 272).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 290).

---

21. Skógrækt.

Á 22. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt (þmfrv., A. 117).

Á 25. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Frv. þetta er flutt af landbn. og er um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt. Með þeim lögum var gert ráð fyrir, að jarðeigendur skyldu styrktir til þess að girða skóglendi, sem er í hættu, á þann hátt, að ríkið borgaði girðingarefnið, en jarðeigendur leggi fram ókeypis alla vinnu o. fl., en nú hefur komið í ljós við framkvæmd laganna, að sums staðar hagar svo til, að skóglendi er í hættu, vegna þess að landeigendur geta ekki tekið að sér þann hluta kostnaðar, sem þeim er ætlaður samkv. l., og er þetta sérstaklega hættulegt, þegar um er að ræða land, sem liggur undir skemmdum, þannig að af því geti leitt uppblástur og eyðileggingu landsins. Þannig er það í nokkrum skógarhéruðum, að skóglendið er ekki friðað og skepnur ganga í því, þannig að það virðist vofa yfir skóglendinu stórfelld eyðilegging, og skógargróðurinn er að blása upp, en eigendur skóglendisins treysta sér ekki eins og nú stendur að leggja fram þá vinnu er lögin áskilja til þess að friða landið og varna eyðileggingunni. Það er þess vegna álit Skógræktarfélags Íslands og skógræktarstjóra, að gera þurfi breyt. á l. og setja inn í grein, sem heimili, að ríkissjóður leggi fram stofnkostnað við slíkar girðingar gegn því, að landeigandi annist viðhald. En samkv. ákvæðum, sem í gildi eru, á ríkissjóður að leggja til efnið, en skógareigendur kosti vinnu og flutning á staðinn eins og áður er sagt. Eins og nú er háttað um allan kostnað við vinnu o. þ. h., er þetta svo stór liður og um svo mikla manneklu að ræða, að það er ekki eðlilegt, að menn treysti sér að leggja út í þetta. Ætlazt er til, að tekin verði upp sérstök fjárveiting í þessu skyni í fjárlögum og fyrir liggi skýrsla frá skógræktarstjóra um það, hvaða land falli undir þessa fjárveitingu, svo að á hverjum tíma sé fullkomið eftirlit með því, hvernig þetta fé er veitt.
Landbn. er einhuga um, að sjálfsagt sé að sinna þessu máli og veita því þann stuðning, sem gæti komið að gagni. Ég vil svo aðeins bæta því við, að skógræktarmálin eru ein af okkar allra merkilegustu málum, en þau eiga erfiðast uppdráttar vegna þess, að árangurinn af þeim framkvæmdum, sem þarf að gera, kemur ekki í ljós fyrr en eftir svo langan tíma, en eins og fjárhagsástæður bænda hafa verið á undanförnum

árum, hafa þeir ekki treyst sér til að leggja í annað en það, sem gæfi fljótan arð. Þess vegna hefur skógræktarmálunum verið sinnt minna en skyldi, en nú er að vakna áhugi fyrir þeim, og þess vegna er ástæða til þess, að ríkið láti eitthvað koma á móti, en þó sérstaklega, þegar lítur út fyrir, að verðmætt land sé að komast undir örtröð.

Forseti (JJós): Ég lofaði form. ýmissa n., að þessi fundur skyldi verða stuttur, og það loforð gaf ég í því trausti, að umræður yrðu litlar um þessi mál.

Páll Zóphóníasson: Þetta mál er flutt af n. og fer ekki til n. Ég vil því ekki láta það fara svo héðan frá þessari umr., að ég geti ekki breyt., sem mér finnst þurfa að gera. Ég er málinu fylgjandi, en kann illa við, að það sé sett sem skilyrði, að sérstakri n. í þinginu sé send kostnaðarskýrsla um þessar framkvæmdir. Það á ekki að senda þessa skýrslu til n. Það á að senda hana til Alþingis. Því hefur skotið upp hér í þinginu áður, að það eigi að vera með fjárveitingar á bak við Alþingi og þetta ætti að senda til n., en ekki til þingsins sjálfs. Ég vil benda n. á þetta og að setja Alþingi fyrir fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 7. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (JJós): Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að brtt. er á leiðinni, og er hún í prentun. Mér hefur verið afhent vélritað uppkast að henni, og þar sem hún er flutt af hv. landbn. og virðist mjög einföld, sé ég ekki ástæðu til að láta það tefja fyrir málinu, að henni hefur ekki verið útbýtt meðal hv. dm. Brtt. hljóðar svo:

Við 1. gr. Fyrir orðin „enda liggi fyrir fjárveitinganefnd“ komi: enda liggi fyrir Alþingi.

Brtt. verður þá borin fram skrifl., og leita ég leyfis til afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 147) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 147 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 155).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 30. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 261).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur komið frá landbn. Nd. og var samþ. þar. Landbn. þessarar d. hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. án breyt. Frv. þetta fjallar um það, hvað gera skuli þar, sem þannig er ástatt á landi hér, að bersýnileg hætta er á skógar- og gróðureyðingu. Verði sú eyðing ekki stöðvuð nema með fullkominni friðun á skóglendi, en notendur landsins treysti sér ekki til að láta framlög, sem þeim samkv. skógræktarl. er gert að láta, þá geti ríkið kostað þær aðgerðir, sem þarf til að friða þetta skógland fyrir ágangi. En svo verði aftur á móti eigendur að ganga að þeim samningi, að friðunin haldist og ekki sé skeikað frá henni. Og verði nokkur ágalli á því frá hendi eigenda eða notenda, getur Skógrækt ríkisins tekið þetta land í 20 ár í sína fulla umsjá á kostnað eigenda.

Við nm. töldum þetta til bóta við þau skógræktarl., sem áður eru til. Ég játa, að það gæti komið til mála að umorða eina setningu, þar sem segir í miðri 2. málsgr. 1. gr.: „og er ráðh. þá heimilt . . . . að kosta slíka girðingu að öllu leyti.“ Gæti verið betra orðalag: og er ráh. þá heimilt .... að greiða af ríkisfé kostnað við slíka girðingu. — En þetta verður til athugunar við 3. umr.

Við nm. leggjum allir til, að frv. verði samþ. án breyt. og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 4 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 336).

---

22. Verzlunaratvinna.

Á 19. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27 júní 1925, um verzlunaratvinnu (þmfrv., A. 98).

Á 21. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti — Þetta frv. er ekki neitt stórmál og fer ekki fram á

breyt. á þeirri löggjöf, sem það fjallar um breyt. á, nema að mjög litlu leyti.

Það má segja, að þetta frv. sé fram komið að gefnu tilefni, sem komið hefur fram í einu héraði landsins, sem sé Skaftafellssýslu, og þetta tilefni, sem fram er komið af eðlilegum ástæðum, gefur einmitt til kynna, að nú muni, og vafalaust einnig í framtíðinni, óhjákvæmilegt að breyta hér nokkuð um.

Frá byrjun hefur það verið svo hér á landi, hvort sem innlendir eða útlendir menn hafa rekið verzlanir, að þær hafa verið settar við sjó fram, eða þar sem hafnir eða lendingarstaðir hafa verið eða getað orðið. Og einmitt af því hefur svo löggjöfin fylgt í kjölfarið þannig, að gera ráð fyrir, að þessi almenna verzlunaratvinna skyldi rekin þar. Eina undantekningin frá þessum almennu verzlunarháttum var hin svo kallaða sveitaverzlun eða borgaraverzlun, sem nú er að falla úr sögunni. En hún er bundin því skilyrði, að sá, sem rekur þá atvinnu, skuli vera búsettur í sveitinni, þar sem verzlunin er rekin.

En nú er svo komið högum, að þessar smáafgreiðslur eru orðnar þarflausar, en aðrar verzlanir eru orðnar fullnægjandi, ef greitt er fyrir því, að þær geti verið á þeim stöðum, þar sem þær helzt þurfa að vera. Nú er svo komið, að samgöngubætur hafa í sumum hlutum landsins miðazt eingöngu við það að auka og bæta og efla samgöngur á landi með vega- og brúagerðum; og er nú allur farangur, sem fluttur er eftir þeim leiðum, fluttur á bifreiðum. En þá kemur það til, sem við höfum rekið okkur á þar eystra, að verzlun var flutt frá sjó og upp í land.

Ég býst við, að hv. þm. muni vera á einu máli um það, að það sé tímabært að setja þessi l., sem frv. er um, jafnvel þótt ekki væri þegar sérstakt tilefni orðið til þess að setja þessa löggjöf, og ekki síður, þegar menn reka sig á þetta.

Um frekari röksemdir fyrir frv. þessu vil ég svo vísa til grg. þess, og leyfi mér að leggja til, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 201).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Þetta frv. er um þá breyt. á l. nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, að í 10. gr. bætist ákvæði um, að leyfi til þess að reka útibú frá aðalverzlun megi veita með sömu skilyrðum og almenn verzlunarleyfi, þótt eigi sé það stofnsett í löggiltum verzlunarstað. Undantekningar í l. eru aðeins tvær frá þessu: þeir, sem hafa leyfi til heildsölu, mega safna tilboðum í vörur sínar, hvar á landi sem er og í íslenzkri landhelgi, og í öðru lagi í 11. gr. l. frá 1925, sem setur skilyrði fyrir leyfi til sveitaverzlunar. Vegna breyttra aðstæðna og samgangna á síðari árum hefur orðið nauðsynlegt að reisa útibú á öðrum stöðum en áður, þótt ekki sé í löggiltum verzlunarstað, og er frv. þetta fram borið til þess að verzlunarleyfi nái líka til þeirra. Allshn. er sammála um að mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 280).

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Allshn. leggur einróma til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Einn hv. nefndarmaður skrifaði að vísu undir nál. með fyrirvara, en að því er ég bezt veit, snertir sá fyrirvari ekki aðalefni frv., hann mun fylgja því eins og það er. En hins vegar tel eg ekki óeðlilegt, að greiðsla fyrir verzlunarleyfi verði eitthvað hækkuð. Þetta frv. fer aðeins fram á, að leyft verði að reka útibú frá aðalverzlun, enda þótt útibúin séu ekki á löggiltum verzlunarstað. Þetta lagaákvæði, sem ekki leyfir að reka útibú verzlunar nema á löggiltum verzlunarstað, er tvímælalaust orðið svo úrelt, að ekki er hægt að halda þessu lagaákvæði, og það er heldur ekki haldið, eins og bent er á í grg. frv. Löggiltir verzlunarstaðir eru sumir á afskekktum stöðum, þar sem ekki nær nokkurri átt að reka verzlun. Og það eru dæmi til þess, að útibú verzlana, sem hafa verið rekin á slíkum löggiltum verzlunarstöðum, hafa verið flutt á aðra staði, sem ekki hafa verið löggiltir verzlunarstaðir. Og er þá um annað tveggja að gera, að breyta l. eða að taka yrði leyfi af þeim verzlunum, sem reka útibú á stöðum, sem ekki eru löggiltir sem verzlunarstaðir.

Þetta virðist því vera svo sjálfsagt mál, að ekki þurfi um það að ræða. Það er mjög einfalt. Hér er um að ræða afnám á úreltum lagaákvæðum, sem er ekki lengur unnt að framkvæma. Og þess vegna hefur n. líka orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það er, óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 357).

23. Háskólabókavörður.

Á 28. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands (þmfrv., A. 146).

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Þetta frv. á þskj. 146 fer fram á, að stofnað verði embætti háskólabókavarðar við Háskóla Íslands. Í grg. er það tekið fram, hvers vegna menntmn. hefur tekið að sér að flytja þetta frv. Vil ég þó segja hér nokkur orð um frv. til frekari skýringar.

Áður en háskólinn flutti inn í sitt núverandi húsnæði, voru bókasöfn hjá hverri deild háskólans út af fyrir sig, en þegar flutt var í háskólabygginguna, var kleift að sameina þessi söfn í eitt safn, sem þá var orðið allmikið, eða um 30 þús. bindi. Eftir þetta bættist svo safn dr. Benedikts S. Þórarinssonar, og var þá sýnt, að ekki varð komizt hjá, að sérstakur bókavörður yrði fenginn til þess að sjá um safnið eftir því, sem með þurfti. Var þá ráðinn til þess starfs, með samþykki ríkisstj., ágætur maður og fróður, Einar Ól. Sveinsson, dr. phil. Á fjárl. frá því 1941 hafa honum verið greiddar 6000 kr., og sama upphæð er honum og ætluð á fjárlfrv. 1943. Að sjálfsögðu hefur honum og verið greidd verðlagsuppbót á þessa upphæð.

En þrátt fyrir þetta er starfið enn í lausu lofti, þar sem það á eigi stoð í l., og er það óviðunandi, og munu eigi geta með rökum átt sér stað deilur um það atriði. — Um kostnaðarhliðina er það að segja, að áætlað er, að bókavörður hafi sömu laun og prófessorar við háskólann. Fyrir 3 árum var tekinn upp sá siður að greiða þeim 2000 kr. til uppbótar, og mundi þá sú breyting eiga sér einnig stað með háskólabókaverðina með því að lögfesta starf hans og ætla honum sömu laun og prófessorum. — Ég ætla svo ekki að hafa orð þessi fleiri, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., 13., 14. og 15. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 16. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 146, 182).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég á hér litla brtt. á þskj. 182. Hún er flutt í því skyni að samræma launin við þetta fyrirhugaða embætti launum landsbókavarðar, en í frv. eru þau ákveðin 500 kr. hærri á ári, heldur en laun bókavarðar. Mér þykir ekki vera samræmi í því, að bókavörður við privatstofnun, þó háskólabókasafn sé, sé hærra launaður heldur en landsbókavörður, og vil láta hann njóta sömu launakjara og landsbókavörð. Ég vona, að menn skilji það, að þetta er flutt til samræmis, sem ég tel þurfa að vera í launalögum. Ég skal hins vegar viðurkenna, að í launalögunum er ekkert samræmi, enda er svo komið, að mikill hluti opinberra embættismanna fær nú launauppbætur utan við launalög, og utan við alþingissamþykkt. Fyrv. stj. hefur bara borgað þau laun til embættismanna sem henni sýndist, án tillits til hvað væri lög og hvað þingvilji væri fyrir. Það er hin mesta þörf á því að endurskoða launalögin, og það hefur oft verið reynt að ná samkomulagi um það, en það hefur ekki tekizt hingað til, og ég geri ráð fyrir, að það verði ekki heldur nú. Þess vegna flyt ég þessa brtt., og vona ég að hún verði samþ.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Þessi brtt. hv. 2. þm. N.-M. er ekki stórt atriði. Í henni felst það, að launakjör háskólabókavarðar eigi að vera kr. 5 500 í grunnlaun í staðinn fyrir 6 000 kr. Ég vil nú skýra það, hvað vakti fyrir okkur, þegar við ákváðum launakjör þessi á þennan veg. Í frv. eru launakjörin ákveðin hin sömu og háskólaprófessora. Þetta starf er nátengt starfi háskólakennara, og af þeirri ástæðu töldum við rétt að miða launakjörin við launakjör prófessora. Sá maður, sem gegnt hefur þessu starfi, hann hefur sjálfur gegnt prófessorsstöðu. Þó vil ég sérstaklega benda hv. d. á það, að núv. landsbókavörður hefur ekki 5 500 kr. laun, heldur 6 000 kr.

Af þeim ástæðum, sem ég hef nú rakið, vil ég leggja til, að till. hv. 2. þm. N.-M. verði ekki samþ., en frv. verði látið ganga óbreytt gegnum d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 182 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, FJ, IngJ, JPálm, JS, PZ, SÞ, SkG, StJSt.
nei: SvbH, ÞG, ÁkJ, GSv, GTh, JakM, LJós, SigfS, SB, SEH, EmJ.
BG, PÞ greiddu ekki atkv.
13 þm. (JJós, ÁÁ, EOl, EystJ, GÞ, GG, HelgJ, JörB, ÓTh, PO, SG, SK, STh) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 295).

Frsm. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Það er óþarft að hafa nema örfá orð um þetta frv. við þessa umr. Það er komið frá menntmn. hv. Nd. Og menntmn. þessarar hv. d. hefur haft það til athugunar og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. Þetta frv. er um stofnun embættis bókavarðar við Háskóla Íslands. Og í raun og veru er hér ekki um annað að ræða en að lögfesta sem embætti starf, sem hefur verið unnið undanfarin ár og hafa verið veittar til ákveðnar upphæðir í fjárl. fyrir 1941 og 1942. Bókasafn þetta er, eins og hv. þm. er kunnugt, orðið allmyndarlegt, þar sem bæði eru komin til þess skjöl próf. Finns Jónssonar og bókasafn dr. Benedikts Þórarinssonar.

Ég veit, að allir hv. þdm. munu vera sammála um þetta frv., og tel því ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 358).

---

24. Lendingarbætur í Bakkageröi.

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingabætur í Bakkageröi í Borgarfirði (þmfrv., A. 72).

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa langa framsöguræðu að þessu máli. Það er samhljóða að efni og frv., sem samþ. var fyrir Skála á Langanesi á síðasta þingi. Það er farið fram á það, að ríkið leggi fram fé og ábyrgst, til þess að hægt verði á þessum stað að gera lendingarbætur, svo að hægara verði að stunda þaðan útræði en nú, með því að fjölga mundi dögum, er á sjó gæfi. Hafnlaust er þarna með öllu, en menn lifa mikið á sjávarútvegi. Vitamálastjóri hefur gert áætlun um kostnað við þessa hafnargerð, og eru upphæðirnar í frv. öllu ríflegri en sú áætlun var, enda hefur bæði efni og vinna stigið mjög síðan hún var gerð. Þó kann vel að vera, að þær tölur, sem nefndar eru, séu vel ríflegar, ef ekki hækkar mikið hér eftir.

Þegar ég fór þá leið að flytja um þetta sérstakt frv., byggðist það á því, að þetta verk er gert í svo fátækum og fámennum hreppi, að hann hefur ekki ráð á að leggja féð fram í einu á móti, og verkið þarf þess vegna að gerast í mörgum áföngum, því að það er aðeins hægt að gera verkið fljótt með lántökum, en ég hygg, að undir miklum lántökum standi hreppurinn ekki, — hann verður að leggja fé fram sjálfur móti ríkinu. Þess vegna er sú leið farin að taka verkið í áföngum og nota lántökuheimildina ekki nema að litlu leyti.

Frv. þetta er frábrugðið l. um lendingarbætur á Skálum á Langanesi að því leyti, að gert er ráð fyrir, að gjöld í lendingarbótasjóð sé hægt að innheimta, þegar byrjað er á verkinu, þótt það sé ekki komið langt, í staðinn fyrir það, sem alsiða er, að innheimta ekki gjöld fyrr en verkið er svo til búið, en þetta stendur í sambandi við það, að hugsað er, að verkið sé unnið á mörgum árum.

Ég vona svo, að sjútvn. taki þessu máli með velvilja og það verði samþ. á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 20. jan., var frv tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 21. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 72, n. 223).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Sjútvn. hefur athugað frv. þetta um lendingarbætur í Bakkageröi í Borgarfirði eystra, og n. var sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Það hefur láðst að prenta hér með nál. umsögn vitamálastjóra um þetta efni, og vil ég því draga hér fram nokkuð það helzta úr umsögn hans um lendingarbætur á þessum stað. Vitamálastjóri segir þar m. a.:

„Frumvarp þetta virðist mér að orðalagi til og uppbyggingu vera nákvæmlega samhljóða því, er samþykkt var fyrir Skála á Langanesi og Skipavík í Strandasýslu fyrr á þessu ári.“ — Og n. bar þetta saman við önnur hliðstæð lög um lendingarbætur. — „Þó eru í 8. gr. nokkur ákvæði, sem heimila hreppsnefndinni eða hafnarnefndinni gjöld til hafnarinnar um það leyti, er verkið er hafið, og álít ég það nauðsynlegt, því gera má ráð fyrir, að hafnargerð þessi eða lendingarbætur, þó ekki séu ýkja stórvaxnar, muni verða nokkur ár á döfinni, vegna þess að hreppurinn er ekki þess fjárhagslega umkominn að framkvæma þetta allt í einu. Þetta eina nýja ákvæði tel ég því til bóta, enda nauðsynlegt.“

Um þetta var n. einnig sammála, að þetta ákvæði væri nauðsynlegt.

Viðvíkjandi þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir, að lendingarbætur á þessum stað mundu kosta, og þeim fjárhagslega bagga, sem ríkissjóði

yrði bundinn með þessu, segir vitamálastjóri: „Má telja víst, að upphæð sú, sem frv. gerir ráð fyrir, sé ekki fjarri lagi.“ Og er þetta skrifað með tilliti til þeirra rannsókna, sem vitamálastjóri hefur látið fram fara um þetta verk.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er aðstaða til útgerðar á þessum stað mjög erfið, þó að ágæt fiskimið séu þar skammt undan landi, og er því brýn nauðsyn á að koma þarna upp bryggju, til þess að smábátaútvegur á þessum stað haldi áfram að þróast eðlilega.

Sem sagt, sjútvn. mælir eindregið með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli og vona, að það fái sömu afgreiðslu á hæstv. Alþ. eins og það hefur fengið hjá nefndinni.

Ég skal bæta því við, að sú heimild til ábyrgðar, sem í frv. felst, verður áreiðanlega ekki notuð nema að einhverju leyti. Það er ákveðinn vilji manna þarna eystra að reyna að koma bryggjunni upp með sem minnstu lánsfé. Og þeir hafa þegar hafið samskot til þessa verks og fengið um 40 þús. kr. til þess þannig. Þar af munu menn sjá, að þar heima fyrir er ákveðinn vilji, sem töluverðu fórnar til þess að fá bryggjuna sem fyrst. Og ég vona, að móti þeim vilja og áhuga komi hæstv. Alþ., bæði með því að afgreiða málið fljótt og vel, eins og hv. sjútvn. hefur gert, og eins með því að veita, þegar að því kemur, fjárframlög á móti því, sem þeir leggja fram þar heima fyrir á sínum tíma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 315).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði er komið frá hv. Nd. Hefur sjútvn. þessarar hv. d. haft málið til athugunar og kynnt sér þau gögn, sem fyrir hafa legið í málinu, átt viðtal við hv. flm. um málið, og auk þess eru sumir nm. í sjútvn. þessarar hv. d. mjög kunnugir staðháttum á þessum stað.

Í Borgarfirði eystra er aðeins smábátaútgerð, en vegna hafnleysis er ekki hægt að koma þar við útgerð stærri báta. Eins og allir, sem til þekkja, vita, er Borgarfjörður stuttur og mjög fiskisæll, ef hægt er að sækja til fiskimiða, en á því hefur viljað vera mikill misbrestur vegna þess, hve fjörðurinn liggur opinn fyrir hafátt, sérstaklega norðaustanátt.

Það er langur tími síðan Borgfirðingar fundu sárt til þess, að lífsnauðsyn væri fyrir þá að geta bætt aðstöðu bátanna þar að því, er snertir lendingu. En um hafnargjöld er þar ekki að ræða. Fyrir fáum árum var sá háttur upp tekinn á Alþ. að veita með l. þeim stöðum, þar sem aðeins er um lendingarbætur að ræða, nokkuð svipaða aðstöðu og þeim, sem geta notið hafnarlaga, þannig að ríkissjóður leggi fram styrk til lendingarbóta gegn vissu framlagi frá viðkomandi héruðum, og þá um leið hefur þessum stöðum verið gefin lagaheimild til þess að afla nokkurra tekna, en auðvitað á annan hátt heldur en gert er ráð fyrir í hafnarl., og eru aðaltekjumöguleikar þessara staða þeir að leggja visst hundraðsgjald á allan afla, sem bátar úr verstöðinni fiska. Og hefur verið venja í þessum l. hingað til að setja hámark þessa gjalds 6%. Þessu hefur verið fylgt einnig í þessu frv. Og mér er óhætt að lýsa yfir því, að þeir, sem standa að þessum smáútvegi í Borgarfirði, eru fúsir til þess að leggja á sig þetta gjald til að geta fengið hjálp til þess að koma við lendingarbótum hjá sér.

Nú er rétt að taka það fram, að enn er ekkert byrjað á þessu mannvirki, og ég vil líka láta koma fram hér, að það eru ekki líkur til, að hægt verði að byrja á þessu mannvirki nú í bráð. Vegna þeirrar dýrtíðar, sem nú er, er það ekki heppilegt að byrja bráðlega á því, og erfiðleikar eru líka á að fá efni til slíkra framkvæmda. En Borgfirðingar leggja áherzlu á að fá þessi l. afgr. nú, því að þau gefa þeim heimild til þess að fara nú þegar að safna í sjóð til þessara framkvæmda. Og ég verð að líta svo á, að það sé nauðsynlegt fyrir hæstv. Alþ. að líta á þörf héraðsins í þessu efni, vegna þess að þar er um heldur lítið hreppsfélag að ræða, og meining hlutaðeigandi manna er að taka sem minnst lán til þessara framkvæmda, heldur reyna að safna í sjóð til þess að eiga nokkurt fé til að taka, þegar byrjað er á framkvæmdum, svo að ekki þurfi að binda sveitarfélaginu allt of þungan bagga með lántökum. Þess vegna er aðkallandi, að þetta mál verði afgreitt nú þegar á þessu þingi, þó að engar líkur séu til þess að byrjað verði á þessu mannvirki á þessu ári og líkur séu til, að það geti dregizt eitt eða tvö ár, áður en hægt verði að byrja á verkinu.

Sjútvn. hefur kynnt sér málið eftir föngum og leggur einróma til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 359).

25. Hafnarlög fyrir Keflavík.

Á 34. fundi í Nd., 16. jan., var úthýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Keflavík (þmfrv., A. 215).

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — *Deildin leyfði* með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég get verið mjög stuttorður um þetta mál, meðal annars vegna þess, að þótt það *hafi ekki legið fyrir* þinginu áður í frv.formi, er það mjög vel kunnugt flestum þm. Eins og í grg. segir, hefur útgerð í Keflavík farið ört vaxandi á undanförnum árum, og er þar nú ein af stærstu verstöðvum landsins. *Hafnarskilyrði hafa hins vegar verið þar mjög* bágborin, og hefur aðallega verið stuðzt við mannvirki, sem einstakur maður lét reisa fyrir nokkrum árum, en hreppurinn hefur nú keypt nýverið. En áður tryggði hann sér fyrirheit þáverandi ríkisstj., þjóðstjórnarinnar sálugu, og fjvn. Alþ. um, að lagt yrði fram af hálfu ríkisins fé til aukinna hafnarbóta, og átti þá kaupverð þessara eigna að skoðast sem framlag af hálfu hreppsins. Nú hefur verið hafizt þarna handa um framkvæmdir á þessu sviði og verkið að sjálfsögðu rekið undir umsjón og eftir fyrirmælum vitamálastjórnarinnar. Verkinu er hagað þannig, að steypt verða þrjú stór ker, sem sett verða niður með nokkru millibili, þannig að framlenging garðsins verður um 40 metrar með þessum kerum og bilunum á milli þeirra, sem einnig verða fyllt.

Þessi nýi garður kemur til með að kosta um 700—800 þús. kr., og hef ég talið öruggara að miða við hærri upphæðina í frv. Heildarkostnaður við verkið mun þá verða um 1100—1200 þús. kr. Til samanburðar má geta þess, að í hafnarl. fyrir Grundarfjörð er framlag ríkissjóðs ákveðið 3/5 kostnaðar, en hér er aðeins farið fram á 2/5.

Þörfin á þessum hafnarbótum er flestum þm. mjög vel kunn. Í óveðrum hafa oft orðið þarna miklir skaðar og slys, og mun auðna mest hafa ráðið, að ekki skuli hafa orðið manntjón, en þarna hafa oft orðið gífurleg fjárhagstjón á einni nóttu. Eins og vitað er, eru líka öll skilyrði þarna miklu lakari en skyldi.

Þetta frv. hefði átt að vera komið fram fyrir löngu, en það er svo stutt síðan, þeir, sem þarna eiga hlut að máli, hafa komið sér niður á, hvernig verkið skyldi framkvæmt. Eg veit ekki hvaða ráðstafanir Alþ. kann að gera til þess að koma upp landshöfn á Suðurnesjum, en það er líka þessu máli alveg óviðkomandi.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 255).

Finnur Jónsson: Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og leggur eindregið til, að það verði samþ. Um þau fjárframlög, sem um er að ræða í frv., skal það fram tekið, að þau hafa þegar verið innt af hendi að mestu leyti samkvæmt fyrri ákvörðunum stj. Frv. er því að mestu leyti staðfesting á því, sem *búið er að gera, og er full ástæða fyrir* Keflavík að fá sams konar l. um sína hafnargerð og aðrar verstöðvar.

Ég óska, að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Vegna þess að frsm. n. og ég vorum á fundi, þegar 2. umr. fór fram, og ekki varð úr umræðum, vildi ég standa upp nú og þakka n. fyrir, hvernig hún tók þessu máli og hve fljótt hún afgreiddi það, og leyfi mér að vænta þess, að það sigli áfram hraðbyri.

Lúðvík Jósefsson: Vegna þess að umr. urðu ekki við 2. umr. af ástæðum, sem hv. síðasti ræðum. tók fram, hef ég ekki fyrr komið því við að spyrja um tvö atriði þessa frv., sem mér þykja athugaverð. Í sjútvn. varð mjög skjótt samkomulag um frv. í heild, ekki sízt af því, að 2 nm. höfðu kynnzt því í fjvn., að mikil þörf er á þessum hafnarlögum. N. athugaði því frv. nokkru fljótlegar en ella og bar það þó lið fyrir lið saman við hafnarlög frá fyrra ári fyrir Grundarfjörð, og reyndust þau mjög samhljóða.

Annað atriðið, sem ég vildi minnast á við flm., er mjög smávægilegt. Í 7. gr. er ákveðið, að í hafnarn. sitji aðeins 3 menn. En venja er í öllum kaupstöðum a. m. k., að þeir séu 5, og mér skilst á vitamálastjóra, að nú þegar séu 5 menn í hafnarn. Keflavíkur. Sennilega stafar þetta í 7. gr. af því, að í Grundarfirði eru mennirnir 3 — og þar af skiljanlegum ástæðum, en frv. þetta mun samið eftir lögunum um Grundarfjörð.

Hitt atriðið, sem ég vildi sérstaklega spyrja flm. um, er í 10. gr. frv., sem ákveður, að „allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur," megi innheimta í hafnarsjóð. Ef til vill er brýn þörf á þessu fé, en sérstök rök fyrir því hafa ekki komið fram, og mönnum hlýtur að detta í hug víðar á landinu að krefjast hins sama fyrir hafnarsjóði, ef þessi nýjung er samþ. Ekki skal ég fullyrða, hver fordæmi kunna að vera til þessa. En í hafnarl. Neskaupstaðar t. d. er ekki þetta gjald. Hér getur verið um mikið fé að ræða. Gjaldið nær m. a. til báta, sem hafa uppsátur á staðnum, og mjög margt er um þá báta í Keflavík. Ég er ekki að svo stöddu að mótmæla þessu, þótt ég vildi ekki láta frv. fara svo úr d., að þessa væri ekki minnzt.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Eins og hv. þm. G.-K. veik að, var ég, sem hafa átti framsögu n. við 2. umr., ekki viðlátinn þá fyrr en lítið eitt um seinan, og kom þó raunar ekki að sök, enda var n. sammála. En um 10. gr. frv. vil ég taka fram, að slík ákvæði eru í hafnarl. fyrir flesta smærri staði, þótt ekki þyki nauðsyn til bera, að þau séu í hafnarl. kaupstaðanna, sem hafa fleiri og meiri tekjugreinar. Um þetta ákvæði er það að segja, að þeir, sem að þessum málum standa í Keflavík, hafa lýst yfir því, að þeir muni ekki hagnýta sér þetta 1% af aflanum. En hins vegar þykir rétt eigi að síður að hafa þetta ákvæði í l. og nauðsynlegt, ef höfnin lenti í fjárkröggum, og hefur það því verið lagt til, að þetta ákvæði yrði sett sem heimildarl.

Ólafur Thors: Út af ummælum hv. 6. landsk. vil ég geta þess, að um það atriði, að 3 menn séu í hafnarn., er farið eftir öðrum skyldum l. Það var leitað álits form. hafnarn. um þetta atriði, hvort hann óskaði eftir, að það yrði á annan veg, en hann kvað sig samþykkan, að það yrði svo óbreytt. En annars er mér það ekkert kappsmál að hafa nm. þrjá, og ef hv. Alþ. kysi heldur, að þeim yrði fjölgað upp í fimm, þá get ég mjög vel sætt mig við það.

Um f-lið 10. gr. frv. er og það að segja, að ég geri ekki ráð fyrir, að þessi heimild verði notuð, eins og þegar hefur verið bent á, en hins vegar er ekki loku fyrir það skotið, að á höfnina kæmu einhverjir ófyrirsjáanlegir fjárhagsbaggar og nauðsynlegt þætti þá að grípa til þessarar heimildar. Þess vegna vil ég bera fram þá ósk, að þetta ákvæði fái að standa, þó að mjög lítil líkindi séu til þess, að það komi til mála, að sú heimild yrði látin koma til framkvæmda. Enda hýst ég ekki við, að neinn ágreiningur sé um þetta atriði.

Pétur Ottesen: Ég vil í sambandi við þetta atriði, að heimila höfninni 1% af aflanum, geta þess, að það er í samræmi við þau l., sem gilda nú um höfnina á Akranesi. En annars mun þetta vera misjafnt nokkuð á hinum ýmsu stöðum á landinu. T. d. er nokkuð lengra gengið í hafnarl. Sauðárkróks, þar sem heimild er fyrir allt að ½ hluta af 8 tonna bátum og stærri, en ¼ hluta af minni bátum, undir 8 tonnum. En þar, sem líkir staðhættir eru eins og á Akranesi og í Keflavík, þykir mér réttlátast, að sams konar heimild sé í hafnarl. beggja þessara staða um þetta atriði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 316).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Sjútvn. hefur fengið þetta frv. til athugunar og hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sjávarútvegsmenn á Suðurnesjum hafa átt við mjög örðugan kost að búa, hvað snertir hafnarskilyrði. Hér á Suðurnesjum hefur svo að segja engin höfn verið til, sem sjávarútvegsmenn geta treyst á fyrir báta sína, þegar eitthvað sérstakt hefur verið að veðri. Ástandið hefur yfirleitt verið þannig undantekningarlaust á öllum þeim höfnum, sem eru hér á Suðurnesjum, að þegar um sérstaklega erfið og óhagstæð veður hefur verið að ræða, þá hafa bátarnir orðið að leita burt úr þeim höfnum og til hafs, því að það hefur verið talið öruggara fyrir bátana að halda sig þar heldur en við landið. Það hefur dregizt nokkuð, að úr framkvæmdum hafi orðið um byggingu hafna á Suðurnesjum. Veldur mestu um það, að töluverður ágreiningur hefur verið um það, hvar bátahöfn ætti þar að vera. Fyrir nokkru síðan réðst einstaklingur nokkur í það að byrja á hafnarmannvirki í Keflavík. Svo keypti bæjarfélagið mannvirkið fyrir 400 þús. kr. í þeim tilgangi að halda þessu verki áfram og reyna að koma upp bátahöfn fyrir Keflavík, án þess þó að nokkru væri slegið föstu um það, hvar aðalhöfnin á Suðurnesjum skuli vera. Þegar þessi kaup voru gerð, var það gert í samráði við ríkisstj. Og ríkisstj. hét því þá, að að fengnu samþykki fjvn. Alþ. skyldi koma frá ríkinu fullkominn styrkur til móts við þann kostnað, sem hreppurinn hafði af því að kaupa þau hafnarmannvirki, sem fyrir voru, og halda áfram verkinu. Þessi styrkur hefur þegar verið greiddur, og hefur þegar verið unnið fyrir heimildinni til fulls. Mun vera búið að greiða úr ríkissjóði full 400 þús. kr. á móti framlagi hreppsins. En það er talið, að í þau mannvirki, sem hafa verið reist þar syðra, muni þurfa 11 til 12 hundr. þús. kr. til að fullgera þau.

Og er farið fram á, að Keflavíkurhreppi sé veitt úr ríkissjóði og veitt ríkisábyrgð fyrir kostnaði við þetta hafnarmannvirki, miðað við, að hann verði 12 hundruð þús. kr. og styrkurinn úr ríkissjóði og ríkisábyrgðin verði í þeim hlutföllum, sem venjulegt er um hafnarmannvirki í landinu.

Sjútvn. lítur svo á einum rómi, að sjálfsagt sé, að þessum hafnarmannvirkjum sé haldið áfram, þangað til búið er að fullgera þau, eins og til hefur verið stofnað, og að hér sé um svo nauðsynlegar framkvæmdir að ræða, að ekki megi dragast að afgreiða þetta mál nú þegar á þessu þingi. Leggur n. því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

---

26. Hafnarlög Hafnarfjarðar.

Á 13. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929 (þmfrv., A. 67).

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Hafnarlög þau fyrir Hafnarfjörð, sem nú gilda, voru sett árið 1929, en áður hafði verið látin fara fram rannsókn á hafnarstæðinu, og var hún framkvæmd af erlendum verkfræðingi. Þá tíðkaðist það mjög að leita til erlendra verkfræðinga, þegar um meiri háttar mannvirki var að ræða, og hélzt sú venja enn um nokkur ár. Þessi erlendi verkfræðingur lagði til, að byggður yrði stór hafnargarður og hann einn látinn nægja. En þegar þetta mál var síðan rannsakað nánar, kom í ljós, að betra mundi að breyta til um gerð hafnarinnar, og var þá horfið að því ráði að hafa garðana tvo.

Fyrir þá, sem ekki þekkja til í Hafnarfirði, vil ég geta þess, að frá náttúrunnar hendi er þar eitt hið bezta hafnarstæði landsins. Sá eini galli er þar á, að höfnin er alveg opin fyrir vestanátt, og er þar því jafnan ókyrrð í vestanverðum til mikilla óþæginda fyrir skip þau, sem þurfa að nota höfnina. Það er því mjög nauðsynlegt að loka höfninni með því að byggja nægilega stóran skjólgarð, til þess að skip geti athafnað sig þar í hvernig veðri sem er. Að þessu var stefnt með setningu hafnarlaganna. Hafnarl. voru sett árið 1929, en stuttu síðar skall kreppan yfir. Bærinn sá sér því ekki fært að leggja út í þetta mannvirki að svo stöddu, og var ekkert gert í málinu um nokkurt árabil. En um áramót 1939—40 var byrjað að hreyfa þessu máli á ný, og í árslok 1940 var byrjað á verkinu, með því að þá var séð fyrir, að hafnarsjóður gæti lagt fram allmikið fé. Síðan hefur verið unnið sleitulaust að verkinu í nær tvö ár, og hefur verið varið til þess 800—900 þús. kr., en það er nær því öll sú upphæð, sem hafnarl. gera ráð fyrir. Allt um það er þó ekki lokið nema rúmlega hálfum fyrri garðinum. Sú hækkun, sem orðið hefur á kostnaðinum við verkið frá því, sem áætlað var, stafar að nokkru leyti af hækkun á verðlagi, en að nokkru leyti af því, að nú hefur verið ákveðið að hafa garðana tvo í stað eins áður. Það er því augljóst, að auka þarf fjárframlög til verksins, ef það á að ná tilgangi sínum, og það er einmitt sú breyt. á hafnarl. sem frv. fer fram á. Verðlag hefur nú sennilega heldur meira en þrefaldazt frá því, sem það var, er áætlunin var gerð, en þó er ekki farið fram á meira í frv. en að þrefalda upphaflegu upphæðirnar, þar sem tekizt hefur að framkvæma verkið á nokkuð hagfelldari hátt en upphaflega var gert ráð fyrir. Hafnarnefnd hefur því álitið, að með þeim fjárframlögum, sem frv. gerir ráð fyrir, megi ná viðunandi árangri með því verðlagi sem nú er.

Eins og kunnugt er, eru hafnarskilyrði við sunnanverðan Faxaflóa mjög léleg. Og það hefur verið talað um það hér á hinu háa Alþ., að ríkissjóður yrði sjálfur að taka sér fram um það að kosta að öllu leyti sjálfur hafnargerð við sunnanverðan Faxaflóa til þess að hjálpa útveginum þar. Nú er ég ekki í vafa um það, að ef fullkomin höfn kemur í Hafnarfirði, þá dregur það að verulegu leyti úr þörfinni á því að byggja við sunnanverðan Faxaflóa fullkomna höfn, eins og gert hefur verið ráð fyrir að gera þar fyrir fé ríkissjóðs eingöngu, vegna þess að það er og hefur reynzt á undanförnum árum tiltölulega mjög auðvelt að sækja sjó úr Hafnarfirði, þótt bátar ættu þar heima og kæmu að landi daglega; það hefur verið reynt 2—3 síðustu árin og gefið góða raun. Sömuleiðis hafa bátar utan af landi, sem ekki hafa getað fengið afgreiðslu í Keflavík og Sandgerði og á öðrum ófullkomnum höfnum á Suðurnesjum, sótt til Hafnarfjarðar og stundað veiðar þaðan.

Það er ljóst, að það verður að gera hafnarskilyrði betri á Suðurnesjum, hvað sem Hafnarfirði líður. En það mál er auðleystara eftir að í Hafnarfirði hefur verið gerð góð höfn. Og ég tel eðlilegt, að ríkissjóður taki að sér að ⅓ hluta að styrkja hafnargerð í Hafnarfirði og það sé einhver sá ódýrasti háttur, sem ríkissjóður á kost á, um að bæta úr erfiðleikum vegna hafnleysis við Faxaflóa. Þess vegna ber að líta á þetta mál einnig frá því sjónarmiði.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að fara um þetta mörgum fleiri orðum. Þessar upphæðir eru náttúrlega nokkuð háar. En það er ekki hægt að nefna neina hafnargerð, hversu lítil sem hún er og ófullkomin, án þess að hún kosti geysiháa fjárupphæð. Og ég endurtek það, að ef ríkissjóð-

ur kemst af með það að leggja hér fram aðeins ⅓ hluta kostnaðar af því, sem fullkomin og góð höfn í Hafnarfirði kostar, þá er það langódýrasta aðferð, sem ríkissjóður á kost á til þess að leysa vandræði vegna hafnleysis við Faxaflóa, auk þess sem það bætir úr brýnni nauðsyn Hafnfirðinga sjálfra.

Það eru að vísu ekki leyst að fullu hafnarmálin þarna syðra, þó að garðarnir séu byggðir. En ég geri ráð fyrir, að hafnarsjóður eigi hægara með að kosta það, sem eftir er, þegar þeir eru komnir, ef þessi lausn fæst á málinu.

Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 206).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég get upplýst, að n. hafði þetta mál til meðferðar og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri orðalagsbreyt., sem um getur í nál. á þskj. 206.

ATKVGR.
Brtt. 206_1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 206_2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 230).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 39. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 230, n. 319).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Sjútvn. hefur fengið þetta frv. til athugunar og hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Þegar hafnarl. voru sett fyrir Hafnarfjarðarkaupstað árið 1929, var gert ráð fyrir því, að byggður yrði hafnargarður til skjóls fyrir höfnina. Það var aðeins gert ráð fyrir einum hafnargarði þá, og var áætlað, að hann mundi kosta 1 millj. kr. Framlag úr ríkissjóði til verksins skyldi nema ⅓ kostnaðar, en ábyrgð ríkissjóðs ⅔ hlutum hans. Snemma á síðasta ári var byrjað að byggja þennan eina hafnargarð, og er hann orðinn 165 m langur. Eftir er því að byggja af honum 85 m, og er ekki eftir af fénu til þessa verks nema 200 þús. kr.

Það hefur komið í ljós, að nauðsynlegt er að byggja annan hafnargarð inn af þessum hafnargarði, til þess að þessi áformaði garður komi að fullum notum. Það er áætlað, að kostnaður við að fullgera garðinn, sem byrjað er á, verði 700 þús. kr., en 3 millj. kr. kosti þeir báðir. Í frv. er lagt til, að bærinn fái 1 millj. kr. styrk og ríkisábyrgð fyrir 2 millj. kr.

Sjútvn. telur nauðsynlegt og sjálfsagt, að haldið sé áfram með þann garð, sem byrjað er að byggja, þangað til honum er lokið, vegna þess að ef hætt væri við garðinn nú, lægi hann undir skemmdum. Sjútvn. telur því tvímælalaust sjálfsagt að veita fé og ríkisábyrgð til þess að fullgera viðstöðulaust þennan garð. En um hinn garðinn óskar n. að taka fram, að þótt hún að sjálfsögðu viðurkenni, að sá garður sé nauðsynlegur og óhjákvæmilegt að byggja hann, þá sé það álitamál, hvort rétt sé að ráðast í það nú með því verðlagi, sem er í landinu. Telur n. nauðsynlegt að athuga vandlega hvaða tíma sé heppilegast að velja þessu verki. N. hefur hins vegar ekki séð ástæðu til að taka í frv. nein sérstök ákvæði um þetta, vegna þess að í 9. gr. hafnarl. fyrir Hafnarfjarðarkaupstað er svo ákveðið, að bænum er ekki heimilt að ráðast í neinar framkvæmdir sem þessar, nema fyrir liggi samþykki ráðh., áður en byrjað er á framkvæmdum. Sjútvn. telur þetta ákvæði fullnægjandi til þess að tryggja það, að vandlega sé rannsakað, áður en byrjað er á þessum framkvæmdum, hvenær tími sé heppilegastur til að ráðast í þær. Og með tilvísun til þessa ákvæðis, getur n. verið sammála um að mæla með, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 361).

27. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 7. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna (þmfrv., A. 81).

Á 15. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 18 des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er eiginlega framhald af þál. um húsnæði handa alþm., sem aukaþingið í sumar samþ. og borin var þá fram af 14 alþm.

Eins og frv. ber með sér og er einnig tekið fram í grg. þess, þá er það eiginlega ekki um sjálft þingfararkaup alþm., heldur um þau hlunnindi, sem alþm. utan Rvíkur hafa auk þingfararkaupsins.

Það er tvennt, sem ég hef reynt að ná með þessu frv., ef það yrði samþ. Í fyrsta lagi að lögfesta þá venju, sem komizt hefur á, ég hygg skömmu eftir 1930, að þm., búsettir utan Reykjavíkur, fengju raunverulega greidda húsaleigu, sem þeir yrðu að greiða hér í bænum. Það er ákaflega vafasamt, að þessi venja eigi stoð í l., því að í l. frá 28. nóv. 1912 um þingfararkaup alþingismanna er ekkert að þessu vikið. Þar er aðeins tekið fram, hvað þingfararkaupið eigi að vera hátt og þm., sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eigi auk þess að fá ferðakostnað eftir reikningi. Þingfararkaupsnefnd mun á sínum tíma hafa átt upptökin að þeirri venju að greiða húsaleigu utanbæjarþingmanna og ég get nefnt þann mann, sem var tillögumaður þessa innan þeirrar n. Það var Guðbrandur Ísberg, sem þá átti sæti á Alþingi. Hún mun hafa litið svo á, að **telja mætti** húsaleigu hér í Rvík til ferðakostnaðar, og í notum þess hafa tekið upp þessa venju, en ég verð að segja, að mér finnst þetta dálitið vafasamt, ég vil ekki segja, að það sé rangt, en ekki svo tvímælalaust sem æskilegt væri. Því er lagt til í frv., að lögákveðið verði, að það opinbera eigi að sjá alþm. þeim, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, fyrir húsnæði, meðan Alþingi stendur, og tel ég þó, að kjör þeirra þm., sem koma utan af landi, verða að fara frá störfum og kosta þau störf, meðan þeir eru á þingi, verði þrátt fyrir þetta sízt sambærileg við kjör þeirra, sem eru búsettir í Rvík, kosta engu til, en fá þingfararkaupið í aukagetu. En þó að nú sé svo komið, að Reykvíkingar á Alþingi muni vera um ⅔ af alþm., þá hygg ég, að svo mikill skilningur sé á þessu meðal þeirra, að þetta muni ekki mæta mótstöðu frekar en þáltill., sem samþ. var shlj. í sumar.

Í öðru lagi hef ég viljað ná því með þessu frv., að utanbæjarþm. væri tryggður bústaður yfir þingtímann. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvað mikil húsnæðisvandræði hafa verið hér í Rvík undanfarið, og á síðari þingum veit ég um og hef enda sjálfur orðið fyrir því, að utanbæjarþm. hafa átt mjög erfitt með að fá sér húsnæði yfir þingtímann. Þm. hefðu beinlínis orðið að vera á götunni eða fara heim aftur, ef ýmsir góðir borgarar í bænum, vinir þeirra og vandamenn, hefðu ekki skotið yfir þá skjólshúsi. Ég verð að telja það með öllu óhæfilegt, að alþm. verði að vera þannig á bónbjörgum og nota sér gestrisni vina sinna og vandamanna, sem sinna þá, ef ekki er annars kostur, í íbúðir sínar með því móti þá að þrengja að sér og heimilisfólki sínu, og auk þess er auðsætt, að þm., sem þannig verða að búa og verða t. d. að sofa á divan í dagstofunni, þar sem heimilisfólkið gengur að öðru leyti um, hafa vitanlega engin vinnuskilyrði á því heimili.

Aukaþingið í sumar vildi ráða bót á þessu og samþ. þar af leiðandi þá ályktun, sem ég gat um áðan, um að skora á stj. að sjá alþm., sem heima eiga utan Rvíkur, fyrir húsnæði framvegis. En þó að þessi þál. væri samþ., þá verð ég að segja það, að hún hefur ekki verið framkvæmd eins rækilega og þessir 14 tillögumenn og þingið ætluðust til að ég hygg, því að þegar til Rvíkur kom í haust, beið okkar ekkert nema gatan, þó að úr rættist fyrir það, að ýmsir góðir borgarar í bænum skutu yfir okkur skjólshúsi. Að vísu mun ríkisstj. hafa samið við Hótel Borg um að leigja alþm. herbergi, en þessi herbergi fengust ekki fyrr en jafnóðum og þau losnuðu, og ég veit til þess, að sumir alþm., sem áttu að fá þetta húsnæði, urðu að bíða eftir því upp undir hálfan mánuð. Svo mun hafa verið ákveðið fyrst, að ríkið greiddi ákveðna leigu fyrir hvern þm., sem byggi á Hótel Borg, miðað við ódýrustu herbergin, en þau voru ekki nægilega mörg, og svo varð nokkur rekistefna í bili út af því, að kröfur komu frá Hótel Borg til þm. um að greiða mismuninn á því, sem herbergin kostuðu, og því sem ríkisstj. hafði samið um fyrir hvern þm., sem var miðað við ódýrustu herbergin.

Í þessu frv. er lagt til, til þess að þm. utan bæjar hafi húsnæði um þingtímann, sem ég tel ríkinu skylt að sjá um, að ríkisstj. sé heimilt að byggja hús í þessu skyni og verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess eða þá að kaupa hús í sama augnamiði. En þar sem ég geri ráð fyrir, að verða kunni vandkvæði á því sem stendur að byggja hús og ef til vill að kaupa hús, þá er stj. enn fremur heimilað í frv. til bráðabirgða að leigja húsnæði til þessara nota.

Ég álít, að þetta sé meira nauðsynjamál en margur kann að ætla. Ég er ekkert viss um, nema það kunni að vera, ef slíkur bústaður fyrir alþm. hefði verið til og þar af leiðandi orðið meiri kynning milli alþm. en verið hefur, að það hefði haft bætandi áhrif á einhvern hátt á stjórnmálin og ekki víst, að öll þau óhöpp, sem hent hefur, hefðu orðið, ef þetta mál hefði verið komið í kring fyrr. Náttúrlega legg ég ekki mikið upp úr þessu. Aðalatriðið er það, að menn, sem þjóðin hefur kjörið til að vinna í bænum langan tíma í þjónustu ríkisins, en heima eiga annars staðar, eiga að sjálfsögðu heimtingu á, að ríkið sjái svo um, að þeir geti verið hér meðan á starfi þeirra stendur.

Það er ekki hvað sízt tímabært nú að bera fram till. í þessa átt, þar sem bæði í lögum landsins og eins í reglugerðum, sem gilda fyrir Reykjavíkurbæ, er torveldað, að utanbæjarmenn, hvort sem

það eru þm. eða aðrir, fái húsnæði á leigu í bænum.

Það kann að vera nokkurt vafamál, til hvaða n. þetta frv. á að fara. En þar sem frv. er um þingfararkaup alþm., og launamál hafa venjulega verið í fjhn., þá legg ég til, að málinu sé vísað þangað.

Ég skal að lokum taka fram, að ég hef viljandi gengið fram hjá að gera nokkra breyt. á sjálfu þingfararkaupinu. Það var ákveðið 1912, og voru þá allt aðrar ástæður en nú. Kaupið er 12 kr. Ég veit ekki, hvað grunnkaup Dagsbrúnarverkamanna er, en ég hygg, að það sé æðimiklu hærra. Þetta er náttúrlega hreint hneyksli, að það skuli standa í l., að alþm. fái ekki nema 12 kr. á dag. En þar sem þessu frv. verður væntanlega vísað til n., þá *álít ég, að sú n. geti gjarnan, ef henni sýnist* svo, gert till. um breyt. á sjálfu þingfararkaupinu, og þess vegna hef ég gengið fram hjá því atriði, en ekki sökum þess, að ég telji það vera sæmilegt kaup, jafnvel þó að allar venjulegar uppbætur komi á það kaup.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal vera stuttorður um þetta mál. Mér finnst ekki nema sanngjarnt, að einhver úr hópi þeirra þm., sem eiga heima í Rvík, láti til sín heyra um þetta frv. Ég vil leyfa mér að lýsa yfir, að ég er frv. fylgjandi og vil, að það sé tekið til rækilegrar athugunar, því að mér finnst í því felast mjög sanngjörn krafa frá þeim, sem koma utan af landsbyggðinni.

Ég vil skjóta því til þeirrar n., sem fær málið, að hún taki til athugunar, hvort ekki sé hægt, a. m. k. þar til öðruvísi verður ákveðið, að forsætisráðherrabústaðurinn verði að einhverju leyti tekinn til þessara þarfa. Það hefur verið skipt um forsrh., þó að hann hafi ekki skipt um bústað, og fyrrv. forsrh. flutti aldrei í bústaðinn, en ég skal ekki segja, hvort núv. forsrh. gerir það. Það mun hafa verið meiningin á sínum tíma að tryggja forsrh. bústað, þar sem verið gætu veizluhöld stöðu hans vegna. Mér finnst athugunarvert, hvort ekki má samræma þetta, að nota forsætisráðherrahúsið til veizluhalda, sem koma við embætti ráðherrans, en nota húsið uppi sem nokkurs konar íbúð fyrir alþm. utan af landi, sem gætu þá ef til vill einnig fengið nokkra aðhlynningu á þessum sama stað. Ég vil skjóta þessu til n., hvort ekki mætti samrýma þetta, þar til teknar væru ákvarðanir um byggingu þingmannabústaðar.

Hermann Jónasson: Það er í sambandi við ummæli hv. þm. Barð., sem ég vil segja nokkur orð til upplýsingar n., sem fær þetta mál.

Hv. þm. sagði, að fyrrv. forsrh. byggi áfram í forsætisráðherrabústaðnum. Ég vil upplýsa þetta fyrir n., og mér er kærkomið að fá tækifæri til að upplýsa það hér opinberlega, hver er ástæðan fyrir því, að ég bý í þessu húsi enn þá. Það er eins og alltaf gengur, að það breiðast út sögur, sem ég hef ekki séð ástæðu til að leiðrétta, en hv. þm. Barð. hefði þó getað tekið fram það, sem rétt er í þessu máli.

Þegar ég lét af ráðherrastarfi, ætlaði ég að flytja úr bústaðnum og sagði upp leikutaka í húsi sínu, nr. 42 í sömu götu. Þar sem ég hafði gert þetta með lögboðnum fyrirvara, var fólkinu skylt að víkja með því fororði, að ég gæti sannað, að ég flytti úr bústaðnum í hús mitt. Ég skrifaði húsaleigun. og bað um úrskurð, en hún úrskurðaði, að ekki lægi fyrir yfirlýsing frá ríkisstj. um, að hún þyrfti á bústaðnum að halda, og fengi ég ekki íbúðina, fyrr en slík yfirlýsing lægi fyrir. Ég ritaði þá ríkisstj. og sendi henni samrit af bréfi húsaleigun., en hef ekki enn *fengið vottorð hennar og sit því fastur í* bústaðnum. Ég býst við, að þetta stafi af því, að eftirmaður minn óskaði ekki eftir að flytja í ráðherrabústaðinn, en hefur hins vegar ekki viljað láta húsið standa autt og ekki kunnað við að leigja það. Húsið er til reiðu undireins og ég fæ vottorðið, og ég vil mjög gjarnan flytja í mitt eigið hús. Það eru óþægindi að því að búa í svo stóru húsnæði.

Ég geri ráð fyrir, að það, sem stungið er upp á, að nota ráðherrabústaðinn fyrir þm., geti vel komið til mála. Ég vil þó benda á, að frá mínu sjónarmiði er talsverður vandi að samrýma það, að þm. búi þar og að haldnar séu stórveizlur í sölunum niðri. Það þarf mikla aðgæzlu og hirðingu til þess að þetta geti farið saman, og auk þess mundi það trufla það næði, sem alþm. þurfa að hafa.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil leiðrétta misskilning, sem fram kom hjá hv. þm. Str. Ég minntist ekki á, hvort hann byggi í ráðherrabústaðnum eða ekki, heldur aðeins, að eftirmaður hans hefði ekki búið þar, en það sanni, að hægt sé að vera forsrh. án þess að búa þar.

Mér finnst þetta mál þess virði, að það sé vel athugað, og ætti n. að leita upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um, hvort hægt sé að samrýma hinar ýmsu till. í málinu. Þó að hv. þm. Str. búi þar nú, gæti hann látið eitthvað af húsinu til þm., án þess að flytja úr því.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil þakka hv. þm. Barð. fyrir góðar undirtektir, og er sjálfsagt, að n. sú, sem fær málið til meðferðar, taki bendingar hans til athugunar. En ég get ekki neitað því, að mér finnst það bera vott um, að Alþ. slái því föstu, að forsrh. geti aldrei verið utanbæjarmaður, ef það ákveður forsrhbústaðinn fyrir þingmannabústað, en ætlar forsrh. veizlusalina niðri. Setjum svo, að forsrh. yrði maður, sem hefði verið búsettur utan bæjarins. Hann þyrfti meira en veizlusali, en eins og húsnæðisástandið er nú í Rvík, er ekki víst, að íbúð handa honum lægi laus fyrir. Í þessu sambandi vil ég minna á, að fyrsti ráðherra Íslands var sóttur norður á Ísafjörð. Þetta finnst mér að n. þurfi að hugsa um. Það væri tæplega forsvaranlegt, ef forsrh. væri t. d. frá Seyðisfirði eða Vestmannaeyjum, að ætla honum eitt herbergi í þingmannabústað, þó að honum væri fengið húsnæði til veizluþarfa. Aðrir ráðherrar gætu einnig verið utanbæjarmenn og komizt í húsnæðisvandræði, en í lögum er beinlínis gert ráð fyrir því, að forsætisráðherra hafi embættisbústað, og verður því fyrst og fremst að fullnægja því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 198).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og sést á nál. fjhn. á þskj. 198, þá var n. á einu máli um það að ráða hv. d. til að samþ. þetta frv. með lítilli breyt. við orðalag á 1. gr., svo að skýrar komi í ljós, ef þingmaður búsettur utan Rvíkur óskar eftir húsnæði í hinum fyrirhugaða bústað, þá verði hann að tilkynna það með hæfilegum fyrirvara. Ekki er nánar ákveðið um þennan fyrirvara, en ég tel sjálfsagt, að hann verði auglýstur á hverjum tíma. Eins og á stóð t. d. í haust, er Alþ. var kvatt saman rétt eftir kosningar, þá yrði þessi fyrirvari að miðast við það, því að ekki er hægt að ætlast til, að menn tilkynni neitt um þetta fyrr en þeir vita, að þeir hafi náð kosningu.

Við 1. umr. þessa máls var því beint til n. af hv. þm. Barð., að hún tæki til athugunar, hvort ekki mætti taka bústað forsrh. fyrir þingmannabústað. Ég skal játa, að n. hefur ekki mikið athugað þetta mál, en lítur svo á, ef frv. þetta nær samþykki, þá verði það framkvæmdaratriði í höndum stj., hvernig séð verður fyrir því, sem er aðalatriðið, að þingmenn geti búið hér um þingtímann við viðunandi kjör.

En að öðru leyti vísa ég til þess, er ég sagði hér við 1. umr., ef taka á forsætisráðherrabústaðinn án þess að ætla forsrh. annan bústað, þá er gengið út frá því sem alveg gefnu, að sá ráðh. verði alltaf búsettur hér í bænum. Það hefur nú verið svo lengi, en eins og ég sagði við 1. umr., þá er það vitanlega ekki alveg sjálfsagt mál. Ég benti þá á, að fyrsti ráðh. okkar og hreint ekki sá sízti kom frá Ísafirði, og annar kom austan úr Skaftafellssýslu. Þetta finnst mér vel geta orðið enn þá, þótt það sé e. t. v. goðgá í augum Reykvíkinga að gera ráð fyrir því. Ef hann kæmi utan af landi, þá væri ekki sæmilegt, að hann hefði ekki að neinu að hverfa hér, nema þá herbergi í þingmannabústaðnum, ef það væri til.

Nú, e. t. v. verða forsætisráðherrar þjóðarinnar eingöngu úr Rvík, ég skal játa, að það er ekki ólíklegt, þar eð um ¾ hlutar þm. eru nú búsettir hér. En n. hefur þó ekki séð ástæðu til að ganga út frá því sem alveg gefnu.

Náttúrlega má nærri geta, hvað þeir Reykvíkingar hugsa um þetta mál, sem eru sama sinnis og einn hv. þm., er talaði hér fyrir fáeinum dögum. Hann taldi það alveg fjarstætt, að maður úr Grímsey eða úr Þaralátursfirði eða úr þriðja staðnum, sem hann nefndi, yrði skipaður í n. Hvað mundi hann þá hugsa um forsrh. úr þessum stöðum.

Eins og ég sagði áðan, þá telur n. ekki rétt að ganga út frá þessu sem gefnu, og hefur því ekki gert neinar till. um þetta atriði.

Ég geri nú ekki ráð fyrir, að hafizt verði handa um byggingu meðan stríðið stendur. En mér er nær að halda, að ríkið eigi hús, er nota mætti e. t. v. í þessu skyni. Þetta vildi ég taka fram út af orðum hv. þm. Barð. við 1. umr.

Annars gerir n. ráð fyrir, að framkvæmd þessa máls verði í höndum stj. eins og önnur l., ef að l. verður. Hún mælir því aðallega með frv. efnislega, en efni þess virðist sjálfsagt og réttmætt, að þm. sé tryggt, að þeir geti verið hér, úr því þeir eru kallaðir til þess af þjóðinni, þó störfin þyki nú misjafnlega ganga.

Hér hafa á síðustu árum verið byggðir tveir stúdentagarðar, ég nefni þetta aðeins. En nú er svo komið, að þingmenn dvelja hér orðið litlu skemur en stúdentar utan af landi. En svo misjafnlega hefur verið skipt, að bæði einstaklingar og hið opinbera hafa keppzt um að styrkja þessa bústaði stúdentanna, en þm. utan af landi hafa hér ekkert hæli. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekara. Ég lít svo á, að auk réttlætismáls gæti verið hér um menningarmál að ræða. Þetta gæti orðið til bóta fyrir störf þingsins, þm. fengið meiri starfsfrið, og þm. fengju tækifæri til að hittast og talast við utan þingfunda og flokksfunda.

Ég vil aðeins benda á það, sem allir hv. þm. vita þó, að hér er nýbúið að opna kaffisölu í húsinu. Ef þingmannabústaður yrði byggður hér í grennd við Alþingishúsið, t. d. þar sem svokallað Templarahús er, sem mætti nú missa sig af þeim stað, sem það er nú, þá er það svo skammt frá Alþingishúsinu, að vel mætti hafa veitingarnar þar fyrir þm. yfirleitt og færi að sumu leyti betur á því.

ATKVGR.
Brtt. 198 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 232).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, n. 265).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur það í sér að skylda stj. til þess að

sjá alþm. fyrir leigulausum bústað meðan þingið situr, ef þeir óska eftir því með nægum fyrirvara. Enn fremur er í þessu frv. heimild fyrir stj. til þess að láta byggja þingmannabústað, ef hagfellt þykir. Þetta frv. kom fram í Ed., og fjhn. þessarar d. hefur athugað það og mælir einróma með því, að það verði samþ. og því vísað til 3. umr. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 4. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 232, 283).

Frsm. (Jón Pálmason): Síðan 2. umr. fór fram hér í hv. d. mun hafa verið lögð fram brtt. við þetta frv. frá þrem hv. þm., á þskj. 283, og fer hún fram á að breyta frv. í þá átt, að ekki sé heimilað með því að kaupa eða byggja hús í því skyni, að alþm. fái þar bústað um þingtímann. Ég vil taka það fram, að fjhn. hefur tekið þessa till. til athugunar og vill einróma mæla á móti því, að hún verði samþ. N. vill mælast til þess, að þetta frv., sem mun hafa verið samþ. með öllum atkv. í hv. Ed., fái hér afgreiðslu án þess að þessi till. komi til þess að eyðileggja það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég er hér meðflm. að þessari till. á þskj. 283, og með því að 1. flm. er ekki við, ætla ég að fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum, þar sem líka er búið að mæla gegn henni, áður en mælt hefur verið fyrir henni, sem er þó ekki venjulegt.

Það, sem vakti fyrir mér, er ég gerðist flm. að þessari till., var það, að mér skilst, að þessi breyt. sé miðuð við núverandi ástand og sé gengið út frá því, að af því að ekki er hægt að fá húsnæði nú, verði það ekki hægt í framtíðinni og verði því ekki hægt að leysa þetta öðruvísi en með því að byggja á þessum tímum. Ég lít svo á, að þeir erfiðleikar, sem hafa skapazt fyrir þm. um að fá húsnæði núna, séu bráðabirgðaástand, og það sé ekki rétt að leysa þessi vandkvæði með því að byggja sérstakan bústað fyrir alþm., heldur eigi að leysa þau með leiguhúsnæði, þangað til tímarnir breytast og þeir geta leigt sér húsnæði eins og áður var gert. Þetta er það, sem ég meina með þessari brtt., og ég held, að það, sem gert er bæði í þessu máli og öðrum, sé of mikið miðað við það ástand, sem nú er, en það er aðeins bráðabirgðaástand, sem vonandi varir ekki lengi.

Pétur Ottesen: Fyrri þm. Eyf. (BSt) á að mínum dómi þakkir skilið fyrir það, að hann hefur barizt hér fyrir máli, sem allmiklu skiptir fyrir þá þm., sem eiga heima utan Rvíkur, hvernig leyst er. Það er náttúrlega ákaflega skiljanlegt, að það ástand, sem þm. utan Rvíkur eiga við að búa um útvegun húsnæðis hér í Reykjavík, taki ekki til þeirra manna, sem búsettir eru hér í bænum. Þetta er sérstaða utanbæjarþm., og þeir finna, hvar skórinn kreppir að í þessum efnum, sem hinir hafa ekkert af að segja. Fyrri þm. Eyf. hefur nú barizt fyrir þessu máli með þeim hætti, að á síðasta þingi gerðist hann 1. flm. að þáltill., sem allmargir þm. voru auk hans flm. að og fól það í sér, að stj. beitti sér fyrir því að útvega utanbæjarmönnum húsnæði. Þessi till. var samþ. einróma og bar þann árangur, að ríkisstj. hljóp undir bagga með það, að þm. fengju þak yfir höfuðið meðan þeir sætu á þingi. En það hefur sýnt sig, að þetta er léleg lausn á þessu máli, og auk þess hefur stj. oft þurft að sæta afarkostum um þetta húsnæði, — ég kalla það afarkosti, þegar þarf að borga allt að 30 kr. á dag fyrir húsnæði, eins og nú mun eiga sér stað.

Fyrri þm. Eyf. hefur í framhaldi af þessu flutt í hv. Ed. frv. það, sem hér liggur fyrir og sætti þeirri meðferð þar, sem sjálfsagt var, að allir — eða nálega allir — viðstaddir dm. greiddu því atkv., og ætti það að fela í sér bendingu um, að hér er um mál að ræða, sem ekki er alveg einkisvert, hvort lausn fæst á eða ekki.

Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. N.-M., sem hefur flutt brtt. hér, að þetta sé eingöngu sprottið af þeim erfiðleikum að afla húsnæðis hér í bæ, sem við búum nú við. Þetta er að vísu mikilvæg ástæða, en margir telja það ekki síður mikilvæga ástæðu, að nauðsynlegt sé, að þm. eigi kost á húsnæði hér í bænum, svo að þeir geti búið sem mest undir sama þaki og haft samgang og samskipti með auðveldu móti, eins og æskilegast væri. Það væri ekki heldur lítið atriði í fjárhagstilliti, að þeir gætu haft með sér mötuneyti. En í þessu felst meira en krafa um það, að fundin sé bráðabirgðalausn á örðugleikunum og þar við látið sitja, og þess vegna vil ég ekki fallast á, að rýrðar séu þær heimildir, sem ríkisstj. eru ætlaðar, eins og gert er með þessari brtt. Hins vegar má ekki skilja orð mín svo, að ég vilji um fram allt láta rjúka í að reisa húsið í þeirri dýrtíð, sem nú er. En ég vildi varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki væri hægt að fá lausn á málinu nú þegar, án þess að ríkisstj. þyrfti að reisa eða kaupa hús. Ríkissjóður á nú hér í bæ hús, sem nota mætti í þessu skyni. Það er ráðherrabústaðurinn, en forsrh. hafa ekki notað hann um langt skeið. Það var áður talið sjálfsagt, að ríkissjóður fengi forsrh., æðsta embættismanni landsins, bústað, þar sem hann gæti haldið uppi risnu. Nú er annar maður orðinn æðsti embættismaður ríkisins og hefur tekið að sér hlutverk forsrh. í þessu efni, og honum hefur verið fenginn bústaður, þar sem hann getur innt af hendi þetta hlutverk. Þess vegna er ekki sérstök ástæða til að leggja forsrh. til bústað fremur en öðrum ráðh. Ég skýt því hér fram, hvort ekki sé rétt að leysa málið svo, að þessi bústaður forsrh., sem um langt skeið hefur ekki verið notaður af neinum ráðh., verði gerður að bústað handa alþm. og salarkynnum breytt eins og þurfa þætti, til þess að hann gæti orðið sem bezt fallinn til þeirra hluta. Ég hef ekki búið mig undir að flytja sérstakt frv. um þetta efni, og ef til vill væri rétt að láta þessa uppástungu beinlínis koma fram í

frv. því, sem hér er til umr., og vona ég, að það þyrfti ekki að verða til að tefja framgang málsins. Ég mælist því til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá, og skal ég þá hafa mína brtt. tilbúna, er það verður aftur tekið á dagskrá, sennilega á morgun.

Eysteinn Jónsson: Ég tel mikla nauðsyn, að utanbæjarþm. eigi aðgang að sæmilegum bústað hér í bænum, meðan þeir sitja á þingi, og yfirleitt þykir mér þetta frv. skynsamlegt og tel það til þess fallið að bæta úr þeirri þörf, sem hér er um að ræða. En ég stóð upp aðallega til þess að mæla í gegn brtt. hv. þm. N.-Þ. og tveggja annarra hv. þm. á 283. þskj. Ég tel sjálfsagt, að ríkisstj. láti reisa hús til þessara þarfa, ef hún getur ekki fengið það öðruvísi, en ég óttast, að lítið gagn mundi verða að þessu frv., ef till. þeirra hv. þm. N.-Þ. yrði samþ. Ég tel, að málið verði varla leyst til frambúðar og með nógu virðulegum hætti, nema reist verði hús til þessara þarfa, þó að það verði ekki strax. Till. hv. þm. Borgf. um að taka forsrhbústaðinn og gera að þingmannabústað finnst mér fráleit. Virðist full nauðsyn að hafa sérstakan bústað handa forsrh., en þá er ekki um önnur hús að ræða en þetta. Það, að forsrh. hefur ekki búið þar um eins árs skeið, eru engin rök fyrir því að slíkur bústaður sé óþarfur. Ég mun því fylgja till. n. um að samþykkja frv. með þeirri breytingu, sem hún vill gera.

Stefán Jóh. Stefánsson: Að því er snertir frv. og brtt. á 283. þskj., vísa ég til þess, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði áðan, og er ég honum að mestu sammála. Mér finnst það mundi vera mjög óheppilegt að taka ráðherrabústaðinn handa þm., eins og hv. þm. Borgf. vill gera. En um eitt var ég hv. 2. þm. S.-M. ekki alveg sammála. Það hlýtur að reka að því hér á landi sem annars staðar, að það verði ekki forsrh., heldur utanríkisrh., sem verður að halda uppi risnu af hálfu ríkisstj. Þó að við höfum nú fengið æðsta valdsmann okkar inn í landið, breytir það ekki því, að ríkisstj. hlýtur alltaf að verða að halda uppi risnu. Á Norðurlöndum er það svo, að utanríkisrh. heldur uppi slíkri risnu af hálfu ríkisstj., og býst ég við, að svo hljóti einnig að verða hér. Þess vegna tel ég, að gera ætti ráðherrabústaðinn að sérstökum bústað utanrrh. Mér er það t. d. minnisstætt, að forsrh. Svía býr í bústað, sem hann reisti sér, áður en hann varð ráðh., en utanrrh. þeirra býr í bústað, sem ríkið leggur honum til, og svo mun vera annars staðar á Norðurlöndum, en í Englandi hefur forsrh. að vísu bústað í Downing Street, sem hið opinbera leggur honum til, en svo er reyndar um fleiri ráðh. þar.

Forseti (JJós): Til mín hefur verið beint tilmælum um að taka málið af dagskrá vegna brtt., sem boðuð hefur verið. Ég sé ekki annað en hægt sé að verða við þeim tilmælum, án þess að málið þurfi að tefjast um of, og þar sem nú eru fjórir á mælendaskrá og því líkur til, að umr. mundu standa nokkuð lengi enn þá, tel ég réttara að taka málið af dagskrá þegar í stað.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins segja fáein orð um þingsköp varðandi það, hvernig með skuli fara málið. Mér skilst, að um sé að ræða einfalda brtt., sem koma mætti fram skrifl. Nú þegar hafa nokkrir hv. þm. kvatt sér hljóðs, og vinnst þá hv. þm. Borgf. tími til að semja brtt. Í annan stað mætti fresta málinu þar til síðar á þessari dagskrá, og mundi þá hv. þm. gefast enn frekari tími til að ganga frá till. sinni.

Pétur Ottesen: Ég óskaði þess, að málið yrði tekið af dagskrá, því að ég vildi láta till. mína koma fram með eðlilegum hætti, láta hana liggja fyrir fundinum prentaða. Hitt er í raun og veru mesti ósiður, sem getur valdið mesta glundroða, að vera með þessar skrifl. brtt. Og hv. þdm. þurfa ekki að óttast töf á málinu, þó að því sé frestað til morguns, því að þetta er 3. umr. Ég held því fast við kröfu mína um frestun málsins.

Forseti (JJós): Þetta ætti ekki að þurfa að verða neitt kappsmál. Ósk hv. þm. Borgf. að leggja fram brtt. sína prentaða er fyllilega þingleg, og þar sem hann fer fram á frestinn vegna till., sem hann ber sjálfur fram, þarf enginn að óttast, að fyrir honum vaki að tefja málið. Ég mun því taka málið af dagskrá, er næsti ræðumaður hefur talað.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég þakka góðar undirtektir, sem málið hefur fengið, og andmæli við till. hv. þm. N.-Þ., en annars kvaddi ég mér hljóðs vegna till. hv. þm. Borgf. um að taka málið af dagskrá að þessu sinni. Ég er sammála hv. þm. Borgf. um það, að heppilegt mundi vera að taka bústað forsrh. til þessara þarfa, en ég sé ekki, að hægt sé að gera það á annan hátt en þann að heimila ríkisstj. að framkvæma þetta Hins vegar sé ég ekki, að það þyrfti að krefjast breytinga á frv. Ég tel enga þörf að setja ákvæði um þetta í frv. sjálft, og þess vegna er ekki heldur nauðsynlegt að fresta málinu að mínum dómi.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 232, 283, 343).

Pétur Ottesen: Ég ræddi nokkuð um þetta mál, þegar það lá fyrir d. fyrir tveimur dögum síðan, og hæstv. forseti varð við tilmælum frá mér um að fresta málinu með tilliti til þess, að ég hafði í huga að bera fram brtt. við það. Ég gerði þá grein fyrir því, að auk þess sem þetta frv. felur í sér heimild fyrir ríkisstj. að taka til athugunar að láta byggja hús, þar sem þm., sem eru búsettir utan Rvíkur, gætu haft bústað um þingtímann, og auk þess að athuga möguleika til að leigja hús, þá bæri einnig að minum dómi að athuga um hagnýtingu í þessu augnamiði á þeim húsakosti, sem ríkið hefur nú yfir að ráða. Benti ég á þá breyt., sem orðin er á æðstu stjórn landsins, að í stað þess, að forsætisráðherra var æðsti embættismaður landsins, er nú tekið upp það fyrirkomulag, að ríkisstjóri er æðsti embættismaður landsins og hefur verið falið það hlutverk, sem forsrh. hafði áður, að standa fyrir móttöku útlendra gesta og annarra af hálfu landsins og hefur verið veitt aðstaða til að geta innt þetta

af hendi með sómasamlegum hætti á okkar mælikvarða. Við þá breytingu, sem hér er á orðin, virðist mér ekki ástæða til að leggja forsrh. til bústað frekar en öðrum ráðh., þar sem annar embættismaður ríkisins hefur tekið við þessu hlutverki, sem hann hafði áður. Ég vil því koma því á framfæri, hvort ekki væri rétt að athuga, hvort ekki kynni að vera hagkvæmt, að þetta hús, forsrhbústaðurinn, væri tekinn til þeirra nota, sem ræðir um í frv. því, sem hér liggur fyrir. Ég hef því lagt til í þeirri brtt., sem ég ber hér fram, að bætt sé inn í frv. nýrri gr., þar sem vikið er að því, að þyki stj. hagkvæmt að taka til þeirra nota, sem í 1. gr. segir, þá húseign, sem forsrh. er ætluð til bústaðar, þá megi stj. leita samkomulags við forsrh. um að sleppa tilkalli til bústaðarins með þeim kjörum, sem um semur, því það leiðir af sjálfu sér, að meðan í gildi eru l., sem ákveða forsrh. leigulausan bústað, verður að fara samningaleiðina gagnvart honum. Ég held, að brtt. mín sé þannig úr garði gerð, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að hún verði sett inn í frv. sem ný gr., svo að þessir möguleikar yrðu jafnframt til athugunar fyrir stj.

Mér þykir svo ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum, og því síður, sem ég hef rætt þetta mál við þær umr., sem fram fóru um þetta fyrir tveimur dögum hér í d.

Gísli Guðmundsson: Síðan húsnæðisskorts fór að verða vart í Rvík hefur borið á því, að þm. hafa átt erfitt með að útvega sér húsnæði, og mun þetta hafa valdið töluverðum vandræðum fyrir suma þm. Hins vegar var það svo áður en í óefni var komið um húsnæðismálin í Rvík, að húseigendur hér í bæ sóttust eftir því að leigja þm. herbergi. Ég geri ráð fyrir, að þegar ástandið breytist í húsnæðismálunum, muni og greiðast úr þessum vandræðum þm. En framkoma þess máls, sem hér liggur fyrir, mótast af ástandinu, eins og það er nú. Engu að síður get ég verið samþ. þeim atriðum frv., sem fjalla um það, að ríkisstj. sjái þm. fyrir húsnæði. Það væri ekki nema eðlilegt á hvaða tíma, sem er. En við flm. brtt. á þskj. 283 getum ekki fallizt á, að nauðsynlegt sé að heimila ríkisstj. að stofna til sérstakrar húsbyggingar í þessu skyni. Ég er viss um, að ef ríkisstj. yrði falið að hafa framgöngu um útvegun húsnæðis handa þm., yrði henni engin skotskuld úr því, enda hygg ég, að fyrir flm. málsins í Ed. hafi ekki vakað, að ríkið réðist í neinar stórbyggingar, en ég er ekki í vafa um, að ef á annað borð verður ráðizt í slíkar athafnir, verður mikið lagt í kostnað. Það hefur komið fram í umr., að slík framkvæmd yrði að vera með virðulegum hætti, en ef farið verður að reisa hótel handa þm. með þeim virðulega hætti, þýðir það ekki minna en ½ millj. kr. í kostnað. Við þm. höfum fyrir nokkrum dögum fellt ýmsar útgjaldatill. upp á ½ millj., sumar þannig vaxnar að ekki eru óþarfari en þm.bústaðir. Ef Alþ. samþ. slíka heimild til nýrrar byggingar, tel ég, að á eftir sé þeim nokkur vandi á höndum að standa á móti svipuðum útgjaldaliðum. Ég vil því eindregið leggja til, að þessi byggingarheimild verði felld úr frv., og hygg, að þrátt fyrir það verði tilgangi flm. náð.

Hv. þm. Borgf. hefur borið fram brtt. á þskj. 343 um, að til mála geti komið, að forsrhbústaðurinn verði tekinn til þessara nota. Brtt. hans er nánast til ábendingar fyrir ríkisstj., og mætti jafnframt skoða hana sem heimild, ef samþ. verður. Með brtt. þessari er verið á réttri braut, því að eðlilegt væri, að ríkið reyndi að greiða úr þessu með því að nota húsnæði, sem ríkið á, en hins vegar efast ég um, að heppilegt sé að taka þann bústað til þeirra nota, því að vafasamt er, hvort ríkið getur án þess verið að eiga slíkan bústað fyrir forsætis- eða utanríkisrh., enda mundi þurfa að gera kostnaðarsamar breyt. á húsinu, ef ætti að taka það til annarra nota en til er ætlazt í upphafi. Það væri þó e. t. v. ekkert á móti því, að ríkið hefði augastað á þessu húsi, og læt ég brtt. liggja milli hluta.

Jörundur Brynjólfsson: Allir þm. vita glögg deili á því, hve erfitt er fyrir utanbæjarþm. að fá húsnæði hér og hve fráleita aðbúð sumir þeirra þurfa að hafa. Frv., sem hér liggur fyrir, er fram borið til að ráða bót á þessu. Ég teldi málinu bezt borgið með því, að frv. væri samþ. óbreytt eins og Ed. gekk frá því. Það felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til þess að útvega utanbæjarþm. húsnæði með einhverju móti, og ég skil þetta svo, að ekki verði horfið að því ráði að reisa sérstakan bústað, nema ekki sé unnt að leysa málið á annan hátt. Ég er sannfærður um, að ríkisstj. ræðst ekki í slíka byggingu, nema hún telji það óhjákvæmilegt. Ég er líka sannfærður um, að sú bygging, sem reist yrði, mundi geta borið sig. Hér hefir lengi verið skortur á húsnæði fyrir aðkomumenn. Þegar þ. situr ekki að störfum, mætti leigja húsið öðrum. Ég hygg, að ekki yrði rasað fyrir ráð fram meðan mesta dýrtíðin er, því að þótt heimild standi í l., ber ekki að skilja það svo, að nú þegar skuli reisa bygginguna.

Mér finnst það satt að segja sérstaklega eftirtektarvert, ef ótilhlýðilegt þykir, að utanbæjarþm. eigi hér víst sæmilegt húsaskjól. Á síðastl. sumri voru margar byggingar reistar, sem höfðu minni rétt á sér en þm.bústaður. Ég vona að hv. d. samþ. frv. og felli brtt., bæði á þskj. 283 og 343. Með samþykkt brtt. 283 getur málið orðið eyðilagt, og ég skil ekkert í því, að menn skuli vilja una því, að svo sé búið að utanbæjarþm., að þeir eigi ekki víst húsaskjól.

Um brtt. þskj. 343 vil ég geta þess, að búið er að verja of fjár til að gera forsrh.bústaðinn vel úr garði, og er þar snið allt miðað við, að þar sé tekið á móti gestum ríkisstj. Það er sjálfsagt mál, að forsrh. þarf að geta tekið á móti gestum, og í annan stað fylgir það sama utanríkisrh.embættinu. Til utanríkisrh. koma gestir víðsvegar úr heiminum. Ég tel því fráleitt að nota þennan bústað sem þm.bústað, enda þyrfti þá að reisa nýjan bústað til sömu nota og þessi er ætlaður til. Það þýðir ekki að miða við það, þó að öðru hverju sitji forsrh., sem á svo stórt og gott hús, að hann geti tekið á móti gestum ríkisstj. Ef t. d. utanbæjarmaður tæki að sér forsrh.embætti, hefði hann engan bústað í þessum bæ.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki fara út í neinar deilur út af brtt. Hún felur ekki annað né meira í

sér en ábendingu til ríkisstj. um að taka þetta til athugunar ásamt öðrum leiðum, sem bent er á.

Hv. 1. þm. Árn. finnst ekki annað koma til mála en að forsrh. hafi slíkan bústað, að hann geti tekið á móti tignum gestum og haldið þar uppi risnu eins og áður, en nú er orðin breyt. á æðstu stj. landsins og æðsta embættismanni ríkisins séð fyrir slíkri aðstöðu á Bessastöðum. Auk þess þarf ekki að fara saman, að sami maður sé forsætis- og utanríkisráðh., og þyrfti þá að reisa þriðja bústaðinn til að tryggja utanríkisráðh. að geta haldið uppi risnu, ef ráðh. þrátt fyrir þá breyt. á stj. landsins, sem ég nefndi, þyrftu að halda uppi sömu risnu og áður. Ekkert hefur þó komið fram um slíkt hér, nema hvað utanríkisrh. hefur í heimildargr. 3000 kr. til risnu.

Við Íslendingar höfum keppt að því um nokkrar aldir að verða fullkomlega sjálfstæðir, en við megum ekki missa sjónar af því, að við getum ekki látið fé af mörkum til að haga okkar málum eins og heimsveldin geta gert. Við megum ekki ganga svo langt að stæla það, sem annars staðar er, og setja okkur í þær kringumstæður, sem gætu orðið okkur fjötur um fót.

Hitt er annað atriði, hvað kosta mundi að breyta húsinu í þingmannabústað. Um það hef ég ekki aðstöðu til að dæma, og hygg ég, að hv. 1. þm. Árn. skorti líka þá þekkingu, sem til þarf til að fella dóm um, hvort betra væri frá því sjónarmiði séð.

Hv. 1. þm. Árn. minntist á það réttilega, að komið gæti fyrir, að forsrh. landsins ætti heima annars staðar en í Rvík, en þetta sama snertir líka hina ráðh., svo að þeir eru allir jafnt á vegi staddir um það, og yrði vitanlega að gera eitthvað til að útvega þeim bústaði.

Ég held fast við brtt. mína, sem aðeins felur í sér ábendingu til ríkisstj. um að taka þetta til athugunar. Ég þarf ekki að nefna, að mér er áhugamál, að hér sé eitthvað að gert, enda hafa erfiðleikarnir í þessu efni sagt til sín áður. Þm. hafa oft orðið að búa hér við erfið skilyrði, og get ég tekið undir það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um þá hlið málsins.

Ég verð nú að fara af fundi og get því ekki verið við það, sem eftir er af þessari umr., en ég hef enga ósk borið fram um það að fá atkvgr. frestað. Það verður allt að ganga sinn gang, bæði þær brtt., sem liggja fyrir, og málið sjálft.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Við 2. umr. þessa máls gat hv. þm. Borgf. þess, að til þess að bæta úr vandræðunum áliti hann hugsanlegan möguleika að taka forsætisráðherrabústaðinn til afnota. Þá andmælti ég því fyrir mitt leyti, að horfið yrði að því ráði.

Þar sem hv. þm. Borgf. hefur nú við þessa umr. borið fram brtt., sem miðar í sömu átt, þá vil ég nú rétt aðeins árétta skoðun mína. Það er byggt á misskilningi, að þótt við höfum nú fengið æðsta vald ríkisins inn í landið og þótt svo verði í framtíðinni, þá lyfti það þeirri byrði af herðum ríkisstj. að halda uppi nokkurri risnu. Það hefur tíðkazt erlendis, og það verður svo, að þótt þjóðhöfðinginn haldi uppi risnu, þá verður ríkisstj. einnig að gera það að einhverju leyti. Sá ráðh., sem hefur það með höndum, þarf að ráða yfir hæfilegu húsnæði til þess, því að það er mjög leiðinlegt að þurfa að leita á náðir skemmtistaða eða veitingahúsa í hvert sinn. Nú er sú skipun komin á, að íslenzkur ráðh. fer með öll utanríkismál landsins án nokkurra afskipta af hálfu sambandsríkis okkar. Nú er það í samræmi við viðurkennda siði og reglur, að sá ráðh., sem fer með utanríkismál, hafi slíka risnu með höndum, en þar með er ekki sagt, að forsrh. þurfi ekki einnig að halda uppi nokkurri risnu. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Borgf. um það, að hvorki efnahagur þjóðarinnar né fólksfjöldi leyfir það að halda uppi dýrri og tildurslegri risnu. En það er ekki í samræmi við okkar íslenzku gestrisni að hafa enga risnu, heldur verðum við að halda uppi hæfilegri risnu miðað við fátækt okkar og fámenni. Það verður líka alltaf að halda uppi nokkurri risnu af hálfu ríkisstj. og utanríkisráðh. verður alltaf að hafa tryggt húsnæði til slíks. Hann þarf alls ekki að búa sjálfur í þessu húsnæði, heldur getur hann búið í sínu eigin húsi. Ég þekki eitt slíkt dæmi frá Norðurlöndum, en það var þegar próf. Halfdan Koht var utanrrh. Norðmanna, þá bjó hann í litlu húsi fyrir utan Osló, en hafði svo umráð yfir höll inni í borginni til þess að halda veizlur í.

Nú vill svo vel til, að íslenzka ríkið á allgott hús hér við Tjarnargötu. Það er að vísu gamalt timburhús, en með góðu viðhaldi mun það verða hæfilegt til þess að halda þar uppi risnu af hálfu ríkisstj. um nokkurt árabil. Ég álít líka alveg sjálfsagt, að sú skipulagsbreyting komist á, að það verði fengið utanrh. til afnota. Mér þykir líka sennilegt, að nú komi bráðum fram frv. um það að koma nýrri skipan á húsnæði ráðherranna, launakjör þeirra og risnufé. Við höfum heldur enga skyldu til þess að láta forsrh. hafa bústað frekar en hina ráðh. En það ætti að ganga frá þessum málum um risnu og laun ráðh. fyrr en síðar. Það er alls ekki vanzalaust fyrir íslenzka ríkið að launa ráðh. svo sem nú er gert. Núverandi ástand í þessum efnum er alveg óverjandi. Menn verða líka oft að hverfa frá ýmsum störfum, er þeir taka við ráðherraembætti, og þá eiga þeir oft erfitt með að taka við þeim aftur, er þeir fara úr stj. Við þurfum að búa betur að þeim mönnum, sem fara með helztu vandamál ríkisins.

Þá vil ég geta um það, að þótt hér sé aðeins um heimild að ræða, þá finnst mér fjarri lagi, að Alþ. ætti að sýna nokkurn vilja til þess að láta af höndum það húsnæði, sem nú er til. Það er enginn vafi, að þá þyrfti von bráðar að láta byggja nýtt hús mörgum sinnum dýrara í stað þess, að vel má nota ráðh.bústaðinn enn um langa hríð til þess að halda þar uppi hæfilegri risnu í samræmi við íslenzka gestrisni, en tildurslausri og án þess að nokkru sé sóað.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð. Af gefnu tilefni vil ég taka það fram, að mér er fullkunnugt um húsnæðisvandræðin hér í bænum, bæði fyrir innan- og utanbæjarmenn og þá einnig þm. Vil ég nú vekja athygli á því, að einn flm. brtt. á þskj. 283 er utanbæjarþm., og hann þekkir vel þessi vandræði. Við

viljum þó ekki með þessari brtt. okkar bregða fæti fyrir frv., heldur erum við því fylgjandi, en við viljum fella niður heimildina til þess að láta kaupa eða reisa hús handa þm. Það er engin ástæða til þess að álíta, að málið sé eyðilagt, þótt þessi brtt. okkar verði samþ.

Það hefur verið haft á orði nú undanfarið, að íslenzka þjóðarbúið sé að verða yfirbyggt, og mun þá átt við, að svo sé í óeiginlegum skilningi. En mig langar nú til þess að skjóta því fram, hvort ríkið sé nú ekki orðið yfirbyggt í bókstaflegum skilningi og hvort ekki sé varhugavert að ráðast í fleiri opinberar byggingar að sinni. Það er ákaflega margt, sem er ekki hægt að komast hjá að byggja. En við þurfum að neita okkur um að verja fé til þess, sem er ekki allskostar nauðsynlegt. Það gæti vissulega verið ánægjulegt fyrir okkur að eiga dálitla höll handa þm. hér í Miðbænum, þar sem hægt væri að hafa klúbb, veitingasal og önnur þægindi, en ég held, að það sé margt annað, sem verði að sitja fyrir.

Þegar verið er að tala um það, hve mjög sé eytt fé ríkissjóðs, þá mega menn líka vita, að heimildarlög eins og þessi koma til með að orsaka útgjaldaliði í fjárlögum fyrr eða síðar.

Jörundur Brynjólfsson. Herra forseti. — Það, sem er mest um vert, er, að þessir þm., sem standa að brtt. á þskj. 283, hafa viðurkennt nauðsyn frv. og þörfina á að leysa úr húsnæðisvandræðum þm. En þá er bara spurningin hvernig bezt verði leyst úr þeim. Í frv. er ríkisstj. veitt heimild til þess að leigja húsnæði handa þm. Bregðist það, veitir frv. heimild til þess að láta byggja hús yfir þm. Mér skilst, að fyrst þannig er frá málinu gengið, þá verði það ekki leyst á hagkvæmari hátt en í frv. Mér virðist það alls ekki sjálfsagt, að þó að kynni að fást leigubústaður fyrir þm., þá hljóti það að verða betra eða fjárhagslega heppilegra en að byggja yfir þá hús. Ég veit ekki betur en sumir þm. verði nú að greiða um 30 kr. eða jafnvel meira í húsaleigu fyrir sólarhringsveru í bænum.

Það yrði áreiðanlega stórum hagkvæmara fyrir ríkið að byggja hús yfir þm. en að taka þátt í slíkum greiðslum, en það verður það vitanlega að gera, þar sem húsaleigureikningurinn einn er orðinn nærri eins hár og kaupið.

Eins og ég hef margoft bent á, þá verður ekki ráðizt í byggingu, nema þetta vandamál verði ekki leyst með öðru móti. Það má því ekki vera verr fyrir þessu séð en gert er í frv.

Ég skal ekki fjölyrða um það, sem hv. þm. Borgf. sagði, þar sem hann er nú farinn af fundi. Ég hef ítrekað það, að forsrh.bústaðurinn er mjög óheppilega byggður til þess að vera þingmannabústaður, og það mundi verða að breyta honum mjög, auk þess sem hann er ófullnægjandi og í alla staði mjög óhentugur. Hv. þm. N.-Þ. benti á það, að einn utanbæjarþm. hefði flutt brtt. á þskj. 283, og taldi hann það sýna þegnskap. En ég veit ekki, hvort hann hefur athugað, hversu mikill þegnskapur er í því fólginn, áður en hann gerðist meðflm. brtt. Ég efast um, að það verði miklu dýrara að leigja bústaði fyrir þm. heldur en að byggja yfir þá, og ég veit ekki, hvort allir þm. hafa gert sér það ljóst, ef brtt. á þskj. 283 verður samþ. þá er alls ekki hægt að byggja. Það er líka auðséð, að það nær engri átt að taka burt í heimildina, ef í nauðirnar rekur. Ég vonast því eindregið til þess, að hv. deild samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 283 felld með 20:3 atkv.

— 343 felld með 19:5 atkv.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 363).

---

28. Þingsköp Alþingis (frv. HG o. fl.).

Á 19. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 109).

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég get að langmestu leyti látið nægja að vísa til fylgiskjals, sem prentað er með grg. frv. Það sýnir fullgreinilega, hvað fyrir okkur flm. vakir, og þörfina á þessari breytingu. Ætlazt er til, að föstum n. sé fjölgað um eina í hvorri deild, heilbrigðis- og félagsmálanefnd, og verði vísað til hennar öllum málum, er varða heilbrigði, heilsuvernd og vandamál í því sambandi og margs konar félagsmál. Hingað til hafa slík mál verið í höndum allshn. En reynslan sýnir, að þangað berst svo mikið af málum, að hún hefur ekki við, og þessi flokkur mála er fyllilega nóg verkefni handa n. Sést það m. a. á því, að til heilbrigðismála og skyldra hluta er veitt miklu meira fé en til menntamála, og dettur þó engum í hug, að ekki þurfi sérstaka n. til að fjalla um þau í hvorri deild um sig.

Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 109, n. 207).

Guðmundur Í. Guðmundsson: Ég get hlaupið hér í skarðið fyrir þann hv. þm., sem átti að vera frsm. í þessu máli, en er hér ekki við.

Þetta frv. er flutt á Alþ. samkv. tilmælum frá landlækni, og fylgir hér með frv. bréf, sem landlæknir ritaði Alþ. um þetta mál. Er þar óskað eftir, að bætt verði við einni fastanefnd í þinginu, þ. e. heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Þessi beiðni er fram komin af þeirri ástæðu, að þetta er orðinn svo stór málaflokkur, að varla er við því að búast, að hinar nefndirnar anni honum ásamt sínum flokkum.

Þess vegna er óskað eftir, að þetta verði tekið inn í þingsköpin. Allshn. hefur athugað þetta frv.

og er sammála um að mæla með, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 109, n. 308).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, fer fram á, að bætt verði við einni nefnd, heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Frv. þetta er komið frá Ed., en þar var það flutt af fjórum þm. eftir beiðni landlæknis. Hann taldi, að fyrir næstu þingum mundu liggja allmörg mál um þessi efni, og áleit nauðsynlegt, að þau yrðu athuguð af sérstakri nefnd. Flestum þessum málum hefur áður verið vísað til allshn., en það mun nú full þörf sérstakrar n. til þess að fjalla um þessi mál, enda hefur allshn. nú undanfarið stundum haft of mörg mál til athugunar. — Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 362).

---

29. Hafnargerð í Hornafirði.

Á 13. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði (þmfrv., A. 68).

Á 15. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Ég flyt hér á þskj. 68 frv. um breyt. á l. nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði. Ég mun láta nægja við þessa 1. umr. málsins að segja örfá orð til skýringar. Eins og kunnugt er, er Höfn í Hornafirði eini verzlunarstaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu og eina höfnin við suðurströnd landsins. En það er ekki einungis það, að Höfn sé mikil viðskiptahöfn, heldur er hún mikil útgerðarstöð, ekki eingöngu fyrir Austur-Skaftfellinga, heldur einnig fyrir báta frá fjörðunum í Suður-Múlasýslu, sem sækja þaðan sjó á vetrum og eru fleiri en bátar Hornfirðinga sjálfra. Þótt svona sé, er höfnin ekki svo örugg sem æskilegt væri og þarf endurbóta við, bæði vegna viðskipta og útvegs. Það er því mikið áhugamál héraðsbúa að fá úr þessu bætt og gera höfnina nokkurn veginn örugga, þannig að hægt sé að afgreiða skip, bæði flutningaskip og önnur, með nokkurn veginn öryggi. Það voru sett hafnarl. fyrir Hornafjörð árið 1935. Samkv. því hefur verið fylgt þeirri reglu, sem tíðkast víðast um landið, að ríkissjóður leggi fram ⅔ kostnaðar, en hafnarsjóður ⅓ hluta kostnaðar. Árin 1935 og 1936 voru gerðar nokkrar endurbætur á þessum stað, þannig að byggður var garður til varnar, og fór í þær umbætur ¼ hluti þeirrar upphæðar, sem heimiluð er, en öll upphæðin er 130 þús. kr. Eins og ég tók fram áðan, er það mikið áhugamál héraðsbúa, að þarna sé hafizt handa sem fyrst með endurbætur, enda er fyrirhugað að láta það ekki dragast úr hömlu. Nú er unnið að undirbúningi verksins, bæði heima í héraði og í skrifstofu vitamálastjóra. En þar sem allt verðlag hefur breytzt síðan 1935, er ljóst, að það fé, sem lagt var fram, nægir hvergi til að standast kostnað af þeim endurbótum, sem fyrirhugaðar eru og gera verður til þess að skapa öryggi við afgreiðslu skipa. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram frv. á þskj. 68 um það, að heimilt sé að hækka verulega það fjárframlag, sem leggja skal til þessa verks. Þótt þetta verði gert, eru allar líkur til, að kostnaði verði stillt í hóf, svo sem unnt er, og ekki varið til verksins meira fé en brýnustu nauðsyn ber til, þar sem með l. er ákveðið, að ⅗ hlutar kostnaðar greiðist úr hafnarsjóði, sem héraðsbúar standa straum af.

Ég vænti þess svo, að sú n., sem á að fjalla um málið, taki það til vinsamlegrar athugunar og hraði því í gegnum þingið, og óska, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 2. um. (A. 68, n. 236).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Sjútvn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, sem er um breyt. á l. um hafnargerð á Hornafirði. Það, sem í frv. felst, er að auka nokkuð framlag ríkissjóðs til hafnargerðar á þessum stað og þá sömuleiðis ábyrgðarheimild núgildandi hafnarl. þar um. Er það vegna hins breytta verðlags, að ástæða er til, að þessar upphæðir verði nokkuð hækkaðar, og er gert ráð fyrir því, að þarna verði gert eitthvað til þess að bæta hafnaraðstöðuna frá því, sem verið hefur.

Sjútvn. hefur sent vitamálastjóra frv. til umsagnar, og er umsögn hans prentuð í nál. á þskj. 236. Vitamálastjóri gerir þar grein fyrir því, að nokkur athugun hafi fram farið á möguleikunum, sem fyrir hendi eru til hafnarbóta á Hornafirði, og sé þeirri athugun að vísu ekki fyllilega lokið. Hann segir, að til greina komi þrjár leiðir, og þó aðallega tvær, til hafnarbóta. En vitamálastjóri mælir eindregið með því, að þetta frv. verði samþ., og telur, að upphæðir þær, sem nefndar eru í frv., muni vera við hæfi, eða sízt of háar. Sjútvn. hefur að þessu athuguðu orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. — Við 1. umr. þessa máls skýrði ég málið nokkuð hér í hv. d. í viðbót við það, sem fram er tekið í grg. frv. Og á þskj. 236, sem hefur að geyma nál. hv. sjútvn., er prentað fylgiskjal frá vitamálastjóra, sem gefur enn fyllri skýringar um þetta mál. Eg sé því ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar en þegar er búið, nema sérstakt tilefni gefist.

En ég vil aðeins taka það fram, að það mun nú þegar vera lokið við þá athugun, sem var unnið að í sambandi við þetta mál í vitamálaskrifstofunni. Og sú athugun mun sýna, að tölur þær, sem standa í frv., munu ekki fjarri lagi, en þó sízt of háar.

Ég vil svo þakka hv. sjútvn. og vitamálastjóra, hv. þm. Hafnf., fyrir vinsamlegar till. í þessu máli, og vænti þess, að þetta frv. nái samþykki þessarar deildar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 68, n. 329).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Hv. frsm. þessa máls, 1. þm. S.-M. (IngP), er ekki viðstaddur, en ég sem formaður n. get upplýst hér, að n. hefur kynnt sér þetta mál mjög ýtarlega. Hún hefur borið þessa breyt. saman við aðallögin og séð, að þar eru mjög nákvæmlega settar reglur um það, hvernig skuli farið með allt þetta mál, og að hvorki hreppurinn né hafnarsjóður geta gert þar nokkrar framkvæmdir, hvorki um lántökur né verklegar framkvæmdir eða annað, sem lýtur að þessu, nema með leyfi viðkomandi ráðuneytis. Hefur n. því ekki séð ástæðu til að gera brtt. við frv. og leggur einróma til, að það sé samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 370).

---

30. Sala Stagleyjar.

Á 2. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til þess að selja jarðeignirnar Stagley og Sperðlahlíð (þmfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Eins og getið er um í grg. fyrir þessu frv., hefur Flateyjarhreppur óskað eftir að fá keypta eyjuna Stagley á Breiðafirði. Þessi eyja fylgdi með í Reykhólatorfunni, þegar ríkið keypti hana á sínum tíma, en hún liggur svo langt frá Reykhólum, að hún hefur aldrei síðan verið nytjuð þaðan, heldur hefur hún verið leigð til Flateyjarhrepps, sem notar hana fyrir ábúendur Bjarneyja. En þeir eru svo að segja slægnalausir og hafa ekki ástæður til að afla heyja nema frá

þessari og öðrum nærliggjandi eyjum. Það er því nauðsynlegt fyrir Flateyjarhrepp að fá þessa jarðeign keypta til þess að gera bændum á Bjarneyjum hægra fyrir um heyöflun fyrir fénað sinn. Vænti ég þess, að hv. þd. mæli með því, að þetta nái fram að ganga.

Um b-lið frvgr. vil ég segja það, að þessi jörð, sem er lítið kot inni í Arnarfirði, hefur verið í eyði síðan 1937. Öll hús hafa verið seld af jörðinni til ábúanda næstu jarðar, Magnúsar Kristjánssonar að Langabotni. Tún er svo að segja ekkert á jörðinni, en góð beit. Það má telja, að engin líkindi séu til þess, að þessi jörð verði byggð aftur. Aftur á móti er í Langabotni mikið skóglendi, sem líklegt er, að tekið verði til friðunar á næstu árum, m. a. vegna þess, að þar í hlíð nokkurri nálægt bænum er merkur sögustaður, Einhamar, þar sem Gísli Súrsson var veginn. Það er líklegt að skógræktarstjóri geri bráðlega um það till., að þetta land verði tekið til friðunar, en þá yrði gengið of nálægt beitilandi Langabotns. Það mætti aftur á móti bæta upp með því að gefa búandanum þar kost á að fá jörðina Sperðlahlíð keypta.

Ég tel þetta nægilegar upplýsingar og vænti þess, að málið verði sent til hv. fjhn. og fái þar góðar viðtökur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 6. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 7. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 6, n. 121).

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er nú ekki stórt mál, sem hér er á ferðinni. Frv. er sem sé um það að gefa ríkisstjórninni heimild til að selja tvær landspildur. Annað er eyja á Breiðafirði að nafni Stagley, og er farið fram á, að ríkisstj. heimilist að selja þessa eyju til Flateyjarhrepps. Þessi eyja er hluti af svo kallaðri Reykhólaeign og tilheyrir stórbýlinu Reykhólum á Barðaströnd. Eyjan liggur langt frá höfuðbólinu og er ekki lengur nytjuð þaðan, heldur er hún nytjuð af bændum úr Bjarneyjum, en Bjarneyjar eru nú að hálfu leyti eign Flateyjarhrepps. Eyjan virðist vera allverðmætt land, ágætt engjaland og nokkurt varpland, eða hefur verið það. Afgjald greitt eftir eyjuna er 4 kg. af dún og 50 kr. í peningum á ári. Það er talið af kunnugum, að eyjan verði tæplega notuð eins og nú hagar til annars staðar en frá Bjarneyjum. Landbn. hefur kynnt sér þetta meðal annars og komizt að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera réttlátt að heimila ríkisstj. að selja þessa eyju, bæði með tilliti til þess, að það er hentugra að nota hana frá jörð, sem er að nokkru leyti eignarjörð Flateyjarhrepps, og einnig með hliðsjón af því, að Flateyingar búa sjálfir á litlu landi og kynnu því að þurfa að njóta Stagleyjar fyrir sjálfa sig.

Ég vil taka það fram, að það stendur ekkert í frv. um söluskilmála. N. hefur ekki séð ástæðu til að taka þau ákvæði upp í frv., heldur ber hún fullt traust til ríkisstj. í þessum efnum, ef til sölu kemur.

Hin landspildan, sem farið er fram á, að heimilað verði að selja, er lítið eyðikot innarlega í Arnarfjarðardölum, sem er komið í eyði fyrir nokkrum árum og hefur verið notað af ábúanda jarðarinnar Langabotns sem beitiland. Frv. fer fram á, að stj. heimilist að selja þessum bónda þetta litla eyðikot. Landbn. hefur ekki viljað fallast á, að það væri nauðsynlegt að selja ábúandanum í Langabotni eyðikot þetta. N. hefur í fyrsta lagi athugað það, að það er engan veginn tvímælalaust um forkaupsréttinn að þessari jörð, hvort bóndinn í Langabotni gæti notið hans. Upplýsingar lágu sem sé ekki fyrir n. um það, hvort sveitarfélagið kynni að vilja njóta forkaupsréttar. Í öðru lagi eru á þessu eyðikoti nokkrar skógarleifar, og gæti þess vegna verið athugavert að selja landið. Ríkið hefur viljað eignast lönd með skógarleifum og ekki viljað farga þeim. Enn fremur má á það benda, að það verður ekki annað séð en þessi ábúandi á Langabotni geti haft sömu not eyðijarðarinnar með því að hafa hana á leigu. Þar sem hann notar þetta land eingöngu sem beitiland, kemur honum landið því að álíka notum, hvort sem hann hefur landið leigt eða kaupir það.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Nál. ber það með sér, að n. mælir með því, að ríkisstj. fái heimild til þess að selja Flateyjarhreppi Stagley, en leggur hins vegar á móti því, að eyðibýlið Sperðlahlíð verði selt.

Gísli Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu málsins. Ég get fellt mig við það, að frv. nái fram að ganga eftir hennar till. og mun ekki gera aths. við það.

ATKVGR.

Brtt. 121,1 (ný frvgr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 121,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv. með fyrirsögninni: **Frv. til l. um heimild til að selja Stagley.**

Á 28. fundi í Ed., 11 jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 158).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31., 32. og 33. fundi í Nd., 13., 14. og 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 16. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 5 febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 328).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Ég skal ekki þreyta hv. þingdeild á miklu stagli um þetta mál. Það er upphaflega komið frá Ed., og var þar einróma mælt með því að selja Stagley á Breiðafirði til afnota fyrir Flateyinga, sem búrekstur stunda. Það er líka hentugra að nytja Stagley frá Flatey en Reykhólum, enda hefur hún verið leigð Flateyingum nú undanfarið. — Landbn. hefur athugað frv. og samþ. einróma að mæla með sölunni, en hún hefur orðið ásátt um að leggja til að bæta því í frv., ef Flatey vildi einhvern tíma selja Stagley aftur, þá skuli ríkið eiga forkaupsrétt að henni fyrir sama verð og hún verður seld nú. Mæli ég hið bezta með því, að þessi brtt. verði samþ. og frv. þannig breytt nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 328 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 345).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins lýsa yfir því, að ég get fellt mig við þá breyt., sem orðið hefur á þessu frv. í Nd., og vænti ég, að það verði samþ. hér í því formi, sem það liggur fyrir í.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 396).

---

31. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Á 2. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (þmfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, var flutt á sumarþinginu, en náði ekki fram að ganga þá, vegna þess hvað tími var naumur. Nú höfum við flutt þetta frv. á ný, vegna þess að málið er þannig vaxið, að það þolir ekki bið.

Svo sem tekið var fram í framsögu á sumarþinginu og einnig í grg., er það ljóst, að fyrirhleðsla Þverár og Markarfljóts má ekki dragast öllu lengur, og þarf að vinna að því máli með fyllsta dugnaði og hraða því eins og unnt er. Okkur Rangæingum, sem erum þarna næstir, er þetta vitanlega ljósara en öðrum, en þeim, sem um veginn fara, ætti að vera ljóst, að mikill farartálmi væri að, ef þau vötn, sem á þeim vegi eru, væru ekki brúuð, en það er kunnugt, að brýrnar á Þverá, Affalli og Álum eru bráðabirgðabrýr, vegna þess að ákveðið var að hlaða fyrir Þverá og veita henni allri í Markarfljót, en eftir að það hefur verið gert, er ekki þörf á veglegum brúm á þessi vötn, og þess vegna voru aðeins byggðar bráðabirgðabrýr. Ef svo færi, að enn drægist mjög eða jafnvel stöðvaðist fyrirhleðsla Þverár, gæti svo farið, að ríkið yrði að byggja brýr á ný á áðurtalin vötn, og ef til þess kæmi, væri ef til vill mörgum hv. þm. ljóst, að betra hefði verið að hraða fyrirhleðslunni og ljúka verkinu til þess að þurfa ekki að byggja nýjar brýr með miklum kostnaði.

Það, sem farið er fram á í þessu frv., er, að ríkissjóður taki að sér að greiða allan kostnað við þessa fyrirhleðslu, en samkv. l. er gert ráð fyrir, að sýslusjóður greiði ⅛ kostnaðar. Í fjárlfrv. fyrir árið 1943 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 125 þús. kr. til þessarar framkvæmdar. Þessi áttundi hluti, sem við leggjum til, að ríkissjóður taki á sig af sýslufélaginu, er því eigi mjög stór upphæð, en munar fámennt sýslufélag talsvert miklu. Slík upphæð reiknast smámunir fyrir ríkissjóð, og ef ríkissjóður getur staðið undir ⅞ hlutum, má einnig telja, að hann geti bætt á sig þessum ⅛ hluta.

Vegamálastjóri er kunnugur þessu máli austur þar. Er honum ljóst, að verkinu þarf að hraða svo sem verða má. Þeir, sem eru að mestu leyti ókunnir þessum málum, munu taka tillit til hans tillagna og taka afstöðu til málsins í samræmi við þær. Við flm. gerum okkur þess vegna beztu vonir um, að mál þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið við þessa umr., en óska, að hv. d. vísi því til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 156).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ef hv. þdm. lesa nál. og þau fylgiskjöl, sem með því eru, tvö bréf frá vegamálastjóra, sem hann sendi n., eftir að hún leitaði álits hans um málið, þá er alveg óþarfi að hafa langa framsögu um málið. N. byggir álit sitt á umsögn vegamálastjóra um málið.

Í frv. því, sem við flm. fluttum á þskj. 7, var farið þess á leit, að ríkissjóður tæki að sér að greiða að öllu leyti kostnað við samgöngubætur og fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Vegamálastjóri gat ekki fallizt á frv. eins og það var flutt í fyrstu og gerði till. til breyt. á því, sem eru í samræmi við nál.

Það, sem er eftir að gera á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts og búið er að gera áætlun um, er:

1. Affallsgarður um 1600 metrar.
2. Þverárgarður um 2100 metrar.
3. Seljalandsgarður um 1200 metrar.
4. Flóðgáttir í Þverár-, Affalls- og Álagarða.

Eins og skýrt er tekið fram í nál., þá hefur vegamálastjóri fallizt á, að ríkissjóður greiddi að öllu leyti Þverárgarð, Affallsgarð og Seljalandsgarð og sömuleiðis fyrirhleðslur til að veita Markarfljóti og Álum að Markarfljótsbrú, en leggur til, að l. séu óbreytt frá 1932 hvað snertir flóðgáttirnar, sem í frv. getur, þannig að sýslusjóður Rangárvallasýslu greiði ¼ hluta þess kostnaðar, en ríkissjóður ¾ hluta. Hins vegar hefur sýslusjóður leyfi til að innheimta hjá viðkomandi jarðeigendum kostnaðinn að einhverju eða öllu leyti eftir ástæðum.

Vegamálastjóri getur fallizt á, að ríkissjóður greiði kostnað við varnargarð fyrir innan Barkarstaði að ⅞ hlutum á móti því, að sýslusjóður kosti hann að ⅛ hluta. En þó að við flm. fáum ekki allt það samþ., sem við höfum farið fram á í frv., getum við sætt okkur við frv. eins og vegamálastjóri leggur til, að það verði, vegna þess að það mun vera svo víða annars staðar á landinu um flóðgáttir, að ríkissjóður kosti þær að ¾ hlutum, en sýslusjóður eða viðkomandi sveitarfélög að ¼ hluta.

Vegamálastjóri er þessu máli manna kunnugastur. Og ég held, að hv. þdm. megi treysta því, að hann leggi ekki til, að ríkissjóður greiði meira af kostnaði við þessar framkvæmdir en sanngjarnt er, og það sé þess vegna óhætt fyrir hv. þdm., sem ekki eru kunnugir á þessu svæði, að taka till. vegamálastjóra til greina. Það getur tæpast verið nokkurt vafamál, að sýslusjóði Rangárvallasýslu beri ekki að sjá um það, að vatnið, sem rennur úr Þverá og fyrrnefndum vötnum, renni undir brúna. Ríkissjóður hefur byggt brúna til samgöngubóta í því skyni, að vatnið rynni undir brúnni, en ekki sitt hvorum megin við hana. En þannig mundi verða, ef ekki væri byggður varnargarður sá, sem vegamálastjóri leggur til, að ríkissjóður kosti að öllu leyti. Þar er því um samgöngubætur að ræða, og er því ótvírætt réttmæti þess að samþ., að ríkissjóður kosti það mannvirki. Og í frv. er ekki lagt til, að ríkissjóður kosti að öllu leyti nema varnargarðana, sem byggðir eru þannig til samgöngubóta til að halda vatninu undir brúnni, ef frv. verður samþ. eins og vegamálastjóri leggur til.

Vænti ég þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. frv. í þeirri mynd, sem það er nú eftir till. vegamálastjóra, og vísi því til 3. umr.

Sveinbjörn Högnason: Vegna þeirrar breyt., sem hér er fyrirhuguð á þessum l. um samgöngubætur og fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts, vil ég taka nokkuð fram til skýringar því, sem hér liggur fyrir. Mér kemur nokkuð á óvart sumt af þeim brtt. frá n., sem hv. frsm. lýsti hér og er í óhag sýslubúum í Rangárvallasýslu, frá því sem áður var í l. Það er ekki alveg rétt, sem hv. frsm. skýrði frá um 3. liðinn, viðkomandi varnargarðinum fyrir innan Barkarstaði. Í frv. er gert ráð fyrir, að hann verði borgaður að ⅛ af sýslufélagi Rangárvallasýslu, en eftir núgildandi l. ætti hann að borgast þaðan að ¼. En allar aðrar nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar gegn skemmdum á vatnasvæðinu fyrir innan Hliðarenda í Fljótshlíð af ágangi Þverár eiga með núgildandi l. að greiðast að ⅛ úr sýslusjóðnum, en með brtt. að ¼. Hv. frsm. hlýtur að sjá, að nái þessi breyt. fram að ganga eins og hún er í brtt., þá þýðir það, að sýslufélag Rangárvallasýslu á að greiða allar varnir, sem innan Hliðarenda kunna að verða nauðsynlegar og fróðir menn segja, að þurfi að gera, að ¼ eða m. ö. o. helmingi meira en gert er ráð fyrir í l. Og vitanlega eru aðalvarnargarðarnir á þessu svæði. Ég hefði búizt við, að þetta atriði hefði heldur verið sett í það horf að létta á sýslufélaginu en að þyngja fyrir því kostnaðarhliðina. Ég tel það sjálfsagt, að ríkissjóður greiði allan kostnað þar, sem landskemmdir verða og gera þarf fyrirhleðslur og önnur nauðsynleg mannvirki.

En breyt., sem til hagræðis eru, eru þær, að ríkissjóður greiði allan kostnað vegna nauðsynlegra fyrirhleðslna til að veita Markarfljóti, Álum, Affalli og Þverá að Markarfljótsbrú og einnig lengingar varnargarðsins hjá Seljalandi. Hins vegar er 3. liðurinn sýslufélaginu stórum í óhag eins og hann er í brtt., og vil ég benda d. á, að við næstu umr. málsins mun ég bera fram brtt. í samræmi við það, sem er fyrir í l. Átti ég ekki von á því, að n. kæmi með breyt. þá, er felst í 3. lið 1. gr., og er því óviðbúinn að leggja brtt. mína fram við þessa umr.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hv. þm. V.-Sk. heldur því fram, að verði frv. samþ. með brtt. n., þá yrði það sýslufélagi Rangárvallasýslu í óhag. Ég get ekki viðurkennt þetta. Hins vegar get ég fallizt á það, að það mætti bæta frv. með brtt., enda þótt við flm. séum í aðalatriðum ánægðir með það eins og það er. N. var sammála um það, að rétt væri að byggja á till. vegamálastjóra, þar sem hann er manna fróðastur um þessi atriði.

Það, sem hv. þm. sagði um 3. liðinn, að miklu meira kæmi til mála með að þurfa að gera innan Hliðarenda en það, sem fælist í 3. lið, er bara allt annað en það, sem upplýsingar vegamálastjóra gáfu í skyn. Ég leitaði upplýsinga hjá vegamálastjóra, og upplýsti hann, að einn garður nægði hjá Barkarstöðum til þess að vernda Innhliðina, enda kæmi Þverárgarðurinn hjá Háamúla. Mér finnst ástæðulaust að gera litið úr þeim breyt., sem fást á lögunum með því að samþykkja frumv. eins og það nú er, þótt æskilegra hefði verið að fá það samþ. í því formi, sem það upphaflega var.

Áætlun vegamálastjóra er, að þessar fyrirhuguðu framkvæmdir kosti um 2 millj. kr. og hlutur sýslufélagsins 175 þús. kr. En samkv. frv. á að losa sýslufélagið við að greiða þá upphæð, og það

álít ég mikils virði fyrir sýsluna og leið að því takmarki, sem við stefnum að. Aftur á móti er ekkert nema gott eitt um það að segja, ef hv. þm. V.-Sk. gæti lagt þessu máli eitthvert lið til gagns. Meðan hann var þm. Rangæinga, hafði honum ekki tekizt að losa sýsluna við þennan bagga, enda þótt ég hljóti að álíta, að hann hafi haft fullan huga á því. Rangæingar munu telja, að 175 þús. kr. séu mikið fé fyrir sýsluna, og ekki telja það ámælisvert fyrir þingm. kjördæmisins að losa sýslufélagið við slík útgjöld. Við flm. frv. munum fagna hverjum liðsmanni í þessu máli og ekki misvirða það, þótt hv. þm. V.-Sk. reyni að gera lítið úr þeim árangri, sem næst með frv.

Sveinbjörn Högnason: Hv. 2. þm. Rang. virðist ekki vera vel kunnugur málinu. Hann var að tala um það áðan, ef þessi breyt. yrði ekki gerð með 3. lið 1. gr., þá ætti sá varnargarður að greiðast að ¼ úr sýslusjóði, en í l. stendur, að ekki sá garður einn, heldur allir aðrir garðar í Fljótshlíð skuli greiðast að ⅞ úr ríkissjóði. Með brtt. n. á því að fella burt þessa skyldu, sem hvílir á ríkissjóði. Þetta veit ég, að hv. þm. sér, ef hann bara athugar það. Og það er víst, ef þessi umræddi varnargarður verður ekki settur innan við allar byggðir, inn hjá Þórólfsfelli, þá þarf á fleiri varnargörðum að halda.

Hitt var ekki rétt hjá hv. 1. flm. frv., að ég segði, að frv. væri sýslunni í óhag. Þvert á móti tel ég frv. vera stórbót fyrir sýsluna. En það er spursmál með þessar 175 þús. hvort rétt sé að sleppa þeim ákvæðum í l., sem hagkvæm eru sýslufélaginu, fyrir þessar 175 þús., því að ég hygg, að þessi ráðstöfun yrði sýslufélaginu í óhag, þegar fram í sækir, eins og ég hef þegar bent á.

Þess vegna tel ég það víst, að það sé ekki vilji, heldur sé byggt á misskilningi flm., a. m. k. þess flm., sem sæti á í n., að það sé verið stórum að draga úr hlunnindum þeim, sem sýslan hefur rétt á samkv. núgildandi l.

ATKVGR.
Brtt. 156,I (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 156,II (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 178, 180).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hér er komin fram brtt. á 180. þskj. frá hv. þm. V.-Sk., og vil ég lýsa yfir þeirri ósk minni, að hún nái samþykki. Ég tel, að hún þurfi ekki að hafa í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs, og er hún þess vegna meinlaus. Ég hef átt tal um þetta við hv. samnm. mína í fjhn., og eru þeir mér sammála. Skal ég svo ekki orðlengja þetta.

Sveinbjörn Högnason: Eins og ég hafði boðað við 2. umr. þessa máls, þá flyt ég nú brtt. á þá leið, að 3. liður í 1. gr. orðist svo: „Varnargarða innan Háamúla í Fljótshlíð og sunnan Markarfjótsbrúar undir Eyjafjöllum, eftir því sem þurfa þykir til að verjast eyðingu gróðurlendis á þessum slóðum."

Eins og ég tók fram við 2. umr., þá eru með þessu frv. felld niður og takmörkuð réttindi sveitarinnar til framlaga úr ríkissjóði frá því, sem verið hefur til byggingar annarra vatnagarða í Innhlíðinni en um getur í frv. Ef fleiri yrðu gerðir, þá kæmu þeir undir lægra framlag úr ríkissjóði.

En þar sem ætlunin með þessu máli hér í þinginu er sú, að það verði til hagsbóta fyrir sveitirnir í kring, til að létta á þeirra framlagi, eins og annars hefur orðið, þá taldi ég einnig sjálfsagt, að þetta yrði leiðrétt til samræmis. Ég gat þess einnig, að eftir samveitingu vatnanna væri hætt við flóðum í Markarfljóti. Mér þykir sanngjarnt, að varnir vegna þess verði greiddar að sama hluta og 3. liður í 1. gr. eða jafnvel að öllu leyti, þar sem hér er um samgöngunauðsyn, en ekki landvörn að ræða. Ég væri svo þakklátur hv. fjhn., ef þetta yrði samræmt eftir till. minni.

ATKVGR.
Brtt. 180 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., 14. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 195).

Á 35. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 368).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Var það flutt þar af hv. þingmönnum Rang. Efni frv. var í fyrstunni það að losa Rangárvallasýslu við allan kostnað af fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts og þeim mannvirkjum, sem standa í sambandi við það, og einnig við kostnað af viðhaldi þeirra mannvirkja. En þessar framkvæmdir á vatnasvæðinu fyrir austan eru raunar tvenns konar. Annars vegar eru framkvæmdir, sem má segja, að séu gerðar vegna samgöngubóta, a. m. k. meðfram, til þess að forða því, að vötnin eyðileggi vegi og til þess að gagn verði að brúm, sem ríkið hefur gert þar, þó að nærliggjandi sveitir hafi að öðru leyti mikið gagn af þessum mannvirkjum. Og í núgildandi l. er ætlazt til þess, að sýslan greiði ⅛ hluta af kostnaði við framkvæmdir þeirra mannvirkja og tilsvarandi hluta af viðhaldi þeirra. Í öðru lagi eru framkvæmdir í sambandi við þessi mannvirki, sem segja má, að ekki hafi eins almenna þýðingu. Það eru flóðgáttir og garðar til varnar landinu, til þess að varna eyðileggingu á sveitinni. Þar hefur sýslunni verið gert að greiða

¼ hluta kostnaðar, bæði stofnkostnaðar og viðhalds.

Fjhn. Nd. fékk þetta mál til meðferðar og sendi vegamálastjóra til umsagnar, en hann sendi n. aftur ýtarlega grg., prentaða á tveimur fylgiskjölum á þskj. 156. Samkvæmt því, sem hann segir í þessari grg., hefur kostnaður við fyrirhleðslur þessar verið greiddur þannig:

Ríkissjóður	kr.	387156.58
Rangárvallasýsla	—	13872.34
Samtals	kr.	401028.92

Það verður ekki sagt, að enn hafi þungur baggi verið lagður á sýsluna með mannvirkjum þessum.

Þegar áætlun var gerð um þessi mannvirki, sem var um 1930, var búizt við, að þau mundu kosta tæpa hálfa milljón. En nú hefur allt verðlag hækkað stórlega, svo að eftir núverandi áætlun vegamálastjóra munu mannvirkin kosta um 2 milljónir. Hlutur sýslunnar yrði þá 175 þús. kr. að l. óbreyttum. Tilgangur þm. Rang. var sá með þessu frv. að losa sýsluna við þessa upphæð. Vegamálastjóri gat ekki fyrir sitt leyti fallizt á frv. eins og það var upphaflega flutt af þingmönnum sýslunnar. Hann lagði aftur á móti til, að ríkis greiddi allan kostnaðinn við aðalmannvirkin, sem hafa almenna þýðingu, svo sem um samgöngur, en af þeim greiddi sýslan áður ⅛ hluta.

Hins vegar vildi hann ekki losa sýsluna við sinn hluta af kostnaði hinna staðbundnu mannvirkja; svo sem af flóðgáttum og varnargörðum gegn landskemmdum, en það er ¼ af kostnaðinum. Taldi hann, að með þessu móti væri veitt hlutfallslega jafnmikið til þessara mannvirkja af ríkisfé og veitt er til álika mannvirkja annars staðar. Fjhn. Nd. féllst að öllu leyti á tillögur hans og breytti frv. í samræmi við þær. Og ég skal geta þess, að flm. þess féllust á þessar breyt. Frv. var þannig samþ. í Nd. að öðru leyti en því, að samþ. var ein brtt. við 1. gr. 3. lið.

Fjhn. þessarar hv. d. hefur nú athugað frv. þetta og öll málsgögn, og hún vill mæla með, að það verði samþ. óbreytt. Með frv. þessu, eins og það er, eru sýslunni veitt mikil hlunnindi, þar sem hún er með því losuð við alla kostnaðarþátttöku í stærstu mannvirkjunum. Ég býst við, að fá héruð fái önnur eins hlunnindi til sinna nauðsynjamála, þar sem eru þessar stórkostlegu framkvæmdir. En n. telur þó, að það sé vel gerlegt að samþ. frv. eins og það kom frá Nd. En það hefði verið alveg ógerlegt að samþ. það eins og það var fyrst fram borið, því að með því móti hefði þetta hérað fengið sérréttindi fram yfir öll önnur héruð, sem ekki hefði verið ástæða til að veita, enda hefði það dregið dilk á eftir sér. Sannast að segja voru lítil rök færð fyrir því í grg. frv. af flm., að ríkið ætti að greiða allan kostnaðinn. Það var það helzta, að bent var á, að þarna væru svo sögufrægir staðir. En auðvitað eru þeir svo víða til, og eitthvert samræmi verður að vera í gerðum Alþ., og það þarf að reyna að gera öllum sem jafnast undir höfði, bæði sveitum og einstaklingum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 397).

---

32. Eignarnámsheimild á Höfn í Siglufirði.

Á 7. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Höfn, Nyrðri-Skútu, Syðri-Skútu, Neðri-Skútu og Staðarhóli í Siglufirði (þmfrv., A. 76).

Á 19. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Með þessu frv., sem flutt er samkv. beiðni bæjarstj. Siglufjarðar, — og sú beiðni var samþ. alveg samhljóða með atkv. allra bæjarfulltrúanna —, er farið fram á, að bærinn geti, ef hann óskar eftir, orðið eigandi að öllum jörðum á Siglufirði. Svo sem öllum er kunnugt, tilheyrir Siglufirði dálítið sveitahérað, og hér er farið fram á, að kaupstaðurinn geti tekið eignarnámi jarðirnar við fjarðarbotninn. Margar af jörðunum eru komnar í bæjarins eigu: Hólar, þar sem bærinn rekur stórt kúabú, Saurbær og Skarðdalsskot, — svo að þetta er ekki annað en að hjálpa bænum í starfi sínu. Fyrsta jörðin, sem talað er um, er jörð, sem er innan kaupstaðarins sjálfs, en mikill hluti kaupstaðarins stendur í landi jarðarinnar. Bærinn á 1/16 hluta jarðarinnar, en einstakir menn 15/16. Þetta hefur verið sérstaklega erfitt, svo að þegar bærinn hefur þurft að leggja götu og torg, hefur hann oft orðið að kaupa landið undir götuna hærra verði en það hefur kostað að leggja hana. Það er erfitt fyrir bæinn að búa við þetta skipulag, að geta ekki haft hönd í bagga með því, hvernig bærinn byggist, en hann byggist dreift án tillits til þess, hvort bærinn getur lagt götur, vatnsleiðslur o. þ. h. Á þessu landi hefur verið byggt mikið á síðari árum, en lóðaleiga hefur hækkað svo mikið, að hún er orðin tífföld á við það, sem hún var fyrir stríð. Þetta horfir til stórra vandræða, því að þótt menn geti risið undir þessu nú, vegna þeirra miklu peninga, sem

menn hafa, er það mikið alvörumál fyrir fólk, sem hefur verið að koma sér upp húskofum, að þurfa að standa undir þessu. Loks hafa eigendur Hafnar notað sér þetta til þess að geta tekið ágóða af atvinnurekstri á jörðinni, og hefur jafnvel gengið svo langt, að þurft hefur leyfi eigendanna til þess að breyta um atvinnurekstur og sérstakt leyfi um það, hvernig mætti byggja á lóðinni. Slík afskiptasemi lóðareigenda er ekki við hlítandi. En jafnvel þótt ekki séu þær ástæður fyrir hendi, sem þarna eru, er það mál, sem ég álít, að þurfi að taka til athugunar, að allir kaupstaðir ættu það land, sem þeir standa á.

Það hefur oft komið í ljós, að þægilegast er fyrir bæjarfélögin að geta sjálf ráðstafað sínum lóðum. Alþ. hefur líka viðurkennt þetta og það nú síðast, þegar það veitti heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri.

Um jarðirnar í innfirðinum er það að segja, að þar er ekki farið fram á eignarnámsheimildina af þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar málaleituninni um eignarnám á jörðinni Höfn, heldur vegna ræktunarþarfa bæjarins. Siglufjörður er mjög illa settur um öflun landbúnaðarafurða, sérstaklega mjólkur. Þar sem allir slíkir flutningar til bæjarins verða að fara fram á sjó, getur langvarandi gæftaleysi valdið því, að mjólk kemst þangað ekki vikum saman. Bænum er því mikil þörf á, að aukin sé mjólkurframleiðsla á bæjarlandinu sjálfu. Bærinn á að vísu kúabú með 40 kúm, en hann vantar tilfinnanlega land til ræktunar. Ýmsir einstaklingar, sem eiga kýr, þarfnast líka ræktunarlands. Í þessu sambandi þyrfti að vinna ýmiss konar skipulagsstarf, leggja vegi, hjálpa mönnum til að koma upp girðingum o. s. frv. En til þess er nauðsynlegt, að bærinn eigi sjálfur land það, sem um er að ræða, og geti skipt því niður eftir þörfum. Framfærslumálan. ríkisins hefur líka bent á það, að bæjarfélögin þyrftu að stuðla sem mest að möguleikum til ræktunar, er menn gætu horfið að, ef atvinnuleysi ber að höndum. Á Siglufirði er þetta sérstökum erfiðleikum háð af þeirri ástæðu, að þar er hábjargræðistíminn einmitt um það leyti, er helzt mundi unnið að ræktun. Eigi að síður mætti hér mikið gera til bóta, og það, hvernig Siglufirði er í sveit komið, er bærinn er fjöllum luktur og háður sjóleiðinni um alla aðflutninga, gerir nauðsynina á aukinni ræktun sérstaklega brýna. Bæjarstj. öll hefur því orðið sammála um að fara fram á þessa eignarnámsheimild.

Bjarni Ásgeirsson: Um þetta frv. má segja, að hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það, því að hv. þm. Siglf. og meðflm. hans virðast vera að feta í fótspor Reykvíkinga, sem hafa borið fram frv. um svipaða eignarnámsheimild, er liggur nú fyrir hv. Ed. Við því er að vísu ekkert að segja, þó að bæir fari fram á heimild til að taka eignarnámi land til ræktunar, enda hefur Alþ. stutt slíkar kröfur. Árið 1941 samþ. þingið löggjöf í þeim tilgangi að tryggja bæjum og þorpum ræktunarland, og ég held, að bæirnir geti fengið allt það ræktunarland, sem þeir þurfa, samkvæmt þeim l. En í þessum l. er reynt að tryggja það, að ekki verði vaðið inn á lönd einstaklinga og þau tekin eignarnámi nema í brýnni nauðsyn og þá samkv. mati Búnaðarfélags Íslands. Ég held, að búnaðarfélagið hafi alltaf sýnt fullan skilning á þörfum bæjanna í þessu efni, og ég hefði kunnað betur við, að hér hefði legið fyrir umsögn þess aðilans, sem samkv. l. á að meta slíkar þarfir. Ég held að hv. Alþ. geti tæplega hlaupið til og samþ. heimild eins og þessa, án þess að slík umsögn liggi fyrir. Alþ. hefur nú eigi alls fyrir löngu sýnt Siglufjarðarbæ velvild, er það samþ. kaup bæjarins á Hvanneyrartorfunni. Vel má vera, að bærinn þurfi á enn þá meira landi að halda. En ég skýt því hér með til n. þeirrar, sem fær málið til meðferðar, að athuga þessa hlið málsins og ganga úr skugga um það, hvort fyrir liggur nokkur rannsókn eða umsögn óvilhallra aðila, áður en málið kemur aftur til úrskurðar þingsins.

Þóroddur Guðmundsson: Hv. þm. Mýr. varaði við því að hlaupa eftir kröfum bæjarstj. um eignarnámsheimildir að órannsökuðu máli eða vaða inn á lönd einstaklinga og taka þau eignarnámi að nauðsynjalausu. Ég er honum alveg sammála um það, að gætilega verði að fara í slíkum efnum. En ég held, að um þessa kröfu bæjarstj. Siglufjarðar standi alveg sérstaklega á. Fyrsta jörðin, sem um ræðir í frv., er Höfn, og er bænum brýn nauðsyn á að eiga þá jörð vegna fyrirhugaðra hafnarbóta. Aðalskipalægi Siglufjarðar er innan við bæinn eða eyrina, sem bærinn stendur á, en þar er þörf víðtækra aðgerða. Höfnin er mjög grunn og jafnvel alltaf að grynnast, svo að brýn nauðsyn er, að hafizt verði handa um að dýpka hana. Verður bærinn vafalaust að leita til ríkissjóðs um aðstoð til þessara og annarra hafnarbóta. Það er nú augljóst, að bærinn getur ekki ráðizt í framkvæmdir, sem gera lönd einstaklinga, er að höfninni liggja, mörgum sinnum verðmætari en þau eru nú, án þess að hafa áður tryggt sér eignarrétt á þessum löndum, svo að hann verði ekki síðar meir að kaupa þau við okurverði, enda hlýtur ríkissjóður að krefjast þess, ef hann á að styrkja þessar framkvæmdir síðar meir. Hafnarland hlýtur að hækka mjög í verði eftir framkvæmd þeirra hafnarbóta, sem fyrirhugaðar eru, og ætti það að vera hv. Alþ. nægileg röksemd fyrir því, að sjálfsagt sé að samþ. frv. Og hér er engan veginn verið að vaða inn á annarra manna land, því að jarðir þær, sem um er að ræða, eru að mestu í eyði, svo að engir hafa af þeim neinar tekjur. Nyrðri-Skúta og Syðri-Skúta eru báðar í eyði og Neðri-Skúta hefur verið í eyði nú um langan tíma. Einu notin, sem eigendur hafa af þeim haft, eru þau, að löndin hafa verið leigð sem bithagar fyrir nokkra tugi króna á ári. Á Staðarhóli hefur verið hokrað um nokkur undanfarin ár, en nú er sú jörð líka í eyði. Eigendurnir hafa ekkert gagn að jörðinni, og vilji þeir halda í hana, þá er ástæðan einungis sú, að þeir vonast til að geta grætt á henni síðar meir. Eg mælist því eindregið til, að frv. verði látið ná fram að ganga. Og að því er snertir ræðu hv. þm. Mýr., þykir mér ástæða til að þakka honum þann skilning, sem hann sýndi málinu í raun og veru, þótt hann benti á nauðsyn þess að fara að öllu varlega.

Pétur Ottesen: Ég vil benda á eitt atriði í sambandi við þetta mál til athugunar fyrir þá, sem fá það til meðferðar. Það hefur hvergi komið fram, hvorki í grg. né framsögu, að bæjarfélagið hafi leitað kaupa á þessum jörðum af eigendum þeirra, en hins vegar er það regla, að Alþ. veiti því aðeins slíka heimild, að bæjarfélag hafi ekki átt þess kost að fá jarðirnar keyptar með öðru móti. Að öðru leyti vil ég taka undir með hv. þm. Mýr. Það virðist sem bæjarfélög eigi þess sæmilegan kost samkv. sérstakri löggjöf um þetta efni að fá keypt þau ræktunarlönd, er þau þarfnast, eftir að dómbærir aðilar hafa látið uppi sitt álit. Það nær vitanlega ekki nema til nokkurs hluta af því, sem farið er fram á í þessu frv., sem sé þörfinni á ræktunarlandi, en það leysir líka algerlega þann hlutann. Að því leyti er frv. óþarft. En hitt er frumskilyrði slíkrar heimildar, að búið sé áður að reyna að fá löndin keypt.

Flm. (Áki Jakobsson): Ég gat þess ekki áðan, hvaða samningar hafa farið fram um kaup á þessum jörðum, en það hefur verið reynt að fá þær keyptar. Á meðan ég var bæjarstjóri á Siglufirði, var t. d. mikið reynt til að fá Hafnarland keypt. Hins vegar hefur bæjarstj. hikað við að gera ákveðin tilboð í jarðirnar, því að þau mætti þá nota sem grundvöll að fasteignamati. Hins vegar hefur verið reynt að fá eigendurna til að gera tilboð um sölu jarðanna, en það hefur ekki tekizt. Að því er Staðarhól snertir, varð samkomulag um, að bærinn fengi jörðina fyrir 17 þús. kr., en þegar til kom, var ekki hægt að fá fram löglegt afsal, því að þinglýstur eigandi hennar er staddur í Kaupmannahöfn. Líka hefur verið reynt að fá keyptar jarðirnar Efri-Skútu (sem nú heitir Nyrðri-Skúta og Syðri-Skúta) og Neðri-Skútu, en eigendurnir hafa ekki viljað gera tilboð um söluna. Ef bæjarstj. gerði nýja tilraun um kaupin og hún tækist, þá féllu l. auðvitað niður af sjálfu sér, en kæmu til framkvæmda að öðrum kosti.

Þegar níu menn af öllum flokkum í bæjarstj. eru sammála um að leita þessarar eignarnámsheimildar, þá má ganga að því sem vísu, að búið sé að athuga málið svo gaumgæfilega, að ekki geti leikið á tveim tungum um nauðsyn heimildarinnar. Væri miklu fremur ástæða til að fara varlega, ef bæjarstj. væri ekki sammála.

Ég tel, að l. þau, sem hv. þm. Mýr. gat um, eigi ekki að öllu leyti við þær aðstæður, sem á Siglufirði eru. Þau eru fremur miðuð við þarfir smærri hreppsfélaga. Vegna einangrunar Siglufjarðar er nauðsynlegt, að bærinn eignist það land allt, sem hér ræðir um, en ekki aðeins hluta af því. Ef frv. þetta nær fram að ganga, eignast bærinn allt landið við fjarðarbotninn að undanteknum þrem smálóðum, sem hann gæti þá keypt síðar.

Páll Zóphóníasson: Ég vil benda n. þeirri, sem fær málið til athugunar, á það, að ég tel vafasamt, að nógu skýrt sé til orða tekið um eignarnámsheimildina síðast í l. gr. Þar er ekki talað um tilteknar lóðir, heldur allar lóðir og lönd, sem seld hafa verið úr löndum þessara jarða og bæjarstj. telur bænum nauðsynlegt að eiga. Eftir þessu væri það á valdi bæjarstj. að ákveða eftir á, til hvaða landa heimildin skyldi ná. Ég tel vafasamt, að hægt sé að veita slíka eignarnámsheimild að lögum.

Flm. (Áki Jakobsson): Það hefur áður verið fært í tal við mig, að þetta muni vera of óljóst orðað, en ég held, að svo sé ekki, því að takmörkunin er skýr og greinileg. Það ber vitanlega að varast að hafa eignarnámsheimildir of víðfeðmar, en hér er ekki um slíkt að ræða. Og það gerir ekkert til, þótt bæjarstj. sé ekki í l. skylduð til að taka allar þessar lóðir eignarnámi, nema hún telji það nauðsynlegt. Eftir frv. þyrfti bærinn ekki að taka nema eina lóðina eignarnámi, ef hann teldi sér ekki þörf á öðru. Annars er hér um mjög fáar lóðir að ræða. Ég held, að þær séu innan við 10. Þess má geta, að þær lóðir, sem losaðar hafa verið frá Hafnarlandi, hafa allar verið látnar á leigu, og leigusamningarnir yrðu alveg ósnertir af eignarnámsheimildinni. Annars er hægt að fá frekari vitneskju um þetta allt hjá bæjarstj. Siglufjarðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 29., 40., 41. og 42. fundi í Nd., 21., 22., 25. og 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 28. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 76, n. 235).

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Allshn. hefur breytt þessu frv. allmikið, og vill hún nema burt úr því heimildina um 4 jarðir af 5, sem þar eru til teknar. Þetta er byggt á þeim upplýsingum, sem hún hefur fengið frá bæjarstjóra Siglufjarðar, Óla Hertervig, að ekki hafi núna á næstliðnum árum verið gerðar neinar alvarlegar tilraunir til að kaupa þær jarðir með frjálsum samningum, og taldi n. ekki rétt að fallast á eignarnám, fyrr en það hefði verið gert. Hins vegar er jörðin Höfn, sem bænum ríður mest á að fá og hefur margsinnis reynt að fá keypta, án þess að það hafi tekizt með neinu því verði, sem skaplegt væri. N. er sammála um að leggja til, að heimildin um þá jörð nái fram að ganga, og mælir með frv. með brtt. á þskj. 235.

ATKVGR.

Brtt. 235,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 235,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv., með fyrirsögninni: **Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði.**

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 287).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 356).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Máli þessu var vísað til allshn. og varð n. sammála um að mæla með því. Í frv. þessu er farið fram á, að Siglufjarðarkaupstaður fái heimild til að taka eignarnámi mikinn hluta af landi því, sem bærinn stendur á, en tilheyrir jörðinni Höfn. Þar sem ljóst er, að það er mikið velferðarmál bæjarins, að skynsamlega verði farið með þetta land, þá telur n. brýna nauðsyn til þessa og leggur til, að heimildin verði leyfð.
Frv. þetta var víðtækara í fyrstunni, en öll ágreiningsatriði voru felld niður úr því í n. í Nd., svo að öll n. var sammála um það eins og það er nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 398).

---

33. Orlof.

Á 6. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um orlof (þmfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (StgrA): Þegar þessi fundur var boðaður í gær, var búizt við, að hægt yrði að taka fyrir þetta frv. um orlof og afgreiða með afbrigðum. En nú hefur svo til tekizt, að ekki hefur verið hægt að útbýta frv., og verður því málið tekið af dagskrá.

Á 7. fundi í Ed., 2. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti (StgrA): Ég vil leyfa mér að geta þess, áður en gengið er til dagskrár, að vegna minningarathafnar þeirrar, sem fram á að fara í dómkirkjunni nú kl. 2, verður fundi frestað kl. 5 mín. fyrir 2, verði dagskrá þá ekki lokið.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Í framhaldi af þeirri tilkynningu hæstv. forseta, að fundi verði frestað um tvöleytið, ef málinu verður þá ekki lokið, skal ég taka fram, að naumast er ástæða fyrir mig að *fara mörgum orðum um þetta frv. Liggja til þess* ýmsar ástæður. Vil ég þá fyrst geta þess, að þetta er í þriðja sinn á þessu ári, sem frv. þetta kemur til 1. umr. í þessari d. Fyrst var það flutt á þinginu í fyrra vetur og síðan á þinginu í sumar, og í bæði þessi skipti fóru fram nokkuð ýtarlegar umr. um frv. í heild. Umr. voru líka með þeim hætti á þinginu í sumar og fyrra vetur, að ekki er ástæða fyrir mig til að fara um það sérlega mörgum orðum nú, vegna þess að frv. var yfirleitt mjög vel tekið þá af öllum, sem tóku til máls. Þar að auki vil ég geta þess, að þetta frv. hefur verið sérlega vel undirbúið, áður en það var lagt fyrir þingið. Frv. var samið af mþn., sem skipuð var samkv. ályktunum frá Alþ., og áttu þar sæti fulltrúar bæði frá atvinnurekendum og verkalýðssamtökunum, og vann n. nokkuð lengi að frv. og undirbjó það ýtarlega. Auk þess mun frv. sniðið eftir mjög ýtarlegri löggjöf, sem samin hefur verið um þetta efni á öðrum Norðurlöndum.
Það, sem helzt þótti á skorta í sumar, var, að almenningur hafði ekki haft tækifæri til að átta sig á málinu og ræða það og frv. hafði ekki sérstaklega verið borið undir verkalýðsfélögin. Á þessu hefur nú verið ráðin nokkur bót. Síðan sumarþingið stóð, hafa farið fram alþingiskosningar, og í sambandi við þær var málið rætt mjög ýtarlega meðal almennings, og a. m. k. þrír þingflokkar lýstu yfir á stefnuskrá sinni fyrir kosningarnar, að þeir væru frv. fylgjandi. Þá vil ég einnig geta þess, að þing verklýðsfélaganna, sem haldið var hér í bæ fyrir nokkrum dögum, tók þetta mál til meðferðar og athugaði það sérstaklega, og að þeirri athugun lokinni lýsti alþýðusambandsþingið yfir, að það væri mjög fylgjandi þessu frv., og skoraði eindregið á Alþ. að samþ. það hið bráðasta. Málið er því þegar orðið það vel undirbúið, að það er vel kunnugt hv. þdm., að það virðist ekki sérstök ástæða fyrir mig til að ræða það mjög ýtarlega almennt við þessa umr. Ég skal aðeins benda á, að frv. í heild er byggt á þeirri staðreynd, að það er talin þjóðhagsleg nauðsyn, að öllu vinnandi fólki séu tryggð ákveðin lágmarksréttindi til orlofs á hverju ári. Þetta þykir ekki aðeins nauðsynlegt vegna þeirra einstaklinga, sem orlofið fá, heldur einnig vegna atvinnurekendanna og þjóðfélagsins að því er heilsuvernd snertir. Þess vegna gerir

frv. ekki aðeins ráð fyrir, að vinnandi fólk hafi rétt til orlofs, heldur líka skyldu. Íslenzka ríkið og atvinnurekendur hafa einnig fyrir löngu viðurkennt þessa nauðsyn. Opinberar stofnanir hafa fyrir löngu komið á fót hjá sér skipulagi um orlof starfsmanna sinna og sömuleiðis einstakir atvinnurekendur, sérstaklega fyrir það fólk, sem stundar innivinnu, en verkalýðsfélögin hafa ekki getað komið þessu á fyrir sína félagsmenn þar til nú á síðustu tímum, að tekizt hafa samningar milli allmargra verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um orlof verkafólks. Reglur þær, sem settar eru í þeim samningum, eru ákaflega misjafnar. Virðist það hafa ráðið mestu um, hversu heppilegum samningum verkalýðsfélögin hafa komizt að, hvort þau hafa verið nægilega félagslega sterk til að geta komið fram kröfum sínum. Á þessu er nauðsyn að ráða bót, og það er það, sem þessu frv. er ætlað að gera. Ég vil líka benda á, að Alþ. hefur í öðrum málum, sem einnig snerta verkalýðsfélögin, farið inn á sömu braut og gert er í þessu frv., þ. e. við ýmis atriði vinnulöggjafarinnar. Upp í þau l. hafa verið tekin ýmis ákvæði, sem mörg félög höfðu tryggt sér með samningum, og þótti rétt að taka þau upp í vinnulöggjöfina, til þess að koma samræmi á og tryggja verkalýðsfélögunum, sem veikari voru, sama rétt og þeim, sem sterkari voru.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði frv. eða ræða það almennt. Frv. hefur þegar verið rætt mjög ýtarlega á tveimur þingum og í sambandi við síðustu alþingiskosningar, svo að hv. þm. er frv. kunnugt frá þeim umr., og ég hygg, að þá hafi komið fram allt, sem ástæða er að minnast á um frv. í heild.

Ég vil því leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn., en í þeirri n. mun frv. hafa verið í þau tvö skipti, sem það hefur legið fyrir þinginu.

Gísli Jónsson: Herra forseti: Vegna þeirrar minningarathafnar, sem nú á að hefjast, skal ég vera stuttorður og aðeins taka fram, að ég mun geyma mér rétt til að ræða sérstakar gr. frv., þar til það kemur úr n. Það er 1., 4. og 16. gr., sem mér skilst, að þurfi að athuga nánar en gert hefur verið. Ég vil einnig leyfa mér að minna á, að á sumarþinginu benti ég á í sambandi við þetta frv., hvort ekki væri hægt að tryggja, að sérstakar stéttir, sem ekki er minnzt á í frv., fengju einnig orlof, en hv. flm. hafa ekki séð sér fært að fella það inn í frv., því að mér sýnist frv. óbreytt frá því á síðasta þingi. Ég vil mælast til þess, að n. sú, sem fær frv., taki þetta einnig til athugunar.

Að öðru leyti geymi ég mér rétt til að ræða þetta frv. þar til síðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 8. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 135, 162).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 162. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Allshn. hefur athugað þetta frv. og samþ. að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, þó þannig, að gerðar verði á því tvær breyt. Fyrri breyt. við 4. gr. 4. málsgr. er aðeins leiðrétting á setningaskipun, sem hafði ruglazt ofurlítið. Hin. breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á 9. gr., er efnisbreyt. Samkv. 9. gr. er gert ráð fyrir því, að orlof skuli veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. sept. Þó er gerð sú undantekning frá þessu, að ráðh. sé heimilt með reglugerð að víkja frá þessum ákvæðum, ef nauðsynlegt þykir að því er snertir sérstakar starfsgreinar. Nú hefur n. orðið sammála um, að hjá a. m. k. tveim atvinnugreinum, þ. e. síldarútveginum og landbúnaðinum, sé nauðsynlegt að binda ekki orlof við þetta umrædda tímabil, þar sem það sé nokkurn veginn óframkvæmanlegt fyrir þessar atvinnugreinar að veita orlof á þessu tímabili. N. er því sammála um, að taka skuli upp í 9. gr. frv. ákvæði um, að ráðh. skuli setja reglugerð um að veita þeim mönnum, sem vinna við þessar atvinnugreinar, orlof á öðrum tímum árs. Fyrra undantekningarákvæðið stendur þó óhaggað eftir sem áður, ef það skyldi koma í ljós, að nauðsynlegt væri fyrir fleiri starfsgr. að víkja frá ákvæðum þeim, sem sett eru í 1. málsgr. 9. gr. frv. Með þessum breyt. hafa nm. orðið sammála um að samþykkja frv. Allir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja frekari brtt. við frv., og einn þeirra (HermJ) áskilur sér rétt til þess, að fylgi hans við frv. verði undir því komið, hvernig brtt. hans verði tekið.

Póst- og símamálastjórnin hefur óskað að ræða þetta frv. í einstökum atriðum með það fyrir augum að fá gerðar á því nokkrar breyt. Ég hef nú í gærkvöldi og morgun rætt nokkuð við póst- og símamálastj. um þessi atriði, en mér hefur ekki enn unnizt tími til þess að skýra meðnm. mínum frá þessu, en ef frv. verður samþ. til 3. umr., mun ég að sjálfsögðu skýra þeim frá því, áður en frv. kemur til 3. umr. En ég vil taka það fram, að allar aths. póst- og símamálastj. eru mjög smávægilegar, og skilst mér, að það mætti að mestu leyti koma þeim fram með reglugerð.

Þá vil ég aðeins minnast á brtt. þá, sem hv. þm. Barð. hefur borið fram við 16. gr. frv. Hún kom fram, eftir að allshn. hafði athugað frv., en þetta atriði var rætt í n., en þó ekki tekin nein afstaða til þess. Mér virtist þó hugur nm. hníga í þá átt, að ekki væri rétt að takmarka ákvæði 16. gr. frekar en gert er í frv. Þessi gr. gerir ráð fyrir því, að mönnum sé heimilt að vinna fyrir kaupi í öðrum starfsgreinum en þeirri, sem þeir taka orlof í. Orlof getur komið að fullum notum, þótt menn vinni að öðrum starfsgreinum í orlofi sínu. Orlof skrifstofumanna t. d. gæti komið að góðum notum, þótt þeir ynnu að landbúnaði í sumarleyfi sínu. Einmitt með þetta fyrir augum tel ég enga ástæðu til þess að breyta 16. gr. frv.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en legg til að frv. verði samþ. til 3. umr.

Hermann Jónasson: Ég hef skrifað undir þetta nál. og er því málinu í höfuðatriðum samþykkur. Það er að vísu boðað í nál., að ég muni koma með brtt., og fylgi mitt við frv. verði undir því komið hvernig þeim brtt verði tekið. En þessar brtt. munu fremur verða viðauki við frv. en breyt. á því.

Ég hef nú athugað lítils háttar, hvernig ég ætti að koma þessum brtt. fyrir, og hef nú komið mér niður á, hvernig ég vil hafa þær. Ég hef þó ekki getað borið þær fram enn, en ég get sagt það strax, að þær eru viðkomandi sumarleyfum sveitafólksins, sem ég held, að sé sú stétt, sem verður verst sett, ef frv. verður samþ. óbreytt.

Ég ætla ekki að ræða frv. sjálft, en ég tek undir það með hv. flm., að ég tel ekki rétt að samþ. brtt. á þskj. 162. Það tíðkast nú allmikið, að kyrrsetumenn vinni að útivinnu í sumarleyfi sínu. Margt skrifstofufólk telur, að það hafi bezt not af sumarleyfi sínu með því að vinna líkamlega vinnu í sveitum í sumarleyfinu. Þessi tilhögun er áreiðanlega það ákjósanlegasta fyrirkomulag á sumarleyfinu, em heilbrigt fólk getur fengið. Sumarleyfið sem hvíld nær áreiðanlega ekki bezt tilgangi sínum með því móti, að sá, sem þess nýtur, hafi ekkert fyrir stafni. Maðurinn er þannig gerður, að hann hvílist ekki bezt á athafnaleysi. Þessi brtt. miðar því að mínu áliti mjög til hins verra. Sumir hafa verið að byggja sér hús hér í nágrenni Rvíkur, í þeim tilgangi að eyða þar sumarleyfum sínum, en þeir hafa þar ekkert við að vera. En aðalvandinn fyrir fólk er sá að hafa nægilega mikið af verustöðum, þar sem það hefur eitthvað að fást við í sumarleyfinu. Ég er ákaflega hræddur um, að ekki hafi verið séð nægilega fyrir þessu jafnhliða því, sem fólki er séð fyrir sumarleyfum, og er því hætt við, að leyfin nái ekki fyllilega tilgangi sínum.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Það var upplýst af hv. frsm., að póst- og símamálastj. hafi óskað að kynna sér nokkur atriði þessa frv. og samkv. óskum hennar muni koma fram einhverjar smávægilegar brtt. Ég hef ekki haft ástæður til þess að kynna mér þessar breyt. nákvæmlega. En ég er nú tilbúinn með mínar viðaukatill., og vildi ég því spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að fresta afgreiðslu þessa máls, til þess að n. gæti komið saman á fund til þess að athuga allar þessar till. Ég hygg, að hægt verði að láta frv. ganga í gegn breytingalítið, eftir að búið er að ganga frá þeim breyt., sem nú hafa verið boðaðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að minna hv. d. og hv. flm. á það, að sterkustu rökin fyrir því, að atvinnurekendur taki á sig þessar byrðar, eru þau, að það sé nauðsynlegt fyrir orlofsþiggjanda að fá hvíld. Og á þeim rökum hefur verið fallizt á, að atvinnurekenduinn taki á sig þessar byrðar, um 4% hækkun á vinnulaunum til vinnuþiggjanda, í hvaða atvinnugrein sem er. Það hefði aldrei náðst samkomulag um þetta, hefði undirstaðan verið kauphækkunarkrafa. Þetta vil ég sérstaklega biðja hv. flm. að athuga. Með því að láta 16. gr. frv. standa óbreytta eru engar líkur til þess, að fólkið taki þetta sem hvíld, heldur eru miklu meiri líkur til þess, að þetta verði notað sem auknar tekjur. Einmitt með þetta fyrir augum hef ég lagt til við n., að 1. gr. verði breytt þannig, að einnig þeir menn, sem starfa við útgerð og taka laun sín í hlut, fengju einnig aðstöðu til þess að njóta sömu hvíldar. Þetta hefur ekki verið tekið til greina, og mun ég ekki gera það út af fyrir sig að ágreiningsatriði um fylgi við frv. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann vildi fresta afgreiðslu málsins vegna þessarar brtt., og hún fengi einnig að ganga til n. á ný til athugunar. Ég vildi sem sagt mælast til þess, að þetta yrði annað hvort fellt úr gr. eða það tryggt, að hér sé aðeins gefið orlof til hvíldar, en ekki til þess að menn geti unnið annars staðar fyrir launum. Ég get ekki fallizt á rök hv. þm. Str., og það sjá allir, í hvert óefni væri stefnt, ef verkamaður við sjávarútveginn getur farið í sveitavinnu, og sjómaður, sem þrælað hefur 11 mánuði ársins í mismunandi veðri, getur allt í einu farið í hafnarvinnu. Þá væri ekki stefnt að því, sem ætlazt er til. Ég get því ekki lýst fylgi mínu við frv. nema með þessari breyt. Ég er þess hins vegar fullviss, að þessi hvíldartími, sem gert er ráð fyrir, borgar sig vel fyrir atvinnurekendur, og kemur það fram í betri vinnuafköstum að hvíldartíma loknum, sé orlof tekið sem hvíldartími. En þetta verður ekki, ef 16. gr. fær að standa óbreytt. Viðvíkjandi því sem hv. þm. Str. sagði um sínar viðbótartill. þá vil ég segja það, að mér þykir vænt um, að hv. þm. hefur nú fundið leið til þess að samrýma það frv. í heild. Það er engu minni nauðsyn á því, að þessum stéttum, sem um getur í viðbótartill., sé tryggð hvíld heldur en öðrum stéttum þjóðfélagsins. Ég vænti þess, að verði 16. gr. breytt, geti orðið fullkomið samkomulag um málið í d.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Hv. þm. Str. óskaði eftir því, að afgreiðslu frv. við 2. umr. yrði frestað, þar til hann hefði tíma til að koma fram með brtt., sem hann ætlaði að koma með. Hann rökstuddi beiðni sína með því, að póst- og símamálastj. hefði gert aths. og óskað eftir að koma að brtt. við frv. Ég get að sjálfsögðu fallizt á það, að hv. þm. Str. fái nægan tíma til þess að koma með þessar brtt. Allshn. þarf að athuga tilmæli póst- og símamálastj. um einstök atriði frv. En ég sé ekki, að það sé á nokkurn hátt nauðsynlegt að fresta afgreiðslu frv. við 2. umr. til þess, að þessi athugun á tilmælum póst- og símamálastj. geti komið fram og hv. þm. Str. getið komið með sínar till. Mér skilst, að hann geti komið með þær við 3. umr., og allshn. getur, áður en málið kemur til 3. umr., athugað ummæli póst- og símamálastj. og einnig till. hv. þm. Str., þær, er hann kynni að vilja bera fram. Ég verð þess vegna að óska eftir því, að 2. umr. málsins verði lokið nú. Að því er varðar brtt. hv. þm. Barð., þá vil ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að n. tók það til athugunar, hvort ástæða væri til að banna þeim, sem fara í orlof, að vinna orlofstíman., og niðurstaðan varð sú, að n. sá ekki fært að gera brtt. við 16. gr., og enginn nm. hefur viljað taka þessa brtt. upp. Mér virðist því að af afgreiðslu n. megi ráða, að henni hafi þótt þetta svo tvírætt, að tilgangslaust sé að fara

nú að athuga þessa brtt. hv. þm. Barð. Ég get ekki heldur fallizt á ýmislegt annað, sem hv. þm. sagði um þessa brtt. sína, eins og það, að orlof kæmi ekki að fullu gagni, nema það væri tryggt, að þeir, sem í orlof fara, fengju ekki að vinna nein störf í orlofstímanum. Mér finnst, að reynslan hafi þvert á móti sýnt það, að orlof geti komið alveg að fullu gagni, þó að menn vinni við einhver störf orlofstímann. Mér er nær að halda, að mjög víða komi orlof þá einmitt fyrst að fullum notum, þegar þeir, sem orlofið taka, fá tækifæri til þess að vinna ákveðin störf, sérstaklega þeir, sem stunda innivinnu að staðaldri. Það virtist a. m. k. miklu heilbrigðara heldur en að menn væru skyldaðir til þess að vera iðjulausir orlofstímann. Ég held þess vegna, að brtt. hv. þm. Barð. sé mjög fráleit og það sé rétt að hafa það eins og það er í 16. gr., að þeim, sem í orlof fara, sé óheimilt að vinna fyrir kaupi í sinni starfsgrein í orlofstímanum, en þeim sé frjálst að velja um það, hvort þeir vilja vinna fyrir kaupi í öðrum starfsgreinum. Ég vil þess vegna óska eftir því, að frv. verði afgr. við 2. umr. og vísað til 3. umr., og vil ákveðið leggja til, að brtt. hv. þm. Barð. verði felld.

Gísli Jónsson: Ég vil benda á það, að hjá hv. flm. komu ekki fram nein rök fyrir því, að brtt. mín stefndi ekki í rétta átt, heldur er það, sem hann sagði, aðeins staðfesting á því, sem ég hef ekki viljað hugsa, að væri á bak við þetta frv., sem sé það, að hækka kaupið. Því að eftir því, sem hv. flm. sagði í ræðu sinni, er það aðalástæðan fyrir því að koma þessu frv. í gegn. Það á hins vegar tvímælalaust að vera undirstaðan undir þessu frv., að hér sé um hvíldartíma að ræða, en ekki kauphækkunarkröfu. Ég vil því enn vænta þess, að hæstv. forseti verði við því, ekki einasta, að þessu verði frestað, heldur einnig afgreiðslu málsins, þar til allt þetta er komið fram. Það getur ekki haft úrslitaáhrif á málið, þó að það bíði í nokkra daga.

Hermann Jónasson: Ég verð nú að sætta mig við það, ef frv. fæst ekki frestað. Flm. tók því ekki vel, og verður það þá að vera undir ákvörðun hæstv. forseta komið, hvort það verður gert. En ég vildi mælast til þess, ef frv. verður afgr. nú, að þá verði látnir líða a. m. k. 2 dagar á milli þessarar umr. og þeirrar þriðju. Það er rétt að taka það fram í sambandi við óskir um frestun, að það er alveg rétt, að það ætti að vera búið að koma fram með þessar brtt. En ég vil benda á það, að það er erfitt að koma þessum brtt. fyrir svo vel fari, nema á nokkuð löngum tíma. En viðvíkjandi 16. gr., þá er það rétt, að þetta atriði var borið fram í n., og ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á þessa breyt. Það mun sýna sig, og það er ég viss um, að hv. þm. Barð. mun fallast á, að þegar starfsfólk tekur frí, þá situr það ekki auðum höndum, heldur fer í fjallgöngur, skíðaferðir eða langferðir með bifreiðum o. s. frv. Það er því ljóst, að það er alveg fráleitt að banna mönnum að vinna í öðrum starfsgreinum, eins og það væri fráleitt að banna fólki að reyna nokkuð á sig, þegar það tekur orlof sitt. Ég vil þá benda hv. þm. á það, að í einni stuttri lagagr., eins og 16. gr., er erfitt að skilgreina, hvað sé sama starfsgrein. Til þess að skilgreina þetta nánar, hvað sé sama starfsgrein, verður að setja reglugerð. En það sjá hins vegar allir, að um algert iðjuleysi getur ekki verið að ræða hjá heilbrigðu fólki. Ég geri ráð fyrir, að þegar hv. þm. athugar það, að reglugerð verður sett um þetta, þá geti hann fallizt á að falla frá sinni brtt. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þetta mál á þessu stigi, en vil endurtaka það, að ég óska eftir því, að 3. umr. fari ekki fram fyrr en eftir 2 daga, verði þessari umr. ekki frestað.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í þessu máli. Það er viðvíkjandi 4. gr. frv. Það er dálítið óvenjulegt, sem hún fer fram á. Þetta er þannig, að þeir, sem eru búnir að gera samninga sín á milli, t. d. ef maður ræðst til vistar hjá bónda eða öðrum. Þegar starfsárinu er lokið, þá er það gert í þessum l., ef kaup hefur verið 6—10 þús. kr. á ári, að atvinnuveitandi verður að greiða 160—200 kr. í ofanálag á kaupið. Mér sýnist þetta vera að koma aftan að mönnum. Ég held, að það væri rétt að leiðrétta þetta og athuga nánar, og vil ég vænta þess, að hv. n. geri það.

Gísli Jónsson: Ég vona, að hv. þm. Str. hafi tekið eftir því í ræðu minni, að ég óskaði eftir því, að annað hvort yrði brtt. mín samþ. eða séð fyrir því á einhvern hátt, að þetta yrði ekki eingöngu kauphækkun, heldur fyrst og fremst hvíldartími fyrir þá, sem eiga að njóta þessara hlunninda.

En tilgangi mínum er náð, ef séð verður fyrir því á einhvern hátt, að orlofið verði notað sem hvíldartími fyrst og fremst.

Hv. þm. Str. upplýsti það, að þessum tilgangi mundi verða náð með reglugerð, þó að þetta yrði ekki fyllilega skilgreint í 16. gr. Ég get því að mestu leyti fallið frá minni brtt. að svo stöddu.

Ég vil svo að síðustu segja það, að ég sé ekki ástæðu til þess, að þessu frv. sé hraðað svo, að ekki gefist tími til þess að taka til athugunar ný atriði, sem komið hafa fram. Ég vil því enn leggja til, að umr. verði frestað, þar til málið getur komið fram í heild og kemur aftur frá n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 135,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 135,2 samþ. með 11 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 162 tekin aftur til 3. umr.
10.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 14. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 179, 162, 193).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 193. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég vil óska, að hæstv. forseti taki þetta frv. af dagskrá nú, því að brtt. frá allshn. eru ekki komnar úr prentun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 15. jan., var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Ég vil fara þess á leit, að þetta frv. verði tekið af dagskrá í dag, þar eð við þurfum að athuga betur eitt atriði þess.

Forseti (StgrA): Fyrst hv. flm. æskir þess, þá mun ég enn taka frv. út af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 18. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 179, 162, 193, 197).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Allshn. hefur á ný tekið frv. til athugunar og einnig viss ákvæði. Enn fremur hefur n. rætt nokkuð og athugað tilmæli póst- og símamálastjóra, er ég minntist á við 2. umr. þessa máls, svo og brtt. hv. þm. Barð. við 16. gr. frv.

Af tilmælum þeim, er n. hafa borizt frá póst- og símamálastjóra, hefur hún séð sér fært að taka tvennt til greina. Í fyrsta lagi við 3. málsgr. 8. gr. frv., að í stað „póststöðvum" komi: póstafgreiðslustöðvum. — Póst- og símamálastjóri benti á, að um 400 póststöðvar væru á landinu, en um 100 póstafgreiðslustöðvar, og hefðu þær einar sölu frímerkja og sjálfstætt reikningshald. Ef ætti að fara að láta allar póststöðvar fara að hafa sölu á slíkum orlofsmerkjum, þá yrði það of kostnaðarsamt, en aftur langeðlilegast að láta aðeins póstafgreiðslustöðvarnar annast þetta, þar sem þar væru skilyrðin til þess fyrir hendi.

Önnur breyt., sem n. gerði samkv. till. póstmálastj., er við 4. mgr. 8. gr., að orðinu „ákvæðisverð" verði breytt í „nafnverð", þar sem á máli póststj. er nafnverð það verð, sem prentað er á frímerkin, en aftur ákvæðisverð hærra en nafnverð frímerkjanna. Og að sjálfsögðu var það ekki meiningin, að póststj. fengi hærra verð fyrir merkin en á þeim verður tilgreint.

Fleiri af tilmælum póststj. sá n. sér ekki fært að taka til greina, en ég vil þó og tel rétt, að ég skýri frá brtt. þeirri, sem póst- og símamálastj. fór fram á, að gerð yrði við 11. gr.

Í gr. þeirri er gert ráð fyrir, ef viðkomandi orlofsþegi er sjúkur, þegar atvinnuveitandi ætlar honum orlof, en hann aftur á móti getur sýnt vottorð frá lækni um, að hann sé sjúkur, þá sé honum heimilt að krefjast orlofs á öðrum tíma en þeim, sem veikindi hans standa yfir. Póststj. taldi rétt, að starfsmaður ætti hvenær sem væri að taka við orlofi sínu, er honum væri það í té látið, hvernig sem á stæði. — Það má að nokkru leyti til sanns vegar færa hjá póststj., að þetta yrði kannske eitthvað misnotað af hálfu starfsfólks, en n. leit svo á, að það væri engu minni hætta á, að atvinnuveitendur mundu á hliðstæðan hátt misnota það ákvæði, ef farið yrði að vilja póststj. í þessu efni.

Þá leggur n. til, að orðin í 2. mgr. 13. gr. „til loka yfirstandandi orlofsárs" falli burtu, en þó að n. sé sammála um að fella þetta ákvæði niður, þá er hún eins sammála um hitt, að þessi takmörkun megi ekki með öllu hverfa, þannig að hægt sé að færa orlof saman eftir vild. Því leggur hún til, að þessi breyt. verði gerð á frv. en að ráðh. hafi þetta á valdi sínu eftir sem áður.

N. hefur og athugað sérstaklega breyt. þá, er hv. þm. Barð. kom fram með við 16. gr. frv. Eins og gr. sýnir, vill hún fyrirbyggja það, að manni sé óheimilt að vinna fyrir kaupi í starfsgrein sinni, meðan hann er í orlofi, en brtt. hv. þm. Barð. er í því fólgin að fella orðin „í starfsgrein sinni" burt.

Í umr. þeim, sem fóru á milli hv. þm. Str. og hv. þm. Barð. um þetta atriði, kom í ljós, að hv. þm. Barð. gat fyrir sitt leyti gengið inn á, að gr. yrði breytt þannig, að þrengt yrði að nokkru hugtak hennar og ráðh. falið að setja um það nánari ákvæði í reglugerð. N. hefur því í samræmi við þetta lagt til, að brtt. við 16. gr. verði svo sem hún er orðuð á þskj. 197, og hef ég sérstaklega borið þessa brtt. n. undir hv. þm. Barð., og hefur hann fyrir sitt leyti tjáð sig fúsan á að fallast á brtt. eins og hún er þar orðuð.

Enn er svo ein viðbótartill. frá hv. þm. Str. (HermJ) þess efnis, að á eftir 18. gr. komi ný gr. um, að ríkissjóður greiði árlega fjárhæð til að styrkja kynnisferðir sveitafólks, og Búnaðarfél. Íslands setji reglur og úthluti fénu með tilliti til tölu býla á sambandssvæðunum.

N. hefur ekki sameiginlega tekið afstöðu til þessarar till., en ég fyrir mitt leyti get lýst yfir því, að ég fellst á og get fylgt hugmynd þeirri, er felst í till. þessari, en ég tel réttara, að hún eigi einhversstaðar annars staðar betur heima en í þessu frv. — Eðlilegra þætti mér, að um þetta yrðu sett jafnvel ný l. eða þá tekið upp í fjárl. Í fjárl. er nú veitt upphæð í þessu skyni, 2000 kr., en í till. er gert ráð fyrir, að upphæðin verði miðuð við 10% af útborguðum jarðræktarstyrk, um 50 þús. kr. Ég fyrir mitt leyti mun, eins og ég sagði, styðja þessa hugmynd, annaðhvort með því að auka framlag til þessa í fjárl. eða þá með því, að sett yrðu ný l. um þetta atriði. En ég vil ekki, að það sé verið að knýta þessu aftan í frv. af því að ég tel það ekki eiga heima þar. Ég vænti þess, að hv. þm. Str. taki þetta til athugunar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Þessa brtt., er ég flyt á þskj. 193, á að mínu áliti að fella inn í þetta frv. Ég vil þá í því sambandi geta þess, að allir meðnm. minir í allshn. tóku því vel, er ég tjáði þeim, að ég mundi gera brtt. við frv. þess efnis að tryggja húsmæðrum í sveit sín sumarfrí. En af því að ég var ekki búinn að undirbúa málið þannig, að hægt væri að ræða það í n., gat n. ekki í heild tekið afstöðu til og látið uppi álit sitt á brtt.

Ekki er hægt að neita því algerlega, sem hv. flm. frv. sagði, að brtt. þessi félli ekki í ramma frv., og það hef ég reyndar áður tekið fram. Þó er sá rammi, sem frv. er sniðið í, brotinn með ákvæði 1. gr. Þar eru hlutarmenn á fiskiskipum,

sem eru svo að segja sínir eigin húsbændur, settir undir ákvæði þessa frv., ef þeir óska þess. Að öðru levti eru þeir einir undir ákvæði þessa frv. settir, er þiggja laun hjá öðrum við vinnu sína. Nú er því svo háttað, að flestir, er fá laun hjá öðrum, hafa þegar fengið sín orlof, annaðhvort með samningum eða l. Þeir einir hafa verið eftir skildir, er vinna lausavinnu. Frv. er því um það, að þeir, sem lausavinnu stunda og ekki hafa tryggt sér þann rétt að fá orlof, fá nú þann rétt og 4% hækkun á kaup sitt. — Þegar slík réttindi eru veitt borgurunum, launamönnunum, án undantekningar, sem ég líka álít rétt og sanngjarnt, þá skiptir það miklu máli, að engar stéttir þjóðfélagsins séu eftir skildar. Ef ganga á frá löggjöf í þessu efni, eins og ætlazt er til með frv. því, er hér liggur fyrir, þá finnst mér ekki með neinni sanngirni hægt að ganga fram hjá sveitafólkinu í landinu, og því legg ég til, að því sé tryggður sams konar eða svipaður réttur og öðrum. — Þó að á fjárl. sé veitt einhver upphæð í þessu skyni, þá er þeim ákvæðum ekki saman að jafna við að hafa um það sérstök l. Ef það er rétt að tryggja rétt launamanna í landinu til orlofs, sem ég og aðrir hafa lýst sig fullkomlega samþykka, þá er það að sínu leyti jafnmikil ástæða og jafnnauðsynlegt að tryggja sveitafólkinu einnig með l. þann rétt, og þá auðvitað langeðlilegast að binda og lögfesta þetta hvort tveggja með sömu l. sökum náins skyldleika.

Ég vil og leyfa mér að benda á, að eftir þessu frv., sem fyrir liggur, hefur sveitafólkið enn meiri rétt til þess að verða aðnjótandi þeirra réttinda, sem í brtt. minni felast. Því að þegar allir launamenn eiga að fá rétt til sumarleyfa og ekki er um leið séð fyrir nægum sumardvalarstöðum, þá sér það hver maður, að þessi sumarfrí launafólksins í þorpum og kaupstöðum ganga bersýnilega að mestu leyti yfir sveitaheimilin.

Það vita allir, sem eitthvað þekkja til, að seinni partur laugardaga og sunnudagar eru oftast erfiðustu dagarnir á sveitaheimilum í alfaraleið sökum stöðugs gestagangs, og kemur sú vinna mest niður á húsmóðurinni, sem af þeirri gestakomu leiðir. Er maður gerir sér þetta ljóst, þá er enn meiri ástæða til að taka þessa brtt. á þskj. 193 inn í frv., þar sem það er bersýnilegt, eins og ég sagði, að sumarleyfin ganga út yfir sveitaheimilin í landinu, eins og aðstæður til sumardvala eru nú. Þetta hefur gengið það langt nú þegar, að jafnvel tugir manna hafa orðið að hverfa burt um helgar frá sveitaheimilum, sökum þess að þar var þegar orðið yfirfullt af gestum.

Ég vona því, að hægt verði að fella brtt. mína inn í frv. Meðnm. mínir hafa tekið vel í þetta mál og telja, að slíkt ákvæði sem þetta gæti mjög vel átt heima í frv., og vona ég, að hv. flm. vilji fallast á að fella þessa till. inn í frv. — Ég vil benda á, að þessar kynnisferðir mundu vera farnar milli voranna og sláttar, og væri það vel við eigandi, að fólkið fengi þessa uppbót fyrir vinnu sína, sem gæti þá skoðazt sem eins konar verðlaun fyrir vorstörfin, sem yrði til þess að gefa sveitafólkinu almennt tækifæri til að lyfta sér upp, er nokkurt hlé verður á störfum þess, áður en heyannir byrja.

Ég sé ekki ástæðu til að mæla frekar með þessari till. á þessu stigi málsins, en ég vona, að hv. þd. taki henni vel.

Gísli Jónsson: Þótt ég sé ekki fyllilega samþykkur því, sem stendur í 16. gr., mun ég ekki gera það að ágreiningsefni. En þegar menn fara að kynnast þessum lögum og áhrifa þeirra fer að gæta í landinu, mun þeim skjótt verða breytt, t. d. í þá átt, að enginn fái laun á meðan hann er í sumarfríi sínu.

Við erum, að mínu áliti, allt of bjartsýnir á þessi mál, en þó þurfum við ekki að líta langt aftur til þess að sjá, að hópar atvinnuleysingja voru fyrir nokkrum árum á framfæri hins opinbera. En nú eru uppi kröfur um hátt kaup.

Því megum við ekki gleyma, að atvinnuleysið getur komið aftur. Ég vil því eindregið leggja til, að svo verði frá ákvæðum þessara laga gengið, að enginn fái tækifæri til að stunda atvinnu í sumarfríi sínu og keppa þannig við aðra.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 193 vil ég taka það fram, að ég er henni mjög fylgjandi, eins og ég tók fram á sumarþinginu. Ég tel það rétt, sem hv. flm. bar fram, en álít till. ekki eiga heima í þessu frv. og því ekki um að kenna óvilja þm., ef hún verður felld. Hv. þm. Str. hefur ekki tekizt að ganga svo frá brtt., að hún eigi heima í lögum þessum. Nú er það spurningin, hvort hún fellur ekki undir lög um hvíldartíma verkakvenna og húsmæðra.

Í þessum lagabálki er gert ráð fyrir, að ríkið greiði kostnað af orlofum þeirra manna, sem eru starfsmenn þess, eða einstaklinga. En brtt. gerir ráð fyrir, að ríkið greiði af orlofum sveitafólks kostnað, sem nemur 10 af hundraði af útborguðum jarðræktarstyrk það ár. Að mínu áliti ættu þeir menn, sem taka hlut, að fá orlof, og tæki útgerðin á sig nokkrar byrðar af þeim orsökum. En skv. frv. sé ég ekki annað en þeir verði afskiptir um orlof, og þykir mér það leitt. En þetta er einn af þeim agnúum, sem betur koma í ljós, þegar frv. er komið til framkvæmda. Mér virðist, að hv. þm. Str. telji aðeins bændur framleiðendur. Vildi ég mælast til þess, að hv. þm. athugaði það, hvort ekki gæti orðið samkomulag í málinu, hvort ekki væru tök á að samræma þetta og t. d. l. um styrkveitingu til húsmæðra og verkakvenna vegna hvíldartíma þeirra, en hann er þegar kominn á og verður að sjálfsögðu aukinn. Yfirleitt er ég viss um, að hægt verður að tryggja samkomulag um, að allir starfsmenn landsins fái orlof í einhverri mynd. En undanfarið hafa margir orðið mjög afskiptir í því efni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það má náttúrlega ræða um það fram og aftur, hvort 1. gr. sé í samræmi við reglurnar almennt, þar sem tekið er fram, að einungis þeir, sem hafa föst laun, fái vissa uppbót á þau fyrir sumarfrí. Hins vegar er lítið svo á, að hlutarmenn séu raunverulega atvinnurekendur í venjulegri merkingu þess orðs og ættu því enga uppbót að fá. Síðar í l. gr. stendur, að hlutarmenn leggi fram helming kostnaðar við orlof, en útgerðarmenn hinn helminginn. Ég álít þetta brot á reglu frv. Það má líka segja, að reglan viðkomandi orlofs-

ferðum sveitafólks á þskj. 193 sé annars eðlis, en ég álít hana í samræmi við meginreglu frv. Ég held, að það sé með fleiri frv. þannig, að ekki gangi ein meginregla gegnum allt frv., heldur margar reglur. Lífið sjálft er svo margvíslegt, að þar koma margar reglur til greina. Ég held því, að bezt sé að fylgja þeirri meginreglu að samþykkja engin lög, sem eru þannig, að þegnar þjóðfélagsins verði fyrir misrétti vegna þeirra. Ef þessi brtt. verður ekki samþ., og ég hef enga tryggingu fyrir því á þessu stigi málsins —, þá verður þessi regla brotin. Mér finnst það sjálfsagt, að sveitafólkið njóti sama réttar og aðrir þegnar þjóðfélagsins, en ef brtt. verður felld, er hlutur þess mjög fyrir borð borinn. En verst af öllu er það, ef þessi regla, að gæta jafnréttis allra þegna þjóðfélagsins, verður brotin af sjálfum löggjafanum.

Í sambandi við það, að hv. þm. Barð. sagði varðandi þetta frv., að hann væri fylgjandi því, vil ég taka það fram, að mér virðist, að hann ætti að fylgja brtt. og viðurkenna með því rétt sveitafólksins til þessarar uppbótar. Ég væri fús til samkomulags í þessu máli, ef hv. þm. Barð., sem hefur sagt, að brtt. mín væri annars eðlis en frv., kæmi fram með brtt., sem tryggði rétt sveitafólksins í þessu efni. Vil ég lýsa eftir því, að hann komi fram með brtt. í þá átt. Ég hygg, að það sé engu síður óskylt mál að taka upp lagaákvæði um sumarleyfi fyrir húsmæður í kaupstöðum. Þær vinna sumar úti og taka laun skv. frv. Það ætti að tryggja þeim sama rétt og bændum þeirra skv. lögum.

Þá ber að gæta þess, að brtt. mín er fullkomlega í samræmi við frv. Jarðræktarvinna landsins er fyrst og fremst unnin fyrir þjóðfélagið. Það er vitað mál, að jarðabætur borga sig varla án ríkisstyrks, og um leið og ríkið greiðir jarðræktarstyrkinn, viðurkennir það, að þeir, sem að jarðrækt vinna, séu að vissu leyti launþegar ríkisins. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að litið sé á þessi laun bænda svipað og annarra launþega og þeir fái greidda á þau uppbót samkv. brtt. minni í sambandi við orlof þeirra á milli voranna og sláttar. Að þessu leyti er brtt. mín skyldari frv. en fljótt á litið kann að virðast, svo skyld, að hún er hliðstæða við málið sjálft. Ríkið er þarna að greiða uppbætur á þessi laun. Ég vil mælast til þess, að hv. deild athugi brtt. með nokkurri gaumgæfni, sérstaklega þm. Barð., þar sem hann lýsir sig fylgjandi till. í þessa átt.

Og hvað sem öllum reglum líður, þá er það sú meginregla, sem mestu máli skiptir, að engum þegnum þjóðfélagsins sé sýnt misrétti. Sveitafólkinu mun veitast erfitt að þola misrétti í þessu efni ekki síður en öðru fólki. Og lög, þar sem réttur þess væri fyrir borð borinn, mundu eiga erfitt uppdráttar á Alþingi.

Bernharð Stefánsson: Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Barð., að hann sagðist mundu vera fús til að taka aftur brtt. á þskj. 142, ef till. n. um sama efni yrði samþ. Ég hef athugað dagskrána, og sé ekki, að brtt. hv. þm. Barð. liggi fyrir til atkvgr. Þykir mér það miður, því að ég hefði samþ. hana algerlega eins og hún er. Ég sé ekki, að ástæða sé til að setja lög um orlof, ef þau eiga að geta orðið til fjárgróða þeim, sem þeirra njóta, í stað þess að verða þeim til hressingar og hvíldar, eins og tilgangur þeirra er. Ég skal játa, að till. hv. n. bæta nokkuð um, ef þeim verður framfylgt. Að mínu áliti ætti að banna mönnum að vinna í skyldri starfsgrein í orlofi sínu. Ég skal játa, að skrifstofumenn hér í Rvík mundu ekki hafa neitt illt af því að fara í heyskap í orlofi sínu, en þeir mundu ekki vinna fyrir meira en mat sínum, og mætti gjarnan banna þeim að taka kaup. Ég hefði viljað, að till. hv. þm. Barð. yrði borin upp fyrr en till. hv. þm. Str. Þótt ekki virðist beint samband milli þeirra, set ég þær þó í samband.

Ég skal játa, að mér þykir þetta mál dálítið kyndugt. Ég og mínir jafnaldrar erum aldir upp við það að þurfa að vinna 12—14 tíma á sólarhring og fá aldrei orlof, og held ég, að við höfum sloppið óskemmdir frá því. En nú er kominn 8 klukkustunda vinnudagur og hálfs mánaðar frí að auki. Það er allt annað að lifa nú en þegar ég var ungur. Þetta eru kröfur tímans. En ég ætla samt að fylgja þessu frv., þó því aðeins, að brtt. hv. þm. Str. verði samþ. Það er ekki nokkur vafi á því, að það fólk, sem þreyttast er hér á landi, er sveitafólkið, sérstaklega húsfreyjurnar. Því var borið við, að brtt. hv. þm. Str. ætti ekki við í þessu frv., og heitið góðu um fjárveitingu í fjárlögum í þessu skyni.

Ég vildi gjarnan spyrja þá, sem hreyfa andmælum: hvers vegna ekki að leggja þessar kvaðir á ríkissjóð? Hann er stærsti atvinnuveitandinn í landinu, fram hjá því verður ekki komizt. Og hvers vegna ekki að leggja þessar kvaðir á ríkið sem atvinnurekanda, eins og kvaðir eru lagðar á atvinnuvegina samkv. þessu frv.?

Viðbárur þær, sem fram hafa komið gegn því, að samþ. megi brtt. hv. þm. Str., eru, held ég, einhver stjórnspeki, sem ég hef aldrei lært. Og mér finnst alveg sérstök ástæða til þess einmitt að samþ. brtt. hv. þm. Str. sökum þess, sem hann lítillega nefndi, að það er enginn vafi á því, að því meiri sem frí bæjarfólksins verða, því minni hvíldir verða fyrir húsfreyjurnar í sveitunum, vegna þess að bæjarfólkið er úti um sveitir í sínum fríum, bæði um helgar og í sumarfríum, og vitanlega leitar það mikið til sveitaheimilanna um alls konar greiða, sem það þarfnast.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Ég er ekki vanur að blanda mér í mál, sem mér koma ekki alveg sérstaklega við hér í hv. d. Og erindi mitt að standa á fætur var aðallega að minnast á brtt. hv. þm. Barð. og þar með að lýsa yfir því, sem ég tók fram, að fylgi mitt við frv. er algerlega undir því komið, hvort brtt. hv. þm. Str. verður samþ. eða ekki.

Gísli Jónsson: Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. vil ég leyfa mér að upplýsa það, að brtt. á þskj. 162 var tekin til baka til 3. umr., en það er bara einhver misgáningur hjá skrifstofunni, að hún er ekki á dagskránni nú Hvort hún kemur ekki til atkvgr. nú, skal ég ekki segja. En ég mun taka hana til baka, ef þetta (brtt. hv. þm. Str.) verður samþ., því að ég vil heldur fá eitthvað samþ. um þetta efni en ekki neitt.

Að atvinnurekendur yfirleitt gera sig ánægða með þá kvöð, sem lögð er á þá með ákvæðunum um orlof, held ég að sé af því, að þeir þykjast fullvissir um það af reynslunni, að þeir fái endurgreiddan í betri afköstum starfsfólks síns og verkafólks þann kostnað, sem af þessu leiðir og þeir verða að bera. Og það er einnig skoðun mín, að hér sé um menningaratriði að ræða, sem aðrar þjóðir eru komnar inn á og Íslendingar eiga ekki að spyrna fótum við. Fyrr á tíma unnu menn 16—18 klst. á sólarhring, en nú eru menn vissir um, að það borgar sig ekki. Og nú hafa menn lagt á sig kvaðir vegna orlofa eða sumarleyfa í flestum atvinnugreinum. Hitt er annað mál, að ég hef ekki trú á því, að þetta komi fram sem kauphækkun hjá þeim af verkalýðnum, sem vinna dag og dag, og gagnvart þeim á það ekki heldur að koma fram sem kauphækkun.

Hv. 1. þm. Eyf. spurði, hvers vegna mætti ekki leggja þetta á ríkissjóðinn. Það er gert, þegar ríkissjóðurinn er atvinnurekandinn í þessu sambandi. En það er dálítið óskylt mál því, sem í brtt. hv. þm. Str. felst, því að hún er raunverulega um að styrkja framleiðendur í þessu skyni.

Út af ummælum hv. þm. Str. vildi ég minnast á, hvort við gætum ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls hér, vegna þess að við viljum allir það sama, þannig að við berum fram á þessu þingi frv. um að styrkja sveitafólk í þessu skyni. Við erum sammála um, að það eigi að veita sveitafólkinu fé til sumarfría, og yrði það þá kannske fyrsta, en ekki síðasta frv., sem við hv. þm. Str. og ég yrðum sammála um að vera báðir flm. að. Það þarf í raun og veru að taka miklu skýrar fram um það, hvernig skuli haga þessu máli fyrir það fé, sem til þessa yrði lagt fram úr ríkissjóði, heldur en gert er í stuttri brtt. Það er tekið ákaflega skýrt fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sem verður, ef samþ. verður, stór lagabálkur, hvernig þessum orlofum skuli hagað. En hér í brtt. hv. þm. Str. er ekki annað tekið fram en að þessu fé eigi að vera varið til kynnisferða. Ætti því að taka þetta fyrir í lagafrvformi, sem við hv. þm. Str., hv. 1. m. Eyf. og væntanlega hv. flm. þessa frv. gætum verið sammála um. Að ég hef ekki komið fram með brtt. í þessu máli, er eingöngu af því, að ég beindi þeim orðum til hv. flm. frv. á sumarþinginu að reyna að fella þetta, þ. e. ákvæði um sumarleyfi fyrir sveitafólk, inn í frv., áður en það kæmi til næsta þings. Þetta hefur þó ekki verið gert. En á fyrsta stigi málsins lýsti hv. þm. Str. yfir því, að hann mundi koma með brtt. um málið. Og ef hann hefði þá óskað eftir, að við hefðum reynt að fella þetta saman, mundi ég fúslega hafa reynt það. En ég hélt, að hann hefði tekið að sér verk, sem ekki þyrfti svo að vinna af öðrum, en ég sé nú, að ekki hefur verið gert öðruvísi en svo, að hv. d. getur ekki fellt sig við þá afgreiðslu.

Hitt er mér gleðiefni, að hv. þm. Str. vill láta alla þjóðfélagsþegnana hafa sama rétt, því að það hefur ekki verið aðalstefna Framsfl. undanfarin ár. (**HermJ**: Hefur það verið stefna Sjálfstfl.?).

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það er aðeins stutt aths.

Það er vitanlega hugsunarskekkja hjá hv. þm. Barð., að enn sé ekki hægt að koma að brtt. um sumarleyfi sveitafólks í sambandi við þetta frv. og það þurfi að standa í vegi þess, að efni frv. sé þannig, að slík breyt. falli ekki inn í ramma þess, og þess vegna geti hvorki hann né aðrir verið með því að fella þessa breyt. inn í frv. Ég mundi að sjálfsögðu fylgja brtt., sem tryggðu þennan rétt sveitafólki til handa, frá hverjum sem þær till. kæmu, hvort sem þær væru í sambandi við þetta frv. eða fluttar sérstaklega eða þá í sambandi við sumarleyfi húsmæðra. En það er nú liðið talsvert á þetta þing, þó að maður viti ekki enn, hve langt það verður. Og reynsla þeirra, sem hafa setið hér á hæstv. Alþ., er sú, ef á að koma fram máli, þá sé a. m. k. ekkert óhyggilegra að gera það fyrr en síðar. Og þegar samþ. er mál um mjög almennan rétt þegnanna í þjóðfélaginu til sumarleyfis, en einn hópur manna eftir skilinn, eins og stefnt er að með þessu frv., þá álít ég það bæði hyggileg og eðlileg vinnubrögð, að réttur þessa vissa hóps manna til sumarleyfis sé tryggður um leið og gengið er frá þessu máli og einmitt í sambandi við það. Við hv. þm. Barð. höfum enga tryggingu fyrir því, þó að við ráðum miklu hér á hæstv. Alþ., að frv., sem við flyttum um þetta mál, gengi fram síðar á þessu þingi eða á næsta þingi. Og ég álít það alveg sérstaklega ranglátlega afgreiðslu, þegar við erum að tryggja kaupstaðafólki og lausafólki rétt til sumarleyfis, þegar vitað er, að sveitafólk, og þá sérstaklega húsmæður, eru verr settar í þessu efni heldur en þetta fólk, sem verið er með þessu frv. að tryggja sumarleyfi, að þá sé verið að skjóta því fram fyrir sig sem ástæðu til þess að samþ. ekki þessa brtt., að efni hennar falli ekki nákvæmlega inn í ramma frv. Það, sem við erum að tryggja hér, er réttur nokkurra þegna þjóðfélagsins til sumarleyfis. En ef brtt. mín eða eitthvað hliðstætt er ekki samþ., þá er skilinn eftir sá hópur þjóðfélagsþegnanna, og má þá ekki sízt nefna húsmæðurnar, sem mesta þörf hefur fyrir að geta fengið sumarleyfi, og þetta álít ég rangt. Og um leið og við samþykkjum þetta frv., þá verður sveitafólkið, húsmæðurnar sérstaklega, enn þá verr úti, vegna þess að því meiri leyfi sem kaupstaðafólkið hefur, því meir gengur það út yfir starfstíma sveitafólksins, meðan hótel eru ekki nægileg til þess að taka á móti þessu fólki. Það fer á sveitaheimilin, og vinnutími sveitafólksins, sérstaklega húsmæðranna lengist við það, því að það mun leita upp í sveit og helzt á sveitabæi í sumarleyfum sínum. Ég álít, að hv. þm. eigi að taka það til athugunar, að við eigum að samþ. þessa brtt. í sambandi við þetta mál. Það er ekkert höfuðatriði í þessu efni, hvort menn eru kallaðir atvinnurekendur eða vinnuþiggjendur. Það er smátt atriði samanborið við hina meginregluna, að láta alla vera jafna í þessu þjóðfélagi. Og það má ræða um það að tryggja þjóðfélagsþegnunum sama rétt, og hvort Framsfl. hafi brotið meira af sér í því efni heldur en aðrir flokkar. Stjórnmálin snúast öll um það, hvort þegnunum í þessu þjóðfélagi og öðrum sé tryggður svipaður réttur. Og það yrði helzt til langt umræðuefni, ef við ættum að fara inn á að ræða um það. Þess vegna

held ég, að það sé rétt að gera það ekki frekar nú.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég skal ekki tefja umr. mikið, en ég vil mótmæla ummælum, sem hv. þm. Str. hefur haft í seinustu ræðu sinni, sem mér virðist benda nokkuð til þess, að hann misskildi nokkuð þau grundvallarsjónarmið, sem hann byggir á. Hann talaði um, að með þessu frv. væri gert upp á milli stétta þjóðfélagsins, þannig að skilin væri eftir alveg sérstaklega ein stétt, sem ekki ætti rétt til að njóta orlofs, og væri það sveitafólkið. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Frv. byggist á því grundvallarsjónarmiði, að allir launþegar eigi rétt til orlofs, án tillits til þess, við hvaða störf er unnið. Og það eru einmitt þeir atvinnuvegir, sem unnið er við, sem eiga að bera uppi þessi orlof starfsmannanna. Hitt er svo annað mál, að frá þessum hv. þm. hefur komið fram rödd um það, að landbúnaður sé sú atvinnugrein á þessu landi, sem ekki sé fær um að standa undir þessum orlofum, og þurfi þess vegna að styrkja þá, sem landbúnað stunda, sérstaklega til orlofa. Ég fyrir mitt leyti get gengið inn á það með þessum hv. þm., að þessi atvinnugrein sé alveg sérstaklega styrkt, til þess að þeir, sem hana stunda, geti fengið tækifæri til þess að njóta þess að geta haft sumarfrí. En ég geri náttúrlega ráð fyrir því, að í kjölfar slíkrar ályktunar muni koma sú krafa á eftir að stéttarfélög í kaupstöðum muni jafnvel vilja fá einhvern styrk úr ríkissjóði líka, til þess að meðlimir þeirra geti hagnýtt sér orlofin sem bezt.

Ég fæ ekki séð, að það sé rétt, sem hv. þm. Str. tók fram áðan, að það sé fullkomið samræmi í því að taka hér upp í þetta frv. þá brtt., sem hann hefur borið fram hér á þskj. 193, því að frv. gerir hvergi ráð fyrir því, að neinir styrkir séu veittir úr ríkissjóði til orlofa, en fram á það fer hans brtt. Og það væri því algert ósamræmi að þessu leyti, ef hún væri samþ. og tekin upp í frv.

Hv. þm. Str. sagði áðan, að hlutarsjómenn samkv. b-lið 1. gr. frv. væru atvinnurekendur og að þeim sé ætlaður nokkur styrkur til orlofa, þó að atvinnurekendur væru. Ég vil algerlega mótmæla þessari fullyrðingu hv. þm. Því fer mjög fjarri, að hlutarsjómenn geti talizt atvinnurekendur. Þeir hafa hvorki aðstöðu vegna þeirrar atvinnu sinnar né atvinnurekendaumráð yfir afla eða skipum eða öðru slíku. Og í l., sem varða hlutarsjómenn, eru þeir settir sem launþegar, en alls ekki sem atvinnurekendur, t. d. í l. um að greiða tryggingar fyrir hlutarsjómenn, svo og ákvæðum l. um þeirra hlutaruppbót, ef þeir verða frá verki sökum veikinda. Í báðum þessum ákvæðum eru hlutarsjómenn settir eins og launþegar, en á engan hátt eins og atvinnurekendur.

En ég get endurtekið það, að ég er fús til að taka saman höndum við hv. þm. Str. um það að flytja annaðhvort sérstakt frv. eða koma ákvæði inn í fjárl. um styrkveitingar til bænda, til þess að þeir geti haft fullt gagn af orlofunum. **(HermJ:** Venjulegar mótbárur). Og ég vil mjög taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að í það sé gengið nú strax á þessu þingi að koma með frv. um þetta og fá það afgreitt það fljótt, að hægt sé að samþ. það áður en þessu þingi er lokið. **(HermJ:** Nei, við sættum okkur ekki við þetta). Og mér er alveg óskiljanlegt, að hv. þm. Str. og hans flokksmenn geti ekki sætt sig við þetta, þegar komin eru fram svona skilyrðislaus og ákveðin boð frá hv. þm. Barð. og mér, sem ég veit, að fleiri munu á bak við standa.

Ingvar Pálmason: Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessu máli. En það er nú komið svo, að þeir hv. þm., sem hafa andmælt brtt. hv. þm. Str., finna sjálfir, að þeir hafa veikan málstað. Nú koma þeir með boð um það, að þeir séu allir af vilja gerðir um það að taka til greina meginefni brtt. hv. þm. Str., en bara ekki í þessu frv. Ef nokkur alvara fylgir hjá þessum mönnum, vilja þeir þá bíða með þetta frv., þangað til þetta nýja frv. viðkomandi orlofum eða kynnisferðum sveitafólks er komið á sama stig í afgreiðslu eins og þetta frv. er komið nú? Svo lengi sem vilji þessara hv. þm. er ekki kominn þetta langt, hygg ég varasöm þessi velvildaryfirlýsingaorð hv. þm.

Mér þykir einkennilegt um mann eins og hv. þm. Barð., sem ekki er lögfræðingur og er töluvert kunnugur aðstöðu í sveitum, að hann skuli færa það fram sem ástæðu, að formið á þessu frv. leyfi ekki, að þessi brtt. hv. þm. Str. komist að. Því að í raun og veru lít ég svo á, að við, þessir óbreyttu þm., sem ekki erum lögfræðingar, græðum ekkert á því, að 25% hv. þm. eru nú lögfræðingar, það verð ég að segja eftir 25 ára reynslu á þingi, og vitna ég þá sérstaklega í þetta frv., þegar fara á að skjóta sér á bak við það, að form frv. þessa leyfi ekki, að brtt. hv. þm. Str. verði samþ. Mér virðist þar koma fram nokkuð líkt og þegar verið er að sækja mál fyrir dómstólunum. Ég furða mig á því og mér þykir það einkennilegt, að menn skuli skjóta sér á bak við þá tvíræðu ástæðu til þess að geta verið á móti brtt. hv. þm. Str., að hún falli ekki inn í ramma frv., a. m. k. þegar þessi afstaða í málinu kemur fram hjá mönnum, sem telja sig vera fulltrúa fólksins, sem býr í kaupstöðunum. En það er kunnugt, að svo hefur verið ástatt hér á landi á undanförnum árum, að það hefur verið talin allmikil hætta á því, að vissir staðir á landinu gætu orðið fyrir loftárásum, og hefur verið gert mikið til þess að koma börnum burt úr bæjunum af þeim ástæðum yfir sumartímann. Og ég tel það lofsvert, að til þess hefur verið varið fé. Og börnunum hefur verið komið fyrir í sveitunum í öllum stofnunum, skólum og öðrum, þar sem hægt hefur verið að fá húsnæði. En meira en helmingi þeirra barna, sem vegna þessa hefur verið komið úr kaupstöðunum, hefur verið komið fyrir á sveitaheimilum, og ég hygg, að segja megi, að húsfreyjurnar hafi skilið þessa þörf fullkomlega og reynt að bæta úr þörfinni eftir því, sem þær hafa getað. Og allir þekkja, ekki síður við hv. þm. Barð. en aðrir, hvernig eru kringumstæður húsmæðranna í sveitunum. Þegar nú hæstv. Alþ. hefur til meðferðar mál, sem miðar að því að bæta kjör hins vinnandi fólks í kaupstöðunum og sjóþorpunum, þannig að það geti notið hvíldarstunda, og það má segja, að það sé eðlilegt og sanngjarnt mál, þá er það ekki nema mjög lítill hluti þessa fólks, sem þarf þessarar löggjafar

við. Allir, sem taka föst laun hjá því opinbera *og einstaklingum, hafa fengið þennan rétt* með samningum og þurfa ekki á þessari löggjöf að halda til þess, og það er aðeins lausafólkið, sem ekki hefur þennan rétt. Það er gott og blessað að tryggja því þennan rétt. Þegar svo er farið fram á að tryggja möguleika fyrir því, að húsmæður í sveitum geti átt kost á að fá einhverja frídaga — heimilisstörf þeirra leyfa þeim ekki, að þeir séu fleiri en 4 eða 5 — þegar farið er fram á það, þá er sagt: Það er gott og blessað mál, en það má bara ekki blanda því saman við þetta frv., sem fyrir liggur. — Er þetta ekki allt sama fólkið í sveitunum og kaupstöðum? Ef þessi viðbára er ekki skálkaskjól, þá er þetta eitthvað til að skjóta sér á bak við. Og þetta er ekki sá andi, sem á að ríkja á hæstv. Alþ. Og ég hygg, að mörg l. hafi verið afgr. á hæstv. Alþ., sem segja megi um, að nokkuð óskyld efni hafi komið fram í sömu l., og ef vilji hefur verið til að framkvæma þau, þá hefur það gengið vel. Og mér þykir það vera allt of mikið skilningsleysi á aðstöðu húsmæðranna í sveitunum, ef nokkur treystir sér til að vera á móti þessari brtt. hv. þm. Str. einungis vegna þess, að þeim finnst formið á frv. ekki leyfa það.

Að svo mæltu vil ég til samkomulags um að leysa þetta mál sæmilega lýsa yfir, að ég er fús til samstarfs við frsm. allshn. um að gera tilraun til þess að flytja annað frv. um einhverjar tryggingar fyrir því, að húsmæður gætu átt kost á að losna frá heimilisönnunum, þótt ekki væri nema 4—5 daga á ári, ef hann vill fyrir sitt leyti stöðva þetta frv. á meðan, þangað til hitt frv. er komið á sama stig um afgreiðslu. En ef hann vill þetta ekki, þá dreg ég í efa, að alvara sé hjá þessum mönnum eins mikil og látið hefur verið í veðri vaka. Og ég sé ekki, að það geti verið mjög mikil goðgá, þó að þetta frv. bíði þannig eitthvað, því að þegar allir hv. þm. eru af svo góðum vilja gerðir um þessi mál, þá má koma þessu í framkvæmd á 2—3 dögum. Töfin þyrfti því ekki að verða mikil.

Ég á erfitt með að trúa því, að brtt. hv. þm. Str. verði felld hér í hv. d., en samt setur að mér óhug út af afgreiðslu brtt. Og þrátt fyrir það, að ég álíti þetta frv. allrar góðrar meðferðar maklegt, þá greiði ég ekki atkv. með því, ef brtt. hv. þm. Str. verður felld. En ég álít, að ef hún verður felld, sé teflt á tvær hættur um samkomulag um þessi mál.

Eiríkur Einarsson: Mér heyrist menn vera á eitt sáttir um það, að sanngjarnt sé að styrkja á einhvern hátt sveitafólkið til kynnisferða. En það er hið formlega fyrirkomulag, hvort eigi að fella ákvæði um það inn í þessi l., ef frv. verður samþ., eða afgreiða það á einhvern annan hátt, sem aftur á móti veldur ágreiningi, og mér finnst í raun og veru, að það hafi fallið nokkuð mörg orð um þetta og ágreiningurinn vera óþarflega mikill. Því að ef viljinn fyrir því er svo einlægur sem ræður manna hér bera vitni um, þá finnst mér, ef tortryggni er ekki því meiri, að það mætti jafna þetta allt.

Mér hefði fundizt réttara, að þetta mál yrði afgreitt og ákveðið með sérstakri lagasetningu heldur en með því að fella það inn í þetta frv. um orlof, ekki sízt vegna þess, að mér finnst stiklað á helzt til stóru með því orðalagi, sem brtt. hv. þm. Str. felur í sér. Þar er bara nefnt, að það eigi að styrkja fólk til kynnisferða, og svo tiltekið um framlag til þess. Ef ætti að fara að styrkja sveitafólk á annað borð til kynnisferða, finnst mér erfitt að ganga fram hjá því, að styrki þessum, sem þyrfti þá að vera verulegur, yrðu settar einhverjar merkjalínur um það, hvernig þetta fé ætti að nota. Eiga þessar kynnisferðir einungis að vera til þess að létta sér upp, og á þá að veita þetta fé þannig í viðurkenningarskyni við þá, sem alltaf strita, eða á að skilja þetta í víðtækari merkingu? Ég álít, ef þessi lagasetning á að geta orðið að verulegum notum, þá þurfi að hafa þessi ákvæði skýrari og hafa þetta víðtækara. Ég álít, að þetta ætti að geta orðið til kynnisferða bæði hérlendis og erlendis. Því að það er margur framgjarn og efnilegur ungur maður og mörg slík ung stúlka, sem heima eiga í sveitunum, húsbændaefni, sem finna oft til sársauka vegna þess, að þau eiga aldrei kost þess að fara utan, þó ekki sé nema stuttan tíma meðal nálægra þjóða, til þess að kynna sér ýmislegt, sem lýtur að starfsgrein þeirra.

Ég veit það, og það er ekki ætlazt til þess, að með brtt. við þetta frv. sé hægt að koma þessu að. *En ég álít, að það ætti að setja sérstaka löggjöf um þetta.* Hins vegar verð ég að játa, að ég er hlynntur þessu málsatriði í heild. Og til þess að sýna, að ég sé það, en ég tel réttlátara að flytja um þetta frv. að sérstakri löggjöf, hefur mér dottið í hug, hvort ekki gæti orðið samkomulag um það í hv. d. að vinda því svo til, að samþ. yrði við þetta frv. um þetta atriði ákvæði til bráðabirgða, sem ég hef skrifað, og ég vil afhenda hæstv. forseta sem skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 193, frá hv. þm. Str. Brtt. mína afhendi ég hæstv. forseta og bið hann að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Árn., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 231].

Brtt. er skrifl. og of seint fram borin, og verður því að veita tvenn afbrigði, svo að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Hv. 1. þm. S.-M. (IngP) efaðist um, að hugur fylgdi máli hjá mér og öðrum um þetta mál. Út af því vil ég lýsa yfir því, ef hann ber fram till. um það og það þykir þinglegt, að þessu máli sé frestað, þangað til hitt málið, væntanlegt frv. um kynnisferðir sveitafólks, er komið á sama stig um afgreiðslu og þetta mál nú er, þá mun ég vera með þeirri tilhögun, þannig að forseti taki þetta mál af dagskrá, þangað til hitt málið er komið á sama stig. Og ég vil leggja vinnu í það, hvenær sem er, til þess að þetta geti orðið.

Ég er hins vegar á móti brtt., sem fram er komin við brtt. hv. þm. Str. Ég hygg, að þetta mál þurfi að athugast betur og hugsast meira. Ég tel, að það þurfi að athuga þetta mál einnig

í sambandi við þá menn, sem eiga heima í sveitum, en sækja vinnu til kaupstaðanna. Þegar útvegurinn gengur vel, sækja margir sveitabændur eða synir þeirra vinnu til sjávarins á sumum tímum árs, a. m. k. að vetrinum, og njóta þá sömu hlunninda og aðrir, sem stunda þar vinnu.

Ég sé ekki, að hv. flm. frv. geti verið á móti þeirri uppástungu, sem fram hefur komið frá hv. 1. þm. S.-M., þar sem líka búið er að binda þessi orlof með samningum. Og þó að frv. þetta yrði ekki samþ. á þessu þingi, þá nýtur verkalýðurinn jafnt þessara hlunninda, sem frv. er um, eftir þeim samningum, sem gerðir hafa verið um þetta.

Forseti (ÞÞ): Ég vil biðja hv. þm. að vera stuttorða.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Þó að ég hafi aðeins talað einu sinni, skal ég vera stuttorður.

Það hefur nú komið fram ákaflega mikill velvilji gagnvart brtt. hv. þm. Str. En það er bara þetta, sem mönnum finnst, ýmsum, sem um hana hafa talað, að það sé ekki í lagi með formið á því að samþ. hana við frv. Þó er nú hv. þm. Str. lögfræðingur, en flestir þeir, sem að því formi hafa fundið, eða sumir a. m. k., eru ekki lögfræðingar. En hvað sem um það er að segja, finnst mér, að það muni vera tilvinnandi fyrir málið að draga um einn dag afgreiðslu þessa frv., ef hér er ekki ágreiningur um annað en formið. Ég vildi því stinga upp á því við hæstv. forseta og vona, að hann beri það undir hv. þd., að umr. um málið verði frestað í dag, en málið tekið fyrir á morgun, til að sjá, hvort þeir, sem aðallega hafa haft till. að gera í þessu máli, geta ekki orðið sammála eftir þann frest. Þar sem ég geri þessa till., ætla ég ekki að ræða frekar um málið nú, þó að nokkur atriði hafi komið hér fram, sem ég hefði haft ástæðu til að minnast á.

Forseti (ÞÞ): Nú hefur komið fram uppástunga um það að taka málið af dagskrá og fresta því. En áður en ég tek ákvörðun um það, vil ég bera það undir hv. d., en gjarnan áður heyra álit hv. allshn. um það, hvort hún óskar ekki eftir fresti.

Hermann Jónasson: Það hefur nú komið fram upp á síðkastið aðallega aths. við þessa brtt., — ekki um það aðallega, að hún falli ekki inn í frv., sem ekki er heldur auðvelt að bera fram af ástæðum, sem greindar hafa verið, heldur eru þær ástæður nú fyrst og fremst fram bornar, að brtt. sé ekki nógu skýr. Þetta er stutt brtt. að vísu. Og það er borið fram, að í henni séu þess vegna ekki nógu ýtarleg ákvæði um það, hvernig þessum kynnisferðum eigi að vera háttað. Í þessu sambandi vil ég benda á, að þessar kynnisferðir sveitafólks eru komnar í nokkuð sérstakt og ákveðið form, bæði kynnisferðir húsmæðra, sem farnar hafa verið á nokkrum undanförnum árum, og kynnisferðir bænda. Og þetta fólk tekur sér skemmtiferðir á hendur til þess að lyfta sér upp og til þess að sjá í öðrum byggðarlögum búskaparlag og vinnuaðferðir og mannvirki, byggingar og annað, sem við kemur hlutaðeigandi fólki. Svo að jafnframt því, sem þessar ferðir eru kynnisferðir, þá eru þær ekki að litlu gagni fyrir utan skemmtunina, sem af þeim fæst. Það er vanalega skrifað um þessar ferðir eftir á, til þess að segja frá því, hvað fyrir augun hefur borið, til þess að að þeim verði sem mest gagn. Þess vegna eru þetta ekki aðeins skemmtiferðir, heldur líka kynnisferðir. Þess vegna álít ég þeim ekki betur fyrir komið með öðru móti en því, að Búnaðarfélag Íslands og bændurnir sjálfir, sem yrðu til þess að gera till. um þær við Búnaðarfélag Íslands, hefðu um það að segja, hvernig þessum ferðum yrði fyrir komið. Og þá yrðu þær ferðir til skemmtunar og nytsemdar. Þess vegna álít ég, að gr. í brtt. út af fyrir sig sé alveg nægilega skýr um það efni. En ég vil samt sem áður — og til þess að lýsa yfir því stóð ég aðallega upp — alls ekki beita mér gegn því, að um þetta sé sett sérstök löggjöf. Ég skal meira að segja fallast á brtt. hv. 2. þm. Árn. (EE) um þetta efni, að þetta sé ákveðið til bráðabirgða, og þannig sé þessi réttur tryggður sveitafólkinu, samhliða því, sem öðrum stéttum er tryggður þessi réttur. Ég geng alveg inn á, að þetta sé haft þannig, þangað til sérstök löggjöf er komin í gildi um kynnisferðir sveitafólks.

Ég skal í annan stað ganga inn á, að afgreiðslu frv. verði frestað, eins og komið hafa uppástungur um, þannig að löggjöf um kynnisferðir sveitafólks geti orðið afgr. samhliða þessu frv. á hæstv. Alþ.

Ég er hlynntur þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég viðurkenni að vísu, þegar við erum að gefa slík sumarleyfi, sem við erum að gera með þessum l., þá teflum við á fremsta hlunn með, að við getum gert þetta, þ. e. að atvinnulíf okkar þoli þetta. En ég hef ekki séð sérstaka ástæðu til að fara að ræða þetta atriði. En þar sem við nú ákveðum þetta, sem frv. er um, get ég alls ekki fallizt á, að við göngum fram hjá sérstakri stétt, sem eru fyrst og fremst sveitakonurnar, sem er miklu verr sett heldur en fólk það, sem við erum með þessu frv. að tryggja þennan rétt. Og mér er ekki hægt að fylgja þessu máli með öðru móti en því, að þessari stétt sé tryggður þessi réttur. Ég hef hins vegar beitt mér nokkuð fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga. En ég tók fram í upphafi, að þetta, sem ég gat um, að sveitafólkinu væri einnig tryggður þessi réttur, væri eitt af skilyrðunum, sem ég setti fyrir fylgi mínu við málið. Og því var vel tekið af hv. n. Og ef það að samþ. brtt. mína þykir falla svo illa inn í form frv., vegna þess að hér sé ekki verið að tryggja launþegum þennan rétt, heldur atvinnurekendum, og ef mönnum þykir ekki nægilega skýrt fram tekið í brtt. það, sem hún fjallar um, þá er ég fús til að fallast á, að þetta sé tekið upp sem ákvæði til bráðabirgða nú og síðar sett ákvæði um það með sérstakri löggjöf. Í öðru lagi er ég fús til þess að vera með því, að þessu máli, sem hér liggur fyrir, verði frestað, og annað frv., um kynnisferðir sveitafólks, verði flutt og það látið ganga fram jafnhliða þessu frv. hér í hv. d. Og ég vil mælast til þess, að ekki sé verið að tefla málinu, sem hér liggur fyrir, í tvísýnu með því að neita e. t. v. báðum þessum boðum.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Ég hef nú verið að bera mig saman við meðnm. mína í allshn. út af þessum till., sem fram hafa komið um að fresta málinu, og við í allshn., sem ég hef náð til, sem er meiri hl. n., höfum orðið sammála um að óska eftir því, að málinu verði frestað til morguns.

ATKVGR.
Samþ. með 10 shlj. atkv. að fresta umr.

Á 36. fundi í Ed., 19. jan., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 179, 162, 193, 197, 231).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Allshn. hefur á fundi sínum í morgun tekið þetta mál fyrir enn á ný, og hefur n. orðið sammála um að leggja fram stutt framhaldsnál. Ég hef þetta nál. hér skrifað, og það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: [Sjá þskj. 240].

Þetta framhaldsnál. vildi ég svo mega leggja hér fram skriflegt.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Hér liggur fyrir framhaldsnál., en ég mun þó reyna að vera stuttorður. Ég álít, að þetta mál sé nú þegar svo mikið rætt, að það muni ekki skýrast verulega frá því, sem orðið er, þó að umr. um það verði haldið áfram hér í þessari hv. þd. En ég get ekki sætt mig við það, að þessu máli sé vísað frá með „velvilja", þar sem ég álít, að þörf sveitafólksins, sérstaklega húsmæðranna, til þess að fá sumarfrí sé a. m. k. eins rík eins og þess fólks, sem tryggður er þessi réttur með frv. eins og það liggur fyrir. Það hefur líka komið fram í þessum umr., að menn hafa sagt, að ef farið væri að semja um það sérstök l., að sveitafólk fengi þann rétt, sem í brtt. minni er lagt til, þá kæmu kröfur um hið sama fram frá fleiri aðilum. Það hafa verið nefndir fleiri aðilar, sem ættu þá kröfu á því að fá sama rétt og sveitafólkið, og því væri bersýnilegt, ef samþ. væru l. um þetta mál, þá mundi það hlaða utan á sig, þannig að frv. um slíkt fengi ekki fljóta afgreiðslu. Það hefur verið talað um, að smákaupmenn ættu þennan sama rétt og verkalýðsfélögin og ýmsir fleiri. Það er því hætt við að frv., sem kæmi fram um þetta mál, ætti erfitt uppdráttar. Ég lít hins vegar svo á um þennan rétt, sem sveitafólkinu yrði veittur, ef brtt. mín yrði samþ., að þar standi svipað eða eins á um það fólk, sem brtt. er um, sveitafólkið, eins og um það fólk, sem tryggður er rétturinn til sumarleyfis með frv., og þess vegna eigi þetta að fylgjast að, og þá sérstaklega með tilliti til þess, sem ég hef sagt áður, að það eru engir sumardvalarstaðir til nægilegir fyrir það fólk, sem í sumarleyfi fer úr kaupstöðunum, og það er vitað mál, að þessi aukning sumarleyfanna, sem nú kemur — ekki sérstaklega eftir þessum l., heldur eftir samningum, sem nýlega hafa verið gerðir, — hún kemur niður m. a. sem aukið erfiði á sveitaheimilunum, og var það þó nóg fyrir.

Það verður að skeika að sköpuðu um þetta mál. Ég get ekki annað fundið en að það sé réttlátt að fylgja þessari brtt., og sé ég því ekki ástæðu til að fylgja málinu, ef hún verður felld, því að það hefur verið boðið áður að hafa þann hátt á, ef sá vilji er til staðar, sem tjáð er, fyrir því að semja sérstök l. um sumarleyfi þessa sveitafólks sem tilætlunin er, að brtt. mín nái til, þá er það hægt að ganga frá slíku frv. hér og láta það ganga með sama hraða gegnum hv. d. eins og þetta mál, sem hér liggur fyrir, þannig að bæði málin væru afgr. samhliða frá þinginu. En það lítur ekki út fyrir, að frestur fáist til þess þrátt fyrir allan þennan velvilja. Og það þótti ekki ástæða til að semja sérstakt frv. um þetta mál, af því að mér virtist, að nm. í allshn. tækju yfirleitt vel í að fella einhverja breyt. inn í frv., sem tryggði sveitafólkinu sumarfrí betur en nú hefur verið gert. Mér þykir yfirleitt leitt, hvernig þetta mál hefur farið úr hendi.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Við erum búnir að ræða nokkuð mikið um þetta mál í allshn., og eiginlega einkennilega mikið, þegar allir virðast vera sammála um hugmyndina. Þetta er nú dálítið skrítið. Ég er ákaflega hlynntur þessari hugmynd, sem kemur fram í brtt. hv. þm. Str., og ég vil endilega stuðla að því, að þessi hugmynd geti komið til framkvæmda, og þá í því formi, að hún geti komið að sem beztum notum. En mér þætti af ýmsum ástæðum miklu æskilegra, að þetta væri borið fram í einhverju betra formi heldur en kemur fram hjá hv. þm. Str. Í fyrsta lagi eru allir sammála um, að þetta fellur ekki inn í frv. Hér er um að ræða allt annað prinsip, þar sem þar er um að ræða ríkisstyrk til þessara manna, sem hafa sjálfstæða atvinnu. En hitt, þ. e. frv., er um að tryggja ákveðin réttindi launþegum og að þessi réttur hvíli algerlega á atvinnuvegunum sjálfum hverjum fyrir sig í viðkomandi tilfellum. En það er líka annað og meira, sem gerir það að verkum, að það, sem brtt. fer fram á, er beinlínis allt annars eðlis heldur en efni frv. Það er það, að þetta frv. fjallar um orlof, en þessi brtt. er ekki til þess að tryggja sveitafólkinu orlof, heldur er þar um að ræða styrkveitingar til þess að fólk geti farið skipulagðar kynningarferðir. Þetta fellur því ekki efnislega inn í frv.

Þá virðist mér það orka tvímælis, hvort rétt sé að binda þennan styrk, sem brtt. er um, við vissan hundraðshluta af jarðræktarstyrk og hvort ekki væri réttara að ákveða einhverja sérstaka tiltekna upphæð, sem lögð yrði fram úr ríkissjóði árlega til þessara hluta.

Og í þriðja lagi verður þessi upphæð ákaflega lítilfjörleg. 50 þús. kr. er ekki stór upphæð, og ég vildi vera með í að veita miklu stærri upphæð til þessa í fjárl., vegna þess hve mikið nytjamál hér er um að ræða, eins og hv. þm. Str. hefur lýst, og ég er honum alveg sammála um það.

Annars finnst mér afstaða hv. þm. Str. til þessa máls — og eiginlega má segja það um ýmsa menn líka, sem andstæða skoðun hafa við hann, — dálítið skrýtin og hæpin og óviðkunnanleg. Hann setur nefnilega það að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að þessi brtt. verði samþ. Svona löguð vinnubrögð kann ég ekki við, þegar um er að ræða réttindamál alþýðunnar í kaupstöðunum, að þá komi aðrir hv. þm., sem telja sig fulltrúa sveitafólksins, og segi: Ég er ekki með þessum

réttindum bæjabúa, vegna þess að ég fæ ekki á þann hátt, sem mér líkar, fram ákvæði um hagsmunamál fólksins í sveitinni. — Það hefur komið fram alveg sams konar afstaða hjá þeim, sem telja sig fulltrúa fólksins í kaupstöðunum. Svona vinnubrögð eru áreiðanlega ekki í samræmi við hugmyndir þær, sem alþýða manna í sveitum og kaupstöðum gerir sér um það, hvernig fulltrúar þessara stétta eigi að starfa saman. Ég álít það réttara form, þó er það ekki aðalatriðið, heldur hitt, að með því mundi löggjöfin um það koma að meira gagni, að hér væri farin önnur leið til þess að tryggja sveitafólki rétt til sumarleyfa. Og ég sé ekki annað en trygging geti verið fyrir því, að slíkt mundi takast. Ég mun sitja hjá við atkvgr. um brtt., en mun styðja till., sem ég geri ráð fyrir, að muni fram koma í sérfrumvarpsformi eða í brtt. við fjárl., sem stefna að því að koma þessari hugmynd í framkvæmd.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það er vissulega einkennilegt að heyra úr ýmsum áttum, öllum áttum getur maður sagt, þessar velviljuðu yfirlýsingar um að sýna það, að hæstv. Alþ. vilji fyrir sitt leyti styðja að því, að sveitafólkið hafi einhvern orlofstíma frá bústörfum sínum. Þetta, sem hefur verið tekið fram af ýmsum hér, að brtt. hv. þm. Str. falli ekki að efni til inn í frv. — og ég álít rétt, að svo sé, — er þó hér gert að ástæðu fyrir því að neita því alveg að taka nú þegar tillit til sveitafólksins um orlof, en það finnst mér of langt gengið eftir atvikum, þegar sýnt hefur verið fram á, að hægt er að koma því svo fyrir í frv., að það ákvæði beri það sjálft með sér, að verið sé að gera skyndiráðstöfun, sem eigi að breyta og færa í annað horf, nefnilega með þeirri brtt., sem ég hef lagt fram á þskj. 231 um að ákveða þetta með bráðabirgðaákvæði, sem megi ekki standa lengur en þangað til sérstök l. verði sett um styrki til kynnisferða sveitafólks með ýtarlegri útfærslu, sem ég gat um í gær. Með þessu móti, að gera um þetta bráðabirgðaákvæði þannig lagað, finnst mér sanngjarnleg úrlausn fengin á málinu. Eftir eðli sínu er mikill skyldleiki með þessu, þó að annað sé orlof, en hitt kynnisferðir sveitafólks og styrkir til þeirra. Þetta er hvort tveggja til þess að hjálpa til þess að styðja fólk, sem yfirleitt neytir síns brauðs í sveita síns andlitis, til þess að fá einhverja frístund til að létta af sér áhyggjum og lyfta sér upp, hvort sem það er í sveit eða kaupstað.

Forseti (ÞÞ): Nú eru aðeins 4 mínútur, þangað til boðaður hefur verið fundur í sameinuðu Alþ., en tveir hv. þm. eru á mælendaskrá. Geri ég ekki ráð fyrir, að hægt verði að ljúka málinu á þessum tíma, 4 mínútum, og mun ég því fresta umr. og taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Ed., 20. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Jónas Jónsson: Ég varð nokkuð hissa, þegar ég heyrði aðalleiðtoga kommúnistastefnunnar hér á landi taka svo kuldalega í þetta frv. að því er sveitirnar snertir. Flokkur þeirra hefur þótzt bera hag sveitanna mjög fyrir brjósti og er t. d. farinn að gefa út nýtt blað til að sannfæra fólk um, að svo sé. (**BBen:** Hefur hv. þm. trúað því, að þar væri einhver alvara á bak við?). Það er annað mál, hvort ég hef tekið mark á því.

Á þingmálafundi í Suður-Þingeyjarsýslu í sumar lét fulltrúi þessa flokks sem hann ætti heimtingu á fylgi samvinnubænda. Nú hefði verið tækifæri fyrir flokkinn að sýna, að hann vildi ekki halla á bændur, en það var öðru nær en það væri notað, því að hv. þm. gaf í skyn, að hann mundi sitja hjá við atkvgr. um málið. Ég tel, að þetta sýni, að bíðilsferðir þessara manna í sumar og haust til Framsfl. hafi ekki verið af heilindum gerðar, og má búast við, að svörin verði eftir því. En ég hef líka orðið hissa á framkomu nokkurra annarra hv. þm., sem talað hafa á móti till. hv. þm. Str.

Það mál, sem hér liggur fyrir, er um það að veita verulegum hluta þess fólks, sem við sjóinn býr, kost á sumarleyfi, og skal kostnaður að nokkru leyti greiddur úr ríkissjóði, þó að maðurinn sé ekki fastur starfsmaður hjá ríkinu. Hér er um tvenns konar hlunnindi að ræða: annars vegar raunverulega kauphækkun, sem er alls ekki óveruleg, og hins vegar skilyrði til hvíldar og tilbreytni fyrir þennan hluta þjóðarinnar. En hvernig dettur sumum hv. þm. í hug að vilja gera þann mun að meina sveitafólki sams konar réttindi? Einyrki í bæ eða kaupstað á að fá sumarleyfi með kaupi, en einyrki í sveit á að fara á mis við þetta. Till. hv. þm. Str. er ætlað að bæta úr þessu. Um till. hv. 2. þm. Árn. er það að segja, að hann hefur að nokkru leyti látið bugast af þeim falsrökum, að öðru máli gegni um sveitafólk. Þó mun ég greiða atkv. með till. hans, því að hún fer í aðalatriði fram á hið sama og till. hv. þm. Str., en hefur hins vegar að líkindum meiri skilyrði til að ná samþykki hér. Annars álít ég óhyggilegt af þm., sem búsettir eru í þéttbýli, að ætla að gera þennan mun, því að þetta verður aldrei aðskilið, og sveitamenn munu aldrei sætta sig við annað en það, að þeim verði veittur sami réttur og öðrum.

Brynjólfur Bjarnason: Það var ákaflega líkt hv. þm. S.-Þ. að ætla að gera þetta að stórmáli. Hér er um að ræða innan við 50 þús. kr., eða hér um bil 10 kr. á hvert sveitaheimili. Ég býst við, að hann sé eini maðurinn á landinu, sem mundi vilja telja þetta stórmál.

Hv. þm. sagði, að ég hefði tekið kuldalega í þetta mál. Ég tók nú ekki kuldalegar í það en svo, að mér þótti fjárframlagið of lítið og vildi hafa það meira. Auk þess vildi ég, að betur yrði frá málinu gengið en hér er ætlazt til. Frágangur allur er svo losaralegur, að ég tel undir hælinn lagt, að það komi að gagni. Um till. hv. 2. þm. Árn. er það að segja, að ég tel litlu skipta, hvort hún verður samþ. eða ekki. En raunar felst í henni yfirlýsing um, að ganga þurfi betur frá málinu.

Jónas Jónsson: Hv. síðasti ræðumaður skilur ekki, að hann hefur með sinni framkomu reynt að sýna málinu óvirðingu og kulda. Hér er ekki

fyrst og fremst um ákveðna peningaupphæð að ræða, heldur hitt, að fólk í sveitum hafi jafnan rétt til sumarleyfis og bæjarbúar. Hv. þm. er því beinlínis að halla á sveitirnar með framkomu sinni, og er þetta því verra sem hv. þm. og hans félagar hafa höggvið í þann knérunn nú nýlega að óvirða sveitirnar með skrifum í blöðum þeirra, þar sem farið hefur verið slíkum óvirðingarorðum um aðalframleiðslustarf sveitabænda, að furðu gegnir. Virðist svo sem þeir séu búnir að kasta grímunni og séu ekki lengur aðeins dulbúnir óvinir sveitanna.

Bjarni Benediktsson: Ég er ekki nógu vel að mér um forsögu þessa máls, og því langar mig til að spyrja hv. formann Framsfl., hvort það sé ekki rétt, að sá flokkur hafi átt fulltrúa í n. þeirri, sem undirbjó þetta frv. Ef frv. er móðgun við bændur, hefur þá fulltrúi Framsfl. einnig tekið þátt í þeirri móðgun, eða gerði hann þann fyrirvara, að frv. yrði ekki einungis látið ná til kaupstaðanna? Þá vil ég spyrja, hvort þetta sé ekki þriðja þingið að minnsta kosti, sem hefur frv. til meðferðar, og hvort það sé ekki rétt, að því hafi jafnan verið tekið vinsamlega af Framsfl. Og sé svo, hvernig getur það þá verið móðgun við sveitirnar nú?

Jónas Jónsson: Ég ætla fyrst að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. um málið, vegna þess að hv. 1. þm. Eyf. er ekki viðstaddur fyrir lasleika sakir, en hann hefur látið þetta mál mjög til sín taka.

Út af spurningu hv. 6. þm. Reykv. um það, hvort ekki hafi verið einn framsóknarmaður í þeirri þriggja manna n., sem hafði þetta mál til undirbúnings áður fyrr, get ég skýrt frá því, að sá maður var ekki skipaður af Framsfl. og starfaði á engan hátt í samráði við flokkinn. Starf hans í n. var hans einkamál. En þegar þetta mál kemur hér fram og Framsfl. hefur aðstöðu til að hlutast til um það, þá ákveður hann að samþ. þessa till. hv. þm. Str. En að því er hv. 6. þm. Reykv. snertir, vil ég vona, að hann láti sér víti kommúnista að varnaði verða og bjargi sér af þeirri hálku, sem hann er kominn út á ásamt þeim.

Bjarni Benediktsson: Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. S.-Þ., hvort sá framsóknarmaður, sem átti sæti í n., hafi ekki framið móðgun við sveitirnar, þó að hann hafi ekki beinlínis verið skipaður í n. af flokknum. Þetta var raunar góður flokksmaður og gamall frambjóðandi flokksins. En getur flokkurinn framar tekið slíkan fjandmanna sveitanna í trúnaðarstöður?

Páll Hermannsson: Í sambandi við þau orð hv. 6. þm. Reykv., að framsóknarmaður hefði verið í n. þeirri, sem undirbjó frv., detta mér í hug fyrri hugleiðingar mínar, er ég sá þetta frv., þar sem um er að ræða orlof til handa því fólki, sem vinnur hjá öðrum. Kostnaðarhlið málsins hefur auðsjáanlega ekki verið þeim, sem undirbjuggu það, neitt vandamál, því að þar er vísað á aðra til að bera kostnaðinn, sem sé vinnuveitendur. Þar með var aðalvandinn leystur. Nú datt mér það í hug, að fólk í sveitum hefði síst við betri vinnukjör að búa en menn, sem í kaupstöðum búa, en að því er sveitirnar snertir, var ekki eins auðvelt að benda á þann, sem kostnaðinn skyldi bera. Þó hefur nú það undarlega gerzt, að menn hafa komið auga á þann, sem hægt væri að koma kostnaðinum á, sem sé ríkissjóð. En þegar búið er að finna þennan aðilann, sem örðugast var að finna, þá gerist það, að ekki finnst það form, er menn geta klætt málið í til þess að gera það að l. Einhver hv. þm. sagði í gær, að það væru undarleg vinnubrögð að geta ekki fylgt þessu frv. fram án þess að þurfa að tengja við það annað mál, orlof sveitafólks. Það má vera. En hitt eru ekki síður undarleg vinnubrögð, ef hv. þm. geta ekki komið sér saman um form, er þeir eru á annað borð orðnir sammála um sjálfan kjarna málsins. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að hv. þingd. viðurkenni öll, að málið eigi rétt á sér, en láti það falla á því, að þeim reynist um megn að finna hið rétta form. Því fer fjarri, að ég vilji amast við því, að fólk í kaupstöðum fái orlof. Ég vil sérstaklega minna á, að fólkið í kaupstöðunum verður fyrir rás viðburðanna fremur aðnjótandi þeirra hlunninda, réttinda og þæginda, sem þjóðfélagið getur veitt, en sveitafólkið. Eins er það, að aðstaða fólks í sveitum til að hafa gagn af ýmsum menningarstofnunum, svo sem skólum, sjúkrahúsum, rafmagni og menningarlegum ráðstöfunum til hreinlætis, heilsubótar o. fl., er takmarkaðri en aðstaða þeirra, sem dvelja í kaupstöðunum. En þessa er engu síður þörf í strjálbýlinu, þó að ekki sé hægt að veita því þangað. Það má því varast að bæta við þann mismun, sem er á kjörum vinnandi fólks í sveitum og í kaupstöðum, með því að veita kaupstaðafólkinu enn meiri hlunnindi, en láta þau ekki ná til vinnandi fólks í sveitunum.

Þó að nú á síðastliðnum tveimur árum hafi verið meiri eftirspurn eftir vinnufólki en vinnu, bæði í sveitum og kaupstöðum, þá verðum við að muna, að þetta ástand er nýtt, og það mun breytast aftur. Verkafólk úti á landi hefur ekki átt við betri vinnukjör að búa en verkafólk í kaupstöðum, og það má varast að bæta á þann mismun. Áður en langt líður, getur viðhorfið verið orðið það breytt, að vinna verði af skornum skammti í kaupstöðum og borgum landsins. En þá þyrfti að vera búið að búa þannig um hnútana, að fólkið fengist til að fara í sveitirnar, af því að vinnukjörin væru þar ekki þeim mun lakari en í bæjunum. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. d. komi ekki í almennilegt lagaform þeirri hugsjón, að sveitafólk eigi orlof sem annað fólk, fyrst hún viðurkennir, að sem mest jafnrétti eigi að vera um kjör verkafólks til sjávar og sveita.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (ÞÞ): Ég vil spyrja hv. þm. Str., hvort hann muni taka aftur brtt. sína.

Hermann Jónasson: Það hefur orðið samkomulag um að flytja frv. um sama efni og brtt.

mín er og jafnframt þá brtt. hv. 2. þm. Árn., svo að ég fellst á að taka hana aftur, enda virðist mér hæpið, að hún verði samþ., og ég vil ekki, að málið strandi á formsatriðum eingöngu.

Eiríkur Einarsson: Ég mun einnig taka mína brtt. aftur.

ATKVGR.
Brtt. 193 og 231 teknar aftur.
— 197,1.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 197,1.b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 197,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 162 felld með 9:5 atkv.
— 197,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.
Á 41. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég geri nú ráð fyrir, að þetta frv. fari til n. En ég vildi þó segja um það nokkur orð, áður en það fer til n. Ég hef kynnt mér nokkuð efni frv., en ekki getað sannfærzt um það, að það sé nauðsyn á að setja l. um það efni, sem frv. fjallar um. Ég viðurkenni þó fúslega, að því fólki, sem vinnur mikið að staðaldri, sé hollt og jafnvel nauðsynlegt að taka sér hvíld frá störfum með vissu millibili. Þar með er ekki sagt, að lagasetningar sé þörf um slíkt. Samkv. samningum og venjum, sem hafa skapazt hér á undanförnum árum, þá eru margir menn í þessu þjóðfélagi, sem fá slík frí eða orlof. Það mun þannig vera um marga opinbera starfsmenn og verzlunar- og skrifstofufólk yfirleitt og líklega flest það fólk, sem vinnur við iðnað. Sjómenn hafa einnig tryggt sér nokkurt frí með samningum. Og nokkur verkalýðsfélög hafa komið slíkum ákvæðum í samninga við vinnuveitendur. Ég tel ekki ástæðu til að ætla, að aðrir, sem eftir frv. eiga að njóta orlofs, geti ekki fengið þessi hlunnindi eða fríðindi án löggjafar.

Ef verkamenn yrðu spurðir um það, hverra aðgerða þeir teldu mesta þörf í atvinnumálum þjóðarinnar, býst ég við, að svar þeirra yrði á þá lund, að þeir teldu nú mest um vert að undirbúa þarfar verklegar framkvæmdir og gera yfirleitt allt, sem unnt er, sem gæti orðið til þess að tryggja heilbrigðan atvinnurekstur í landinu. Ef allir verkfærir menn gætu átt kost á nógri vinnu við nauðsynleg störf og borið úr býtum viðunandi tekjur fyrir vinnu sína, geta þeir vafalaust veitt sér frí og nauðsynlega hvíld frá daglegum störfum, án nokkurrar löggjafar um slíkt.

Það er mikil þörf á að taka til endurskoðunar fyrirkomulag á atvinnurekstri landsmanna, einkum stærri fyrirtækja. Hefur nokkuð verið rætt um það á þessu þingi í sambandi við þáltill., sem fram hefur verið borin, og þarf ég ekki hér að endurtaka það. Ég held, að til þess að tryggja heilbrigðan atvinnurekstur í landinu í framtíðinni þurfi að gera þá breyt., að í stað einstaklingsrekstrar hinna stærri fyrirtækja komi einhvers konar félagsrekstur verkafólks þess, sem við þessi fyrirtæki vinnur. Þegar svo væri komið, mundi kaupið verða eftir reglum, sem verkafólkið sjálft setti, og þá yrðu orlof ákveðin af fólkinu sjálfu með samþykktum þar um, án fyrirmæla um rétt þess og skyldur til þess að taka sér frí, eins og hér er lagt til, að sett séu í l. Það er skoðun mín, að samtök verkamanna og forvígismenn þeirra ættu að gera meira en þeir aðilar gera nú til þess að beina störfum sínum inn á þá braut að vinna að þessari fyrirkomulagsbreyt. í stað þess að miða aðgerðir sínar einkum við það að sækja verkafólkinu kaupgreiðslur og ýmiss konar fríðindi í hendur annarra manna.

Ég vil svo víkja nokkuð að efni þessa frv., sem hér liggur fyrir. Samkv. því er leyfilegt, eftir sem áður, að semja um meiri orlofsrétt heldur en ákveðinn er í frv., og að samningar um slíkt, er nú kunna að gilda, skuli gilda áfram. Hins vegar er ekki leyfilegt að gera samninga um minni orlofsréttindi heldur en þarna eru ákveðin. Þetta mun að vísu vera svona í nágrannalöndum okkar, þar sem sett hefur verið slík löggjöf. En ef það er ekki leyfilegt að gera samninga um minni orlofsrétt heldur en þarna er ákveðið í frv., þá sýnist samræmi í því, að ekki mætti heldur semja um hann meiri.

Þá er framkvæmdin á þessum l., sem mér virðist, að muni verða nokkuð erfið á ýmsan hátt. Til þess er ætlazt, að ríkið gefi út orlofsmerki og orlofsbækur, sem eiga að vera til sölu hjá öllum póstafgreiðslum, og menn eigi að fá eina slíka orlofsbók á ári. Kostnaður við orlofsbækur og orlofsmerki á að greiðast úr ríkissjóði. Síðan er þetta hugsað þannig, að þegar kaupgreiðandi afhendir starfsmanni orlofsmerki, þá á hann (kaupgreiðandinn) að festa merkin í orlofsbækurnar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð um orlof, sem setja á, og skrifa eitthvað í bókina. Í reglugerð á að setja ákvæði um það, hvað þar eigi að skrifa. Í þessar bækur eiga vinnuveitendur einnig að rita vottorð um það, hvaða daga verkamaður skuli hafa til orlofs. Póstafgreiðslurnar í landinu eiga að greiða orlofsféð samkv. orlofsbókunum.

Mér dylst ekki, að mikill kostnaður yrði vegna þessara framkvæmda og mikil fyrirhöfn. Fyrirtæki, sem greiðir verkamönnum kaup, þarf að festa þessi merki í orlofsbækur og skrifa einhverjar yfirlýsingar. Fyrst þarf að reikna út, hvað orlofsféð nemur mikilli upphæð, og það kostar allmikla vinnu, því að reikna þarf út, hvað greitt hefði verið fyrir þann tíma, sem unninn er í eftirvinnu, eftir dagvinnutaxta. Og svo þarf að festa þessi merki inn í bækur. Hvaða ástæða er til þess að hafa framkvæmd þessa svona erfiða fyrir báða aðila? Er ekki skriffinnskan nóg í þessu landi nú þegar? Ef Alþ. telur rétt að setja l. um orlof, þá er vitanlega skylt að haga þau l. þannig, að framkvæmdin verði sem fyrirhafnarminnst öllum, sem þar eiga hlut að máli. Og er þá nokkur ástæða til þess, að ríkið gerist milliliður um greiðslu orlofspeninga á þennan hátt? Ég get ekki séð, að það sé nauðsynlegt. Vinnuveitendur hafa nú á hendi afhendingu kaups beint til verkamanna, og er ekki undan því kvartað. Er þá ekki hægt að trúa þeim

til þess að greiða orlofspeninga á sama hátt án þess að ríkisstofnanir séu látnar vera þar milliliðir? Á þann hátt væri miklu auðveldara að greiða þetta orlofsfé, að greiða það beint frá atvinnurekendum til verkamanna.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er upphaflega samið af meiri hl. milliþn., sem skipuð var til þess haustið 1941, og frv. var flutt, eins og sá nefndarmeirihluti gekk frá því, á Alþ. 1942. Á þskj. 245 frá fyrsta þinginu 1942 er að finna grg. þessa nefndarmeirihluta með frv. Hins vegar hefur Alþ. ekki átt þess kost að kynnast áliti minni hl. n., hafi það einhvern tíma verið gefið út; mér er ekki um það kunnugt. — Í grg. frá þessum nefndarmeirihluta eru birtar upplýsingar um þessi mál í nágrannalöndum okkar, og vil ég geta hér um nokkur atriði, sem þar er frá skýrt um þetta.

Þá er fyrst Danmörk. Það er sagt í þessari grg., að þar séu til l. um þetta efni frá 1938. Þar er ekki tekið tillit til vinnu, sem varir skemur en 6 daga, nema um hafnarverkamenn sé að ræða. Fólk, sem vinnur við landbúnað, öðlast þar fyrst rétt til orlofs með fullu kaupi, þegar það hefur unnið 25 vinnudaga samtals hjá sama vinnuveitanda.

Í Noregi eru ekki til sérstök l. um orlof, en í l. frá 1936 um vinnuvernd eru ákvæði um það efni. Þar eru siglingar, flugstarfsemi, landbúnaður í smærri stíl og opinber störf undanskilin ákvæðum laganna um orlof. Hafi maður unnið eitt ár samfleytt hjá sama vinnuveitanda, skal hann fá 9 daga orlof, og greiðist kaup fyrir þann tíma. Hafi hann unnið skemur en eitt ár, en þó lengur en 6 mánuði, á hann rétt til orlofs í hlutfalli við tímalengd. Fær hann þá 5 daga orlof fyrir 6 mánaða vinnu.

Í Svíþjóð eru til l. um orlof frá 1938. Vinnandi fólk þar, sem hefur haft á hendi stöðu sína 180 daga, á rétt til orlofs. Atvinna, sem ekki er aðalstarf viðkomanda, skapar ekki rétt til orlofs. Orlof reiknast þar einn dagur fyrir hvern almanaksmánuð, er viðkomandi hafði á hendi stöðu sína næsta almanaksár á undan. Nú er hirðing kvikfjár aðalstarf manns, og heimilast þá vinnuveitanda að greiða í stað orlofs upphæð samsvarandi þeirri, er hann hefði orðið að greiða orlofstímann.

Þá er að síðustu Finnland. L. gilda þar um orlof frá 1939. Þar skal orlof vera fyrir 6 mánaða starfstíma samfleytt 5 dagar, fyrir eins árs starfstíma samfleytt 9 dagar, og fyrir 5 ára starfstíma samfleytt 12 dagar. Verzlunar- og skrifstofufólk fær þar viku orlof, ef um er að ræða 6 mánaða samfleytt starf, og 2 vikur fyrir eins árs starf. Orlof veitist á tímabilinu frá 2. maí til 30. sept., nema um sé að ræða landbúnaðarverkafólk eða samkomulag sé um annað. Starfsmenn, sem ekki vinna samfleytt starf hjá sama vinnuveitanda, fá orlofsfé, sem nemur 20 daga kaupi fyrir 600 klst. vinnu — og svo orlofsfé fyrir fleiri vinnutíma. Samkv. þessu munu þeir, sem stunda lausavinnu, ekki fá orlofsfé fyrr en þeir hafa unnið a. m. k. 600 klst. hjá sama vinnuveitanda á einu ári.

Við þennan samanburð, sem byggður er á upplýsingum, sem birtar eru í áliti þessa nefndarmeirihluta, sem fram kom á fyrsta Alþ. 1942, þá kemur í ljós, að það er ætlazt til þess, að orlofsréttindi séu meiri og víðtækari hér heldur en í nágrannalöndum okkar. Hér á þetta að vera svo yfirgripsmikið, skilst mér, að hver, sem hefur mann í vinnu, þó ekki sé nema einn dag eða part úr degi, þá verði hann að kaupa orlofsmerki og festa það í bók með þar til heyrandi skriftum.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Þar var allmikið rætt í sambandi við þetta mál, á hvern hátt unnt væri að tryggja öðru fólki í landinu svipuð fríðindi frá störfum. Margt fólk hér á landi, sem ekki mundi njóta hlunninda eftir þessum l., ef frv. verður samþ., hefur þess engu minni þörf að fá frí frá sínum störfum. Svo er t. d. um fólk í sveit, sem ekki er í annarra þjónustu, það hefur svo miklum störfum að gegna, að það hefur ekki síður þörf þessa heldur en aðrir landsmenn, og er nú fram komið frv. í hv. Ed. um ráðstafanir til þess að létta undir með þessu fólki í þessu efni. Og það er eðlilegt, að slíkar till. komi fram í sambandi við þetta mál. Ég skal ekki að svo stöddu segja neitt um það, hvaða ráðstafanir nauðsynlegt er að gera í því efni, en vil segja, að verði lögfest álag á útborgað kaup, sem nemi 4%, eins og lagt er til í þessu frv., þá væri það að mínu áliti hliðstætt að ákveða með l. að leggja 4% ofan á útsöluverð landbúnaðarafurða á innlendum markaði, til þess að verja því fé sem orlofsfé handa því fólki, sem vinnur að framleiðslu á þeim vörum. Þetta teldi ég hliðstætt.

Ég vildi nú við 1. umr. málsins láta þessar aths. við frv. koma fram, áður en það fer til n.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég skal ekki teygja þessar umr. mikið. Mér finnst þó hlýða, eftir ræðu hv. þm. V.-Húnv., að minnast aðeins á frv. og þær aths., sem hann hafði fram að bera, sem allar í höfuðatriðum hnigu gegn hugmynd þeirri, sem í frv. felst. Mér skildist hv. þm. V.-Húnv. leggja á það mikla áherzlu, að óþarfi væri að festa með löggjöf rétt vinnandi fólks til orlofs, það mundi fást með samtökum og samningum eftir því, sem eðlilegt væri um það að semja. Ég skal að vísu játa, að opinberir starfsmenn og skrifstofufólk yfirleitt hefur fyrir löngu fengið samningsbundinn rétt til orlofs, sem má kalla, að sé orðin föst venja hér á landi eins og víða annars staðar. Verkamenn, sem erfiðisvinnu stunda og eru ófaglærðir, hafa fæstir fengið slík réttindi fyrr en á allra síðasta tíma. Hins vegar hafa faglærðir menn fengið fyrr orlof samkvæmt samningum. Prentarar, járnsmiðir og fleiri stéttir hafa fengið þau fyrir löngu.

Nú get ég ekki séð, ef það í sjálfu sér er sanngjarnt og eðlilegt, að allar vinnandi stéttir fái slík orlof, að óeðlilegt sé, að sett sé um það löggjöf. Það er einmitt leiðin, bæði hér og annars staðar, að þegar viss stefna er búin að ryðja sér til rúms með samningum og samtökum, sem beitt hafa sér fyrir umbótum, þá kemur oft löggjafarvaldið á eftir og lögfestir það, sem orðið er í þeim efnum og veitir réttinn fyllri og lætur hann ná til fleiri en öðlazt hafa hann með samningum. Því að það er alltaf svo, að eftir samningaleiðum öðlast ekki nema þeir samninga, sem tiltölulega sterk og þróttmikil samtök hafa. Hinir, sem hafa ófullkomnari félagssamtök um sín mál,

verða að bíða síðari tíma, þó að þörf þeirra sé jafnbrýn á umbótum og hinna, sem samningana hafa fengið vegna sinna samtaka. Eðli allrar löggjafar, sem til umbóta horfir, er sú að jafna aðstöðumun þjóðfélagsþegnanna, veita þeim rétt, sem minni máttar eru, til jafns við þá, sem vegna aðstöðu sinnar hafa getað öðlazt réttinn eftir samtökum í samræmi við eigin mátt. Mér finnst því, að hugmyndin, sem liggur til grundvallar þessu frv., sé ekki ámælisverð, heldur miklu frekar lofsverð og eðlileg. Og þar er ég á öndverðum meið við hv. þm. V.-Húnv. Ef ætti að færa út kenningu þá, sem hann flutti, mætti segja, að ekkert þyrfti að hlynna að samvinnufélagsskap bænda, þeir ættu að ná sínum takmörkum í samvinnufélagsskapnum með samtökum sínum án sérstakrar löggjafar. Að vísu starfaði sá félagsskapur bænda í mörg ár án sérstakrar löggjafar. En síðar var leitað til löggjafans til þess að fá fastari reglur settar um samvinnufélagsskap bænda. Og fyrir rúmum 20 árum voru sett l. hér á Alþ. um samvinnufélög, sem tryggðu rétt þessa þjóðnytjafélagsskapar betur en áður var. Ef sama stefna hefði verið uppi á baugi gagnvart þeirri lagasetningu þá eins og hv. þm. V.-Húnv. gerðist nú hér talsmaður fyrir gagnvart því frv., sem hér liggur fyrir, hefði mátt segja, að ekki væri nauðsynlegt að setja l. um samvinnufélög, því að bændur sjálfir og félagssamtök þeirra gætu komið þeim málum í gott horf án löggjafar. En ég tel, að slíkar undirtektir hefðu þó ekki verið sanngjarnar, og hvorki eðlilegt né sanngjarnt það, sem hv. þm. V.-Húnv. flytur hér gegn þessu frv.

Sami hv. þm. spurði að því, hvað verkamenn mundu helzt kjósa í atvinnumálum, ef þeir væru að spurðir, og sagði, að þá mundu þeir kjósa fasta og stöðuga atvinnu. Þetta er rétt. Sú ósk, sem bærist innst í brjósti hvers verkamanns, er, að þeir hafi stöðuga atvinnu og svo vel borgaða, að þeir geti séð fyrir sér og sínum. En jafnvel þó að atvinna verkamanna sé næg og kaup sæmilegt, svo að hægt sé fyrir þá að draga fram lífið, þá er í því efni að athuga, að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði. Og ef á að hlynna að menningu allra stétta þjóðfélagsins, þá þarf þjóðfélagið að styðja að því með skynsamlegri löggjöf að gefa mönnum færi á því að njóta lífsins betur, fá andlega menningu og uppeldi, ef svo mætti að orði komast. Og þáttur í því starfi er hóflegt frí frá störfum á þeim tíma, sem hlutaðeigandi menn geta bezt notað sér til upplyftingar og ánægju yfirleitt.

Það má að vísu segja, að íslenzkur verkalýður hafi að mestu leyti sótt rétt sinn sjálfur til vinnuveitenda og hafi yfirleitt ekki óskað eftir aðstoð þess opinbera í samningaumleitunum. Hins vegar gerir íslenzkur verkalýður og samtök íslenzkrar alþýðu kröfu um, að verkalýðsstéttin sé virt alveg á sama hátt og aðrar stéttir þjóðfélagsins, þannig að þeim sé með löggjöf, ef ekki er annars kostur, gefinn kostur á að njóta þess, sem lífið kynni að geta boðið öðrum stéttum þeim til upplyftingar og eðlilegrar hvíldar og aukinnar ánægju. Og sízt ætti það að vera eftir talið hér á hæstv. Alþ. Það er þó gullvæg regla að hjálpa sér sjálfur.

Hæstv. atvmrh. sagði í dag, að aðrar stéttir en bændur fengju vissulega hjálp. Nú er það upplýst, að um 20 milljónir króna voru greiddar úr ríkissjóði árið 1942 á afurðir bænda. Ég er ekki að telja þetta eftir, en hitt tel ég eftir, að fulltrúar þessarar stéttar skuli telja eftir fé til annarra stétta. Þetta vildi ég segja almennt um frv.

Viðvíkjandi þeim atriðum, sem hv. þm. V.-Húnv. minntist á, er því til að svara, að þetta frv. er sniðið eftir löggjöf á Norðurlöndum, og merkin, sem hv. þm. gagnrýndi, hafa reynzt vel og eins hér, þar sem þau hafa verið notuð.

Sami hv. þm. sagði réttilega, að mþn. hefði verið skipuð í þetta mál, og hefði meiri hl. hennar mælt með frv., en Alþ. hefði ekki átt þess kost að sjá álit minni hl., sem var hrm. Eggert Claessen. En ég get upplýst það, að milli hans og meiri hl. var aðeins um stigmun, en engan eðlismun að ræða. Minni. hl. vildi einnig láta lögfesta orlofsrétt manna, en vildi aðeins hafa orlofsféð lægra. Allir hinir fulltrúarnir í n. voru sammála um að mæla með þessari löggjöf, eins og frv. gefur til kynna, og ég álít fá frv. betur undirbúin en þetta. Og þótt ekki hafi ríkt full eining í n. um hundraðsgjaldið, þá var það deila um stigmun, en ekki eðlismun, eins og ég sagði áðan. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram vegna ummæla hv. þm. V.-Húnv. Nú mun frv. þetta fara til n., og mun síðar fást tækifæri til að ræða það nánar.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, aðeins vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. V.-Húnv.

Hann talaði um það, að Alþ. ætti ekki að grípa hér inn í frjálsa samninga verkamanna og atvinnurekenda. Þetta er nú dálítið kynlega mælt, þar sem flokksmenn þessa þm. hafa gengið lengra í því en aðrir að taka samningsrétt af mönnum með lögum. Nú koma þessir menn hér fram og þykjast fylgjandi frjálsum samningsrétti. Það virðist hafa orðið mikil hugarfarsbreyting hjá þessum mönnum, síðan gerðardómslögin voru sett.

Það gleður mig, ef það er svo, að hv. þm. hefur séð að sér og iðrazt eftir því illa verki, sem þá var unnið, og hefur séð, að það er ekki starf Alþ. að grípa inn í þessi mál með harðsnúnum l. En því miður gaf ræða hans áðan ekki til kynna neitt afturhvarf, því að andinn í henni virtist sá, að hann sæi blóðugum augunum eftir því, að verkamenn fengju þann rétt sinn tryggðan, sem felst í þessu frv.

Hann talaði um, að það, sem verkamenn mundu helzt kjósa, ef þeir mættu ráða, væri atvinna öllu framar. Vissulega er það rétt, að það öryggisleysi, sem yfir verkamönnum hefur vofað í þessu efni, er óþolandi. En að stilla þessu upp á móti því vinsæla máli, sem hér er á döfinni, er verkamönnum ábyggilega ekki í hag.

Þá þótti hv. þm. ósamræmis kenna í því, að í frv. er gert ráð fyrir, að semja megi um lengra orlof en 12 daga, en hins vegar ekki um styttra orlof. Þetta var þyrnir í augum hv. þm.

Hér er beint verið að halda fram sjónarmiði atvinnurekandans. Því ef semja mætti um styttra orlof, þá væri tilgangslaust að setja þessi l. Þau

yrðu þá alveg gagnslaus. Það er vitanlegt, að frv. þetta, ef að l. verður, hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnurekandann, og því er tilgangslaust að gera það úr garði með smugum til að smjúga út um í þessu efni. Með því móti er verið að eyðileggja það.

Þá talaði hv. þm. um þá fyrirferð og þá skriffinnsku, sem þetta fyrirkomulag hefði í för með sér. Það verð ég nú að segja, að broslegt er að heyra þá framsóknarmenn tala um skriffinnsku. En ég skal nú ekki fara nánar út í það. Vissulega færi bezt á því, að þetta yrði sem fyrirhafnarminnst í framkvæmdinni, og það væri mikill galli, ef svo væri ekki. En þessu er ekki til að dreifa, það er alls ekki rétt, að hér sé á ferðinni mikil skriffinnska eða aukafyrirhöfn. Þessi fullyrðing sannar aðeins það, að verið er að vinna á móti þessu nauðsynjamáli. Í sambandi við skriffinnskuna kastaði hv. þm. því fram, hvort ekki væri betra að greiða orlofsféð beint út. Oft yrði þá lítið úr því, að orlofsféð væri greitt út, ef í hlut ættu óstöðulitlir verkamenn eða harðsnúnir atvinnurekendur, sem hefðu ráð verkamannanna í hendi sér. Þá þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja, að ekki væri farið í kringum greiðsluna.

Ég vil vara við þessum sjónarmiðum.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Ég get ekki annað sagt en mér hafi fundizt kenna nokkurs misskilnings í ræðu hv. þm. V.-Húnv., því að það er svo, að þetta frv., er hér liggur fyrir, er að miklu leyti þegar komið í framkvæmd; þó hafa menn ekki fengið nema 6 daga orlof í stað 12, sem gert er ráð fyrir í frv.

Um hin sérstöku merki er það að segja, að þau þykja þægilegri en miðarnir og eru látin samsvara þeim tíma, er maðurinn hefur unnið.

Það er einkennilegt, að frv. þetta skuli sæta hér mótspyrnu, þegar stærstu atvinnurekendurnir eru búnir að ganga inn á það í aðalatriðunum að veita verkamönnum 12 daga orlof eða leyfi. Og þegar þessu er svo komið, þá finna allir menn, að það er réttlátt, að þessi hlunnindi nái eins til þeirra, er eiga erfiðara með að gera samninga en hin stærri verkamannafélög. Einnig er það ranglátt gagnvart atvinnurekendunum, að á einum stað verða þeir að veita orlof, en á öðrum stað sleppa þeir við það. Þeir standa þannig ekki jafnt að vígi. Þetta verður að ganga jafnt yfir alla, en undanfarið hefur það verið þannig, að fastamenn allir hafa fengið allt upp í 12 daga sumarleyfi á sama tíma og lausamenn á sama stað hafa ekkert leyfi fengið. Þetta er augljóst óréttlæti.

Þá langar mig til að fara fáeinum orðum um mismuninn á framkvæmd vinnulöggjafar og t. d. afurðasölulögunum, sem sett voru til verndar atvinnu bændanna, eins og löggjöf um vinnu til verndar hagsmunum verkamanna. Þegar við hér á árunum vorum að berjast fyrir bættum kjörum við höfnina, þá var lögreglan kölluð til að vernda verkfallsbrjótana á sama tíma og þeir, sem brutu afurðasölulögin, voru látnir sæta ábyrgð. M. ö. o., annar lögbrjóturinn var verndaður af lögreglunni, á meðan farið var með hinn í tugthúsið. Þetta er dálítið fróðlegur samanburður, þegar verið er að tala um baráttu verkamanna fyrir bættum kjörum.

Að endingu þetta: Þegar báðir aðilar þessa máls eru búnir að koma sér saman um það í aðalatriðum, þá finnst mér siðferðisskylda Alþ. að verða við ósk þeirra.

Gísli Guðmundsson: Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. landsk. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning í síðustu ræðu hans, sem mun stafa af því, að hann hefur ekki athugað nægilega sitt mál. Það eru til ákvæði um þetta efni í l. um stéttarfélög og vinnudeilur. (SG: Ég var að tala um það, sem hefði verið áður). Samkv. þeim ákvæðum er atvinnurekanda óheimilt, þegar vinnustöðvun stendur yfir, að taka verkamenn í vinnu úr því félagi, sem vinnustöðvunina hefur gert.

Eysteinn Jónsson: Ég skal nú ekki tefja þessa 1. umr. lengi. Ég vil aðeins segja það, að mér finnst allir launamenn í landinu hafa tryggt sér sumarfrí, sem byrjaði hjá verzlunarmönnum, og er það ekki ólíkt því, sem farið er fram á í þessu frv.

Aðalbreytingin frá því, sem var, er sú, að þeir, sem ekki hafa samningsbundið sumarleyfi, verða þess nú einnig aðnjótandi. Þar sem þetta því er orðin almenn regla, þá er ekki von, að menn verði ánægðir fyrr en hún gengur jafnt yfir alla. Ég tel þetta því réttlátt. Ef þessu frv. væri vísað frá, þá leiddi það aðeins til þess, að þeir, sem lakast eru settir, fengju ekkert sumarleyfi, en hinir fengju það áfram eins og hingað til. Ég tel því eðlilegt, að allir komi hér á eftir verzlunarfólki, sem fyrst fékk þessi réttindi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 309, 330).

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Á Alþ. varið 1941 var samþ. þál. um skipun mþn. til að undirbúa löggjöf um orlof vinnandi fólks. Þegar þáltill. þessi kom fram, var henni vísað til allshn. Sþ., og samdi hún upp úr henni þáltill. þá, sem samþ. var, og var hún á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að leita tillagna verkalýðs- og vinnuveitendasamtakanna svo og Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands um undirbúning löggjafar um orlof vinnandi fólks í landinu til sjávar og sveita frá störfum á vissum tímum árs. Leggi ríkisstj. málið síðan fyrir næsta Alþingi í því formi, sem henni þykir henta.“

Samkvæmt þessari ályktun Alþ. var þann 17. okt. 1941 skipuð 5 manna mþn. af félmrn. Einn var skipaður eftir tillögum Alþýðusambands Íslands, annar eftir till. Vinnuveitendafél. Íslands, þriðji eftir till. Búnaðarfélags Íslands, fjórði eftir till. Fiskifélags Íslands og sá fimmti, sem var form. n., var skipaður af félmrh. án tilnefningar. Þessi mþn. starfaði nokkurn tíma og sá

félmrn. henni fyrir gögnum, sem veittu allar upplýsingar um sams konar löggjöf á Norðurlöndum. N. lauk síðan störfum og skilaði sameiginlegu áliti nema fulltrúi Vinnuveitendafélags Íslands, sem skilaði minni hluta áliti og lagði til, að lægri hundraðshluti af kaupi verkafólks yrði greiddur í orlofsfé en meiri hluti mþn. hafði lagt til. Um það leyti, sem mþn. lauk störfum, urðu breytingar á ríkisstjórninni þannig, að eftir það var enginn sérstakur félagsmálaráðherra. Á fyrra þinginu 1942 var svo borið fram frv. til l. um orlof, eins og meiri hluti mþn. hafði gengið frá því. Frv. dagaði þá uppi, en var nú aftur tekið upp í Ed. á þessu þingi. Frv. hefur nú verið athugað ýtarlega í Ed., og voru þar gerðar á því nokkrar breyt., og var það síðan afgr. frá d. nú fyrir skömmu með atkv. manna af öllum flokkum. Allshn. Nd. hefur nú athugað frv. og leggur öll til að það verði samþ. óbreytt, enda hefur það verið athugað áður rækilega, bæði af mþn. og n. í Ed.

Ég þarf ekki að rekja hér efni frv. Höfuðatriði þess eru, að vinnandi fólki til sjávar og sveita skuli greiddur í orlofsfé ákveðinn hundraðshluti af því kaupi, sem það hefur unnið fyrir næsta ár á undan. Við 1. umr. þessa máls gat ég þess, að það hefði tíðkazt hér á landi um langt skeið, að opinberir starfsmenn, skrifstofufólk, iðnaðarmenn og annað þjónustufólk hafi fengið orlof á ári hverju með fullu kaupi. Þetta fólk getur ekki nógsamlega lofað þessi hlunnindi og telur þau mikla hagsbót fyrir sig. Það má bæta því við, að atvinnurekendur, sem hafa fólk í þjónustu sinni, munu vera þeirrar skoðunar, að það sé til góðs, að fólkið fái upplyftingu frá vinnunni. Það er engum blöðum um það að fletta, að sé slík hvíld notuð skynsamlega, er hún fólkinu eðlileg og nauðsynleg breyting frá hversdagslífinu og þar að auki til menningarauka, ef vel er á haldið. Fólk, sem notið hefur slíkra orlofa, hefur átt þess frekari kost að skoða okkar fagra land og gæur þannig aukið sjóndeildarhring sinn, víðsýni sína, og þekkingu á landi og þjóð. Það má því segja, að hugsjónin um orlof sé hvort tveggja í senn, réttlát frá sjónarmiði almennrar heilbrigði og almennrar menningar í landinu. Það er líka svo, að þetta er viðurkennt og var orðið viðurkennt í öllum menningarlöndum fyrir stríðið og það allvíðtækara heldur en hefur verið til þessa hér á landi. Eins og vikið var að við 1. umr., hafa þau ríki, sem lengst voru komin hér í álfu fyrir stríðið í félagslegum umbótum, komið á hjá sér slíkri löggjöf með góðum árangri. Ísland varð á eftir hinum Norðurlöndunum í þessum efnum, en hefur þó tekið risaskref á seinustu árum í félagsmálalöggjöfinni. Eina skrefið, sem óstigið er í þessum efnum, er löggjöf um orlof. Þess vegna væri næsta eðlilegt, að við nú stigjum þetta skref og létum það ekki lengur bíða. Ég vil þess vegna vænta þess, að þessi hv. d. mæti með sama skilningi því frv., sem hér liggur fyrir, eins og hv. Ed. hefur gert. Ég þarf ekki að rekja efni frv. frekar, enda liggur það mjög ljóst fyrir og hefur vafalaust verið lesið af öllum hv. þm. Allshn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir. Tveir hv. þm. hafa borið fram brtt. við frv. sem eru á þskj. 330, en þeim var úthýtt á þessum fundi. Höfuðatriði þessara brtt. virðist mér vera skipulagið um orlofsmerkin, sem frv. gerir ráð fyrir. Án þess þó að hafa verulega heyrt grg. flm. fyrir brtt., nema hvað ráða mátti af ræðu hv. þm. V.-Húnv., sem er annar flm. brtt., við 1. umr., vill allshn. leggja á móti því, að þessar brtt. verði samþ. Skipulagið um orlofsmerkin hefur verið reynt, frá því er löggjöfin á Norðurlöndum var sett, og hið sama má segja um þetta hér á landi, síðan samningar um orlof verkamanna komust á. Orlofsmerkin hafa gefizt vel í framkvæmdinni á Norðurlöndum, og engin ástæða er til að ætla, að öðruvísi fari hér. Þetta mál hefur verið rætt nokkuð við póstmálastjórnina, og telur hún, að engin vandkvæði ættu að verða á framkvæmd þessa máls frá hennar hálfu. Ég held, að frá hálfu atvinnurekenda eða orlofsþiggjenda ættu ekki heldur að vera nein vandkvæði á að nota þetta skipulag. Ég sé ekki, að það sé verra fyrir atvinnurekendur að hafa með höndum slík merki og slíkar orlofsbækur heldur en það er og hefur verið fyrir ýmsa menn að hafa með höndum stimpilmerki og þurfa að nota þau.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar, en vildi aðeins láta þessi orð falla um brtt. Ég vil svo vænta þess, að hv. d. geti orðið sammála um að afgr. frv. óbreytt.

Skúli Guðmundsson: Ég flyt ásamt hv. þm. A.-Húnv. nokkrar brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 330. En þó að þessar brtt. okkar séu í 9 liðum, þá má segja, að hér sé aðeins lagt til að gera eina breyt. á frv. Breyt., sem við viljum gera á því, er sú að fella úr frv. ákvæðin um, að það skuli gefa út orlofsbækur og orlofsmerki og að orlofsfé skuli greitt með þessum merkjum. Hinar 8 brtt. eru bein afleiðing af þessari einu, og eru því allar breyt. um þetta efni. Till. okkar raska í engu aðalefni frv., þær raska á engan hátt því, að menn skuli fá orlof og orlofsfé greitt. Verði okkar till. samþ., verður orlofsféð greitt í peningum um leið og vinnulaunin, en ekki með þessum merkjum. Hér er því aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða. Þetta mundi gera alla framkvæmd auðveldari, en kemur þó að sömu notum fyrir þá, sem eiga að njóta þessara hlunninda, verkamennina. En þetta hefur þann kost, að það sparar fyrirhöfn og sparar ríkissjóði mikil útgjöld. Merkin og bækurnar hljóta að kosta mikið fé, og ég efast um, að allshn. hafi gert sér ljóst, hvað mikinn kostnað þetta muni hafa í för með sér, — ég gæti trúað, að það yrðu tugir, ef ekki hundruð þúsunda kr. Þeir menn, sem yrðu að fá þessar bækur, skipta sjálfsagt tugum þúsunda, og merkin hljóta að kosta allmikið fé. Við lítum svo á, að það sé óverjandi að eyða slíku fé að þarflausu. Það fé, sem eyðist á þennan hátt, kemur engum að gagni, hvorki verkamönnum né öðrum. Það er aðeins eitt, sem menn hafa reynt að færa því til stuðnings, að rétt sé að hafa það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, sem sé það, að með því væri fé lagt til hliðar til notkunar síðar. En ég held, að það sé engin hætta á því, að verkamenn fari að eyða þessu fé öðruvísi en til er ætlazt, þó að þeir fengju það greitt með kaupi sínu. Ég er þess fullviss, að

meiri hl. verkamanna er treystandi til þess að draga þetta fé saman og nota það sér til upplyftingar eins og til er ætlazt, þó að það sé ekki á þennan hátt tekið úr þeirra höndum. Ég veit að vísu, að til eru innan verkamannastéttarinnar eyðslusamir menn og ráðlitlir, eins og sjálfsagt í öllum stéttum. En ég vil bara benda á það að það er alls ekki meiri vissa fyrir því, að þeir menn noti féð á skynsamlegan hátt, þó að þeir fái það greitt einu sinni á ári heldur en þó að þeir fengju það greitt í fleiri pörtum. Slíkum mönnum, sem ekki kunna með fé að fara, verður ekki bjargað með ákvæði sem þessu. Við höfum heyrt raunalegar sögur um unga menn, sem hafa unnið sér inn stórfé síðan stríðið hófst, en eru svo miklir ráðleysingjar, að þeir eiga ekki einn eyri til eftir þetta uppgripatímabil, og þeim verður náttúrlega ekki bjargað, þó að orlofsfé yrði greitt með merkjum eða andvirði þeirra einu sinni á ári. Hugsum okkur einn slíkan mann, sem fer svona gálauslega með fjármuni sína og notar þá til þess að lækka sjálfan sig andlega og líkamlega. Hugsum okkur, að hann eftir að þetta yrði að l., eignaðist orlofsbók og fengi merki í hana, síðan ákveður hann að fara í orlof, fer með bókina á pósthúsið og fær greitt andvirði merkjanna. Það segir sig sjálft, að slíkur maður gæti ekki farið í sumarfrí án þess að fá sér á nestispelann, þess vegna er það hans fyrsta verk hér á eftir að ná sér í vín, og hann þarf að rannsaka vínföngin, áður en hann fer í ferðalagið. Þetta endaði svo e. t. v. með því, að hann yrði „tekinn úr umferð", sem svo er kallað, og eyddi orlofstímanum þannig á allt annan hátt en til er ætlazt. Þetta er ekki annað en það, sem við getum búizt við, þegar slíkir menn eiga í hlut, sem ekki kunna fótum sínum forráð í fjárhagsmálum eða öðru. Ég held, að þessum mönnum væri á engan hátt betur borgið, þó að þeir fengju orlofsféð greitt einu sinni á ári, heldur en þó að þeir fengju það í fleiri skömmtum. En þeir menn, sem eru ráðdeildarsamir, mundu vitanlega draga þetta fé saman og nota það sér til upplyftingar, eins og til er ætlazt með frv. Ég er viss um það, að ef menn athuguðu brtt. okkar hv. þm. A.-Húnv. hleypidómalaust, þá kæmust þeir að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt að samþ. þær. Með þeim er á engan hátt skert aðalatriði frv. um orlof og orlofsfé, með þeim á aðeins að koma í veg fyrir það, að mikið fé fari í súginn algerlega að þarflausu. Ég hefði fyrir mitt leyti talið æskilegt, ef hv. allshn. hefði viljað taka þessa till. okkar til athugunar, að þessari umr. yrði frestað um einn dag eða svo, því að brtt. okkar var útbýtt nú á fundinum. Málinu ætti að vera jafntryggur framgangur fyrir því. Ég vil taka það fram, að þessi till. er ekki borin fram til þess að hindra eðlilega meðferð málsins á þinginu. Málið er komið það langt áleiðis, að það á að vera tryggt, að það geti gengið fram, ef þingvilji er fyrir því, — hins vegar álítum við nauðsynlegt að gera þessa lagfæringu á frv.

Sigurður Guðnason: Mér finnst gæta dálítils misskilnings hjá hv. þm. V.-Húnv. Ég ætla ekki að fara að deila við hann um það, hvort menn, sem hafa 4% hærra kaup, fari frekar á fylliri. Það er allt annað mál. En við skulum athuga t. d. með fasta starfsmenn. Það væri áreiðanlega óheppilegra fyrir þá að fá hærra kaup alla mánuði ársins en fá svo ekkert kaup þann tíma, sem þeir eru í frí. Alveg hið sama er að segja um verkamennina; það mundi koma sér mjög illa fyrir þá að fá ekkert kaup þann tíma, sem þeir eru í sumarleyfi sínu. En væri þessi brtt. samþ., þá þýðir hún aðeins 4% kauphækkun og ekkert annað. Það er líka áreiðanlegt, að verkamönnum mundi reynast miklu erfiðara að skipta verkakaupi sínu og leggja til hliðar heldur en að þetta væri haft eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég held því, að það væri ekki til bóta að samþ. þessa brtt. þeirra hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. V.-Húnv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég þarf fáu einu að svara af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði til stuðnings brtt. sinni, því að hv. 1. landsk. þm. hefur nú þegar svarað því að verulegu leyti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni taka það fram, að þar sem hv. þm. V.-Húnv. hreyfði þessum andmælum gegn orlofsmerkjunum við 1. umr. og engar raddir komu fram í allshn. um að breyta þessu ákvæði frv., tel ég ástæðulaust að fresta málinu út af þessum brtt. Ég vil aðeins vona, að þær nái ekki fram að ganga.

Út af því, sem sami hv. þm. sagði um það, hvort n. hefði athugað, hvað slíkar orlofsbækur mundu kosta, þá get ég sagt það, að það hefur ekki enn verið gert. En það mun nokkuð orðum aukið, að þessi kostnaður muni nema tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda. Við þekkjum nokkuð svipað form, t. d. í sjúkrasamlögum, þar hefur hver sína bók, og prentun slíkra bóka er tiltölulega mjög ódýr. Orlofsmerkin, sem ráð er fyrir gert, held ég að séu líka kostnaðarlítil, án þess að ég geti beint sagt um, hvað þau kosta. Þau mundu verða prentuð í svo stóru upplagi í upphafi, að þau mundu endast í langan tíma, og væri hér því um eins konar stofnkostnað að ræða, sem ríkið yrði að inna af höndum. Einstakir hv. þm. hafa vikið að því, hvort fastir starfsmenn ættu að fá ákveðinn hundraðshluta af kaupi sínu. Þetta er skýrt fram tekið í 4. málsgr. 4. gr. frv., og geta hv. þm. því áttað sig á því, þessir menn fá því ákveðinn tíma á árinu og eru á fullu kaupi, án þess að nokkur hundraðshluti komi ofan á kaupið. Þetta vildi ég taka fram, svo að það gæti ekki valdið misskilningi.

Jón Pálmason: Mér fannst koma fram sá misskilningur hjá tveim síðustu ræðumönnum, að það mundi skerða rétt verkalýðsins, ef brtt. okkar hv. þm. V.-Húnv. væru samþ., en svo er alls ekki. Það er augljóst, að hver verkamaður mundi njóta þeirra réttinda, sem þetta frv. ætlast til, hvort till. okkar yrðu samþ. eða ekki. Það er svo í okkar opinberu starfsemi, að það virðist vera sótzt eftir því að gera framkvæmdina miklu flóknari en þörf er á. En það, sem fyrir okkur vakir, er að fyrirkomulagið með þessa orlofspeninga verði sem einfaldast og heppilegast fyrir báða aðila. Ég sé ekki heldur, að orlofsmerkin tryggi það á neinn hátt, að þetta fé verði notað til skemmtiferða, en alls ekki til annars. Það er því augljóst mál, þegar hlutaðeigandi verka-

maður er búinn að fá peninga út á merki sín, þá getur hann alveg eins notað þá til annarra þarfa en til skemmtiferða, ef hann vill það, og mér sýnist ekki þörf á því að útiloka það á neinn hátt, enda er það ekki hægt, hvort fyrirkomulagið, sem haft er.

Ég vildi aðeins segja þessi orð til þess að fyrirbyggja þann misskilning, sem komið hefur fram, að þetta væri borið fram til þess að rýra rétt þeirra manna, sem eiga að njóta góðs af þessum l. Þar sem hv. frsm. sagðist ekki sjá ástæðu til þess að fresta málinu, getum við gengið inn á að taka brtt. aftur til 3. umr., og fær þá n. í heild tækifæri til þess að segja álit sitt um till.

ATKVGR.
Brtt. 330 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 249, 330).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 330,1 felld með 15:10 atkv.
— 330,2—9 teknar aftur.
Frv. samþ. með 19:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 399).

---

34. Búfjártryggingar.

Á 12. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um búfjártryggingar (þmfrv., A 60).

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru ekki nema að nokkru leyti nýmæli, vegna þess að til eru l. frá 1928 um búfjártryggingar og hafa þannig verið í gildi í 14 ár, en hafa ekki komið enn til framkvæmda. Sýnist því fullreynt, að l. í þeirri mynd, sem þingið gekk frá þeim, kemur ekki að notum. En þar sem við flm. lítum svo á, að hér sé um merkilegt nauðsynjamál að ræða, höfum við talið rétt að gera tilraun til að skipa málunum nokkuð á annan veg, ef verða mætti, að það hlyti frekar en áður hylli almennings, svo að menn vildu nota sér þau ákvæði og koma á búfjártryggingum. L. frá 1928 mæla svo fyrir, að í hverjum hreppi væri búendum heimilt að samþ. að stofna búfjártryggingarsjóð. En það var með það eins og önnur samþykktarlög, að það skilyrði var sett, að ákveðinn meiri hl. þyrfti að samþ. að koma á slíkum sjóði ásamt ýmsum fleiri skilyrðum. En reynslan hefur þarna orðið svipuð og t. d. með brunabótatryggingu sveitabæja, sem voru í gildi í nærri því 20 ár, og á þeim tíma hafði aðeins örlítið brot af hreppum landsins notað sér þau. Þessi l. hafa steytt á sama skerinu, að ekki hefur orðið samkomulag í hreppunum um að koma þessari skipan á. Ekki hefur skort áhuga einstakra manna, en það nægir ekki, þar sem ákveðinn meiri hl. búenda þarf.

Af þessum ástæðum er það, að við flm. leggjum til, að hér sé breytt um að nokkru, og við leggjum fyrst og fremst til, að skylt sé að tryggja kynbótabú, sem starfa með styrk frá því opinbera og eiga að vera, ef svo mætti segja, til hagsbóta fyrir bændur almennt. Í öðru lagi séu tryggðir gripir, sem hlotið hafa viðurkenningu. Það, að við viljum koma á skyldutryggingu á þessum tveimur flokkum búfjár, er af því, að við teljum, að þessir gripir séu verðmætari en annað búfé, og auk þess leggjum við þetta til með það fyrir augum, að þar með sé fenginn stofn, sem eigi sinn þátt í því, að þessi tryggingarstofnun kemst á fót. Að öðru leyti leggjum við til, að þessar tryggingar verði frjálsar.

Við höfum sniðið þetta frv. að því leyti eftir gömlu l., að ekki er gert ráð fyrir, að sauðfé og hross séu yfirleitt tryggð, því að við lítum svo á, að meðan fjárpestirnar geisa og ekki hefur verið gengið betur frá fóðurtryggingunum en gert hefur verið enn, sé það ekki tímabært. Hins vegar höfum við bætt við nýjum lið, sem er ekki í gömlu l. Það er slysatrygging. Það kemur fyrir hér um bil á hverju ári, að menn frétta um fjárskaða. Það er alls ekki dæmalaust og hefur meira að segja oft komið fyrir, að bændur hafi misst svo að segja allt fé sitt á einni nóttu. Þeir, sem þekkja þetta, vita, að þetta tjón getur verið engu minna en þótt bærinn brynni, en getur oft verið meira. Löggjafinn hefur litið svo á, að brunatjón væri svo alvarlegt, að honum bæri að taka það mál í sínar hendur, og hefur því fyrirskipað skyldutryggingu gegn bruna á öllum íbúðarhúsum. En tryggingu búfjár gegn slysum hefur ekki verið hægt að fá, þó að menn hefðu viljað. Það er því að nokkru vegna samræmis í þessum efnum, að við töldum rétt að gera þessa tilraun og heimila mönnum að tryggja fé sitt gegn slysum, hvort sem það er vegna ofviðra, eða það flæðir í sjó eða annað þess háttar.

Í gömlu l. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram til búfjártrygginga 300 þús. kr. sem nokkurs konar stofnfé. En þótt l. hafi mælt þannig fyrir, hefur þetta aldrei verið nema á pappírnum, af því að með lagasetningu frá 1932 var svo ákveðið, að þessi þáttur l. kæmi ekki til framkvæmda, og er því þessi sjóður enn ekki til nema á pappírnum. Nú leggjum við til, að ríkissjóður greiði þessa upphæð til búfjártryggingardeildarinnar, eins og ákveðið var í upphafi, og sé það fé baktrygging búfjártryggingadeildarinnar.

Loks leggjum við til, að Brunabótafélag Íslands hafi á hendi framkvæmdastjórn þessara trygginga. Brunabótafélagið er nátengt landbúnaðinum og sér um tryggingar hans og er að nokkru leyti ríkisstofnun. Það á því að geta tekið að sér þessa grein með tiltölulega mjög litlum aukakostnaði. Það hefur sína starfsmenn, sem geta starfað að þessu, og mun það því ekki valda félaginu teljandi útgjöldum, þó að þessari deild sé bætt við, og hefur það sína þýðingu, ekki síst, meðan deildin er að koma fyrir sig fótunum.

Ég hef þá í stuttu máli reynt að gera grein fyrir þeirri hugsun, sem er á bak við þetta. Ég vænti, að d. taki málinu vel, og óska, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 13. og 14. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 15. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 60, n. 161).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Ég hef við 1. umr. þessa máls gert ýtarlega grein fyrir frv., og er engin þörf á að endurtaka það. Nefndin hefur farið yfir frv. og gert á því nokkrar smávægilegar breyt. Helztu breyt. eru þessar: Í fyrsta lagi, að ef eitthvert ár verður svo mikið tjón af slysum, að iðgjöldin hrökkva ekki til, skal það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr búfjártryggingasjóði deildarinnar og ríkissjóði, en í frv. var gert ráð fyrir, að þetta fé skyldi allt greiðast úr ríkissjóði. Í öðru lagi var gerð breyt. á 9. gr., — þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 300 þús. kr., þá er gert ráð fyrir því í brtt., að þetta fé greiðist á þrem árum.

Mér finnst að öðru leyti ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál, þar sem ég hef áður gert svo rækilega grein fyrir því. Það er ánægjulegt fyrir bændur, að slíkar tryggingar komist á, svo að þeir geti fengið skaða sinn bættan án þess að þurfa að leita til Alþ. í hvert sinn. Það er ekki nema eðlilegt, að ríkið taki þátt í þessu, þegar um mikið tjón er að ræða. Það má búast við, að leitað yrði til Alþ., ef slíkt kæmi fyrir, og þá er eðlilegra að fara þá leið, sem til er ætlazt í frv. Það er ekki nema eðlilegt, að menn vilji tryggja búpening sinn eins og aðrar eignir, og vænti ég þess, að d. taki málinu vel og það geti fengið greiða afgreiðslu á þessu þingi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mig langar til að fá upplýsingar um nokkur atriði frá hv. n. Í frv. er gert ráð fyrir, að tryggja skuli kynbótanaut og kynbótahesta, er njóta styrks af opinberu fé og eru til félagslegra afnota. Nú njóta naut og hestar, sem hafa fengið I. og II. verðlaun, styrks af opinberu fé, en ekki þau, sem ekki hafa fengið III. verðlaun. Nú geta naut ekki fengið I. eða II. verðlaun yngri en tveggja ára, og hestar ekki yngri en þriggja. Er það þá ætlunin, að þau verði ótryggð fram að þeim tíma? Og á fjöldinn, sem hefur ekki fengið nema III. verðlaun eða alls engin, að vera ótryggður?

Þá er tekið fram í frv., að ekki megi tryggja eldri naut en 12 vetra, ekki eldri hesta en 18 vetra og ekki eldri hrúta og ær en 6 vetra. Á hverju er það byggt, að ekki má tryggja eldri dýr? Nú er það vitað, að góðir kynbótagripir eru oft látnir verða mun eldri en hér segir, — og því þá ekki að tryggja þá allan þeirra aldur?

Þá langar mig til þess að fá að vita, hvernig þeir hugsa sér, að bændum verði veittar bætur fyrir skepnur, sem deyja af slysum. Erlendis er það ekki siður að veita slíkar bætur, nema fyrir liggi vottorð frá dýralækni um dauðamein dýrsins. Í strjálbýli okkar er hins vegar ómögulegt að ná alltaf í slík vottorð, og hafa tilraunir til að koma á búfjártryggingum áður strandað á þessu. Ég vildi því vita, hvernig n. hefur hugsað sér að hafa þetta, því að dauðamein geta verið ærið margs konar, og í tryggingarfélögum erlendis eru bætur ekki veittar, ef rekja má dauðameinið að einhverju leyti til meðferðar manna á dýrinu. Þetta langar mig einnig til að heyra um og þá líka, hvernig þeir hugsa sér að bæta vanhöld af slysum, og hvað þeir hugsa sér að telja þar undir og hvað ekki, en það er ákaflega teygjanlegt. Það væri annars ákaflega æskilegt, að hægt væri að finna heppilegt form fyrir starfrækslu búfjártrygginga hér á landi, og ég vona, að þetta frv. sé spor í rétta átt. Erfiðasta vandamálið er þetta með vanhöldin, vegna þess hve torvelt er oft að fá vottorð um dauðameinin.

Ég vildi svo að lokum spyrja hv. n., hvernig hún hefur hugsað sér að hafa tengslin milli tryggingardeildarinnar og þeirra fáu tryggingarfélaga, sem nú starfa og eru hreppafélög, eins og t. d. félagið í Kelduhverfi, sem er elzt þessara félaga, eða stofnað 1891 og starfar enn. Í Vestmannaeyjum er einnig félag, sem hefur starfað alllengi og auk þess ýmis önnur. Nú er spurningin, hvernig þessi félög eiga að falla inn í tryggingardeildina og hvort ekki þurfi að mynda sérstakan tengilið, sem þessi félög gætu fallið inn í, eða jafnvel hvort ekki ætti að skylda þau til þess að ganga inn í tryggingardeildina.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Út af fyrirspurnum hv. þm. N.-M. vil ég segja nokkur orð. Hann spurði, hvort það væri ætlunin að tryggja ekki yngri kynbótagripi en þá, sem hefðu hlotið verðlaun. Ég skil frv. svo, að þeir komi ekki til greina við tryggingar. Þá var hann að tala um, að aldurstakmörkin væru sett of lág, en þau eru tekin úr núgildandi tryggingarlöggjöf, og sáum við ekki ástæðu til að breyta því, þar sem sú löggjöf var undirbúin af Búnaðarfélagi Íslands, í samráði við ráðunauta þess. N. bjóst því við, að þetta væri í samræmi við það, sem Búnaðarfélagið álítur eðlilegast.

Annars er sjálfsagt að taka bæði þessi atriði og þau önnur, sem þm. kunna að gera aths. við, til athugunar fyrir 3. umr. þessa frv.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um vottorðin, þá játa ég, að oft mun erfitt eða ókleift að ná í dýralækna til þess að gefa þau, en það mun oftast hægt að ná í einhverja valinkunna og trúverðuga menn, sem gætu gefið slíkt vottorð, en ég álít, að þetta verði reglugerðaratriði. Ég lít svo á, að þessi l. verði aðeins rammi, sem fylla þurfi upp í með reglugerð. Það er eðlilega margt enn órannsakað í sambandi við þetta mál, sem fyrst mun koma í ljós, þegar farið verður að framkvæma l., og hlýtur reglugerðin að byggjast verulega á því.

Það er alger misskilningur hjá þessum hv. þm. um vanhöldin, því að sauðfé er ekki tryggt fyrir almennum vanhöldum, heldur aðeins slysatryggt, að undanteknum kynbótabúum, sem eru

almennt tryggð. Það vantar einnig hjá okkur allar skýrslur um þessi vanhöld, en það þyrfti nú þegar að afla upplýsinga um þau, og býst ég við, að Búnaðarfélagið mundi vilja aðstoða við það.

Þá minntist þessi hv. þm. á þau tryggingarfélög, sem nú starfa, hvert út af fyrir sig. Það er rétt að ekki er í frv. gert ráð fyrir ákveðnum tengslum milli þeirra og tryggingardeildarinnar, en ég hugsa, að það gæti verið reglugerðaratriði, ef ekki frjálsir samningar. Annars býst ég við, að n. sé fús til þess að athuga þetta allt og einnig önnur þau atriði, sem óskað kann að verða athugunar á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 161,1 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 161,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 161,3 (ný 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
10.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 19. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 217, 225).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Landbn. á hér tvær litlar brtt., og eru þær komnar fram í tilefni af þeim umr., sem hér urðu við 2. umr. málsins.

Fyrri brtt. er við 3. gr. a-lið. Í frv. er gert ráð fyrir, að þá eina gripi, sem njóta styrks af opinberu fé, sé skylt að tryggja í búfjártryggingadeildinni, en á hinn bóginn er ætlazt til, að hér falli undir gripir, sem notaðir eru af félögum. Af þessu leiðir, að í ýmsum tilfellum falla hér undir gripir, sem að vísu hafa ekki hlotið þau verðlaun að eiga kröfu á að falla undir þetta, en koma þar undir sem kynbótagripir og geta staðið til bóta.

Enn fremur er lagt til, að ákvæði um hámarksaldur kynbótagripa sé fellt niður, en að ákvæði um aldur búfjár, sem tekið er í tryggingu, sé sett í reglugerð.

Loks er brtt. við 4. gr. Þar er lagt til, að tryggingar af slysum verði almennari en gert er ráð fyrir í frv. Þar eru tryggingarnar einskorðaðar við, að slysin séu af völdum illviðra og sjávarflæða. N. leit svo á við nánari athugun, að úr því að þetta væri tekið upp, væri ekki um annað að gera en að stíga skrefið til fulls og taka upp slysatryggingu, þannig að hún tæki til slysa almennt á búfénaði.

Þetta er svo einfalt mál, að ég held, að það skýri sig sjálft, og vænti, að hv. d. geti léð þessu samþykki sitt.

ATKVGR.
Brtt. 225,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 225,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 20. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 237).

Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 237, n. 325).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Landbn. hefur athugað þetta frv., sem er komið hingað frá Nd., og hefur komið sér saman um að mæla með, að það verði samþ. óbreytt. Hér er í raun og veru um merkilegt mál að ræða, sem var þegar lögtekið hér á landi á 11. öld, þótt nokkuð væri það frábrugðið þessu frv. Á lýðveldistímanum höfðum við slíkar tryggingar, en síðan lögðust þær niður, og kom svo fyrsta lagasmíðin um þær fram fyrir 10—20 árum, en er nú fyllri en áður. Ég hygg, að ef vel er á haldið, geti þær orðið til mikils gagns; einkum ef voveifleg slys ber að höndum, án þess þó, að menn gæti ekki jafnt fjár síns eftir sem áður, því að hér er ekki um fullar bætur að ræða.

N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 12. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 422).

---

35. Sveitarstjórnarlög.

Á 33. fundi í Ed., 16. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám l. nr. 43 27 júní 1941, um breyt. á þeim lögum (þmfrv., A. 218).

Á 36. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Í frv. er farið fram á tvenns konar breyt. á launakjörum fyrir oddvita. Í fyrsta lagi, að greidd sé 1 kr. fyrir hvern mann í hreppnum, í stað 10 kr. fyrir tug manna. Þetta sýnist fljótt á litið vera sama. Þó hefur orðið ágreiningur út af þessu. Eru meðal annars dæmi þess, að oddviti reiknaði sér 10 kr. af 9 mönnum, sem voru fram yfir réttan tug í hreppi. Sýslunefnd samþ., að oddviti hefði ofreiknað sér þessa upphæð. Að sjálfsögðu skiptir þetta atriði ekki miklu máli, en mér finnst rétt hugsun að miða við tölu hreppsbúa, en ekki endilega við, að standi á heilum tug. Meginefni frv. er að lögfesta það, að hreppsnefndaroddvitar geti reiknað sér dýrtíðaruppbót á laun sín, eins og aðrir launþegar í landinu. Þetta er ekki í lögum nú, en að sjálfsögðu er hreppsn. heimilt að samþ. það og leggja undir samþykki viðkomandi sýslun. En það hefur ekki orðið þannig í framkvæmd. Sumir oddvitar reikna sér verðlagsuppbót, — viðkomandi hreppsn. hefur óskað eftir því og sýslun. samþ. En annars staðar hefur þetta ekki verið gert.

Fyrir nokkrum árum var oddvitastaðan þannig, að líta mátti á oddvitastörfin sem eins konar þegnskylduvinnu, greiðslan varla teljandi, og í mínu minni höfðu sumir oddvitar jafnvel enga þóknun fyrir störf sín. Reyndar voru oddvitastörf þá lítil, og mátti oftast vinna þau í hjáverkum. En ég get alveg fullyrt það, að nú eru oddvitastörf orðin svo margbrotin, að það er ekki hægt að vinna þau algerlega í hjáverkum. Ég hygg, að ekki þurfi að vera stór hreppur, svo að oddvita sé með öllu ómögulegt að komast af án þess að taka vetrarmann, þó að búið sé ekki stærra en það, að hann annars gæti annazt það sjálfur.

Í hreppi, sem telur 250 manns, og þar sem lagt er á 5000 kr. útsvör samtals, eru laun oddvita þessi samkv. l. frá 1927, sem var breytt 1941: Föst laun 250 kr. og innheimtulaun samkv. l. tveggja ára gömlum 100 kr., samtals 350 kr.

Eftir því kaupgjaldi, sem nú er hér á landi, mun þetta vera svona vikukaup. Ég get fullyrt, að enginn hreppur er svo lítill, að ekki sé meira en vikuverk að inna af hendi oddvitastörfin. Sýnist engin meining, að oddvitar fái ekki dýrtíðaruppbót launa fyrir sín störf, eins og aðrir starfsmenn hins opinbera. Þó ekki hafi verið gengið frá þessu í lögum 1941, þá mun hafa verið gengið út frá því sem sjálfsögðu, að hrepparnir samþ. þetta sjálfir, eins og bæirnir hafa gert.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 44., 46., 47. og 48 fundi í Ed., 29. og 30. jan., 4. og 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 218, n. 273).

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. — Það er algert samkomulag um þetta mál, og þarf ég því ekki að hafa um það langa framsögu. Það eru aðeins tvær leiðréttingar, sem hafa verið gerðar á frv. í till. n., og er önnur til leiðréttingar á prentvillu. Það hafði misprentazt númer á l., sem vitnað var til, 43 í staðinn fyrir að það átti að vera 34, sem hefur verið leiðrétt á tveimur stöðum, þar sem það kemur fyrir í frv.

Enn fremur er lagt til, að tilvitnunin í l. nr. 48 frá 1942 verði felld niður, vegna þess að það þykir ekki viðeigandi að binda þetta við þau l. af þeirri ástæðu, að rétt þykir, að það fari um dýrtíðaruppbótina almennt eftir því, sem breyt. kunna að verða gerðar á því í þeim l., sem um það gilda á hverjum tíma.

Með þessum breyt. leggur n. öll til, að frv. þetta verði samþ. Það virðist vera eðlilegt og réttlætismál, að þessir embættismenn, sem sannarlega eru ekki vel launaðir, fái sömu uppbætur og aðrir embættismenn ríkisins.

Legg ég svo til fyrir n. hönd, að frv. verði samþ. með þessum breyt. og því vísað til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu málsins, og vona ég, að málinu verði hraðað, til þess að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Brtt. n. er ég að sjálfsögðu samþykkur, þar sem þær eru aðeins leiðréttingar.

ATKVGR.
Brtt. 273,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 273,2—3 samþ. án atkvgr.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 364).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 55., 56. og 58. fundi í Nd., 11. og 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 16. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 364, n. 404).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir með

því, að það verði samþ. óbreytt. Það felur í sér tvær breyt. frá því sem nú er. Nú er svo ákveðið í l., að oddvitar hafi í laun 10 kr. á hvern fullan tug hreppsbúa. En með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þeir hafi að launum 1 kr. fyrir hvern mann í hreppnum. Þetta er smábreyt., er þykir sanngjörn.

Hin breyt. er, að oddvitar fái verðlagsuppbót á laun sín. Í l. nr. 48 frá 1942 um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana er ekki gert ráð fyrir, að oddvitar fái uppbót á sín laun. Hefur verið álitið réttilega af stjórnarráðinu, að eftir þeim l. ættu oddvitar ekki heimtingu á að fá uppbót á sín laun. Það hefur því verið á valdi sveitarstjórnanna á hverjum stað, hvort oddvitar hafa fengið slíka launauppbót. Sumir þeirra hafa fengið hana, en aðrir ekki. Virðist ekki sanngjarnt, að oddvitum sé synjað um þau réttindi, sem flestir launamenn hafa nú. Í öðru lagi er óeðlilegt, að sums staðar sé þessi launauppbót greidd, en annars staðar ekki. Frv. fer því fram á að lögbjóða, að á laun oddvita, önnur en innheimtulaun, verði greidd verðlagsuppbót eftir vísitölu samkv. l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, og þarf ég ekki fleiri orð um það.

Ég legg til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 441).

36. Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar.

Á 19. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar (þmfrv., A. 105).

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er flutt eftir ósk bæjarstj. í Neskaupstað. Í stuttri grg. eru færðar þær ástæður fyrir því, sem þurfa þykir. Landshlutinn, sem ráðgert er að leggja undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, er eign hans og algerlega skipt úr landi viðkomandi jarðar.

Að lokinni umr. vænti ég, að frv. fari til allshn. Þá vildi ég biðja n. að athuga form frv. og einkum það, sem varðar bætur þær, er kaupstaðurinn verður að greiða Norðfjarðarhreppi fyrir tekjumissi af landi þessu í framtíðinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 105, n. 263).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Frv. þessu, sem er flutt af hv. 1. þm. S.-M. (IngP), var vísað til allshn., og aflaði hún sér upplýsinga um það. Frv. er flutt að tilhlutun bæjarstjórnar Neskaupstaðar. En þar sem þetta frv. varðaði hagsmuni Norðfjarðarhrepps, leitaði n. álits hans, og lagði hann eindregið á móti því, að frv. yrði samþ. Við athugun málsins sannfærðist samt meiri hl. n. um, að frv. væri á rökum reist, það væri eðlilegt, að þessi hluti Norðfjarðarhrepps yrði lagður undir Neskaupstað, sem hefur hans meiri þörf og getur betur notað sér hann heldur en hreppurinn.

Það stendur að verulegu leyti eins á um þetta mál eins og um stækkun lögsagnarumdæmis Rvíkur, og sömu meginrök koma til greina í báðum tilfellunum, þó að það merkilega hafi reyndar skeð, að hv. flm. þessa frv. hefur ekki treyst sér til að vera með því máli, sem í sömu stefnu og þetta fyrir Neskaupstað er flutt fyrir Rvíkurbæ. En meiri hl. n. vildi ekki taka afstöðu í þeim anda, sem þessi hv. þm. eða að dæmi hans, en leggur til, að frv. verði samþ.

Minni hl. n. hefur ekki enn skilað áliti, og veit ég ekki um hans afstöðu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Mér þætti eðlilegt, að afgreiðslu málsins væri frestað þangað til minni hl. n. hefur borið fram nál. Það mætti ganga eftir því, að það yrði gert tafarlaust. Úr því n. klofnaði, er æskilegast að sjá álit beggja nefndarhlutanna.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Ég vil einungis vekja athygli á því, að minni hl. n. hefur haft langan frest til þess að skila áliti. Fyrst var málið lengi til ýtarlegrar athugunar í n. Það var rætt í n. og upplýsinga aflað um það úr öðrum landshlutum. Síðan var nál. meiri hl. samþ. og skrifað 25. jan. Og nú er kominn 6. febrúar.

Spurningin er því sú, hvort minni hl. n. á að takast að hindra, að komið sé fram góðu máli með því að skila ekki nál. um mál, sem til n. er sent.

Forseti (StgrA): Út af aths. frá hv. 1. þm. Eyf. (BSt) vil ég taka fram, að ég veit ekki, hvort á að skoða hans orð sem beina ósk um að fresta þessu máli. **(BSt:** Jú, og að gengið verði eftir nál.). Ég leyfi mér að svara því, að eins og tekið

hefur verið fram, hefur minni hl. n. haft nægan tíma til þess að skila áliti sínu, svo að ég sé í raun og veru ekki ástæðu til að tefja málið við þessa umr. frekar en orðið er. Enda er tækifæri fyrir minni hl. n. við 3. umr. að koma fram með brtt. við frv., ef hann ætlar sér það. Ég mun þess vegna afgreiða málið nú við þessa umr.

ATKVGR.
Brtt. 263,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 263,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 406).

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt samkv. tilmælum bæjarstjórnar Neskaupstaðar og fer fram á, að sá hluti jarðarinnar Ormsstaða í Norðfjarðarhreppi, sem nú þegar er orðinn eign bæjarsjóðs Neskaupstaðar, verði lagður undir lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar frá 1. jan. 1943. Neskaupstaður keypti hluta þessarar jarðar fyrir nokkrum árum. Nú fyrir skemmstu hefur þessum hluta verið skipt úr, þannig að það eru orðin ákveðin landamerki *milli* þess *hluta*, sem Neskaupstaður á af jörðinni, og hins, sem enn þá er í eigu einstakra manna í Norðfjarðarhreppi. Þótti þess vegna rétt, að sá hluti, sem þannig er skipt úr og er eign Neskaupstaðar, verði lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

Það er fullt samkomulag um þetta mál bæði milli þess hrepps, sem þarna á hlut að máli, Norðfjarðarhrepps, og Neskaupstaðar, og í hv. Ed. var fullt samkomulag milli þingflokkanna um afgreiðslu þess. Allshn. þessarar d. hefur einróma komið sér saman um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 60. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 366, 428).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Ég flyt við þetta frv. brtt. á þskj. 428, sem er aðeins orðabreyt., til að taka skýrar fram það, sem meint er með frv. Mér virðist vanta í 2. gr. frv. ákvæðið um það, að Neskaupstaður taki að sér framfærslu þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Norðfjarðarhreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, o. s. frv. Þetta er það, sem meint er, en mér finnst ekki viðkunnanlegt að láta þessi orð vanta.

ATKVGR.
Brtt. 428 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., 18. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 437).
Á 6. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþ. (A. 448).

---

37. Útsvarsinnheimta 1943.

Á 20. fundi í Sþ., 3. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943 (þmfrv., A. 322).

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Frv. þetta er flutt eftir samhljóða áskorun bæjarráðs Rvíkur, og er ýtarlega skýrt í grg., hvað fyrir bæjarráði vakir með því að óska þessarar heimildar — fyrst og fremst handa Rvík, en eðlilega einnig handa öllum sveitarstj. Það hefur um langa hríð reynzt óheppilegt fyrir sveitarsjóði og raunar einnig fyrir alla aðra aðila, hvernig innheimtu útsvara er háttað, sveitarsjóðirnir fá sáralitið af tekjum sínum fyrr en seinni hluta árs og aðallega haustmánuðina og fyrri hluta vetrar. Á venjulegum tímum mátti segja, að þetta gerði ekki mikið til. En þegar gjöld fóru stórhækkandi, urðu því meiri vandkvæðin í þessu efni. Á síðasta ári voru útsvörin í Rvík 10—11 millj. kr. á fjárhagsáætlun, en nú um 20 millj.,

sem nær eingöngu stafar af verðbólgu þeirri, er nú á sér stað í landinu.

Af þessu er það ljóst, að af tekjum síðasta árs er ekki hægt að inna af hendi öll þau gjöld, er til greina koma á fyrri hluta þessa árs, heldur verður þar að byggja á eldri sjóðum, og hlýtur bærinn því að verða í fjárhagserfiðleikum fyrri hluta árs. Það er að mörgu leyti óhægra fyrir bæinn að þurfa að taka lán til þeirra útgjalda, er hann nauðsynlega þarf að borga, auk þess hefði það í för með sér aukinn og óþarfan tilkostnað. Þetta gildir eins um önnur sveitarfélög, nema kannske hvað aðstæður þeirra sumra eru enn erfiðari.

Það er því augljóst mál, að brýna nauðsyn ber til að bæta úr því ástandi, sem nú er, og veita bæjar- og sveitarfélögum heimild þá til úrbóta í þessu efni, sem í frv. felst. Þessu ættu og gjaldendur hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga sízt að hafa nokkuð á móti, því að með þessu vinnst og það, að innheimta gjaldanna skiptist niður á fleiri mánuði. Nú er það svo, að í nokkra mánuði losna gjaldendur við greiðslu opinberra gjalda, en á þeim tíma sem öðrum safnast þeim fé, sem þá e. t. v. er eytt eða það bundið einhvers staðar, svo að lítið verður fyrir hendi oft á tíðum, þegar að skuldadögunum kemur, og því örðugra um borgun.

Raunar má segja það, að harkalegt megi virðast að innheimta gjöld, sem ekki er búið að leggja á, en í raun og veru er síður en svo hægt að segja, að slíkri aðferð sé hér til að dreifa, því að með lögunum eru gjöldin einmitt lögð á þegar í stað, en með þeim fyrirvara, sem í frv. segir. En það, sem mestu skiptir í þessu sambandi, er, hvort hér sé verið að þyngja álögur á gjaldendum eða ekki. En það hlýtur að vera öllum hv. þdm. ljóst, að með þessu frv. eru álögur gjaldenda á engan hátt þyngdar, heldur er aðeins um að ræða að dreifa útsvarinu á fleiri mánuði, til mikils hægðarauka bæði fyrir bæjar- og sveitarfélögin og einstaka gjaldendur, eins og nú standa sakir. Það er deginum ljósara, að útsvör verða mun hærri í ár en síðastliðið ár, þó að einstaka undantekning kunni að verða vegna veikinda eða annarra vandræða, en í frv. þessu er aðeins farið fram á að innheimta helming af útsvari s. l. árs og að við innheimtuna sé gætt hinna einstöku tilfella, séu þau fyrir hendi, eins og ég gat um.

Aðalannmarkinn við þetta frv., ef að l. verður, verða örðugleikar fyrir sveitarfélögin að taka þessa innheimtu að sér, þar sem þetta er að miklu leyti óundirbúið hjá þeim að hefja þessa innheimtu strax, en þessa erfiðleika verður að yfirstíga.

Ég vil svo vænta þess, að d. afgr. frv. þetta svo fljótt sem verða má, eða fyrir 14. febr., ef þingi skyldi þá vera slitið, til þess að ekki þurfi að taka það upp að nýju. Vil ég leggja til, að málinu verði vísað til fjhn., og bið ég þá hv. n. að hraða málinu svo sem henni frekast er unnt.

Gísli Jónsson: Mér þykir leitt að þurfa að tilkynna hv. flm. það, að ég get ekki fylgt þessu frv. né verið sammála því, sem þar er farið fram á. Mér finnst það ganga langt út yfir alla sanngirni og að með þessu sé verið að ganga á hlut gjaldendanna í landinu.

Það er svo komið, að afgreiðsla útsvarsálagningar hefur dregizt allt of lengi ár frá ári, og nú er það fyrst 1. júní, sem útsvarsálagningu er lokið. Ég sé ekki, að Alþ. Íslendinga geti gefið lausan tauminn í þessu efni, sem frv. fer fram á. Þar er farið fram á hreina fjarstæðu og gengið einna lengst í 2. gr. frv., þar sem heimila á að leggja dráttarvexti 1% á þau gjöld, sem ekki er búið að leggja á gjaldendurna. — Ég undrast yfir, að nokkur maður, sem tekið hefur að sér að fara með umboð gjaldenda í landinu, skuli leyfa sér annað eins og það að fara fram á, að slíkt frv. og þetta nái fram að ganga. Hv. flm. virðist aðeins setja sig í spor bæjarins án þess að virða að verðleikum þann rétt, sem gjaldendur bæjarins óumflýjanlega hafa.

Þá veik hv. síðasti ræðum. að afkomu bæjarins. Ég trúi nú ekki þeim orðum hans, að bæjarstj. hafi búið eins gálauslega að fjármálum bæjarins og heyra mátti af tali hans. En ef það skyldi reynast satt, að í öðru eins tekjuflóði og hér hefur gengið undanfarið sé bærinn í þeim fjárhagserfiðleikum, er hv. ræðum. var að lýsa, þá gefur það mér þrótt til þess að vera á móti því frv., er nú er til umr. Þá verður vissulega að byrja á einhverju öðru til lagfæringar en að fá samþ. óheppileg og ranglát l. fyrir gjaldendurna.

Ég veit ekki betur en atvinnurekendur og húsráðendur beri ábyrgð á því fólki, er hjá þeim vinnur, jafnvel þótt það hafi t. d. ekki unnið meira en 14—20 daga hjá atvinnurekanda, er hann samt skyldugur að greiða gjöld þessa fólks og oft úr eigin vasa, sem mér er kunnugt um. Ég get ekki séð betur en búið sé að ganga nógu langt í þessa áttina, þó að ekki sé verið að bæta gráu ofan á svart með því að fara frá bæjarins hálfu að innheimta þau gjöld, sem ekki hafa verið lögð á gjaldendurna.

Hitt er fjarstæða að halda fram, að það sé illmögulegt fyrir bæinn að taka skyndilán til þess að standa straum af greiðslum í tvo mánuði eða svo. Ég mun því samkv. því, er ég hef nú talað, beita mér á móti frv. þessu við hverja umr. og halda uppi vörn fyrir þá aðila þjóðfélagsins, sem hér er verið að ganga á rétt þeirra.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég held, að hv. síðasti ræðum. lifi í einhverjum annarlegum heimi. Hann fullyrðir hér, að allir húseigendur (**GJ:** Ég sagði húsráðendur) bæru ábyrgð á sköttum þess fólks, er búa í húsum þeirra. Það getur verið, að hann sé að hugsa um einhverja slíka till., en ég kannast ekki við, að neitt slíkt sé í gildi nú.

Af sama skilningi voru hin önnur hvatvíslegu orð hans töluð hér áðan, og þarf ég ekki að vera að eltast við öll einstök atriði í þeim.

Hér er hvorki staður né stund til þess að ræða um fjármálastj. Reykjavíkurbæjar, og ætti ekki að þurfa að blanda henni inn í deilur hér.

Ég vil aðeins leyfa mér að benda á, að allar aðrar sveitarstj. hafa hækkað sveitargjöld sín vegna verðbólgunnar síðari hluta ársins, sem gerir það að verkum, að þá kostaði 1 kr., kostar nú 2 kr. — Það er almennur misskilningur, sem víða kemur fram og meðal annars nú áðan hjá hv. þm. Barð., sem sýnir, að hann er

ekki kunnugur þessum málum, er verið er að ræða, að bæjar- og sveitarfélög séu einhverjir stríðsgróðamenn. Bæjar- og sveitarfélögum er einungis heimilt að innheimta gjöld í sjóði sína sem samsvarar útgjöldum á hverju ári. Þetta er svo gert með því einkum að leggja á útsvör í samræmi við útgjöld áætluð í byrjun hvers árs. Tekjurnar eru því ákveðnar fyrir fram og takmarkaðar, en gjöldin geta tekið stórkostlegar sveiflur á árinu. Hjá ríkinu fara tekjur eigi síður fram úr áætlun en gjöld. Hjá sveitarsjóðum eru það gjöldin ein, sem verulega geta hækkað, en tekjurnar standa í stað.

Á síðast liðnu ári fór á þennan veg. Tekjurnar stóðu í stað, en gjöldin stórhækkuðu.

Það má kannske ásaka bæjarstj. fyrir það að hafa ekki hækkað bæjargjöldin strax og verðbólgan óx, en það er þá líka sú eina léttúð, sem hægt er að ásaka hana um. En bærinn þurfti ekki á því að halda. Hann hafði nóg fé í sjóði til þess að standast útgjöld síðastliðins árs.

En útgjöld sveitarfélaganna verða í ár allt að því helmingi hærri en í fyrra. Það er þess vegna ekki við því að búast að þau hafi afgangs frá fyrri árum handbært fé til þess að standast útgjöldin fram yfir mitt ár nú.

Nauðsyn sveitarsjóðanna er því ótvíræð. Og það er fullkomlega rangt að segja að frv. brjóti í bág við hagsmuni gjaldenda. Frv. er ekki sízt nauðsynlegt vegna gjaldendanna sjálfra. Má þá m. a. benda á, að það er engan veginn hagkvæmt fyrir almenning að þurfa, ef stj. tækist að vinna eitthvað á dýrtíðinni með lækkaðri vísitölu, á sínum tíma að greiða háa skatta eftir á til bæjar- og sveitarfélaganna. Með tilliti til almennings er það skýlaus nauðsyn, að þessi gjöld séu innheimt jafnóðum.

Það ætti því að vera óþarft að ræða þetta mál frekar frá því sjónarmiði, að hér sé verið að gera almenningi rangt til. Mér þykir leitt, að þessi ímyndaða grýla skuli vera til í huga hv. þm. Barð. varðandi þetta frv., og ég vona, að hann átti sig á þessu, að það er ímyndun tóm, sem ekkert hefur við að styðjast, að hér sé verið að einhverju leyti að ganga á rétt gjaldendanna í landinu.

Gísli Jónsson: Ég vil benda hv. flm. á, að það var hann, en ekki ég, sem kom af stað umr. um fjármálastj. Rvíkurbæjar, og ef honum er það ógeðfellt eða viðkvæmt, að svo skyldi verða, þá er það ekki mín sök.

Úr því að hann fór að þykjast finna einhvern misskilning í ræðu minni, þá get ég bent honum á, að það er ekki rétt að kalla bæjar- eða sveitarfélög stríðsgróðamenn, eins og hv. flm. hlýtur að sjá. Það er ekki um að ræða menn í þessu sambandi, heldur er þá réttara að segja aðilar eða eitthvað þess háttar.

Með stríðsgróðaskattinum koma auknar tekjur í bæjarsjóðinn, sem stríðsgróðamennirnir gjalda í þennan sjóð, og á það skiljanlega að fara til þess að hlúa að þegnunum. En að þessi ráðstöfun, sem gera á með frv., ef að l. verður, sé á nokkurn hátt til bóta fyrir þegnana, gjaldendurna í þessum bæ og annars staðar, það er mér ómögulegt að sjá. Lækki dýrtíðin, eins og öðru hverju er verið að halda fram, að muni eiga sér stað, þá þarf bærinn ekki eins mikil gjöld í bæjarsjóðinn, og er þeim mun minni ástæða fyrir hv. flm. og aðra, sem hans máli fylgja, ef þeir gera ráð fyrir þessu, að krefjast þess, að útsvörin séu greidd, áður en þau eru lögð á.

Svo er verið að tala um, að hægt verði að endurgreiða, ef einhver borgi of mikið. En ég vil bara leyfa mér að efast um, að þetta verði gert. Að fara þá leið, sem flm. talaði um, mundi hafa í för með sér hækkun á útsvörum um 50%.

Ég efa ekki, að tekjur bæjarsjóðs hér í Rvík síðast liðið ár hafa verið helmingi hærri en gera má ráð fyrir þetta ár, eins og gjöldin hafa einnig verið meiri.

Ég sé ekki, að það hafi verið farið neitt frá því, sem réttlátt er í þeim reglum, sem gilt hafa um þetta.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég var sannfærður um, að hv. þm. vildi vera sanngjarn í þessu máli sem öðrum. Enda sýnir síðasta ræða hans, að hann vill með mótmælum sínum styðja málið, en ekki granda því. Ef hann í alvöru vildi málinu illa, þá mundi hann flytja hér fram rök, sem taka mætti í alvöru, en ekki halda því einu fram, sem er augljós gamansemi.

Hann heldur því t. d. fram, að hagur bæjar- og sveitarsjóða hafi stórum batnað við setningu laganna um stríðsgróðaskatt. En sannleikurinn er sá, að með þeim lögum voru tekjumöguleikar þessara sjóða af hátekjum stórlega skertir. Með þeim var bannað að leggja útsvar á tekjur yfir 200 þús. kr., og til bæjar- og sveitarsjóða renna einungis 45% af stríðsgróðaskattinum og er það miklu minna hlutfall en þeir hefðu fengið, ef álagningarheimild væri frjáls.

Háttv. þm. er því bersýnilega að gera að gamni sínu, þegar hann talar um þessa löggjöf sem sérstök hlunnindi fyrir bæjar- og sveitarsjóðina. Ófugmæli háttv. þm. eru því ótvírætt til stuðnings frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 354).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Frv. þetta hefur legið fyrir fjhn., og eins og nál. ber með sér, þá hefur n. orðið sammála um að mæla með því. Hv. 1. þm. Eyf. hefur þó e. t. v. einhverja sérstöðu.

Frv. þetta felur í sér það nýmæli, að ætlazt er til, að á yfirstandandi ári verði heimilt að innheimta hluta útsvaranna, áður en þau eru lögð á, eða á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí. Í 2. og 3. gr. koma svo nánari ákvæði um innheimtuna.

Fjhn. mælir af tveimur ástæðum með frv. Önnur er sú, að hentugt þykir nú, vegna vaxandi gjalda, að sveitir og bæir geti fengið eitthvað af tekjum þessum, áður en niðurjöfnun er lokið, en

í bæjum er henni ekki lokið fyrr en á miðju ári. Bæjarfélögin hafa því mjög litlar tekjur fyrri helming ársins, nema fasteignagjöld og einhverjar eftirstöðvar útsvara frá fyrra ári. Ef bæjunum er ekki séð fyrir tekjum, þá þurfa þeir að safna skuldum fyrri hluta árs, en á því eru bæði ýmis vandkvæði og kostnaður.

Hin ástæðan er sú, að ekki getur talizt óhyggilegt að dreifa gjöldunum yfir allt árið fyrir gjaldendurna, því að ýmislegt bendir til, að tekjur manna muni e. t. v. fara eitthvað lækkandi á þessu ári í krónutölu og muni því ekki betra að geyma að greiða gjöldin, því að flestir eyða tekjum sínum jafnóðum eða binda þær, en leggja ekki fé fyrir í þessu skyni. Fjhn. var því þeirrar skoðunar, að þessi tilhögun kæmi engu síður gjaldendunum í hag, en hún á aðeins að gilda fyrir þetta ár. Þó má vel verða framhald á þessu, ef reynslan mælir með því, en það getur aðeins orðið með nýrri löggjöf. Þess má geta, að ákvæðin í 2. gr. um dráttarvexti eru strangari en í núgildandi l. um útsvör. Þessu er þó ekki ástæða til að breyta. Þvert á móti verður það að standa til að tryggja, að menn greiði þetta á réttum tíma, því að annars væri alveg tilgangslaust að setja þessi l. Að svo mæltu vildi ég leggja til fyrir hönd n., að frv. næði fram að ganga.

Bernharð Stefánsson: Eins og nál. á þskj. 354 ber með sér, þá hef ég skrifað undir það með fyrirvara, og þess er getið í nál. sjálfu, að ég hafi óbundnar hendur um afgreiðslu málsins. Það má því líta svo á, að n. sé að nokkru leyti klofin um málið þar eð ég hef óbundnar hendur. Þó hef ég ekki séð ástæðu til að gefa út sérstakt nál.

Sú ástæða er einkum færð fyrir þessu frv., að aðaltekjur bæjar- og sveitarfélaga, útsvörin, greiðist ekki fyrr en seinni hluta árs og þess vegna skorti oft rekstrarfé fyrri helming ársins. Núgildandi l. um útsvör hafa verið lengi í gildi, og hefur þó aldrei komið fram þvílíkt frv., ekki einu sinni á krepputímum. Hvaða þörf skyldi þá vera á því nú?

Ég held, að bæjum og sveitum hafi verið vorkunnarlaust undanfarin ár að búa svo í haginn, að þau ættu í sjóði um áramót, sem hægt væri að yfirfæra til næsta árs. Enda veit ég mörg dæmi til þessa. Það er því svo langt frá, að bæir og sveitarfélög standi verr að vígi en venjulega, að þau standa þvert á móti betur að vígi.

Ég er nú samt ekki með þessu að segja, að það sé með öllu óhugsandi að samþ. þetta frv., en einkennilegt þykir mér, að það skuli einmitt borið fram nú. Það er enn fremur vægast sagt óviðkunnanlegt að innheimta gjöld, áður en þau eru lögð á eða ákveðin. Það gæti meira að segja hæglega komið fyrir, að menn væri gert að greiða meira en nokkurn tíma yrði svo á hann lagt. Það er enda gert ráð fyrir þessum möguleika í 3. gr. Það má segja, að hann fengi þetta endurgreitt, en ekki er það viðkunnanlegt að innheimta gjöld af mönnum, sem þeim e. t. v. ber ekki að greiða.

Hv. frsm. var að tala um það, að sveitarfélög yrðu að safna skuldum fyrri hluta árs til þess að standast greiðslur sínar, ef þetta frv. yrði ekki samþ. Já, svona hefur það sennilega lengi verið. En ég held, að aldrei ætti að vera minni þörf á því en einmitt nú. Ég held, að víst sé svo, að illa væri á haldið, ef þess væri mikil þörf nú að taka bráðabirgðalán til að standast dagleg útgjöld.

Það er mjög kvartað um skatta. Og einhvern veginn er það svo, vegna þeirra pólitísku ástæðna, sem nú eru, að mest er rifizt út af þeim sköttum, sem lagðir eru á til ríkisins. En það vita þó allir, sem greiða skatta, a. m. k. allur almenningur, að útsvör eru langtilfinnanlegasti skattur, sem venjulegum gjaldþegn ber að greiða. Og ég get nefnt nærtækt dæmi, því að það er af sjálfum mér. Ég held t. d., að ég greiði fimmfalt útsvar á við skatt, og eitthvað svipað mun vera um fleiri. Og ef á nú að fara að bæta því ofan á að gera manni að greiða þetta fyrirfram, áður en þetta er lagt á, þá finnst mér nokkuð nærri höggvið gjaldþegnum. Það má náttúrlega halda því fram, að þetta komi í sama stað niður því að maður greiði ekki meira á ári, hvort sem er, og það skal ég játa, að svo mikilsvert er þetta ekki í mínum augum, að ég geri það að kappsmáli. En ég vildi gera grein fyrir þessari sérstöðu minni í n., að ég er ekki enn sannfærður um, að þetta sé neitt nauðsynjamál, og því síður, að það sé réttlætismál. Við atkvgr. mun ég láta málið afskiptalaust við þessa umr. En ég lofa engu um fylgi við frv. við 3. umr. málsins.

Gísli Jónsson: Ég vil leyfa mér að gera nokkrar aths. við þetta mál. Mér hefði þótt eðlilegast, að frsm. hefði komið fram ógrímuklæddur í sinni ræðu. Annars hygg ég, að ekki þurfi fyrirskipun frá borgarstjóra til gjaldkera til að taka á móti greiðslum, ef gjaldendur hafa sterkan vilja til að greiða gjöld, áður en þau eru lögð á.

Ég vil spyrja hv. frsm., hvort hann telji viðkomandi aðilum mundi verða gert að greiða dráttarvexti af þessum hluta, ef þeir þverskallast við að greiða þennan hluta útsvarsins, þangað til útsvar yrði lagt á. Mér fyndist það vera eðlilegar upplýsingar í málinu. Ég vil heyra álit flm. um það, hvort hann telur, ef frv. verður samþ., sveitar- og bæjarstjórnum heimilt að taka þennan hluta útsvarsins lögtaki, strax þegar hann fellur, áður en útsvarið er lagt á.

Í öðru lagi vil ég spyrja um það, hvort flm. frv. vildi ekki samþ. það, að a. m. k. væri bætt í 3. gr. frv., að það, sem eftir þessu væri greitt umfram endanlegt útsvar, væri þá endurgreitt með sömu dráttarvöxtum, sem krafizt hefði verið af gjaldanda. Ef svo er, er sjálfsagt að fá það inn í 3. gr., því að mér finnst ótækt, að bæjar- og sveitarstjórnum sé gefin heimild til að leggja á dráttarvexti, 1% á mánuði, án þess að í nefndum tilfellum séu greiddir dráttarvextir til baka af þessum mismun. Ég mun gera till. um, að 2. gr. frv. falli niður og inn í 3. gr. verði bætt þessu ákvæði um dráttarvexti, því að verði ekki sú breyting gerð, álít ég, að með þessum ákvæðum sé gengið svo mjög á rétt gjaldenda, að það nái ekki nokkurri átt.

Frsm. (Pétur Magnússon): Hv. 1. þm. Eyf. lagði nokkra áherzlu á það í sinni ræðu, að bæj-

ar- og sveitarfélögum væri vorkunnarlaust, eins og tekjur manna hefðu verið á undanförnum árum, að hafa það stóra sjóði um áramót, að ekki þyrfti að lenda í skuldasöfnun hjá þeim, enda þótt ekki greiddust útsvör fyrr en á síðari hluta ársins.

Það er náttúrlega rétt, að tekjur manna hafa á síðustu 2—3 árum verið meiri en um nokkurt árabil þar á undan, og innheimta gjalda hefur að sjálfsögðu þá yfirleitt gengið betur en áður hefur gerzt, meðan kreppa var í landinu. Hins vegar veit hv. 1. þm. Eyf. það, að tekjur sveitar- og bæjarfélaga, sem að mestu leyti eru teknar í aukaútsvörum, miðast við útgjaldaáætlanir hvers árs. Það er yfirleitt ekki jafnað miklu meira niður en gert er ráð fyrir, að útgjöld verði á hverju ári. Bæjar- og sveitarfélög hafa því í raun og veru ekki mikla möguleika til að safna stórum sjóðum, sérstaklega þegar þess er gætt, að dýrtíð hefur á undanförnum árum farið jafnt og þétt vaxandi og útgjöld bæjar- og sveitarfélaga hafa því farið meira og minna fram úr áætlun. Ég get því ekki séð, að þessi röksemdafærsla hv. þm. sé á góðum grundvelli reist. Enda ætla ég, að reynslan sé sú, að bæjafélög a. m. k., og kannske sveitarfélög líka, standi ekki miklu betur að vígi nú hvað þetta snertir heldur en þegar innheimta var örðugri.

Þá kom fram í ræðu hans og enn skýrar í ræðu hv. þm. Barð., að það væri óviðkunnanlegt að láta menn greiða gjöld sín, áður en þau væru lögð á og áður en þau væru fallin í gjalddaga. Þetta er misskilningur hjá hv. þm., því það, sem hér er verið að gera, er ekkert annað en það að láta þenna hluta af útsvörum, 50%, falla í gjalddaga fyrr en áður hefur verið.

Það má að vissu leyti segja, að hér sé um skattamál að ræða, því að ef frv. verður samþ., er gert ráð fyrir því, að hver maður skuli greiða í útsvar 50% af því, sem hann hefur greitt á síðasta ári, og að gjalddagi þessa hluta útsvarsins sé á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí. Það er því ekki annað en misskilningur hjá hv. þm., að það sé verið að innkalla þennan hluta, áður en hann félli í gjalddaga, því að gjalddaganum verður breytt, ef frv. verður að l.

Hv. þm. Barð. var að tala um, að það væri ekki verið að setja þessi l. fyrir gjaldendurna, því að ef svo væri, þyrfti ekki annað en tilkynningu um það, að bæjargjaldkeri væri reiðubúinn að taka á móti þessum hluta útsvarsins. En ríkisvaldið vill oft vera forsjón fyrir gjaldendurna. Það er nú einnig svo í þessu tilfelli, að það er litið svo á a. m. k., að það geti verið gjaldendunum sjálfum hollt og eðlilegt fyrir þá, að þeir greiði hluta af þessum mjög tilfinnanlegu sköttum, fyrr en áður hefur tíðkazt. Og það er af því, að ýmislegt bendir til þess, að tekjur manna geti farið minnkandi á árinu, og þá er alltaf sú hættan, að það, sem þeir hafa aflað sér fyrr á árinu, verði að eyðslufé, þannig að þegar að skuldadögum kemur sem væru síðari hluta árs, væri féð þegar notað. Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði, heldur það, sem iðulega endurtekur sig í ýmsum samböndum.

Það leiðir af því, sem ég hef áður tekið fram, að það er einnig á misskilningi byggt hjá hv. þm. Barð., þegar hann talar um það, að óréttlátt sé að beita lögtaksrétti og dráttarvöxtum við þessar greiðslur, sem frv. gerir ráð fyrir, af því að ætlazt sé til, að þær séu greiddar fyrir gjalddaga. Ég hef tekið það fram oftar en einu sinni, að aðalefni frv. er að breyta gjalddaganum sjálfum. Hitt liggur í hlutarins eðli, að ef gjaldandi hefur verið látinn greiða meira með þessum hætti en síðar kemur í ljós, að honum ber að greiða samkv. fullnaðarákvörðun um útsvarið, þá mundi hann líka fá endurgreiðslu á dráttarvöxtum af því, sem hann kynni að hafa ofgreitt, ekki síður en þeim hluta útsvarsins. Annars er það, að þar sem ekki á að innheimta þetta fyrr en í marz, er niðurjöfnun útsvara er lokið, að ég held, alls staðar ekki síðar en í júní, — þó að oftast yrði útsvarið endanlega meira en þessi 50% —, *þá mundi gjaldandi, ef hann sér*, að það verður ekki svo hátt, láta dankast að greiða þennan hluta að fullu. Hann fer nærri um það, hve mikið hann þurfi að greiða, og greiðir það lágmark, sem hann veit, að hann muni þurfa að greiða. Og sveitarstj. mundu þá, held ég, beita svona heldur hóflegum innheimtuaðferðum, og sé ég ekki ástæðu til þess, að menn séu með mikinn ótta út af þessu, ekki sízt þar sem þetta á aðeins að ná til ársins 1943.

Gísli Jónsson: Hv. síðasti ræðumaður hefur verið að halda því fram, að það sé ekki aðalefni frv. að innheimta gjöld, sem ekki sé búið að leggja á, heldur að leggja göldin á. En það er aðalefni frv. að innheimta gjöld, sem ekki er búið að leggja á. Þetta er það, sem okkur ber á milli.

Ég hefði vel getað fallizt á að breyta innheimtudeginum, ef viðkomandi bæjar- og sveitarstj. *óskuðu að hafa þann hátt á í innheimtu á* sínum álögum. En hér er um að ræða nýja braut, að krefjast gjalda, sem ekki er búið að leggja á og verða kannske aldrei lögð á. Og það tel ég varhugaverða stefnu.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að spyrja, hvort enginn af hv. þdm. þekki þá erfiðleika, sem því eru samfara að fá leiðréttar alveg gersamlega rangar álögur bæjar- og sveitarstjórna, t. d. gegnum ríkisskattan. Ég veit ekki betur en að í svona málum leyfi yfirskattan. sér að afgreiða þau með þeim forsendum: „Kæran ekki tekin til greina.“ Og ég veit af viðtali við ríkisskattan., að hún skiptir sér yfirleitt ekki af útsvörum, segir þau séu á valdi bæjar- og sveitarstj. og hún skipti sér ekki af niðurjöfnun þeirra. Ég veit, að bæjarstj. hefur krafizt úrskurðar ríkisskattan., sem hún hefur ekki framkvæmt. Það, að frv. torveldar fyrir þegnunum að ná sínum rétti, *ef um of háa útsvarsálagningu* hefur verið að ræða, ætti að vera nóg til þess, að frv. næði ekki fram að ganga.

Ég þekki þetta vel, og þó að talað sé um, að einhverjar kvaðir eigi aðeins að vera til eins árs, ekki sízt, þegar um nýja skatta er að ræða, þá eru þær látnar gilda áfram, en ekki létt af eftir árið. Og ef þetta verður samþ., er ég hárviss um, að ekki verður fellt niður aftur slíkt ákvæði sem þetta.

Ég er á móti þessu frv., en ef það á að ná fram að ganga, er nauðsynlegt, að 2. gr. verði felld niður og 3. gr. verði breytt eins og ég hef talað um.

Bernharð Stefánsson: Ég get ekki fallið frá því, hvað sem hv. frsm. fjhn. segir, að einmitt nú hefði átt að vera vorkunnarlaust fyrir bæjar- og sveitarfélög að sjá svo til, að nóg rekstrarfé væri í bæjar- og sveitarsjóðum til þess að mæta daglegum útgjöldum fyrri hluta árs. Það var að vísu alveg rétt, sem hann sagði, að það er tæplega hægt að byggja útgjaldaáætlun á öðru en rekstri liðins árs, og að á undanförnum árum hafa útgjöldin hækkað, og má búast við, að útgjöldin verði nú hærri á þessu ári en þau voru á síðasta ári. Það eru mörg bæjar- og sveitarfélög landsins, sem hafa haft þá fyrirhyggju að gera ráð fyrir þessu, með því að leggja á nokkru hærri útsvör en beinlínis var hægt að sýna fram á, að þyrfti að nota strax, — beinlínis með það fyrir augum að skaffa sér þannig varasjóð, til þess að geta gripið til. Svo má benda á eitt. Það hefur aldrei í manna minnum verið betra að fá lán heldur en nú er og aldrei fengizt lán með jafngóðum kjörum og nú. Og ég held, að bæjarfélagi eins og Rvík yrði ekki skotaskuld úr því, og það kostaði ekki bæjarfélagið stórfé, að fá eitthvert bráðabirgðalán fyrri hluta ársins, ef á þyrfti að halda.

Hv. frsm. var að tala um, að þessi aðferð væri ekki óviðkunnanleg, sem ég þó hafði lagt áherzlu á í minni ræðu, þetta væri ekki annað en það, að hluti útsvaranna félli fyrr í gjalddaga á árinu en verið hefði. Hv. þm. Barð. hefur nú svarað þessu að nokkru, og ég þarf ekki miklu við það að bæta. En ég vil undirstrika það, sem hann sagði, að þetta er bara alls ekki rétt. Hér er verið að ákveða innheimtu á gjöldum, sem ekki hafa verið lögð á. Það stendur skýrt í frv., að þessar greiðslur eigi að vera upp í útsvör þessa árs, sem ekki er búið að leggja á (**GJ:** Og verða aldrei lögð á). og það á að miða það við útsvör liðins árs. Það er því beinlínis verið að innheimta gjöld, sem ekki hafa verið lögð á, og það er það, sem ég kalla óviðkunnanlegt. (**PM:** Þau eru lögð á með þessari löggjöf). Ekki beinlínis. Því að það er gert ráð fyrir niðurjöfnun útsvara eftir sem áður, þó að þessi l. séu samþ.

Það væri þess vert að fara fleiri orðum um þetta mál. En þar sem nú er komið svo langt fram yfir venjulegan fundartíma, mun ég ljúka máli mínu og ekki þreyta umr. meira.

Bjarni Benediktsson: Þetta er fullkomið sanngirnismál, eins og hv. frsm. n. sagði, og ekki síður til hagsbóta fyrir greiðandann heldur en bæjarfélagið. Eina aðfinnslan, sem hér hefur komið fram, er sú, að það hefði verið hægara að taka þessi gjöld á síðasta ári með aukaniðurjöfnun. Það hefði verið hægt að fara þá leið. Og það var rætt um það í bæjarráði að fara þá leið að leggja t. d. 50% ofan á útsvörin á síðasta ári. En að athuguðu máli var álitið, að það mundi koma miklu harðara niður á borgurunum að gera þeim að greiða á 5—7 mánuðum 50% hærra útsvar, en á þessum tíma eiga útsvörin að greiðast samkv. núgildandi l. Þetta þótti miklu harðari aðferð gagnvart þeim og bæjarsjóðnum óþarft, harðara heldur en að láta greiðslurnar halda áfram 10 mánuði ársins og harðara heldur en að láta gjaldþegnana greiða 50% útsvarsins í marz, apríl og maí, þegar þeir mundu annars ekki greiða neitt í útsvar á þeim tíma. Það ráð, sem tekið var, er því til hlunninda fyrir borgarana, það er ekki vafi á því, auk þess sem greiðslurnar er með þessu móti unnt að láta ganga upp í útsvarsgreiðslur á þessu ári, 1943. Og ef tekjur gjaldenda hafa árið 1942 ekki orðið meiri en svo, að þeir eigi ekki að bera svo hátt útsvar sem þessum 50% nemur, þá er ráðgert, að þeir fái endurgreiddan þann mismun. Það hefur því verið viðhöfð í þessu máli öll sú fyrirhyggja, sem hv. 1. þm. Eyf. var að lýsa eftir. Og þetta er að mínu áliti fyrst og fremst hagsmunamál gjaldendanna, en ekki bæjar- eða sveitarfélaganna. Þau mundu geta fengið lán, ef í það færi; en það er bara jafnóþægilegt fyrir gjaldendurna sjálfa eins og bæjar- og sveitarfélögin, að sú aðferð sé höfð.

Gísli Jónsson: Þetta mál er nú komið á nýja braut. Það er upplýst með ræðu hv. síðasta ræðumanns, að þetta mál er aðeins fyrir Rvíkurbæ. Og er þá bezt að breyta frv. í það form. Hann lýsti yfir því, að hér í Rvík — það var auðheyrt, að hv. þm. átti sérstaklega við það — hefði verið hægt að ná þessu marki, sem frv. stefnir að, með því að leggja þessi 50% á með aukaniðurjöfnun hér í þessum bæ. En mér dettur ekki í hug, að menn fari að samþykkja slíkt ákvæði fyrir alla staði á landinu aðeins af því, að þetta á að gilda fyrst og fremst fyrir Rvík. Það hefur ekki komið fram í þessum umr., að þessa fyrirkomulags, sem farið er fram á í frv., sé neins staðar annars staðar þörf en í Reykjavík.

Hins vegar vil ég mótmæla því, sem hv. flm. hélt fram, að það hefði verið hægt að ná þessum 50% með aukaniðurjöfnun á síðasta ári. Ef bærinn hefði ekki þurft að taka þessi 50% með aukaniðurjöfnun, þá hefði hann ekki tekið þau. Það hefði engum dottið í hug að bæta þessari 50% niðurjöfnun á þá menn, sem ef til vill yrðu ekki gjaldþegnar þar næsta ár. (**BBen:** Hv. þm. getur ekki miðað allt við þá gjaldendur, sem reyna að svíkjast undan opinberum gjöldum). Hv. flm. hefur í frv. miðað þetta við öll sveitarfélög, alla bæi og kaupstaði á landinu. En ef þetta frv. er fram komið eingöngu vegna þarfa Rvíkurbæjar, þá er bezt, að ekki sé farið með það í neina launkofa né því haldið fram, að þetta sé mest gert vegna hagsmuna gjaldþegnanna.

Í sambandi við þetta vil ég svo spyrja: Hve mikið er óinnheimt af gjöldum, sem fallin eru í gjalddaga hjá Rvíkurbæ? Það væri nær að ganga í að innheimta það, áður en farið er að lögbjóða á Alþ. að taka gjöld af mönnum, sem kannske ekki eiga að gjalda til þess bæjar, og taka þau þannig fyrirfram, áður en þau eru raunverulega á lögð. Hvað halda t. d. hv. þm. að Guðm. H. Þórðarson, sem nú er gjaldþrota, mundi þurfa að gjalda mikið eftir þessum l., ef frv. væri samþ.? Hér er ákaflega gengið á rétt gjaldþegnanna og svo langt, að það er alls ekki sæmandi fyrir Alþ. að níðast á þeim svo sem stefnt er að með þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 322, 376).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hef á þskj. 376 borið fram brtt. við þetta frv. eins og það er á þskj. 322, þannig að 2. gr. falli niður. Mér skilst, að það sé ekki sanngjarnt, þó að frv. verði að l., að binda þegnum þjóðfélagsins þann bagga að greiða 1% af því, sem eftir er að innheimta.

Við 3. gr. hef ég líka gert till. um, að við bætist greiðsla 1% vaxta fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu viðkomandi bæjarsjóðs. Þá er komið jafnrétti á milli aðila, úr því að krefjast má dráttarvaxta af gjaldþegnum. Vona ég, að hv. þdm. geti fallizt á þetta.

Frsm. (Pétur Magnússon): Ég hef ekki séð brtt. á þskj. 376 fyrr en nú á fundinum. Fjhn. hefur því ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til hennar. Annars lét hv. þm. Barð. þegar í ljós þessa skoðun sína við 2. umr., en ég hygg, að n. sé sammála um, að frv. mundi ekki ná tilgangi sínum, ef 2. gr. væri felld niður. Ef þessi heimild á að koma að nokkru gagni, verður að hafa eitthvert aðhald gagnvart gjaldendum, þannig að þeim sé ekki alveg í sjálfsvald sett, hvenær þeir greiða útsvar sitt. Annars væri raunverulega engu breytt frá því, sem nú er. Ég verð því að láta í ljós þá skoðun mína, og ég hygg, að ég megi tala þar fyrir hönd n., að ég álít það mjög misráðið að samþ. þessa brtt.

Um hina brtt. er það að segja, að það er ekkert við því að segja, þótt bæjarsjóður greiði dráttarvexti af því fé, sem hann hefur fengið ofgreitt, en það mun vera svo mjög sjaldgæft, að slíkt komi fyrir, að ég sé enga ástæðu til þess að þvæla málinu milli d. vegna þess. Ég geri það því að minni till., að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla aðeins að leiðrétta þann misskilning hjá hv. síðasta ræðumanni, að það þurfi að þvæla málinu milli d. vegna brtt. minnar, verði hún samþ. Málið er borið fram hér í Ed. og þarf að fara til Nd., hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki. Það virðist líka allt á misskilningi byggt með þetta mál hjá hv. nm. Þeir lesa ekki þingskjölin, þeir vita ekki, á hvaða stigi málin eru, og þeir skilja ekki, við hvað er átt með till. Það er því ekki von, að gangi greiðlega með afgreiðslu málsins. Annars held ég, að hv. flm. ætti að taka þetta mál til baka.

Að lokum vil ég taka það fram, að þar sem um annað eins mál er að ræða, þá óska ég nafnakalls um báðar brtt.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Það þýðir ekki fyrir okkur hv. þm. Barð. að fara í neinn mannjöfnuð hér. Ég veit ekki, hvort honum hefur tekizt svo illa að gera till. sína skiljanlega eða hvort ég er svona skilningssljór. Ég hef lesið þessa brtt., en ég játa að hafa misskilið, hvað fyrir honum vakir með henni. Hann hreyfði einnig öðrum aths. við þennan lið málsins við 2. umr. (GJ: Nei). Jæja, það er þá víst allt saman misskilningur hjá mér. Annars tel ég þetta svo þýðingarlítið atriði, að ég tel enga ástæðu til þess að bera fram sérstaka brtt. við það.

ATKVGR.
Brtt. 376,1 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, GJ, IngP, PHerm.
nei: PM, ÞÞ, BBen, BrB, EE, GÍG, HG, LJóh, MJ, StgrA.
3 þm. (HermJ, JJ, KA) fjarstaddir.
Brtt. 376,2 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, GJ, GÍG, HG, IngP, PHerm, StgrA.
nei: PM, ÞÞ, BBen, EE, LJóh, MJ.
4 þm. (HermJ, BrB, JJ, KA) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 11. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 403).

Á sama fundi og enn fremur á 56. og 58. fundi, 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 16. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 24 febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 443, 453).

Ingólfur Jónsson: Þar sem hv. frsm. n. er ekki viðstaddur, er rétt, að ég segi nokkur orð í sambandi við þetta frv.

Fjhn. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, þó hefur einn hv. nm. skrifað undir nál. með fyrirvara og borið fram brtt. ásamt hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), sem er ekki veigamikil, að mér skilst.

Ég tel ekki þörf á því að hafa mörg orð um þetta frv., en óska þess fyrir hönd meiri hl. n., að það verði samþ.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Þegar boðað var til fundar í fjhn. til þess að afgreiða þetta frv., fékk ég ekki fundarboðið og mætti þess vegna ekki á þeim fundi. Málið var því afgreitt í n. af aðeins 4 nm., en ég skrifaði síðar undir nál. með fyrirvara. Vegna þess að ég var ekki á fundinum, gat ég ekki átt tal við meðnm. mína um þá breyt., sem ég vildi gera á frv., en hef nú flutt brtt. ásamt hv. 2 þm. S.-M. á þskj. 453. Ég tel, að það sé rétt að samþ. þetta frv., vegna þess að þess geti verið þörf fyrir einstök bæjar- og sveitarfélög að fá útsvörin eða hluta þeirra greitt með þessum hætti fyrr heldur en venjulega, þar sem gera má ráð fyrir, að ýmis

bæjarfélög, sem hafa mikil útgjöld, yrðu að öðrum kosti e. t. v. í nokkrum vandræðum með veltufé. En brtt. okkar á þskj. 453 aðeins fyrirbyggir það, að þessar fyrirframgreiðslur geti komið óþægilega við einstaka gjaldendur, sem svo stendur á um, að tekjur þeirra hafa orðið minni á síðast liðnu ári heldur en þær voru árið 1941, sem útsvörin á síðasta ári voru miðuð við, og sem á að miða þessar fyrirframgreiðslur við. Eins og öllum er kunnugt, eru tekjur margra einstaklinga og félaga hér á landi mjög misjafnar frá ári til árs. Það getur því vel komið fyrir í ýmsum tilfellum, að gjaldendur, sem hafa haft háar tekjur 1941 og borguðu því hátt útsvar 1942, geti átt erfitt með að inna af höndum þessar greiðslur upp í útsvörin, eins og til er ætlazt í frv. Við leggjum því til með þessari brtt. ef tekjurýrnun hjá einhverjum gjaldendum hefur numið 30% eða þar yfir, þ. e. tekjur þeirra hafa verið þeim mun minni árið 1942 heldur en 1941, þá geti þeir krafizt hlutfallslegrar lækkunar á fyrirframgreiðslu upp í útsvarið. Þetta ákvæði yrði sjálfsagt aðeins notað í undantekningartilfellum, en raskar í engu aðalefni frv.

Ég hef átt tal við flm. frv., hv. 6. þm. Reykv. (BBen), um þetta, og virtist mér hann líta svo á, að það sé eðlilegt að samþ. þessa brtt. Sagði hann, að hann hefði ekkert við það að athuga. Vænti ég þess, að hv. d. geti á það fallizt.

ATKVGR.
Brtt. 453 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 463).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21:1 atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það er dálítið einkennilegt, að hæstv. Alþ. skuli nær einróma samþ. frv., sem fer fram á að innheimta útsvör, áður en þau eru lögð á. Ég þykist sjá, að til þess arna liggi í raun og veru ein höfuðástæða, eða a. m. k. er ekki gerð grein fyrir nema einni ástæðu fyrir því í grg. frv., nefnilega, að Rvíkurbær sé svo illa staddur, að hann geti ekki komizt af án þess að fá útsvör innheimt, áður en þau eru lögð á. Þó hygg ég, að í fyrra hafi verið lögð á í Rvík meiri útsvör heldur en bærinn var álitinn þurfa þá, eftir fjárhagsáætlun bæjarstjóra, og mun það hafa numið um 2 millj., og þar fyrir utan fékk hann stríðsgróðaskattinn, svo að alls komu í bæjarsjóð yfir 5 millj. fram yfir það, er bæjarstj. í febr. 1942 taldi hann þurfa. Eyðslan hefur því verið mikil. Ástæða er því engin til að bera þetta frv. fram, því að bærinn getur fengið lán til þess að koma sér yfir það tímabil, sem hér er um að ræða.

En mér virðist geta legið önnur orsök til þess, að þetta frv. er fram komið, heldur en þessi, sem tekin hefur verið fram, nefnilega, að gjaldendum sé betra að borga útsvörin á fleiri gjalddögum en verið hefur til þessa. Og þegar búið er að jafna niður útsvörum, sem er ekki gert fyrr en svo, að því er lokið kannske ekki fyrr en í júní, þá er til áramóta ekki orðið eftir nema hálft árið. Það mætti hugsa sér að breyta þessu til á þann hátt að breyta reikningsári hreppanna eða bæjanna þannig, að láta það ekki miðast við áramót, heldur t. d. við 1. júní, svo að útsvörum væri jafnað niður fyrirfram, síðast á reikningsárinu og fyrst á almanaksárinu. Með þessu væri að vísu ekki hægt að komast yfir vandræðatímabil, eins og nú virðist vera í Rvíkurbæ, en þetta gæti verið mjög athugandi fyrir framtíðina. Ég vil heyra, hvort hv. þm. almennt eru þeirrar skoðunar, að þeir vilji leyfa bæjafélögum að innheimta útsvör áður en þau eru lögð á. Og því þá ekki að leyfa ríkissjóði líka að leggja á beina skatta á sama hátt? Hvaða stefna er það yfirleitt að leyfa mönnum þetta? Hvers konar réttarfar er það, sem á að fara að reka í landinu, að heimta inn skatta af gjaldendum, sem þeir eiga ekki l. samkvæmt að borga — sem ekki er búið að leggja á? Mig undrar, að þm. yfirleitt skuli vera með þessu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Breyt., sem hv. Nd. hefur gert á frv., er sú, að við 1. gr. frv. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1942, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1941, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.“ Það hefur þegar verið skýrt frá því, að í Rvík væri í ráði, að þessi aðferð yrði viðhöfð, og því er gott, að þetta sé fram tekið í l., ef hv. þm. finnst meiri trygging í því. Ég tel þess vegna frv. eins gott og þegar það fór til hv. Nd. og vona, að hv. þdm. geti fallizt á það.

Gísli Jónsson: Ég get ekki látið hjá líða að lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. móti þessu frv. Ég tel, að Alþ. sé hér að fara inn á mjög varhugaverða braut og eigi ekki að ganga svona á rétt þegnanna sem þetta frv. ber með sér og reyndar fleiri frv., sem fram hafa komið hér á Alþ. Það virðist svo vera sem gjaldþegnarnir eigi hvergi neinn forsvarsmann, hvorki á Alþ. né annars staðar, og er það illa farið. Ég leyfi mér því fyrir hönd þúsunda þegna um allt land að mótmæla því ranglæti, sem þeir eru hér beittir og felst í frv. þessu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, EE, KA, LJóh, MJ, ÞÞ, StgrA.
nei: GJ, PHerm, BSt.
IngP greiddi ekki atkv.
6 þm. (BrB, GÍG, HG, HermJ, JJ, PM) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 467).

38. Áfengislög.

Á 2. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (þmfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Frv. það, sem fyrir liggur á þskj. 4, gerir ráð fyrir nokkurri breyt. á áfengisl., nr. 33 9. jan. 1935, þess efnis að heimila íbúum þeirra kaupstaða, sem hafa áfengisútsölur, að greiða atkv. um það, hvort útsala skuli vera þar áfram eður eigi. Skal eg nú færa rök fyrir þessu í örfáum orðum.

Árið 1909 voru bannlög lögleidd, þótt þau að vísu kæmu ekki til framkvæmda fyrr en 1915. Árið 1922 var gerður sérstakur viðskiptasamningur við Spán, og samkvæmt honum gengur í gildi undanþága árið 1923, sem heimilar að flytja inn létt vín frá Spáni og selja þau hér, en bannlögin voru áfram í gildi þrátt fyrir það. Þá tók ríkisstj. sér það vald að setja upp sjö áfengisútsölur, þ. e. a. s. í öllum þáverandi kaupstöðum landsins: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði. Ríkisstj. hélt því fram, að þetta væri nauðsynlegt til þess að fullnægja anda Spánarsamningsins. Oft hefur verið rætt um að loka einni eða fleirum af þessum útsölum, en ætíð hefur fengizt sama svarið, að það væri brot á Spánarsamningnum og því ekki framkvæmanlegt. Árið 1935 voru bannlögin endanlega afnumin, en ríkisstj. jafnframt veitt heimild til þess að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, þó ekki nema með samþykkt atkvæðisbærra manna í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi.

Í áfengisl. nr. 33 9. jan. 1935 9 gr. segir svo með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. er heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf ⅔ hluta greiddra atkv. til þess að útsala sé leyfð. Nú hefur verið fellt með atkvgr. að stofna útsölu samkv. framansögðu, og getur atkvgr. þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.“ Með þessu ákvæði sköpuðust tvenns konar réttindi fyrir íbúana. Íbúar Norðfjarðar t. d. fengu rétt til þess að ákveða sjálfir, hvort þar skuli vera útsala eður eigi, en íbúar Seyðisfjarðar verða að sitja með sína útsölu, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Það liggur ljóst fyrir, að þarna var misræmi á ferðinni, sem sé, að íbúar sjö kaupstaða fá engu ráðið sjálfir, en í öllum öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins er það á valdi íbúanna, hvort þar skuli vera útsala eður eigi. Þessi tviskinnungur í lögunum frá 1935 stafar af því, að löggjöfunum fannst ekki hægt að stofna til atkvgr. í þessum sjö kaupstöðum, af því að það bryti í bág við anda Spánarsamninganna, en þeim mun einnig ekki hafa verið fyllilega ljóst hvílík misgjörð hér var á ferðinni.

Nú álít ég, að ekki verði lengur um það deilt, að Spánarsamningurinn sé farinn veg allrar veraldar, og við þurfum því ekki að taka neitt tillit til hans framar. Ég skal því sleppa því, hvort ákvæðið frá 1935 hafi á sínum tíma verið réttmætt eður eigi, en nú er aðstaðan breytt. Í frv. því, sem nú um ræðir, er gert ráð fyrir því, að sami réttur gildi fyrir íbúana í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Þar er gert ráð fyrir því, að þessir sjö kaupstaðir, sem um hefur verið rætt, skuli fá rétt til þess að ákveða með atkvgr., hvort útsala skuli starfa þar áfram eður eigi, en eins og nú standa sakir verður ekki um það deilt, að nú gilda tvenn lög í landinu.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn. að lokinni 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 7. des., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Það var 24. s. l. mán., sem þessi hv. d. afgreiddi frv. til l. um breyt. á áfengisl. til 2. umr. og allshn. En n. hefur ekki enn skilað áliti sínu, og er sá tími, sem hún er búin að hafa það til meðferðar, orðinn óeðlilega langur, þar sem n. hefur ekki haft neitt annað mál til þess að fjalla um þennan tíma. — Vil ég því fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann athugi, hvað gangur þessa máls í n. er langt kominn, og hlutist jafnframt til um, að n. skili áliti sínu sem allra fyrst.

Garðar Þorsteinsson: Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, vil ég taka það fram, að allshn. ætlar að halda fund á morgun, þar sem þetta mál, sem hv. ræðumaður var að spyrjast fyrir um, verður tekið til athugunar.

Forseti (JJós): Þar sem hv. form. allshn. hefur gert grein fyrir því, sem hv. 8. þm. Reykv. spurðist fyrir um, tel ég mig ekki þurfa að hafa frekari afskipti af því.

Á 25. fundi í Nd., 5. jan., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — 24. nóv. s. l. var máli vísað til hv. allshn. Það var frv. um breyt. á áfengisl. Laust fyrir miðjan desembermánuð spurðist ég fyrir um það, hvað liði afgreiðslu málsins af hálfu n. Formaður allshn., hv. 2. þm. Eyf., lýsti yfir því, að þegar næsta dag skyldi málið tekið til meðferðar í n. En það er enn þá ókomið frá henni. Nokkru síðar var vísað til n. frv. um ráðstafanir til að bæta

úr húsnæðisskortinum. Til þessa hefur ekkert heyrzt frá n. um þessi mál og önnur, sem til hennar hefur verið vísað.

Ég verð að telja, að þessi dráttur á afgreiðslu n. að því er snertir frv. það um breyt. á áfengisl., sem ég nefndi, sé með öllu óhæfilegur og verði ekki skýrður með öðru en því, að hv. n. vilji tefja málið og bregða fæti fyrir það, eða þá hinu, að hún sé óhæf að gegna störfum sínum, og er hvorugt gott. Verð ég að biðja hæstv. forseta að hlutast til um það, að hv. n. skili sem fyrst áliti um þessi mál og önnur, sem hún hefur fengið til meðferðar. — Mér þykir leitt að heyra, að form. nefndarinnar, hv. 2. þm. Eyf., getur ekki komið hingað í dag vegna sjúkleika. En hitt má ekki svo til ganga, að n. sofi á málum, sem til hennar er vísað, á þann hátt, sem ég hef gert grein fyrir.

Forseti (JJós): Ég hef heyrt mál hv. 8. þm. Reykv. og þær umkvartanir, sem hann hefur borið fram og ekki að ófyrirsynju. Mun ég telja mér skylt að eiga tal við hv. allshn. til að flýta því, að fyrirgreiðsla fáist á þessu erindi hv. þm. (**SigfS:** Ég þakka hæstv. forseta).

Á 30. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 137 og 157).

Frsm. meiri hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Þetta mál hefur verið lengi í allshn., og vil ég n. til afsökunar segja það, að það er af ástæðum, sem hún gat ekki ráðið við, því að fundartími hennar er óhagstæður og rekst á flokksfundartíma.

N. er ekki sammála. Ég mun hér eingöngu tala fyrir meiri hl., en hann hefur fallizt á að mæla með, að frv. verði samþ., þó að hann vilji breyta því að nokkru leyti. Aðalbreyt. er fólgin í því að binda gildistöku l. við, að sá samningur, sem gerður var á sínum tíma við Spán og Portúgal, verði úr gildi felldur. Samkv. bréfum, sem lágu fyrir n. frá utanríkisráðuneytinu og hv. 4. þm. Reykv., er því haldið fram, að þessi samningur sé enn í gildi. Við getum ekki lagt til, að samþ. yrði það, sem riði í bág við gildandi samninga, og þess vegna leggjum við til að ný gr. komi aftan við frv., þar sem lagt er fyrir, að samningnum skuli sagt upp, en gildistaka l. miðast við, að búið sé að birta tilkynningu um uppsögnina. Síðan borgarastyrjöldin geisaði á Spáni, hafa engin veruleg viðskipti átt sér stað hvorki við Spán né Portúgal, svo að ákvæði samningsins hafa ekki verið notuð árum saman.

Önnur breyt. er sú, að í stað ⅝ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð, viljum við hafa einfaldan meiri hl. atkvæða. Að öðru leyti höldum við okkur við frv. eins og það var í upphafi.

Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti.— Allshn. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv. Efni frv. er aðallega um héraðabönn, þannig að þeim útsölustöðum áfengis, sem þegar eru til, megi loka með meiri hl. samþ. Frv., svipað þessu, lá fyrir Alþ. 1939. Allshn. sendi það til utanríkisráðuneytisins, sem lét í ljós þá skoðun, að ákvæði þess riðu í bág við gildandi samning við Spán og Portúgal. Allshn. var þá sammála um að afgreiða frv. með rökst. dagskrá, þar sem vitnað var til álits utanríkisráðuneytisins. Í n. áttu sæti bæði bannmenn og andbanningar, en það þótti ótækt að samþ. l., sem færu í bág við gildandi milliríkjasamninga. N. sendi frv. aftur nú til ráðuneytisins. Svar barst, þar sem það tjáir sig sömu skoðunar og 1935, að ákvæði frv. komi í bág við samninginn. Minni hl. allshn., hv. 2. þm. Eyf. og ég, viljum afgreiða frv. á sama hátt og 1939. Ég vil taka það fram, af því að nál. 137 lá ekki fyrir í n., að þeir, sem að því standa, voru þá ekki á eitt sáttir, en hafa nú brætt sig saman og gefið út nál. Ég vil líka taka það fram, að ég mundi ekki hafa fallizt á þá afgreiðslu, því að mér finnst óviðkunnanlegt, að Alþ. samþ. frv., sem er brot á milliríkjasamningum. Í annan stað er málið með áliti meiri hl. komið á þann rekspöl, að menn þurfa að gera sér grein fyrir, hvort á að segja upp samningnum eða ekki, og því hefði verið æskilegt, að utanríkisráðherra hefði verið viðstaddur. Það, sem við verðum fyrst og fremst að gera upp við okkur í sambandi við nál. 137, er það, hvort heppilegt sé að segja upp samningnum. Hv. frsm. meiri hl. lét orð falla um það, að síðan borgarastyrjöldin var á Spáni, hafi engin viðskipti farið fram milli Íslands annars vegar og Spánar og Portúgals hinsvegar. Verzlunarskýrslur eru ekki til nýrri en frá 1940, en á því ári, mörgum árum eftir að borgarastyrjöldinni lauk, var útflutningur til Spánar frá Íslandi fyrir 6 millj., en til Portúgal fyrir 5,7 millj. Nýrri skýrslur liggja ekki fyrir, en hagstofan upplýsir, að töluverður útflutningur hafi verið bæði 1941 og 1942, en innflutningurinn nam samkv. verzlunarskýrslum 1940 1,9 millj. kr., og enn var nokkur innflutningur 1941 og 1942. Ísland nýtur beztu kjara um útflutning til þessara landa.

Ég er ekki svo verzlunarfróður, að ég geti fullyrt, hvort rétt sé að segja upp þessum samningum, en ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðh., hvort þetta atriði hefur verið athugað sérstaklega, og hvort hann vill segja álit sitt á þessu máli, því að eins og ég sagði áðan, liggur það ekki fyrst og fremst fyrir, hverjum augum hv. d. lítur á héraðabönnin, heldur hvort rétt sé að segja upp milliríkjasamningunum við Spán og Portúgal.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 14. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti — Ég hafði búizt við, að hæstv. atvmrh. mundi skýra frá afstöðu sinni til þessa máls, þ. e. a. s. afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Lagafrv. svipað þessu var til umr. 1939. Það var sent til ríkisstj., sem gaf álit sitt 28. nóv. 1939. Í áliti, sem utanrh. sendi þá allshn., segir m. a.:

„Þeir milliríkjasamningar, sem helzt koma til greina í þessu sambandi, eru samningur sá milli Íslands og Portúgals, er felst í bréfaskiptum

ríkisstjórna beggja landanna frá 9. apríl og 9. maí 1923, sbr. auglýsingu nr. 62 30. des. 1924 í A-deild Stjórnartíðindanna, og samningurinn milli Íslands og Spánar frá 23. júlí 1923, birtur í A-deild Stjórnartíðindanna með auglýsingu nr. 63 30. des. 1924.

Samkvæmt samningum þessum, sem báðir eru í gildi (sbr. viðskiptasamkomulagið milli Íslands og Spánar frá 1934, 7. liður erindanna, birt í A-deild Stjórnartíðindanna með auglýsingu nr. 66 12. des. 1934), nýtur Ísland ýmissa hlunninda að því er snertir tolla í þessum löndum, þar á meðal ber sérstaklega að nefna, að íslenzkur saltfiskur nýtur beztu kjarameðferðar að því er tolla snertir í báðum löndunum. Til þess að ná þessum samningum, varð Ísland að skuldbinda sig til þess að undanþiggja innflutning á spönskum og portúgölskum vínum, sem ekki er í meira en 21% af vínanda, frá aðflutningsbanninu á áfengi samkvæmt lögum nr. 91 14. nóv. 1917, og var þessi undanþága gerð með lögum nr. 3 4. apríl 1923. Í 3. gr. hinna síðastnefndu laga var svo fyrir mælt, að ákvæði, sem sett kynnu að verða til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína, megi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannslaganna. Enn fremur segir svo í samningnum milli Íslands og Spánar frá 23. júlí 1923, 2. gr., að Ísland njóti beztukjarameðferðar að því er snertir toll á fiski, „gegn því að Ísland veiti vínum frá Spáni, sem ekki innihalda meira en 21% af vínanda (alkohol), undanþágu frá ákvæðum íslenzkra laga frá 14. nóv. 1917 um bann gegn innflutningi áfengra drykkja, og gegn því að Ísland ekki með reglugerð um misbrúkun vína setji ákvæði, sem koma í bága við undanþágu spánskra vína frá ákvæðum nefndra laga.“

Í 1. mgr. 2. gr. frv. um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, segir, að „í þeim kaupstöðum, þar sem nú eru áfengisútsölur, skal, þegar meiri hluti bæjarstjórnar eða ¼ hluti kjósenda í hlutaðeigandi kaupstað krefst þess, fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaupstaðnum um það, hvort útsölunni skuli haldið áfram. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður þá úrslitum“. Frumvarp þetta felur því í sér ákvæði, sem eru í ósamræmi við samninginn við Portúgal og virðist brot á samningnum við Spán, samanber framansagt, að því er tekur til vína, sem ekki innihalda meira en 21% af vínanda, með því að í því felast möguleikar til þess að koma algerlega í veg fyrir sölu og væntanlega þá einnig innflutning á þessum vínum.

Stefán Jóh. Stefánsson.“

Þetta álit, sem gefið var til allshn. 1939 af hæstv. utanrh. (StJSt), er í öllum atriðum að mínum dómi ennþá óbreytt. Það verður að líta svo á, ef frv. þetta yrði samþ., að þá sé ástæða til að búast við, að annar samningsaðili, Spánn, hafi rétt til að telja það vera brot á ákvæðum þeirra samninga, sem við höfum við hann, sem hér er vitnað í. Og þar af leiðandi verður að gera ráð fyrir, ef við samþ. frv., að við eigum á hættu, að þessi samningsaðili telji ástæðu til að telja samninginn úr gildi fallinn. Það kemur þá til athugunar að gera sér grein fyrir, hvort það sé hagkvæmt eða óhagkvæmt fyrir Ísland, að annar aðilinn segði samningnum upp. Eða hvort það verði hagkvæmt eða óhagkvæmt fyrir Ísland, að samþ. verði 2. gr. í þessari brtt., þar sem gert er ráð fyrir því að leggja fyrir ríkisstj. að segja upp samningum, sem þetta kann að koma í bág við.

Eins og tekið er fram í bréfinu, sem ég las upp, höfum við samninga við Spánverja um, að við njótum beztu tollréttinda. Nú stendur svo á, að markaður fyrir saltfisk hefur þrengst mjög. Um skeið hefur ekki tekizt að selja saltfisk til Spánar, en í landinu eru nú um 800 tonn af fiski, sem ætlazt var til, að færi til Suður-Ameríku. Samkvæmt upplýsingum í gær frá fisksölusambandinu er svo komið að ekki er hægt að selja þenna fisk á neinn stað, sem við náum til á hnettinum, nema til Spánar.

Með þessu vildi ég hafa sagt, að ríkisstjórnin lítur svo á, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samþ., þá eigum við á hættu, að samningur okkar, sem við höfum um saltfisksútflutning til Spánar, mundi verða afnuminn. Og það virðist augljóst, að það væri mjög óhagkvæmt, að slíkt kæmi fyrir einmitt nú.

Ég hef heyrt, að menn dragi í efa, að Spánarsamningurinn sé í gildi. Utanrh., ráðuneytið og ríkisstjórnin telja ekki vafa á, að hann sé í gildi. Það liggur ekki fyrir neitt, sem gefur tilefni til að álykta, að hann sé ekki í gildi.

Enda þótt mér persónulega hefði verið mikil ánægja í því, að lög eins og þau, sem felast í þessu frv., gætu orðið framkvæmd, og mér hefði orðið ánægja að geta staðið að því, að viss skilyrði, sem eru í Spánarsamningunum, verði felld niður, þá sé ég mér ekki annað fært en leggja eindregið til, að Alþ. forðist að gera nokkra lagasetningu, sem geti valdið því, að þau kjör, sem við njótum nú, um tollfríðindi á Spáni og í öðru landi, verði felld niður. Þess vegna vara ég við, eins og stendur, að setja í l. þau ákvæði, sem lagt er til í þessu frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Meiri hluti háttv. allshn. hefur lagt til, að frv. það. sem hér liggur fyrir, verði samþ. með nokkrum breyt. Þessar breyt. eru bæði forms- og efnisbreyt. Um formsbreyt. er ekki nema gott eitt að segja. Þær miða allar að því að gera þá hugsun, sem í frv. felst, ótvíræðari.

Það eru tvær efnisbreyt., sem hér liggja fyrir. Í nál. er ráð fyrir því gert, að einfaldur meiri hluti atkv. í héruðum og kaupstöðum ráði um opnun eða lokun á útsölustöðum áfengis í stað þess, að samkv. núgildandi l. þarf ⅔ atkv. til að opna. En hins vegar þarf, samkv. núgildandi l., aðeins einfaldan meiri hluta til að loka útsölustöðum áfengis. N. leggur því til, að þessu verði breytt á þann hátt, að einfaldur meiri hluti nægi til að opna útsölustaði eða loka þeim. Þessi breyt. er frá minu sjónarmiði bæði eðlileg og til bóta. En meginbreyt. er fólgin í því, að lagt er til, að ríkisstjórnin skuli, ef frv. er samþ., gera ráðstafanir til að segja upp milliríkjasamningum þeim, sem l. þessi brjóta í bág við, og er hér átt við samningana við Spán og Portúgal.

Þá kemur í fyrsta lagi til athugunar, hvort frv. þetta muni valda, ef að l. verður, breyt. í sam-

bandi við ýms ákvæði í l. viðvíkjandi samningunum við Spán, þannig að ekki megi gera lagaákvæði hér á landi, sem geri samninginn í framkvæmd ógildan eða dragi mjög úr gagni hans. Það liggur í hlutarins eðli, að væru l. sett sem þessi, þá brýtur sú lagasetning á engan hátt í bág við samningana. Með Spánarsamningnum er leyft að selja hingað spönsk vín.

Frv. er um tvö atriði, og er hitt atriðið um það, hvenær nýjar áfengisútsölur megi setja á stofn eða loka þeim. Slík ákvæði geta ekki verið brot á samningnum. Annað mál er svo það, að þegar til framkvæmda kemur, gæti það orðið svo, að þau hefðu í för með sér algert afnám bannlaganna. Þetta yrði til þess, að svo og svo mörgum útsölum yrði lokað, e. t. v. öllum. Reynslan mundi skera úr því, hver afleiðing þessara l. yrði. Hvort þau yrðu til þess að draga úr gildi Spánarsamningsins, eða ekki. Lögin sjálf gera það ekki.

Það er rétt að minnast á, hvernig Spánarsamningurinn er til kominn. Þegar hann er gerður, eru bannlög hér á landi og fríðindin, sem Spánverjar fá með honum og Portúgalsmenn líka með sínum samningi, eru í því fólgin að gera þá undanþágu frá bannl. að selja létt vín þaðan hér í landinu, meðan bönnuð er sala annars áfengis. Árið 1935 eru bannl. svo numin úr gildi. Svo að hvort sem það leiðir af sjálfu sér eða ekki, þá er ekki lengur um að ræða undanþágu frá samningunum, og í raun og veru var að þessu leyti grundvellinum kippt undan Spánarsamningnum af Íslendinga hálfu með algerðu afnámi bannl. 1935.

Nú hef ég leitazt við að fá upplýsingar um það hjá áfengisverzlun ríkisins, hvernig þetta afnám hefur verkað á innflutning spanskra og portúgalskra vína. Og þá undarlegu sögu hef ég að segja, að það þykir mega staðhæfa, að afnám bannsins hafi verkað á þá lund, að innflutningur vína hafi minnkað mjög verulega, og innflutningur á vínum frá Spáni og Portúgal muni naumast vera til nú. Það mun vera búið að gera þær ráðstafanir frá Íslands hlið, sem draga úr gildi Spánarsamningsins, og það á miklu veigameiri hátt heldur en ætlazt er til með þessu frv.

Ég hef bent á það, að tímum saman hefur öllum útsölustöðum á Íslandi verið lokað. Það hafa að vísu verið tímabundnar ráðstafanir, en þær róttækustu ráðstafanir, sem hægt var að gera til þess að draga úr sölu spanskra vína, sem annara og þá um leið ganga gegn anda og bókstaf Spánarsamningsins. Nýlega hefur svo komið til skömmtunar áfengis, en enginn talar um það nú, að það skerði rétt Spánverja. Nú síðast er svo horfið frá skömmtuninni og undanþágur komnar í staðinn. Eru slíkar undanþágur í samræmi við Spánarsamninginn?

Ég held því fram, að frv., ef samþ. yrði, komi ekki í bág við samninginn við Spán, og ég álít að breyt. sé að öllu leyti óþörf. Það er vafamál, hvort samningurinn er í gildi. Við höfðum erindreka á Spáni, þegar ófriðurinn var þar, hröklaðist hann þaðan. Hann var sendur þangað aftur síðar, og þá sem diplomatiskur fulltrúi. Stjórnin í Madrid neitaði að veita honum viðtöku sem slíkum og neitaði að tala við hann. Sama sagan var í Lissabon. Stjórnirnar í þessum löndum álitu, að Danir færu með utanríkismál vor og kváðust þær mundu um þau hafa samband við utanríkisþjónustu Dana þar. En á þeim tíma var Ísland búið að lýsa yfir, að sambandslagasáttmálinn við Danmörku væri úr gildi fallinn, svo að neitun Spánverja og Portúgalsmanna á því að taka við diplomatiskum sendifulltrúa frá okkur er ekki hægt að skilja á aðra lund en þá, að ekkert stjórnmálasamband sé lengur milli þessara ríkja. Og ég get ekki skilið, að milli ríkja, sem ekki hafa stjórnmálasamband, geti verið milliríkjasamningar. Mér skilst þá, að þeir falli úr gildi á sömu stundu sem stjórnmálasambandið rofnar.

Að þessu athuguðu virðist mér brtt. hv. allshn., sem er flutt í tveim gr., vera algerlega óþörf og hafa betur verið ógerð. Hún er óþörf af þessum sérstöku ástæðum, sem ég greindi, og jafnvel óþörf, þó að Spánarsamningurinn væri enn í gildi, því að frv. kemur í raun og veru ekki í bága við hann. Hún er því óþarfari, þegar þess er gætt, að það má færa að því skýr rök, að samningurinn sé í raun og veru úr gildi fallinn. Það er því ekki undarlegt, þó að mörgum manni komi það spánskt fyrir sjónir, er því er haldið fram, að við séum í þessum kringumstæðum með þessu frv., ef samþ. verður, að segja Spánarsamningnum upp. Ég þarf svo ekki að fjölyrða um álit minni hl. allshn., sem vill vísa frv. frá með rökstuddri dagskrá. Ég hef í raun og veru svarað þeim röksemdum um leið og ég hef rætt um 2. gr. í brtt. hv. meiri hl. n.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Aðeins út af síðustu setningum í ræðu hv. síðasta ræðumanns (SigfS) vildi ég bæta örlitlu við það, sem ég sagði áðan.

Enda þótt Spánn tæki ekki við þeim sendimanni, sem íslenzka ríkisstj. ákvað að senda suður þangað, þá getur það ekki á nokkurn hátt skoðazt sem rifting á stjórnmálalegu sambandi við Ísland og ekki á nokkurn hátt orðið skoðað sem nein sönnun eða líkur fyrir því, að þeim samningum, sem voru í gildi, og að okkar dómi eru í gildi, hafi verið riftað með þessu. Það, sem gerðist, var, að íslenzka ríkisstjórnin fór fram á það við spönsku stjórnina, að hún tæki við ákveðnum manni sem diplomatiskum sendifulltrúa, en svar við þessari beiðni kom ekki. Þetta kemur stundum fyrir milli ríkja, og geta verið fyrir því fleiri en ein ástæða. Ég ætla ekki að fara út í þær ástæður, sem hér muni hafa verið um að ræða. En þetta hefur aldrei verið skoðað í viðskiptum milli ríkja sem ástæða til þess að slá því föstu, að stjórnmálasamband ríkjanna sé farið út um þúfur, og því síður sem gild ástæða til að slá því föstu, að samningar, sem ekki hefur verið sagt upp, séu úr gildi fallnir.

Af þessu vil ég endurtaka það, að ríkisstjórnin lítur þannig á, að Spánarsamningurinn sé í fullu gildi og við höfum rétt til þess að fá flutt inn til Spánar nú eins og áður íslenzkan saltfisk með beztu kjörum, og við viljum ekki falla frá þeim rétti Íslendinga.

Um málið að öðru leyti hef ég ekki ástæðu til að taka neitt frekar fram.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í þessi brenni-

vínsmál hér. En af því að mér finnst hér vera talað með nokkuð mikilli léttúð um það, hvort við höldum viðskiptunum við Spán eða ekki, vildi ég gefa þær upplýsingar, að Ísland er alveg nýlega búið að selja til Spánar eða semja um sölu til Spánar á öllum þeim saltfiski, sem nú er til í landinu, sem er um 700 tonn, og salan nemur alls hátt á aðra milljón kr. Nú er það svo, eins og hv. atvmrh. tók fram, að það er engin von til þess, að Íslendingar yfirleitt sem eru svona allsgáðir í þessum efnum vilji fallast á það, að við lokum fyrir okkur þessum saltfiskmarkaði. Því að þótt við framleiðum miklu minna af saltfiski nú heldur en gert hefur verið áður, þá verðum við að gera ráð fyrir, að fiskverzlunin lendi að verulegu leyti í sama farvegi eins og hún var áður. Og það er áreiðanlega víst, að Spánverjar munu líta á það, bæði nú og hér eftir, eins og áður, að þeir geti ekki sýnt sérstaka vinsemd í viðskiptum þeirri þjóð, sem með l. alveg sérstaklega amast við þeim vörum, sem þeir framleiða og líta svo á, að ekki séu neinar skaðsemdarvörur, því að það álíta þeir vafalaust ekki það vín vera, sem þeir framleiða. Það er ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að þeir breyti um skoðun í þessu efni. Þetta mál hefur verið þeirra prinsipmál frá upphafi — ekki svo mjög mikið hagsmunamál — en þeir vilja helzt ekki þola neinum það að leggja bann við framleiðsluvörum þeirra eða a. m. k. vilja ekki sýna þeim þjóðum neina sérstaka vináttu, er það gera, eða veita þeim sérstök hlunnindi um innflutning á framleiðslu þeirra þjóða til Spánar.

Inn á málið að öðru leyti ætla ég ekki að fara, en ég vildi bara upplýsa þetta, ef einhverjir hv. þm. vissu ekki, að því fer svo fjarri, að slakað hafi verið á verzlunarsamningum okkar við Spán, að við seljum þeim nú allar okkar saltfiskbirgðir og njótum við þá sölu einmitt þeirra hlunninda, sem þessi samningur veitir. Þess vegna virðist mér það af ákaflega undarlegri léttúð mælt, sem stendur hér í nál. meiri hl. allshn., þar sem sá meiri hl. leggur til, að Alþ. leggi fyrir ríkisstjórnina að segja upp þessum samningum.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Það má nú vel vera, ef að vanda lætur, þegar slík mál sem þetta ber á góma í hæstv. Alþ., að hv. alþm. meira eða minna mannskemmi sig með því að taka þátt í þeim ummælum, og þá sérstaklega þeir, sem ekki eru annars grunaðir um græsku og hafa haldið mannorði sínu ella nokkurn veginn í lagi, og ef ekki er yfirleitt fallizt á þær kenningar, sem fluttar eru fram í þessu mikilsverða máli. Hér er ekki rætt um brennivín eða ekki brennivín, ofdrykkjumenn eða ekki ofdrykkjumenn, heldur hvernig haga skuli þýðingarmiklu viðskiptamáli.

Þessi áfengisl., sem nú gilda, voru sett 1935, og er breyt. sú, sem hér liggur fyrir frv. um, gerð við 9. gr. þeirra l. Ég fyrir mitt leyti hef ekki mikla ástæðu til að taka þátt í þessum umr. En þetta mál er mér ekki nægilega skýrt, og vil ég því fá nokkrar frekari skýringar. Og einnig vil ég vekja athygli á atriðum, sem ég tel varhugaverð á málinu. Ég tel, eins og hæstv. utanrmrh. tók fram, varhugavert að ganga á gerða samninga við erlend ríki, þó að við séum ekki í neinni klemmu um viðskipti við þau ríki, ef þeir samningar eru í gildi, og ekkert álitamál er um það, að þeir hafi hagsmunaþýðingu fyrir afkomu okkar. Enda er það svo, að samningarnir við Spán og Portúgal hafa haft hagsmunaþýðingu fyrir afkomu okkar. En hv. flm. telur, að mér virðist, að samningar þessir séu úr gildi fallnir af okkur óviðráðanlegum ástæðum, og þess vegna muni vera næsta þýðingarlítið að skoða þá í gildi, enda þótt tjáð hafi verið hér, að ég hygg við meðferð málsins, að útflutningur okkar eftir þeim hefði skipt milljónum síðan 1940, og þau viðskipti mundu halda áfram að nema milljónum kr., sem við hefðum sumpart innflutt og sumpart útflutt frá Þýreneaskaga. Ég hygg, að á þessu tímabili hafi verið þangað útflutt héðan fyrir 6 millj. kr., en innflutt á sama tíma fyrir um 4 millj. kr. En þó að ekki sé litið á það sem aðalatriði og Ísland standi sig við að varpa frá sér hagsmunasamningum, sem áfram gætu orðið það og í öðru lagi gerðu það að verkum, að tekjur ríkissjóðs stórlega minnkuðu, vegna þess að hætt væri að verzla við þessa staði, þá er ýmislegt annað í málinu, sem þarfnast frekari skýringa, sem áhrærir þetta síðara, sem ég nefndi.

Þessi áfengisl. eru um innflutning og meðferð á áfengi, sölu og veitingar og í öðru lagi um millirikjaviðskipti, og fleira kemur til greina í þeim l. En þó sýnist sem sumir hv. þm. og yfirleitt hópur manna í landinu geri lítinn greinarmun á því og haldi, að það sé hægt að stemma annan farveginn, en halda hinum einhvern veginn við. En það er í raun og veru ekki hægt. Og mér virðist skorta skilning á því atriði, ef menn hugsa sér, að þetta frv. nái fram að ganga og það vrði samþ., að hafa ekki sölu á víni neins staðar í landinu, þá sjá allir, ef þessi höfuð-tilgangur hv. flm. með frv., sem ég fullyrði að sé, næðist, þá væri hér um að ræða algert vínsölubann. Þá er með öllu orðið bann við því að selja og neyta áfengis í landinu, aðeins þó með þeim undantekningum, ef áfengi yrði flutt inn á annað borð, þá yrði óhjákvæmilegt að afhenda vín til meðalanotkunar og í öðru lagi til að nota það til iðnaðar. En ef það vakir fyrir bannmönnum, sem ég hygg að sé rétt, að reyna á alla lund að loka fyrir alla áfengisneyzlu í landinu, og það vakir áreiðanlega fyrir ýmsum þeirra, þó að ekki sé sú stefna allskostar ráðandi í þeim hópi, þá er vitanlega hér um að ræða grímuklætt aðflutningsbann á áfengi og a. m. k. bann á sölu og neyzlu þess. En þó hef ég tekið eftir, að ein smuga er hér ólokuð og mér til undrunar hefur aðalflm., að mér virðist, ekki komið auga á þá smugu. Ég tel, að það hljóti að hafa sézt yfir þá smugu, sem getur ónýtt þetta á ýmsan hátt, sem með frv. á að nást. Frv. þetta er till. um breyt. á 9. gr. og fjallar um þessa sölu og hvernig hún eigi að vera lögmæt, sem sé, að auk þess sem það gildir um suma staði, að lögákveðið er frá eldri tíð, að þar megi selja áfengi án tillits til vilja íbúanna í hlutaðeigandi bæ, þá skuli kleift einnig að banna að selja vín þar og alls staðar annars staðar á landinu. En þessi smuga, sem ég talaði um, er eftir 10. gr. áfengisl. tölul. 2, sem ég veit ekki betur en að templarar hafi haft á hornum sér og það er veitingaleyfi, sem eitt gistihús

þessa bæjar hefur. Og með þessu ákvæði til breyt. á 9. gr. l. er ekki sett undir þann leka. Og þessi veitingastaður hefur þetta löglega leyfi nú sem stendur og hefur það, þangað til hægt er löglega að svipta hann því leyfi, þannig að þar er opin þessi mikla veitingabúð. Ef því áfengisl. væri framfylgt, sem ekki er gert nú, þá mundi þessi sölustaður á áfengi ekki vera. Þessi útsala er fullkomlega ólögleg, en er samt við lýði. Og þessi ráðstöfun er af þeim, sem með þetta hafa farið í viðkomandi ráðuneyti, talin ólögleg, en þó er þetta að sumu leyti gott fyrirkomulag, og tilgangurinn getur helgað meðalið. Og það er komið svo, að þetta ástand, sem nú ríkir, sem þó er ólögmætt, er miklu betra heldur en lögmæta ástandið var. Og það er held ég margra manna mál, að aldrei hafi ástandið í áfengismálum verið eins gott og það er nú. Það hefur nú tekizt að koma þessu vandræðamáli í þann farveg, sem það getur verið í. Þess vegna tala ýmsir leikmenn um það, hvort eigi ekki að hafa þetta ástand, en vera ekki að neyða neina ríkisstj. til að breyta til svo verra verði.

Svo er annað, sem snertir afstöðu manna til slíkrar löggjafar eða ráðstafana, sem hér er gert ráð fyrir, og það er þetta, að eins og þegar verið er að safna hjá fólki undirskriftum undir hinar og þessar ráðstafanir, sem af góðum vilja eru gerðar eða á að gera, þá vitum við, að þar er oft alls ekki heilt um hnúta búið. Það er alls ekki víst, að allir, sem undir skrifa, séu fyllilega með því, sem þeir skrifa undir. Það er opinbert, að það er farið til manna til þess að fá slíkar undirskriftir, og það er vitað, að menn eru álitnir mannskemma sig á því að vera á móti því að loka öllum smugum um áfengisútsölu. Svona er og hefur verið farið að afla fylgis við þetta mál. Það er eins og hv. þm. þykist eiga í vök að verjast og standa nokkuð höllum fæti til að gera athugasemdir við þetta mál eða andæfa nokkuð á móti því. Ég hef heyrt, að miðstj. eins flokks hafi samþ. um þm. flokksins, að þeir skyldu, hvað sem sannfæring þeirra liði, vera með þessu máli. Getur verið, að sú miðstjórn hafi álitið, að tilgangurinn helgaði meðalið, og því væri rétt að kúga hv. þm. til þess, ef þetta er satt. Og menn hafa líka fyrir satt, að ýmsir gangi með hangandi hendi, ef svo mætti segja, til afgr. þessa máls, en geti ekki sett sig til þess að gera aths. við það, og er þá illa farið, ef svo er. Hér þarf að beita fullri hreinskilni. Það þarf að fá sem skýrast, hvað á að gera og hvernig það á að gerast. — Nú er þetta sagt til þess að fá frekari upplýsingar hjá hv. aðalflm. um þessi atriði. Ég beini orðum mínum til hans sem eins mesta áhugamanns um framgang málsins. Og einnig vil ég taka fram, að mér er ekki grunlaust um, að sumir af þeim hv. þm., auk margra og vafalaust fleiri utan þings, sem að þessu máli standa á einn eða annan veg, haldi, að enda þótt girt verði fyrir útsöluna á áfengi, þá verði hægt að panta áfengi hjá áfengisverzluninni. Ég hef ástæðu til að ætla, að einhverjir hv. þm. séu þessarar skoðunar og ætli að vera með frv., en hafi þennan fyrirvara að hugsa sér að fá á þennan hátt dropa. En þetta er hrein firra, og ef menn eru með frv. með þessum huga, þá tel ég verr farið en heima setið, því að það á að útiloka að selja það á þann hátt í heildsölu.

Svo er eitt, sem ég tel athugunar vert og ég vil fá álit þeirra manna um, sem standa fyrir þessu máli, eða vita, hvort þeir hafa athugað það. Nú geri ég ráð fyrir, að hv. flm. óski, að öllum áfengisútsölum verði lokað. Nú eru ekki og hafa ekki verið neinar útsölur í héruðum, og ekki hafa neinar óskir komið fram um að hafa þær þar. Menn, sem þar hafa átt heima, hafa látið það nægja að sækja vínið til útsölustaðanna, sem eru í kaupstöðunum. En ef það kæmi upp, að þessum aðalútsölustöðum yrði lokað vegna atkvgr., er þá ekki hætta á því, að héruðin tækju upp á því að samþ., að útsala eða útsölur skyldu vera í héruðunum? Og ef svo færi, telur þá hv. aðalflm. betur farið að láta útsölurnar koma heim í héruðin, vegna þess að bannað yrði fyrir áróður og atorku vissra manna, að selja það í kaupstöðunum? Ég tel, ef svo færi, að þá væri verr farið en heima setið. Það þarf að vanda mjög til athugunar á þessari hlið málsins sem öðrum.

Þessar aths. mínar eru til þess að fá frekari grein á málinu, því að mér virðist hér vera ýmislegt, svo sem áður í þessu máli, ekki heilt og ekki nægilega athugað. Þess vegna mætti, virðist mér, hafa þann hátt á málinu, að málið fái ekki framgang á þessu þingi, en á þinginu, sem sett verður síðar í vetur, verði það lagt fram betur undirbúið. Því að ég býst við, að allir hv. þm. vilji athuga þetta mál frá báðum hliðum með fullkominni sanngirni, því að félagslega séð, er þetta mikið vandamál.

Pétur Ottesen: Það er nú ekki orðinn eins mikill siður og áður var að vekja upp drauga í varnarskyni og til þess að koma mönnum og málefnum fyrir, með þeim formála, sem þar átti við. Jafnvel finnast þess dæmi, að draugar komu sunnan af Spáni, og kvæðisbrot kann ég um það eftir Grím Thomsen, „kaþólskir fjandar“ og þóttu hinir skæðustu. Sunnan af Spáni var einmitt sóttur sá draugur 1939, sem koma átti þessu máli fyrir, þegar það lá líkt fyrir og nú. Draugurinn er sá, að enn sé í gildi samningur okkar við Spánarstj., sem geri okkur ófært að samþ. það, sem meirihluti mun ella vera og hafa verið fyrir að samþ. Draugar eiga sér aldurtila. Aldrei fylgdu þeir ættum lengur en í níunda lið, og ég hygg, að þessi draugur fylgi ekki Íslendingum lengur, þótt af öðrum ástæðum sé en aldrinum. Því var lýst í umr. af hv. 1. flm., hversu gersamlega er ástæðulaust fyrir andstæðinga frv. að nota sér þennan samning að skjóli. Hann var vitanlega fram kominn af því, að hér hafði verið sett á algert innflutningsbann á áfengi, en við afnám þess var burt fallinn grundvöllur viðkomandi skilyrða í samningnum. Við höfðum lengi haft bezta kjara samning á Spáni, áður en áfengisbannið var innleitt, og viðskiptin byggðust ekki á vínkaupum sérstaklega, sem kunnugt er. Nú hefur margt gerzt seinni árin, sem hefur upphafið samninga okkar við erlend ríki. Af stríðinu hefur leitt ekki óverulegra en það að sambandslagasáttmálinn við Dani féll úr gildi fyrir tímann, og var því lýst yfir af Íslendingum og á grundvelli þeirrar yfir-

lýsingar fluttum við æðstu stjórnina inn í landið. Mér þykir mjög miður, að hæstv. utanrh. (VÞ) skuli hafa látið þennan draug hræða sig, svo að hann skuli trúa, að ekki megi samþ. þetta frv. Treystir hann sér til að fullyrða, að við séum þess nú megnugir að standa við Spánarsamninginn að öðru leyti? Í samningnum stendur, sbr. stjórnartíðindi 1934, að „spænskum kaupsýslumönnum skal vera frjálst — — að stunda atvinnu sína á Íslandi og vinna að útbreiðslu og sjá um sölu á vörum sínum.“ Hvað heldur ráðh., að hernaðaryfirvöldin, sem hér eru nú, mundu segja við umferð slíkra manna hér? Spánn telst að vísu hlutlaust ríki, en kunnugt er, hvernig sumir líta á það hlutleysi. Það yrði mjög erfitt í öðru atriði að standa við samninginn eða segja, að hann hafi verið haldinn. Þar segir m. a.: „Íslenzka stjórnin skuldbindur sig til þess, að er sett hefur verið á stofn í því landi einkasala á víninnflutningi, þá skuli sú stofnun kaupa á Spáni 80% af þeim borðvínum, anísþrúgubrennivínum og þess kyns drykkjum, sem hún flytur inn, og að 100% af þeim kjörvínum, sem það land kaupir — —“. Ég skal eftirláta öðrum mér fróðari að telja upp „kjörvínin.“ En ég vil spyrja hæstv. utanrrh., hvort hann telji, að þessi ákvæði hafi verið uppfyllt. Svarið gæti orðið, að skýrslur skorti, en við vitum nokkurn veginn, að uppfyllt var það ekki, og síðan 1935 hefur tiltölulega lítið verið innflutt frá Spáni, oftast nær ekkert. Þar með er grundvöllur samningsins horfinn, og hvað er þá á samningnum að byggja? Með honum sýnist varla vera hægt að slá ryki í augu nokkurs manns, að veifa honum er vísvitandi einber fyrirsláttur. Um leið er á það að líta, að stjórn Spánar eftir borgarastyrjöldina taldi sig ekki bundna af neinum eldri samningum við önnur ríki, jafnvel ekki samninga um fjárgreiðslur. Hún telur því samninginn úr gildi fallinn, enda var sendur héðan diplomatiskur sendimaður til að reyna að ná við hana nýjum samningum í staðinn. Hér hefur verið lýst viðtökunum, sem hann fékk. Hann beið dvalarleyfis við landamærin, lá þar við lóðarhálsinn, fékk aldrei að koma í landið, hvað þá líta Spánarstj. augum. Við hana er því enginn samningur. Vitanlega er allt gott um það að segja, að nú sé verið að semja þar um fisksölu, en það hefur ekki komið fram í þessum umr., að Spánarstj. heimti nein sérstök fríðindi í sambandi við fisksölu á Spáni. Það er langt fyrir neðan virðingu Alþingis að gera nú nokkuð með þennan gamla draug.

Allt annað og miklu hreinlegra sjónarmið kom fram í ræðu hv. 10. landsk., og er hægt að taka afstöðu út frá því. Ég vil benda á að bæði hann og þeir, sem standa að rökst. dagskránni, ganga út frá því, að verði frv. samþ., muni svo mikill og almennur hugur fylgja máli, að landið verði von bráðar algerlega þurrkað með þessum héraðabönnum. Þeir óttast ekki fyrst og fremst frv., heldur viðurkenna með þessu, að þeir óttast þjóðarinnar fái neytt sín? Það er alveg rétt, að þeir, sem óttast brottrekstur vínsins á þennan hátt, fara ekki villt um hug fólksins í málinu. Á mjög skömmum tíma söfnuðust 22 undirskriftir undir áskorun til Alþingis um að samþ. þessa lagabreyt., og hefðu getað orðið miklu fleiri, ef ástæða hefði þótt til. Á því er enginn vafi, að meiri hl. þjóðarinnar lítur ástandið öðrum augum en hv. síðasti ræðumaður. Það er óþarfi að vekja um þetta umr. Ástandið hefur oft verið vont, og enn er það ekki svo, að ekki geti vont versnað, það hefur e. t. v. aldrei verið verra, en kann að eiga alllangt í land til að ná hámarki, sem næst með sama áframhaldi. Annaðhvort er það ákaflega mikill og einkennilegur ókunnugleiki eða lítil tilfinning fyrir ástandinu, sem birtist í því, þegar menn tala eins og þetta sé nú allt í ágætu lagi. Þessi hv. þm. talaði um, að ekki væri sett stífla í allar flóðgáttir með héraðabönnum. Veitingaleyfi, sem stofnun ein hér í bænum hefði, mundi standa eftir sem klettur úr hafinu. Ekki veit ég, hvort þetta er eilífðarsamningur, sem ríkið hefur gert við hótelhaldara hér í námunda við þinghúsið. Ég veit ekki betur en vínveitingum hafi verið hætt þar, þegar vínsölurnar voru lokaðar, og viss er ég um, að hvorki ríkisstjórn né Alþingi lætur það við gangast, að einn brennivínssali á Íslandi geti haft í hendi sinni, hvernig þessum málum skuli hagað í landinu. Síðasti hv. ræðumaður vildi upplýsa málið fyrir þm., sem væru e. t. v. búnir að binda hendur sínar. Þessu var ekki beint til mín, en ég geri ráð fyrir, að í þessu máli greiði þm. atkv. eftir sannfæringu sinni og ekki öðru. Það er rétt, að þeir svari og taki við þessari sneið, sem hana áttu að fá frá þm. Hann gerði ráð fyrir, að menn hefðu hugsað sér að geta smeygt sér gegnum bakdyr og náð sér í flösku sjálfir þrátt fyrir héraðabönnin. Ef þetta hefði farið fram hjá mönnum, vildi ég benda á það, ef það á að vera önnur sneið til einhverra hér.

Málið liggur afarljóst fyrir. Ég greiði að sjálfsögðu atkv. móti dagskránni. Og ég álít, að þetta, sem sett var inn í frv., sé alveg óþarft, en þótt það standi, mun ég engu síður greiða atkv. með frv. eins og það er. Sú uppáfundning var alveg ástæðulaus.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Hv. þm. Borgf. talaði um að vekja upp drauga í varnarskyni og til að koma þessu máli fyrir með blekkingum og virtist þar eiga við ræðu mína. Þessu tali um drauga og blekkingar vil ég vísa alveg frá mér og til baka. Ég skýrði frá því í byrjun fundar, að ég yrði persónulega þeirri stundu feginn, þegar hægt yrði að gefa fólki kost á að velja um, hvort það vildi hafa áfengisútsölur eða ekki og ég ítreka þetta. Ég veit ekki, hvor okkar hv. þm. Borgf. yrði því fegnari. Ég veit um fólk a. m. k. í sumum kaupstöðum, sem ef það ætti um þetta tvennt að velja, mundi meiri hlutinn hiklaust greiða atkv. með því að hafa enga útsölu áfengis.

Engu að síður tel ég það skyldu mína sem utanrrh. að líta svo á, að Spánarsamningurinn sé í gildi, og ef við viljum njóta hlunninda hans, megum við ekkert gera, sem getur talizt fara í bág við hann. Mjög viðurkenndir lögfræðingar telja hættu á, að þannig yrði litið á þetta frv., ef það er samþ., og þættust þá Spánverjar hafa rétt til þess að taka af okkur þau beztu kjara réttindi, sem samningurinn áskildi okkur um saltfisksölu,

og torvelda okkur þar alla samninga yfirleitt. Nú finnst hvergi markaður fyrir saltfisk okkar nema á Spáni. Vill Alþ. taka á sig áhættuna af því að setja lög sem máske útilokaði þennan eina markað okkar? Það verða háttv. þm. að ákveða sjálfir, áður en þeir greiða atkv. Ég endurtek að öðru leyti, að það er óréttmætt að tala um draug í þessu sambandi. En hv. þd. tekur svo ákvörðun um, hvort á þetta skuli hætta eða ekki.

Ég vil enn taka það fram, sem ég áðan sagði samkvæmt nokkrum kunnugleika, er ég hef af fólkinu í landinu, að ef það yrði spurt um það eitt, hvort það vildi vínsölu hjá sér á staðnum eða ekki, mundi mikill hluti fólksins svara nei hiklaust. En ef það yrði spurt um það um leið, hvort það vildi taka á sig þá áhættu, er það kynni að hafa fyrir saltfisksmarkaðinn á Spáni, þá veit ég ekki, hverju fólkið mundi svara. — En, sem sagt, — hv. Alþ. ræður því, hvort það vill taka á sig þessa áhættu eða ekki.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Hv. 10. landskjörinn var að beina nokkrum orðum til mín. Því miður get ég ekki munað allt mál hv. þm. þar sem hv. 7. þm. Reykv. var öðru hvoru að trufla mig á meðan á ræðu hans stóð. — En það heyrði ég þó, að hv. 10. landsk. var að segja, að tilgangurinn með frv. þessu mundi vera sá að loka öllum áfengisútsölum á landinu. Út af þessum ummælum vil ég taka það fram, sem ég reyndar hélt að öllum væri ljóst orðið, að í fyrsta lagi er tilgangurinn með þessu frv. sá, að gefa þegnunum í landinu rétt til þess að ráða því, hvort þeir vilji hafa vínútsölu á sínum stað í landinu eða ekki. Um þennan tilgang frv. geta bæði bannmenn og andbanningar verið sammála, sem hreinir lýðræðissinnar og ennfremur passa að leiðrétta að sums staðar ráða menn þessu en sums staðar ekki. — Nú er þá verið að trufla hv. 10. landsk. eins og mig áðan. — En er þessum fyrri tilgangi hefur verið náð, þá kemur baráttan milli bannmanna og andbanninga. Bannmenn stefna að því að framkvæmd verði þessi lokun sem víðast, en andbanningar aftur á móti vilja hafa útsölurnar sem víðast opnar.

Nú var ég spurður að því, hvort hin síðari villa yrði ekki verri en hin fyrri, ef það skyldi af leiða að nýjar útsölur mundu opnast við samþ. þessa frv. Þá vil ég svara því, að ég er svo mikill lýðræðissinni, að ég vil að þegnarnir fái að ráða þessu, hvort heldur sem af því leiddi, að ný vínútsala opnaðist eða gömul lokaðist. Ég vil, að þeir fái að velja um þetta, og vona ég, að andbanningar mæti mér hér.

Þá var hv. 10. landsk. að tala um það, að eftir væri nú að stöðva lekann á Hótel Borg, þó að það kynni að heppnast að stöðva stóra flóðið. Ég er ekki reiðubúinn til að gefa skýr svör um, hvernig hann megi stöðva, en vil í því sambandi vísa til þess, sem hv. þm. Borgf. sagði um það atriði, ef tækist að stöðva stóra flóðið þá ætla ég, að einhver ráð finnist til þess að stöðva lekann á Hótel Borg. Ég býst við því, að löggjafinn hafi á undanförnum árum sigrazt á stærra vandamáli en því, er hv. þm. er að gefa í skyn, að verði erfitt að leysa.

Þá var hv. 10. landsk. að minnast á ástandið í þessu efni hjá okkur. Hann telur það gott, en ég tel það illt. Um það ætla ég ekki að fara að deila við hv. þm., en ég vil að gefnu tilefni láta í ljós þá einlægu hjartans ósk mína, að þessi hv. þm. eigi ekki eftir að spilla sínu góða mannorði á því, er hér um ræðir.

Hv. utanrmrh. var að tala um það — hann er nú farinn burt úr d. sé ég er —, að í hættu væri saltfisksalan til Spánar á fiski, sem annars myndi kannske óseljanlegur. Ég vil nú leyfa mér að spyrja. Er það ekki rétt, að í fiskisölusamningi, sem gerður var við Bretland, hafi nokkuð af fiski verið undanskilið til þess að viðhalda gömlum samningi við Spán — en Bretar voru annars fúsir á að kaupa af okkur allan okkar fisk? Ég hygg einnig þá vera ástæðuna til þess, að nokkuð hefur verið selt til Spánar af fiski.

Ég má annars vel við þessar umr. una, þar sem enginn hefur andmælt því, sem er eitt meginatriði þessa máls, að með þessu frv., ef að l. verður, sé ekki verið að brjóta í bága við Spánarsamninginn, að lagastafurinn sé hlutlaus gagnvart samningnum, og það komi fyrst til álita við framkvæmd hans, hvort það komi til með að draga úr gildi hans eða ekki. — Annars vil ég benda á það, sem ég og hv. þm. Borgf. hefur enn betur sýnt fram á, að samningurinn við Spán hefur verið margbrotinn, að hér er verið að vekja upp draug eins og hann sagði. Og hvort sem menn eftir sem áður álíta, að samningurinn sé í gildi eða ekki, þarf það ekki að hafa nein áhrif á samþ. þessa frv., því að það brýtur ekki í bág við samninginn, þótt í gildi væri.

Mun ég því greiða frv. mitt atkv.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Það fór sem mig grunaði, að hin rólega yfirvegun mín og hlutlausu skýringar á frv. mundu gefa tilefni aðdróttana og ásakana frá þeim mönnum, er telja það jafnvel mannskemmandi að gera aths., ef þær falla ekki í þeirra „kram".

Nú vildi ég helzt ræða málin með stillingu, og því skaut ég því inn í, hvort ekki væri rétt að ræða þetta mál betur til næsta þ., og athugaðar yrðu betur allar ástæður og aðstæður er koma til greina í sambandi við frv. þetta, ef hægt væri að ráða bót á því brennivínsástandi, sem nú ríkir og er illt, og ennfremur, hvort ekki væri rétt að athuga, hvort ekki væri verið að traðka á gerðan samning við annað ríki og kasta fyrir borð miklum tekjum ríkissjóðs. — Því að þrátt fyrir æst umtal, hafa þó komið fram ýms atriði, sem eru alveg vís. Í fyrsta lagi, að samningurinn við Spán er enn í gildi, og því getur enginn mótmælt með rökum. Í öðru lagi er hann hagkvæmur okkur og sagt, að svo muni einnig verða framvegis eftir þennan dag.

Nú skal ég ekki dæma um, hvað stj. Spánar segir um slíka ráðstöfun sem þá, er í frv. felst. Sumir segja, að stj. muni álíta samninginn úr gildi fallinn, en það er tilgáta ein og því ekki nægileg rök.

Það vill oft verða svo, og sýnir það sig nú, að bannmenn gá ekki að því að kaupa sínum áhugamálum framgang of dýru verði bæði beint og óbeint, og lái ég þeim það ekki, en þá verða bara aðrir að sjá við, að svo verði ekki. — Það

var sú tíð, og það kemur aftur að þeim tíma, að það þarf að hafa sem mesta tekjuliði fyrir ríkissjóð.

Það er nú upplýst af hálfu flm., að ekki er nærri eins vel gengið frá frv. eins og vera skyldi og ýmislegt er enn eftir sem áður óleyst. Eitt er það, að áfram er áfengi flutt inn í landið. — Nú er þá hv. þm. enn að gera sig sekan í samtali. — Þó að þetta frv. verði samþ., þá er enn eftir lækna brennivínið lögfest. Svo skilst mér og á því, er fram hefur farið, að enn verði hægt að panta brennivín og senda um landið. Ef svo er um hið græna tré, hvað þá um Pétur og Pál.

Þetta frv. leiðir því út í ógöngur, því að það er ekki nema hálfverk. Frv. gæti vel orðið til þess að leiða til hins verra, eins og t. d., ef hér í nágrenninu risi upp brennivínsútsala, af því að engin væri til hér í Rvík.

Menn deila ekki mikið um ofdrykkjumenn, því að það eru sjúkir menn, en þó eru ekki allir svo og á ekki að setja alla undir sama liðinn í því tilliti.

Það, sem hv. aðalflm. sagði, var heldur snubbótt, er hann var að svara mér. Annað hvort fór hann í kring um málið eða svaraði ekki beint um það, er ég spurði. Hv. þm. Borgf. gerði sig sekan í því að tala mikið í fullyrðingum. Ég sagði aldrei, eins og þeir þóttust hafa eftir mér, að ástandið í þessum málum væri ágætt eða gott. Það, sem ég sagði og endurtók, var, að fyrirkomulagið á vínútsölunni væri nú það skást, sem það hefði verið.

Nú vona ég, að þeir hafi lært, að sá er ekki vítaverður, sem gerir aths. eða krefst skýringa, og ég á skýlausan rétt á því, að orð mín séu ekki rangfærð.

Ég tel eins og fleiri, að varlega beri að fara í þessu máli, og ekki rasa um ráð fram. Það, sem gert er, má ekki vera neitt kák, til þess að það, sem gert verður, þær framkvæmdir, sem leiða af ákvörðun Alþ., verði til bóta á því ástandi, sem fyrir er, en ekki til þess aftur á móti að gera það enn verra.

Hv. þm. Borgf. var að gefa í skyn, að ég væri að tala í kring um þetta mál, en vildi síður tala hreint og beint um það. Ég veit nú eiginlega ekki, hvað hv. þm. á við með þessu. Ég leyfði mér að benda á, að þetta frv. gæti ekki náð þeim tilgangi, sem flm. ætluðu sér. Ég benti á, að lækna brennivínið yrði eftir sem áður til, og jafnvel pantanir á áfengi gætu farið fram. — Annars get ég sagt hv. þm. Borgf. það, að ég er algerlega á móti aðflutningsbanni. Ég lít svo á, að þjóðfélagið, hver þegn þess, þurfi að gera þetta spursmál upp við sig, og þroskast upp í það að verða maður með mönnum. — Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið bæði hér og annars staðar í þá átt að banna innflutning áfengra drykkja, hafa reynzt illa, svo að ekki sé meira sagt, og skyldu menn því fara varlega í þær sakir aftur. —

Annars er það í hæsta máta óeðlilegt, að það sé hér í þessu máli verið að væna menn um græsku og telja, að maður sé að stofna mannorði sínu í hættu. Ég kann ekki við slíkan málaflutning. Við verðum að temja okkur það, að ræða þetta mál sem önnur, hvort sem er utan þ. eða innan, kaldir og rólegir, en ekki með neinum æsingi og geðofsa. Það getur líka verið eins konar sjúkdómseinkenni.

Ég tel það og mjög illa farið, ef menn eru að láta þvinga sig til að taka sérstaka afstöðu til þessara mála. Ég hef grun og reyndar veit, að miðstj. eins flokksins hér í þ. hefur boðið þm. sínum að hafa og fylgja þessari stefnu í áfengismálum, sem aðalflm. frv. telur sig málsvara fyrir. — Mér er það nú ekki kunnugt, að hve miklu leyti þm. fl. ætla að fara eftir þessu, hvort þeir ætla að viðhafa slíka augnaþjónustu eða hvað maður á að kalla það, en slíkt væri þá að ganga úr öskunni og í eldinn.

Jakob Möller: Ég get ekki greitt atkv. með frv. eins og það liggur fyrir né heldur með brtt. meiri hl. allshn. Frá því sjónarmiði, að stefnt sé að algerðu aðflutningsbanni á áfengi með frv., þá tel ég, að með frv. sé ætlazt til, að það byggist á allt of litlum þjóðarvilja, þar sem aðeins er gert ráð fyrir meiri hl. atkv. til þess að koma sölubanni á. Ég tel, að reynslan af bannl. hafi sýnt það, að mikinn og sterkan þjóðarvilja þarf til þess, að slíkt bann geti orðið til bóta. En ég tel, að reynslan af bannl. þann tíma, sem þau voru gildandi hér, hafi sýnt, að það þarf miklu sterkari þjóðarvilja til þess að halda slíkum l. uppi en fyrir hendi var. Þess vegna álít ég, að ekki sé til neins að leiða í gildi bann á útsölu á neinum stað, nema mikill meirihluti fólksins standi þar á bak við. Ég mun því leggja fram skrifl. brtt. við brtt. meiri hl. allshn. þess efnis, að í 2. mgr. 9. gr. l. komi í stað orðanna „og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess, að útsala sé leyfð“, komi „og þarf 66% greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð“. Ennfremur, að í 3. mgr. 9. gr. l. komi „66%“ í stað „meiri hluta“. Þetta er fyrst og fremst byggt á því, að þetta fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp, geti leitt til þess að öll áfengissala verði bönnuð með lögum. Nú er það auðvitað engan veginn víst, þó að það yrði með l. samþ. að banna áfengissölu á einum stað, að það yrði bannað alls staðar. Ég held sú breyting yrði sízt til bóta, frá því sem nú er. Það er ekki stórt atriði, hvort leyfð er sala áfengis á 6, en ekki 7 stöðum, ekki sízt ef möguleikar eru fyrir hendi til að bæta við einum eða fleiri útsölustöðum fyrir hvern þann sölustað, sem felldur er niður. Ég álít, að það sé ákaflega lítið unnið við að fækka útsölustöðum, eða leggja niður útsölu á einum stað, en bæta svo öðrum úsölustað við. Ég tel líklegt, að allar slíkar br. séu óþurftamál, því að þótt útsala sé bönnuð með meiri eða minni breyt. á l., frá því sem nú er, þá kemur óleyfileg vínsala í staðinn, sérstaklega þegar almenningsvilji til að halda uppi banninu er lítill. Hins vegar mun ég telja fært að gera þá tilraun að setja skilyrði um meira atkvæðamagn en gert er ráð fyrir í brtt. meiri hl. allshn., svo að maður gæti séð, hvernig það gæfist. En ég gæti trúað, að 60% væri jafnvel of lítið til þess að vilji fólksins gæti notið sín og ráðið niðurlögum vilja þeirra, sem vilja koma bannl. fyrir kattarnef. Ég segi það nú, að afstaða mín til þessa máls fer eftir því, hvort brtt. mín verður samþ. og bið um afbrigði til þess, að hún megi verða tekin til umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 203) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Ég vil segja það í fáum orðum, að ég tel æskilegt, að það gæti verið á valdi viðkomandi staða, hvort útsala áfengis skuli leyfð þar eða ekki. Það liggur hér fyrir á þskj. 157 umsögn og yfirlýsing utanrh. um, að slík ákvæði, sem hér er farið fram á, brjóti í bága við millirikjasamninga Íslands við Spán og Portúgal. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að láta uppi skoðun á því, hvort svo muni vera í raun og veru, að sú breyt., sem hér er fyrirhugað, komi í bág við ákvæði þessara samninga, en ég tel mér ekki annað fært en að taka gilt það, sem utanrh. segir um þetta mál um sína niðurstöðu, ekki síst, þar sem allshn. hefur komizt að þeirri sömu niðurstöðu. Nú er það svo, að hv. meiri hl. allshn. leggur til, að stjórninni sé falið að segja upp samningum þessum, og getur þá breyt. sú á áfengisl., sem frv. gerir ráð fyrir, aðeins komið til greina, þegar samningarnir eru fallnir niður. Mér virðist nú talsvert viðurhlutamikið að fara að segja upp millirikjasamningum vegna ekki stórvægilegri breyt. á l. en hér er um að ræða. Hins vegar mundi ég vilja, að reynt yrði að fá breytt þeim ákvæðum millirikjasamninganna, sem koma í bága við þetta frv. Þess vegna vil ég bera fram skriflega brtt. við nál. á þskj. 137, að 2. liður breytist þannig, að í stað orðanna „segja upp" komi orðin „fá breytt" og síðar í sama lið komi „er þeim samningum hefur verið breytt" — í stað orðanna „er þeir samningar hafa verið felldir úr gildi". Og leyfi ég mér að biðja um afbrigði til þess, að brtt. verði tekin til umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 204) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Rökst. dagskráin á þskj. 157, frá minni hl. allshn., felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: GÞ, GSv, GTh, HelgJ, JPálm, JS, SB, SEH, SK.
nei: BÁ, EOl, EystJ, FJ, GG, IngJ, JakM, JörB, LJós, PZ, PO, SigfS, SG, STh, SÞ, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, EmJ.
6 þm. (ÓTh, PÞ, SkG, JJós, ÁÁ, BG) fjarstaddir.
Brtt. 203 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SB, SEH, SK, SÞ, BÁ, GÞ, GSv, GTh, HelgJ, JakM, JPálm, JS.
nei: LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, STh, SvbH, ÞG, EOl, EystJ, FJ, GG, IngJ, JörB.
SkG, StJSt, ÁkJ, EmJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (ÓTh, JJós, ÁÁ, BG) fjarstaddir.
Brtt. 137,1 (ný frvgr., verður 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 204 samþ. með 16:7 atkv.
Brtt. 137,2 (ný gr., verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GG, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, PZ, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, BÁ, EmJ.
nei: FJ, GTh, JörB, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SK, STh, ÞG, EOl, EystJ.
JakM, SB, ÁkJ, BG greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓTh, JJós, ÁÁ) fjarstaddir.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, LJós, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, STh, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, BG, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GG, IngJ, EmJ.
3 þm. (ÓTh, JJós, ÁÁ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Með því að meðferð hv. d. á þessu máli sýnir fáheyrðan gapahátt gagnvart millirikjasamningi, segi ég nei.

Gunnar Thoroddsen: Þar sem það er upplýst af hæstv. rikisstj., að það er mjög óheppilegt sökum millirikjasamninga, að frv. þetta nái samþykki, tel ég fráleitt að greiða því atkv. og segi nei.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 19. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 205, 209).

Jörundur Brynjólfsson: Þetta skulu aðeins verða örfá orð. Ég hef leyft mér að koma fram með brtt. við 2. gr. frv.
Við umr. hefur komið fram, að þessi samningur er að því leyti í litlu gildi, að það er lítið eftir honum farið, og veldur því það ástand, sem nú er í heiminum, og má segja, að hvað framkv. samningsins áhrærir, sé hann ekki í gildi. Hitt má vera, að formlega séð sé samningurinn í gildi og fyrir því er gert ráð af hálfu n. Á síðustu stundu var þessari till. n. breytt, og skilst mér sem þá sé veikt allmjög aðstaða stj. um samningagerð um þetta atriði. Má þá vera, að hinar erlendu stj., sem talað yrði við um þetta mál, vildu gera sinn vilja gildandi í þessu efni, og skilst mér, að æskilegra muni, að stj. Íslands hafi að baki sér ákveðinn vilja Alþingis. Telji nú stj., að ákvæði þessi komi í bág við millirikjasamninga, skilst mér, að slík samþykkt eins og þessi breytingartill. er orðuð frá þingsins hálfu, styrki mjög aðstöðu stj. til þess að fá vilja sínum framgengt, og er það aðalatriðið. Það munu vera skiptar skoðanir manna á því, hvort það skuli á þennan hátt vera undir kjósendum komið, hvort útsala vína skuli heimil. Hverjir, sem kunna að eiga sæti í stj., treysti ég henni til þess að gæta þess í nýjum samningum, að vilji þingsins komi fram í þessu efni. Ég vil því, að gengið verði úr skugga um vilja háttv. þm. í þessu efni, og kemur þá væntanlega í ljós við atkvgr., hver skoðun manna er um málið sjálft, hvort vilji er fyrir því, að þessi breyt. verði gerð eða ekki, og fer bezt á því, að það komi við atkvgr. málsins berlega fram.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vil vænta þess, að hv. þd. fallist á þessa brtt. Því að svo framarlega sem mönnum er það alvörumál, að lög séu sett um þetta efni,

held ég, að bezt sé, að hún verði gerð eitthvað í þá átt, sem brtt. þessi hljóðar um.

Forseti (JJós): Tveir hv. þm. eru á mælendaskrá, en komið er fram yfir þann tíma, sem ákveðið hefur verið að setja fund í sameinuðu þingi, og ég treysti mér því ekki til að halda fundinum áfram lengur. Verður því umr. um málið frestað og málið tekið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 20. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég ætla mér ekki að fara að tefja mikið meira en orðið er þær umr., er fram hafa farið um þetta mál. — Ég lýsti því yfir, er hv. d. afgr. þetta mál til 3. umr., að ég teldi frv. vera flasfengið og óviturlegt, því að með samþ. þess væri verið að láta sem vind um eyrun þjóta ummæli og álit hæstv. utanrh.

Í nál. minni hl. kemur það fram, að n. hefur leitað álits og umsagnar hæstv. utanrh. um það, hvort frv. þetta gæti samrýmzt millirikjasamningi, sem við höfum gert um sölu á saltfiski. Þessu hefur hæstv. utanrh. svarað bæði með bréfi til n. og svo einnig með yfirlýsingu þeirri, er hann gaf varðandi þetta mál hér í þessari hv. d. — Svar hans er á þá leið, að hann telur ákvæði frv. ekki geta samrýmzt millirikjasamningnum og mælir eindregið frá því að samþ. frv. Ég leyfi mér að kalla það flasfengni af Alþ. og þessari hv. d., ef hún ætlar að ganga í berhögg við yfirlýsingar utanrh. og samþ. þetta frv. Ég mun af þessum ástæðum fyrst og fremst leggjast á móti því, að frv. þetta nái fram að ganga.

Ég ætla í sambandi við millirikjasamninginn að minnast á, að því fer svo fjarri, að okkur Íslendingum beri ekkert tillit að taka til þeirra þjóða, er við höfum gert þennan samning við. Það er upplýst af hæstv. utanrh. og öðrum hv. þm., að nú, þessa dagana, sé verið að ganga frá sölu saltfisks til þessara þjóða. Samkv. úflutningsskýrslum 1941 er helmingur alls útflutts saltfisks seldur til annarrar þjóðarinnar, til Spánar, sem hæstv. utanrh. telur, að við séum að ganga á millirikjasamninginn við, með samþ. þessa frv., þá endurtek ég það, að þegar þannig er málum komið, er það mjög óvarlegt af þ. að leggja út í að samþ. þetta frv. — Þó að það sé að vísu rétt, að sölumöguleikar á sjávarafurðum okkar séu í betra lagi eins og stendur, þá er enginn kominn til að segja, að það sé öruggt til frambúðar.

Það er trú sumra manna, sem og kannske er rökrétt, að framvegis verði meir framleitt af ísfiski og hraðfrystum fiski. Margt bendir til þess. En hitt er eins víst, að saltfiskur verður á komandi árum töluverð útflutningsvara okkar Íslendinga, þangað sem við njótum beztra kjara.

Ég tel það, sem sagt út frá þessum forsendum, er ég hef drepið á, hreina fjarstæðu að samþ. frv.

Þá vil ég rétt aðeins minnast á brtt., sem fyrir liggur við þessa umr. Um hana er það að segja, að ég tel hana til bóta frá því, sem er í 2. gr. frv. eins og hún var afgr. við 2. umr. málsins. Í brtt. er lagt til, að ríkisstj., ef hún telur l. þessi geta brotið í bága við millirikjasamninga, geri þær ráðstafanir, er hún álítur nauðsynlegar til að samrýma þá samninga ákvæðum l. og að því loknu öðlist l. gildi. — En við þessu öllu saman er að segja það, að formið á því er ákaflega óviðkunnanlegt. Miklu nær sanni er, að reynt sé til þrautar að fá samningnum breytt, áður en l. um það, er brýtur í bág við samninginn, eru sett. Það er einmitt sú leiðin, sem Alþ. ætti að fara í þessu máli, að fela ríkisstj. að athuga, hvort ekki væri hægt að fá þeim atriðum samningsins breytt, er geta ekki samrýmzt frv. þessu. Ég lít svo á, að það sé gersamlega verið að fara aftan að siðunum með því að viðhafa þá aðferð í þessu máli, sem nú er verið að leggja til, að farin sé.

En fyrir utan allt þetta er um sjálft „prinsippið“ það að segja, að mikið vafamál er það, hvort hið eina sáluhjálplega í áfengismálum vorum sé að koma á fót héraðsbönnum.

Ég verð að játa, að ég mæti héraðsbönnunum með mikilli tortryggni. Við þurfum ekki annað en að líta til baka til þess tíma, er bannl. voru í gildi, og hvernig verkanir þeirra ráðstafana reyndust hörmulega, þegar bindindismenn gerðu sér vonir um að geta þurrkað landið. En það fór á annan veg, og jafnvel bindindismenn, sem barizt höfðu ákaft fyrir að koma því á, urðu vonsviknir og tóku þátt í að afnema það.

En hvaða munur er svo á þessu stóra banni og því litla banni, héraðsbanni, sem er verið að reyna að koma til framkvæmda með frv. þessu? Annað er stórt bann, en hitt lítið bann. Þar af leiðandi mun enn á ný, ef þessi héraðsbönn koma til framkvæmda, þróast í þessu landi bruggið á ný, smyglun og alls konar samsull eiturlyfja, ef menn vilja leggja sér slíkt til munns. Þetta getum við sagt okkur sjálf. Ég held, að bindindismenn muni verða jafn vonsviknir, ef þessi litlu bönn komast á, eins og þeir á sínum tíma urðu vonsviknir með bannl., þ. e. a. s. verkanir þeirra. Auk þess er það fyrirsjáanlegt, ef frv. kemst til framkvæmda, að stórkostlegir innflutningar munu verða um landið. —

Það, sem ég því hef þessu frv. til foráttu, er í fyrsta lagi, að ég tel það flasfengið og ganga í berhögg við upplýsingar, er hæstv. utanrh. hefur gefið í málinu, og í öðru lagi vegna þess geigs, er ég tel mig hafa og ekki að ástæðulausu, að þessi litlu bönn muni leiða til sama ófremdarástandsins ok bannl. forðum urðu til að skapa.

Annars vil ég taka það fram, að afstaða mín og andstaða gegn þessu frv. má ekki skiljast svo, að ég sé á móti bindindisstarfsemi í landinu, heldur tel ég þvert á móti að hana beri að auka og efla, og skal ég styðja hvert það mál hér á Alþ., er að mínum dómi gengur í þá átt. Það þarf einmitt að leggja ríka áherzlu á, að efld sé bindindisstarfsemi meðal yngri kynslóðarinnar, og að henni sé kennt að umgangast vín eins og siðað fólk.

Í samræmi við það, sem ég hef hér sagt, mun ég greiða atkv. á móti frv. og brtt., þar sem ég tel, að með því sé verið að fara aftan að siðunum.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég kvaddi mér hljóðs aðeins út af brtt. á þskj. 209. — Ég skal játa, að brtt. er mjög svipuð því ákv.

í frv., er henni er ætlað að breyta, en þó get ég ekki betur séð en að brtt. sé miður heppileg en 2. gr. frv.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þetta hvort tveggja upp, brtt. og 2. gr. frv. 2. gr. frv. hljóðar svo:

Ríkisstj. skal, er l. þessi hafa verið samþ., gera ráðstafanir til þess að fá breytt millirikjasamningum þeim, sem l. þessi kunna að brjóta í bág við, og öðlast l. gildi, er þeim samningum hefur verið breytt og ríkisstj. birt um það tilkynningu.

En brtt. hljóðar svo:

Nú telur ríkisstj., að l. þessi kunni að brjóta í bág við millirikjasamninga, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, er hún álítur nauðsynlegar til þess að samrýma þá samninga ákv. l. Að því loknu öðlast l. gildi, enda birtir ríkisstj. um það tilkynningu.

Munurinn er sá, að í frvgr. segir ákvæðið, að ríkisstj. skuli gera ráðstafanir til að fá breytt, en í brtt.: Nú telur ríkisstj. o. s. frv. En nú telur ríkisstj. sig kannske ekki eiga að gera neinar ráðstafanir, þó að það jafnvel þurfi einhverra ráðstafana við.

Ennfremur segir í brtt.: Gera þær ráðstafanir, er hún álítur nauðsynlegar. Það er sem sagt lagt í vald stj., hvað hún gerir eða hvort hún telur nauðsynlegt að gera nokkuð, þó að kannske hinn aðili samningsins telji hið gagnstæða.

Ég fæ því ekki betur séð en hv. flm. brtt. hafi hér með brtt. verið að slá vindhögg. Ég vil taka það fram, að ég álít breytingar á samningnum vera barnaskap. Það eina, sem við gætum haft upp úr því, er það, að samningunum yrði sagt upp.

Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þetta efni, en vil aðeins benda á, að hér er um að ræða sölu á aðalframleiðsluvöru okkar Íslendinga. Hér er um mikilsverðan útflutning að ræða, þar sem saltfiskurinn er. Og vegna þess, hve mikið er í húfi, ef illa tekst, þá álít ég alveg óviðeigandi að deila um svona mál. Það lýsir móðursýki og andlegri fötlun að koma fram með þetta mál, þegar litið er á þá staðreynd, að með því er sölu helztu útflutningsvöru okkar stefnt í hættu.

ATKVGR.

Brtt. 209 samþ. með 19:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., 21. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 244).

Á 39. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Þetta frv. var flutt í Nd., og er ekki ástæða til að lýsa efni þess, sem mun öllum kunnugt.

Þar er farið fram á að veita íbúum þeirra staða, sem nú hafa áfengisútsölur, rétt til að ákveða sjálfir, hvort selja skuli þar áfengi áfram eða ekki. Ennfremur er tekið fram, að nýjar útsölur megi aðeins setja á stofn að undangenginni atkvgr., og þarf viss hluti kjósendanna að vera því meðmæltur.

Í Nd. virtust allir sammála um efni frv., að það væri eðlilegt og samkvæmt okkar lýðræðislegu skipulagsháttum, að þetta mál lyti sömu reglum eftir vilja fólksins sem önnur stór þjóðmál. En hins vegar kom þar strax fram, að sumir litu svo á, að ákvæði frv. kæmi í bága við önnur ríki, og leiddi þetta til viðauka þess við frv., sem er 2. gr. nú, og er þannig vaxinn, að ég tel tæplega sæmandi fyrir hv. Alþ. að afgr. l. með honum.

Það, sem um var deilt, var samningurinn við Spán, og var upplýst eða talið, að hann væri ennþá í gildi. Ég ætla ekki beint að fara út í það, hvort hann er í gildi eða ekki, af því að ég hef enga sérstaka þekkingu á því máli og í öðru lagi af því ég tel, að um þetta eigi að fara fram fullnaðar athugun af sérfróðum mönnum. Einnig tilfæri ég þá ástæðu, að ég hef ekki samninginn milli handanna, og veit ég ekki, hvort allir hv. þm. í Nd. hafa haft fyrir því að lesa hann einusinni. En ef hér er verið að ganga á rétt hins aðilans, þá ætti hann að geta borið sig upp undan því. En þar sem hér er um umdeilt samningsatriði að ræða, þá er fráleitt, að hv. Alþ. samþ. þetta frv. með umgetnum viðauka.

Ég benti á, að það er þvert á móti skylda þess, að skera úr um það, hvort frv. þetta kemur í bága við gildandi samninga eða ekki, og þá fella það, ef það er svo, en alls ekki að viðurkenna með þessu eins og það er, að annað og óskylt þjóðfélag geti blandað sér í innanríkismál okkar, og viðurkenna um leið, að við höfum ekki vald til að setja lög í okkar eigin landi.

Ég álít, að ef dómur Alþ. verður á þá lund, að samningurinn sé enn í gildi, þá geti það ekki sett þessi l. og eigi ekki að gera það með því, sem aftan í þau var hnýtt.

Ég vil benda á þetta. Og þar sem menn vita, að ég er fylgjandi efni eða stefnu frv., þá sjá þeir því fremur, að mér er þetta þó ennþá meira áhugamál, að þessi l. verði ekki sett, ef dómur Alþ. er á þá lund, að telja samninginn í gildi. (BSt: Já alveg rétt, við skulum bara fella frv.) Hv. 1. þm. Eyf. skaut því hér inn í, að við ættum að fella frv. Fyrst skulum við láta hv. Alþ. skera úr um samninginn, eins og ég sagði áðan, og ef sá úrskurður fellur mér í vil, þá skulum við tala um, hvort eigi að fella frv. eða ekki.

En í sambandi við þessi orð hv. þm. vildi ég minna hv. Alþ. á, að það væri lítilþægt, ef það skyti sér undir loðna samninga til þess að fella þetta frv., sem öðruvísi væri ekki hægt að fella. Skýr athugun verður að fara fram á samningnum, og þó það sé móti mínum vilja, að fella þetta frv. efnislega, þá vil ég það heldur en samþ. það með þeim varanagla, sem sleginn er í 2. gr.

Ég vona nú, að sú n., er verður til að athuga þetta mál, skoði það sérstaklega út frá þessu sjónarmiði, er ég hef lýst, burt séð frá því, hvaða skoðun hún hefur á efni þess.

Gísli Jónsson: Ég held, að alþjóð manna sé sammála um, að allt þetta mál í heild sé hið mesta vandræðamál. Frv. það á þskj. 244, sem hér er

til umr., gerir lítið til eða frá. Ég vil vekja athygli þeirrar n., sem fær þetta frv. til athugunar, á því, hvort ekki sé ástæða til að endurskoða þessi l. öll. Einkum tel ég mikilvægt, að 19. gr. í 6. kafla þeirra sé framfylgt. Málin verða aldrei löguð með þeirri breyt. einni, er hér um ræðir.

Það kemst aldrei skipan á þessi mál, fyrr en tryggt er, að þeir, sem gæta eiga laganna, hlýði þeim sjálfir. Og eins er um aðra, sem ábyrgð eiga að bera í þjóðfélaginu, t. d. löggjafarþingið, og efast ég ekki um, að á þessu sé stór misbrestur. En þetta frv. er léleg bót á næstum enn þá lélegra fat.

Það þarf miklu heldur að skapa það almenningsálit, koma því inn hjá þjóðinni, að það sé vanvirða og ósómi að því að sjást undir áhrifum víns. T. d. er þetta sérstök skylda skólastjóra og kennara. En meðan þetta er ekki komið inn hjá almenningi, þá er lítið hægt að lagfæra með atkvgr.

Því veit ég ekki, hvort ég greiði atkv. með þessu frv. En ég vil skjóta því til allshn. að athuga, hvort hún geti ekki gert einhverjar róttækari breyt., er að gagni mega koma í þessum efnum, og þá mun ég greiða atkv. með þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 52. og 54. fundi í Ed., 10. og 11. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 12. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 244, n. 374 og 380).

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. vill fella það. Það er naumast ástæða fyrir mig að ræða málið ýtarlega. Frv. er orðið húsgangur í þ., en hefur aldrei fengið afgreiðslu. Einstökum þm. er líka kunnugt málið, því að það hefur mikið verið rætt í blöðum, og þó sérstaklega manna á milli. Það er ekki farið fram á annað í frv. en þeir útsölustaðir áfengis, sem voru settir á stofn, þegar Spánarundanþágan var veitt í upphafi, skuli fá að starfa áfram, ef meiri hl. kosningabærra manna á staðnum óskar þess. Það var fyrir nokkrum árum gerð sú breyt. á áfengisl., að nýir útsölustaðir áfengis skyldu því aðeins settir á stofn, að vilji til þess væri fyrir hendi hjá verulegum hluta atkvæðisbærra manna á hverjum stað, en það var ekki farið svo langt að taka upp ákvæði um, að það sama gilti um þá útsölustaði, sem þegar voru settir á stofn. Meiri hl. allshn. lítur svo á, að ekki sé um að ræða nema sjálfsagða réttlætiskröfu, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt og þessum byggðalögum fenginn sami réttur og þeim, sem ekki fengu áfengisútsölur í upphafi.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hl., hv. þm. Seyðf. og ég, hefur skilað sérstöku nál., þar sem við færum veigamiklar ástæður á móti frv., sem gera það að verkum, að að okkar áliti er sjálfsagt að fella það. Í fyrsta lagi lítum við svo á, að reynslan sé þegar margfaldlega búin að sýna það bæði hér og annars staðar, að bann gegn áfengi sé ekki sú heppilegasta eða hagkvæmasta leið til að sporna við ofdrykkju. Þvert á móti eru til örugg dæmi þess, að áfengisbann hefur haft í för með sér meiri spillingu en nokkur önnur tilraun, sem gerð hefur verið á móti ofnautn áfengis. Slíkt bann hefur verið reynt víðsvegar og hvarvetna gefizt illa. Íslendingar þurfa ekki að hafa spurnir af öðrum þjóðum til að vita þetta, en við mættum þó muna, að bæði okkar nánasta frændþjóð, Norðmenn, og stórveldi Bandaríkjanna, afnámu bannið hjá sér, þegar úr var orðið það allsherjarhneykslí, sem öllum heiminum er kunnugt. Bannið hjá okkur var um nokkurra ára bil að lognast út af, en loks var það afnumið, þegar fengin var slík reynsla, að mig furðar á, að nokkur maður og sérlega þeir, sem af alvöru vilja vinna gegn ofnautn áfengis, skuli trúa á gagnsemi bannsins.

Þetta er nú orðið svo margþætt mál, enda ljóst, að bannmenn hafa gefizt upp við að ganga beint framan að þjóðinni um að heimta bann. Nú ætla þeir með dulbúinni árás að smeygja þessu inn hægt og hægt. Þó að það — eins og ég sagði áðan — sé merkilegt, að þeir, sem í alvöru vilja vinna gegn ofnautn áfengis, skuli enn hafa trú á bannleiðinni, hefur það undur skeð, að slíkir menn eru til. Ég hef fyrir framan mig grein eftir einn af þeim mönnum, í blaðinu „Eining", sem hefur verið dreift á meðal þm. Hún heitir „hin frjálsa leið eða bann", og þar sem dæmi, sem þar er tekið, er lærdómsríkt í þessu sambandi, vil ég með leyfi hæstv. forseta vitna í greinina. Þar segir svo:

Loks kom þar, að fyrrv. forsrh. og form. Sjálfstfl. tilkynnti þjóðinni, að flokkur hans hefði neyðzt til að hverfa frá hinni „frjálsu leið" og styðja þvingunarlöggjöf. — Þá fæddust gerðardómslögin, sem sami ræðumaður kallar „þjóðnytja löggjöf" (Morgunblaðið, 19. desember 1942). Þarna er gripið til banns, þegar hin frjálsa leið misheppnast. Þetta er engin pólitík hjá mér. Ég vil aðeins benda þeim blessuðum þrákálfum, sem alltaf ráðast gegn áfengisbanni, en segja okkur að fara hina „frjálsu leið", á, að þetta höfum við gert um áratugi og jafnvel aldir, en sú leið hefur enn misheppnazt, og þess vegna neyðast menn til að semja bannlög. Við viðurkennum, að þetta er neyðarúrræði. En vanþroskuðum mönnum og þjóðum hæfir slík löggjöf. Börn og flón þurfa að vera boðum og bönnum háð.

Það er ágætt að taka málið til umr. á grundvelli þessa dæmis. Það er að vísu rétt, að menn hurfu að því neyðarúrræði að setja eins konar bannlög gegn verðbólgunni, en hvernig reyndust þau? Urðu þau ekki til þess, að verðbólgan óx og braut af sér allar stiflur. Ég held, að ekki verði um það deilt, að árangurinn varð þveröfugur við tilganginn, af því að bann var ekki rétta ráðið. Það er ekki hægt að koma því á, sem allur almenningur stendur eindregið á móti og

telur, að sé gegn sínum hagsmunum eða almennri siðgæðisvitund. Þetta gat verið skynsamleg löggjöf út af fyrir sig, hæði hvað snertir verðbólguna og áfengið, en þó að tilgangurinn sé góður, hefur reynslan svo ótvírætt leitt í ljós, að slík bannlöggjöf er ekki hagkvæm.

Ég hef tekið þetta dæmi, af því að það er valið af bannmönnum sjálfum til að sýna réttmæti þeirra málstaðar, en það sannar bara það gagnstæða.

Það fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv. því, sem fyrir liggur, mundi auk þess hafa í för með sér eilífan áróður og enginn friður skapazt um málið. Hitt væri annað mál, að reyna að finna heilbrigða lausn á einhverju atriði í eitt skipti fyrir öll.

Það er eftir þessum l. hægt að koma upp áfengissölu í kaupstöðum, sem mundi gera hann — segjum hér í Rvík — að hégóma og tómum lagabókstaf. Ef á að vera bann, þá þarf það að vera á öllu landinu, en ekki eins og hér er ráðgert. Þessir gallar á meginstefnu frv. og efni þess, að ég mundi vera á móti því, sem víxlspori í því mikla vandamáli. En þar að auki er það upplýst af utanrn., að það stríðir á móti skuldbindingum ríkisins. Það hefur með samningunum við Spán skuldbundið sig til að setja ekki löggjöf slíka sem þessa. Hv. Nd. áttaði sig nokkuð á þessu og setti inn í frv. ákvæði, sem eru nokkuð óljós og ófullnægjandi. Ef Alþ. í raun og veru vill að bann sé hér lögleitt á ný, þá á það að hafa kjark til að segja upp milliríkjasamningum, sem valda því, að því er ekki frjálst að setja bann við sölu áfengis, jafnvel þó það með því móti eigi á hættu að missa aðalsaltfiskmarkað okkar. En Alþ. á ekki að velta þessari ábyrgð á herðar hæstv. ríkisstj. og með óljósum ákvæðum ætla henni að samrýma milliríkjasamninga þessari löggjöf.

Ég hef grun um, að margir hv. þm., sem greiða atkv. með frv., ætlist til, að ríkisstj. geri ekkert og láti löggjöfina standa. En ef þeir ætlast til, að milliríkjasamningunum sé sagt upp, þá eiga þeir að hafa manndóm í sér til þess að ráða því, að þeim sé sagt upp, en ekki fela sig á bak við pils ríkisstj. Það er hugleysi, sem verður þeim aðeins til skammar.

Það er því skoðun mín, að öll rök mæli móti þessari lagasetningu, og ég vona, að hv. deild felli frv. og felli það sem fyrst.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 17. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Hermann Jónasson: Það er svo langt síðan þetta mál var hér til umr., að ég hef gleymt mestu af því, sem ég hafði ætlað að gera aths. við. Ég vil þó sérstaklega taka fram í sambandi við þetta mál, af því að í þessum umr. hefur því tvennu verið ruglað saman, að þeir, sem fylgdu þessu frv. um héraðabönn, væru fylgjandi bannstefnunni yfirleitt, að ég fyrir mitt leyti vil taka fram, að því er ekki svo háttað með fylgi mitt við þetta frv. Ég lít svo á, að jafnvel það ástand, sem nú ríkir í áfengismálunum og hv. þm. er vel kunnugt, að leyfa einstaklingum að kaupa svo og svo mikið af áfengi, væri á eðlilegum tímum alveg óviðunandi. Við þurfum ekkert að lýsa því hér í d., hvernig þessu er fyrir komið og hve margir annmarkar eru á þessu fyrirkomulagi. En þrátt fyrir þessa ágalla, er ég því fylgjandi, að þessi takmörkun sé gerð með öllum þeim ágöllum, sem á henni eru.

Ég þarf ekki að eyða tíma d. í að skýra, hve þessir tímar eru alveg sérstakir. Við rákum okkur á það mjög tilfinnanlega, þegar það enska herlið kom hingað og það bandariska, að þá hafði hin ótakmarkaða áfengissala þær afleiðingar, sem við, sem höfðum mest við það að stríða, viljum ekki að endurtaki sig, og því er ekki að leyna, að í seinni tíð á síðasta ári, hafa þau óhöpp, sem hafa viljað til í sambandi við herliðið, frekar farið vaxandi en minnkandi. Það er óhætt að gera ráð fyrir, að væri áfengissalan með þeim hætti, sem hún var, áður en þetta leiðinlega fyrirkomulag var tekið upp, þá mundu afleiðingarnar ekki leyna sér fyrir okkur í Rvík og víðar. Þess vegna get ég sætt mig við, að gerðar séu takmarkanir eins og þær, sem hér er gert ráð fyrir, enda þótt ég sé ekki fylgjandi bannstefnunni af ástæðum, sem ég hef áður tekið fram og þarf ekki að endurtaka hér.

Ég viðurkenni, að á þessu frv. eru gallar, og ég viðurkenni líka, að tvísýnt er, að hve miklu gagni þessar ráðstafanir koma. En ég vil ekki spyrna gegn því með atkv. mínu, að gerðar séu þessu líkar ráðstafanir, þótt ekki sé vissa fyrir, að þær komi að fullu gagni. En þessi afstaða mín er algerlega óháð þeirri afstöðu, sem ég kynni að taka til málsins á eðlilegum tímum.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki verða til þess að lengja umr., en aðeins taka það fram, að ég ætla að greiða atkv. með frv. til 3. umr. Ég tek það jafnframt fram, að ég áskil mér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HG, HermJ, KA, PHerm, BrB, EE, StgrA.

nei: BBen, LJóh, MJ, PM, ÞÞ, GJ.

3 þm. (IngP, JJ, BSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Gísli Jónsson: Með því að ég tel, að hér sé aðeins um lítilfjörlega endurbót á l. að ræða, og þar sem ég tel, að betri árangur mundi nást með því að framkvæma þau l., sem þegar eru til í landinu, segi ég nei.

2. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 60. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Ingvar Pálmason: Við 2. umr. þessa máls var ég ekki við látinn til þess að geta mætt á fundi,

En ég þurfti á fundartíma að koma konu minni til læknisskoðunar. Ég tilkynnti forseta, að ég gæti ekki mætt á fundinum. En vegna þess að ég gat ekki mætt þá þykir mér hlýða að segja örfá orð um afstöðu mína til málsins.

Ég gat þess strax við 1. umr., að frv. í þeim búningi, sem það kom til hv. d., væri þannig, að ég teldi, að sumpart væri mjög lítill fengur að fá það og í öðru lagi væru ákvæði í 2. gr. frv., sem ég teldi alveg óviðeigandi. Þessi ákvæði eru, þar sem svo er tilskilið, að l. skuli ekki öðlast gildi, ef viðkomandi utanrh. telur, að þau komi í bág við samninga, sem gerðir voru við Spánverja 1922. Ég ætla ekki, við þessa umr., að fara út í skoðun mína á þessu efni, hvort ákvæði 1. gr. þessa frv. fari í bág við nefnda samninga. En hitt vildi ég benda á, að þegar við ræðum mikið um það, og höfum talað allstranglega um það, að Ísland sé orðið frjálst og óháð ríki, þá kann ég ekki við, að Alþ. samþykki l., sem gefa í skyn, að svo sé ástatt um sjálfstæði okkar, að við höfum gildandi utanríkis samninga, sem grípa það mikið inn í innanlands löggjöf, að við getum ekki veitt borgurum landsins jafnrétti.

Það stendur þannig á, að í áfengislögunum eru ákvæði um, að ekki megi setja neinstaðar á stofn útsölu á áfengi, nema viðkomandi hérað hafi samþ. að óska eftir því. Hins vegar er svo ástatt, að ég hygg, í þeim kaupstöðum landsins, þar sem áfengis útsölur eru, að íbúum þessara kaupstaða er, — vegna utanríkis samninga, sem gerðir voru 1922 — meinað að hafa jafnrétti í þessu efni við aðra borgara landsins. Ef þessi skilningur er réttur, sem ég sé ekki ástæðu til að leggja neinn dóm á, eins og málið horfir við, þá þykir mér vera of dýru verði keypt þessi réttindi, sem háttv. flutningsmenn frv. ætla sér að ná, — með því að viðurkenna í l., að svona sé ástatt.

Málið horfir við mér þannig, að það eru ekki eingöngu ákvæði um meðferð áfengis í landinu, heldur kemur það beint inn á sjálfstæðismál okkar. Og ef ég hefði átt kost á að greiða atkv. um frv. við 2. umr., hefði ég greitt atkv. með 1. gr. en móti 2. gr. Nú hefur þetta farið þannig, að við 2. umr. var frv. samþ. í þessum búningi, og nú sé ég ekki ástæðu til þess að koma með brtt. við þessa umr., af því að nú er ekki hægt að greiða atkv. um 2. gr. sérstaklega, þ. e., að sú gr. falli niður. Ég sé ekki ástæðu til þessa, því að mér virðist það vera svo, að meiri hl. d. vilji hafa ákvæði 2. gr., ef málið á að ganga fram, þ. e. a. s. að slá þann varnagla að lýsa þeirri skoðun d., að Spánarsamningarnir geti hindrað það, að við gerum þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í 1. gr.

Og hvað sem því líður, vil ég leggja áherzlu á það, að ég tel ekki vansalaust fyrir þingið að láta þetta að tilefnislausu koma fram. Ég veit ekki til, að Spánverjar hafi gefið minnsta tilefni til þess, að farið sé að auglýsa, að Spánarsamningurinn banni okkur slíka borgaralega jafnréttis leiðréttingu, sem felst í 1. gr. Og þegar svo stendur á, finnst mér það vera minnkun fyrir þingið að láta slíkt frá sér fara.

Hins vegar er það, að þegar ég fyrir mitt leyti er búinn að meta þá breyt., sem felst í 1. gr., og á hinn bóginn þann böggul, sem fylgir skammrifi, sem felst í 2. gr., þá verður niðurstaðan hjá mér, að ég vil ekkert gefa fyrir þessi ímynduðu réttindi í 1. gr., vegna þess að þau eru gerð að engu með 2. gr. Þess vegna mun ég í þeirri meiningu að firra þingið vansa greiða atkv. móti frv.

Gísli Jónsson: Í tilefni af samanburði á l. og þessu frv., sem hér liggur fyrir, langar mig til að gera fyrirspurn til þeirra manna hér, sem mest fylgja þessu frv., hvort beri að skilja það svo, ef þetta verður að l., að öllum áfengis útsölum verði í raun og veru lokað, í þeim kaupstöðum, sem óska eftir, að útsölur séu lagðar niður.

Mér finnst ákvæði l. frá 1935 skýrt um það, að áfengisverzlun ríkisins annist sölu áfengis. En frv. þetta ber með sér, að hér sé aðeins um smásölur að ræða, þannig að ekki sé girt fyrir það, að ríkið geti selt í öðrum stöðum án þess að hafa útsölustaði. Það væri fróðlegt að fá upplýst, hvort það er hugsun þeirra, sem flytja þetta frv., að berjast fyrir því að koma á sameiginlegu banni um allt land eða aðeins sameiginlegu banni við smá útsölum. Því mér finnst, eftir frv., að útsölustaðir, sem þar eru nefndir, séu í raun og veru ekki annað en smá útsölustaðir. En heildsalan gæti haldið áfram í Rvík eins og nú er bak við tjöldin til einstaklinga, sem t. d. giftu sig eða eiga afmæli. (**HermJ:** Það er alveg tvímælalaust). Þá sé ég ekki annað en hér sé um kák að ræða. Því að þótt þetta væri samþ. um smá útsölurnar, þá er önnur vinsala í landinu opin jafnt eftir sem áður. En ég efa, að það hafi verið meining aðal flutningsmanna þessa frv., heldur hygg ég, að þeir gætu með þessu smátt og smátt unnið að því að þurrka landið og leggja alveg niður vínsöluna í landinu, ef þjóðin óskar þess. Því að annars er engin meining í frv. eins og það er. Þess vegna mun ég að gefnum þessum skýringum greiða atkv. á móti frv., eins og það er.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 24. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Bernharð Stefánsson: Ég varð töluvert undrandi, þegar ég heyrði hv. 1. þm. S.-M. lýsa við 1. umr., að hann mundi greiða atkv. á móti þessu frv., því að ég veit nú ekki betur en að þessu frv. sé einmitt ungað út í þeim herbúðum, sem hann er a. m. k. mjög kunnugur í, ef hann þá ekki beinlínis á þar heima enn. Ég varð enn meira undrandi á þessu vegna þess, að ég hafði komizt að alveg sömu niðurstöðu um það að greiða atkv. á móti þessu frv. Við höfum nú setið saman á þingi í 20 ár sessunautur minn, hv. fyrri þm. S.-Múl. (IP) og ég. Við höfum alltaf verið flokksbræður og því oft sammála um mál, en ég minnist þess ekki, að við höfum nokkurn tíma verið sammála um mál, sem snerta áfengislöggjöfina, hann og þess konar, og ég skal játa það, að þegar ég heyrði, að sessunautur minn lýsti yfir því, að hann ætlaði að greiða atkv. á móti þessu frv., varð það til þess, að ég fór

dálítið að endurskoða mína afstöðu til málsins, en ég verð að segja eins og er, að mín afstaða er nú alveg sú sama eins og ég hafði staðráðið, að hún yrði, áður en ég heyrði þessa yfirlýsingu hans, og ég þykist vera búinn að finna skýringu á því, hvernig á því undarlega fyrirbrigði stendur, að við, sessunautur minn og ég, erum loksins sammála um svona mál. Það er sem sé kunnugt öllum þingheimi, að hann er einn af allra ákveðnustu bindindis- og bannmönnum á Alþingi. Ég býst við, að það sé einnig kunnugt þingheimi, að ég er nú svona frekar andbanningur, þó að ég sé sennilega ekki eins ákveðinn í því eins og hann í sinni bannstefnu. Hann trúir á það, að það sé bæði gerlegt að útiloka áfengi úr landinu með bönnum, og eins álítur hann það æskilegt. Ég trúi ekki, að það sé gerlegt og viðurkenni ekki heldur, að það sé æskilegt, og ég ætla, að skýringin liggi í því, þó að við, sessunautur minn og ég, séum í grundvallaratriðum á ólíkum skoðunum í þessu máli, meinum við báðir það, sem við höldum fram: það er einlægni fyrir okkur báðum. Það hygg ég, að sé skýringin á því undarlega fyrirbrigði, að við erum loks sammála um niðurstöðu í þess konar máli, því að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 244 og á að greiða atkv. um, er þannig úr garði gert, að ég tel mjög mikinn vafa á, að það hafi verið borið fram eða afgreitt frá hv. Nd. í fullri alvöru. Ég álít, að það hafi verið afgreitt frá hv. Nd. með þeim huga að vera eins konar snuðtúta handa templurum og öðrum bannmönnum til þess að vita, hvort það yrði ekki friður fyrir þeim einhvern tíma, ef þeir fengju þetta. Það kannast allir við það, að þessum snuðtúttum er stungið upp í börn, svo þau hætti að öskra, en þau fá enga næringu af þeim og hafa yfirleitt ekkert gagn af þessum snuðtúttum, og þó við, sessunautur minn og ég, séum andstæðingar í þessum málum yfirleitt, get ég ekki annað en metið það við hann, að hann getur ekki látið sér nægja slíka snuðtúttu sem þetta er. Samkvæmt 2. gr. frv. er svo meistaralega um búið, að það er nokkurn veginn víst, að þetta frv. kemur ekki til framkvæmda, þó að það yrði samþykkt — a. m. k. ekki meðan stríðið stendur — og sennilega aldrei. En það er náttúrlega pent fyrir suma menn að segja: Við gerðum það, sem við gátum. Þarna eru l. um, að það megi taka upp þessi svokölluðu héraðabönn, þegar ástæður gera það mögulegt. Enn meiri hégómi finnst mér þó þetta eftir þær upplýsingar, sem komu fram hér við fyrri hl. þessarar umr., að ég ætla út af fyrirspurn frá hv. þm. Barð. Það var ekki beinlínis frá hv. ríkisstj., sem þær upplýsingar komu, sem þó hefði átt að vera, en frá lögfræðingi í allshn., sem sé um það, að þó þetta frv. yrði samþykkt, breytti það engu um rétt áfengisverzlunarinnar til þess að verzla með áfengi í heildsölu á svipaðan hátt og nú er. En ég skal játa það, að þótt þetta frv. hefði ekki verið annar eins hégómi og það er, hefði ég samt greitt atkv. á móti því.

Því er haldið fram, að þessar atkvgr., sem ráðgerðar eru samkvæmt 1. gr., séu til þess að fullnægja lýðræðinu. Ég verð algerlega að neita því, að í þessu sé nokkurt lýðræði fólgið. Ég skal taka dæmi. Á Seyðisfirði er áfengisútsala. Þar eru fáir íbúar, eitthvað um 900 manns. Í nærliggjandi sveitum, sem geta sótt verzlun til Seyðisfjarðar, bæði af Héraði og eins af fjörðunum — ég er nú ekki sérlega vel að mér í landafræði Austfjarða, en þó veit ég að ýmsar aðrar sveitir sækja þangað verzlun — og í þessum sveitum, sem eiga hægt með að sækja verzlun til Seyðisfjarðar, eru miklu fleiri íbúar en á Seyðisfirði, og ég get ekki annað séð en að þessa menn, sem annaðhvort verzla á Seyðisfirði að staðaldri eða geta verzlað þar, varði það eins miklu og Seyðfirðinga sjálfa, hvort áfengisútsala er þar eða ekki. Ég get þess vegna ekki séð, að þótt 2. gr. frv. verði látin niður falla, að nokkur meining verði í 1. gr. þess. Bannl. voru á sínum tíma sett eftir að þjóðaratkvgr. hafði farið fram um málið, og þau voru aftur afnumin, eftir að almenn þjóðaratkvgr. hafði farið fram um það. Ég lít svo á, að í þessu máli, sem tekur svo mikið til hvers einstaklings, eigi löggjöfin á hverjum tíma að byggjast á slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu, en ekki atkvæðagreiðslu á einstökum stöðum. Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta, því það liggur ekki hér fyrir.

Ég hefði nú haft gaman af að bera fram eina fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðh., ef hann væri viðstaddur, en hann er hér ekki og það er sjaldan, sem við hér í d. fáum þá ánægju að stj. sé viðstödd. Ég hafði hugsað mér að gera sömu fyrirspurn og hv. þm. Barð. (GJ) gerði, og aðra *til viðbótar. Ég veit ekki, hvort n. hefur athugað* það og hvort ég get fengið nokkurt svar um það, en það sem ég vildi gera fyrirspurn um er hvort það fyrirkomulag, sem nú er haft um úthlutun áfengis, hefur nokkra stoð í l. Ég þykist muna það — en ég hef ekki áfengisl. fyrir framan mig — að það sé heimilað lögreglustjóra að loka áfengisbúðum um stundarsakir, þegar sérstaklega standi á. Nú verður því ekki neitað, að sérstaklega stendur á í landinu, en bæði er það að lokun áfengisbúðanna er alls ekki um stundarsakir, heldur er hún búin að standa langan tíma, og svo hygg ég, að viðkomandi lögreglustjórar hafi ekki fyrirskipað þá lokun, heldur hefur stj. gert það, en ég verð að sleppa því að fara nánar út í þetta, þar sem dómsmrh. er ekki viðstaddur, en það verð ég að segja að lokum, að mér virðist það fyrirkomulag, sem nú er tekið upp í þessu máli og þetta frv. gerir enga breyt. á, eftir því sem upplýst er, ekki vera til mikillar fyrirmyndar og nær hefði þá verið að gera einhverjar ályktanir um það, svo að löglegt yrði, hvernig að skyldi fara, meðan þetta ástand helzt í landinu, heldur en að samþykkja slíkan hégóma, sem hér er á ferðinni.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Mér virðist, að umr. um þetta frv. hafi farið fram með nokkuð einkennilegum hætti. Aðaláherzlan hefur verið lögð á það að rökræða, hvort menn væru með banni eða andvígir því. Það hefur verið lögð mikil áherzla á það að draga upp fyrir þm., að tilgangurinn væri sá að draga úr áfengisnautn með þessum héraðabönnum, en það verki alveg þveröfugt og hafi í för með sér hvers konar ófarnað. Á þetta er lögð mikil áherzla og sérstaklega af hv. 6. þm. Reykv. (BBen), en eins og frv. sjálft sýnir ljóslega, er það

hrein fjarstæða að ræða um bann eða ekki bann, þegar taka á afstöðu til þess, hvort fylgja skuli frv. eða ekki. Frv. sjálft hefur ekkert með það að gera. Það er ekki bannmál. Þegar hv. 6. þm. Reykv. (BBen) leggur höfuðáherzluna á það, er hann að leiða málið inn á allt aðra braut en frv. gefur nokkurt tilefni til, og fæ ég ekki betur séð en að hans málflutningur miði að því að rugla þeim hugmyndum, sem menn ættu að gera sér um frv. eftir því, sem það liggur fyrir.

Mér þykir rétt út af þessum umr. bæði um bann o. fl. að rifja upp, hvernig þetta frv. er til komið og að hverju það miðar. Það mun hafa verið árið 1909 að bannl. voru samþykkt hér á landi. Þau gengu ekki í gildi fyrr en nokkrum árum síðar, en eftir gildistöku þeirra mun ekki hafa verið um neina áfengissölu að ræða í landinu. Árið 1922 gerði íslenzka ríkisstj. samning um fisksölu og áfengisflutning til Íslands. Þegar samningur þessi gekk í gildi, taldi stj. skylt að setja upp áfengissölur í landinu, og munu hafa verið settir upp 7 útsölustaðir í öllum kaupstöðum landsins. Þessir útsölustaðir voru settir upp án þess að íbúar kaupstaðanna væru spurðir um, hvort þeir vildu það. Árið 1939 er sú breyt. gerð á áfengisl., að stj. er bannað að setja upp áfengisútsölur á stöðum, þar sem þær eru ekki fyrir, nema meiri hl. íbúanna fallist á þá ráðstöfun. Þessi breyt. náði eingöngu til þeirra kaupstaða, sem ekki var áfengisútsala í. Mönnum þótti þá, þegar þessi l. voru sett, ekki gætt fullrar sanngirni, þegar einstökum kaupstöðum var gefinn réttur til að ákveða, hvort þeir vildu fá áfengisútsölur, en öðrum neitað um þann rétt. Þetta frv., sem hér er til umr., miðar eingöngu að því að gefa þessum 7 kaupstöðum sama rétt og aðrir fengu með lagabreyt. 1939 og fer eingöngu fram á það, að íbúarnir fái að skera úr um það, hvort þeir vilji áfengisútsölu eða ekki, að íbúar þessara kaupstaða verði eins settir og íbúar annarra kaupstaða landsins. Það er hreinasta blekking, þegar verið er að læða inn í þetta frv., að það hafi með bann að gera. Frv. er ekki bannmál, heldur algert lýðræðismál, og miðar eingöngu að því að gefa öllum borgurum landsins sama rétt, rétt, sem þeir hafa ekki haft til þessa. Frá sjónarmiði þeirra, sem hafa talað hér gegn frv., get ég skilið málflutning þeirra. Frá sjónarmiði þeirra er það óheppilegt að ganga beint til verks, það mundi áreiðanlega spilla málstað þeirra. Þess vegna er sú leið valin að hrúga upp ummælum um bann og ekki bann til þess að reyna að rugla málið.

Hv. 1. þm. Eyf. ræddi nokkuð um aðferð þá, sem áfengisverzlunin hér í Rvík hefur haft við sölu áfengis nú um nokkurt skeið, og hv. þm. Barð. kom nokkuð inn á það, að frv., ef að l. yrði, útilokaði það ekki, að ríkið gæti selt áfengi í heildsölu á þeim stöðum, þar sem ekki er leyft að hafa áfengisverzlun. Ég vil í sambandi við þau ummæli endurtaka, að sá einn er tilgangur þessa frv. að gefa öllum íbúum landsins sama rétt. Tilgangur þess er sá einn, að íbúar þeirra kaupstaða, sem fengu áfengisverzlun 1922, skuli hafa sama rétt og aðrir, og þess vegna er það, að frv. fer ekki inn á fleiri atriði í áfengislöggjöfinni. Flm. hafa talið það réttara og heillavænlegra, til þess að þetta nái fram að ganga, að binda sig við þetta eitt út af fyrir sig. Áfengisverzlunin hefur nákvæmlega sömu aðstöðu, ef þetta verður samþykkt, til þess að selja áfengi í þessum 7 kaupstöðum, sem fengu áfengisverzlun 1922, ef áfengisverzlunin legði niður útsölurnar — nákvæmlega sömu aðstöðu til þess að selja þar eins og á öðrum stöðum, þar sem ekki er áfengisverzlun. Annars vil ég taka það fram, að eins og frv. liggur fyrir, og eins og áfengislöggjöfin er útbúin, vil ég draga í efa, að ríkisstj. hafi, ef þetta frv. verður samþ., heimild til að setja upp nokkra áfengissölu á stöðum, þar sem íbúarnir hafa samþykkt, að hún skuli ekki vera, hvorki sem heildsölu eða smásölu. Hins vegar eru ákvæði í l., sem þetta frv. hreyfir ekki við, um það, að stj. geti veitt einum veitingastað á hverjum stað leyfi til áfengissölu. Þetta ákvæði stendur óbreytt, og skal ég játa, að nauðsynlegt er að gera breyt. á því, en út í það hefur ekki verið farið, eingöngu vegna þess, að það, sem fyrir flm. vakir, er að allir borgarar landsins hafi sama rétt. Hér er eingöngu um lýðræðismál að ræða, lýðræðismál og ekkert annað.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Það má segja, að það sé lýðræðismál, hvort banna eigi sölu á áfengi, en þótt það sé lýðræðismál, afsannar það ekki, að hér er um bannmál að ræða, enda veit frsm. meiri hl., sem eyddi hér við 3. umr. miklum tíma í að svara því, sem ég sagði við 2. umr. málsins, að hér er um bannmál að ræða, og þó að það sé annað með, held ég, að fáir geti, eins og hv. þm., neitað því, að hér er fyrst og fremst um bannmál að ræða, og verður að ræða um málið sem slíkt, og eins og við segjum í áliti minni hl., er hér um dulklædda tilraun að ræða til þess að innleiða bann í landinu. En eins og frsm. meiri hl. benti á, er illa frá þessu gengið, meira að segja, þótt bannað sé að hafa útsölustaði, er hægt að láta veitingahús selja áfengi. Þetta er mikið fljótræði og sýnir, hve þetta er lítt hugsað í upphafi. Það er að vísu rétt, þótt frv. yrði samþ., þá geta allir staðir á landinu komið til greina sem útsölustaðir áfengis, og eftir sem áður er heimilt að flytja áfengi til landsins, en ég vil spyrja hv. frsm. meiri hl., úr því hann segir, að þetta sé ekki bann og komi því máli ekkert við: Hvar á að selja þetta áfengi og með hverjum hætti, ef lokun verður innleidd á öllum þeim stöðum, sem gengið er út frá í 1. gr. frv.? Hvernig á að selja og með hverjum hætti? Og hvaða reglur eiga að gilda um það? Það má vera, að þarna sé glompa í l., en hann kemst ekki fram hjá því, ef frv. er samþ. nú, er að vísu heimilt að flytja áfengi til landsins, en það er bannað að selja það á nokkrum einstökum stað í venjulegri útsölu, svo að þess vegna er hér raunverulega, eins og við höfum sagt, um dulklætt bann að ræða, með alla ókosti, sem bann felur í sér, auk þess, sem málið hefur þann leiða ókost, sem heiðarleg barátta fyrir banni þarf ekki að hafa, að því er samfara óheiðarleiki og fals, og auk þess sem í sjálfum till. koma fram óheiðarleiki og fals, er það hvorki heilt né hálft, sem verið er að lögbjóða, heldur dulklædd tilraun, sem allir heiðarlegir menn

hljóta að hafa viðurstyggð á, til þess að koma banninu á framfæri. Vegna þess að frsm. meiri hl. hefur bersýnilega kynnt sér þetta mjög rækilega, vil ég skora á hann að gera hér grein fyrir, með hvaða hætti hann ætlast til — ef frv. verður samþ., sem virðist vera líklegt — með hvaða hætti hann ætlast til að sala verði, eftir að búið er að banna þeim stöðum, sem til greina koma, að selja áfengi. Hvernig hann hugsar sér að sala geti farið fram eftir sem áður. Þetta þarf d. að fá upplýst, áður en gengið er frá málinu. Hv. frsm. meiri hl. er svo rökvís maður, að honum verður ekki skotaskuld úr því að skýra þetta atriði, ef hægt er að skýra það á annað borð. Hitt er rétt, að frv. er í meginatriðum mjög illa undirbúið, sbr. um veitingastaðina, að samkv. frv. er hægt að veita áfengi í veitingahúsum, þó að bannað sé að hafa útsölu í viðkomandi bæ, auk þess sem deila má um það endalaust, hvort eigi að láta fara fram atkvgr. í Rvík, áður en áfengisútsalan verður opnuð, eða hvort útsala á að halda áfram þar til það verður fellt. Hér er allt á eina bókina lært. Það virðist enginn hugur fylgja máli hjá þeim, sem vilja knýja málið í gegnum þingið. Þeir eru ekki að reyna að koma áfenginu af sér og þjóðinni, það er allt önnur ásókn, sem þeir eru að reyna að hrinda af sér og kaupa sér frið fyrir, en þeir gera það með hangandi hendi.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég sé ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að þeim fullyrðingum hv. 6. þm. Reykv., að fylgismenn þessa frv. fylgi því með hangandi hendi. Það er fjarstæða, sem hefur ekki við neitt að styðjast. Við allshnm. höfum kynnt okkur málið rækilega, áður en við tókum afstöðu til þess, og teljum það gott og gagnlegt mál.

Hv. 6. þm. Reykv. gat þess, að ég hefði sagt um frv., að það væri illa undirbúið. Það eru alveg röng ummæli. Ég hef sagt þvert á móti. Ég sagði, að flm. hefðu haldið sér við að láta frv. takmarkast við að veita íbúum þeirra 7 kaupstaða, sem fengu áfengisútsölu 1922, sama rétt og allir aðrir kaupstaðir landsins fengu með l. frá 1935. Þeir töldu víst, að þetta yrði samþykkt, en hitt kynni að spilla fyrir málinu, ef lengra væri gengið.

Hv. 6. þm. Reykv. var með mikar hugleiðingar út af því, hvar ætti að selja áfengi, ef þetta frv. væri samþykkt. Það er rétt, þrátt fyrir það væri ríkinu áfram heimilt að flytja áfengi til landsins, en það mundi fara eftir vilja kjósenda í hinum einstöku byggðarlögum, hvort það væri selt hjá þeim. Þetta kalla ég lýðræðismál. Ummæli hv. 1. þm. Eyf. um, að það væru ekki kjósendur á hverjum stað, sem réðu því, heldur einhverjir aðrir borgarar, búsettir á öðrum stað, falla um sig sjálf. Eftir því ætti t. d. hv. þm., sem býr á Akureyri, að geta greitt atkv. um útsölu á Norðfirði eða Seyðisfirði eða í Hafnarfirði. Nei, íbúarnir á þessum stöðum taka þá ákvörðun sjálfir, óstuddir og áhrifalaust af öðrum íbúum landsins, og sé ég ekki betur en að íbúar þessara 7 kaupstaða, sem útsölunni var þröngvað upp á 1922, eigi skýlausan rétt til þess að vera eins settir og þeir, sem l. frá 1935 tóku til.

Gísli Jónsson: Það þarf ekki að segja þeim, sem til þekkja, að þetta mál er mér í eðli sínu jafnmikið áhugamál og hv. 9. landsk. þm. Mér þykir leitt, að þessar umr. urðu ekki fyrr, og að þær upplýsingar, sem nú eru fram komnar, komu ekki fyrr. Ég tel það mikils virði að fá eindregið skorið úr því hér fyrir atkvgr., hvort það er rétt, að ríkisstj. geti haldið áfram sölu áfengis í landinu eftir samþ. þessa frv., því að ef það er rétt — og því heldur hv. 9. landsk. þm. fram nú og fyrrv. dómsmrh., hv. þm. Str., fullyrti, að ekki væri hægt að leggja niður áfengissölu, breytir það afstöðu minni svo mikið, að ég get ekki samþ. frv. Hafi ríkisstj. ekki rétt til að selja áfengi í heildsölu, ef frv. verður samþ., er hér í rauninni um bann að ræða, grímuklætt bann, og er þá bezt að ganga til atkv. um það í d., hvort hér á að vera bann eða ekki. Breyti frv. hins vegar engu um sölu áfengis í landinu, er það ekki annað en humbug og eykur bara söluna bakdyramegin.

Ég held því, að rétt sé að fá málinu frestað og setja það aftur í n. og fá yfirlýsingu ríkisstj. um það, hvort hún telur sig hafa heimild til að selja áfram áfengi. Þá mundi hv. þm. verða ljóst, um hvað þeir væru að greiða atkv.

Bernharð Stefánsson: Hv. frsm. meiri hl. allshn. hélt því fram í sinni síðari ræðu, að tilgangur frv. væri að gefa þeim kaupstöðum, sem hefðu áfengisútsölu, sama rétt og öðrum kaupstöðum til að ákveða, hvort þeir vildu hafa útsölu. Ég held nú, að þetta sé vafasamt, og vil benda á 2. gr., sem gerir ráð fyrir, að það sé undir atvikum komið, hvort frv. kæmi til framkvæmda eða ekki, og skil ég því ekki, hvað liggur á slíkum aðgerðum nú.

Hv. þm. vék að því í fyrri ræðu sinni, sem rétt er, að áður hefðu allir kaupstaðir og kauptún haft rétt til að greiða atkv. um, hvort áfengisútsala skyldi leyfð hjá þeim. En hér er ólíku saman að jafna. Þá var brennivínsverzlun eingöngu verzlun einstakra manna, og atkvgr. var um það, hvort Pétur og Páll skyldu fá leyfi til að selja áfengi, en nú er það ríkið, sem rekur verzlunina.

Hv. frsm. hélt því fram, að þetta mál væri lýðræðismál, en ekki bannmál. Ég færði nokkur rök að því í fyrri ræðu minni, að ekki væri um lýðræðismál að ræða, og ég lít reyndar ekki heldur á það sem bannmál, heldur einbert hégómamál, og mér finnst ekki, að Alþ. eigi að samþ. slíkan hégóma.

Hv. frsm. var að tala um, að ég teldi mig eiga að ráða því, hvort útsala skyldi leyfð t. d. á Seyðisfirði eða ekki. Það er langt sótt að túlka orð mín svo. Ég sagði, ef héraðabönn ættu að vera á annað borð, kæmi það fleiri mönnum við en íbúum viðkomandi kaupstaðar einum, nefnilega líka mönnum, sem verzluðu í þeim kaupstað. Ég tók til menn á fjörðunum í kringum Seyðisfjörð og uppi á Héraði, að þeim kæmi þetta eins mikið við og Seyðfirðingum sjálfum. Ef þetta ætti að vera lýðræðismál, mætti ekki minna vera en að áskilin væri atkvgr. á hverju verzlunarsvæði, þ. e. í kaupstaðnum og nærliggjandi sveitum.

Þá er annað. Samkv. 1. gr. *nægir*, að meiri hluti greiddra atkv. samþ. annaðhvort, en engin takmörk eru um það, hvað margir þurfa að taka þátt í atkvgr. Ef slík atkvgr. færi fram, gæti það vel hugsazt, að ekki væri í héraðinu nein þannig löguð starfsemi, sem hálfdrægi fólk til atkvgr. Stjórnmálaflokkarnir hafa reynslu í því, hvernig *er stundum að koma fólki á kjörstað*. Það gæti vel verið, að fjórði hluti kjósenda, helzt templarar, greiddu atkv., en hinir kæmu ekki. Svo ætti meiri hl. þeirra að ráða. Ef á að gera úr þessu mikið lýðræðismál, ætti að vera áskilið, að þetta væri samþ. af meiri hl. kjósenda, en ekki bara meiri hl. atkv.

Það virðist vera uppi óskir um að fá um þetta mál betri upplýsingar, og ég get vel tekið undir þær. Ég sé ekki betur en Áfengisverzlun ríkisins mundi hafa sama rétt áfram til að selja áfengi í heildsölu á sömu stöðum og nú er gert, og þá er mér óskiljanlegt, hvað fylgismenn málsins sjá með því unnið.

Röksemdir frsm. meiri hl. voru svo barnalegar, að engu tali tekur. Hann lauk fyrri ræðu sinni með því að segja, að tilgangur frv. væri sá, að allir landsmenn hefðu sama rétt. Nú gæti staðið svo á, að meiri hl. þeirra, sem fengjust til að greiða atkv., vildu hafa útsölu, en fjölmennir hópar í kringum viðkomandi kaupstað vildu það ekki. Er það sami réttur? Feður og mæður í nærliggjandi sveitum gætu alveg eins misst börn sín út í óreglu og kaupstaðarbúar í þeim kaupstað, þar sem útsala er, en þau fá engan atkvæðisrétt samkv. frv.

Hv. frsm. sór fyrir það, að verið væri að kaupa sér frið með þessu frv. Ég get ekkert um það sannað, en ég er viss um, að hér er ekkert annað á ferðinni en að vita, hvort templarar fáist nú ekki til þess að láta Alþ. í friði í eitt eða tvö ár, ef þeir fá þessa snuðtúttu. Ég hef kannske aldrei verið velviljaður templurum, og það má reikna það til illvilja líka að vilja ekki láta þá fá þessa snuðtúttu, en mér finnst í einlægni sagt, að bannmálstaðurinn í landinu hafi lítið gagn af slíku sem þessu. Það er áreiðanlega bezt að taka upp baráttuna um bann eða ekki bann grímulaust.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Það hefur nú verið sýnt svo vel fram á, að hér er ekki um lýðræðismál að ræða, að ég þarf litlu við að bæta. Þó vil ég segja það, ef ætlunin væri að koma á fullkomnu lýðræði, þá væri síður ástæða til að setja inn heimild fyrir kaupstaði og verzlunarstaði til að krefjast þess, að áfengisútsala væri sett upp hjá þeim, en ekki láta stj. ráða því. Ef lýðræðishugsjónin hefði verið efst á baugi, þurfti jafnhliða að setja inn rétt fyrir öll héruð til að greiða atkv. á báða vegu, en ekki bara í bannáttina. Þetta sýnir til fulls og endanlega, að ekki er um lýðræðismál að ræða, heldur tilraun til að koma á banni.

Það er til lofs fyrir dómgreind hv. frsm., að hann vildi ekki standa með frv., ef það væri bannfrv., og var hann því að reyna að afsanna það. Ummælin í fyrri ræðu hans voru í samræmi við það, sem áður hafði komið fram hér í d., því að hv. þm. Barð. hafði beint fyrirspurn til meiri hl. n. um það, hvort heildsala á áfengi yrði bönnuð. Hv. frsm. fullyrti þá hiklaust, að heildsalan yrði leyfð, og sama sagði hv. þm. Str. Hv. þm. Barð. hefur beint þeirri fyrirspurn til meiri hl. n., hvort heildsala á áfengi væri bönnuð samkv. þessu frv. Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að heildsala myndi verða leyfð eftir sem áður. Hið sama sagði hv. þm. Str., en hann er sá maður, sem allra manna lengst hefur haft yfirstjórn þessara mála með höndum. En hins vegar varð það svo — og það sýnir samvizkusemi hv. frsm. meiri hl. —, að hann varð að játa, þegar hann fór að svara fyrirspurn um þessa sölu og hvernig henni er varið, að um hana eru engar reglur settar. Og þá komst hv. frsm. meiri hl. líka að þeirri niðurstöðu, og gagnstætt því sem hann hefur áður haldið fram, að hér væri um endanlegt bann að ræða, ef allir kaupstaðir landsins bönnuðu sölu áfengis innan sinna takmarka. En það brýtur í bág við fyrri fullyrðingar hans sjálfs, hv. þm. Str. og flutningsmanna frv. Hann dró sem sagt, rétta ályktun af frv. En ef þessi staðhæfing reynist ekki rétt vera — en ég vil halda því fram, að hún sé rétt og þá sé flutningur frv. fráleitur —, en hinsvegar reynist rétt, að heildsala áfengis megi eiga sér stað eftir sem áður, þá er það, sem skeður við samþ. þessa frv., það, að heilbrigðar reglur um afhendingu áfengis í smásölu eru numdar úr gildi, en heildsala leyfist, hvar sem er, reglulaust. Það er því opnað fyrir meira flóð áfengis en nokkru sinni áður hefur átt sér stað. Ég verð að segja, eins og hv. frsm. meiri hl., að málið hefur fengið nákvæma athugun í n. Þeir gallar, sem á því eru, liggja ekki í neinu, sem hægt er að laga með athugun. Þeir liggja í eðli sjálfs frv. Það leiðir til ills, það er óljóst, það þorir enginn þm. að vera með því eða á móti. Þess vegna er settur inn í frv. fyrirvari um að skella allri ábyrgðinni á hv. ríkisstj. Ég vil segja það, að ég þarf ekki að íhuga frv. nánar til þess að sjá, að slíkt frv. er ekki hægt að samþ. Það væri til skammar fyrir hv. deild og hv. Alþ. Eins og hv. þm. Barð. sagði, gæti komið til mála að ræða, hvort banna ætti alla sölu áfengis eða ekki, hvort grípa ætti til strangra aðgerða. Um það er þá hægt að ræða, *þegar þar að kemur*. En við *skulum* ekki vera að tefja tíma Alþ. með öðru eins frv. og þessu, sem aðeins gæti leitt til rauna, ef það yrði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég sé, að hv. 3. landsk. þm. (HG) er fjarverandi í dag eins og í gær, sennilega vegna veikinda. Ég óska þess því eindregið, að atkvgr. verði nú frestað aftur, því að mér virðist standa svo glöggt um atkv., að þetta eina atkv. geti ráðið úrslitum um það, hvernig málið verði afgreitt frá hv. d. **(BSt:** Á það að ganga lengi?).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EE, GÍG, HG, HermJ, JJ, KA, PHerm, StgrA.
nei: ÞÞ, BSt, BBen, GJ, IngP, LJóh, MJ, PM.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ég mundi bera fram brtt. við tvær gr. frv., en af því hefur ekki getað orðið. Ég mun þó ekki láta það standa í vegi fyrir framgangi málsins, þótt ég sé óánægður með þessar gr., og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 480).

39. Útvarpsráð.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 6. apríl 1939, um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins (þmfrv., A. 348).

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Mál þetta er flutt af meiri hluta allshn. Hv. þm. Str. (HermJ) hefur tjáð sig eigi reiðubúinn til að taka afstöðu til málsins, en eigi lýst sig andvígan því. En meiri hl. n. flytur frv.
Þetta frv. fer í þá átt að samræma kosningu í útvarpsráð við það, sem er um Menntamálaráð, þannig að hvortveggja n. sé kosin á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Bæði þessi ráð eiga að starfa að menningarmálum og hafa hliðstæðum og þýðingarmiklum störfum að gegna. Og sýnist eðlilegt, að sami kosningaháttur gildi um hvorttveggja. Enda er ljóst, að þar sem ætlazt er til þess, að útvarpsráð sé spegill af vilja Alþ., þá er rétt, að sá spegill sé í samræmi við vilja kjósendanna á hverjum tíma, eins og hann hefur komið fram við alþingiskosningar. Hér er því um sjálfsagða réttarbót að ræða. Og vil ég mælast til þess, að hv. d. afgreiði málið fljótt og vel. Málið hefur verið til rækilegrar umr. og íhugunar í þeirri n., sem flytur það, og sé ég ekki ástæðu til, að því verði vísað til n., en vonast til, að það gangi til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 12. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 1. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 348, n. 454).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Þetta frv. er komið frá hv. Ed. Allshn. þessarar hv. d. hefur athugað það og mælir með, að það sé samþ. Síðan l. um útvarpsrekstur ríkisins voru sett árið 1930, hafa orðið nokkrar breytingar á skipun útvarpsráðs. Ráðið var upphaflega skipað 5 mönnum eftir tilnefningu ýmissa aðila. Þessu var breytt árið 1934, þannig að ráðið skyldi skipað 7 mönnum, og skyldu 3 kosnir af Alþ., 3 af útvarpsnotendum og 1 skipaður af ráðh. Árið 1939 var útvarpsráðsmönnum aftur fækkað í 5, er kosnir skyldu hlutfallskosningu á Alþ. til þriggja ára í senn. Með þessu frv. er nú lagt til, að sú breyting verði gerð, að ráðið verði ekki kosið til þriggja ára í senn, heldur verði það jafnan kosið á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Ætlazt er til með l. um kosningu útvarpsráðs, að ráðið sé skipað af flokkunum á Alþ., en þar sem styrkleikahlutföll flokka breytast að jafnaði nokkuð með hverjum alþingiskosningum, er eðlilegt, að skipun ráðsins taki þá tilsvarandi breytingum eftir kosningar. Þetta er eina breytingin, sem farið er fram á með frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:4 atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Á 70. fundi í Nd., 3 marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 488).

40. Afurðagreiðsla.

Á 9. fundi í Ed., 7. des., var úthýtt:
Frv. til l. um greiðslu íslenzkra afurða (þmfrv., A. 49).

Á 11. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Eins og um er getið í grg. fyrir þessu frv., þá er allmikill hluti bæði landbúnaðar- og sjávarafurða seldur annaðhvort í umboðssölu af samvinnufélögum, kaupfélögum eða einstökum kaupmönnum, eða fastákveðnu verði með rétti til verðuppbótar síðar meir, þegar varan er seld. Ef umboðssalinn eða kaupmaðurinn er aðeins seljandi að vörunni, þá er það venja, að hún sé greidd með peningum, eða a. m. k. gengið svo frá, að hægt sé fyrir framleiðanda að taka andvirði vörunnar út í peningum gegn veði í þeirri vöru, sem um ræðir. T. d. greiðir SÍF frá 75 til 100% af verði fiskjarins við móttöku, *og sama máli gegnir með Lýsissamlag* íslenzkra botnvörpueigenda og aðra sölumenn íslenzkra sjávarafurða. Það sama mun eiga sér stað um kaupendur landbúnaðarafurða. T. d. veit ég, að Sláturfélag Suðurlands greiðir mikið af andvirði vörunnar við móttöku í peningum.

Þetta breytist svo, þegar kaupandi afurðanna er einnig smásali og hefur verzlun við framleiðanda, eins og t. d. einstakir kaupmenn eða kaupfélög. Þá breytist þetta þannig, að andvirði afurðanna er fært inn í reikning framleiðandans, og sumir fá svo að segja aldrei vörur sínar greiddar með peningum, jafnvel þó að þeir eigi inni hjá kaupandanum. Að vísu er þetta ekki alls staðar eins. T. d. á þetta sér ekki stað á Suðurlandi; þar gæti það ekki staðizt vegna samkeppninnar. En á Vesturlandi og Austurlandi eru mjög mikil brögð að þessu. Á þessum tímum er það óverjandi að gera efnalitlum bændum þannig erfitt um viðskipti með því að láta þá aldrei sjá peninga fyrir afurðir sínar, en láta þá vera háða þeim aðila, sem kaupir framleiðsluvörur þeirra, ekki sízt þar sem ekki er fyrirbyggt, að þessi sami aðili geti haldið vörunni án þess að greiða hana. Það verður því að krefjast þess *og tryggja það með lögum, að ekki sé hægt að* neita bændum um peninga fyrir afurðir sínar.

Ég skal leyfa mér að taka þrjú dæmi, sem eru alveg ný. Það var maður, sem átti 3 þús. kr. hjá verzlunarfyrirtæki. Hann þurfti nauðsynlega að senda konu sína fárveika til Rvíkur og vildi fá upp í þetta 300 kr. hjá fyrirtækinu, en fékk það svar, að hann yrði að biðja hreppinn um ábyrgð fyrir legukostnaðinum, því að fyrirtækið væri ekki skyldugt til að láta hann fá þessa peninga, sem hann þurfti með. Annað dæmið er um fátæka konu, sem hafði lengi baslað við að spara til þess að kosta dóttur sína til náms í Rvík. Hún átti 500 kr. hjá slíku verzlunarfyrirtæki, en gat ekki fengið peningana til þess að uppfylla þessar vonir, sem hana hafði svo lengi dreymt um, að rættust. Þriðja dæmið er um mann, sem fluttist af verzlunarsvæðinu, en átti inni 2 þús. kr. hjá viðkomandi verzlunarfyrirtæki. Hann fór fram á að fá þessa innieign greidda í peningum. Engin deila var um, að hann ætti þessa innieign, en samt var honum neitað um greiðslu í peningum, en gat aðeins fengið úttekt í vörum. Það var honum óþægilegt, þar sem hann var fluttur af verzlunarsvæðinu, og varð hann því að fá dóm um málið, sem vitanlega féll þannig, að innieignin skyldi greidd honum í peningum. Ég álít slíkt sem þetta með öllu óverjandi á landi eins og Íslandi, þar sem ekki aðeins er ætlazt til, að frelsi ríki í þessum málum, heldur stefnir öll löggjöf meira og minna að því að vernda hag og rétt lítilmagnans.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um 1. og 2. gr. frv. — 1. gr. er ekki um annað en það, að sá, sem kaupir vöru, sé skyldur að greiða hana að fullu í peningum, nema öðruvísi hafi verið um samið. 2. gr. er um, að ef varan er seld áætluðu verði eða með rétti til uppbótar síðar, sé ekki skylt að greiða við afhendingu nema helming af gangverði hennar, án þess að það hafi áhrif á endanlegt verð vörunnar. Er hér því aðeins að ræða um að tryggja rétt framleiðandans gagnvart *verzlunarfyrirtækjunum um peningagreiðslur.*

Þó að framleiðanda sé í 2. gr. aðeins tryggður réttur til helmings andvirðis í peningum, þá er það engan veginn eins og það ætti að vera, því að hann ætti að hafa tryggingu fyrir því öllu, en vegna þess að slíkt mundi skapa verzlunarfyrirtækjunum of þunga vaxtabyrði, a. m. k. fyrst, þá er hér miðað við helming andvirðis, og þó að ekki sé gengið lengra, þá er það mjög mikil framför frá því, sem nú er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vænti, að d. skilji nauðsyn þess og verði því velviljuð. Ég legg til, að frv. verði vísað til allshn. Það á raunverulega heima þar, þar sem það er mál bæði landbúnaðar og sjávarútvegs.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 27, jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 259).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Þessu frv. var vísað til hv. allshn., og hefur hún nú lokið athugun sinni á málinu og skilað áliti. N. sendi frv. til umsagnar til Sambands íslenzkra samvinnufélaga annars vegar og hins vegar til Verzlunarráðs Íslands, og létu báðir þessir aðilar álit sitt uppi, þannig að S.Í.S. lagði eindregið til, að frv. yrði fellt, og færði á móti því ýmis rök, en Verzlunarráð Íslands mælti með frv. í meginstefnu, en tók ekki afstöðu til einstakra atriða málsins.

Allshn. velti þessu frv. allmikið fyrir sér. Og niðurstaðan varð sú, að a. m. k. fjórir af fimm

nm. ákváðu að mæla með frv. með þeim breyt., sem skráðar eru till. um í nál. á þskj. 259. Frv. fer í þá átt að reyna að greiða fyrir því, að íslenzkir framleiðendur — sérstaklega mundi það þá eiga við smærri framleiðendur — fái sem fyrst greiðslu fyrir vörur sínar. Það má auðvitað segja, að það sé kannske hæpið, hverju hægt er að áorka um það efni með löggjöf slíkri sem þessari, og að annaðhvort þurfi þeinar breyt. á fjárhagskerfinu, útvegun lánsfjár til þeirra kaupenda eða umboðsmanna, sem hér er um að ræða — annaðhvort þurfi þeinar slíkar breyt., eða a. m. k. mundu slíkar breyt. frekar greiða fyrir því, að þessi mikla lánsverzlun yrði afnumin, sem átt hefur sér stað, sem er að ýmsu leyti óheppileg. Slíkar breyt., að breyta þannig fjárhagskerfinu, að nota lánsfé, mundu heldur greiða fyrir því en þó að lagaákvæði séu sett slík sem þessi, þar sem einungis eru teknar fram ákveðnar reglur án þess að það sé í raun og veru ábyrgzt eða tryggt, að eftir þeim sé farið, en það er nú ekki gert í þessu frv. og ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að þannig er litið á, að í greiðslum á þessum íslenzku vörum til smáframleiðendanna hafi verið um að ræða óhæfilegan drátt, miklu meiri en efni hafi staðið til og þurfi að vera, samkv. eðli þeirra viðskipta og atvikum öllum. Og frv. er, sem sagt, flutt til þess að reyna að setja l. til þess að koma í veg fyrir þá vanhirðu, sem í þessum efnum hefur verið, þann algerlega óþarfa greiðsludrátt, sem talið er, að ýmsir af þessum smáframleiðendum hafi þurft við að búa. Annars er frv. að verulegu leyti sniðið eftir l. um greiðslu verkkaups til verkamanna og ákvæðin um þann við skuldajöfnuði, nema sérstaklega sé um samið fyrirfram, og er ekki kunnugt um annað en að sú löggjöf hafi gefizt ákaflega vel. Er því ekki nema eðlilegt, að eftir henni sé farið um greiðslumáta til þeirra aðila, sem frv. þetta tekur til, og sem má, a. m. k. mörgum, jafna til verkamanna, þannig að aðstaða þeirra og verkamanna er svipuð. Meiri hl. n. telur því, að frv. stefni í rétta átt. Það sé að vísu óvíst, hvílíkri gerbyltingu það komi á, en það stefni sem sagt í rétta átt og með því sé ekki færzt meira í fang heldur en hægt sé að standa við, og samkv. því sé hægt að koma í veg fyrir þann óþarfa drátt, sem talið er, að hafi átt sér stað um greiðslur til þessara smáframleiðenda. Vill meiri hl. n. því eindregið mæla með frv.

Brtt. þær, sem gerðar hafa verið af allshn., fara í þá átt ýmist að gera ákvæði frv. skýrari eða einfaldari. Brtt. við 1. gr. gengur í þá átt að færa hana til samræmis við það, sem ákveðið er í l. um greiðslu verkkaups um þann við skuldajöfnuði, þannig að orðalagið verði hið sama á báðum stöðum, sem sýnist eðlilegt.

Brtt. við 2. gr. er orðabreyt., en hefur enga efnisbreyt. í sér fólgna.

Brtt. við 3. gr. fer í þá átt að gera fyrirmæli gr. einfaldari, en jafnframt, að ætlazt er til þess, að ríkisstj. setji með reglugerð fyrirmæli um það, hvernig gangverð afurða, sem 2. gr. frv. ræðir um, skuli ákveðið. Í frv., eins og það liggur fyrir, eru taldar upp ýmsar stofnanir, sem eigi að kveða á um þetta, og settar reglur um það, hvernig eigi að ná niðurstöðum með atkvgr. eða jöfnuði á till. þeirra. Þetta fyrirkomulag frv. er ekki að öllu leyti heppilegt, vegna þess að sumar þeirra stofnana, sem þarna eru taldar, eru einkastofnanir. Aðrar stofnanir, sem þar eru taldar, eiga aðeins, að ætla má, að starfa til bráðabirgða, en ekki frambúðar, og þess vegna sýnist hæpið að telja þær upp í slíkum ákvæðum. N. taldi það því eðlilegra, að hagstofunni yrði fengið endanlegt úrskurðarvald um það, hvað telja skuli gangverð, en að ríkisstj. setji svo nánari fyrirmæli um það í reglugerð.

4. gr. frv. verður óþörf samkv. þeirri breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á 2. gr., og leggur n. til, að sú gr. (4. gr.) falli niður.

Sömuleiðis leggur n. til, að 5. gr. falli niður. 5. gr. frv. er sniðin eftir ákvæðum l. um greiðslu verkkaups, en þess er ekki gætt, að nú er búið að fella niður fyrirmæli um einkalögreglumál, sem þarna eru ráðgerð, svo að það ákvæði á þarna ekki við. Þar, sem talað er um varnarþingsákvæði, þá má segja, að það sé hæpið, að þörf sé á slíku ákvæði í þessu sambandi. En ef talin er þörf á slíku ákvæði, ætti það eftir skipun löggjafarinnar heima í einkamálal., en ekki í slíkum l., sem þessum. Leggur n. því til, að 5. gr. frv. falli niður, og greinatala frv. breytist samkv. því, að þessar 4. og 5. gr. frv. falli niður.

N. ætlast til, að 6. gr. frv. standi óbreytt.

Svo leggur n. til, að l. þessi gangi ekki í gildi fyrr en 1. janúar 1944, sem er í samræmi við það, sem lagt er til að hálfu Verzlunarráðs Íslands, sem lagði með frv. að efni til, en taldi nauðsynlegt, að nokkur frestur yrði á um gildistöku þessara l., ef frv. verður samþ.

Vonast ég til þess, að hv. þd. fallist á brtt. allshn. og samþ. frv. síðan að þeim samþykktum.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég er sammála hv. nm. um það, að æskilegt væri að geta sett l., þar sem greitt væri fyrir viðskiptum. En ég er í meiri vafa um það, að þessi löggjöf nái þeim tilgangi að greiða fyrir þeim viðskiptum landsmanna, sem frv. er ætlað að greiða fyrir. Það er að vísu svo, að það er ekki líklegt, að frv., þó að l. verði, leggi að neinu verulegu leyti stein í götu þeirra viðskiptaaðferða, sem nú eru við hafðar og hafa reynzt að vera nauðsynlegar, og ekki er víst, að frv. leggi að neinu leyti stein í götu þeirra.

Ákvæði 1. gr. frv. gera ráð fyrir því, að skuldajöfnuði megi við koma í viðskiptum, ef sérstaklega er um það samið. En vitað mál er það, að á undanförnum árum hefur mikið af þeim viðskiptum, sem samvinnufélög og reyndar einnig margir kaupmenn hafa átt við framleiðendur, bæði bændur og útgerðarmenn, hafa farið fram þannig, að þessir viðskiptamenn verzlana þessara hafa fengið loforð fyrir afhendingu varna að láni fyrir ákveðna tiltekna upphæð, og gefið loforð um ákveðið vörumagn eða greiðslu í staðinn fyrir tiltekinn tíma. Og um þetta eru vanalega gefin sérstök skrifleg loforð af hendi þess, sem fær vörur að láni á þennan hátt hjá kaupmanni eða samvinnufélagi. Þessi aðferð mundi vera heimiluð áfram, þó að frv. væri samþ. Og þessi viðskiptaaðferð hefur sýnt sig að vera nauðsynleg, vegna þess að lánsstofnanir eru ekki fyrir

hendi í landinu, sem geta veitt svo almenn peningalán, sem þarf til þess, að þeir, sem vörur taka út í verzlunum eða hjá samvinnufélögum, geti fengið lán í þeim stofnunum til þess að greiða þær vörurnar með og þannig geta haft viðskiptin með þeim hætti, að hönd selji hendi. Og af því að þessar lánsstofnanir eru ekki til, hafa samvinnufélög og kaupmenn tekið að sér hlutverk þeirra lánsstofnana með þeim hætti, sem ég hef greint. Það, sem eftir þessu frv. gæti skipt mestu máli til umbóta fyrir viðskiptin, eins og þau eru nú í þessu efni, væru því ákvæði 2. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að þegar vörur eru seldar með óákveðnu verði, — sem mjög tíðkast nú á seinni tíð og hefur reyndar tíðkazt um langt skeið vegna viðskipta samvinnufélaganna, þar sem grundvallaratriðið er það að greiða seljanda varanna rétt verð fyrir vörur þær, sem hann selur samvinnufélaginu —, þá skuli greiða helming af andvirði varnanna samkv. mati, og gert er ráð fyrir í brtt. n., að hagstofan gangi frá þessu mati á gangverði hinna almennustu verzlunarvarna. Og síðan er gert ráð fyrir því, að hinn hluti andvirðis varnanna verði greiddur ekki síðar en tveim mánuðum eftir, að unnt er að ákveða verðuppbót eða umboðssali hefur fengið í sínar hendur andvirði þeirra varna, sem hann hefur sett. Ég geri ráð fyrir, að það tíðkist ekki almennt a. m. k., að minna en helmingur andvirðis varnanna sé greiddur strax. Ég geri því ráð fyrir, að hér sé tæpast um verulega réttarbót að ræða frá því, sem nú er, og kannske enga. Og viðvíkjandi því atriði, hvernig síðari hluti andvirðis varnanna sé greiddur, er það að segja, að það er ákaflega erfitt að setja trygg ákvæði um það efn. Og þó að þessi ákvæði séu sett, sem gert er ráð fyrir í brtt. á nál., þarf enginn að ganga þess dulinn, að þau ákvæði tryggja í raun og veru ákaflega lítið, vegna þess að ákvæðin eru og verða að vera nokkuð óákveðin um þetta atriði, og þetta er meira eða minna framkvæmdaratriði í höndum þess, sem á að greiða andvirðið af höndum. Það er ekki gott að fylgjast með því fyrir seljanda, hvenær kaupanda vörunnar, kaupmanni eða samvinnufélagi, er unnt að ákveða verðuppbót, og heldur ekki gott fyrir seljanda að fylgjast með því, hvenær kaupandi vörunnar, kaupmaður eða samvinnufélag, fékk í hendur andvirði vörunnar. Þannig að réttaröryggið með þessum l. verður að mínu áliti ákaflega lítið, og þess vegna gagnslítið að setja þessi ákvæði. Hins vegar er það talsverð fyrirhöfn að skrá vörur með þeim hætti, sem gert er hér ráð fyrir, ef þetta frv. verður að l., þó að það sé miklu einfaldara í framkvæmd, eins og gert er ráð fyrir því í nál., heldur en í frv. er gert ráð fyrir. Það er ekki alveg fyrirhafnarlaust fyrir hagstofuna að ákveða gangverð afurða, og það er talsverð fyrirhöfn einnig fyrir kaupendur að fylgjast með því á hverjum tíma, hvert gangverð varnanna er. Ég lít því svo á, að því miður séu ekki miklar líkur til þess, að þetta frv., þó að l. verði, nái þeim tilgangi að greiða fyrir viðskiptum í landinu, eða að seljendur varnanna, einkanlega framleiðendur, fái með þessum l. nokkurt verulegt öryggi. En hins vegar er nokkur trafali að því að hafa löggjöf eins og þessa. Og þá er spurningin, hvort samþykkt frv. svari kostnaði. Og ég hef ekki fengið ákveðnar upplýsingar um það, hve mikið kveður að því, að þeir framleiðendur, sem selja vörur til kaupmanna og kaupfélaga, fái ekki greiddar vörur sínar fyrr en seint og síðar meir, og vegna þess hef ég verið í ákaflega miklum vafa um það, hvort ég gæti fylgt þessu frv. Ef mjög mikið kveður að þessu, þá er kannske leggjandi út í þessa tilraun, enda þótt ég búist ekki við neinu verulega meiru réttaröryggi vegna þessarar löggjafar, ef frv. verður samþ. Þó er ekki víst, að örgrannt yrði um það, að eitthvert aðhald kynni að geta verið í slíkum l. sem þessum. Ég er þess vegna á báðum áttum með það, hvort fyrirhöfn við að setja l. sem þessi svari kostnaði. Ég býst því við, að niðurstaða mín í málinu verði sú, að ég láti afskiptalaust, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki. Ég tel það ákaflega þýðingarlítið.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins lýsa yfir, að ég get vel fellt mig við þær brtt., sem fram hafa komið við frv. frá allshn., á þskj. 259.

En út af ræðu hv. þm. Str. (HermJ) vildi ég segja þetta. Hvað viðvíkur skuldajöfnuðinum, þá er engin hætta á því, að hér sé verið að hlaða undir neina óreiðu í fjármálum. Það er rétt, sem hv. þm. Str. tók fram, að það er þegar komið á þetta fasta viðskiptakerfi, sem hann gat um, hjá kaupfélögum og ýmsum kaupmönnum, þar sem verzlanirnar taka strax eftir nýjár tryggingar hjá viðskiptamönnum sínum gegn vöruávísunum, annaðhvort greiðsluloforð eða beint við í framleiðsluvörum viðskiptavina sinna. Og það er ekki nema það, sem á sér stað um alla menn og stofnanir, sem lána út á ófengnar tekjur á sjó og landi. Þetta er algengt hjá bönkum, að þeir lána út á óaflaðan fisk og hafa þar af leiðandi tryggingu í honum, þegar hann kemur. Á sama hátt er hægt fyrir þá, sem lána vörur til bænda, að tryggja sér með veði í framleiðsluvörum þeirra greiðslu þeirra varna, sem bændur fá lánaðar hjá verzlunum þessum, þangað til greiðslugeta er fyrir hendi hjá bændum. Svo að ég hygg, að í þessu efni geti frv., þó samþ. verði, ekki orðið til ásteytingar.

Hv. þm. Str. talaði um, að það tíðkaðist varla, að minna en helmingur andvirðis varna væri greitt strax. Um þetta vil ég segja það, að það er ákaflega misjafnt, hvað greitt er strax mikið fyrir vörurnar, eftir því hvar er. Hér sunnanlands, þar sem peningaverzlun er almennust, er sjálfsagt greitt allt að 80% andvirðisins strax, t. d. hjá Sláturfélagi Suðurlands og hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, og mundi það ekki þrengja kosti þeirra, þó að þetta frv. yrði að l. En í afskekktum héruðum hefur svo verið og er enn, að bændur og smáútvegsmenn, sem verzla við kaupmenn og kaupfélög, fá svo að segja aldrei neitt greitt fyrir vörur sínar í peningum, heldur geta þeir fengið vörur út á væntanlegar afurðir, og sjá svo að segja aldrei peninga milli handa sinna. Þetta er mjög óheppilegt í alla staði. Menn þurfa peninga til ýmislegs, svo sem til þess að greiða opinber gjöld — einnig væntanlega til kynnisferða, þegar l. um það eru komin. Og ég tók fram í framsöguræðu minni við 1. umr., að þetta hefur

gengið svo langt, að menn, sem hafa átt inni hjá slíkum stofnunum. hafa orðið að fá ábyrgð hreppsins til þess að geta fengið fé til þess að geta sent sjúklinga sína á spítala. Ég held, að það sé ekki á nokkurn hátt skertur réttur þess aðila, sem fer með umboð á sölu þessara afurða, þó að hér sé ákveðið, að hann eigi að greiða helming af því verði, sem áætlað er. Hins vegar, ef menn kæra sig ekki um að fá þetta greitt út, geta menn látið það standa inni á reikningum. Í Skaftafellssýslu mun t. d. kaupfélagið vera nokkurs konar sparisjóður bænda, og er ekkert um það að segja, ef samkomulag er um það milli aðila.

Að ákveða gangverðið, hygg ég, að ekki sé erfitt, þar sem hér er ekki verið að ákveða gangverðið til fullnustu, heldur það verð, sem á að miða útborgun við. Þetta verð hefur verið ákveðið af þessum aðilum, sem upp eru taldir í frv., og það er þess vegna sem öll þessi halarófa kom þar inn. En ég get fallizt á, að það sé rétt í alla staði að fela ákveðinni stofnun þessa gangverðsákvörðun eða áætlun. Skal ég benda á, að samvinnufélög hafa ákveðið í ár að greiða 4 kr. út á hvert kjötkg. Og ef frv. væri orðið að l, þá væri þeim aðeins skylt að greiða 2 kr. strax út til bóndans fyrir hvert kg kjöts. Nú er það von manna, að kjötkg verði ekki 4 kr., heldur 6 kr., og þá hefði raunverulega ekki verið greiddur út nema þriðjungur af endanlega verðinu, ef þessi áætlun stenzt um verðið. Þó að sums staðar sé ekki þessa ákvæðis þörf, þá yrði þó með því stórt spor stigið til hagsbóta þeim, sem búa í afskekktari héruðum landsins, miðað við núverandi ástand þar.

Viðkomandi því, hvort slík lagasetning sem þessi yrði til nokkurs öryggis eða til þess að bæta fyrir viðskiptum, þá er því til að svara, að öryggi fæst með samþykkt þessa frv. á þann hátt, að þessir menn, sem búa í afskekktari héruðum t. d., fá a. m. k. möguleika til þess að krefjast útborgaðs ákveðins hluta andvirðis varna sinna, og þótt ekki væri nema að þeir fengju ⅓ hluta þess greiddan í peningum, þá væri það réttarbót. Og ég tel þjóðinni gott, að máske væri hægt að ná því marki, að öll verzlun yrði peningaviðskipti og að sem mest væri horfið frá skuldaverzluninni og að skynsamlegast sé að taka það ekki í einu stökki, heldur fara þar stig af stigi. Og þess vegna hef ég fellt mig við, að takmarkið væri svona lágt í frv. varðandi útborgun strax á andvirði varna, þó að það væri kannske eðlilegt, að þetta takmark væri 100%, miðað við áætlað verð.

Um gildistöku þessara l. er mér ekkert kappsmál, hvort l. gangi í gildi á þessu þingi eða nokkrum mánuðum seinna, ef þau aðeins ná að ganga fram til hagsbóta fyrir þessa aðila, sem þau eiga að greiða fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 259,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 259,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 259,3 (ný 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 259,4 (4. og 5. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 259,5 (ný 7. gr., verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 281).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, n. 450).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hef ekki margt um þetta frv. að segja. Allshn. hefur litið á málið og telur, að það sé í höfuðatriðum þarflegt, eins og þessum málum er nú komið í framkvæmdinni. Einn hv. þm. hefur nú bent mér á ákvæði í 2. gr., sem heppilegra muni vera að hafa nokkuð á annan veg. Ég hef talað um það við þann hv. þm., að hann frestaði að bera fram brtt. um það atriði til 3. umr. Ég hef fengið að sjá það, hvernig hann hugsar sér þessu atriði fyrir komið, og vildi ég milli umr. nota tækifærið til þess að bera mig saman við hv. meðnm. mína um þetta atriði. Vona ég nú, að málið fái að ganga hindrunarlaust til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 70. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hafði orð á því við 2. umr., að til mála kæmi að breyta 2. gr. frv., og hugsa mér nú að bera fram brtt., sem verður að vera skrifl., því að á öðru á ég nú ekki kost. Ég hef átt tal við meðnm. mína í allshn. um þetta, en till. er ekki flutt af hálfu n., og hafa þeir óbundnar hendur í atkvgr. um hana. Brtt. er á þá leið, að í 2. gr. á eftir orðunum „svo sem í 1. gr. segir“ komi innskot: nema annað hafi verið ákveðið með samningum við verzlanir eða fundarsamþykktum í samvinnufélögum. — Eins og þeir menn vita, sem til þekkja, er engin ástæða

til að banna mönnum að samþykkja af eigin hvötum eða semja um það greiðslufyrirkomulag, sem þeir telja hagkvæmast í viðskiptum. Ég hygg framkvæmd þessarar löggjafar afar örðuga, nema brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég er ekki enn búinn að skilja að fullu, hvað átt er við með þessu frv., og vildi gjarnan fá vitneskju um það hjá hv. allshn. og dálitlar útskýringar, áður en ég þarf að greiða um það atkv. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að eitthvað af afurðum lands eða sjávar sé strax borgað föstu verði, þegar selt er. Það er rétt, að þetta hefur verið gert í nokkrum mæli, en ekki mjög miklum. En síðari árin hefur hitt verið tíðara, að ekki hefur fengizt upp fyrr en löngu síðar, hvað vörurnar seldust í raun-inni fyrir, og við það getur löggjöf sem þessi ekki ráðið.

Hins vegar gerir 3. gr. ráð fyrir, að Hagstofa Íslands ákveði gangverð afurðanna, fast verð. En hvaða aðstöðu hefur hagstofan til þess? Ég veit ekki til þess, að hún hafi starfað svo að utanríkis-verzlun eða útvegun verzlunarsambanda, að hún hafi þar sérþekking umfram eða til jafns við verzlunarfyrirtæki, t. d. til að setja verð á fisk, sem síðan verður seldur til Portúgals. Eða tökum ull til dæmis. Þegar ullin, sem í landinu er, verður seld 2—4 árum eftir, að verzlanir taka við henni, selst hún án minnsta tillits til þess, hvað hagstofan kynni að hafa metið hana í fyrstu. Mér finnst tæplega gerlegt að ætla þeim dómstóli að dæma um þetta, sem ekki tekst að sýna, að sé til þess fær. En e. t. v. skýrir n. þetta, og líklega er þetta nokkru skárra en það var upprunalega í frv. En ég sé ekkert gagn í frv.

Jón Pálmason: Ég hef lengi verið þeirrar skoð-unar, að aldrei kæmist gott lag á viðskipti í land-inu, fyrr en vöruskiptaverzlun væri afnumin og peningaviðskipti kæmu alls staðar, og ég held, að þeirri skoðun sé að vaxa meira og meira fylgi í landinu, eftir því sem menn hugsa þetta nánar. Það má segja, að frv. sé aðeins dálítið spor í átt til þess, en það er gott spor og þarft, og má ekki draga úr áhrifum þess.

Hv. 2. þm. N.-M. fann að 3. gr. og afskiptum hagstofunnar af þessum málum. Við vitum, að svo að segja allar landbúnaðarafurðir og mikið af sjávarafurðum er lagt í verzlanir með lágu áætlunarverði eða alveg óákveðnu og von um uppbætur síðar. Vandi hagstofunnar um verð-ákvörðun nær því eigi nema til þeirra varna, sem eru seldar fastákveðnu verði, og styðst hún vit-anlega í hverju tilfelli við umsagnir réttra verzl-unaraðila. Get ég því lítið gert úr aðfinnslum hv. þm.

Ef brtt. hv. 1. þm. Árn. yrði samþ., væri frv. gert að engu, hvað samvinnufélög snertir, þar sem ákvæðum þess mætti kollvarpa með einfaldri meirihlutasamþykkt í félagi, en meirihlutasam-þykkt um að fylgja l. væri aftur með ýmsum ráðum hægt að hindra. Annaðhvort er að taka samvinnufélög alveg undan þessum l. eða fella brtt. og láta sama gilda um þau sem aðrar verzl-anir. Vilji menn á annað borð samþykkja frv., eiga þeir ekki að eyðileggja það með brtt.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 2. þm. N.-M. spurði n., hvernig hagstofan færi að því að reikna út verð, sem leggja ætti á vörur. Ég er honum samdóma um, að þetta er nokkrum erfiðleikum bundið. En eftir nokkra íhugun taldi n. þetta ekki vera svo mikilsvert atriði, að rétt væri að fara að gera á því aðra skipan að ó-reyndu. Vitanlega yrði hagstofan að styðjast við þær verzlanir, sem við sölu þessara afurða hafa fengizt, og fara um það eftir reglugerð, sem 3. gr. mælir fyrir um. Ég býst við, að því megi treysta, að hagstofan fari varlega.

Hv. þm. A.-Húnv. taldi brtt. mína spilla frv. Er það þá skilningur hans á frv., að það eigi að verða samvinnu manna og sameiginlegum félags-vilja fjötur um fót? Brtt. getur ella engu spillt, þar sem hún veitir mönnum aðeins frelsi til samþykkta og samninga, sem þeir kjósa sjálfir að gera eða meiri hluti félags. Mér finnst reynsl-an benda til þess, að frelsi til þessa yrði alls ekki óhagkvæmt kaupfélagsmönnum. Ég vona, að hv. þm. samþykki brtt. mína. Á hinn bóginn vil ég ekkert amast við sjálfu frv., að því leyti sem það getur komið til framkvæmda.

Skúli Guðmundsson: Mér er ekki fullljóst, hver er tilgangurinn með flutningi þessa frv., en þó lízt mér það vaka fyrir þeim, er standa að frv., að þeir ætli sér að hlynna eitthvað að framleið-endum íslenzkra afurða við sjávarsíðuna og til sveita með því að setja l. um það, að öllum verzl-unarfyrirtækjum sé skylt að greiða andvirði af-urðanna í peningum.

En ég verð að segja, að mér finnst, að þeim tilgangi að bæta á einhvern hátt hag framleið-enda til sjávar og sveita sé alls ekki náð með þessu frv., heldur gæti ég hugsað mér, að frv., ef að lögum verður, mundi verka þeim í óhag. Til þess að þau ákvæði, sem í frv. felast, fái notið sín, þarf bæði kaupfélögum og kaupmönnum að vera skylt að kaupa afurðirnar með því verði, sem hagstofan ákveður, en slíkt er ekki að finna í frv., enda hefur líklega ekki neinn ætlazt til þess, að það yrði leitt í l. Vitanlega geta verzlanir og önnur fyrirtæki neitað að kaupa afurðirnar eða taka þær í umboðssölu, og varla geri ég ráð fyrir, að framleiðendur mundu telja slíkt til hlunninda.

Við skulum t. d. taka eina vörutegund, ullina, og gera ráð fyrir, að lög um þetta efni hefðu verið til 1941, þegar bændur komu með ull sína í verzlanir til sölu. Ég er í miklum vafa um, að kaupfélög og kaupmenn hefðu séð sér fært að taka þessa vöru í umboðssölu og borga hana út samkv. útreikningi hagstofunnar, þegar ullar-markaðurinn leit svo illa út. Enda hefur það kom-ið á daginn, að erfitt hefur verið að selja þá vöru. Ullin frá 2 árum liggur í vöruskemmunum enn þá úti um allt land. Ég er í miklum vafa um, að verzlunarfyrirtækin sjái sér fært að kaupa ull á þessu ári eða taka hana í umboðssölu og borga fyrir hana e. t. v. háar upphæðir, ef frv. þetta verður gert að lögum.

Mér er reyndar kunnugt um það, að kaupfélögin greiddu strax nokkuð út á ullina árið 1941 og líka 1942, en ef lagafyrirmæli svipuð þeim, sem felast í frv., hefðu þá verið í gildi, hefði það getað orsakað, að kaupmenn og kaupfélög hefðu kippt að sér hendinni og ekki viljað taka þessa vöru, og hefðu þá framleiðendur orðið að sitja með hana svo og svo lengi. Þetta gæti sem sagt orðið til þess, að kaupfélög og kaupmenn tækju ekki við vöru, sem erfitt er að selja, og gæti það komið sér mjög bagalega fyrir framleiðendurna.

Hv. þm. A.-Húnv. var að minnast á vöruskiptaverzlun, sem hann nefndi svo, og sagði, að hún þyrfti að hverfa. Ég veit ekki til þess, að hér á landi sé nokkurs staðar vöruskiptaverzlun eða hafi verið seinustu áratugina, nema þá e. t. v. lítils háttar milli einstakra manna. En í verzlunum, smáum sem stórum, þekkist slíkt ekki nú orðið. Það getur vel verið, að hann hafi meint lánsverzlun, og það er rétt, að hún er til, og það líklega nokkuð víða, en það er sitt hvað, lánsverzlun og vöruskiptaverzlun, og má ekki rugla því saman. T. d. er hér í Rvík töluvert um lánsverzlun, eftir því sem ég bezt veit. En þetta er óðum að breytast. Samþykktir kaupmannastéttarinnar ganga í þá átt að taka upp „kontant"-verzlun, þótt eigi muni það komið til framkvæmda að öllu leyti hér enn. Enn fremur get ég upplýst, að víða annars staðar á landinu hefur peningaverzlun verið tekin upp. Um það er mér kunnugt. Við það kaupfélag, sem ég veiti forstöðu, var tekin upp peningaverzlun í ársbyrjun 1942, og félagið borgar verð fyrir afurðir í peningum, þegar þess er óskað. Eins verða þeir, sem vörur kaupa hjá félaginu, að borga þær við móttöku. Þetta er samkv. ákvörðun sjálfra félagsmannanna, og mér þykir það einkennilegt, ef á að fara að meina slíkum félagssamtökum að hafa þær aðferðir við verzlunarreksturinn, er þeim þykja hentugastar. Með þess konar afskiptum finnst mér að óþörfu tekinn ákvörðunarréttur af mönnum. Hér er um mörg afurðasölufélög að ræða, svo sem mjólkurbú og sláturfélög bænda, en útgerðarmenn hafa lýsissamlög og fisksölufélög. Mér finnst það mjög óréttmætt, ef á að fara að hindra það, að þessi félagasamtök setji sjálf reglur um borgun afurðaverðsins, eftir því sem þau telja sér bezt henta.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði enn fremur, að með brtt. hv. 1. þm. Árn. væri verið að gera að engu ákvæði frv. gagnvart samvinnufélögunum. Það er ekki rétt hjá hv. þm., ef hann heldur, að brtt. nái einungis til samvinnufélaga, — hún nær einnig til allra þeirra einstaklinga, sem vilja sjálfir semja við kaupmenn sína um greiðslu afurða. Þetta getur líka komið sér vel fyrir kaupmennina, þar sem þeim yrði ekki gert ókleift að taka við vörum, sem þeir geta ekki borgað út við móttöku, samkv. útreikningi hagstofunnar, og eins fyrir þá, sem afurðirnar hafa, að þurfa ekki að liggja með þær óseldar, e. t. v. um langan tíma. Mér finnst því sjálfsagt að samþykkja þessa brtt., þar sem hún gefur bæði félagsheildum og einstaklingum þann sjálfsagða rétt að haga þessum málum eftir því, sem þeim hentar bezt. Ef þessum aðilum — framleiðendum til sjávar og sveita og verzlunarfyrirtækjum — væri meinað að gera með sér samninga um viðskiptin, gæti það orðið til erfiðleika fyrir báða aðila, þar sem það gæti vel komið fyrir, að kaupfélög og kaupmenn sæju sér ekki fært að taka afurðir eins og t. d. ullina, sem ég gat um áðan, gegn staðgreiðslu, með verði, sem hagstofan setti, án þess að verða brotlegir við l.

Áki Jakobsson: Ég vildi gjarnan segja nokkur orð um þetta frv., þar sem ég á sæti í allshn., sem fjallaði um málið.

Að vissu leyti er frv. þetta ekki stórvægilegt, þó að það sé til bóta. Aðaltilgangur þess er að skylda þá, sem taka afurðir framleiðenda til sjávar og sveita til kaups, að borga þessar afurðir strax og seljandi óskar, en ekki að geyma greiðslu á þeim svo og svo lengi framleiðendum í óhag.

Eins og háttað er nú greiðslu þeirra afurða, sem smáútgerðarmenn og bændur framleiða, þá er það ástand ekki viðunandi, vægast sagt. Með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessu, eru þessar tvær stéttir allt of háðar verzlunarfyrirtækjunum, eins og t. d. á sér stað við Eyjafjörð. Þar hafa verzlunarfyrirtækin afurðaverð þessara framleiðenda meira og minna sem rekstrarfé, og þar er féð bundið inni um lengri eða skemmri tíma, sem framleiðendurnir nauðsynlega þurfa þó að fá, til þess að þeir geti haldið betur á framleiðslu sinni og haft betra rekstraryfirlit yfir starfsemi sína.

Um ákvæði frv., sem lýtur að Hagstofu Íslands, þá hef ég alltaf skilið það ákvæði svo, að hagstofan leitaði sér upplýsinga hjá útflytjendasamböndum, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, stórkaupmönnum og fiskkaupmönnum, áður en hún gæfi út ákvarðanir sínar varðandi afurðaverðið. Og mér kemur ekki til hugar annað en að hagstofan fari varlega í sakirnar, hvað snertir sölu afurða í umboðssölu, þegar óvissa ríkir um, hvernig þær muni seljast. Það er augljóst, að ekki er hægt í sumum tilfellum að greiða út fyllsta verð, sem hægt er að fá, og láta þannig alla áhættuna falla á kaupfélög eða kaupmenn.

Tilgangurinn með því að láta Hagstofu Íslands hafa þetta í hendi sinni er sá, að hún ákveði verðið, sem stundum getur orðið mjög vægt, eftir að hún hefur aflað sér þeirra beztu gagna um það, sem hægt er að fá í hverju tilfelli, og við það verði svo kaupmenn og kaupfélög að sætta sig og borga til smáútgerðarmanna og bænda, um leið og afhending afurðanna fer fram, eða þegar seljandi óskar.

Með brtt. hv. 1. þm. Árn. finnst mér, að sé verið að afnema frv., og væri þá miklu réttara að fella það heldur en að samþ. svo mótsetningafullt. 1. gr. frv. er sem sagt gersamlega strikuð út, ef brtt. er samþ. Það yrði blátt áfram hlægilegt fyrir hv. Alþ. og því ósamboðið með öllu að láta annað eins frá sér fara og frv. þetta með brtt. hv. 1. þm. Árn. Auk þess er í brtt. mótsögn, þar sem í 1. gr. frv. er sagt: „nema að svo hafi áður sérstaklega verið um samið."

Um það, að kaupfélög og kaupmenn muni halda að sér höndunum og ekki taka afurðirnar til sölu, ef frv. þetta verður að l., það get ég ekki ályktað, eins og málið liggur fyrir. Það

stendur alveg sérstaklega á með ullina, og er ekki hægt að taka hana sem dæmi í þessu tilfelli, þar sem stríðsorsakir hafa ráðið því, hvernig sölu-erfiðleikum hennar er háttað. Þetta er alveg einstætt mál, og ég býst við, að Hagstofa Íslands hefði ekki farið að gera neitt, sem bæði bændur og kaupfélög og kaupmenn hefðu ekki getað fallizt á vegna þessa óvenjulega ástands með sölu ullarinnar.

En aðalatriðið er, að frv. er til bóta og þá fyrst og fremst 1. gr. Með frv., ef að l. verður, er bæði smáútgerðarmönnum og bændum gert hægara með að stunda atvinnurekstur sinn og efla hann. Enn fremur fá þeir með þessu betra tækifæri til þess að hafa heildaryfirlit yfir atvinnureksturinn og afkomu hans. Þess vegna er ég á móti brtt., en vil leggja til, að frv. verði samþ. eins og það nú er orðið.

Ján Pálmason: Ég lít svo á, að ef löggjöf á að setja á annað borð um þetta atriði í viðskiptalífi þjóðarinnar, þá sé það frv., sem hér liggur fyrir, svo vægt, að óþarft sé að fleyga það og draga ur því með brtt. þeirri, sem flutt hefur verið við frv.

Hv. 1. þm. Árn. var að segja, að sjálfsagt væri að leyfa félagsmönnunum sjálfum að ákveða, hvernig greiðslu afurða skyldi hagað. Það er nú svo og svo með það. Eru það ekki fulltrúar félagsins, sem þar ráða, hvaða tilhögun sem einstakir bændur kynnu að óska sér á þessu? Mér er og kunnugt um það, að við fjöldann allan af kaupfélögum úti um land allt verzla utanfélagsmenn meira og minna, koma bæði með innlegg og taka út vörur. — Ekki mundu þeir mikið hafa að segja um úrskurð þann, sem kaupfélagið mundi gera í þessu efni. — Það mundu ekki verða þeir, sem réðu, hvað ofan á yrði, og mundu líka varla vera taldir hafa rétt til þess.

Þá var hv. þm. V.-Húnv. að segja, að komið gæti fyrir, að verzlunarfyrirtæki og félög mundu ekki taka á móti afurðunum til kaups og sölu. Ég tel varla ástæðu til þess að taka þessa aths. alvarlega, því að naumast er hægt að ætla, að bændur færu sjálfir að leggja á móti því, að kaupfélög tækju við þeim afurðum, sem framleiddar yrðu á félagssvæðinu. Við þekkjum og það, að oftast er kapp um það hjá verzlunum að ná í þessar afurðavörur, svo að við getum látið þessa aths. hv. þm. V.-Húnv. alveg hjá líða í þessu tilfelli.

En þar sem hv. þm. V.-Húnv. minntist á það fyrirtæki, er hann veitir forstöðu, þá er mér ánægja að segja frá því af nokkrum kunnugleika, að því fyrirtæki er stjórnað af miklum myndugleika, og það er alveg rétt hjá honum og vert að ljá því athygli í þessu sambandi, að hjá honum hefur verið tekin upp fyrir nokkru hrein peningaverzlun, og er það til fyrirmyndar. Enda er það alveg víst, að það verzlunarfyrirkomulag hefur þar gefizt vel og verzlunin þar verið mjög hagstæð.

Ég kalla það vöruskiptaverzlun, þegar lagðar eru afurðir inn í verzlun og teknar út á þær vörur aðrar vörur allt árið um kring og reikningur ekki gerður upp fyrr en í árslok. Ég kalla það vöruskiptaverzlun, sem er óhagkvæm, og að réttara sé að hafa þá aðferð, sem höfð er við hans kaupfélag.

Þá sagði hv. þm., að munur væri á vöruskiptaverzlun og lánsverzlun. Það var óþarft fyrir hann að vera að fræða okkur á því, vegna þess að allir vita, að það er tvennt ólíkt. Lánsverzlun er enn, því miður, töluverð, en hún virðist óðum vera að hverfa. En þessar tvær tegundir verzlunar þurfa báðar algerlega að þoka fyrir þeirri einu og réttu aðferð í viðskiptunum að hafa hreina peningaverzlun. Þess vegna vil ég ekki leggja til, að brtt. verði samþ., en að frv. verði samþ. eins og það nú er.

Einar Olgeirsson: Það vill oft verða dálítið erfitt, þegar löggjafinn á að fara að semja l., sem grípa inn í ákveðin lögmál viðskiptalífsins, og er einmitt dálítið „interessant“ að athuga það frv., sem hér liggur fyrir, frá því sjónarmiði.

Um 1. gr. frv. er ekki nema allt gott að segja. Þar er verið að tryggja, að ekki sé hægt að draga svo og svo lengi að greiða afurðaverð seljandanum í óhag eða að hægt sé að jafna greiðslur upp með skuldajöfnuði.

Fyrir um 40 árum var það gert að skyldu að greiða verkamönnum kaup sitt í reiðu fé, en þá var til allrar óhamingju samt sleginn sá varnagli, að þetta þurfti ekki að koma til greina, ef öðruvísi hafði verið um samið milli vinnuveitenda og verkamanna. Þetta hefur kostað verkalýðinn mikið. Miklu starfi hefur verið fórnað til þess að fá þetta numið burtu, að ekki væri hægt að kúga verkamanninn til þess að semja um greiðslu launa sinna honum til stórkostlegra óþæginda. Það er nú fyrst á þessum seinustu árum, að verkalýðssamtökin hafa orðið það sterk að geta létt þessu af sér og fengið laun sín útborguð á vissum tímum með vissu millibili. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að okkur sé illa við eitt atriði í þessu frv., í 1. gr., þ. e. a. s. orðin: „nema svo hafi áður verið sérstaklega samið um. En ég get svo sem vel skilið þá, sem séð hafa sig knúða til þess að koma fram með þetta ákvæði í frv. Þessi ákvæði rekast svo á í öllum viðskiptum í okkar kapitalistiska þjóðfélagi. Ef það væri ákveðið, að enginn mætti hafa skuldaviðskipti, mundu þessi l. reka sig á hinn grimma veruleika.

Það er yfirleitt erfitt að selja vörur, eins og nú stendur. Þegar þetta „idiotiska“ lögmál — markaðslögmálið — er látið gilda, þá rekur það sig á. Þeir, sem geta keypt vörurnar, vilja ekki kaupa þær. Þá verða árekstrar, kreppur skapast. Þegar verið er að tala um að skylda menn til að selja vörur með ákveðnum skilmálum, þá er það ekki hægt. Það verður að taka til athugunar allt viðskiptakerfið í heild. Það er ekki hægt að segja bændum að selja svo og svo vöru sína. Ég býst ekki við, að það sé verið að setja þessi l. vegna ástandsins, sem nú ríkir, — setja þau fyrir það tímabil, sem nú stendur yfir, — a. m. k. væri það ekki hyggilegt. Það ætti heldur að setja lög fyrir tímabilið eftir stríðið, l. um greiðslu íslenzkra afurða, sem koma ætti að gagni þá. Ég veit það ósköp vel, að það er ekki hægt að setja slíka löggjöf án þess að grípa mjög rót-

tækt inn í viðskiptalífið, róttækar inn í allar greinar þess en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Viðvíkjandi 2. gr., þá er þar tvennu blandað saman, — tvö mismunandi verk, sem unnin eru. Annars vegar að setja reglur um, hvernig bezt sé að haga sölu íslenzkra afurða, hins vegar skuldaviðskipti þeirra, sem kaupa og selja þessar vörur. Þetta ætti að vera aðskilið. Það ætti að vera verkefni sérstakra lánsstofnana að lána út á þessar vörur. Það ætti ekki að gefa kaupmönnum eða samvinnufélögum sérstakt vald í þessu efni, vegna þess að í því felst hætta. Þegar ríkið fer að setja svona lög, ætti það sjálft að hafa lánsstofnun, sem lánaði sjómönnunum út á fiskinn og bændum út á afurðir sínar. Það er hægur vandi fyrir þm. að setja reglur um, að bankinn skuli lána svo og svo mikið út á þessar vörur. Ef menn vilja stíga svona skref, verða menn að gera meira og sjá, hvað á eftir kemur, ef menn vilja gera eitthvað annað en „bluff". Það þarf að gera „sósíalistiskar" ráðstafanir.

Ég set þetta ekki fram af því, að ég búist við, að orð mín um þetta efni hafi áhrif, heldur til þess að minna á, að ekki þýðir að setja lög nema menn horfist í augu við veruleikann. Ef menn vilja gera eitthvað, en slá vindhögg, verða menn að vera við því búnir að taka afleiðingunum og stíga næstu skrefin þar á eftir.

Ég býst ekki við, að þetta sé sérstakt stórmál, eins og ég lít á þetta frv. Ég kynni betur við fyrir mitt leyti, að samvinnufélögin væru skuldbundin í þessu efni. Það gæti verið óþægilegt fyrir samvinnufélög að verða að borga mikið út, en hins vegar væri það nauðsynleg trygging hag bænda gagnvart sumum kaupfélögum, ef þeim bæri að borga helming skaða. Margt mælir með þessu frv., en alltaf er það athugavert að setja lög án þess að vita vel, hvernig háttar til. Það, sem á einum stað er til réttlætingar, getur á öðrum verið til bölvunar. — Þetta eru hugleiðingar fremur en till., enda mundi eigi þýða að bera till. fram.

Forseti (JJós): Ég vil benda hv. dm. á, að umr. um þetta mál hafa nú staðið fulla klukkustund, en mörg önnur mál bíða afgreiðslu, og ættu hv. þm. að stytta sem mest ræður sínar.

Ingólfur Jónsson: Ég hafði eigi ætlað að taka til máls, en till. frá hv. 1. þm. Árn. gefur mér tilefni til þess. Hún fjallar um meðferð á þeim vörum, sem kaupmenn og kaupfélög taka í umboðssölu og þessir aðilar og viðskiptamenn mega sjálfir ráða verði á. Býst ég við, að mörgum þyki hart, að settar séu reglur, sem heimila að taka vöruna með valdboði og láta segja sér, að svona skuli menn hafa það og ekki öðruvísi, en ekki eins og viðkomendum þykir heppilegast. Hv. þm. A.-Húnv. talaði um, að félagsmenn gætu sjálfir ráðið miklu hér um. Skal það látið ósagt, en félagsmenn kjósa fulltrúa.

Ég tel rétt, að samningsrétturinn sé ekki tekinn af þessum aðilum. Það, sem menn verða að gera sér ljóst, er, að þær vörur, sem oft eru teknar í umboðssölu, liggja oft árum saman, t. d. nú ull, sem er tveggja ára og kannske ekki seljanleg. Ef þeir, sem liggja með slíka vöru, væru skyldaðir til að greiða hana, þá mundi það koma þungt niður á félagsmönnum sjálfum.

Talað hefur verið um, að kaupfélög, rekin í sveitum, ættu að koma á kontant verzlun, og tel ég það rétt þar, sem hægt er að koma því á. Gæti það t. d. verið nauðsynlegt fyrir bændur, sem hafa lausaverzlun og gera upp eftir fyrri hluta árs.

En það er ætlun mín, að ef samningarétturinn yrði tekinn af þessum fyrr nefndu aðilum með lögum, mundi mörgum kotbóndanum þykja þröngt fyrir dyrum.

Páll Zóphóníasson: Ég er sammála hv. þm. um, að mjög æskilegt væri, að hægt væri að tá peninga fyrir vöruna, þegar er hún er tilbúin til sölu.

Hér á landi munu vera 94 peningaverzlanir. Af þessum stöðum, hygg ég, að ekki séu fleiri en 12 þar, sem sparisjóðir eru svo stórir, að þeir hafi aðstöðu til þess að greiða út, t. d. gegn greiðslu síðar á árinu, þegar á þarf að halda.

Þetta, að hafa peningaverzlun, er gersamlega óframkvæmanlegt, Við skulum segja, að maður tæki út peninga fyrir vöru sína. En menn þurfa smám saman á peningum að halda og taka þá einn og einn seðil upp. Þetta gerir það að verkum, að svona fyrirkomulag gæti ekki gengið.

1. gr. frv. er óframkvæmanleg, og verður því ekkert gert með hana, þótt hún verði samþ.

ATKVGR.

Skriflega brtt. frá 1. þm. Árn. við brtt. 491 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GG, HelgJ, IngJ, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, JJós.

nei: EmJ, JakM, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PO, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ.

GTh greiddi ekki atkv.

6 þm. (EOl, FJ, GÞ, GSv, SigfS, BG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16:9 atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 492).

41. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 6. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 110 frá 9. okt. 1941, um Fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 20).

Á 7. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Ég þarf ekki að endurtaka mjög efni þessa frv. Það hefur oft verið flutt hér í hv. d. á síðari árum og einu sinni í hv. Ed. í líku formi. Það hefur jafnan hnigið í þá átt að efla sjóðinn, svo að hann yrði hlutverki sínu betur vaxinn. En þetta mál hefur gengið hægt. Það er fyrst nú, að menn virðast almennt álíta, að nota beri tekjur útgerðarinnar

til þess að tryggja framtíð atvinnurekstrarins, og þetta frv. beinist einmitt í þá átt. Þær breyt., sem einkum hafa verið gerðar á frv. frá því, sem það var, eru einkum þær, að sjóðnum eru ætlaðar miklu meiri tekjur en hann hefur nú. Áformað er, að tekjurnar verði, fyrir utan auknar vaxtatekjur, ⅛% af verði útfluttra sjávarafurða og 1½% útflutningsgjald af sjávarafurðum, er runnið hefur til ríkisins samkv. l. frá 1935. Nú skal þetta gjald renna til sjóðsins, og er þetta að vísu gömul krafa.

Önnur breyt., sem frv. leggur til, er sú, að sjóðurinn starfi eingöngu með eigin fé, en ekki lánsfé, og er það bundið við, að hann lækki útlánsvexti sína ofan í 3%. Það þykir nauðsynlegt að hafa vextina lága. Lánstíminn er fremur stuttur, og afborganir geta orðið nógu erfiðar, þótt háir vextir íþyngi ekki að auki. En vitanlega getur sjóðurinn ekki séð fyrir stofnlánum til allrar útgerðarinnar með þessu fyrirkomulagi, enda hefur svo verið, að fjár til stórframkvæmda hefur verið aflað sem lánsfjár erlendis. En ef sjóðurinn ætti að veita slík stofnlán strax, þá má búast við lántökum. Breytingu í þessa átt mætti þá greiðlega koma fram, ef reynslan sýndi, að sjóðsins yrði leitað vegna slíkra stórframkvæmda.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir nýmæli eða deild, er veiti styrki til vélbátabygginga, og er þá fyrst og fremst miðað við, að nú er byggingarkostnaðurinn 4—6 falt meiri en fyrir stríð. Ef menn byggja skip á þessum tímum, þá er stofnkostnaðurinn það mikill, að menn fá ekki staðizt verðfall og kreppu, nema þeir séu svo auðugir, að þeir geti afskrifað eftir þörfum. En nú er ekki ætlunin, að útvegurinn sé eingöngu rekinn af auðmönnum, heldur af almenningi, og t. d. skipstjórar sem hásetar geti eignazt sín eigin skip smátt og smátt. En eins og nú horfir við, þá stöðvast útgerðin, ef ekki er þegar fundið ráð til að gera bátaeigendum fært að afskrifa þegar nokkuð af stofnkostnaði. Sökum hinna miklu tekna af útveginum, sem í mörgu hefur verið varið til fjarskyldra efna, þá virðist mér nú vel til fallið að tryggja viðgang útvegsins sjálfs með sjóðstofnun, er veiti styrki til bátabygginga. Þetta er þó ekki algert nýmæli. Fyrir fáum árum samþykkti hv. Alþingi fjárveitingu um ½ millj. kr. til bygginga á tveimur togurum. En frá því var þó horfið, en tekið að byggja fiskibáta eftir minni uppástungu. Þetta var rétt fyrir stríð. Fyrir bragðið eiga landsmenn svo nokkra nýja báta, sem þeir annars að líkindum hefðu ekki átt.

Menn eru yfirleitt orðnir fráhverfir styrkveitingum, vegna þess hugsunarháttar, sem þær þykja skapa. En þar ber vel að greina á milli þarfra og óþarfra styrkja. Í þessu máli mun enginn líta svo á, að um þurfamennsku sé að ræða. Styrktarféð á að renna frá sjálfri útgerðinni.

Ég get því ekki ímyndað mér, að menn snúist gegn þessu. Þetta er ekkert annað en það, að útgerðin sjálf leggur fram fé til að tryggja sína eigin framtíð, svo að hægt sé að endurbyggja flotann, og reynslan hefur sýnt, að það er sjórinn, sem verður að gefa mest fjármagnið, og að landið er þá verst statt, ef hann bregzt á einhvern hátt.

Ef menn nú athuga, hve mikið fé liggur í skipum landsmanna sem stendur (það mun ekki minna en 5000 krónur á hverja smálest í skipunum upp til hópa), þá sjá þeir, hve smávægilegt það fé er, sem nú er varið til stofnlána.

Ég hef hér látið fylgja grg. nokkrar tölur um Fiskveiðasjóð. Samkvæmt þeim eru nú eigur hans alls rúmar 4 milljónir króna. Það er þersýnilegt, að ekki er mikið fé handbært til útlána, á meðan meira fé er ekki til í sjóðnum, enda eru nú útlánin ekki meira en 3,3 milljónir króna. Eignir sjóðsins eru þannig til komnar, að ríkið lagði eitt sinn fram 1 millj. króna auk lítils stofnfjár, og svo hefur sjóðurinn einnig fengið um 850 þús. krónur frá skuldaskilasjóði útvegsmanna. Það, sem hann á fram yfir þetta, eru vaxtatekjur. En nú er sjóðurinn orðinn 40 ára, og aukningin er því hægfara, enda hefur það verið svo, að ekki einu sinni hv. þm. hafa hingað til sýnt þeim frv. skilning, sem fram hafa verið borin honum til eflingar. En nú virðist vaxandi skilningur fyrir þessu máli og því tímabært að flytja þetta frv. hér, ef dæma má eftir ummælum í blöðum allra flokka um, að tryggja þurfi framtíð atvinnuveganna.

Að endingu vil ég svo biðja hv. d. að greiða fyrir þessu frv. og vísa því til 2. umr. og sjútvn.

Finnur Jónsson: Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessu frv., en sú mesta efling, sem útvegsmenn gætu fengið, eru hagkvæm lánskjör. Nú er svo komið, að allir flokkar munu styðja eflingu sjóðsins, og mun máli þessu því vel borgið. Byggingarkostnaður skipa er nú orðinn mjög hár, og ekki líklegt, að sú útgerð beri sig, sem endurnýjar skip sín á þessum tímum. Það væri því mjög æskilegt, að þeir, sem geta byggt, gætu fengið til þess styrk og lán með góðum vaxtakjörum.

Í sambandi við fiskimálanefnd var á sínum tíma tekinn upp sá siður að efla skipabyggingar, og hefur það komið að talsverðu gagni. Enda sýndist það ekki óeðlilegt, að sjávarútvegurinn nyti endurbyggingarstyrkja, eins og t. d. landbúnaðurinn jarðræktarstyrks, og komið yrði um leið í veg fyrir, að skip, sem styrkjanna nytu, yrðu spákaupmennskunni að bráð, þannig að verzlað yrði með hinn veitta styrk og tryggt yrði, að ekki væri hægt að braska með styrkinn. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta. Ég fagna því, að þetta frv. er komið fram, og óska þess, að það geti fengið þá afgreiðsu á þessu þingi, sem að mestu gagni mætti verða.

Skúli Guðmundsson: Það er aðallega eitt atriði í þessu frv., sem ég vildi víkja að nokkrum orðum. Þar er lagt til, að 3. gr. laga um Fiskveiðasjóð Íslands falli niður. Í þeirri gr. er heimild til þess að afla sjóðnum fjár með lántöku á þann hátt að gefa út bankavaxtabréf. Minnir mig, að heimild sé til allt að 4 millj. kr. lántöku á þennan hátt. Mér kemur það satt að segja einkennilega fyrir sjónir, að hv. flm. skuli vilja fella niður þessa lántökuheimild. Þessi sjóður átti helzt að fullnægja fjárþörf sjávarútvegsins, og virðist mér þá eðlilegt, að hann afli sér að

einhverju leyti fjár með lántöku. Ég vil í því sambandi benda á, að hliðstæðar stofnanir fyrir landbúnaðinn afla sér fjár að nokkru leyti með sölu á bankavaxtabréfum, en að nokkru leyti leggur ríkið þeim til fé. Mér virðist eðlilegt, að sjóðnum sé lagt til fé frá ríkinu að einhverju leyti, en ég er því algerlega mótfallinn að fella niður þessa lántökuheimild.

Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja að fleiri atriðum í sambandi við þetta frv. Ég vil aðeins benda á það, að útflutningsgjaldið er allverulegur liður í núv. fjárlögum, og fjvn. verður því að haga störfum sínum í samræmi við það, hverja afgreiðslu þetta mál fær.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, vil ég taka það fram, að ég er honum að sjálfsögðu þakklátur fyrir að taka frv. vinsamlega, en hann komst þannig að orði, að tillögur um eflingu fiskveiðasjóðs hefðu komið frá öllum flokkum nema Sjálfstfl., og vill hann gefa í skyn, að með flutningi þessa frv. eigi ég á hættu að verða fyrir óvild ýmissa sjálfstæðismanna. Ég veit ekki, hvenær hann hefur rekið sig á þennan háska. Það er alkunnugt, að sjálfstæðismenn hafa á flestum undanfarandi þingum flutt frv. um eflingu fiskveiðasjóðs, auk þess sem nokkrir þeirra hafa flutt það mál utan þings. Nú er það svo, að sá stuðningur er mest verður, sem kemur fram í verki, en ekki sá, sem kemur fram einungis í blaðagreinum og á fundum og er aðeins borinn fram í þeim tilgangi að veiða kjósendur. Allar slíkar till. eru einskis virði, ef þær koma ekki fram á réttum vettvangi, þannig að þeim verði fullnægt. Það er rétt hjá hv. þm., að þetta frv. er ekki borið fram af Sjálfstfl., en þetta er baráttumál Sjálfstfl., þótt það sé ekki flutt af honum, og af hans hálfu var ekkert haft á móti því, að einstakur maður flytti það.

Ég er hv. þm. Ísaf. þakklátur fyrir það, að hann vildi sýna skilning á þörfinni á eflingu fiskveiðasjóðs, en mér finnst það óþarfi fyrir hann að stofna til þessara orðaskipta hér. Ég hef átt samstarf við hann hér í þinginu um eflingu fiskveiðasjóðs, og frá honum fannst mér vera meiri stuðning að mæta en annars staðar að utan Sjálfstfl. En ef á að vera með brýningar hér, kemur ekki til mála, að ég láti hjá líða að gefa þá áminningu, sem mér þykir við þurfa.

Orðum hv. þm. V.-Húnv. þarf ég engu að svara. Skilyrðið til þess, að vextir af útlánum fiskveiðasjóðs geti verið lágir, er, að sjóðurinn starfi fyrir eigið fé. Ég tel heldur enga þörf á að hafa þessa lántökuheimild, fyrr en sjóðurinn veitir önnur stofnlán en til bátaútvegsins. Ef það kemur fram, að stærstu fiskiskip óska lána úr sjóðnum, mætti hins vegar veita honum heimild til lántöku. Mér virtist sá misskilningur koma fram hjá hv. þm. V.-Húnv. um tekjur sjóðsins, að með því að fella niður lántökuheimildina væri stefnt að því að láta ríkissjóð leggja sjóðnum til fé. Ég veit ekki til þess, að ríkissjóður hafi veitt fiskveiðasjóði annað fé en eina millj. kr., sem ríkisstj. sveikst lengi um að greiða, og það var fyrst núv. fjmrh., sem sá um, að ríkissjóður stæði við skuldbindingar sínar og greiddi féð eftir löng vanskil.

Ein nýbreytni er í frv., sem ég gleymdi að geta um í framsöguræðu, en útgerðarmönnum mun þykja mikilsverð. Hún er sú, að lánin og styrkirnir skuli borguð út í þrennu lagi, eins og tíðkast í lánsstofnunum, sem veita lán til nýbyggingar í þágu landbúnaðarins. Fiskveiðasjóður hefur hins vegar ekki greitt út lánin fyrr en lokið hefur verið smíði skipsins og búið að virða það og vátryggja. Þessi breyting er gerð vegna þess, að oft hefur reynzt erfitt að fá bráðabirgðalán til nauðsynlegra útgjalda, meðan á smíði stendur. Eftir þessa breytingu ætti hins vegar ekki að þurfa neina bráðabirgðalántöku, því að gert er ráð fyrir því, að greiða skuli ⅓ hluta fjárins, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis kominn á staðinn, ⅓ þegar skipið er byrt, þiljur lagðar og vélin komin á staðinn, og loks ⅓, þegar skipið er fullsmíðað og lokið að virða það og vátryggja. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður taki veð í efni skipsins, eftir því sem hann lætur féð af hendi.

Finnur Jónsson: Ég bjóst ekki við því, að aths. minni yrði illa tekið, eftir að allir flokkar voru búnir að lýsa yfir því, að þeir vilji efla fiskveiðasjóð. Þær yfirlýsingar ættu að vera vel þegnar, þar sem ætla má, að þær tryggi málinu greiðan framgang. Ég ætlaði ekki að hleypa hv. 7. þm. Reykv. upp, en ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að hann rifji upp sögu málsins. Annars hefur verið góð samvinna milli okkar í sjútvn., og við höfum jafnan staðið að þeim till., sem lengst hafa gengið. En ég hef séð það á undanfarandi þingum, að hann hefur haft því nær sérstöðu innan síns flokks og sá lofsverði áhugi, sem hann hefur sýnt á þessum málum, hefur ekki verið fyrir hendi hjá ýmsum samflokksmönnum hans hér á þingi. Sjálfstfl. hefur haft það til að syngja nokkurn tvísöng um þetta mál. Ég gæti tekið undir það, að sá stuðningur sé mest verður, sem kemur fram í verkinu, og vil því óska þess, að hv. 7. þm. Reykv. megi fá einlægan stuðning innan Sjálfstfl., en það má hann eiga, að sjálfur hefur hann jafnan haldið fast á þessum málum.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Ég ætla aðeins að taka það fram, að ég held, að ég muni það rétt, að enginn sjálfstæðismaður hafi nokkru sinni greitt atkv. á móti till. um þetta mál.

Skúli Guðmundsson: Ég sé enga ástæðu til þess að fara að deila um þetta mál, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins.

Hv. flm. sagði, að ríkissjóður hefði ekki lagt fiskveiðasjóði til annað fé en þessa umræddu einu millj. kr. Þetta er ekki rétt. Fiskveiðasjóði voru afhentar eignir Skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, og nam sú fjárhæð 850 þús. kr. Þetta fé er raunverulega frá ríkinu, því að ríkissjóður stofnaði skuldaskilasjóð, en afhenti fiskveiðasjóði síðar eignir hans.

Þá er ég einnig ósammála hv. flm. um það, að fiskveiðasjóður geti ekki veitt nægilega hagkvæm

lán, nema hann starfi með eigin fé einungis. Vextir af bankavaxtabréfum eru nú svo lágir, að það ætti að vera auðvelt fyrir sjóðinn að lána út með góðum kjörum, þótt helmingur rekstrarfjár hans væri lánsfé. Ég tel það ekki kleift fyrir ríkissjóð að koma upp nægilega stórum sjóði, nema fjárins sé að einhverju leyti aflað með lánum, en hinsvegar tel ég eðlilegt, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé, sem ekki þurfi að endurgreiða, til þess að sjóðurinn geti lánað út með lægri vöxtum. Þessi skoðun vildi ég að kæmi fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 164).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að aðeins liggur fyrir nál. meiri hl., en álit minni hl. er ekki komið úr prentun, og vil ég mælast til, að málið verði ekki tekið fyrir, fyrr en það er komið.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Út af orðum hv. þm. N.-Þ. vil ég taka það fram, að það er næstum óeðlilega langur tími, sem í þetta mál fer. Ég held, að af því að liðnir eru 2 mán. síðan þing var sett, en þetta mál kom fram í byrjun þings, sé varla fært að fresta því, enda geta þm. komið með aths. við 3. umr.

Gísli Guðmundsson: Það er rétt, að málið er búið að vera nokkuð lengi á döfinni, en það er ekki langt síðan umsagnir, sem n. hafði beðið um, bárust henni. Áliti meiri hl. n. var ekki útbýtt fyrr en í gær, og minnihl.álitið er í prenti. Mér finnst því eðlilegt, að málið sé ekki tekið til umr., fyrr en bæði nál. liggja fyrir. Ég vil því óska, að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti (JJós): Að því athuguðu, að hv. þm. N.-Þ. hefur skilað áliti til prentunar, svo og því, að málið yrði hvort eð er að sæta afbrigðum, tek ég það ekki fyrir nú, heldur á næsta fundi, í því trausti, að þá verði nál. minni hl. komið fram.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 13. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 20, n. 164 og 183).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Það er nokkuð langt síðan þetta mál fór til n. N. hefur gert sér far um að vanda afgreiðslu þess og kynna sér undirtektir þeirra, sem hlut eiga að máli, um breyt. þær, sem frv. gerir ráð fyrir. N. sendi málið til umsagnar sjóðastj. sjálfri, sem sjálfsagt var, enn fremur stjórn Fiskifélags Íslands, Fiskimálan. og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

N. hafa borizt bréf frá öllum þessum aðilum, og má segja, að undirtektirnar séu hvetjandi til þess, að frv. verði samþ., en ýmislegt er þó tekið fram í þessum álitum um breyt., sem æskilegar þykja, og skal ég leyfa mér að minnast á þau atriði, hvert út af fyrir sig. Álitsgerðirnar eru hins vegar svo langar, að ég vil ekki lesa þær upp í heild, það mundi taka of langan tíma og tefja afgreiðslu málsins að óþörfu.

Ég kem þá fyrst með álit stjórnar sjóðsins. Hún segir, að hún telji frv. mjög mikla endurbót, ef að l. verði, og vill eindregið mæla með lögfestingu þess ákvæðis, að sjóðurinn fái þann hluta útflutningsgjalds, sem nú rennur í ríkissjóð, og telur, að á þann hátt verði mjög sómasamlega séð fyrir lánsþörf sjóðsins.

Stjórnir sjómanna- og farmannasambands Íslands og Fiskifélagsins mæla með því, að lántökuheimild sú, sem nú er í l., sé látin standa. Þessar óskir hefur n. tekið til greina.

Þá segir stjórn fiskveiðasjóðs, að hún hafi ekki orðið vör við nokkra óánægju með vaxtakjör, en í frv. er gert ráð fyrir, að vextir séu lækkaðir. En það er ekki von, að stjórnin hafi orðið vör við óánægju, það er skammt síðan vextir voru lækkaðir, og menn hafa orðið þeirri lækkun fegnir og þá ekki verið með umkvartanir um vaxtakjörin, þegar búið var að breyta þeim. En ég gerði nægilega grein fyrir því við 1. umr., að vextir mættu vera lægri en þeir eru, ef sjóðurinn starfaði með eigin fé.

Stjórn sjóðsins segir ekki nema gott um það að veita byggingarstyrki, eins og nú er háttað byggingarkostnaði, en álítur, að það mundi vera hægt að ná sama árangri með því að veita áhættulán út á 2. og 3. veðrétt, en engan styrk.

Ég segi fyrir mig, að ég álít, að slík áhættulán mundu á engan hátt geta komið í staðinn fyrir styrkveitingar. Styrkveitingar eru ætlaðar til að jafna óeðlilegt verðlag og fyrir efnalitla menn, sem þurfa að byggja. En áhættulán með háum vaxtakjörum eru ekki fyrir efnalitla menn.

Stjórn sjóðsins hefur tekið fram, að hún vilji aðeins bera fram eina ósk, sem sé, að ákvæðin um lánsheimild handa sjóðnum standi.

Fiskifélagið sendir stutta álitsgerð og lýkur lofsorði á frv. í heild, en leggur til, að úthlutun styrkja samkv. 6. gr. sé falin Fiskifélaginu. Hún telur ekki eðlilegt, að lánveitandi sjálfur greiði styrkinn.

Þá skal ég víkja að því, sem fiskimálan. segir. Hún lýkur lofsorði á frv. í heild, en finnst eðlilegt, að fiskimálan., sem hefur úthlutað styrkjum, geri það einnig framvegis.

Fiskifélag Íslands gerir eina aðra brtt. þess efnis, að útflutningsgjald fyrir s. l. 2 ár, þ. e. 1941—1942, verði greitt til fiskiveiðasjóðs. Þetta gat n. ekki fallizt á að taka upp, bæði vegna þess að sjálf sjóðsstjórnin telur, að sómasamlega sé séð fyrir sjóðsútgjöldum á þessum tíma, og svo mun það vera álit nm., að það sé þegar búið að ráðstafa svo miklu af tekjum úr ríkissjóði, að hæpið sé, að hægt yrði að mæta þessari kröfu, þótt ekki sé hægt að segja, að hún sé ósanngjörn.

Þá er álit Farmanna- og fiskimannasambands-

ins. Það kemur fram með till. um nýtt frv. Þar er farið fram á, að auk útflutningsgjalds fái sjóðurinn ½% þannig, að útflutningsgjaldið yrði meira en Ennfremur, að sjóðnum séu greiddar beint úr ríkissjóði 3 millj. kr. á ári, þangað til hann er orðinn 25 millj. króna. Þá er líka lagt til að hækka rúmlestatölu skipa, sem ættu að njóta styrksins. Svo koma fleiri till., sem n. þóttu ekki til bóta, eins og það, ef afborganir og vextir eru ekki greiddir nákvæmlega á réttum tíma, þá sé lagt á 1% í dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð, sem náttúrlega er alveg óþekkt fyrirbrigði hjá okkur að leggja slíkar byrðar á atvinnuveg, sem gengur jafnstopult og sjávarútvegurinn. Þar við bætist, að afborganir og vextir séu ekki greiddir innan 6 mán., þá sé láninu sagt upp og gengið að fyrirtækinu.

Þetta teljum við ekki samrýmast þeim skilyrðum, sem útgerðin á við að búa í misjöfnu árferði.

Auk þess, sem þegar er getið, hefur n. borizt bréf frá Vestmannaeyjum, þar sem óskað er eftir, að lögfest verði að veita byggingarstyrki. Slíkar áskoranir hafa nm. borizt nokkuð víða að á einn eða annan hátt.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að brtt. frá meiri hl. sjútvn. á þskj. 164. N. hefur fallizt á að verða við þeim óskum, sem fram hafa komið um að fella niður 2. gr. frv., en það er till. um að fella niður lántökuheimild sjóðsins.

Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni, hvers vegna ég legði til, að lántökuheimildin yrði niður felld, og þarf ég ekki að endurtaka það. Ég skal þó í þessu sambandi aðeins geta þess, að það er vani, þegar ríkissjóður eða hið opinbera þurfa að taka lán, þá koma þeir og óska eftir lántökuheimild, þegar lántökuþörf skapast. Hins vegar er hér gert ráð fyrir lántökuheimild, án þess að lántökuþörf sé fyrir hendi. Það eru engar líkur til, að sjóðnum yrði neitað um lántökuheimild, ef þörf hans ykist svo, að hann þyrfti á auknu fé að halda. Samt sá ég ekki ástæðu til að setja mig upp á móti þessari ráðstöfun, þar sem þeir, er hlut eiga að máli, virðast yfir höfuð vilja, að lántökuheimildin haldist. En að taka lán með háum vaxtakjörum — og koma því svo ekki út — er dýr ráðstöfun, en í trausti þess, að stj. sjóðsins verði svo forsjál, að hún fari ekki illa með lántökuheimildina, gátum við fallizt á að verða við þessum tilmælum og leggjum því til, að það standi þá áfram, að sjóðnum sé heimilað að taka 4 millj. kr. lán.

Í öðru lagi leggur n. til, að bæta við 3. gr. l., sem fjallar um það, til hverra hluta skal veita styrki. En þarna ætti að bætast við nýr liður, e-liður, um, að styrkurinn nái til dráttarbrauta. Þetta er náttúrlega ákaflega nákomið útgerðinni og aðeins gleymska, að það var ekki með frá upphafi. Af þessu leiðir einnig, að breyta verður 4. till. í nál., en hún mælir fyrir um það, eftir hvaða mælikvarða styrkir skuli veittir til mismunandi hluta, og þarf þá að bæta þar við dráttarbrautum.

Aðalbreytingin, sem n. leggur til, að gerð verði á frv., er við 6. gr., einkum við síðari mgr. a-liðar, en hún fjallar um, eftir hvaða reglum styrkir skuli veittir. Ég geri ráð fyrir, að þm. hafi lesið nál. og skal því aðeins geta um hina efnislegu breyt. án þess að lesa upp úr álitinu. Með breyt. er fyrst og fremst sett hámark um styrki. Mega þeir nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði, en þó ekki yfir 75 þús. á skip. Þetta þótti n. nauðsynlegt að taka fram, vegna þess að menn eru farnir að byggja svo stór skip nú, að vel gæti verið, ef ekki væri sett ákveðið hámark um styrkveitingar, en aðeins miðað við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar, að styrkurinn gæti numið ¼ millj. kr. eða meira.

Þá hefur n. sett inn nokkur atriði um það, til hvers eigi að taka tillit við veitingu styrkja, t. d. hvort umsækjandi hefur útgerð að aðalatvinnuvegi. Það virðist sjálfsagt, að ef ekki er hægt að fullnægja öllum styrkbeiðnum, þá sitji þeir fyrir, sem hafa aðallífsframfæri sitt af útgerðinni, áður en þeir, sem stunda hana sem „spekulation", koma til greina.

Þá er einnig tekið fram, að við ákvörðun fjárhæðarinnar sé tekið tillit til efnahags umsækjanda og í hve mikilli dýrtíð er byggt. Það er gert ráð fyrir, að styrkir verði aðallega veittir, á meðan byggingarkostnaður er svo gífurlegur sem hann nú er, en fjari út, er dýrtíðin lækkar. Það mætti jafnvel taka svo til orða, að þegar verðlagsvísitalan væri komin ofan í visst mark, þá yrðu styrkir ekki veittir, en það þótti ekki þurfa að fara svo nákvæmlega í sakirnar, og lét n. þetta nægja.

Svo hefur n. bætt við, að sett sé reglugerð um styrkveitingar og þar sé lögð refsing m. a. við því að brjóta þau skilyrði, sem um styrkveitingar verða sett í l. og reglum.

Eins og áður er getið, þá eru tveir aðilar, sem telja heppilegt, að þeir hafi með úthlutun styrkja að gera. Við treystum þeim báðum til að úthluta styrkjunum, en það hefur orðið ofan á að láta það haldast óbreytt eins og það er í frv., að stjórn sjóðsins geri það. Það, sem upphaflega vakti fyrir mér sem flm. frv., var, að stjórn fiskveiðasjóðs hefði bezta aðstöðu til að afla sér allra upplýsinga, sem nauðsynlegt væri að hafa, og mundi því standa bezt að vígi með að geta úthlutað styrkjunum skynsamlega. En það er alls ekki þannig, að við vefengjum, að aðrir áður nefndir aðilar séu færir um að gera það og mundu gera það eftir beztu samvizku.

Af því það hefur orðið nokkuð mikið umtal um þessa styrki, þá þótti rétt að afla upplýsinga um nýbyggingar skipa s. l. 2 ár, einkanlega til að ganga úr skugga um, hvort einhver stífla væri í nýbyggingum og hvort hár byggingarkostnaður mundi ekki stöðva byggingarframkvæmdir og leiða til þess, að fiskiflotinn drægist saman og skipakosturinn kynni að ganga til þurrðar. Það er vitanlegt, að mörg skip farast á hverju ári, og auk þess gengur alltaf úr nokkur hluti skipastólsins fyrir aldurs sakir.

Á því ári var byrjað á smíðum 10 báta, sem voru allir smáir, eða samtals 219 smálestir, og enginn var fullgerður á því ári. Ef maður nú athugar, hversu mikið þessir bátar hefðu kostað, þá lætur nærri, að það hefði orðið um 8 þús. kr. á smálestina, og styrkurinn hefði því orðið í kringum 438 þús. kr. alls á þessar 219 smálestir, og það getur ekki talizt mikið fé. Þessum bátum var lokið árið 1942, en það ár var svo aftur hafin

smíði 12 báta, er samtals voru 814 smálestir. Mikið af þessari smíði hefur nú stöðvazt, og mér er kunnugt um, að sumir bátarnir verða eigi fullgerðir nema hjálp berist. Sem sagt, það er mjög hætt við, að hið háa verðlag nú muni stöðva viðhald flotans, því að það er ofvaxið einstökum mönnum að láta smíða skip sökum dýrleika, og er þeim því nauðugur sá kostur að bíða, þar til verðfallið kemur að stríðinu loknu. Við þessari hættu er nauðsynlegt, að löggjafarvaldið sjái í tíma, en það verður aðeins gert með því að veita styrki til smíða á skipum og bátum.

Það má segja, að n. hafi verið sammála um frv. að undanskildum einum hv. þm., sem varð viðskila við okkur hina. Hann hefur skrifað nál., sem ég mun ekki fara út í að svo stöddu, en bíða þar til hann hefur túlkað mál sitt. Ég vil að lokum fela málið afgreiðslu hv. d. og vona, að hún flýti því sem mest, svo að það komist til hv. Ed. hið fyrsta.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. — Það mun mega telja rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að í n. hafi verið gott samkomulag um aðalatriði þessa frv. Eigi að síður kom n. þó ekki saman um afgreiðslu þess héðan úr hv. d. Ég vil nú gera grein fyrir, hvernig á því stendur, að n. klofnaði um mál þetta og ég er nú í minni hluta. Álit minni hl. er birt á þskj. 183, og var því útbýtt á þessum fundi. Ég geri því ekki ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér það rækilega, og vil þess vegna rifja upp það, sem í nál. stendur, með nokkrum orðum.

Frv. þetta er um breyt. á l. nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands. Þar er aðallega um fjórar breyt. að ræða.

Í fyrsta lagi er lagt til, að útflutningsgjald það af sjávarafurðum, sem nú rennur í ríkissjóð, renni framvegis í fiskveiðasjóð. Þetta tel ég skipta mestu af þeim nýmælum, sem í frv. felast. Það er næsta mikilsvert fyrir sjávarútvegsinn að fá þennan tekjustofn í sínar hendur. Það hefur oft komið til greina hér á hv. Alþ. að gera þessa breyt., en hefur hingað til strandað á því, að ekki hefur verið talið fært að svipta ríkissjóð þessum tekjustofni. Nú er nokkuð öðru máli að gegna, og er það því álit mitt, að þessa breyt. eigi að gera nú, því að efamál er, hvort betra tækifæri gefist síðar. Annað aðalatriði frv. er, að lántökuheimild fiskveiðasjóðs, sem nemur allt að 4 millj. kr., falli niður. Þriðja atriðið er um að lækka útlánsvexti sjóðsins úr 4½% niður í 3%. Fjórða atriðið er um, á hvern hátt verja skuli hluta af útflutningsgjaldi fiskveiðasjóðs, og gerir frv. ráð fyrir, að þriðjungi þess fjár auk 2 millj. kr. sérstaks framlags úr ríkissjóði sé varið til að veita styrki til skipakaupa og skipabygginga allt að ¼ hluta kostnaðarverðs. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir, að stj. fiskveiðasjóðs, sem er nú stj. Útvegsbanka Íslands, úthluti styrkjunum.

Auk áðurgreindra fjögurra aðalatriða eru í frv. nokkur minni ákvæði, og eru þau helzt, að lán megi greiða í þrennu lagi, meðan á byggingu skips stendur, og að eingöngu 1. veðréttar lán séu heimil úr sjóðnum.

Ég vil minna á, að síðast var l. um fiskveiðasjóð breytt á Alþ. 1941, eða fyrir aðeins 1½ ári síðan. Aðalbreyt. þá voru í því fólgnar, að sjóðnum var fenginn í hendur ¼ hluta af útflutningsgjaldi ríkissjóðs, lántökuheimild hans var hækkuð upp í 4 millj. kr. úr 1½ millj., og er það öfugt við það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þar eð lántökuheimildin á samkvæmt því að falla niður. Enn fremur var árið 1941 lánstíminn lengdur úr 12 upp í 15 ár og útlánsvextir lækkaðir úr 5½% niður í 4½%, og þar með færðir í samræmi við vexti af landbúnaðarlánum, sem eru nú 4—5%.

Ég hef nú í stærstu dráttum rifjað upp þetta frv., sem hér er til umr., og enn fremur, hvenær síðast voru gerðar breyt. á l. og hverjar þær voru.

Ég kem þá að því, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á, þ. e. að sjútvn. hafi ákveðið að leita álits sérfróðra manna um frv. Frumvarpið var sent fimm aðilum til umsagnar, og eru þeir: fiskveiðasjóður, Fiskifélag Íslands, fiskimálan., Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Landssamband útgerðarmanna. Hv. frsm. láðist nú að geta þess, að fimmta aðilanum hefði verið sent frv. til umsagnar, en sú vansögn meiri hl. mun e. t. v. stafa af því, að ekkert svar hefur enn þá borizt frá þeim aðila. E. t. v. mætti draga þá ályktun af því, að þeim aðila þætti lítið til koma nýmæla þeirra, sem í frv. eru, en þó skal ég ekkert fullyrða, að það sé af þeirri ástæðu, sem ekkert svar hefur borizt. Frá fjórum þessara stofnana, fiskveiðasjóði, Fiskifélaginu, fiskimálanefnd og Farmanna- og fiskimannasambandinu, hafa borizt svör til n., og hv. frsm. meiri hl. hefur rakið þessar umsagnir allýtarlega. Ég vil segja það um þessar umsagnir hinna fjögurra aðila, að mér virðist, þegar þær eru athugaðar gaumgæfilega, að það sé eitt atriði, sem þessar fjórar stofnanir séu sammála um, að stefni til bóta, og það er, að fiskveiðasjóður fái umráð yfir útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. En þegar þessu er sleppt, þá virðist mér stofnanirnar ekki vera hlynntar frv., því að yfirleitt er svo, að hin ákvæði frv. sæta ýmist mótmælum einnar eða fleiri þessara stofnana og stundum allra. — Allar eru þær mótfallnar því að fella niður lántökuheimild sjóðsins, og ein stofnunin vill hækka hana, enda hefur meiri hl. lagt til, að sú gr. frv., sem um þetta fjallar, verði felld niður, en það er 2. gr. Viðvíkjandi vaxtahækkuninni telur stjórn fiskveiðasjóðs eigi ástæðu til, að sú breyt. verði gerð, hún telur hækkunina, sem gerð var árið 1941, nægilega, og mér hefur skilizt, að eigi hafi borizt neinar umkvartanir um of háa vexti frá viðskiptamönnum sjóðsins. Hins vegar eru hinir þrír aðilarnir hlynntir þessari breyt. Mér fyrir mitt leyti finnst eðlilegast, að útlánsvextirnir séu ákveðnir með hliðsjón af vöxtum svipaðra tegunda lána hér á landi, enda getur það verið mjög erfitt fyrir Alþ. að vera sí og æ að breyta þessum ákvæðum án þess að taka önnur lánakerfi landsins til meðferðar. Þetta mun hafa vakað fyrir stj. fiskveiðasjóðs ásamt því, að eigi hafi neinar kvartanir borizt henni um of háa vexti.

Þá mun ég víkja nokkrum orðum að styrkjunum. Sá háttur tíðkaðist fyrir stríð að veita styrki til byggingar fiskibáta. Styrkúthlutun þessi náði til allmargra fiskibáta. Síðar, þegar hagur útgerðarinnar batnaði, féll þessi starfsemi niður.

Nú gerir frv. ráð fyrir, að þetta sé tekið upp á ný og sett í samband við fiskveiðasjóð. Umsagnir áðurnefndra stofnana um þetta atriði eru yfirleitt á móti því, að lánstofnun úthlutaði styrkjum. Stj. fiskveiðasjóðs og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands leggja eigi áherzlu á, að styrkjaleiðin sé farin.

Farmanna- og fiskimannasambandið virðist hafa tekið þetta mál ýtarlega til athugunar og gerir margar till. um það. Það leggur áherzlu á, að þeir, sem byggja skipin, eigi kost á lánum út á 2. og 3. veðrétt. Það virðist leggja áherzlu á, að þeir, sem byggja skipin, geti fengið sem mest fé upp í stofnkostnað, þó að þeir verði að taka það að láni. Þeirra hugmynd er, að 1. veðréttar lánin séu með lágum vöxtum og góðum kjörum, en svo sé líka hægt fyrir fiskveiðasjóð að lána út á síðari veðréttina, svo að upphæðin, sem samtals sé hægt að fá, geti orðið talsvert há, en leggja minna upp úr, þó að vextir séu hærri af þessum 2. og 3. veðréttar lánum, áhættulánum, sem þeir kalla svo. Það er sammála öðrum um, að úthlutun styrkja, ef þeir eru greiddir, eigi ekki að vera í höndum þeirrar stofnunar, sem annast lánin, og telur, að hún eigi að vera í höndum fiskimálanefndar.

Um minni háttar atriði, sem ég nefndi áðan, er sama að segja, að þau fá ekki alls kostar góðar undirtektir. Stjórn fiskveiðasjóðs virðist því andvíg, að lánin séu borguð í þrennu lagi, en vill fá að veita bráðabirgðalán, meðan skip eru í byggingu. Ég gat um það áðan, að Farmanna- og fiskimannasambandið hefði gert mjög ýtarlegar till. um þetta mál, einna ýtarlegastar af þessum aðilum. Hefur það gert fleiri till., sem standa í nánu sambandi við þetta mál. T. d. stingur það upp á því að koma á sérstakri tryggingu fyrir sjóveðshættu, svo að skipin verði veðhæfari en ella. Það hefur beint því til sjútvn., að settar verði tvær n., sem sérstaklega athugi tvö atriði: hvaða stærð og tegund fiskiskipa sé hentugust hér við land og hvaða tegundir mótorvéla séu hentugastar. Farmanna- og fiskimannasambandið beinir því til sjútvn., að hún gangist fyrir, að tvær n. séu settar til að athuga þessi mál, og séu í annarri n. vélfræðingar. Mér virðist þessi till. vera mjög í samræmi við till., sem fram hefur komið á Alþingi um mþn. í sjávarútvegsmálum.

Ég hef þá rakið þessar umsagnir, sem n. hafa borizt. Út úr þeim les ég þetta, og það virðist mér hver maður hljóta að gera, sem les þær nákvæmlega, að þar er talið mjög æskilegt, ef hægt er, að útflutningsgjaldið fengist úr ríkissjóði sem fastur tekjustofn til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins. Um hin atriðin er yfirleitt ágreiningur, sums staðar mikill ágreiningur. Um sum atriðin, t. d. hver eigi að úthluta þessum styrkjum, er það svo, að allir, sem þar hafa verið spurðir ráða, leggja á móti, að það sé eins og í frv. Niðurstaða mín við lestur þessara umsagna og eftir nána athugun á málinu er því sú, að að svo stöddu beri, með hagsmuni sjávarútvegsins fyrir augum, að leggja áherzlu á, að þessi tekjustofn fáist sjávarútveginum til handa, en hin atriðin séu öll þannig vaxin, að rétt sé, að þau fái nánari athugun, a. m. k. til næsta Alþingis, sem nú mun skammt að bíða. Það verður að reyna að sameina þau sjónarmið, sem fram hafa komið í þeim stofnunum, sem þessu máli eru kunnugastar og hafa gefið n. upplýsingar sínar og ráð. Ég gæti trúað, að til þess að hægt væri að koma styrktarstarfseminni á, yrði að gera ýmsar breyt. á málum sjávarútvegsins, sem er ekki hægt að gera nema að undangenginni vinnu mþn., og þess vegna sé það beint skilyrði til þess, að þessu máli verði ráðið farsællega til lykta, að slík athugun fari fram í mþn.

Ég hef þess vegna lagt til í n., að n. beiti sér fyrir þeirri afgreiðslu, að ríkissjóður gefi nú þegar eftir þennan tekjustofn, útflutningsgjaldið. Mér virtist eðlilegast, að það væri gert á þann hátt, að borið væri fram sérstakt frv. um þetta atriði út af fyrir sig, — það þarf ekki að koma við l. um fiskveiðasjóð og óþarft að blanda því þar inn í, — og hins vegar, að n. stytti þá till., sem fram hefur komið um skipun mþn. í sjávarútvegsmálum, og að því lýtur sú rökstudda dagskrá, sem minni hl. n. hefur leyft sér að bera fram á þskj. 183. Í samræmi við þessa afstöðu hefur minni hl. einnig borið fram frv. til l. um nýbyggingarsjóð fiskiskipa. Það liggur hér fyrir, er 102. mál, á þskj. 165, og er 9. mál á dagskrá í dag. Ég ætla auðvitað ekki að ræða það mál sérstaklega nú, en af því að ekki virðist komizt hjá því í sambandi við þá afgreiðslu, sem minni hl. leggur til, að höfð verði, vil ég geta þessa frv. lauslega. Þar er lagt til, að útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nú rennur í ríkissjóð, verði frá 1. jan. 1943 tekið til geymslu í svokallaðan nýbyggingarsjóð fiskiskipa, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði stofnaður undir umsjón ríkisstj. Minni hl. hefur svo hugsað sér þá meðferð málsins, að mþn. í sjávarútvegsmálum tæki til athugunar í samráði við ýmsar stofnanir þau atriði önnur en fjáröflunina, sem í frv. því felast, sem hér liggur fyrir. Þegar því væri lokið og n. hefði gert till. sínar, sem ég vil vænta, að geti orðið þegar á næsta þingi, þá verði teknar nánari ákvarðanir um það, hvernig nýbyggingarsjóði yrði varið. Út í það fer ég ekki frekar nú, en geri það í sambandi við frv. sjálft, þegar það kemur hér til umr.

Ég skal, áður en ég lýk máli mínu, minnast á þær brtt., sem meiri hl. sjútvn. hefur borið fram á þskj. 164. Ég get sagt það, að ef Alþingi á annað borð vill afgr. þetta frv. nú þegar, að verulegu levti ofan í ráðleggingar þeirra stofnana flestra, sem sérþekkingu hafa á málefnum sjávarútvegsins, þá mundi ég telja þessar till., sem fyrir liggja á þessu þskj., heldur til bóta. Svo er að segja um fyrstu brtt. Ég tel hana ótvírætt til mikilla bóta. Eins er með brtt. við 2. og 3. gr. Ég tel rétt, að lánveitingarheimild til dráttarbrauta sé innan þeirra takmarka, sem reglur um sjóðinn setja. Um 4. brtt. vil ég segja það, að mig furðar nokkuð á því, fyrst meiri hl. fór að reyna að búa til lagaákvæði um þetta efni, að hann skyldi ekki gera tilraun til að hafa þau nokkru ákveðnari. Þessi 4. liður í brtt. n. er breyt. við 6. gr. frv., en hún er um styrkveitingar til fiskiskipa. Hv. frsm. meiri hl. gerði nokkra grein fyrir þessari breyt., m. a. því, að binda hámark styrksins við 75000 kr. En auk þess virðist meiri hl. hafa hugsað sér með þessu ákvæði að koma í veg fyrir, að

styrkurinn fari til óverðugra. Hann vill tryggja, að styrkurinn renni til að byggja fiskiskip fyrir menn, sem lifa á að stunda fiskiveiðar. Ég geri að vísu ráð fyrir, að takast mætti að setja ákvæði þessu til tryggingar, þó að meiri hl. virðist ekki hafa tekizt það. Og vera má, að hv. 6. landsk., *sem hefur hér nokkurn fyrirvara og áskilur sér rétt til* að flytja brtt., hafi verið ljóst, að þessi ákvæði, sem í brtt. felast, mundu ekki vera sérstaklega þýðingarmikil. Meiri hl. n. gerir ráð fyrir, að stj. setji reglugerð um þessar styrkveitingar og í reglugerðinni skuli vera ákvæði til tryggingar því, að styrkirnir verði ekki misnotaðir með því að verzla með þá eða á annan hátt. Einnig er þar ákvæði um, að við úthlutun styrksins skuli taka tillit til þess, hvort umsækjandi hafi áður stundað sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Það er ekkert tekið fram um, að hann þurfi að hafa stundað sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf um það leyti, sem hann hóf að byggja skipið, heldur aðeins að hann hafi stundað hana einhvern tíma áður, og er ekki mikil stoð í slíku ákvæði. Svipað er að segja um fyrirmælin um, að í reglugerðinni skuli vera ákvæði til tryggingar því, að styrkirnir verði ekki misnotaðir með því að verzla með þá eða á annan hátt. Þetta eru svo ónákvæm fyrirmæli sem verða má, ef á annað borð eru sett fyrirmæli. Annars virðist mér, að fyrir meiri hl. n. hafi hér vakað eitthvað svipað og þeim, sem gengust fyrir, að hin svokallaða 17. gr. var sett inn í jarðræktarl., því að með henni átti að koma í veg fyrir, að verzlað væri með jarðræktarstyrkinn. Ég hafði talið sjálfsagt, að þessi ákvæði yrðu fyrst og fremst sett í l. sem leiðbeining fyrir reglugerð á sínum tíma. En allt um það sýnir þessi till. meiri hl. viðleitni í rétta átt og að meiri hl. hefur gert sér ljóst, að tryggja þarf, að styrkurinn verði ekki seldur, og því mundi ég telja rétt að samþ. þessa till., ef frv. á annað borð væri samþ. En þó væri mjög æskilegt að sjá framan í þau róttækari úrræði, sem hv. 6. landsk. virðist hafa hugsað sér til að tryggja, að styrkurinn verði ekki seldur.

Niðurstaða mín verður því þessi, og skal ég ljúka máli mínu með því, að rétt sé að afgr. frv. með þeirri rökst. dagskrá, sem ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 183 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að Alþingi samþykki frv. til l. um nýbyggingarsjóð fiskiskipa og till. til þál. um mþn. í sjávarútvegsmálum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Hins vegar vil ég mæla með því mjög ákveðið og mun gera það síðar í sambandi við frv. til l. um nýbyggingarsjóð fiskiskipa, að nú verði gerð alvara úr því, að sjávarútveginum verði afhent útflutningsgjaldið af sjávarafurðum til sameiginlegra þarfa hans og þá sérstaklega til nýbyggingar fiskiskipa.

Finnur Jónsson: Það er mjög ánægjulegt að heyra hv. þm. N.-Þ. lýsa yfir því, að nú sé réttur tími til þess að afhenda sjávarútveginum útflutningsgjald af sjávarafurðum til þess að byggja upp fiskiflotann. Mér þykir vænt um, að hv. þm. N.-Þ. er nú kominn á þessa skoðun, en að öðru leyti þótti mér ekki vænt um, hvernig hann á ýmsan hátt afflutti það frv., sem hér er til umr., og gekk jafnvel svo langt, að hann gaf rangar skýringar á þeim umsögnum, sem um frv. hafa komið frá ýmsum stofnunum, sem sjávarútveginn varða. Hann sagði m. a., að umsagnirnar *væru á móti því, að styrkveitingar ættu sér* stað til bátabygginga. (GG: Ég sagði, að stofnanirnar legðu meiri áherzlu á aðra aðferð). Nú segir t. d. fiskimálanefnd, að hún telji sig samþykka frv. í heild. Það eina, sem hún telur sig hafa við frv. að athuga, er það, að hún telur réttara, að hún úthluti styrknum en stjórn fiskveiðasjóðs. Farmanna- og fiskimannasambandið er sömu skoðunar, en þar sem það leggur til, að úthlutunin sé í höndum fiskimálanefndar, en ekki fiskveiðasjóðs, verð ég að telja það meðmæli með því, að slíkur styrkur sé veittur. Fiskifélag Íslands mælir á engan hátt á móti styrk, en leggur aðeins til, að Fiskifélagið, að því er mér skilst, hafi styrkveitingarnar með höndum. Stjórn Fiskveiðasjóðsins sjálf segir, að ekki sé nema gott eitt um það að segja, að bátabyggingar séu styrktar, og ítrekar það á þann hátt, að þeir segja, að sjóðsstj. telji fulla ástæðu til þess, eins og nú sé háttað um byggingarkostnað. Ég fæ ekki skilið, hvernig hv. þm. N.-Þ. getur kallað, að þessir aðilar séu á móti því, að styrkur sé veittur til bátabygginga, þar sem þeir leggja áherzlu á slíkar styrkveitingar. Hv. þm. leggur mikið upp úr umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins. Sú umsögn er á margan hátt merkileg, en hún gengur lengst í að óska eftir tekjum handa sjóðnum. Það leggur til, að allt útflutningsgjaldið, líka það, sem nú fer í fiskimálasjóð, *fari til fiskveiðasjóðs og ríkissjóður leggi* fiskveiðasjóði 3 millj. kr. á ári auk þess, þangað til sjóðurinn er orðinn 25 millj. kr. Þar sem hann leggur mest upp úr umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins, þá hefði hann átt að taka upp þessa tillögu þess og sjá, hvaða undirtektir hún hefði fengið. En þó að ég bendi á þennan lið í umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins sem eftirtektarverðan, þá eru nokkrir aðrir liðir þar, sem eru ekki eins vel uppbyggðir, eins og t. d. sú till., að ef afborganir og vextir eru ekki greiddir á réttum degi, sem oft hefur dregizt og þarf ekki óskilamenn til, þá sé heimilt að reikna 1% dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst, svo að dráttarvextir yrðu 24% fyrir þá, sem ekki gætu staðið í skilum í eitt ár. Ég tel ekki líkur til, að slíkar till. fái góðar viðtökur útvegsmanna. Það má segja, að allt þetta séu meðmæli með því, að tekjur fiskveiðasjóðs séu auknar eins og stungið er upp á í frv. Það er því mjög villandi, er hv. frsm. minni hl. telur, að stofnanir þær, er hann nefndi, séu yfirleitt á móti þessu frv., enda er það svo, að eins og Alþ. hefur búið að lánsstofnunum *handa sjávarútveginum*, er ekki sjáanlegt, að ætlazt hafi verið til þess, að þjóðin héldi áfram að lifa á fiskveiðum. Fyrir nokkru var sett á fót sérstök lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, Búnaðarbankinn. Reyndar má segja, að Útvegsbankinn *sé tilsvarandi lánsstofnun fyrir útveginn*, en honum er þó í raun og veru ætlað annað hlutverk og er engan veginn hliðstæður Búnaðar-

bankanum í þessu efni. Útveginum hefur því verið gert mun lægra undir höfði en landbúnaðinum. Fiskveiðasjóðurinn hefur vaxið mjög hægt, og það er engan veginn hægt að segja, að þetta frv. mundi hafa byltingu í för með sér að þessu leyti, þó að það næði samþ. Það tók sjóðinn 10 ár, 1930 — 1940, að vaxa um eina millj. kr. Af hálfu Alþ. var ekki betur að honum búið en svo. Loksins á árinu 1941 fékk hann útborgaðar 800 þús. kr. af þeirri milljón, sem ætlazt var til, að ríkissjóður legði honum til í upphafi. Breyting sú, sem gerð var á síðast liðnu ári, var til nokkurra bóta, en þó ekki nema um stundarsakir. Þó að höfuðstóll sjóðsins væri rúmar 4 millj. kr. 31. okt. 1942, virðist það ekki mikil upphæð, ef sjóðurinn á að standa undir stofnlánum til fiskibáta. Nú er mikið um það talað, að auka verði fiskibátaflotann, en hv. frsm. minni hl. vill þó einskorða starfsemi sjóðsins við stofnlán, en vill ekki láta veita úr honum styrki til nýsmíða. Nú hafa um nokkur ár verið veittir styrkir til ýmiss konar framkvæmda í sveitum, svo sem jarðræktar og húsasmíði. Ég tel, að styrkir til nýsmíði fiskiskipa mundu vera mjög hliðstæðir jarðræktarstyrknum. En þó stendur nú sérstaklega á um fiskiflotann, því að ekki er annað sýnna en hann dragist mjög saman, ef ekki eru gerðar ráðstafanir í líkingu við þær, sem stungið er upp á í frv. Kostnaður við skipasmíðar er þegar orðinn svo mikill, að engin von er til, að menn leggi út í slíkt, ef Alþ. hleypur þar ekki undir bagga. Smíðakostnaður mun vera kominn upp í 10 þús. kr. á smálest, og eftir því mundi 50 smálesta bátur kosta hér um bil hálfa millj. kr.

Ég vil nú spyrja hv. þm. N.-Þ., hvað hann vilji gera í þessu máli. Hann hefur að vísu lagt fram frv. um nýbyggingarsjóð fiskiskipa, en annars lítur hann svo á, að málið eigi að bíða þar til væntanleg milliþn. í sjávarútvegsmálum hefur lokið störfum sínum, en sú n. er ekki skipuð enn þá. Hún á, segir hann, að vera búin að skila till. fyrir næsta þing, sem á að hefjast í febrúar. Ég sé ekki, hvernig það má verða, enda tel ég að ekki sé hægt að bíða með þetta mál eftir till. slíkrar n. Og þó að málið sé leyst eins og stungið er upp á í þessu frv., eru eftir næg verkefni handa mþn. þessari. Þetta, sem hér er farið fram á, virðist ekki mikið í samanburði við alla þá styrkjasúpu, sem ausið er í landbúnaðinn og skiptir tugum milljóna, en það, sem farið er fram á með þessu frv., er, að fiskveiðasjóði sé veitt 2 millj. kr. tillag úr ríkissjóði á árinu 1943 og honum skilað útflutningsgjaldinu, sem hv. þm. N.-Þ. viðurkennir þrátt fyrir sitt þrönga sjónarmið, að sjóðurinn eigi fullan rétt á að fá. Ég sé ekki, að nokkur hv. þm. geti haft nokkuð á móti þessari úrlausn, því að hér er víst ekki um að ræða meiri upphæð en svo sem tólfta hluta af því, sem landbúnaðinum er veitt á þessu ári. Það er að vísu ánægjulegt að geta veitt landbúnaðinum háa styrki, en það verður líka að sjá um, að sjávarútvegurinn hafi skilyrði til að geta starfað.

Lúðvík Jósefsson: Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. sjútvn., en áskil mér rétt til að flytja brtt. við það, ef brtt. koma yfirleitt fram hér í hv. d. Ég er ekki alls kostar ánægður með frv., sérstaklega að því er eina breytinguna snertir, en tel þó ekki að svo stöddu rétt að vera á móti því af þeirri ástæðu.

Frv. felur aðallega fjórar breytingar í sér. Fyrst er sú, að fiskveiðasjóður skuli fá 1⅝% af útfluttum sjávarafurðum í stað ⅛%, eins og nú er. Allir nm. virðast sammála um þetta. Í öðru lagi er sú breyting, að útlánsvextir sjóðsins lækki úr 4½% í 3%. Fjórir nm. voru sammála um, að þetta væri bæði æskilegt og mögulegt. Hv. þm. N.-Þ. hefur að vísu ekki lýst sig andvígan þessu, en telur hins vegar nauðsynlegt, að útlánsvextirnir verði ákveðnir með hliðsjón af vöxtum af landbúnaðarlánum. Þriðja breytingin er sú, að stofnuð verði sérstök deild í sambandi við fiskveiðasjóð, er hafi með höndum úthlutun styrkja til smíða á fiskibátum, og er sú breyting veigamest. Fjórða breytingin varðar reglurnar fyrir útborgun lána úr sjóðnum.

Afstaða mín til frv. er nú sú, að ég tel ekki æskilegt að fara lengra út á styrkjabrautina en gert hefur verið. Að vísu eru erfiðleikar sjávarútvegsins miklir vegna gífurlegs kostnaðar við skipasmíðar, en ég tel réttara að lyfta undir með útveginum með því að veita honum aukin starfslán, sem séu vaxtalaus, a. m. k. á fyrsta ári. Um þetta álit mitt gat ég í sjútvn., en n. þótti ekki tiltækilegt að gera breyt. í þá átt, og ég bar því ekki fram brtt. um þetta, þar sem aðeins er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Þessir styrkir samkv. frv. eru varla ætlaðir nema til eins árs. Ætlazt er til, að ríkissjóður leggi fram 2 millj. kr., en ekkert er tekið fram um það, hve mikið af því eigi að nota þegar í stað, og liggur næst að ætla, að allt eigi að nota þegar á þessu ári. Ég tel því ekki rétt að standa á móti fyrr nefndu framlagi í þetta eina skipti, en í framtíðinni teldi ég réttara að veita vaxtalaus lán.

Hv. þm. N.-Þ. minntist á umsagnir nokkurra málsmetandi aðila um frv. þetta, meðal annars umsögn farmannasambandsins, sem vill láta lána fé til skipa allt að 200 smál. að stærð og leggur til, að skipaðar verði n. til að athuga, hvaða stærðir og tegundir fiskiskipa séu hentugastar hér á landi og hvaða tegundir véla heppilegastar. Er full ástæða til að skipa mþn. til að athuga þessi og önnur atriði, sem hér koma til greina, eins og hv. þm. N.-Þ. benti á. En þó að skipun slíkrar n. sé í ráði, þykir mér það ekki réttlæta andstöðu við það, að veittur sé nú styrkur til eins árs til skipa innan við 150 smálesta stærð. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að sá ágreiningur, sem kom fram í sjútvn., snerti í rauninni aðeins tvö atriði, annars vegar vextina, hins vegar styrkina, en ágreiningur var enginn um efnishlið málsins. Og mitt sératkvæði er eingöngu viðvíkjandi styrkjunum, því að ég tel, að ef farið væri út á þessa styrkjabraut, þá mundi það koma í ljós í framtíðinni, að erfitt yrði að setja fullnægjandi skorður við því, að þeir yrðu misnotaðir.

Forseti (EmJ): Þar sem enn eru allmargir á mælendaskrá og engin tiltök sýnast vera að ljúka málinu á þessum fundi, tek ég það hér með út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 15. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Bjarnason: Fyrir skömmu var til umr. hér í þessari hv. d. till. til þál. um mþn. í sjávarútvegsmálum, sem hv. 2. þm. S.-M. og nokkrir flokksbræður hans fluttu. Þegar þessi þáltill. kom fram, fannst mér ekki ástæða til annars en að fagna því, að slík till. kom fram, og ekki síst, að hún kom úr þeirri átt, sem raun var á. Í þessari þáltill. er tekið fram, að það sé þörf á að rannsaka ýmis mál sjávarútvegsins, og aðalatriði till. virðist vera mótað í 1. gr. þáltill., þar sem talað er um, að rannsaka þurfi, á hvern hátt stuðningi ríkisins við sjávarútveginn verði heppilegast fyrir komið. Samkv. orðanna hljóðan í þáltill. og því, sem hv. flm. hélt fram hér, er hann lýsti till., fannst mér ástæða til að fagna því, að þessi þáltill. kom fram. Það er líka nauðsynlegt, að mörgum málum, sem sjávarútveginn varða, sé aukinn gaumur gefinn. En þegar nál. er út komið um það frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, og fram hefur komið rökst. dagskrá frá hv. þm. N.-Þ., þá fer ég að efast um, að það sé eins mikið fagnaðarefni fyrir okkur, sem viljum efla sjávarútveginn, að sú þáltill. er fram komin, sem ég gat um. Sá geigur, sem hv. 7. þm. Reykv. lét í ljós um það, að sú till. ætti að vera nokkurs konar skálkaskjól til þess að standa í vegi umbótamála sjávarútvegsins, hefur reynzt óþyrmilega mikið að sönnu. Nú, þegar samkomulag hefur náðst í sjútvn. um þetta mál, sem hér liggur fyrir, sem fer fram á tiltölulega lítilfjörlega réttarbót fyrir annan aðalatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, þá er þessi þáltill., sem ég gat um, strax notuð sem tylliástæða til að leggja til, að þessu máli, sem fyrir liggur, verði í raun réttri vísað frá. Ég harma það, að ég get ekki haft þá sömu trú á hinum góða vilja, sem ég hélt, að lægi bak við þessa þáltill. hjá hv. 2. þm. S.-M., sem mælti mörg hagleg orð um þá till. hér í hv. þd.

En aðalatriði málsins er ekki þetta. Hv. 7. þm. Reykv. hefur gert svo glögga grein bæði fyrir þessu frv. við 1. umr. og einnig fyrir brtt. þeim, sem sjútvn. gerir við frv., að ég þarf ekki miklu við það að bæta. Vil ég þó aðeins benda á eitt atriði, varðandi það nýmæli, sem lagt er til, að tekið verði upp samkv. 6. gr. þessa frv., þ. e. a. s., að við fiskveiðasjóð verði stofnuð sérstök deild, sem annist það hlutverk að veita styrki til bygginga fiskibáta innan 150 smál. Hv. 6. landsk. þm. taldi, að með þessari styrkveitingaraðferð væri farið nokkuð í öfuga átt og að þessar styrkveitingar gætu verið varhugaverðar. Ég er að vissu leyti sammála hv. 6. landsk. þm. í þessu efni. Styrkjapólitík hefur á undanförnum árum gengið alllangt hjá okkur Íslendingum. En þó má fullyrða, að hagsmunir sjávarútvegsins, þess atvinnuvegar landsmanna, sem mesta möguleika skapar til þess, að hægt sé að veita styrki til ýmissa gagnlegra fyrirtækja og ýmissa hluta í þessu landi, hafa sízt setið í fyrirrúmi, þegar um það hefur verið að ræða að veita styrki til gagnlegra hluta. Að vísu hafa verið veittir styrkir til bátabygginga, sem talsvert hefur létt undir með mörgum smáútvegsmönnum um að eignast sín eigin skip. Og till. þær, sem settar eru fram í þessu frv., miða að nokkru leyti í sömu átt. Og ég hygg, að hv. 6. landsk. þm. og ég getum verið sammála um það, að enda þótt inn á þessa braut sé farið nú, þegar alveg sérstaklega stendur á, þá sé það ekki upp á framtíðina alveg bindandi, þannig að Alþingi hafi skapað það fordæmi með því upp á framtíðina, að frá því verði ekki hægt að víkja, þegar um hægist fyrir þessum atvinnuvegi. Ég hygg, að einmitt þetta atriði frv. eigi að ganga fram. Margir smáútvegsmenn eiga í vandræðum með að komast frá þeim skipabyggingum, sem þeir hafa ráðizt í við erfiðar aðstæður. Og enda þótt á síðustu árum hafi komið nokkuð mikill gróði í hlut sjávarútvegsins, stríðsgróðinn, þá hefur í hlut smáútgerðarinnar komið sáralítið af þessum gróða. Sjómenn hafa að vísu fengið nokkru hærri hlut. En smáútvegsmönnum hefur ekki tekizt að safna verulegum gróða, hvað þá stríðsgróða, sem svo er nefndur.

Annað atriði þessa frv. er lækkun vaxtanna. Samkv. þessu frv. er lagt til, og sjútvn. hefur ekki gert neinar brtt. við það, að vextir verði lækkaðir úr 4½% niður í 3%. Þetta er að vísu veruleg lækkun. En þegar um er að ræða að lækka vexti af lánum til fyrirtækja í sambandi við útveginn, verður líka að líta á það, að lánstíminn er svo stuttur, að það er sérstaklega rík nauðsyn á því, að vextirnir séu lægri hjá þessum atvinnurekstri en hjá nokkrum öðrum. Enn fremur eru þær eignir, sem út á er lánað, skipin, þannig, að einnig af þeim ástæðum er rétt, að vextirnir séu hafðir lágir.

Ég ætla ekki, að ég þurfi að fjölyrða frekar um þetta. Hv. þm. N.-Þ. hefur borið fram rökst. dagskrá. En þó vil ég vona, að trúa megi á þau haglega sögðu orð, sem hv. 2. þm. S.-M. lét sér um munn fara um skilning á þörfum sjávarútvegsins, þegar hann talaði um till. til þál. um mþn. í sjávarútvegsmálum.

Eysteinn Jónsson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr. En ég kvaddi mér hljóðs til að benda á eitt atriði, sem ég er alveg undrandi yfir, að hv. sjútvn., sem vill afgreiða frv. nú, skuli hafa látið fara frá sér óbreytt. Það er sem sé gert ráð fyrir því hér í 6. gr. frv. að styrkja bátabyggingar og skipabyggingar allt að 150 smálesta skipum bróttó, þannig að óendurkræft framlag til hvers skips megi nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipanna, og það er gert ráð fyrir því, að stj. lánastofnunar hafi með höndum úthlutun þessara styrkja, þ. e. að í raun og veru hafi Útvegsbankinn með höndum úthlutun þessara styrkja handa mönnum til þess að byggja fyrir báta. Mér virðist alveg óforsvaranlegt, að mönnum skuli detta í hug, að nokkur lánastofnun í landinu hafi með höndum úthlutun styrkja. Ég er ekki með þessu neitt að deila á stjórn Útvegsbanka Íslands. En það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, um hvaða lánastofnun sem væri að ræða, að menn séu svo miklir englar, að það væri útilokað, að menn

leiddust út á þá braut að láta þessa styrki að einhverju leyti eftir viðskiptum stofnunarinnar. Það er ómögulegt að verjast þeirri hugsun, að það gæti komið fyrir hvaða stjórn lánastofnunar sem um væri að ræða, að hún úthlutaði þessum styrkjum að einhverju verulegu leyti með hliðsjón af viðskiptum við lánastofnunina. Mennirnir í stjórnum lánastofnananna geta ekki skipt sér í sundur, og þegar kreppa væri komin og vandræði, gæti sú hætta beinlínis vofað yfir, að þessir styrkir til bátabygginganna gætu orðið notaðir til þess að létta á skuldaskiptum við stofnunina hjá þeim, sem styrkina fá. Ég vil biðja hv. þm. að athuga einmitt þetta atriði gaumgæfilega og gera sér ljóst, hvort ekki væri heppilegra að setja öðruvísi upp þann sjóð, sem á að verja til þess að styrkja bátabyggingar, því að þetta fyrirkomulag um stjórn hans finnst mér alveg óhafandi. Það væri vegur, ef stjórn fiskveiðasjóðs væri gerð sérstæð og hefði ekki nokkurn hlut annan að verkefni en að veita þennan styrk og innheimta fé það, sem á að renna í sjóðinn. En að fela þetta stofnun, sem hefur hvers konar skuldaskipti við útvegun rekstrarlána o. þ. h., það getur ekki gengið. Þetta atriði frv. þarf því gagngerðrar endurskoðunar við.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að till. hv. þm. N.-Þ. um að afgreiða málið með rökst. dagskrá væri ekki í samræmi við það, að hann gæti verið áhugamaður um mál sjávarútvegsins. Hv. þm. N.-Ísf. hefði getað látið sér þessi orð um munn fara, ef hv. þm. N.-Þ. hefði ekki gert annað. En þegar hv. þm. N.-Þ. hefur flutt frv. um að verja útflutningsgjöldunum til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, en aðeins með því móti, sem að hans dómi er heppilegra, þá getur hv. þm. N.-Ísf. ekki með nokkru móti látið sér þessi orð um munn fara. Því að hv. þdm. vita, að hv. þm. N.-Þ. hefur flutt frv. — og það liggur opið fyrir, að það geti orðið afgr. eins fljótt og þetta frv., — um stofnun sérstaks sjóðs til nýbyggingar fiskiflotans, sem hefur þann kost fram yfir þetta, að þar er ekki gert ráð fyrir, að þeim sjóði sé stjórnað af stj. einnar rekstrarlánastofnunarinnar í landinu, sem ég tel ekki heldur fært.

Ég ætla ekki að skattyrðast út af þessum orðum hv. þm. N.-Ísf. og tóninum í ræðu hv. 7. þm. Reykv. um þáltill. um milliþn. í sjávarútvegsmálum, enda þótt það hvort tveggja gæfi nokkurt tilefni til andsvara. En ég vil segja, að ef við vildum hafa sams konar dylgjur gagnvart þeim, gætum við sagt, að þeir væru að leita sér að átyllu til þess að vera á móti því, að skipuð verði mþn. í sjávarútvegsmálum, sem er það atriði, sem mestu máli skiptir að mínu áliti og ég held allra hv. þdm. Ég vil nú ekki gera þetta að mínum orðum. En ég bendi á, að ef við vildum hafa umr. á sama grundvelli og hv. þm. N.-Ísf. og hv. 7. þm. Reykv., þá gætum við sagt, að þeir væru með þessu máli að leita að átyllu til þess að fjandskapast við þáltill. um milliþn. í sjávarútvegsmálum. Ég segi þetta aðeins til þess að vekja athygli á því, hvert það leiðir, ef sífellt er talað í þessum tón.

Ég var hissa á orðum hv. 6. landsk. Hann sagði hér á dögunum, að hann væri á **móti styrkjum** til bátabygginga, en hallaðist að því, að til þeirra framkvæmda væru veitt vaxtalaus lán. Síðan gerði hann grein fyrir því, af hverju hann væri með því að afgreiða þetta mál nú, og rökstuðningur hans fyrir því var þá sá, að það lægi einmitt svo mikið á að veita þessa styrki, sem hann þó var mótfallinn að veita (eftir orðum hans að dæma), að það yrði að drífa þetta mál í gegn, svo að hægt væri að fara að veita styrkina, sem hann var á móti, að væru nokkurn tíma veittir. Og ég skildi afstöðu hans í þessu þannig, að þegar hann talaði um, að hann væri á móti því að veita styrki, en með því að veita vaxtalaus lán, þá ætti hann með því við það, að þetta mál væri lagt fyrir mþn. í sjávarútvegsmálum.

Ég geri það ekki að kappsmáli, að þetta mál verði afgr. nú í einhverju formi. Mér er ljóst, að öll ákvæði um fiskveiðasjóð koma að sjálfsögðu til álita og endurskoðunar í milliþn., hvort sem þessi breyt. verður orðin að l. eða ekki. En ég lít svo á, að það sé í raun og veru mest aðkallandi að leggja útflutningsgjaldið til hliðar, en svo sé rétt að gefa sér nokkurt tóm til að athuga, hvernig því verði bezt varið fyrir sjávarútveginn, og þess vegna mun ég hallast að því að greiða atkv. með dagskrártill. hv. þm. N.-Þ.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Það var sérstaklega út af aths. hv. 2. þm. S.-M., sem ég kvaddi mér hljóðs. En hann taldi, að það væri mjög fjarri allri skynsemi að ætla stjórn fiskveiðasjóðs að úthluta, svo sem nú er gert, styrkjum til nýbyggingar fiskibáta samkvæmt 6. gr. þessa frv., og færði hann þau rök fyrir því, sem náttúrlega eru að mörgu leyti rétt, að fiskveiðasjóði er stjórnað af stjórn Útvegsbankans. Og það er vitanlega mjög erfitt fyrir stjórn þeirrar stofnunar að loka alveg augunum fyrir hag bankans, hvað svo sem þeir gera, því að hagur bankans er þeim auðvitað ríkt í huga. En hv. þm. sagði þó, og ég er honum sammála um það, að það er engin ástæða til að væna þessa menn um það, að þeir mundu misnota vísvitandi aðstöðu sína í þessu efni. Það getur verið, að þeir yrðu blekktir, af því að þeir eru að sjálfsögðu ekki óvilhallir fremur en aðrir. En þessi ágreiningur um það, hver eða hverjir eigi að úthluta styrkjunum, er í raun og veru aðeins um það, hvort fiskveiðasjóður eigi að vera undir stjórn bankastjórnar Útvegsbankans. En það er ekki hægt að miða allt í meðferð þessa máls og þetta fyrirkomulag við það, sem kannske er og sennilega er til bráðabirgða, að stjórn Útvegsbankans stjórni fiskveiðasjóði. Það er alls ekki nýtt, að fiskveiðasjóður sé skoðaður sem eins konar aðstoð við Útvegsbankann. Þegar samþ. var hér fyrir eitthvað 12 árum á Alþingi, að fiskveiðasjóður skyldi taka 1 millj. kr. lán, þá var það hugsað a. m. k. óbeint, ef ekki beinlínis, sem stuðningur við Útvegsbankann, að hann yrði þar með leystur frá að sinna stofnlánaþörf, sem hann var ekki heppilegur til og hafði ekki fjárráð til að gera að neinu leyti. Og fyrst framan af notaði Útvegsbankinn sér þetta mjög, þannig að hann hafði þessa 1 millj. kr. í eigin notkun í útlánum fyrir 7—8% vexti og galt af því fé bara venjulega vexti, sem greiddir voru á þeim tíma af innlánsfé, auk þess sem bankinn losaði sig þá

við ýmis skip, sem hann hafði stofnlán í, og yfirfærði þau á fiskveiðasjóð, sem mátti segja að ekki væri óeðlilegt, en var bankanum til hagsbóta. Þannig hefur það verið í 12 ár, að fiskveiðasjóður hefur, með vitund og vilja Alþingis, verið að verulegu leyti notaður til hagsbóta Útvegsbankanum. En það var a. m. k. ætlað, að þetta væri án tjóns fyrir fiskveiðasjóðinn sjálfan.

Nú er ég sammála hv. 2. þm. S.-M. um það, að langeðlilegast er, að fiskveiðasjóður hafi sérstaka stjórn, og um þetta var rætt í n., — og um þetta hefur oft verið rætt. Um það hafa komið fram till. í álitsskjölum, sem ég vitnaði í og hv. þm. Ísaf. Sérstaklega minnir mig, að það sé í álitsgerð Fiskifélagsins, eða það hefur komið fram frá formanni Fisksölusambandsins, — ég man það ekki vel nú, hvort heldur var —, að nauðsynlegt sé, að fiskveiðasjóður fái sérstaka stjórn. Þetta um úthlutun styrkjanna er vitanlega alls ekki einskorðað miðað við það núverandi sérstaka ástand, að bankastjórar Útvegsbankans eru jafnframt í stjórn fiskveiðasjóðs, heldur er það miðað við það, að til þess eru sterkar líkur, ef ekki full vissa fyrir því, að stjórn fiskveiðasjóðs muni þannig afla sér langmestra upplýsinga um lántakendur eða um þá, sem byggja skipin, og mundi þess vegna hafa mesta kunnugleika á þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkjunum. Og þetta en ekkert annað vakti fyrir hv. flm. frv. Og þetta hygg ég, að mér sé óhætt að segja, að hafi vakað fyrir meiri hl. sjútvn., þegar hún lét þetta atriði standa óbreytt. En ég get alls ekki fallizt á það með hv. 2. þm. S.-M., að það sé óhæft, að stofnun, sem fæst við útlán, hafi einnig með höndum úthlutun þessara styrkja. Ef það er t. d. lánastofnun, sem lánar nákvæmlega til sömu skipa og styrkina fá, þá er þetta ekki óeðlilegt, Og svona er þetta um sum lán til landbúnaðarins, eins og t. d. til nýbýla, að þetta er í raun og veru afgert af sömu mönnum með styrkina og lánveitingarnar. Og það er a. m. k. sjálfsagt, að það sé samstarf og kunnugleikar á milli þeirra, sem lána og veita styrkina í þessum tilfellum, og þarf engin hlutdrægni þar að að koma. Það má líka segja um fiskimálan., sem ég ætla ekki, að sett væri út á, sem úthlutaði styrkjum áður, að þessi n. réð einnig fyrir lánsfé, og ég tel engar líkur til, að það hafi komið í bága við annað.

Nú er það svo, að fiskveiðasjóður hefur í fyrsta lagi framkvæmdastjórn, sem að sjálfsögðu ræður mestu um þetta, og safnar öllum gögnum um það. Og í öðru lagi eru í frv. markaðar línur um þessar styrkveitingar og þar að auki ákveðið, að ríkisstj. skuli gefa út reglugerð, þar sem reglur fyrir styrkveitingum eru nánar tilgreindar. Og ég geri þess vegna fastlega ráð fyrir, að sá, sem úthlutar styrkjunum að formi til, verði bundinn ákaflega glöggum takmörkunum um skömmtun styrkjanna, svo að þetta eigi ekki að koma að neinu tjóni. En því fer fjarri, að það sé kappsmál frá minni hendi né heldur, að ég hygg, meðnefndarmanna minna, hver úthlutar styrkjunum. Við vildum bara, að ráðstafanir væru gerðar til þess, að sá, sem þetta gerir, hafi aðstæður til þess að þekkja alveg ástæður styrkþeganna, svo að skortur á kunnugleika í þeim efnum geti ekki orðið til neinna misfellna í þeim greinum.

Það hafa orðið nokkrar deilur út af þessu máli. En þó að ég sé flm. frv., hef ég ekki viljað fara út í þá sálma. Mér þykir mjög gott, að nú er orðið mjög gott samkomulag allra um það, að sjávarútvegurinn eigi að fá allt útflutningsgjaldið af sjávarafurðum, sem ríkissjóður hefur innheimt, sem fé til byggingar skipanna. Um það hefur verið mjög mikill ágreiningur á mörgum undanförnum þingum, og það svo mikill, að nálega hefur ekki verið við það komandi, að fiskveiðasjóður fengi neitt af því. Lengst komst það 1941, að hann fengi ¼ hluta af því. En nú er enginn ágreiningur um þetta, og þar sem ég er fyrir það mjög þakklátur, tel ég því síður ástæðu fyrir mig að vekja eða taka undir það, sem getur orðið til ósætta í þessu máli. Ég vil heldur láta það kyrrt liggja, þó að ég hafi ýmislegt við ræðu hv. þm. N.-Þ. að athuga. Ég bara vænti þess, að það sé orðinn svo almennur vilji fyrir því hér í hv. d. að samþykkja þessar umbætur á l. fiskveiðasjóðs, sem hér liggja fyrir, að það sé engin hætta á öðru en að frv. nái fram að ganga, og það er höfuðatriðið.

Lúðvík Jósefsson: Út af ummælum, sem hér hafa fallið, finn ég ástæðu til að rifja upp nokkuð af því, sem ég sagði við fyrri umr. málsins, og enn fremur vil ég svara nokkru af því, sem komið hefur fram í umr.

Mér skilst, að hér hafi komið fram og það hafi víðar komið fram, að ekki sé um það deilt, að sjávarútvegurinn þurfi verulega á því að halda nú, að reynt verði að byggja upp fiskibátaflotann. Skýrslur sýna og sanna, að fiskibátaflotinn hefur farið minnkandi og hann hefur sérstaklega mikið gengið úr sér. Bátarnir eru verri en fyrir nokkrum árum. Það verður því að hlynna að því, að flotinn verði stækkaður og stórum bættur. Um þetta virðist ekki vera ágreiningur. En þá er aðeins hitt, hvernig á að keppa að þessu. Yfirleitt virðist ekki heldur vera ágreiningur um það, að rétt sé að efla fiskveiðasjóð, láta hann hafa auknar tekjur, svo að hann verði færari um að lána til nýbygginga bátaflotans. Meginþáttur þessa frv. er einmitt sá að auka tekjur sjóðsins um hér um bil 2 millj. kr. á ári, og enginn, sem talað hefur hér, hefur lýst sig andvígan þeirri till. Önnur breyt., sem hér er farið fram á og enginn hefur, svo að ég viti, mælt á móti, er lækkun útlánsvaxta niður í 3%. Þriðja breyt. er sú, að lánað verði framvegis úr sjóðnum til byggingar dráttarbrauta, og enginn hefur verið á móti þeirri till. Fjórða meginbreyt. er sú að veita styrki út á nýbyggingar og verja úr ríkissjóði í þessu sambandi og styrkja þannig nýbyggingar 1943 og á síðasta ári (1942). Aðeins um þessa till. virðist vera ágreiningur, en hann kemur þó ekki skýrt fram. Ég lýsti yfir, að ég kysi miklu fremur en styrkjaleiðina, að veitt yrðu vaxtalaus lán til þessara nýbygginga. En það er fjarri öllu lagi, að ég sé svo á móti styrkjunum, að ég geti ekki fallizt á það til eins árs, þar sem hér er fyrst og fremst um framkvæmdir til eins árs að ræða, að veita styrkina, ef ekki virðist vera neinn hugur hjá hv. þm. fyrir því að fara þá leið að veita vaxtalaus lán. En vegna þess að ég þykist hafa séð ýmis vandkvæði á því að fara styrkja-

leiðina, þá hef ég m. a. beitt mér fyrir því, og meiri hl. sjútvn. hefur síðan gert það að sínum till., að setja ýmsar skorður við því, að styrkirnir verði misnotaðir, heldur komi að svipuðum notum eins og vaxtalausu lánin hefðu komið. Og ég skal benda á nokkuð af því, sem meiri hl. n. hefur lagt þar til.

Í fyrsta lagi hefur verið bætt inn í frv., að þessir styrkir verði veittir aðeins til skipa, sem byggð eru aðeins til fiskveiða. Í öðru lagi er því bætt hér við, að þeir sjómenn og útgerðarmenn, sem stundi útgerð sem aðalstarf, skuli ganga fyrir um þessa styrki. Auk þess er tveimur þekktum stofnunum, Fiskifélagi Íslands og fiskimálanefnd, með ákvæðum, sem sett hafa verið inn í frv., gefinn réttur til þess að gera till. um það, hvaða reglur skuli gilda um úthlutun styrkjanna. Ég tek það fram, að þessi ákvæði, sem þarna hafa verið sett inn, þau eru mér nægileg til þess, að ég tel fullkomlega réttlátt að vera með því, að þessir styrkir verði veittir nú til eins árs, þar sem brýn nauðsyn er fyrir það að auka nokkuð bátabyggingarnar, þó að ég kysi fremur, að farin væri sú leið að veita vaxtalaus lán. Og því verð ég að svara hv. 2. þm. S.-M., sem þóttist ekki skilja afstöðu mína til þessa máls, að þar sem ég væri með vaxtalausum lánum, þá skyldi ég samt vilja veita styrkina, að ef hann og flokkur hans vill bera fram till. til breyt. um það, að í staðinn fyrir styrki verði veitt vaxtalaus lán, þá skal ég ljá fylgi mitt til þess. En ég er hræddur um, að nokkuð muni vanta á, að hann og flokkur hans muni vilja fara þá leið að veita vaxtalaus lán.

Ég vil þá einnig geta þess, að í n. gat ég um það, að ég væri óánægður með þá leið, sem hér er farin, og sú skoðun kom yfirleitt fram í n., að það væri ekki eðlileg leið, að lánastofnun hefði á hendi úthlutun styrkjanna, og ég taldi, að stofnun, sem útgerðarmenn réðu yfir, ætti að hafa þetta með höndum. En nú er það svo, að engin slík stofnun er í raun og veru til. Fiskimálan., sem í raun og veru hefur haft þetta með höndum, hún hefur að litlu eða engu leyti verið undir áhrifum fiskimannanna í landinu. Og Fiskifélagið hefur verið lítið örvandi undanfarið og lítið látið til sín taka um þessi mál.

Ég tel ýmsa annmarka á, að lánastofnanir hafi úthlutun styrkjanna með höndum. Það er brýn nauðsyn að efla fiskveiðasjóðinn, reyna að hvetja menn til bátabygginga og létta vandræði þeirra, sem þegar hafa efnt til þeirra. Um 800 smál. eru í smíðum, og er fyrirsjáanleg stöðvun, ef ekki koma hagkvæm lánskjör eða beinir styrkir. Nauðsynin er brýn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég skal ekki tefja afgreiðslu þessa máls með meiri ræðuhöldum og ekki svara hv. 2. þm. S.-M., en ég vil benda á, að hann sagði, að ef hv. þm. N.-Þ. hefði ekki annað gert en leggja til, að málinu væri vísað frá, hefði ég haft ástæðu til að láta orð falla um efa minn á, að till. um mþn. væri fram komin af þeirri funandi ást til sjávarútvegsins, sem flm. vildu vera láta. Í frv. á þskj. 165, um nýbyggingarsjóð fiskiskipa, er ekki minnzt á meginatriði frv., sem hér liggur fyrir. Hvar er minnzt á lækkun vaxta? Hvar, að 2 millj. kr. skuli taka frá til að efla smáútgerðina? Hv. 2. þm. S.-M. verður að lesa betur. Það er alveg í samræmi við þetta, þegar hann heldur því fram, að till., sem hér liggja fyrir, séu fálm út í loftið, en till. þeirra framsóknarmanna, sem eru hjal um allt og ekkert, séu svo afar veigamiklar.

Ég vil ekki tefja þetta mál, sem ég er viss um, að sjómenn í Suður-Múlasýslu eins og annars staðar á landinu fygjast með og óska sæmilegs velfarnaðar.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Ég gat því miður ekki hlustað á fyrri ræðu hv. þm. N.-Ísf., en býst við, að efni þeirrar ræðu hafi hann nokkuð endurtekið nú. Ýmsir hafa tekið til máls síðan ég flutti framsöguræðu mína fyrir tveim dögum, en margt af því, sem þeir hafa sagt, gefur ekki tilefni til andsvara. Svo er um ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann ræddi hógværlega og gerði grein fyrir sínu sjónarmiði, en út af fyrir sig gaf hann ekki tilefni til mikilla andsvara. Hins vegar vil ég segja við hv. þm. N.-Ísf., sem var að setjast niður, að ef hann vill stuðla að því, að umr. megi ljúka sem fyrst, er það ekki rétt aðferð að vera með ádeilur á menn út af því, sem þessu máli kemur ekki við, eins og það, að þáltill. um mþn. í sjávarútvegsmálum sé hjal um allt og ekkert. Ég get ekki heldur komizt hjá að leiðrétta ummæli hans um frv. mitt á þskj. 165, um nýbyggingarsjóð fiskiskipa. Hv. þm. sagði, að það frv. væri þýðingarlítið, af því að ekkert væri þar minnzt á ýmis helztu atriði, sem í frv. því felast, sem nú liggur fyrir, hvorki minnzt á lækkun vaxta né styrk til byggingar fiskiskipa. Ég hefði talið æskilegt, að um leið og þm. las frv., hefði hann lesið grg., því að þar er beinlínis tekið fram, hvaða verkefni komi til greina fyrir sjóðinn. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð úr henni:

„Á þessu þingi hefur verið borin fram till. um mþn. í sjávarútvegsmálum, sem ætla má, að samþykkt verði, og væri þá eðlilegt, að sú n. legði ráð á um, hversu fénu skuli verja. Koma þar ýmsar aðferðir til greina, svo sem vaxtalækkun á stofnlánum til fiskiskipa, áhættulán gegn 2. og 3. veðrétti í skipum, byggingarstyrkir eða vaxtalaus lán til skipa, og e. t. v., að sjóðurinn láti sjálfur byggja skip, sem seld yrðu eða leigð bæjar- og sveitarfélögum eða fiskimönnum og félögum þeirra."

Í grg. er þannig beinlínis á það bent, hvaða aðferðir hugsað sé, að til greina komi, en hins vegar hef ég álitið, að réttara væri að slá ekki föstu á þessu stigi málsins, með hverjum hætti fénu yrði varið til endurnýjunar fiskiflotans. Sú skoðun mín byggist á því sérstaklega, að í þeim umsögnum, sem sjútvn. hafa borizt, er þannig á málinu tekið, að það virðist vera mikil þörf á að athuga, hvort ekki sé hægt að koma á einhverju samræmi milli hinna einstöku sjónarmiða, sem þar koma fram. Einmitt með tilliti til þessa hef ég talið heppilegast, að ekki yrði annað gert nú en útvega fé. Enda kom það fram í ræðu hv. 6. landsk. þm., að hann er ekki búinn að gera upp við sig, hvort hann mundi kjósa styrk eða vaxtalaus lán. Hann sagði að vísu, að frá sínu sjónarmiði mundu vaxtalaus lán heppilegri, en

getur þó fallizt á, að nú verði ákveðið að veita styrki. Ég vil benda honum á, að það getur verið mjög varhugavert, ef menn hugsa sér, að einhver aðferð sé sérstaklega heppileg, að taka svo upp aðra aðferð, og það mundi hv. 6. landsk. þm. komast að raun um, ef ákveðið væri að veita styrki, þá gæti verið erfitt að koma því til leiðar síðar, að þeirri aðferð væri breytt. Ef öllum, sem nú byggja skip, væru veittir styrkir, mundi þeim, sem byggja t. d. á árinu 1944, þykja sér óréttur ger, ef þeir yrðu að láta sér nægja vaxtalaus lán.

Annars er það svo, að ágreiningurinn á milli meiri og minni hl. n. er ekki, eins og fram hefur verið tekið, um það, hvort útflutningsgjaldið á sjávarafurðum skuli ganga til þarfa sjávarútvegsins. Um það eru allir sammála. Ég vil láta taka í l. nú, að þetta útflutningsgjald verði fengið sjávarútveginum, en sé ekki ástæðu til að blanda þeirri ráðstöfun saman við breyt. á löggjöfinni um fiskveiðasjóð, því að slíkt þarf ekki að fara saman. Um þetta atriði, sem er höfuðatriðið fyrir sjávarútveginn, erum við sammála. Það ætti því að geta gengið fram, svo framarlega sem ekki er hnýtt við það tillögum, sem ágreiningur er um. Ég hygg, að það muni sannast, að afstaða mín í þessu máli reynist heppilegri fyrir sjávarútveginn en afstaða meiri hl. Ég óttast, að afstaða meiri hl. tefli aðalatriði málsins í hættu.

Það er alveg rétt, sem fram hefur verið tekið af hv. 6. landsk. þm., að fiskiflotinn hefur gengið úr sér og þarf raunar ekki að kynna sér neinar tölur til þess að fara nærri um, að svo muni vera. En eins og fram er tekið í grg. frv. míns á þskj. 165, voru samkv. opinberum upplýsingum í árslok 1939 talin 615 skip í fiskiskipaflotanum, þilbátar og þilskip, samtals 26432 rúml. Í árslok 1942, eða seint á árinu reyndar, í október, voru talin 526 fiskiskip, samtals 25990 rúml. Rúmlestatalan hefur minnkað nokkuð, en fjöldi skipa hins vegar tiltölulega miklu meira, og skilst mér, að í þessari tölu sé eitthvað af stórum skipum, sem ekki eru í rauninni fiskiskip. Auk þess hafa skipin gengið úr sér, og þess vegna er rýrnun flotans meiri en rúmlestatalan gefur til kynna.

Frsm. meiri hl., hv. 7. þm. Reykv., lét nokkur orð falla um stj. Útvegsbankans. Ég vildi fara um þessi ummæli hans nokkrum orðum, því að þar gætti nokkurs misskilnings. Ég held, að þeir, sem eru á móti því, að stj. fiskveiðasjóðs úthluti styrkjunum til fiskiskipa, séu það ekki vegna þess, að þeir treysti Útvegsbankanum illa, heldur telji þeir það yfirleitt rangt fyrirkomulag, að lánastofnun úthluti styrkjum til skipa, sem hún sjálf lánar til. Menn óttast, að lánastofnun, sem hefur hagsmuna að gæta, freistist til að haga styrkjunum með tilliti til lánanna. Ég skal ekki segja, að á þessu sé sérstök hætta, eins og stj. fiskveiðasjóðs er nú, en þetta gæti þó komið fyrir fyrr eða síðar. Annars held ég, að öllum hafi þótt eðlilegt, þegar sjóðurinn tók til starfa, að hann væri látinn vera í sambandi við bankann, enda virtist mér koma fram misskilningur hjá hv. þm., þegar hann sagði, að Útvegsbankinn vildi losa sig við óheppileg lán og koma þeim yfir á fiskveiðasjóð. Bankinn getur tæplega fengið betri tryggingar almennt en fiskveiðasjóður hefur fyrir lánum sínum.

Hv. þm. Ísaf. talaði í fyrradag, og hafði ég punktað hjá mér nokkur atriði úr ræðu hans. Hv. þm. vildi hafa það svo, að ég hefði í ræðu minni „afflutt“ þær umsagnir, sem sjútvn. hafa borizt. Ég veit ekki annað en ég hafi í nál. mínu og framsöguræðu skýrt nákvæmlega rétt frá því, sem fram kom í umsögnunum. Skora ég á hv. þm. að skýra nánar, hvað hann meinar. Mér þætti auðvitað skylt að leiðrétta, ef mig hefði hent það að fara rangt með.

Þá sagði hv. frsm., að gott væri að heyra frá mér, að nú væri rétti tíminn fyrir ríkissjóð að afhenda útflutningsgjaldið til sjávarútvegsins. Ég hef heyrt eftir hv. form. fjvn., að erfiðlega liti nú út með afgreiðslu fjárl. Það, sem ég átti því við með ummælum mínum og hygg, að ég hafi sagt, var það, að ef þetta væri ekki gert nú, þá yrði það tæplega gert síðar, þegar enn erfiðara væri orðið að afgr. fjárl. en nú er.

Hvað því viðvíkur, að þetta mætti hafa verið gert fyrr, þá vil ég leyfa mér að benda á það, að hv. frsm. hefur sjálfur átt sæti í sjútvn. árum saman, og man ég ekki til, að hann hafi hingað til beitt sér fyrir því, að ríkið sleppti þeim tekjustofni.

Hv. þm. Ísaf. var með nokkrar hnútur í sambandi við fjárveitingar til landbúnaðarins. Hann sagði, að landbúnaðurinn hefði lengi notið jarðræktarstyrkja og þeir styrkir, sem nú kæmi til mála að veita til skipa, væru algerlega sambærilegir við þá. Þetta má vel vera, en ég vil benda hv. þm. á það, að þegar l. um jarðræktarstyrki voru sett, þá var það eftir rækilega athugun málsins í mþn. Eins hefur jafnan verið, ef einhverjar verulegar breytingar hafa verið gerðar á jarðræktarlögunum. Þær hafa þá alltaf verið undirbúnar í mþn. Það hefur því verið öðruvísu að þessu unnið en frv. því, er hér liggur fyrir. Og ef hv. þm. vill binda sig við jarðræktarl. og meðferð þeirra, þá hefði hann sízt átt að leggja á móti því, að þetta frv. færi í mþn.

Hv. þm. lét svo orð falla um það, að líkast væri því sem byggingar fiskiskipa hefðu verið framkvæmdar í óviti hér á landi undanfarið. Þetta er nú dálítið hlálegt, og mundi einhverjum þykja vafasamt fyrir ríkið að styrkja slíkar framkvæmdir. Ég man ekki eftir fleiru, sem ástæða er til að taka fram að svo komnu máli um ræðu hv. þm. Ísaf.

Ég vil að lokum vænta þess, að hv. þm. geri sér ljóst það, sem felst í hinni rökst. dagskrá minni hl. sjútvn. Þar er ekki um neina andúð gegn skipabyggingum né útveginum að ræða, heldur vill minni hl. tryggja, að fjárins verði aflað þegar á þessu þingi og málið undirbúið sem bezt á næstu mánuðum, svo að ráðstafanir verði gerðar að yfirlögðu ráði. Hann telur vafamál, að mikið sé unnið með því að samþykkja nú þetta frv.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð. — Það styrkir skoðun mína, að allar þær stofnanir, sem látið hafa háttv. sjútvn. í té álit sitt á þessu frv., hafa talið það miður vel farið, að fiskveiðasjóður eða Útvegsbankinn sem lánsstofnun skuli eiga að hafa úthlutun styrkjanna á hendi. Hv. frsm. sagði, að fiskimálanefnd hefði úthlutað styrkjum og engin vandræði orðið að.

En þetta er dálítið villandi, af því að sú stofnun hefur aldrei haft með höndum almenna lánastarfsemi til útvegsmanna, aðeins veitt stofnlán til frystihúsa, að því er ég bezt veit. Þetta er því ekki sambærilegt. Ég vil því vænta þess, að hv. meiri hl. taki þetta mál til rækilegrar yfirvegunar fyrir 3. umr., ef hin rökstudda dagskrá verður felld, því að það er ómögulegt að fela bankastofnun að úthluta áfturkræfum styrk. Ég bendi á það að fela fiskimálanefnd úthlutunina, unz öðruvísi verður ákveðið, og þá jafnvel eftir tillögum ráðherra. Í þessu felst engin gagnrýni á Útvegsbankanum, heldur aðeins að fylgja þeirri reglu að fela aldrei lánastofnun úthlutun styrkja. Það bendir m. a. á litinn undirbúning þessa máls, að þetta skuli standa óbreytt, þó að hver eftir annan af fylgjendum frv. hafi orðið að játa, að þetta væri óheppilegt.

Ég vil einnig benda á það, ef menn telja mjög nauðsynlegt að koma þessari styrkjastarfsemi þegar af stað, þá er sú leið til að fylgja frv. hv. þm. N.-Þ., um nýbyggingarsjóð fiskiskipa, — m. ö. o. hverfa frá því að hafa sérstaka deild í fiskveiðasjóði, er veiti þessa styrki. Ef vilji hv. flm. ekki hallast að þessu, þá er hitt til, hvort ekki sé athugandi að varast að fela lánastofnun að úthluta styrkjunum. Úthlutunarákvæði í frv. geta ekki verið til frambúðar. Þar er sagt, að leita eigi álits sjóðsstj., þegar samin verði reglugerð um styrkveitingar. En þetta segir lítið, þar eð vitað er, að svo margar umsóknir muni berast, að ekki dugir að sinna þeim einum, er ganga fyrir samkv. reglugerðinni, heldur mun og þar fyrir utan sækja fjöldi manna, sem ómögulegt er að segja um, hvernig á að gera upp á milli.

Þetta er því alls ekki fullnægjandi. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

Skúli Guðmundsson: Það hafa þegar orðið talsverðar umr. um þetta mál, um ýmis atriði í frv. og álit meiri og minni hl. sjútvn. En það er eitt atriði í frv., sem ekki hefur verið mikið vikið að, er ég ætla að fara um nokkrum orðum. Það er 5. gr. frv. Með henni er lagt til, að vextir af útlánum verði lækkaðir úr 4.5% niður í 3%.

Ein þeirra stofnana, er n. sendi þetta frv. til álita, þ. e. stj. fiskveiðasjóðs, veik sérstaklega að þessu atriði í umsögn sinni um málið. Sjóðsstj. telur enga ástæðu til þessarar vaxtalækkunar. Bendir hún á, að vextirnir séu lægri en útlánsvextir bankanna, og ef seld verði vaxtabréf fyrir sjóðinn, þá verði ekki hægt að lána það fé út með lægri vöxtum en þeir eru nú, 4½%. Mér þykir ástæða til að taka þessi ummæli sérstaklega til athugunar.

Það eru allir sammála um, að sjávarútvegurinn eigi að búa við sem bezt vaxtakjör. En þó verður þar að taka ýmislegt til greina. Fyrst er það, hvaða vexti þarf að greiða af sparifé því, er lánsstofnanir fá til útlána. Það mun sízt álitið sanngjarnt gagnvart sparifjáreigendum að lækka meira en orðið er innlánsvextina. Annað, sem kemur til greina, er að athuga vaxtakjör annarra atvinnuvega. Vextir af landbúnaðarlánum eru 4—5%. Nú verður ekki um það deilt, að ósanngjarnt sé, að vextir af veðlánum landbúnaðarins séu hærri en vextir af lánum til sjávarútvegsins. Það er kunnugt, að veð í fasteignum eru álitin tryggari en veð í skipum. Það er því óeðlilegt, að vextir af landbúnaðarlánum séu hærri. Hér koma einnig til samanburðar vaxtakjör iðnaðarins. Það þarf að vera samræmi í vaxtakjörum þessara atvinnugreina. Ég skyldi fagna því fyrir mitt leyti, ef hægt yrði að lækka útlánsvexti fyrir alla atvinnuvegina. En ég er í vafa um, að okkur auðnist að færa aðra vexti niður til samræmingar við það, að vextir af sjávarútvegslánum verði ekki nema 3%. Ég óttast, að lánastofnanir geti ekki látið í té svona ódýrt fé.

Ég held, að þetta atriði ásamt fleirum, sem fram hafa verið tekin í þessu máli, bendi til þess, að ástæða væri til, að málið fengi betri athugun, eins og lagt er til í hinni rökst. dagskrá minni hl. sjútvn. Því að þótt hún hefði verið samþ., þá hefði verið möguleiki til að styrkja útveginn strax með því að samþykkja frv. um nýbyggingarsjóð fiskiskipa, sem flutt er af þessum sama minni hl. sjútvn.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 183, frá minni hl. sjútvn., felld með 19:9 atkv.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 164,1 (2. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 164,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 164,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. án atkvgr.

5. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 164,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 19. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 216).

Forseti (JJós): Hv. 6. landsk. þm. hefur afhent mér skrifl. brtt. við frv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 238].

Þessar brtt. eru of seint fram bornar og auk þess skrifl. Verður því að veita afbrigði frá þingsköpum, til þess að þær verði teknar til meðferðar á fundinum, en að leyfðum afbrigðum mun hv. flm. gera grein fyrir till. sínum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt skýring á þessum brtt. mínum. Það kom hér fram við 2. umr. málsins, að ýmsir voru óánægðir með þá ráðstöfun, að þeim styrkjum, sem gert er ráð fyrir, að úthlutað verði til sjómanna og útgerðarmanna, sem standa í smíði báta, sé úthlutað af bankastjórn stofnunar, sem annast margvísleg viðskipti við þessa menn. Ég hafði minnzt á það í sjútvn., að ég væri ekki

hrifinn af þessu og vildi gjarnan breyta því. Ég gerði það þó ekki að ágreiningsefni í n., en áskildi mér rétt til þess að bera fram brtt. Og þar sem ég heyrði við umr. málsins, að ýmsir voru á þessari skoðun, styrkti það mig í að bera þessa brtt. fram.

Samkv. minni till. er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir, að stj. sjóðsins sé skipuð stjórn hlutaðeigandi lánsstofnunar, sé hún skipuð 3 mönnum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Fiskifélagi Íslands. Ástæður fyrir því, að ég hef tiltekið þessar þrjár stofnanir, eru aðallega þessar: Ég tilnefni Alþýðusambandið vegna þess, að það er fulltrúi sjómanna í landinu, en einmitt sjómenn munu samkv. þessum lögum koma til með að fá styrk úr þessum sjóði, og Farmanna- og fiskimannasambandið, sem er félagsskapur yfirmanna, skipstjóra og stýrimanna, sem koma til með að njóta þessara styrkja, og í þriðja lagi Fiskifélagið, sem er skipað útgerðarmönnum, sem hér eiga einnig hlut að máli, svo að það er ekkert óeðlilegt, að þessar 3 stofnanir velji menn til þess að gera till. um þetta. Ég skal þó játa, að fleiri stofnanir koma til greina.

Hin till. er bara orðalagsbreyt. Það stendur nú í frv., að við úthlutun skuli taka tillit til þess, hvort umsækjandi hafi áður stundað sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf, en það var áreiðanlega meining n. og er réttara, að það sé orðað: „stundar". Ég hygg, að um þetta geti ekki orðið ágreiningur, en um hina till. geti frekar verið skiptar skoðanir, en ég geri þetta að till. minni.

ATKVGR.

Brtt. 238,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 238,2 samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÁkJ, EOl, EmJ, GG, JörB, LJós, PZ, SigfS, SG, STh, SÞ.

nei: StJSt, GSv, GTh, IngJ, JPálm, JS, PO, SB, SEH, SK, JJós.

ÁÁ, BÁ, FJ, HelgJ, PÞ, SkG greiddu ekki atkv.

6 þm. (BG, EystJ, GÞ, JakM, ÓTh, ÞG) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Guðmundsson: Ég mundi hafa talið eðlilegt að ýmsu leyti, að Fiskifélag Íslands hefði þessa úthlutun með höndum. Ég tel þó, að enn sem komið er sé ekki hægt að hafa þá tilhögun, og greiði því atkv. með till.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., 20. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 239).

Á 38. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 5. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 239, n. 326, 327).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft málið til meðferðar og ekki einasta kynnt sér umsagnir þeirra aðila, sem frv. var sérstaklega sent til umsagnar, Fiskifélags Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands, heldur einnig átt samtöl við flm. þess og þá menn ýmsa, er að frv. standa í Nd., og það einkum vegna þess, að raunverulega óskaði meiri hl. n. eftir, að hægt yrði að ná samkomulagi um nokkrar breyt. á frv. Samkomulag náðist ekki við fylgismenn frv. í Nd., — ef við breyttum, yrði því áreiðanlega breytt aftur í Nd., sögðu þeir. Þarna var um þá ákvörðun að ræða, hvort þær 2 millj., er um getur í 6. gr. a., skuli lagðar í sérstakan sjóð, er renni sem óendurkræfur byggingarstyrkur til báta, svo sem frv. ákveður, eða sjóðnum skyldi varið til að lána heldur út á 2. og 3. veðrétt bátanna eða skipanna. Persónulega verð ég að lýsa yfir því, að ég hefði miklu heldur kosið hið síðara, þótt ég fylgi málinu úr deildinni án þess. Ég teldi það miklu meiri hjálp fyrir útveginn að sjá honum þannig fyrir lánsfé til frambúðar heldur en styrk í eitt skipti, sem fer í eyðslueyri. En ég vil ekki stofna frv. í hættu vegna mismunandi skoðana um þetta.

Það kom til mála í n., að fella þyrfti úr 3. gr., sem bannar að lána nema gegn 1. veðrétti. En n. sér ekki ástæðu til þess, úr því að ekki fékkst breyt. á 6. gr., enda má sjóðurinn ekki lána út á meira en 50% eða 60% af bátsverðinu, svo að ástæðulaust er að binda þar nema 1. veðrétt, ef annars staðar væri hægt að nota 2. og 3. veðrétt til lántöku.

Þá var mikið um það rætt, hvort rétt mundi að breyta 5. gr., sem ákveður, að í stað 4½% vaxta komi 3%, eins og samþ. var í Nd. Séu 3% vextirnir lögbundnir, hlýtur það að framkalla endurskoðun á vaxtagreiðslum annarra manna í landinu, sem greiða hærra, t. d. bænda.

Niðurstaða sjútvn. við athugun þessa máls hefur orðið sú, að öll n. hefur orðið sammála um þá breyt., að í stað þess, sem segir í 6. gr., að úthlutun styrkjanna sé falin þriggja manna n. eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, komi, að úthlutunin sé falin stj. Fiskveiðasjóðs Íslands.

Þetta er sú eina breyt., er sjútvn. hefur orðið sammála um að gera á frv., og ég get sagt fyrir mig, að samþykkt þessarar brtt. er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að ég geti greitt frv. atkv. Ef breyt. þessi yrði felld, þá fylgi ég frv. ekki úr deildinni.

Það væri hrein fjarstæða að ætla, að 6. gr. frv., eins og hún er nú eftir 3. umr. í Nd., verði til annars en skapa togstreitu um þær tvær millj. kr., sem úthluta á úr sjóðnum. Það er ekki heldur von til þess, að Alþýðusambandið, sem er landssamband vélstjóra, iðnaðarmanna og annarra stétta, hafi aðstöðu til að meta réttilega

styrkjaumsóknir og annað varðandi úthlutun styrkjanna. Og um Farmanna- og fiskimannasamband Íslands er það að segja, að þar er mest miðað við farmennsku, en ekki fiskveiðar. Því ættu þeir ekki að hafa nein áhrif á úthlutun þess fjár, er fara á til eflingar fiskveiðanna. Það mun sjálfsagt nóg verða karpað um þá úthlutun, þó að ekki sé verið að blanda þar inn í óskyldum aðilum.

Ég vil svo óska, að hv. d. hraði afgreiðslu þessa frv., því að ef breyt. þessi verður samþ., þarf frv. aftur að fara til hv. Nd. Ég vil og leyfa mér að benda á, að allt bendir til þess, að l. um þetta efni komi aftur undir nákvæma rannsókn, og að þeim verði þá breytt á ýmsan hátt, svo að allir aðilar geti fellt sig við þau. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið til athugunar undanfarin þing, og væri það æskilegt, að það fengi nú fram að ganga. En mál þetta hefur undanfarið verið ýmsum breyt. háð og ekki fengið að festast þannig, að hægt væri algerlega að ganga úr skugga um hvaða dóm reynslan leggur á það. En hér er vissulega um þýðingarmikið og brýnt mál að ræða, þar sem er aðalstoð smábátaútvegsins í landinu.

Ingvar Pálmason: Þó að fiskveiðasjóður Íslands sé nú kominn nokkuð á fjórða áratuginn að aldri til, var sjóðurinn frekar smár og lítils megandi allt fram til ársins 1930. Stofnfé hans var í byrjun 20 þús. kr., og það bagaði sjóðinn, að engar lánsheimildir voru til honum til handa. En smám saman tókst þó að fá stofnfé sjóðsins eflt um 600 þús. kr.

En árið 1930 verður breyting á þessu. Nokkrir þm. taka sig saman um það að efla fiskveiðasjóð, svo að hann geti orðið aðallánsstofnun til stofnlána fyrir smærri útveginn. Þó var ekki farið hærra en það að setja 1 millj. kr. í stofnfé. En þetta varð þess þó valdandi, að fiskveiðasjóður var orðinn lífsnauðsynleg stofnun fyrir útveginn. Síðan var unnið að því að efla sjóðinn, auka stofnfé hans og lánsheimildir, og ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þó að sagt sé, að fáar stofnanir hafi mætt jafnlitlum skakkaföllum og þessi stofnun, og það hefur þent á, að fyrirkomulag sjóðsins hefur verið traustlega byggt upp. Þessu er þeim mun meiri gaumur gefandi sem sjávarútvegurinn hefur oft á tíðum verið misbrestasamur, sá atvinnuvegurinn, sem afkoma sjóðsins hlýtur að meira eða minna leyti að byggjast á.

Nú hefur á síðustu þingum verið samþ. breyt. á fiskveiðasjóðnum, og er eðlilegt að halda þróun sjóðsins áfram, en með gætni þó. Þess verður að gæta, að stofnunin er ung enn þá, og það er áreiðanlega áhættusamt að reka slíka lánsstofnun, þó að vel hafi gengið til þessa. Ég hef t. d. heyrt, að bankar hafi stundum tapað fé á slíkum útlánum.

Það er nú einu sinni svo, að af öllu góðu má of mikið gera. Það hefði verið æskilegt, að eitt þing hefði a. m. k. fengið að líða án þess að til breyt. á sjóðnum þyrfti að koma, en að hann hefði fengið að þróast af eðlilegri rás viðburðanna. Nú hefur sá þm., sem á undanförnum tveimur þingum hefur flutt frv. um breyt. á fiskveiðasjóðnum, enn flutt það frv. á þessu þingi.

Það má um þessa breyt. hv. þm. segja, að hún er aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi að efla sjóðinn, og er ekki nema gott eitt við því að segja. Í öðru lagi að bæta hag viðskiptamanna sjóðsins, og er ekkert við það að athuga út af fyrir sig. Og í þriðja lagi að koma inn ákvæði, sem er óskylt fiskveiðasjóðnum. Er það ákvæðið í 1. gr., um styrkveitingar til skipabygginga. Það verður að líta svo á, að þetta sé óskylt sjóðnum, og væri þessu atriði bezt fyrir komið með alveg sérstökum lögum og sjóðnum þar ekkert blandað inn í.

Ég hef þá drepið á sögu fiskveiðasjóðsins, þróun hans og þær tilraunir, sem af hálfu Alþ. hafa komið fram til þess að efla hann. Vil ég þá snúa mér að frv. sjálfu, er hér liggur fyrir, sem ég tel vera athyglisvert, en ég mun láta nægja að ræða einstaka liði frv., um leið og ég minnist á þá í sambandi við þær brtt., er ég flyt við frv. Verður það og til þess að flýta fyrir málinu.

Ég hlýt þó að verða að benda á það, að meðferð þessa máls í Nd. er harla einkennileg. Venjan við afgreiðslu mála er sú að senda þau til umsagnar þeirra, er á einhvern hátt eru tengdir málunum eða hafa til að bera sérþekkingu á þeim. Þessi venja var að vísu viðhöfð í máli þessu í Nd. Það var sent til umsagnar stj. fiskveiðasjóðs, Fiskifélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Umsögn þessara aðila varð svo að segja að mestu leyti neikvæð. Stj. fiskveiðasjóðs leggur beint á móti því atriði í frv., sem ég sagði, að væri fiskveiðasjóðnum óskylt. Þetta verður tæplega skilið á annan veg en þann, að hér sé um að ræða málaflutning meira af kappi en forsjá. Hvers vegna er verið að senda þetta mál til þeirra, er framkvæma eiga l. eða hafa sérþekkingu til að bera, og fá umsögn þeirra, ef svo er ekki að neinu leyti tekið tillit til þeirra?

Þá vil ég benda á, að af ræðu hv. frsm. mátti skilja, að hann er í raun og veru sammála till. mínum, og hann á heiður skilið fyrir það. En hann ber of mikla „respekt“ fyrir hv. Nd. til þess að honum sé auðið að standa algerlega með mínum brtt., og harma ég það. Það er því allt útlit fyrir, að frv. verði samþ. með einni smábreyt., því að sjútvn. gat þó orðið sammála um eina breyt. ekki mikla, sem ég fylgi, þó að sú brtt. setji málið líka í hættu.

Vil ég þá snúa mér að brtt. mínum á þskj. 327. Fyrsta brtt. er um það, að 3. gr. frv. falli niður sem segir, að aðeins séu veitt lán úr sjóðnum gegn 1. veðrétti. Það er alveg rétt hjá hv. frsm., að þessi brtt. stendur í sambandi við 3. brtt. En þó að ekki sé tekið tillit til þess sambands, þá er ekki rétt að sleppa brtt. Þetta atriði hefur frá byrjun ekki staðið í l. um fiskveiðasjóðinn, en það hefur þó alltaf verið svo í framkvæmdinni og því ekkert tilefni til að setja það í l.

Önnur brtt. mín er við 5. gr., um að hækka vextina úr 3%, sem frv. tilgreinir eins og það er nú, í 4%. Þetta atriði held ég, að þingið ætti að athuga með gaumgæfni. Hv. frsm. vék að þessu og drap réttilega á það, að ef horfið yrði að þessu ráði, að lækka vextina, þá mundi af þessu óhjákvæmilega leiða það, að lækka yrði vexti hlutaðeigandi lána bæði til landbúnaðarins og iðnaðar-

ins, þannig að þessar starfsgreinar þjóðfélagsins fengju við sömu kjör að búa og sjávarútvegurinn í þessu tilliti. Í sjálfu sér er ekki nema gott eitt við þessu að segja, ef það er bara hægt, en það *efast ég nú um, þó að ég sé lítill hagfræðingur.* Þetta verður að athuga þegar á þessu þingi og gæta þess, að það fari ekki óhugsað út úr d. í trausti þess, að kannske verði þetta betur athugað á næsta þingi. Þó svo að þessari hættu væri ekki til að dreifa, þá álít ég þessa breyt., sem fyrirhuguð er á l. með frv. um vextina, vera stórhættulega á fleiri sviðum vegna þeirra eftirkasta, er hún kynni að hafa í för með sér. Við verðum að horfast í augu við það, að Ísland er fátækt land peningalega séð, og það, sem mest bagar okkur, er fjárskorturinn við hinar ýmsu framkvæmdir í landinu, svo að við verðum við framkvæmdirnar að fara út úr landinu til að fá lán. Þó að svo standi á nú, að hér sé milljónum velt fyrirhafnarlitið, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, að það er ekki nema um stundarsakir. Við erum enn á sömu breiddargráðunni og höfum við sömu erfiðleikana að stríða, því að Ísland er „kapitalskt" fátækt land.

Er þetta þá ekki glapræði, ef við getum ekki haldið innlánsvöxtum svo háum, að þeir fáu sparisjóðseigendur, sem hér eru, sjái sér ávinning í að geyma fé sitt í sjóði? Sjá ekki hv. þm., hversu hættuleg sú braut er, þegar setja á útlánsvexti niður fyrir innlánsvexti? Peningarnir munu þá hverfa í eitthvað annað. Þrátt fyrir allt gefa þó atvinnuvegirnir meiri vexti en þessa útlánsvexti hér.

Ég held, að það megi telja, að Alþ. afgr. oft gálauslega ýmis mál, því er verr og miður, og mér virðist svo sem reyndin ætli sú að verða hér í þessu máli. En mér fannst það ekki með öllu óbyrgðarlaust, að málið færi út úr þessari d. svo, að ekki yrði vakin athygli á þessu atriði, er ég var að fjalla um, og því flyt ég þessa brtt. mína.

Hitt virðist mér liggja fyrir með mál þetta, að það sé drifið í gegn og afgr., þó að einstaka þm. hafi opin augu fyrir þeirri hættu, sem hér er verið að leggja út í með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir, hvað áhrærir þetta atriði, er ég minntist á í sambandi við brtt. mína.

Þriðja brtt. mín er við 6. gr., en sú grein er, eins og hv. dm. munu sjá, um allt annað efni en starf fiskveiðasjóðs, þar sem sú gr. fjallar um byggingu veiðiskipa. Út af fyrir sig er ekki nema allt gott um tilgang þessarar gr. að segja, og er það lofsvert að vilja styðja einnig þessa hlið útvegsins. En hitt er svo annað mál, og um það munu menn ekki sammála, hvort hér sé rétt að farið eða ekki.

Mér virðist, eins og efni 6. gr. kemur mér fyrir sjónir, að ekki sé að ræða um styrki, heldur gjafir. Þó að ég sé ekki neinn sérstakur málfræðingur, þá skil ég svo hugtakið styrkur, að það sé einhver hjálp eða aðstoð, sem veitt sé án þess þó, að hægt sé að kalla það beina gjöf. Nú getur vel verið, að ástæða sé til þess að gefa smærri vélbátaútveginum einhverjar gjafir, þeim atvinnurekstri til aukningar, en þá verður að gæta þess vel um leið, að gjöfin komi niður á réttum aðila og komi honum að notum; að ekki sé verið að *gefa starfsmönnunum við atvinnugreinina*, heldur fari sú gjöf til atvinnugreinarinnar sjálfrar. Mér virðist eitthvað slíkt ætla að eiga sér stað með frv. þessu, að hér sé verið að skjóta yfir markið. Ég óttast, að styrkurinn, em veittur yrði samkv. 6. gr. frv., verði í mörgum tilfellum veittur til einstaklinga, þeim til framdráttar og persónulegs hagnaðar. Hv. Nd. hefur séð, að þessi hætta var yfirvofandi, og breytti 6. gr. frv. á þá leið, að þetta yrði fyrirbyggt. En lausatökin voru þó svo mikil, að þetta er ekki nema hálft verk, því að hv. Nd. hefur ekki gefið sér tíma til að semja nýja 7. gr., til þess að þessi styrkur færi ekki til þess að styrkja atvinnurekandann persónulega. Við skulum athuga þetta nánar með því að taka dæmi.

Ég byggi skip fyrir 200 þús. kr., fæ lán í fiskveiðasjóði, 100—130 þús. kr., og 25 þús. kr. í styrk. Ég geri svo skipið út í eina til tvær vertíðir. Þrátt fyrir ekki mikið tap, sé ég ekki ástæðu til að halda áfram og sel skipið. Hver er það þá, sem eignast styrkinn? Leikur ekki vafi á því, að það er ég, sem hlýt þennan styrk. En er nokkur ástæða til þess að gefa mér þennan styrk? Ég sé hana ekki.

Við skulum taka annað dæmi um skip, sem er byggt á þennan hátt með 25% styrk. Skipið ferst svo. Fer þá ekki styrkurinn einnig til atvinnurekandans. Það má að vísu segja að styrkurinn sé algerlega tapaður í seinna tilfellinu, en í 1. dæminu komi hann ekki að gagni. (*LJóh:* Fæst þá vátrygging fyrir eins hárri upphæð og byggingarkostnaðinum nemur?). Ég held, að ekki séu vandkvæði á því að fá þau tryggð það hátt og jafnvel tryggð meira en byggingarkostnaðinum nemur.

Svona mætti telja áfram, en ég vil samt ekki, að horfið sé frá því, að ríkið leggi 3 millj. kr. til þess að endurnýja fiskiflotann. Ég vil aðeins, að þetta sé gert í öðru formi. Ég tel það langtum heppilegra, að stofnuð verði sérstök deild við fiskveiðasjóðinn, er hefur þetta starf með höndum og lánar út á 2. og 3. veðrétt, þar sem með því á að nást sama takmark og út á 1. veðrétt. Eru þá eftir 50% af styrknum, sem ekki er horfið fé, en hitt er horfið og verður ekki notað fyrr en eftir 20 til 30 ár.

Ég vil benda á, að þegar samþ. voru l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, lagði ríkið fram 1½ millj. kr. til bjargar útveginum. Þegar fengin var afskrift af skuldum vélbátaeigenda, var þeim lánað út á 3., 4. eða 5. veðrétt, til þess að þeir gætu haldið fleytum sínum. Ég hygg, að þessi ráðstöfun hafi unnið atvinnuveginum geysimikið gagn, og má segja, að hún hafi bjargað honum. Er því mikið fé komið úr skuldaskilasjóði eða full 900 þús. kr., sem runnið hafa í fiskveiðasjóð, og hann nú getur lánað út.

Þá vil ég taka það fram, að ekki er hér farið fram á gjöf, heldur hjálp til handa útgerðarmönnum. Hef ég talað við fjölda útgerðarmanna og sjómanna, sem óska, að þessi hjálp komi fram í áhættulánum, en ekki sem gjöf. Hvernig sem á þetta mál er litið, held ég, að sú leið, sem ég sting upp á, að farin verði, sé einna heppilegust, því að með henni næst fullkomið samræmi í þessu efni. En eins og frv. liggur fyrir, er hér verið að *stofna sjóð til að veita gjafir úr, og á*

sjóðurinn ekkert að gera annað en geyma peningana, þar til ákveðið hefur verið hver eigi að hljóta þá, en þá á að telja þá út.

Ég veit, að stjórn fiskveiðasjóðs hefur beiðzt undan að hafa úthlutun þessa fjár á hendi, og er það eðlilegt.

Þá vil ég vitna til þess, hvernig stjórn sjóðsins hefur farið úr hendi þessi 10—20 ár, sem hann hefur starfað.

Mér þykir einkennileg aðstaða alþýðuflokksmanna og sósialista. Þeir eru margir búnir að tala hér í þessu máli. Nýlega hafa þeir greitt atkv. með því, að jarðræktarstyrkurinn sé háður kvöðum. En þeir eru því fylgjandi, að þessi styrkur sé veittur kvaðalaust. Nú er það ástand í landinu, að ríkið verður að taka á sig einhvern hluta af kostnaði við byggingu nýrra skipa. En ég vil ekki, að því sé blandað við fiskveiðasjóð, því að hér er verið að blanda saman algerlega óskyldum málefnum. Ég skal ekki segja, nema ég geti stutt þetta mál, ef á frv. verða gerðar nokkrar umbætur. En þingið má ekki láta aðra eins handaskömm frá sér fara og þetta frv. er, eins og það liggur nú fyrir.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. (GJ) hefur skýrt mér frá því, að samkomulag hafi orðið um að taka aftur brtt. við frv. til 3. umr. Ætla ég því ekki að orðlengja um málið nú. Og eins og málið er nú statt, álít ég illa farið, að það þarf að tefjast, svo mikil nauðsyn sem á því er að koma máli þessu fram.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get líka fallið frá orðinu, ef samkomulag er um að taka brtt. aftur til 3. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil skýra frá því, að til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins hefur orðið samkomulag milli mín og hv. 1. þm. S.-M. (IngP) um það að taka allar brtt. aftur til 3. umr. og að ekki yrðu hafðar umr. um það á þessu stigi málsins og ekki fyrr en það kemur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 326 og 327 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 239, 326, 327).

Ingvar Pálmason: Það varð að samkomulagi við 2. umr. þessa máls, að ég tæki aftur brtt. á þskj. 327 til 3. umr. Byggðist þetta á því, að það virtist vera nokkur von um, að hægt væri að fá samkomulag um þessar brtt. Síðan hefur verið leitazt fyrir um það, hvernig málið stæði í þinginu, hvort til væri meiri hl. innan þingsins fyrir þeim breyt., sem eru á þskj. 327, og ég gerði allýtarlega tilraun til að rannsaka þetta. Og ég hygg, að formaður sjútvn. hafi líka gert nokkra tilraun til þess. Við þessa rannsókn kom í ljós, að það er fullvíst, að fyrir þessum breyt., sérstaklega breyt. á 6. gr. frv., er til staðar nægilegt fylgi til þess að þetta yrði samþ. En einhverjar ástæður valda því, að þetta fylgi fæst ekki fram, og get ég því til sönnunar skírskotað til ummæla hv. þm. Barð. (GJ), sem hefur hér í d. lýst yfir, að í raun og veru væri hann alveg sammála þessum brtt., og svo mun vera um fleiri í þeim flokki. Hvað svo veldur því, að þessi vilji fær ekki að njóta sín, get ég ekki um dæmt og kæri mig ekki um að leggja neinn dóm á það. En ég vil segja, að það eru hér að verki einhver öfl, sem ég tel, að séu ekki sem heilbrigðust, þegar það er tilfellið, að hinn rétti og sanni þingvilji fær ekki að njóta sín. Ég er þó enn ekki alveg úrkula vonar um það, að brtt. mínar nái samþykki. Og því er það, að ég óska þess, að nú verði látin ganga atkv. um þær hér í hv. d. Ég tel þetta mjög illa farið, að svona þyrfti að takast til, ekki sízt vegna þess, að mér virðist, að undir þá skoðun mína, sem felst í brtt. mínum á þskj. 327, renni allsterkar stoðir. Og vil ég þar skírskota til umsagna þeirra, sem gefnar voru um þetta mál til hv. sjútvn. Nd., bæði frá stjórn fiskveiðasjóðs, frá stjórn Fiskifélagsins, frá fiskimálan. og frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og ummæli allra þessara aðila hnigu í þá átt, að þeir séu andvígir þeirri stefnu, sem fram kemur í frv., en láta, a. m. k. sumir þeirra, fyllilega í ljós, að þeir mundu telja réttláta og vilja fylgja þeirri stefnu, sem kemur fram í brtt. mínum. Og það mun ekki ofmælt um hina aðra af þessum aðilum, að það virðist vera, að þeir mundu frekar fallast á þá stefnu.

Ég sé ekki við þessa umr. ástæðu til að fara út í rökstuðning fyrir þessum till. Ég þóttist gera það allrækilega við 2. umr. málsins, enda er það það merkilega, sem á sér stað hér í hv. d., að ég hef ekki orðið var við opinber andmæli gegn þessum brtt. Og það virðist sem sé vera, að ástæðurnar fyrir því, að þessar brtt. ná ekki fram að ganga, sé eitthvað, sem ekki hefur komið fram í þinginu. Ég veit vel ástæðu hv. þm. Barð., form. sjútvn., því að við erum búnir að ræða þetta mál svo, að ég þekki afstöðu hans og skil hana mjög vel. En raunalegt er, að svo skuli þurfa að fara.

Ég vil aðeins bæta því við, að ég hef fulla heimild fyrir því, að það komi fram, að Framsfl. muni allur standa óskiptur að þessum brtt., þó að hann kannske standi ekki óskiptur að öllum atriðum frv. Og ég hygg, að ef þessar brtt. væru samþ., mundi hann ekki gera minnstu tilraun til að setja fót fyrir málið. Ég hef nokkra ástæðu til að ætla líka, að Sósfl. standi óskiptur að þessum brtt., þó að ég hafi ekki haft neina aðstöðu til að rannsaka það, og ég byggi það á því, að í n. í Nd. munu hafa komið fram till. frá fulltrúum Sósfl. í sjútvn. Nd., einmitt sams konar till. og ég flyt hér, a. m. k. að því er snertir 6. gr.

Ég geri ráð fyrir, að því verði haldið fram sem aðalástæðu fyrir því að vera á móti þessum brtt.,

að þær stofni frv. í hættu, ef þær væru samþ., og ég skil það, að menn, sem er kappsmál, að frv. gangi fram, vilja ekki stofna því í hættu. En þessar breyt., þó samþ. verði, stofna frv. ekki í hættu í Nd., svo framarlega sem vilji a. m. k. tveggja þm., sem tilheyra Sjálfstfl., fær að njóta sín, — það er ég viss um. Í öðru lagi vil ég benda á að allar líkur eru til, að frv. fari héðan úr hv. d. breytt, þannig að sett verði hér í hv. d. í frv. breyt., sem olli ákaflega miklum deilum í hv. Nd. og ég, frá þeirri kynningu, sem ég hef haft af meðferð málsins í Nd., hef ástæðu til að halda, að verði lögð ákaflega mikil áherzla á, að tekin verði út aftur í Nd. Ég skal játa, að ég er einn af flytjendum þessarar brtt., brtt. n., sem n. flytur með sínu nál. Ég legg ekki nærri eins mikla áherzlu á þá brtt. eins og þá brtt., sem ég flyt á þskj. 327, og ég mundi tvímælalaust skipta á þeim ágreiningsefnum. Hins vegar tel ég og taldi í n. strax, að ef þau ákvæði frv., sem nú eru í því, að fiskveiðasjóður hefði engin afskipti af þessari nýju deild, sem stofna á með 2 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði og ⅓ hluta af útflutningsgjaldinu, — ef fiskveiðasjóður ætti engin áhrif að hafa á það önnur en að taka á móti tekjunum og telja svo út peningana, þegar aðrir, honum alveg óviðkomandi aðilar, væru búnir að skipta þeim, þá tel ég rétt, að úr því að þessi deild er stofnuð við fiskveiðasjóð, að hún sé svo mikið tengd sjóðnum, að stjórn fiskveiðasjóðs hafi með höndum úthlutun úr þessari sjóðsdeild. Þess vegna var ég meðflm. þeirrar brtt., en alls ekki af því, að ég áliti, að sú brtt. skipti aðalmáli í þessu máli eða sé meginatriði í því.

Ég hygg, eftir þeim fregnum, sem ég hef fengið, og það frá heimildum, sem ég hef enga ástæðu til að rengja, að litlar líkur séu til þess, að brtt. minar verði samþ. í hv. d., en að allmiklar líkur séu til þess, að brtt. n. verði samþ. Af þessu leiðir samt sem áður óhjákvæmilega, að málið fer til hv. Nd. Og ég gæti búizt við því, ef brtt. n. verður samþ., að hún gæti valdið nokkrum umr. í hv. Nd. Það verður að skeika að sköpuðu, hvernig fer um brtt. minar. En ekki þætti mér alveg vonlaust, að þær yrðu teknar upp í hv. Nd., og ég get ekki sagt um, hvernig fer þá um málið. En þá segi ég, að ég ber enga ábyrgð á því, þótt fyrir þetta mál verði á einn eða annan hátt settur sá fótur, að það komist ekki úr þinginu nú. En hitt skal ég staðhæfa og stend við það, að í Nd. eru brtt. minum tryggð 17 atkv. Og þá ber hv. þdm. hér að meta það, hvor hættan er meiri, að samþ. þessar brtt. nú og láta frv. fara til Nd. með þeirri einu breyt., sem n. leggur til, eða lagfæra frv. þannig að koma því í það horf, sem eðlilegt er og meiri hl. þingsins óskar.

Ég held, að til grundvallar hinni sennilega væntanlegu afgreiðslu þessa máls liggi vægast sagt misskilningur, og það er illa farið. Því að ég er sannfærður um það, eins og frv. er nú, ef það verður að l. óbreytt, sem nú er ætlazt til, þ. e. 6. gr. þess óbreytt, þá líður ekki langur tími þangað til gerð verður tilraun til að gera breyt. þar á og fleiri gr. laganna.

Ég veit ekki, hvort ég sit á næsta þingi, og ég gef engin fyrirheit um það. En ekki þætti mér ólíklegt, ef ég ætti að sitja á næsta þingi, að ég yrði meðflm. að brtt. á þeim lagaákvæðum, sem samþ. yrðu með þessu frv., ef samþ. verður í því formi, sem það er nú í, eða með breyt., sem n. fer fram á. Og segi ég þetta af því, að mér er þetta feikilega mikið alvörumál og ég er sannfærður um, að ég hef rétt fyrir mér.

Ég vildi láta þetta koma fram hér í hv. d., áður en brtt. minar fara undir atkv., og tel ég mig alls ekki gera neina vísvitandi tilraun til þess að stöðva málið. Og ég get lýst yfir, að hvernig svo sem fer um þetta mál, þá eru í frv. þau ákvæði, sem gera það að verkum, að ég get ekki, þrátt fyrir þá megingalla, sem á því eru, og mun ekki greiða atkv. á móti því út úr þinginu. Hins vegar mun ég ekki greiða atkv. með því nema því aðeins, að ég sjái, að það velti á því, hvernig mitt atkv. er, hvort málið gengur fram eða ekki. Þá mun ég skoða hug minn um það, hvort ég greiði atkv. með því eða ekki.

Frsm. (Gísli Jónsson): Eins og hv. 1. þm. S.-M. lýsti, voru allar brtt. teknar aftur til 3. umr., til þess að reyna að fá samkomulag um þetta mál á milli flokkanna og enn fremur milli sjútvn. beggja d. Það var haldinn fundur með sjútvn. hv. Nd. um málið, og það kom fram frá meiri hl. þeirrar n., m. a. frá formanni n., sterk andstaða gegn því að breyta frv. í það horf, sem sjútvn. Ed. vildi vera láta. Ég finn mig knúinn til að lýsa því hér, að ég hefði sjálfur viljað breyta frv. í það horf, sem hv. 1. þm. S.-M. leggur til, með því að ég tel það miklu viturlegra. Og að ég fylgi ekki brtt. hans hér í þessari hv. d., stafar eingöngu af því, að mikill meiri hluti þeirra manna, sem standa utan um þetta mál í báðum d., bera það fram og halda fast við það, að með því að samþ. brtt. hv. 1. þm. S.-M. sé málið í raun og veru drepið hér í hv. Ed. Það er eina ástæðan fyrir því, að ég vil ekki fylgja brtt. eins og hún er komin fram frá hv. 1. þm. S.-M.

Á sama hátt fullvissa þeir um og bera á því ábyrgð, að frv. gangi fram með þeirri breyt., sem lagt er til á þskj. 326 frá sjútvn., en það er skilyrði mitt fyrir samþykki við frv., að sú brtt. gangi fram. Verði hún felld, greiði ég atkv. gegn frv., hvernig sem um málið fer á eftir. Tekið skal fram til að fyrirbyggja misskilning, að verði brtt. á þskj. 327 samþ. og féð ekki veitt sem styrkur, er brtt. á þskj. 326 þar með úr sögunni. Þó að nú verði samþ. styrkjaleiðin, mun ekki líða lengra en til næsta þings, áður en þetta mál verður tekið upp aftur. Þó að mönnum sýnist rétt að verja þessum 2 millj. svona, hafa menn varla áttað sig á því, að hér er verið að útbýta ⅓ útflutningsgjaldsins um aldur og ævi. Það verða gerðar sterkar tilraunir til að fá því breytt.

Ég tel mig þá hafa skýrt þau atriði þessa máls, sem hv. 1. þm. S.-M. ræddi um.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get verið sammála hv. 1. þm. S.-M. um það, að einkennilegt sé, ef meiri hl. er með þeirri breyt., sem hann berst fyrir, skuli sá meiri hl. ekki geta komið sér saman og afgr. frv. eins og hann virðist óska sameiginlega og teldi réttast. Ég er sammála þm. um það og hygg það vera afstöðu Sósfl., að heppilegast væri að komast hjá því að fara styrkja-

leiðina, en fara heldur þá leið, sem hann fer með brtt. á þskj. 327. Hins vegar getur Sósfl. ekki fallizt á till. hans eins og hún er fram borin. Fulltrúi flokksins í sjútvn. Nd. gerði tilraun til að breyta þessu í frv. í það horf, að stofnuð yrði sérstök deild við fiskveiðasjóð til að lána gegn 2. og 3. veðrétti, eins og lagt er til á þskj. 327, en til þess að sú leið sé fær, þarf miklu skýrari ákvæði. Að gagni kemur hún ekki, svo framarlega sem ákveðið er, að lánin séu með 4% vöxtum. Og auk þess er óhjákvæmilegt, að reglur séu settar í l. sjálfum að því, er snertir styrkveitingarnar eða lánveitingarnar, svo að 3. brtt. á þskj. 327 er alls ónóg.

Á hinn bóginn álítur Sósfl. hér vera svo mikið mál um að ræða, að rétt sé að samþ. það, þótt það fáist ekki fram í þeirri mynd, sem hann hefði kosið.

Það er ekki rétt, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði við fyrri umr., að hér væru engin ákvæði, sem jafngiltu 17. gr. jarðræktarl. Í frv. er einmitt slíkt ákvæði. Þar segir, að í reglugerð skuli sett ákvæði til tryggingar því, að styrkirnir verði ekki misnotaðir með því að verzla með þá eða á annan hátt. (IngP: Það orðalag nær of skammt). Það er hugsað þannig, að í reglugerð megi bæta um orðalagið, svo að dugi, svo að með engu móti verði „verzlað“ með styrkina. Ef reglugerðin kemur ekki í veg fyrir það, er hún ekki í samræmi við lögin. En þm. getur, þótt mér sýnist það ekki nauðsyn, komið með brtt. um strangara orðalag.

Þá kem ég að brtt. sjútvn., að styrkjum skuli úthlutað af stjórn fiskveiðasjóðs, þ. e. a. s. af framkvæmdastjórn Útvegsbankans. Ég tel alveg ófært, að þessi till. verði samþ. Ég tel það í alla staði óviðeigandi, að stjórn bankans sé látin úthluta þessu fé, þar sem hún hefur þarna mjög mikilla hagsmuna að gæta og hlýtur að vera geysileg freisting fyrir hana sem hverja aðra bankastjórn að gera það við úthlutunina. Nú er sagt, að hún sé ekkert hrifin af að fá þetta vald, því að henni er ljóst, hve örðugt muni að sleppa þar við tortryggni. Hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) lýsti yfir því við umr. í Nd., þar sem þetta ákvæði var síðan fellt, að hann teldi samþykkt þess slíka fjarstæðu, að um langt skeið hefði engin önnur eins náð samþykki Alþingis. Ég er honum alveg sammála um það. Þess vegna trúi ég ekki öðru en allir framsóknarmenn greiði atkv. móti þessu. Það var fellt í Nd. og samþ. annað fyrirkomulag, sem e. t. v. má gagnrýna, en meðan ekki finnst annað betra, þá er að hafa það. Ég tel, að samþykkt þessarar till. gæti ekki orðið til annars en tefja málið eða jafnvel stofna því í mikla hættu.

Þar sem till. á þskj. 327 yrðu hins vegar til að drepa frv., ef samþ. yrðu, mun ég greiða atkv. móti þeim brtt., sem fyrir liggja.

ATKVGR.

Brtt. 327,1 felld með 9:4 atkv.

— 327,2 samþ. með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, LJóh, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, BBen.

nei: KA, BrB, GJ, GÍG, HG, StgrA.

EE, HermJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJ, PM) fjarstaddir.

Brtt. 327,3 felld með 9 shlj. atkv.

— 326 samþ. með 10:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 381).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins vekja athygli á því, að núna á stundinni var verið að útbýta þingskjölum, sem á eru prentaðar brtt. við frv. þetta, er samþ. voru í hv. Ed.

Ég vildi aðeins í því sambandi gera þá till., að umr. um mál þetta verði frestað, þar til sjútvn. hefur fengið tækifæri til að athuga þessar breytingar.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Það var aðeins um þetta sama atriði, sem ég ætlaði að tala. Það hafa verið samþ. tvær brtt. við frv. þetta í Ed., sem hafa talsverða þýðingu. Ég teldi ekki óeðlilegt, að sjútvn. fengi að bera saman ráð sín um þær, áður en lengra er haldið.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil einnig mæla eindregið með því, að málinu verði frestað til morguns. Það hafa verið samþ. við það tvær nokkuð mikilsverðar brtt. í Ed. Önnur er sú, að stjórn fiskveiðasjóðs verði falið að úthluta styrkjunum í stað Útvegsbankans, sem hv. dm. hér voru ekki sammála um.

Af því ég vil, að frv. þetta nái fram að ganga og ekki sé stofnað til togstreitu milli d. um það, þá þætti mér æskilegt, að sjútvn. fengi tóm til að athuga þessar brtt. og gera tilraun til samkomulags. Ég vildi því, að málinu yrði frestað til morguns.

Finnur Jónsson: Ég er einn af þeim, sem áhuga hafa fyrir framgangi þessa máls, og ég held, að ég hafi ekki minni áhuga á því en þeir hv. þm., sem talað hafa hér um frestun þess. Það er talað um frestun til morguns, en það er ekki líklegt, að neinn fundur verði í þessari hv. d. á morgun, og verði þingi ekki frestað, þá er enginn tími orðinn eftir til að ræða brtt. og velta málinu milli deilda.

Fyrir þá, sem vilja framgang málsins á þessu þingi og enga togstreitu um það, er það nú helzt að samþ. frv. eins og það kemur frá Ed. Að vísu voru þar gerðar á því tvær breyt., um hækkun á útlánsvöxtum og hverjir úthluta skuli styrkjunum. En fari nú svo, að þessu þingi verði slitið alveg á næstunni, þá er hægt að flytja frv. til breyt. á næsta þingi, ef þm. eru ekki alls kostar ánægðir með frv. eins og það nú kemur frá Ed. Þetta er tryggara en stofna nú málinu í hættu, svo að það verði e. t. v. ekki samþ. á þessu þingi. Ég vildi því freista þess að reyna að fá málið afgr. á þessum fundi.

Þær breyt., sem gerðar hafa nú verið í Ed., hafa að nokkru leyti komið til álita í sjútvn., og ég tel þær ekki skipta svo miklu máli, að málinu í heild sé stofnandi í hættu þeirra vegna.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Ég sé það nú, að enginn tími muni vera til að fresta þessu máli. Annars er það rétt, sem hv. 6. landsk. sagði, að talsvert mikilsverðar breyt. hafa verið gerðar í Ed. Einkum er það breyt. með hækkun vaxtanna, því að ég legg ekki mikið upp úr, hver úthlutar styrkjunum, — treysti öllum vel til þess.

Forseti (JJós): Hér hafa komið fram kröfur um að fresta málinu og taka það út af dagskrá. Þær eru byggðar á því, að breyt. var gerð á málinu í Ed. Þessum kröfum hefur verið mótmælt, sérstaklega af hv. þm. Ísf., sem er formaður sjútvn., og hv. flm. Ég verð að fallast á þau rök, sem þeir hafa fram talið, að fyrir þá, sem vilja styðja að framgangi þessa frv. og aðaltilgangi, getur sú breyt., sem gerð var á frv. í Ed., ekki skipt neinu verulegu máli. Hins vegar er rétt að fara fram með allri sanngirni í þessu máli, og vil ég því gefa hv. þdm. tóm til að átta sig betur á þessari breyt., ef þörf er á, samkv. tilmælum hv. 2. þm. S.-M. Ég mun því fresta umr. um þetta mál um stund, tek það ekki út af dagskrá, en tek önnur mál fyrir.

Umræðu frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Einar Olgeirsson: Það var búið að afgr. þetta mál hér áður úr hv. d. eftir ýtarlega rannsókn í n. Og nú hefur hv. Ed. gert mjög veigamiklar breyt. Mér finnst ekki endilega þurfa að láta þar við sitja, að Nd. ætti þess vegna að sætta sig við að afgr. frv. þannig frá sér. Það væri mjög óviðkunnanlegt, að hv. Ed., sem skipuð er helmingi færri þingmönnum, færi að heimta slíkt af Nd. með þeirri forsendu, að annars væri málið komið í hættu. Ég álít, að þótt orðið sé þetta áliðið, þá sé samt hægt að samþykkja brtt. við þessa tvo liði, sem hefur verið breytt, og senda málið aftur til Ed. Það mundi vera hægt að taka það fyrir í dag. Og mér finnst eins vel við eigandi að segja þeirri hv. d., að málið sé í hættu, eða þá að láta það fara til Sþ., ef ekki næst samkomulag. Ég álít það ekki þingræðislega heppilegar aðferðir að gera breyt. í Ed. á síðasta augnabliki, mjög veigamiklar, og síðan setja Nd. hnífinn á hálsinn. Vaxtahækkunin er þó nokkuð mikil, og mér finnst nauðsynlegt að breyta því ákvæði. Enn fremur hverjir skuli stjórna styrkveitingum. Það var líka mál, sem þó nokkuð var rætt hér, og ákvörðun Nd. var sú, að fiskimönnum var gefinn þó nokkur réttur til að hafa um þau mál að fjalla. Og manni finnst nóg valdið hjá bönkunum á Íslandi, þó að fiskimenn hafi dálítið meira að segja um sín eigin mál. Ég álít þess vegna alveg óhætt að gera þær breyt., sem d. hefur samþ. á annað borð, því að Ed. getur alveg eins fallizt á þær breyt. eins og Nd. samþ. breyt. Ed. **(BÁ:** En þetta er nú efri d.!). Þetta er fjölmennari d., og samkv. lýðræðis-„principinu“ á fjöldinn að ráða.

Lúðvík Jósefsson: Því miður hef ég ekki fylgzt nægilega með, en ég hélt, að manni gæfist kostur á að athuga, hvort ekki yrði samkomulag um lausn á þessu. En það, sem ég tel meginbreyt. á þessu máli frá hendi hv. Ed., er það ákvæði, sem segir, að styrk samkv. ákvæði þessarar gr., styrk, sem kann að nema allt að tveim millj. 700 þús. kr. á þessu ári, eigi stj. fiskveiðasjóðs að úthluta. Og í umr. hér í Nd. kom það mjög greinilega í ljós, að það eru fjöldamörg vandkvæði á því að láta sjóðsstjórnina úthluta þessum styrk. Þeir sömu menn, sem eiga í margvíslegum skuldaskiptum við útgerðarmenn, sem þessa styrks eiga að njóta, þeir eiga síðan að úthluta styrknum. Þetta tel ég óviðunandi.

Ég gat þess líka hér í umr. um þetta mál, að ég hefði kosið, að þetta væri ekki styrkur, heldur vaxtalaust lán. Þá fékk ég litlar undirtektir, og því bar ég ekki fram brtt. Ég taldi rétt að vera með málinu, þó að styrkleiðin væri farin, ef nægilega örugg ákvæði væru í aðalatriðum um, hvernig ætti að nota hann og úthluta honum. Þó að stj. fiskveiðasjóðs kunni að vera ágæt stj. út af fyrir sig, þá hefur hún þess konar aðstöðu, að hún á mjög erfitt með að úthluta þessum styrk, svo að eðlilegt og réttlátt verði. En þegar hv. Ed. hefur breytt frv. þannig að nema burt þessi beztu öryggisákvæði, sem ég taldi, að fulltrúar frá Fiskifélaginu, Farmannasambandinu og Alþýðusambandinu úthlutuðu styrknum, þá segi ég, að ég ætla mér að koma fram með tillögu um það, að þessu verði breytt í vaxtalaust lán. Ekki sízt vegna þess, að mér hefur nú skilizt vera hér í d. jafnvel meiri hl., a. m. k. allverulegt fylgi, fyrir því að fara fremur þá leið en styrkleiðina. Og enn fremur vegna þess, að það hefur komið fram í Ed., að einnig þar er meiri hl. fyrir þessu. Sú breyt., sem ég flyt, er því við 6. gr., að umorða hana þannig, að í staðinn fyrir „styrkur“ komi: 2. eða 3. veðréttar lán. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessa brtt. upp. Greinin orðist á þessa leið: „Við fiskveiðasjóð skal stofna sérstaka deild, er hefur það hlutverk að veita 2. og 3 veðréttar lán til byggingar fiskibáta innan 150 smálesta. Ríkissjóður leggur sjóði þessarar deildar 2 millj. kr. á árinu 1943, og auk þess ganga til hans frá 1. jan. 1943 33⅓% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu. Úr sjóði þessum skal veita lán til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smál. brúttó. Lán, sem veitt eru úr sjóði þessum, skulu vera vaxtalaus í 10 ár og afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánin veitist eingöngu félögum eða einstaklingum, sem kaupa eða byggja skip til fiskveiða. Lán úr þessum sjóði má nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipsins, þó aldrei yfir 75000 kr. á skip. Við lánveitingar úr sjóðnum skal taka tillit til þess, hvort umsækjandi stundar sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Lán úr sjóði þessum veitist til skipa, sem fullsmíðuð voru eftir árslok 1941, og skal við ákvörðun lána taka tillit til fjárhagsástæðna umsækjanda og til þess, í hve mikilli dýrtíð skipið er byggt og hver byggingarkostnaður þar af leiðandi hefur orðið. Í reglugerð sjóðsins skulu sett ýtarlegri ákvæði um starfsemi þessarar deildar og ákvæði, er miði að því að fyrirbyggja misnotkun á hlunnindum þessara lána.“

Þessi breyt. felur eingöngu í sér það, að í

staðinn fyrir þann styrk, sem talað er um í 6. gr., komi 2. og 3. veðréttar lán, vaxtalaust í 10 ár og afborgunarlaust í 5 fyrstu árin.

Ég vil taka það fram, að þessi brtt., sem ég hef um nokkuð langan tíma haft í hyggju að flytja, þó að við fyrri umr. málsins hafi ég ekki flutt hana, hún er sérstaklega flutt vegna þess ákvæðis, sem sett var inn í frv. í hv. Ed., og vegna þess, að mér hefur skilizt, að möguleikar mundu nú vera á að koma þessari breyt. fram. Og ég er ekki einn flm. hennar, því að hv. þm. N.-Þ. flytur þessa brtt. með mér. Vil ég svo afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. með ósk um, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Forseti (JJós): Mér hefur verið afhent skrifl. brtt. Flm. hennar eru hv. 6. landsk. þm. og hv. þm. N.-Þ., og er hún svo hljóðandi: [Sjá þskj. 402].

Brtt. er skrifl. og of seint fram borin, og verður að veita afbrigði frá þingsköpum, svo að hún geti komið til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 11. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 381, 402).

ATKVGR.

Brtt. 402 samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigfS, SG, STh, SÞ, SkG, SvbH, ÞG, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, GG, HelgJ, JörB, LJós, PZ.

nei: PO, SB, SEH, SK, StJSt, ÁÁ, BG, EmJ, FJ, GSv, GTh, IngJ, JakM, JPálm, JS, JJós.

2 þm. (GÞ, ÓTh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 56. fundi í Ed., 12. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 417).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Með því að mál þetta hefur tekið miklum breyt. í Nd., vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki það af dagskrá og gefi mér sem form. sjútvn. tækifæri til að ræða þessar breyt. við n.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 16. febr., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 18. febr., var frv. enn tekið til einnar umr.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. við frv. þetta ásamt hv. 6. þm. Reykv. og óska þess, að málið verði tekið af dagskrá.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi einnig fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann tæki málið af dagskrá, meðan verið er að undirbúa brtt. og fá um þær samkomulag.

Forseti (StgrA): Þessu máli hefur að vísu verið frestað tvisvar áður. En ég vil þó enn einu sinni verða við óskum hv. þm. um að fresta því, og vænti ég þess þá, að undirbúningi þessum verði hraðað og hægt verði helzt að afgreiða málið næst, er það verður tekið á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 23. febr., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 417, 447).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur haft til athugunar þá breyt., sem gerð var á frv. í hv. Nd., og hefur ekki getað fallizt á, að hún yrði samþ. hér í hv. d. N. hefur haldið um þetta tvo langa fundi síðan það kom frá hv. Nd., og hún hefur reynt að sameina í þessum síðustu till. sínum vilja allra þeirra manna, sem standa að flutningi frv. í Nd. og breyt. á því þar, og jafnframt vilja þeirra manna, sem komið hafa fram með brtt. við frv. hér í hv. d. Og nú hefur sjútvn. lagt fram brtt. sínar á þskj. 447, sem hún hefur fulla ástæðu til að halda, að þingheimur svo að segja allur geti fallizt á. Ég vonast því til þess, að málið geti orðið leyst á þann hátt, sem hér er lagt til í brtt., og því verði ekki stefnt í frekari hættu á þessu þingi.

Ég lýsti yfir því í þessari hv. d. áður, að í raun og veru væri ég mótfallinn frv., eins og það fór úr þessari hv. d., en greiddi þó atkv. með því, vegna þess að ég vildi ekki, að stofnað væri í hættu þeim miklu kjarabótum, sem frv. hafði í för með sér, eins og það var afgr. héðan úr hv. d., þó að það væri ekki að öllu leyti eftir mínum óskum. Nú hygg ég, að búið sé að sníða mestu agnúana af frv., sem þá voru á því, og voru þess valdandi, að menn gátu ekki sameinazt um það í báðum d. Því að í stórum dráttum verður frv. samkv. brtt. breytt þannig, að ⅓ hluti af útflutningsgjaldinu, eins og það verður á hverjum tíma, fer í þá deild, sem ætlazt er til, að stofnuð verði við fiskveiðasjóð sem sérstök lánadeild til þess að lána út á 2. og 3. veðrétt í framtíðinni. Með þessari breyt. er því borgið, að þessu fé verði ekki kastað út í framtíðina um aldur og ævi með styrkjum. Við vonumst eftir því — a. m. k. væri það allt of mikil myrksýni, ef við hefðum ekki leyfi til að vona það, — að sjávarútvegur Íslands komist úr þeim erfiðleikum, sem hann nú á í um nýbyggingar skipa, og að það verði ekki eins knýjandi þörf á styrkjum til bátabygginga í framtíðinni eins og nú, og þess vegna sé viturlegast að láta þetta fé renna í lánadeild fremur en að það verði veitt sem styrkir. Hins vegar höfum við þegt okkur fyrir þeirri staðreynd, að menn hafa sett fé sitt í bátabyggingar, sem hafa orðið dýrari en gert hafði verið ráð fyrir í fyrstu, og þess vegna mundi vera óhjákvæmileg þörf að styrkja þessa menn. Við lítum svo á, að það yrði kannske ekki svo mikill munur á því í ýmsum tilfellum annars vegar að lána þessum mönnum og hins vegar, að þeim yrði veittur styrkur, vegna þess að það fé, sem nú væri lánað í þessu skyni út á 2. og 3. veðrétt, mundi kannske ekki

koma aftur, því að menn mundu ekki geta staðið undir þeim kostnaði, sem endanlega væri við bátabyggingarnar. Hins vegar voru það einnig nokkur rök í þessu máli, ef menn fengju lán í þessum tilfellum, en ekki styrk, þá væri ómögulegt að tryggja bátana fyrir þá upphæð, sem lánuð væri, en ekki væri kannske alveg óframkvæmanlegt að tryggja þá fyrir kostnaðarverði, ef styrkur væri veittur. Og ég tel vanhugsað að veita ekki styrk í slíkum tilfellum, því að ef skip ferst, sem byggt er annaðhvort fyrir styrk eða lán úr þessari stofnun, þá er fé, sem til þess var veitt, glatað, ef skipið er ekki tryggt, hvort sem það er styrkur eða lán til viðkomanda.

Aðalbreyt. í till. sjútvn. er í því fólgin, að 6. gr., eins og hún er í frv. á þskj. 417, falli burt, en í staðinn komi nýjar greinar, 8., 9. og 10. gr.

8. gr., sem á að verða, mælir svo fyrir, að ½ hluti útflutningsgjaldsins fari í þessa lánadeild, sem gert er ráð fyrir að stofna við fiskveiðasjóð, og að sú deild megi lána til byggingar fiskibáta innan 1550 smál. með 2. og 3. veðrétti.

Sú gr., sem á að verða 9. gr. l., ákveður, að þessi styrkur, 2 millj. kr., skuli vera veittur, eftir því sem ákveðið var áður í frv., af sjóðsstjórninni að fengnum till. Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar.

Töldum við, að allir aðilar gætu orðið sammála um þessi mál.

Með brtt. sjútvn. er líka hámark lána, sem sé 75 þús. kr. til hvers skips, tekið burt, og tel ég það til hagnaðar fyrir útvegsmenn. Þannig getur eftir brtt. t. d. maður, sem byggir skip, sem kostar 600 þús. kr., fengið allt að 150 þús. kr. lán, sem annars hefði ekki getað fengið nema helmingi minna lán eftir frv. óbreyttu. En hámark styrkja má eftir brtt. vera allt að 25%, þó ekki yfir 75 þús. kr. á hvert skip.

Undir b-lið stendur „Lán samkv. 8. gr., en það er prentvilla, og á þar að standa: Lán samkv. 5. og 8. gr. Hv. þm. athugi það.

Það er búið að ræða þetta mál mjög mikið á nefndafundum, og ég vænti, að hv. d. geti orðið sammála um, að nú beri að afgr. þetta mál eins og sjútvn. hefur gengið frá því, og höfum við nokkurn veginn fulla vissu fyrir því, að sé hv. d. nokkurn veginn samhuga um þetta, þá muni málið ná samþykki sameinaðs þings og verða til hagsbóta fyrir þá menn, sem treysta mjög mikið á, að það verði samþ. nú, til þess að þeir geti komizt úr þeim erfiðleikum, sem þeir hafa komizt í út af þessum málum.

Brynjólfur Bjarnason: Mér þykir nokkurri furðu sæta, að slík till. eins og hér er á þskj. 447 skuli hafa komið fram frá sjútvn. einróma, þegar maður vissi ekki betur en að meiri hl. n. væri andvígur því, að farið yrði inn á þá braut að veita óendurkræfa styrki til bátabygginga. En það hefur nú samt skipazt svo, að öll sjútvn. hefur fallizt á að fara þessa leið.

Það er út í bláinn sagt hjá hv. formælanda n., að þessi leið, sem kemur fram till. um frá hv. sjútvn., hafi einróma fylgi alls þingheims. Ég er jafnandvígur því eins og áður, að þessi leið verði farin. Og ég tel ekki nein ný rök fram komin í málinu. Ýmsir þessir menn hafa byggt skip fyrir meira fé en gert var ráð fyrir í upphafi, en það eru ekki nýjar upplýsingar. Og að því er snertir tryggingar bátanna, þá er ég á sama máli og hv. frsm. n., að það sé varhugavert, að skipin séu ekki tryggð fyrir allri upphæðinni, sem þau eru byggð fyrir. Og sízt ætti af hendi löggjafans að vera ýtt undir það, að skipin væru ekki tryggð fyrir allri upphæðinni.

Um þessa styrki hef ég það sama að segja og áður. Ég tel það alveg fullkomna vandræðalausn að fara inn á þá braut, að mönnum, sem leggja í að byggja skip á þessum dýru tímum — sem yfirleitt eru efnaðir menn, aðrir leggja ekki í það, — séu veittar slíkar stórar fjárfúlgur sem styrkir, sem fátækir menn hafa borgað í ríkissjóðinn með sköttum sínum, auk þess sem ganga verður út frá því, að meira eða minna handahóf verði á úthlutun þessara styrkja. Það er að vísu ofurlítil bragarbót hér frá hinum upprunalegu till. um úthlutun styrkja þessara, að gert var ráð fyrir, að Útvegsbankinn réði einn þessari úthlutun, þar sem eftir brtt. eiga að koma til ráðgjafar um úthlutunina Fiskifélag Íslands og fiskimálan. En samt sem áður er það Útvegsbankinn, sem hefur þessa úthlutun með höndum. Nú munu hv. nm. segja, að hér hafi verið gerðar allmiklar breyt. á og leiðréttingar, sem geri þetta aðgengilegra en hinar upprunalegu till. voru. En ég álít, að þetta sé verra, þó að brtt. sé samþ., og miklu verra heldur en frv. var í því formi, sem það kom frá hv. Nd. Í fyrsta lagi eru ákvæðin um úthlutun styrkjanna hér miklu lakari en þau voru í frv. eins og það kom frá hv. Nd., þar sem hér er aftur farið inn á þá braut, að stj. Fiskveiðasjóðs Íslands úthluti styrkjunum. Og í öðru lagi er gert ráð fyrir, að ákveðinni upphæð, 2 millj. kr., skuli verða varið til þessara styrkja árið 1943. Og hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að næstum því öll þessi upphæð fer til báta, sem eru fullsmíðaðir eða um það bil fullsmíðaðir, og þeir eru næstum því allir hér við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum. Um þetta liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar. Hvað þýðir það? Það þýðir, að það verður óánægja á öðrum stöðum á landinu út af þessari úthlutun, þar sem þörf er fyrir bátabyggingar og þessi styrkur gæti komið til greina. Annaðhvort er því að halda áfram á þessari styrkveitingabraut eða það verður litið á þetta sem hróplegt ranglæti. Ég mun þess vegna greiða atkvæði á móti þessari brtt. frá sjútvn. Hins vegar álít ég, að með stofnun lánadeildarinnar við fiskveiðasjóðinn og þeim hlunnindum, sem hún nýtur samkv. frv., þá sé um að ræða svo mikla og nauðsynlega réttarbót fyrir smáútveginn, að ekki verði hjá því komizt, þrátt fyrir ákvæðið um styrkina, að greiða atkv. með frv., þó að brtt. verði samþ. Og þó að hv. n. stofni frv. í nokkra hættu með brtt., þá getur hún samt verið róleg vegna þess út af fyrir sig, að ég mun ekki greiða atkv. á móti frv., heldur með því, þó að brtt. verði samþ., með því að ég tel stofnun lánadeildarinnar svo mikils virði, að maður verði nauðugur viljugur að láta hitt fljóta með, fyrst ekki er annars kostur.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég er ekki alveg viss nema hv. 5. þm. Reykv. hafi greitt frv. atkv. eins og það fór út úr þessari hv. d. Mig

minnir, að hann og flokkur hans væri ekki andvígur því. Og tel ég, að frv. hafi verið bætt ákaflega mikið með þessari brtt.

Ég er hv. 5. þm. Reykv. sammála um það, að það er ekki rétt að telja þetta réttlátt, að gefa 2 millj. kr. til ákveðinna fiskiskipa, ef það nær svo ekki lengra, og var þetta atriði mjög rætt í n. En það kom einnig fram í þeim umr., ef það væri réttlátt að halda áfram að styrkja landsmenn og auðvitað alls staðar á landinu undir sömu kringumstæðum, þá bæri ekki að veita þann styrk úr lánadeildinni, sem hér á að stofna, heldur beint úr ríkissjóði. Ég geri líka ráð fyrir, að þegar búið er að úthluta þessum styrkjum, sem ég líka kannske geri ráð fyrir, að verði nokkuð úthlutað eins og hv. 5. þm. Reykv. minntist á, þá komi kröfur frá öðrum landshlutum um, að menn séu einnig styrktir þar, sem byggja skip undir sömu kringumstæðum. En ef þeir byggja skip undir þessum kringumstæðum, þá hafa þeir líka gert það sama fyrir þjóðfélagið eins og þessir menn gera, sem gera má ráð fyrir, að fái þessar 2 millj. kr. í styrki, að byggja fiskiflota fyrir miklu meira fé en hægt er að renta. Og þá eiga þeir sömu menn réttlætiskröfu á að fá samsvarandi styrk, og munu áreiðanlega fá hann gegnum Alþ. Við teljum, að með þessu fyrirkomulagi, sem í brtt. felst, fyrirbyggjum við, að fiskveiðasjóður verði rýrður um of vegna þessara krafna.

Ég er hv. 5. þm. Reykv. sammála um það, að það er mjög vafasamt, hvort ekki er rétt að fyrirskipa, að skip séu vátryggð með kostnaðarverði. Þetta frv. lögbýður ekki, að það skuli gert. Ég minntist aðeins á, að þetta hefði komið fram sem rök í málinu. Því að þó að það sé ekki tjón mannsins eða félagsins, sem skipið missir, að báturinn sé ekki vátryggður fyrir styrkupphæðinni líka, þ. e. öllu kostnaðarverðinu, þá er það þó alltaf þjóðartjón. Og ef eigandi bátsins fær alla trygginguna greidda af vátryggingarfélagi, þá á hann þennan styrk. Það mætti í öðrum l. fyrirskipa, að þetta skuli gert. Hins vegar getur líka verið, að peningastofnanirnar sjálfar ýti undir það.

Ég hef átt samtöl við menn, sem staðið hafa að byggingu dýrari báta, og þeir telja, að það sé til stórbóta að fá slíka lánadeild sem þessa, úr því að hún takmarki ekki lán sín við 75 þús. kr., svo að þeir yrðu mjög vonsviknir, ef því ákvæði yrði breytt í fyrra horfið.

Ég held, að það sé ekki ofmælt, að þetta frv., eins og það er nú, muni eiga nokkurn veginn einróma fylgi, þó að verið geti, að einhverjir einstakir hv. þm. skeri sig úr. En ég skil, að hv. 5. þm. Reykv. er ekki eins ánægður með þessa brtt. eins og hann var með frv. eins og það kom frá hv. Nd., að því leyti, að eftir brtt. er það ekki sami aðili, sem úthlutar styrknum eins og flokkur hans óskaði eftir í hv. Nd. En ég held, að það sé ekki ástæða til að fylgja ekki frv. fyrir það eitt, þó að þessu sé breytt. Því að ég álít, að sjútvn. hafi farið hyggilega að með því að leggja til, að Fiskifélag Íslands og fiskimálan. eigi að gera till. um úthlutun þessara styrkja. Þessir aðilar eiga að hafa vit á þessum málum og eiga ekki að gæta hagsmuna neinna sérstakra manna fremur en annarra. Og fiskveiðasjóður á að úthluta þessu fé sem styrkjum að fengnum till. þessara aðila og verður að beygja sig undir þær till.

ATKVGR.

Brtt. 447 samþ. með 10:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 24. febr. var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 456).

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 511).

---

42. Kjötsala innanlands.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim (þmfrv., A. 89).

Á 16., 19. og 20. fundi í Ed., 17., 18. og 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Með l. nr. 2 frá 1935 er algerlega afmarkað, hverjir hafi leyfi til að reka sláturhús hér á landi. Þar er með 3. gr. beint stefnt að einokun á kjötsölunni, ákveðnum samvinnufélögum er veittur þessi einkaréttur, og í framtíðinni er ætlazt til, að slátrunarleyfi þau, sem hingað til hefur orðið að veita fleiri aðilum, verði afnumin með öllu. En ég tel, að með því sé stefnt í hreinan voða, því að þá hverfi þeim, sem einokunina hafa, öll þörf og löngun til hagkvæms fyrirkomulags, vöruvöndunar og hófs í verðlagningu. Í l. eru engin skilyrði sett um það heldur, að sérleyfishafinn þurfi að uppfylla lágmarkskröfur um hreinlæti, hvað þá meira, ekki skylt að eiga sláturhús, hvað þá meira, það eitt þótti nóg, að kaupfélög fengju einokunaraðstöðu.

Þær breyt., sem ég legg til að gera, í frv. á þskj. 89, eru fyrst og fremst í þá átt að gera sjálfa verzlunina frjálsari og slátrun verði leyfð öðrum en ákveðnum mönnum eða verzlunarfyrirtækjum, en jafnframt séu sett skilyrði, sem uppfylla verður til að fá leyfin. Ég hef bent á það fyrr, að það yrði mikil hjálp í viðskiptum innan lands, að t. d. þeir, sem útgerð reka, fengju slátrunarleyfi. Það yrði m. a. til þess að spara milliliðakostnað, og þar er að ræða um talsverðan hluta af því kjöti, sem notað er innan lands. Það ætti að verða beggja hagur, ekkert síður þeirra, sem kjötið framleiða.

Í 2. frvgr. er sú breyt. gerð, að kjötverðlagsnefnd skuli heimilt að ákveða, hvaða verð skuli greitt til framleiðenda á hverjum tíma, en það hefur hún ekki gert, enn fremur skuli hún gæta þess að ákveða það verð sem jafnast til framleiðenda, hvar sem er á landinu. Í sumum héruðum, t. d. Suðurlandi, fá bændur miklu hærra verð en í öðrum, þótt heildsöluverðið sé jafnt. Þá gerir frv. ráð fyrir, að verðlagsuppbót megi greiða til uppbótar því kjöti innan lands, sem vegna flutningaerfiðleika eða annarra ástæðna skilar lægra framleiðsluverði til bænda. Ef svo færi, að útflutta kjötið yrði hærra en það, sem selt er í heildsölu hæsta verði innan lands, þyrfti að vera hægt að nota verðbótarfé til verðbóta innan lands.

Breyt. frv. að öðru leyti eru aðeins til að samræma aðra staði í l. við þetta. Ég vænti þess, að landbn., sem mun fá mál þetta til meðferðar, taki það til rækilegrar athugunar, og er ég að sjálfsögðu fús að veita henni allar upplýsingar um atriði, sem ég hef rekið mig á við það að fást við kjötverzlun, þótt ég vilji ekki að sinni þreyta deildarmenn á að lesa það allt upp. Ég vona, að n. hraði svo málinu, að það geti gengið fram, áður en þingi er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 375).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Það stendur nú svo á, að hv. frsm. landbn. í þessu máli er fjarstaddur og í önnum, og því hef ég tekið að mér að fara um það nokkrum orðum fyrir hönd n. Málið hefur legið nokkuð lengi hjá hv. Nd., enda er það allumfangsmikið og hefur auk þess alltaf verið nokkurt togstreitumál. Hér er sem sé um að ræða breyt. á l. nr. 2 frá 9. jan. 1935 eða svokölluðum kjötsölulögum. Frv. felur í sér allmiklar breyt. og sumar mikilvægar. Í fyrsta lagi er í l. gr. frv. gert ráð fyrir breyttri skipun kjötverðlagsn. Þá er í öðru lagi starfssvið n. fært mjög út, þannig að henni er ekki aðeins ætlað að ákveða útsöluverðið innan lands, heldur og verðið til framleiðenda. Enn fremur er gert ráð fyrir, að verðjöfnunargjaldið sé stundum notað í öðrum tilgangi en verið hefur. Til þessa hefur það farið til að jafna verð á útfluttu kjöti til samræmis við verðlag innan lands, en í frv. er gert ráð fyrir, að því verði að nokkru leyti varið til að jafna aðstöðumun framleiðenda um það að koma kjöti í verð á innlendum markaði. Þá er gert ráð fyrir, að fleiri aðilum en áður verði veitt leyfi til að slátra sauðfé til sölu. Fleiri breyt. mætti nefna, og yfirleitt eru með frv. gerðar ærið mikilvægar breyt. á kjötsölulögunum, ef það nær fram að ganga.

Strax eftir að n. hafði fengið málið til meðferðar, eða 7. janúar, sendi hún það til kjötverðlagsn. til athugunar, og 22. janúar barst svar n., þar sem segir:

„Í heiðruðu bréfi yðar, dags. 7. jan., óskið þér eftir umsögn kjötverðlagsnefndar um frv. á þskj. 89, um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, sem hv. alþm. Gísli Jónsson flytur.

Á fundi nefndarinnar í dag var eftirfarandi ályktun gerð: N. vill láta í ljós þó skoðun, að ekki muni vera tími nú til þess að endurskoða lögin, enda ekki brýn nauðsyn, þar sem lögin hafa yfirleitt reynzt vel og aldrei valdið teljandi erfiðleikum að framkvæma þau. Hins vegar telur nefndin vel munu koma til mála, að lögin verði endurskoðuð að stríðinu loknu í samræmi við þær aðstæður í viðskiptum utan lands og innan, sem þá verða.

Virðingarfyllst,
Kjötverðlagsnefndin.
Ingólfur Jónsson."

Málið hefur einnig verið sent SÍS og Verzlunarráðinu, og hef ég heyrt, að Verzlunarráðið sé því meðmælt, en SÍS á móti. Í hv. landbn. voru nokkuð skiptar skoðanir um málið. Flestir nm. töldu þó, að eina breyt. þyrfti að gera á l., en töldu jafnframt vafasamt, að sú breyt. væri svo aðkallandi, að ástæða væri til að hrófla við l. nú þegar. Þó hallaðist n. að því, að rétt væri að gera þá breytingu, en hún er í sambandi við það, að undanfarið hefur það verið látið óátalið, að farið væri kringum l. á þann hátt, að fleiri önnuðust slátrun en þeir, sem heimild höfðu til þess. Þetta er eina breytingin, sem gerð verður á frv., ef það verður samþ. eins og landbn. vill, að það sé. N. vill sem sé fella niður allar gr. frv. nema 3. gr., en sú gr. er raunar ekkert annað en 3. gr. kjötsölul. með öðru orðalagi. Segja má líka, að n. vilji láta taka upp í frv. 3. gr. kjötsölul. með nokkurri viðbót, sem er í því fólgin, að nokkrum aðilum, sem ekki máttu slátra samkvæmt l., t. d. kaupmönnum, er nú heimilað að gera þetta. N. lætur það óátalið, að þessir menn fáist við slátrun, eins og þeir hafa orðið að gera á sumum stöðum þrátt fyrir ákvæði l., af því að ekki var hægt að fá löglega aðila til þess. N. vill, að þeir geri þetta á löglegan hátt, en ekki ólöglegan, og tel ég þetta til bóta. Læt ég svo útrætt um frv. að sinni.

Gísli Jónsson: Mér þykir ákaflega einkennilegt, að hv. landbn. skuli hafa þurft 7 eða 8 vikur til að komast að þessari niðurstöðu, og er það sízt fagurt fordæmi að halda máli í n. tvo mánuði, án þess að skila nál. Ég tel það að vísu rétta aðferð hjá hv. n. að senda málið þeim aðilum, sem hv. 1. þm. N.-M. gat um, en það nær engri átt að draga von úr viti að senda umsögn sína í þeim tilgangi að tefja málið og spilla því. Ég vil jafnframt geta þess, að þessi álitsgerð frá kjötverðlagsn. er mjög villandi, því að þar kemur ekki fram, hvernig málinu reiddi af í n., en mér er kunnugt um, að álitið marðist í gegn með mjög litlum meiri hl. Og mig furðar á því, að hv. landbn. og ekki sízt formaður hennar skuli vilja fella úr frv. ákvæði, sem hljóta að verða sett inn í l. fyrr eða síðar. Ég skil ekki, hvernig nokkur bóndi eða fulltrúi sveitakjördæmis getur lagt á móti slíkum ákvæðum sem miða að því að gera framleiðsluvörur bænda verðmætari. Ég viðurkenni, að með till. hv. n. er bætt úr misrétti, sem

hefur viðgengizt og er í því fólgið, að enginn má í raun og veru slátra kind, nema hann sé samvinnufélagsmaður, þ. e. framsóknarmaður. Með 3. gr. l. er í rauninni stefnt að því, þegar þeir eru fallnir frá, sem áttu sláturleyfi fyrir 1933, að enginn geti slátrað kind, nema hann hafi gengið á vald ákveðinni pólitískri skoðun.

Ég hefði kosið, að hv. landbn. hefði tekið málið til athugunar að nýju, og kysi ég þá heldur, að það yrði afgr. með dagskrá, því að ég veit til þess, að ýmsir nm. telja, að margt í þessum l. hljóti að breytast. Mætti t. d. fela ríkisstj. að láta athuga málið og undirbúa löggjöf um þetta fyrir næsta þing, því að það tekur því varla að láta prenta þessi l. að nýju, þegar engu hefur verið breytt nema þessu eina atriði, sem fyrr er getið.

Það, hve ég er þessum málum kunnugur, stafar af því, að ég hef átt nokkur skipti við kjötverðlagsn. á undanförnum árum. Fyrrv. form. kjötverðlagsn. hefur neyðzt til þess s. l. þrjú ár að veita þetta leyfi gegn l. Ef l. eru til þess, að bændur þurfi að lúta verri kjörum en ef þau væru engin, þá skil ég ekki rétt hlutverk hv. Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég vil beina því til hv. frsm. landbn., hvort hún vilji ekki taka aftur brtt. sínar eða þá vísa málinu frá með rökst. dagskrá. Það munar ekkert um þessa smávægilegu breyt. á l., þar sem vitað er, að þessi l. verða að breytast rækilega fyrr eða síðar.

Páll Hermannsson: Nú tölumst við bara við, hv. þm. Barð. og ég. Ég lenti út í þetta samtal óviðbúinn. Ég hafði ekki gert ráð fyrir að taka hér til máls. Hv. þm. kvartaði um það, að þetta mál hefði dregizt fulllengi í landbn. En landbn. Ed. hefur haft mjög mörg mál til meðferðar, og hún hefur vandlega notað sína fundartíma. Hv. þm. Barð. hefur lagt henni til mörg verkefni, og lasta ég hann ekkert fyrir það. En landbn. fékk ekki álit eða umsögn kjötverðlagsn. í hendurnar fyrr en 22. jan. Eftir það fór svo nokkur tími í að athuga málið. Mér finnst hv. þm. nokkuð harðhentur á n. Ef ég færi nú að leyfa mér að bera hana saman við aðrar n., þá mundi hv. þm. þurfa að stefna geir sínum í fleiri áttir, að ég hygg. Hann átelur n. fyrir að hafa ekki viljað taka til greina till. sína um, að þeir, sem fengju slátrunarleyfi, yrðu fyrst að hafa tryggt sér frystihúspláss og slátrunarhús. Landbn. taldi víst, að kjötverðlagsn. sæi um slíkt, þegar hún veitir slátrunarleyfi og ekki gæti verið um neinn árekstur að ræða vegna þeirra hluta, enda hefur það verið svo. Annars byggist nál. sumpart á því, að kjötverðlagsn. var sammála landbn. um það, að ekki væri tími til að endurskoða l. verulega fyrr en að stríðinu loknu. En þá má gera ráð fyrir því, að gerðar verði á þeim margar breyt.

Ég tel, að kjötverðlagsn. mundi varla telja l. hafa gefizt vel og reynzt vel og aldrei valdið teljandi erfiðleikum, ef mikil brögð hefðu verið að þessu, sem hv. þm. Barð. talar aðallega um. En hvað viðvíkur verzlunarmóral, þá er það vitað, að samvinnufélögin hafa mest verzlað með þessa vöru. Hins vegar er það svo, að breyt. þær, sem n. leggur til, að gerðar verði, eru í þá átt, sem hv. þm. Barð. óskar. Mér er sagt, að hann eigi hér persónulega hlut að máli. Annars hef ég frétt, að hv. þm. Barð. hafi gengið ögn á snið við lögin um verzlun með sláturfjárafurðir, en það skiptir ekki miklu máli. Hv. þm. getur sjálfur borið það til baka, ef ekki er rétt með farið. Ég geri ráð fyrir, að n. haldi sér við sína till., en hv. þm. getur svo lagt fram dagskrá, ef honum sýnist. Hins vegar kom það til mála í n. að afgr. frv. með dagskrá og slá því á frest, en frá því ráði var þó horfið. — Læt ég svo málið útrætt frá minni hálfu.

Gísli Jónsson: Að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. N.-M. vil ég lýsa því yfir, að það er alger misskilningur, að ég hafi gengið á snið við kjötverðlagsn. Þær fréttir hafa verið bornar ranglega þangað. Fyrrv. form. kjötverðlagsn. hafði ekki heimild til að veita þm. Barð. (sem að vísu var þá ekki þm. Barð.) slátrunarleyfi, en hann átti þá og á enn sláturhús á þessum stað, en kaupfélagið, sem hafði hentugleika á að fá leyfið, hafði enga aðstöðu til slátrunar. Það var reynt að komast að samkomulagi í 2 ár, en tókst ekki. Árangurinn varð sá, að form. kjötverðlagsn. gekk inn á að láta óátalið, þó að ég slátraði á mínu nafni. Það er ekki að brjóta l. Það stóð þannig á, að ég gat látið bændur fá, 1939 og 1940, 20 aur. meira fyrir hvert kíló en ef kaupfélagið hefði átt að halda sínu leyfi og fá að slátra og þar að auki greiða í vörum, en ekki í peningum. Árið 1941 greiddi ég 50 aur. meira fyrir kílóið en kaupfélagið hefði getað gert og 1942 60 aurum meira.

Ég vil þá biðja hv. n. að taka til athugunar við 3. umr., hvort hún vill bera fram rökst. dagskrá. Afgreiðsla málsins frá n. er engan veginn eðlileg, engan veginn viturleg í garð bænda og hlýtur að skapa það, að málið verði tekið upp í annarri mynd á næsta þingi.

Páll Hermannsson: Ég vil taka það fram, að afgreiðsla n. á málinu er í alla staði eðlileg. Hún slær á frest því, sem bezt er að geyma, en tekur upp þær breyt. sem nú er þörf á, en þó hefði máske mátt draga þar til málið er allt tekið til ýtarlegrar endurskoðunar.

Ég bæti því svo aðeins við, að ég vildi gjarnan hafa hv. þm. Barð. í mínu byggðarlagi, ef hann hefur ráð til þess að borga kjöt mun hærra verði en fáanlegt er fyrir það á öðrum innlendum markaði. Ég hélt satt að segja, að verðið væri lögákveðið þannig að slík rausn hlyti að vera sjaldgæf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Ed., 11. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 375,1 (1. gr. falli burt) samþ. með 10:2 atkv.
— 375,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 9:2 atkv.
— 375,3 (ný 3. gr., verður 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 375,4 (4. gr. falli burt) samþ. með 9:3 atkv.
— 375,5 (5. gr. falli burt) samþ. með 10:2 atkv.
— 375,6 (6. gr. falli burt) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 375,7 (7. gr. falli burt) samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 414).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 414, n. 490).

Frsm. (Jón Pálmason): Landbn. hefur haft frv. til meðferðar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Í frv. er tiltölulega lítil breyting fólgin, ofurlítil rýmkun á því, hverjir megi fá slátrunarleyfi. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, nema andmæli komi fram, og óska að frv. verði vísað áfram til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

---

43. Brúargerðir (frv. GJ).

Á 20. fundi í Ed., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 113).

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég get verið stuttorður um þetta mál. Á síðasta þingi flutti ég þáltill. um b-lið þessa frv., en hún náði ekki fram að ganga, því að hún sofnaði í fjvn. eins og svo margt annað. Um eina af þeim brúm, Haukabergsá, vil ég taka fram, að hún er milli byggðar og heiðar, þar sem fjölfarið er yfir og m. a. þarf læknir oft að fara það frá Patreksfirði, og að. Það hefur margsinnis komið fyrir, að menn voru komnir yfir hinn langa fjallveg og urðu að snúa aftur nokkra metra frá bænum Haukabergi vegna þessa farartálma eða liggja ella úti, og er hvorugt fýsilegt, þegar allra veðra er von. Það er þess vegna aðkallandi að fá brúna, ekki aðeins fyrir byggðirnar næstu, heldur allan fjarðakjálkann yfirleitt. Vegamálastjóri hefur lagt til að verja á fjárl. ríflegri upphæð til að koma Vesturlandsvegi sem lengst, og óhjákvæmilegt er, að árnar séu samtímis brúaðar, sem á leiðinni eru. Og Móru og Arnarbýlu má ekki draga lengi að brúa.
Ég óska þess, að málinu verði að lokinni umr. vísað til samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, 168, n. 457, 458).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. — Svo sem að er vikið í nál. sjútvn. á þskj. 457, hafa samgmn. beggja d. haft samvinnu um afgreiðslu þessa máls og þá um leið tekið fyrir allar þær brtt., sem fram hafa komið í þinginu snertandi brúalögin. Í þessa athugun lögðu n. allmikla vinnu ásamt vegamálastjóra, og eru teknar upp hér allar þær brtt., sem nú hafa komið fram á þessu þingi viðvíkjandi brúal., og auk þess mjög margar, sem að ýmsu leyti eru komnar frá vegamálastjóra. Ég hygg nú, að að þessu máli hafi verið unnið þannig, að vænta megi, að ekki þurfi að verða gerðar miklar breyt. á brúal. á næstu árum. Því að þar sem hv. samgmn. hefur skort kunnugleika, þá hefur vegamálastjóri bætt þar úr. Hygg ég, að fullrar sanngirni hafi verið gætt um till. allar. Þar sem þessi breyt. er mjög gaguger á brúal. eftir þessari brtt., þótti n. við eiga að taka upp í frv. þetta, sem þessi brtt. á þskj. 458 er við, 2. gr. brúal. alla. Og er það gert vegna þess, að þá eru á einum stað öll þau ákvæði, sem snerta þetta atriði, hverjar brýr skuli kostaðar af ríkissjóði og á hvern hátt. Og þótti þetta rétt ekki sízt fyrir það, að fyrir n. lágu till. frá vegamálastjóra um að nokkuð yrði breytt þeim tölum í 3. kafla 2. gr. brúal., þar sem ákveðið er, á hvern hátt ríkissjóður taki þátt í byggingu annarra brúa heldur en þeirra, sem til teknar eru í 1. og 2. kafla 2. gr. Vegamálastjóri lagði til, um þennan 3. kafla, að ákvæðunum um þær brýr, sem ríkissjóður tekur þátt í byggingarkostnaði við með öðrum hætti en greint er í 1. og 2. kafla, yrði breytt þannig, að lágmarksupphæðirnar yrðu sem næst tvöfaldaðar. Samgmn. þótti þetta nokkuð langt gengið, þó að hún viðurkenndi það fyllilega, að verðhækkun sú, sem nú hefur átt sér stað, geri það eðlilega að verkum, að það er ekki

ósanngjarnt, að þetta mark sé eitthvað hækkað. En þar sem n. gerir ráð fyrir, að brúal. muni standa nokkur ár, þá virðist henni það vera ógætilegt að miða þetta við byggingarkostnað brúa eins og hann er nú á þessum tíma. Og hefur því n. lagt til, að við þessar upphæðir yrði bætt 50%, þannig að í staðinn fyrir 8 þús. komi 12 þús. og í staðinn fyrir 16 þús. komi 24 þús. Hefur vegamálastjóri lýst yfir, að hann muni sætta sig við það, þó að hann hins vegar áliti að þessar upphæðir séu allt of lágar, ef gert yrði nokkuð að brúarbyggingum, meðan sama dýrtíðin er í landinu, sem nú er. En ég geri ráð fyrir að varla verði, meðan svo er, unnið að brúargerðum, nema þar sem brýnust nauðsyn kallar að.

Ég held að mér sé óhætt að fullyrða, að samgmn. beggja d. standi að öllu leyti óskiptar að þessum brtt. Og ég vildi mega vænta þess, að eftir þá vinnu, sem búið er að leggja í undirbúning þessa máls, þá gæti það gengið greiðlega gegnum báðar d. þingsins, því að til n. þarf málið ekki að fara í hv. Nd., og ætti því að geta gengið nokkuð greiðlega gegnum hana.

Ég vil vekja athygli á því, að með nál. er prentað fylgiskjal, þar sem er grg. allýtarleg frá vegamálastjóra fyrir þeim brtt., sem lágu fyrir og n. gerði að sínum brtt.

ATKVGR.

Brtt. 458,1 (ný frvgr., verður 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 168 kom ekki til atkv.

— 458,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 474, 477).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 477. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég hef leyft mér að bera hér fram brtt. við þetta frv. á þskj. nr. 477 um það að bæta við II. kafla 1. gr. frv., þann kaflann, sem fjallar um nýjar brýr á öðrum vegum heldur en þjóðvegum, tveim brúm í Eyjafjarðarsýslu, annarri á Eyjafjarðará hjá Hólum í Inn-Eyjafirði og hinni á Öxnadalsá hjá Þverá.

Ég veit nú ekki, hvort allir hv. þdm. eru kunnugir í Inn-Eyjafirði. En ástæðan til þess, að ég ber þessa till. fram um brúna á Eyjafjarðará hjá Hólum, er sú, að það eru allmargir bæir austan Eyjafjarðarár í Inn-Eyjafirði, sem eru með öllu samgöngulausir við akvegina nema með því móti, að brú komi þarna. Þessir menn stunda nú mikið mjólkurframleiðslu, eins og flestir gera í Inn-Eyjafirði, og aðferðin er sú við að koma mjólkinni til markaðar, að þeir verða að flytja hana á hestum yfir Eyjafjarðará, sem stundum er lítt fær, t. d. haust og vor, þegar ána er að leggja og eins í leysingum, og náttúrlega, þegar sérstök flóð koma í ána. Þar fyrir utan eru mikil óþægindi við það að taka hesta daglega og bleyta þá í ánni. Og fyrir utan mjólkurflutninga eru svo allir flutningar, sem þessir menn þurfa að hafa, sem stundum er undir hælinn lagt, að framkvæmanlegir séu, vegna þess að þarna vantar brú, en akvegur er enginn ofan sveitina að austanverðu, þ. e. a. s. svo innarlega í sveitinni sem þetta er, og kemur sennilega ekki á næstunni vegna staðhátta, sem þar eru. Ég álít þess vegna, að þessi brú sé ákaflega nauðsynleg, og um það þarf reyndar ekki að ræða, því það er svo augljóst mál.

Ég býst við, að hv. þdm. séu kunnugir Öxnadal og hafi séð, að áin, sem rennur um dalinn, er töluvert vatnsfall. Og það stendur svipað á þar, að þar eru margir bæir um miðbik dalsins að vestanverðu vegarsambandslausir, nema þessi brú komi. Og það eru mörg ár síðan farið var að ráðgera það að byggja þarna brú með því framlagi, sem þarf að vera á móti frá sveitinni, ef brúin stendur ekki á vegal. Nú skal ég játa, að þessar brýr, sem ég fer hér fram á, að teknar verði í vegal., eru ekki á leiðum, sem landsmenn yfirleitt fara um. Þessar brýr báðar hafa einkum þýðingu fyrir þær sveitir, sem þær mundu verða reistar í. En ég get ekki betur séð en að í þessum II. lið í 1. gr. frv. séu ýmsar brýr, sem nákvæmlega stendur eins á um. Og mér er ekki hægt að sjá annað en að þessar brýr, sem ég fer hér fram á, að teknar séu þar upp, séu alveg hliðstæðar þeim. Ég skal nefna hér í II. lið 1. gr. sex liði, sem eru þarna alveg saman, hver á eftir öðrum, 3., 4., 5., 6., 7. og 8. lið, sem eru brýr á Vatnsdalsá í Vatnsdal fremra, Svartá í Tungusveit í Skagafirði, Jökulsá eystri í Skagafirði, Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal, Skjálfandafljót hjá Stóru-Völlum og Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni. Ég veit ekki til að brýr á þessum ám þarna geti haft neina alþjóðar þýðingu fyrir samgöngurnar í landinu, heldur hljóti þessar brýr að vera teknar upp vegna viðkomandi sveita. Það mætti nú kannske segja, að um einn af þessum liðum standi sérstaklega á, Jökulsá eystri í Skagafirði, því að þar er um svo mikið vatnsfall að ræða, sem er með öllu ófært öðruvísi en á brú eða kláfum eða einhverju þess konar. Mætti því kannske segja, að þessi brú þarna hefði sérstöðu, þó að hún hefði einkum þýðingu fyrir sveitina. En hinir liðirnir sé ég ekki annað en að séu alveg hliðstæðir þeim brúm, sem ég fer fram á, að teknar verði upp.

Ég skal að lokum geta þess, að ég hef átt tal um þetta við vegamálastjóra, og hann hefur tjáð mér það, að hann væri yfirleitt á móti því að fjölga mikið brúm á brúarl., en hann hefði ekkert sérstakt á móti því, að þessar tvær brýr væru teknar upp. Og hann játaði það í viðtali við mig, að þetta, sem ég fer hér fram á, væri alveg hliðstætt sumum liðum, sem nú eru komnir inn á frv.

Ég vona nú, að hv. d. sýni þá sanngirni að samþ. þessa brtt. mína. Ég beini því til hæstv. forseta, að bera hana upp í tvennu lagi, því að skeð gæti, að hv. d. vildi fara bil beggja og samþ. aðra till. og hafna hinni. Og verð ég þá að segja það, þó að það mundi sízt verða sagt um mig, ef ég ætti að gera nokkurn mun hér á, að mér væri annara um Inn-Eyjafjörð en Öxnadal, þá er það svo, að ég tel það meira sanngirnismál, að brúin á Eyjafjarðará verði samþ. heldur en jafnvel

brúin á Öxnadalsá. En þakklátastur væri ég fyrir það, ef hv. d. sæi sér fært að samþ. báða liði brtt. *minnar*.

Hv. samgmn. hefur ekki haft tækifæri til að athuga þessa brtt. mína, því miður. Ég gat ekki mætt hér við 2. umr. *málsins, og hana hafði borið* nokkuð bráðan að. En ég held, að þetta sé svo augljóst mál, að hver hv. þdm. geti tekið ákvörðun um það án þess, að n. taki það til sérstakrar athugunar. Ég mundi hins vegar ekkert hafa á móti því, ef n. óskar þess, að málinu væri frestað vegna þessarar brtt., en ég sé ekki ástæðu til að bera fram neina ósk um það.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er út af þessari brtt. á þskj. 477, að ég kvaddi mér hljóðs. Ég skildi það þannig hér, að samgmn. hefði í starfi sínu haft mjög góða samvinnu við vegamálastjóra og leitað hans ráða og hefði bætt við á brúarl. *nýjum brúm einum eða fleiri í öllum kjördæmum* landsins. Og mér hefur skilizt þannig, að n. ætlaði að miðla þannig á milli kjördæmanna eftir því sem föng væru á, en svo væri *meiningin*, að ekki yrðu samþ. frekari breyt. á brúarl. Þetta hefur orðið til þess, að ég hef ekki komið með brtt. við frv. Því að í mínu kjördæmi eru 2—3 brýr, sem ég hefði gjarnan viljað koma inn á frv., en ég hef af greindum ástæðum ekki séð mér fært að koma fram með brtt. um það. En ég vildi beina því til hv. samgmn., hvort það sé meiningin, að hér yrði komið að yfirleitt brtt. við frv. hennar eða hún ætlar að gera sitt til þess að halda því sem mest lokuðu, þannig að það gæti farið án breyt. út úr hv. d. Ef samþ. væru hér enn brtt. við frv., vildi ég koma með brtt. við það. Og e. t. v. yrði það þannig, ef frv. *yrði hér opnað*, þá yrði því breytt í hv. Nd. og gætum við þá komið með brtt. hér við það, þegar það kæmi aftur hingað, en nú við þessa umr. er of seint að koma með brtt. *nema skrifl. Og ég* vildi vita, hvað hv. samgmn. ætlaðist fyrir um þetta áður en ég kem með brtt.

Eiríkur Einarsson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um þetta frv., en það liggja saint atvik til þess, að ég tel rétt að segja um það nokkur orð. Það er þá einkanlega tvennt, sem ég vildi leiða athygli að. Í fyrsta lagi, hvernig þetta frv. yfirleitt er komið, að teknar eru hér til heildarflokkunar hinar fyrirætluðu brýr, bæði á þjóðvegum og annars staðar og til tekið, hvernig þær skuli standa á brúarl. Og sú flokkun er svo stórvægileg og þýðingarmikil, að það er ekki furða, þó að hv. þm. telji réttmætt að gefa því máli mjög góðan gaum.

Ég heyrði á orðum hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og hv. þm. Dal. (ÞÞ), að *eitthvað er það nú reikandi*, hvernig flokkun þessi er til orðin. Hv. 1. þm. Eyf. sagðist hafa borið undir vegamálastjóra þá aukningu við brúarl., sem hann er með brtt. um, og vegamálastjóri hafi ekki talið það fjær lagi heldur en annað, sem komið er í frv. Jafnframt sagði hv. þm. Dal., ef ætti að fara að gera breyt. á þessu með nýjum till., þá sé brúa þörf í hans kjördæmi, sem ætti kannske samræmilegan rétt á sér við sitt hvað annað, og svona gengur það koll af kolli. Ég hygg, að sannleikurinn sé sá, að það fari nokkuð eftir aðstöðu, lagni og harðfylgi hv. þm., hverjar brýr komist inn á brúarl. Það er t. d. vitað mál, að sá fjöldi af brúm sem er ákvarðaður til framkvæmda, eftir því sem verða má um þær framkvæmdir, á fjárl. nú fyrir 1943 — *ég geri ráð fyrir, að það séu ekki hvatarorð* frá vegamálastjóra, að það skuli þannig stíla fjárveitingu til hinna einstöku brúa þar. Hitt er annað mál, þegar út í það var komið og sótt fast af einstökum hv. þm. að tilgreina brýr, sem koma ættu á fjárl., þá hafi það verið í samráði við vegamálastjóra, hverjar brýr þar væru nefndar. Mér skilst líka á hv. 1. þm. Eyf., að það sé sem sagt á hinni líðandi stund ekki síður ýtni einstakra hv. þm. heldur en beinar till. vegamálastjóra, sem um er að ræða og kemur til greina um það, hvaða brýr eru teknar upp á brúarl., og það er alveg víst.

Nú segi ég: Úr því að málið á hér að fara þennan krabbagang — ég vil leyfa mér að kalla það krabbagang — og úr því að málum er þannig komið, að nýjar og nýjar brtt. koma fram og nú *ein frá hv. 1. þm. Eyf., sem ég hef út af fyrir* sig ekkert að athuga við, — ég get hugsað mér, að þessar tvær brýr séu nauðsynlegar —, en úr því að málið einu sinni er komið út á þennan rekspöl, þá verður manni að detta í hug þörf fyrir vissar brúargerðir í samræmi við annað, sem komið hefur fram hér í hv. þd.

Í samræmi við það, sem sagt hefur verið, vil ég leyfa mér að bera fram og kynna skriflega brtt. við A, II, 15, nýjan tölul., brú á Tungufljót hjá Króki í Árnessýslu. Þannig er ástatt, að flutningar að og frá Bræðratunguhverfinu, a. m. k. átta bæjum, fara þar fram á ferju, þ. á m. daglegir mjólkurflutningar, og er sú ferja erfið og stundum ófær lengi, t. d. þegar skríður illa í ánni, og verða oft vandræði á veturna. Ferjunin yfir þetta sundvatn helzt við af því, hve þörfin er *brýn, en ekki af því, að hún sé neinn leikur*. Tungufljót er ekki mjög breitt þarna bakka milli og sýnilegt, að þar má gera brú, enda er verkið fyrirhugað, og vegamálastjóra hefur verið falið að gera nauðsynlegar áætlanir um brúna, en játað er af honum sem öðrum, að hennar sé þörf. Hér er ekki farið fram á neitt annað en það, sem þörfin krefur, ekki aðeins bæjanna, sem ég nefndi, heldur mikils hluta allrar Eystri-Tungu og stærra landsvæðis raunar, — síðar meir. — Að vísu er önnur brú á vatnsfallinu ofar, en úr vegi fyrir suðurhluta Eystri-Tungu.

Þó að hv. þm. séu nú allalmennt komnir á þann rekspöl að telja sjálfsagt, að hver fái í sínu kjördæmi eitthvað af brúm eða öðrum jafngildum fríðindum, — þm. kaupstaða geta ekki vænzt brúargerða eins og þm. héraða —, þá er skiljanlegt, þrátt fyrir að samgmn. hefur, að því er virðist, látið undan þessum hugsunarhætti, að brúaþörfin fer ekki eftir gildleik neins þm., *heldur náttúrufari héraðanna, og við það eitt og* almannaþörf verða brúalög að miðast. Skaftafellssýsla er t. d. sérlega frek á brýr, og rétt er það, að Dalasýsla á nokkuð margar ár óbrúaðar. Með því að nú er á annað borð tekið að hreyfa brtt., sem ég skal láta hlutlausar að svo komnu máli, þá leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um tvær skrifl. brtt. (sjá þskj. 484 og 485) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Hermannsson: Ég vil taka fram, að ég tel þetta frv. vel úr garði gert frá hendi hv. samgmn. og til mikilla bóta á brúal. Þó er vitað, að þörf er fleiri nýrra brúa. Vel veit ég, að hægt er að byggja fleiri brýr en brúal. ákveða og kannske með sæmilegum kjörum. En ég verð að telja, að brúin á Jökulsá á Dal, sem brtt. min fjallar um, sé þess eðlis, að hún eigi að vera á brúal. Öllum er kunnugt, að Jökulsá er eitt hið versta vatnsfall á Íslandi. Hún er aldrei reið, mjög óvíða ferjandi. Hin úreltu samgöngutæki, sem kláfar kallast eða drættir, eru enn hafðir á Jökulsá, þótt annars staðar séu horfnir, og hafa margir farizt úr þeim undanfarið, stundum maður á hverju ári, og ætti að vera nóg komið. Nú hefur vegur verið lagður bak við byggðina upp að Jökulsá á þessum stað, og var ástæðan sú, að vegur upp með bæjum hefði orðið margfalt dýrari, en frá brúarstæðinu liggur vegurinn að Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Í þeim dal eru að vísu aðeins tvær jarðir, mannmargar, en um þessa leið fer eða mundi fara mikil umferð, sem nú verður að fara aðrar örðugri leiðir. Lagt hefur verið til að taka upp í þjóðvegatölu veginn upp frá Skjöldólfsstöðum og yfir Jökulsá hjá Brú, en þar sem ég veit ekki enn, hvernig þeirri till. reiðir af, vildi ég ekki láta hjá líða að hreyfa brúarmálinu í sambandi við þessa frv.

Brúarstæðið er gott eftir því sem orðið getur á stórvatni, mjög lík brúarlengd og hjá Fossvöllum, enda fellur áin víðast í gljúfrum og góð brúarstæði hvarvetna. Vegamálastjóri mun hafa hugsað sér að láta gera þarna bráðabirgðahengibrú, og víst væri það bót, en ekki mun gert ráð fyrir, að hún yrði fær hestum, og yrði að bera allan flutning yfir, svo að ónóg úrlausn væri það. Ég vonast til, að hv. d. sjái, að ekki er minni þörfin þarna en annars staðar, sem lagt er til að brúa vatnsföll.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég skal taka fram, að þegar sameinuð samgmn. beggja d. hafði málið til meðferðar, kappkostaði hún að gera þær breyt. á brúal., sem aðkallandi væru, helzt svo, að dygði til nokkuð margra ára, og allar till. voru miðaðar við þær brýr, sem ætla mátti, að unnt yrði að byggja á næstu 15—20 árum. Athugaðar voru allar till., sem n. bárust, og flestar teknar til greina. Vitanlega er n. ljóst, að ekki er fullnægt allri brúaþörf á landinu með þessum brúm, eins og menn mega sjá af nál. og yfirlitinu, sem þar er frá vegamálastjóra. Þessar brýr eru áætlaðar ekki minna en 4 millj. kr., og vegamálastjóri telur ekki ofætlun að ljúka þeim á 18—20 árum eða jafnvel skemmri tíma, eins og ég sagði. Þar með er ekkert sagt um, að engar fleiri brýr skuli byggðar á þessum tíma.

Um till. hv. 1. þm. Eyf. skal ég taka fram, að ég er þar ekki kunnugur og gæti það valdið því, að ég hef ekki orðið var mikils áhuga á að gera þessar brýr. En nú er liðið á 3. mánuð, síðan frv. hv. þm. Barð. kom fram og kunnugt varð, hvað n. ætlaðist fyrir í þessum málum, svo að nægur tími hefði átt að vera til að sýna henni fram á nauðsyn og nytsemi þessara brúa, ef hún væri brýn og áhuginn í héraði mikill. Mér virðist áhuginn fyrst hafa vaknað við samanburð á því, hve ýmis önnur héruð fengju nú miklar brýr. Það var misskilningur, sem kom fram í ræðu hv. þm. Dal., að n. hafi hugsað öllum kjördæmum fyrir þó nokkurri úrlausn. (**BSt:** Lítill lækur í Eyjafirði). Ég skal ekkert fullyrða um þarfirnar í Eyjafirði. En hugsun n. og vegamálastj. var sú, að þarfirnar einar réðu úrslitum. Eigi nú að koma inn í frv. fjölda breyt. samkv. brtt. einstakra þm., getur það orðið til þess að eyðileggja allan árangur af undirbúningsstarfi n. og vegamálastjóra og stefna framkvæmd brúagerðanna í ráðleysu og glundroða. Ég verð að biðja hv. þdm. að íhuga afleiðingarnar og afgreiða frv. án þess að samþykkja slíkar brtt. Ég er ekki kunnugur við Tungufljót, en ætla, að vart sé nema klukkustundar lestargangur frá Króki upp að Tungufljótsbrú (5½ km). Þá er það brúin á Jökulsá á Dal, vitanlega þörf brú, en eins og hv. 1. þm. N.-M. drap á, er í ráði að gera þar bráðabirgðabrú, ekki bílfæra að vísu, en viðunandi samgangnabót fyrir þá bæi, sem mest þurfa hennar, en að henni er nú komið vegarsamband um fjallveg. Vegamálastjóri hefur áætlað aðra slíka bráðabirgðabrú við Hjarðarhaga, en fyrir eru á ánni Fossvallabrúin og brú hjá Hákonarstöðum. Dalurinn er langur og mikil þörf á brúnum, en meðan ekki er kominn akvegur upp með bæjum, eru bráðabirgðabrýrnar heppilegasta lausnin. Þar sem brúin hjá Brú er í sambandi við fjallveg, virðist eðlilegt, að hún yrði byggð fyrir fjallvegafé, næsta sumar, ef hægt er.

F. h. n. beini ég því til þdm., að þrátt fyrir veilur, sem finnast kunna á frv., varist þeir að vinna á því skemmdarverk og samþykki ekki brtt., sem fyrir liggja. Þótt ein leiðrétting fengist, borgar sig ekki að fá um leið tíu breytingar til hins verra.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að fara að deila um þörf þeirra brúa, er hv. flm. hefur komið fram með í brtt. sinni, enda væri það óendanlegt deiluefni, ef út í það væri farið á annað borð. En ég get bent hv. 1. þm. Eyf. á, að fleiri þm. en hann hafa ekki fengið öllum sínum kröfum fullnægt í sambandi við þetta mál, sem þeir vildu hafa komið á framfæri fyrir hönd kjördæma sinna. Stafar það bæði af því, að ekki hefur verið mögulegt að sinna öllum kröfum hv. þm. og þær hafa ekki allar þótt jafnaðkallandi. Þó er ég ekki þar með að gefa í skyn, að ég áliti ekki, að þörf sé á brúm, sem hv. 1. þm. Eyf. vill fá í brúal.

Þá vildi ég með nokkrum orðum minnast á vinnuaðferð þá, sem samgmn. d. hafa haft við þetta starf sitt.

Undirn., sem kosnar voru, áttu að ræða við hvern þm., er hafði brtt., og var lögð í þetta mikil vinna. Og varð það svo að samkomulagi við alla, að barizt yrði fyrir því hjá vegamálastjóra, að þessar brýr, sem óskir voru komnar fram um, að byggðar yrðu, kæmu inn í brúal. Þá sættu hv. þm. sig við það að koma ekki fram með brtt.

Í þessari hv. d. komu ekki nema 2 frv. fram. Annað var flutt af mér, en hitt af hv. 1. þm. S.-M. Og ég vil undirstrika það, sem sá hv. þm. sagði, ef brtt. eiga nú að fara að koma fram við frv., þá verður það til þess að fyrirbyggja, að það nái fram að ganga. Ef ætti að fara að samþykkja brtt. við það nú, yrði það til þess að opna leið fyrir brtt. frá báðum deildum, og þá er ómögulegt að segja, hver endirinn á því kann að verða. Ef horfið yrði að því að opna frv. fyrir hinum og þessum brtt., þá mun ég ekki hika við að bera fram fleiri óskir varðandi brúargerðir í Barðastrandarsýslu, því að sú sýsla hefur orðið langt á eftir, hvað snertir brúa- og vegagerð í þessu landi.

Það var ekki neitt um það að ræða í n. að útbýta jafnt milli héraðanna brúarframkvæmdum, heldur var um það að ræða að fá sem mest samrýmdar óskir einstakra þm., sem væru fram komnar. Enda væri það hálfeinkennilegt, ef ætti að hlýða því að taka á brúal. brú yfir einhverja ársprænu, sem einhver hv. þm. hefur rokið upp til handa og fóta með, af því að honum hefði ekki þótt sínu kjördæmi gert nægilega hátt undir höfði.

Í þriðja lið frv. er svo ráð fyrir gert, að brýr á sýsluvegum megi greiða að ⅔ eða allt að ¾ hlutum úr ríkissjóði. Ef um aðrar eins manndrápsleiðir er einhvers staðar að ræða eins og gefið var í skyn að ættu sér stað, þá eru það einkennilega hugsandi menn, sem ekki grípa til þess að láta ríkið borga ¾ af kostnaðinum við þá brúargerð og reyna þá að skrapa saman ¼ hluta til þess að bæta úr þessu og forðast slysahættuna. Það er sem sé alls ekki svo, að öll sund lokist fyrir því að byggja brú yfir einhverja ána, þó að sú brú sé ekki tekin beint inn á brúagerðarl. Ef þessi umrædda slysaleið skyldi vera á fjallvegi, þá á sú brú hvorki meira né minna en að borgast öll úr ríkissjóði.

Að þessu athuguðu, tel ég ekki ástæðu til að vera að fjölyrða um þetta atriði. Það stendur skýrum stöfum, að ríkissjóður muni greiða allt að ¾ kostnaðar, ef hér er um að ræða sýsluveg, ef um fjallveg er að ræða, greiðist brúin að öllu af fjallvegafé. Önnur hvor þessara leiða mundi eflaust reynast eins vel og sú að fá þessa brú inn á brúal., og verða svo kannske að bíða 15—20 ár eftir því að hún verði byggð.

Hv. þm. Dal. kom með þá fyrirspurn, hvort ætlazt væri til, að brúal. yrðu opnuð. Ég tel mig, með því, sem ég hef nú sagt, hafa svarað því, að það er hvorki ætlunin né frv. til bóta, að svo verði gert, heldur gæti svo farið, að frv. næði alls ekki fram að ganga og öll vinnan við frv. yrði til ónýtis.

Þess vegna væntir n. þess, að hv. d. samþykki frv. eins og það nú liggur fyrir. Um það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, gildir hið sama, að það er sjálfsagt nauðsynlegt að setja þessa brú á Tungufljót, sem hann var að tala um, en það er, býst ég við, sama nauðsynin þar og víða annars staðar á landinu. En það er satt að segja harla einkennilegt, að hann nú fyrst skuli vera að segja frá þessu og óska eftir, að brú yfir Iðu verði byggð, og hann skuli nú fyrst vera að bera þessa brú svo mjög fyrir brjósti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að vera að ræða þetta mál meira, en ég vænti þess af hv. d., að hún fallist á till. hv. samgmn. í þessu máli, og hv. þm. samþykki frv. eins og það liggur fyrir bæði vegna kjördæmanna og landsins í heild, því að ella mundi mál þetta fara út í öngþveiti.

Eiríkur Einarsson: Ég ætla aðeins að bæta nokkrum orðum við það, sem ég sagði áðan.

Ég hygg það vera af ókunnugleika sprottið, sem hv. 1. þm. S.-M. var að segja áðan um brúna, sem ég var að tala um, að þyrfti nauðsynlega að taka inn í brúalögin. Ég þykist þekkja hann svo vel, að mér dettur ekki í hug, að hann hafi þar verið að tala þvert um hug sinn. En ég get frætt hann á því, að það er ekki stutt til næstu brúar þarna, heldur langt og það ógerlega langt. Það er ekki annað en að spyrja bændur neðarlega úr Biskupstungum, hvort þeir noti þá brú, sem er fyrir. Þeir munu svara því neitandi. Í fyrsta lagi af því, að of langt sé þangað, og í öðru lagi af því, að þar sé alger vegleysa. Af þessum orsökum er þeim ókleift að hagnýta sér brúna. En þeir vilja heldur notast við ferjuna hjá Króki, og sýnir það bezt brúarþörfina á þeim stað, og er hægur vandi að taka afleggjara frá Biskupstungnabrautinni við Krók til brúarinnar. Það reyna sem sagt allar stoðir undir það frá kunnugra manna sjónarmiði séð, að brú eigi að koma þarna og nauðsyn sé á, að hún komi sem fyrst. Um það þarf engum blöðum að fletta. Á þessu vatnaklasasvæði er svo Hvítáin að austan. Þar eru engin vöð, allir flutningar verða að fara fram á ferjuskrifli, þegar ferjufært er.

Ég vil svo aðeins, af því að ég er einu sinni staðinn upp, minnast örlítið á það, sem hv. samgmn. var að amast við, að það skyldi nú eiga að fara að opna brúal. Annar hvor nm., sem talaði, sagði, að n. hefði tekið til athugunar í samráði við vegamálastjóra þær till., sem fram hefðu verið komnar, og reynt að fara sem mest eftir óskum einstakra þm. Ég held, ef skapa á öryggi í þessum málum, þá verði að viðhafa einhver önnur ráð en að fara aðeins eftir þeim óskum, sem einhverjir þm. kunna að hafa fram borið. Það er svo með mig, að ég vissi ekki til hlítar, fyrr en ég sá þetta frv., hverju fram vatt. Ég vissi um brúaþörfina á þessum stað, en ég vissi ekki um störf n., hvaða aðferð hún hafði í starfi sínu. Mér er spurn: Var einhver almenn tilkynning gefin út um það frá n., að hún óskaði eftir, að hv. þm. skýrðu frá óskum sínum varðandi brúagerð í landinu? Ég hef ekki heyrt neina slíka tilkynningu, og mér vitanlega hefur hún ekki fram komið. Af þessu ætti hv. þm. og hv. samgmn. að vera það ljóst, að þetta tækifæri hér er hið fyrsta fyrir mig til þess að bera fram till. mína um brúargerð. Með þessum orðum vil ég þó ekki vera að kasta steini að neinu eða neinum, það er ekki ætlun mín, heldur aðeins að benda á, hvernig í þessu liggur.

Það er sjálfsagt rétt, sem sagt var hér í umr., að það væri ekki stór skaði skeður, þó að þessi eða hin brúin kæmist ekki inn á brúal., því að það ætti hvort sem er fyrir þeim að liggja að bíða svo og svo lengi, þangað til röðin kæmi að þeim. Því heldur, vil ég segja, ættu hv. þm. að sam-

þykkja þessa brú inn á brúal., þar sem það þýðir í raun og veru ekki annað en að hv. Alþ. vill viðurkenna, að þessi brú á rétt á sér, sem góðir Íslendingar, er farið hafa þessa leið, hafa komið auga á, að nauðsynlega þarf að koma og það sem fyrst. Því skil ég ekki í öðru en að hv. samgmn. mundi taka opnum örmum á móti þessari brú inn í brúalögin.

Bernharð Stefánsson: Það virðast hér í d. vera heldur fáir til þess að sannfæra, og er líklega ekki til mikils að vera að ræða mikið um þetta mál. En út af því sem fram hefur komið í umr., langar mig þó til að taka ýmislegt fram.

Af því, sem sagt hefur verið um brúa- og vegal., má augljóst ráða það, að þau eru komin í öngþveiti ýmiss konar. Þetta stafar að mestu leyti af því, er tekin hefur verið einhver brú eða einhver vegur inn í þessi l., þá hefur ekki verið fylgt föstu „principi". Ég skal játa, að mér þykir það eðlilegt, að ekki séu aðrar brýr eða vegir á brúa- og vegal. en þær brýr eða þeir vegir, sem hafa almenna þýðingu fyrir samgöngur landsmanna í heild. En aftur á móti séu brýr og vegir, sem hafa þýðingu fyrst og fremst fyrir eina eða tvær sveitir, ekki með í þeim l., heldur sé héruðunum veittur styrkur úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, og má hann gjarnan vera allríflegur. En þetta „princip" er þverbrotið. Vegir eru settir í vegal., sem ekki hafa neina almenna þýðingu, heldur aðeins þýðingu innansveitar, og sama er að segja um brýrnar. Á brúal. eru brýr, sem enga þýðingu hafa fyrir samgöngur almennt, heldur fyrir einstakar sveitir. Þegar þetta „princip" hefur þannig verið þverbrotið, þá er ekki nema ein leið til þess að fara eftir, og hún er sú, að ekki sé þá hallað á sum héruðin, að ekki sé gert upp á milli þeirra, heldur tekið tillit til brýnustu þarfa þeirra. En nú er þetta „princip" líka þverbrotið, eins og komið hefur á daginn í till. hv. samgmn.

Hv. þm. Dal. var að tala um það, að við samning þessa frv. hefði verið haft samstarf við vegamálastjóra. Ég hef líka verið í samstarfi við vegamálastjóra, og ég er ekki þekktur að þeirri ósannsögli hér í þessari hv. d., að ekki sé hægt að taka mig trúanlegan, enda veit ég, að vegamálastjóri muni kannast við það. Hv. þm. Dal. sagði, að það sjónarmið hefði ráðið að miðla á milli kjördæmanna. Hv. 2. þm. Árn. tók og í þennan streng, og honum hefur þá sjálfsagt verið kunnugt um það. (**EE:** Ég sagði, að það væri það réttmæta). Eftir þessu að dæma, þá held ég, að mitt hérað sé orðið meira en lítið út undan við útdeilingu þessara brúaframkvæmda, því að eftir frv. á aðeins í mínu kjördæmi að setja brú yfir litla á eða réttara sagt yfir læk, sem ég held, að hefði fullt eins vel getað verið byggð af viðhaldsfé vega. (**IngP:** Hún mun þó vera áætluð um 10 m á lengd). Það er þá vegna aðstöðunnar, því að lækurinn er ekki nema um 2 m á breidd.

Hv. frsm. n. sagði nú aftur, að það hefði verið sjónarmið n. að gera sitt til þess, að þær brýr, sem mest aðkallandi væru, kæmu inn á brúarl. Ég vil leyfa mér að efast um af nokkrum kunnugleika, að brúin, sem koma á í Fnjóskadal, sé meira aðakallandi en sú brú, sem ég fer fram á að byggð verði í Eyjafirði, án þess þó, að ég ætli mér að spilla á neinn hátt fyrir þeirri brú. En Inn-Eyfirðingar þurfa áreiðanlega meira á þessari brú að halda en Inn-Fnjóskdælingar, sem m. a. má hvað mest marka af því, að úr Eyjafirði er dagleg mjólkursala, en því er ekki til að dreifa úr Fnjóskadal. Þá var og á það minnzt, að n. hefði tekið til greina fram komnar till., en *ég hefði á þessum tíma, eða á 3. mánuð, ekki* flutt neina till. til breyt. á frv. Ég skal játa það, að ég hef oft þann sið að flytja ekki brtt., fyrr en ég sé nál. þeirrar n., sem um frv. fjallar, og ég sé, hvað það er, sem hún leggur til. A. m. k. geri ég það miklu síður. Álit n. er nýkomið fram, eða 22. febr. En eins og ég gat um áðan, var ég svo óheppinn að vera sjúkur, þegar mál þetta var til 2. umr. og af þeim sökum ekki fær um að flytja brtt. við frv. þá. *Þá tel ég mig hafa gert* fulla grein fyrir því, hvers vegna ég hef ekki flutt brtt. við frv. fyrr en nú.

Hv. frsm. minntist á, að n. hefði ekki tekið aðrar brýr inn á brúarl. en þær, sem mæling hefði farið fram á og væru undirbúnar til byggingar, og að áætlaður væri kostnaðurinn við þær. Ég vil nú ekki fara að rengja vegamálastjóra um, að hann hafi ekki látið í té þær áætlanir og mælingar varðandi þær brýr, *er ég vil fá inn í brúal.* En svo mikið er víst, að vegamálastjóri hefur framkvæmt þessar mælingar, þó að vera kunni, að n. hafi ekki fengið þær til athugunar.

Þá var verið að gefa það í skyn, að við því mætti búast, að það tæki allt að 15—20 ár að framkvæma það verk, sem í brúarl. fælist. Ekki er það neitt gleðiefni fyrir hlutaðeigendur að taka því að þurfa e. t. v. að bíða 15—20 ár eftir, að *þeirra nauðsynlega brú verði reist. Og samt sem* áður eru hv. þm. að tala um það sem einhverja goðgá að opna brúal., eins og þeir kalla það. Þó að það sé ég í þessu tilfelli, sem ber fram brtt., þá verð ég að segja, að ég kann ekki við þennan tón, sem fram kemur hjá hv. nm. Hver er það, sem setur þjóðinni l.? Er það samgmn. og vegamálastjóri? Ég hefði haldið, að löggjafarvaldið væri í höndum Alþ., en ekki þessara aðila.

Hv. 6. þm. Reykv. *sagði hér í sambandi* við umr. um sjúkrahús á dögunum, að yfirleitt væri það vilji embættismanna að vilja engar breyt. Það var sjálfsagt fullmikið sagt hjá þessum hv. þm., að þetta væri algild venja embættismanna, að þeir vildu engar breyt. En hitt er vitanlegt, að þeir, sem settir eru af ríkinu til þess að hafa yfirumsjón með svona málum og sjá, að getan er takmörkuð, eru ekki beinlínis að hvetja til *slíkra breyt., sem farið er fram á hér í þessu* frv. og brtt. við það, sem fyrir liggja, og það því fremur sem mér er kunnugt um, að vegamálastjóri hefur í raun og veru það sjónarmið, sem ég gat um í upphafi ræðu minnar og er það eina rétta í þessum málum, að það eigi ekki og hefði aldrei átt að taka inn í vega- og brúal. annað en þá vegi og brýr, sem hafa einhverja almenna þýðingu fyrir samgöngurnar í landinu.

Það hefur komið fram hjá hv. nm. úr samgmn., að þeir hafi rætt við þá, sem hafa borið fram brtt. við frv. En hvers vegna var ekki rætt við fleiri heldur en þá? Þessi afgreiðsla er a. m. k. mjög ólík þeirri afgreiðslu, sem hv. fjvn. hefur

haft á fjárl., því að hún hefur yfirleitt rætt við alla þm. um það, hvaða fjárveitingar væru mest aðkallandi í héruðum þeirra.

Hv. þm. Barð. vildi segja það, að þessar brtt. væru fram bornar til þess að fyrirbyggja það, að frv. næði fram að ganga. Og svo var hann í þessu sambandi að tala um, að fram væri kominn þingvilji í þessu máli. Eins og ég veik að áðan, get ég alls ekki viðurkennt það, þó að ágætir menn eigi sæti í hv. samgmn., þá er þeirra vilji enginn þingvilji. En hér skera atkv. að sjálfsögðu úr. Þá benti þessi sami hv. þm. enn fremur á það, sem rétt er um þessar brýr, að það mundi fást styrkur úr ríkissjóði til þeirra, ef hlutaðeigandi héruð legðu fram ¼ kostnaðar. En sama má segja um ýmislegt það, sem þegar hefur verið tekið inn í frv., eins og það nú liggur fyrir, undir II. kafla t. d.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. 2. þm. Árn. var að tala um í seinustu ræðu sinni, að það eru mjög mismunandi ástæður í hinum einstöku héruðum, og hv. þm. Barð. veik einnig að því. En óneitanlega er það dálítið einkennilegt samt, að í þessu frv. eru teknar inn þrjár brýr í einni einustu sveit, nefnilega Suðursveit, tvær á Síðu og þrjár undir Eyjafjöllum. Og í Rangárvallasýslu eru teknar inn þrjár brýr og í Árnessýslu fjórar undir I. kafla. Og fyrir eina sýslu eru settar fimm brýr í II. kafla, en í öðrum héruðum er ekki ein einasta brú. Ég viðurkenni fyllilega, að það er ekki hægt að hnitmiða það þannig, að öll héruð fái inn í brúal. jafnmargar brýr. Það verður að taka tillit til staðhátta. En að það sé nú svona mikill munur á þessu, það á ég bágt með að skilja, að rétt sé.

Ég verð svo að játa það, án þess að ég ætli að setja fótinn fyrir þetta frv. á nokkurn hátt, að ég álít bæði með vegal. og brúal., að það hefði verið það réttasta, að nú um sinn hefði verið látið sitja við hvora tveggja þá löggjöf eins og hún nú er, ég skal játa það, og að því leyti býst ég við, að hv. þm. Barð. þykist fá sannanir fyrir ummælum sínum áðan. En það er bara þetta, að úr því að ekki er hægt að halda sér við það „princip“ og ákveða með löggjöf að ráðast í þær framkvæmdir í þessum efnum, sem hafa alþjóðarþýðingu, þá, eins og ég sagði áðan, er ekki von, að ein n. í þinginu komist upp með það að mismuna héruðum í sambandi við þessar framkvæmdir, eins og gert er í þessu frv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Herra forseti. — Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög. Það hefur ekki mikla þýðingu. Ég vildi þó leiðrétta ýmsan misskilning, sem komið hefur fram hjá hv. 1. þm. Eyf. Hann vildi taka orð mín þannig, er ég skaut fram í fyrir honum, að ekki lægju fyrir neinar umsagnir vegamálastjóra um þessar brýr, sem hann flytur nú brtt. um. Hann vildi taka þau orð mín á þann veg, að ég væri að rengja orð hans, en svo er ekki. En hann sagði, að vegamálastjóri hefði ekki séð neitt sérstakt á móti þessum brúm. (BSt: Og ekki meira en ýmsum, sem eru í frv.). Ja, það dreg ég mjög í efa, sem ég kem svo að síðar. Þá gekk ræða hv. 1. þm. Eyf. út á að sýna fram á, að samgmn. tæki sér allmikinn rétt og sérstaklega fann hann að því vegna þess, að hann áleit, að hún hefði verið mjög hlutdræg. Benti hann þar á m. a., að einn nm. úr samvn. samgm., sem á sæti í þessari hv. d., hefði verið fyrsti flm. að brtt. á brúal., og auðvitað hefði hann fengið fram sínar till. (BSt: Þetta nefndi ég ekki). Það er ekki ástæða til að gera hv. þm. Barð. tortryggilegan, vegna þess að það hefur verið fellt niður úr till. hans. Og hvers vegna? Það var ekki gert af meðnm. hans með neinni misklíð milli hans og annarra nm., heldur vegna þess, að vegamálastjóri sýndi honum fram á, að það væri ekki hin rétta aðferð að taka þessar brýr upp í brúal. Og hv. þm. Barð. sannfærðist um þetta, og sumar af þeim brúm, sem hann var með, voru ekki teknar inn í brúal.

Þá sagði hv. 1. þm. Eyf., að samgmn. hefði átt að fara eins að og hv. fjvn., að koma með óskalista til hv. þm. En samgmn. tók til athugunar allar brtt. við brúal. o^ bar svo undir vegamálastjóra, hvað af þeim ætti að taka með í breyt. á brúal. Svo bætti vegamálastjóri við, ekki aðeins eins miklu af brúm og n. gerði till. um, heldur miklu meiru. Flestar breyt., sem frv. felur í sér á brúal., eru eftir till. frá vegamálastjóra. Og það er einmitt á þessu, sem n. byggir, af því að hún veit, að engum manni á landinu er kunnugra um það en vegamálastjóra, hvar þörfin er mest fyrir nýjar brýr. En annað mál er það, að hver veit bezt um það, sem hjá honum gerist. Það þekkir enginn hér betur þörfina á brúm yfir Eyjafjarðará og Öxnadalsá heldur en hv. 1. þm. Eyf. En það er bara ekki nægilegt. Það þarf líka að hafa þekkingu á því, hvernig hagar til á öðrum stöðum á landinu.

Þá taldi hv. 1. þm. Eyf., að nokkuð hefði verið mismunað héruðum í þessu frv. Það er ekki hægt að neita því, að það koma fleiri brýr þar til greina í sumum kjördæmum heldur en í kjördæmi hans, það er alveg rétt. En það er einungis vegna þess, að þörfin er þar brýnni. Og þetta, að svona er mismunað að þessu leyti um brýr í héruðunum, er ekki vegna þess, að samgmn. hafi haldið fram því fyrirkomulagi, heldur af því, að vegamálastjóri hefur talið þess fulla þörf.

Þá vil ég mótmæla því, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Eyf., að það væri sjónarmið vegamálastjóra að taka ekki á brúal. eða vegal. brýr eða vegi annað en það, sem snertir hinar almennu samgöngur í landinu. Þetta er alrangt, eins og sést bezt á þeim mörgu brúm, sem vegamálastjóri hefur lagt til, að teknar verði upp í brúal. (BSt: Úr því, sem komið er, já.) Hitt er allt annað mál, að fyrir 10—20 árum síðan var það stefna vegamálastjóra, að fyrst yrðu teknar aðalbrautirnar um landið. En nú er komið svo langt, að hægt er að sinna hinum verkefnunum líka, eins og kemur fram í umsögn hans um vegal. og brúal. (BSt: Það er ekki sjónarmið hans nú, það bera umsagnir hans greinilega vott um.) Ég er búinn að viðurkenna, að það má vel vera, að það sé álitamál, hverjar brýr eigi að taka inn í brúal. og hverjar ekki. En leiðarsteinn samgmn. hafa verið till. vegamálastjóra. Og ég held, að það megi færa þess dæmi, að það eru brýr á brúal., sem ýmsir telja, og þar á meðal hv. 1. þm. Eyf., alls ekki þarfari heldur en þær, sem hann flytur nú brtt. um. Og hann gerði um þetta nokkurn samanburð.

Og sumar af þessum brúm, sem hann taldi, hafa verið á brúal. síðan 1932; og hvernig í ósköpunum á Alþingi að leggja til, að þær verði teknar nú út úr brúal.? Það getur vel verið, að samanburður hv. þm. sé réttur, en það, sem sá samanburður kann að leiða í ljós þessu máli til sönnunar, að í brúal. séu brýr, sem ekki séu þarfari en þær brýr, sem hv. 1. þm. Eyf. gerir brtt. um, það sannar ekki heimsku samgmn. eða hlutdrægni, heldur það sleifarlag, sem á því hefur áður verið, hverjar brýr hafa verið teknar í brúal. og hverjar ekki. Og ýmsar þær brýr, sem komizt hafa inn í brúal. 1932, má færa sönnur á, að séu sízt þarfari en þær, sem þar eru ekki enn komnar inn. En að taka till. vegamálastjóra til greina í þessu efni, er sú stefna, sem verður að fara eftir, ef festa á að komast á í þessum málum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara nánar út í ræðu hv. 1. þm. Eyf. Þó er eitt atriði enn, sem ég tel rétt, að leiðrétt sé. Hann vitnaði þar í einhverja ræðu, sem hv. 6. þm. Reykv. hefði flutt hér í hv. d. fyrir skömmu um það, að embættismenn væru þannig gerðir, að þeir vildu sem minnstu breyta, og sagði, að ekki væri von, að vegamálastjóri hefði verið að troða brúm upp á samgmn. Vegamálastjóri gerði till., og n. sannfærðist um það með samanburði á korti, að till. hans væru á rökum byggðar. Hann þurfti ekki að troða upp á samgmn. neinum af sínum till., en hann á samt uppástunguna að flestum þeim brúm, sem nú er stefnt að að taka upp í brúal. Viðhorf vegamálastjóra er það, að það eigi að halda áfram með samgöngubætur bæði með vegalagningum og brúagerðum, eftir því sem geta ríkissjóðs leyfir. Og ég held, að það sé alrangt, að samgmn. álíti, að hún ein sé bær um af öllum hv. þm. að dæma um þessi mál. Það er síður en svo. En hún hefur fengið þá aðstöðu, að henni bar skylda til að fá þær beztu og sönnustu upplýsingar í málinu, sem hún átti kost á, og fylgja þeim fram og láta þar við sitja og láta málið komast fram og eiga svo ekki undir skafti og blaði, hvað það væri, sem kæmist fram, og hvað ekki.

Páll Hermannsson: Herra forseti. — Það fer nú vel á því, að þrír tillögumenn hér og hv. form. og hv. frsm. samgmn. ræðist við.

Hv. 1. þm. Eyf. hefur algerlega losað mig við það að svara hér nokkrum atriðum, sem mér fundust athugaverð hjá hv. nm., bæði um opnun brúal. og um það, að hér væri á ferð tilraun til að eyða þessu máli, og um það, að það væri óviðeigandi að bera hér fram brtt. við þetta frv. Ég ætla, um þessi atriði öll að láta nægja það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um þetta. Ég get verið þakklátur hv. nm., hv. formanni og hv. frsm. samgmn. fyrir það, að þeir hafa báðir drepið á það, að brúin yfir Jökulsá á Dal hjá Brú væri á fjallvegi og gæti því komið til mála að byggjast af fjallvegafé. Það liggur fjallvegur beggja megin að ánni, en áin er í þröngum dal, þar sem er tvísett bæjaröð. En út frá þessu er skilningur minn sá, að umbætur, sem þar verði gerðar, hvort sem gerð verður fullkomin brú eða bráðabirgðabrú, þá verði hún kostuð eingöngu af ríkissjóði, og teljist þá sennilega til fjallvega-brúargerða.

En annars er það, að út frá því, sem hv. form. samgmn. lét hér orð falla um það, að sér þætti heldur ómyndarlega gengið að því að bæta úr þessari samgönguþörf þarna, sem sé að brúa þennan geysilega farartálma, sem Jökulsá er, þá vil ég skýra frá því, að þessi á fellur um 100 km í byggð og aðallega í einni sveit. Og íbúar þessarar sveitar, Jökuldals, hafa verið fúsir til þess að leggja fram eftir getu fé í þessa brú. En framlag frá hinu opinbera hefur ekki fengizt til þessa þangað til, ef það verður nú. Vil ég benda hv. þm. Barð. á það, að nú í fjárl. þessa árs hefur í fyrsta sinn komizt fram áætlun um það að gera brú á Jökulsá hjá Hjallalandi, sem er hér um bil í miðri sveitinni. Og það þótti sjálfsagt, að það mannvirki væri kostað af ríkinu, enda hefur sú brú staðið í mörg ár í brúal. Og þegar þjóðvegurinn milli Norður- og Austurlands var lagður — þessi þjóðvegur liggur á kafla eftir Jökuldalshreppi, um röskan ⅓ hluta af lengd dalsins annars vegar — þá fékkst hann ekki lagður nema með því móti, að fólkið þar, og ekki síst í Jökuldal, legði til hans háar fjárhæðir. En það er nú svona, þar sem erfiðleikarnir eru miklir um samgöngur, bæði vegalengdir miklar og vatnsföll mikil, þar er fólkið fúst til að leggja mikið af mörkum til samgöngubóta. Og það hefur ekki skort vilja hjá þessu fólki þarna til þess að láta af mörkum fé til vegabóta. Þörfin hefur verið svo mikil á vegi þarna, að menn hafa viljað leggja á sig allt, sem þeir gátu, til þess að fá samgöngubætur. Og ég þykist vita, að innan skamms verði bætt úr þessari brýnu nauðsyn, sem þarna er um samgöngur yfir Jökulsá hjá Brú, frá því, sem nú er. Maður getur hugsað sér, hvernig það muni vera að flytja allt á klafum þarna yfir ána, sem flytja þarf yfir hana, t. d. sauðkindur á þann hátt, að ekki er hægt að hafa nema eina kind í einu í klafnum, og ef fluttar eru klyfjar, þá er ekki hægt að flytja þannig yfir ána nema eina klyf af hesti í einu. Ég tel, að bæta eigi úr þessum samgönguerfiðleikum með fullkominni brú, og held, að bráðabirgðalausnin yrði, þegar allt kemur til alls, kostnaðarmeiri. Þarna þyrfti að brúa 15—20 metra haf; það er líkt og brúin hjá Fossvöllum. Ég veit ekki, hve margir af áheyrendum mínum hafa farið þarna yfir til þess að geta gert sér ljóst, hvað hér er um að ræða.

Mér finnst eðlilegt, að fram komi brtt. við frv. við þessa umr., og mér finnst, að hv. samgmn. ætti ekkert að vera viðkvæm fyrir slíkum brtt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 1. þm. N.-M., að ég haldi fram, að þetta fólk, sem hann gat um, vildi ekkert á sig leggja til þess að fá samgöngubætur hjá sér. Ég benti á það, að á þessum stað eru möguleikar fyrir hendi, ef fólkið vildi ekkert leggja á sig sjálft til þess að fá samgöngubætur hjá sér, þá væri áhugi fyrir því ekki fyrir hendi.

Í sambandi við það, að áhuginn er svona mikill hjá fólki í Jökuldal fyrir því að fá bættar samgöngur hjá sér, vil ég benda á, að þessi sami áhugi var hjá Barðstrendingum. En ríkissjóður hefur ekki þáð lán hjá Barðstrendingum til þess að bæta þar samgöngurnar.

Ég hef orðið þess vísari, að það er ekki nauðsynin fyrir nýjar brýr, sem liggur á bak við hjá hv. þm., að undanteknum hv. 1. þm. N.-M. Þegar hann hefur fengið þá skýringu, að þetta megi gerast af fjallvegafé, og veit, að þessi brú á Jökulsá er komin inn í brúal., þá hygg ég, að hann muni mega vera ánægður og hann geti tekið sína brtt. hér til baka.

Hinir tveir hv. þm., sem brtt. hafa flutt hér, hafa skýrt tekið fram, að það sé ekki eins nauðsynlegt, sem þeir eru með, og hv. 1. þm. Eyf. lýsti því skýrt yfir, að það hefði ekki átt að opna vegal. En samt sem áður barðist hann fyrir því, að inn í þjóðvegatölu yrði tekinn vegur, sem ekki kom nema fáum að notum. Þessi sterki áhugi þessara manna vaknaði, þegar þeir sáu aðra menn berjast fyrir nauðsynjamálum fyrir héruð sín. En ég er sammála hv. 1. þm. Eyf. um það, að það ætti fyrst að taka vegina á langleiðum, aðalleiðunum, sem allur almenningur hefur gagn af og gera á þeim samgöngubætur með vega- og brúagerðum. En ég held, að hann hafi lagt stein á hina vogarskálina, þegar hann reyndi að þvinga veg inn í þjóðvegatölu, sem ekki er á þeirri leið og hlaut að torvelda það, að halda uppi þessari stefnu að taka fyrst vegina á aðalleiðunum, sem hann taldi sig fylgjandi.

En það þarf að gera meira en að skipta fénu til samgöngubóta á milli héraða jafnt eins og nú er háttað samgöngubótum í hverju héraði fyrir sig. Það þarf líka að skipta því fé með tilliti til þess, hvaða héruð hafa orðið út undan á undanförnum árum, og bæta upp þeim héruðum, sem æ og ávallt hafa orðið út undan í fjárframlögum til samgöngubóta, þ. e. til vega- og brúagerða, hvort sem það stafar af því, að þau hafa haft handónýta þm. fyrir sig eða af því, að skilningur hefur verið svo lítill á Alþ., að ekki hefur þótt svo mikils virði að leggja fram fé til lífsbjargar fyrir þau héruð. Það þarf að rannsaka, hvaða héruð þurfa að fá brýr og vegi, og þá verður Eyjafjörður áreiðanlega ekki fremstur á blaði, það er ég viss um.

Það hefur því engin regla verið brotin hér af samgmn., hún fór aðeins eftir því, sem fyrir lá. Mig undrar það, þegar hv. 2. þm. Árn. segir, að hann hafi ekkert vitað um, hvað hér var á ferð, því að hann vissi vel, hvað var hér á ferð. Nú í umr. um fjárl. var deilt hart á hv. fjvn. af allmörgum hv. þm. fyrir það, að hún fékkst ekki til þess að veita þeim áheyrn. Þar á meðal var hv. þm. Vestm., sem þurfti að skrifa n. bréf og líklega fá kvittun fyrir því, til þess að geta sannað, að hann gat ekki fengið áheyrn. Mér finnst þetta sízt til fyrirmyndar.

Hv. 1. þm. Eyf. lýsti yfir því, að hann væri vanur að flytja brtt. við mál, þegar þau væru komin úr n. Mér virðast slíkar aðferðir fremur tefja málin, því að þá þyrfti n. að fá þessar brtt. til athugunar eða d. að dæma um það í umr., hvort nauðsyn væri á þessum brtt. eða eigi, og af því leiðir ávallt tafir á framgangi mála.

Ég er ekki sammála hv. 1. þm. Eyf. um, að eigi hafi verið rétt að opna brúal., því að þau voru opnuð af brýnni nauðsyn fyrir það hérað, sem undanfarin ár hefur verið stjúpbarn Alþ. og lítilla velgerða notið. En af ýmsum ummælum þessa hv. þm. mætti ætla, að brtt. hans væru fremur bornar fram af hégómaskap en nauðsyn, því að hann vill ekki koma aftur heim í kjördæmi sitt, nema því aðeins, að hann hafi eitthvað gert fyrir það.

Ég vil mælast til þess, að þessi hv. þm. breyti um þær aðferðir sínar, að flytja brtt. fyrst, þegar mál eru komin úr n., og enn fremur vona ég, að hann taki aftur þessar brtt. sínar og greiði frv. atkv. eins og það er nú. Að lokum vil ég mælast til þess, að umr. verði ekki haldið uppi miklu lengur, því að þetta virðist nú þegar allmikið rætt.

Bernharð Stefánsson: Ég skal gjarnan verða við tilmælum hv. þm. Barð. um að stytta umr. um málið, en lengra get ég ekki farið.

Hv. frsm. n., 1. þm. S.-M., tók upp hanzkann fyrir hv. þm. Barð. og svaraði því, sem ég hafði vikið að í ræðu hans. Ég tel þetta óþarfa af hv. frsm., því að hingað til hefur hv. þm. Barð. talið sig geta svarað fyrir sig hér í hv. þ., og þjóst ég við, að svo yrði enn.

Ég vona, að menn minnist þess að ég sagði, að hv. flm. þessa frv. hefði gert tilraun til þess að opna brúal., og ég álít það opnun að breyta þeim. Mun ég svo ekki hirða frekar um hártoganir hv. 1. þm. S.-M. um þessi ummæli mín. Hann sagði, að samgmn. hefði tekið til greina framkomnar till., og ég efast ekki um, að þetta sé rétt, en hún hafnaði einnig síðar framkomnum brtt., að því er virtist vegna þess, að þær komu ekki fram við 2. umr. Út af þessu vil ég spyrja, til hvers menn haldi, að 3 umr. séu hafðar um mál. Er það ekki til þess, að þm. geti borið fram brtt. við þá umr., ef þeir óska þess.

Hv. frsm. minntist á það, að misræmi það, sem orðið hefði á þessum málum, stafaði af sleifarlagi fyrri ára. Ég er honum alveg sammála um þetta. En hvers vegna er þá ekki reynt að lagfæra þetta í stað þess að láta fyrra sleifarlag halda áfram, því að breyt., sem þetta frv. fer fram á, stefna í sömu átt og áður, en alls ekki til neinnar lagfæringar á þessu sleifarlagi.

Hann sagði, að hv. n. hefði farið eftir till. vegamálastjóra, og eftir því virðist hún enga meiningu hafa haft sjálf. Ég tel það mjög varhugavert fyrir hvaða n. sem er að fela embættismanni, þótt góður sé, algert einveldi í svona málum, og leitast ekki við að gera sér sjálf neina grein fyrir málinu.

Það er ekki langt síðan, að till. hliðstæðs embættismanns voru hafðar að engu hér í hv. d.

Það er á misskilningi byggt hjá hv. þm. Barð. að halda, að till. mínar séu aðeins bornar fram af hégómaskap en ekki nauðsyn. Það er brýn nauðsyn að fá þessar brýr, sem ég fer fram á. Ég býst annars við, að það sé líkt á komið með mér og þessum hv. þm., að hann hugsi um sitt kjördæmi, þegar hann sér, að önnur héruð fá einhver fríðindi. Að sönnu skal ég viðurkenna það, að þessar brýr koma á sínum tíma, en engu að síður er brýn nauðsyn að fá þær.

Ég segi ekki, að þessi hv. samgmn. hafi brotið meira af sér en aðrar samgmn. hér á hv. Alþ., en tónninn í hv. nm. er óviðkunnanlegur og hrokafullur. Þeir virðast ekki vita, að þingsköp

leyfa þm. að bera fram brtt. á hvaða stigi máls sem er. Nú er eins og hv. nm. vilji banna okkur að bera fram brtt. við 3. umr.

Út af ummælum hv. þm. Barð. um fjvn., get ég tekið það fram, að þm. í fjvn. hafa skipzt á að tala við einstaka þm. um, hvað sé mest aðkallandi í héruðum. Þessi aðferð hefur verið viðhöfð síðan 1935, og allir hv. þm. vita þetta nema e. t. v. þessi hv. þm. Hv. þm. ráðlagði mér að taka upp aðra þingsiði. Ég hef nú setið á Alþ. um 20 ára skeið og geri ekki ráð fyrir að eiga eftir að sitja mjög lengi framvegis, svo að ég veit ekki, hvort það tekur því fyrir mig að fara að taka upp nýja siði hér. Að minnsta kosti mun ég ekki taka upp þingsiði þessa hv. þm., sem talar í hverju einasta máli, sem á dagskrá er. Þann sið mun ég aldrei taka upp.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég tók eftir því, að hv. frsm. samgmn. sagði í síðustu ræðu sinni, að flestar till. í frv. væru samkvæmt till. vegamálastjóra. Þetta þýðir það, að eigi munu þær allar vera samkvæmt till. vegamálastjóra. Frv. er nú ekki traustbyggðara en þetta. Það væri fróðlegt að vita, hverjar þær brýr eru í frv., sem vegamálastjóri hefur ekki mælt með. Einhverjar hljóta þær að vera, því að annars hefði ekki jafngætinn maður og hv. frsm., 1. þm. S.-M., sagt, að flestar till. væru samkvæmt till. þessa manns.

Það hefur komið fram í umr. hér, að óviðeigandi væri að bera fram brtt. við þessa umr. Þetta finnst mér þröngsýni og eigi sæmandi að veitast að hv. þm. fyrir það, þó að þeir komi með brtt. nú. Harkan í þessum umr. virðist vera meiri en straumharka jökulvatna þeirra, er brúa á, en skoðun mín er sú, að það verði hlutarins eðli, sem ræður úrslitum, en ekki málafylgjur.

Ég þykist vita, að hv. n. hafi gert allt eftir beztu vitund, en ég lái henni að taka hart á brtt., sem nú eru fram komnar frá þm., sem eigi hafa haft tækifæri til að koma með þær fyrr en við þessa umr. Á þessu er enginn einkaréttur, heldur á hér að ráða frjáls framburður mála, og sýnt hefur verið fram á, að þessi vötn, sem brtt. fara fram á að brúuð verði, eru eigi síður aðkallandi en ýmis vötn í frv. Einu sinni var í brúal. ákvæði um brú yfir Þjórsá ofarlega. Þessi brú hefði að sjálfsögðu verið mikil héraðsbót, en var þó ekki bráðnauðsynleg. Aftur á móti er till. mín um brú yfir Tungufljót mjög aðkallandi þörf. Mér fyndist hreinna til verks gengið, ef hv. nm. þykir brtt. ósanngjarnar, að ganga hreinlega á móti þeim, heldur en að banna, að þær séu fram bornar. Hv. frsm. og hv. þm. Barð. tóku þetta allt of strangt, og ég vona, að þeir sjái sig um hönd og greiði brtt. atkv.

Gísli Jónsson: Hér hafa orð fallið á þá leið, að hv. samgmn. sé að beita hv. þm. órétti, þó að hún finni að því, að brtt. skuli vera fram bornar við 3. umr. Þetta er ekki rétt. Hið eina, sem samgmn. lagði til, var, að brúal. væru þannig undirbúin, að eigi þyrfti að opna þau við 3. umr. Það er hætt við, að það komi of mikið fram af brtt. og það mundi leiða til þess, að málið þyrfti að taka upp að nýju, og slíkt mundi e. t. v. tefja málið svo, að það yrði ekki afgr. á þessu þingi. *Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 2. þm. Árn. þess efnis,* hvaða till. væru í frv., sem væru án vitundar vegamálastjóra, þá get ég sagt það, að það, sem hv. frsm. n. meinti, var, að vegamálastjóri hefði óskað eftir því, að l. yrðu samin upp. Og það er áreiðanlegt, að hv. n. hefði aldrei sett trú sína á l., sem vegamálastjóri væri andvígur. (**EE:** Var frv. flutt samkv. till vegamálastjóra?) Nei, en það var borið undir hann. Við það átti hv. frsm., þegar hann minntist á þetta. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti hefur í hyggju að fresta umr. eða *slíta henni, en mér fyndist réttara að fresta* henni, svo að hv. n. gefist tækifæri til að athuga brtt. þær, er fram hafa komið.

Sem svar við fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf. um það, til hvers 3 umr. væru hafðar um mál, vil ég spyrja hann annarrar spurningar, og hún er þessi: hvers vegna vildi þessi hv. þm. hafa aðeins eina umr. um mál, sem var á dagskrá í hv. d. í gær, og var svo breytt, að það var sem nýtt mál?

Ég tel það enga goðgá, þó að þm. taki til máls í málum, og mér finnst það skylda þm. að kynna sér þau *til hlítar. Ég tel þingsiði þessa hv. þm.* sízt betri en okkar nýgræðinganna, sem viljum ræða málin og kynna okkur þau.

Bernharð Stefánsson: Það eru aðeins örfá orð út af því, hvers vegna ég hefði viljað hafa eina umr. um þetta mál, sem var hér í hv. d. til meðferðar í gær, um kynnisferðir sveitafólks. Ég lít svo á, að það hafi ekki verið nýtt mál, heldur mál, sem þrjár umræður var búið að hafa um í þessari hv. d. En hafi það verið nýtt mál, þá er bezt að spyrja hv. þm. Barð. og hæstv. *forseta,* sem greiddu atkv. með því, að þetta skyldi skoðast nýtt mál, hvort venjuleg lagafrv. séu afgr. með fjórum umr. samtals í þinginu, einni í annarri d. og þremur í hinni.

Ég heyrði það hjá hv. þm. Barð., sem ég hef orðið var við hjá fleiri nýtum þm., að þeir halda að menn hugsi ekki um málin og hafi engan áhuga á þeim o. s. frv., nema þeir haldi hrókaræður um þau. Ég býst við, að hv. þm. Barð., ef hann á eftir að verða í 20 ár á þingi, muni eftir *þann tíma ekki hugsa svona, heldur vita,* að þessar ræður hafa oft ekki svo mikla þýðingu, sérstaklega þegar ekki fleiri hlusta heldur en nú síðast á ræðu hans. Og úr því að hann gerði fyrirspurn í sambandi við þetta, vil ég einnig spyrja hann, hvenær hann héldi, að þingið yrði búið eða hvort hann héldi, að árið mundi endast til þinghaldsins, ef allir hv. þm. ættu að taka hann, hv. þm. Barð., til fyrirmyndar í ræðumennsku.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. *fundi í Ed.,* 3. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 477,a felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, BSt, EE, StgrA.

nei: HG, IngP, KA, LJóh, MJ, ÞÞ, GJ, GÍG.

BBen greiddi ekki atkv.

4 þm. (HermJ, JJ, PM, BrB) fjarstaddir.

Brtt. 477,b tekin aftur.
— 484 felld með 9:3 atkv.
— 485 felld með 9:4 atkv.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., 4. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 72. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég skal geta þess í sambandi við það mál, sem hér var til meðferðar næst á undan, breyt. á vegal., að það var aðeins frá sjónarmiði n. það æskilegasta, — og þess vegna till. mín —, að mál það hindraðist alls ekki á braut sinni, því að það var búið að vera til meðferðar í n. alveg eins og mál það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um brúargerðir. Þessi mál hafa að sumra dómi bæði verið of lengi í meðferð hjá n. En ég tel, að það hafi ekki verið kleift að komast að niðurstöðu — og sízt svo góðri sem ég tel, að hafi orðið í báðum þessum málum —, á skemmri tíma. Það er eins um þetta mál, sem komið er hér nú til umr. og kemur frá hv. Ed., um brúargerðir, eins og um vegalagabreyt., að það er lögð áherzla á það nú eins og komið er, að þessum málum sé hraðað eins og verða má, því að héðan af má það ekki koma fyrir, að þau dagi uppi. Hæstv. forseti veit nú kannske gerr en ég, hve lengi þing stendur. Ég vil vænta þess, að þessi mál gangi sinn greiða gang. Og að því er snertir breyt. á l. um brúargerðir, sem hér liggur fyrir, þá hefur það frv. þegar verið í meðferð nefnda, og mun því óþarft að ætlazt til þess, að það gangi til samgmn. hér í þessari d., og vil ég því aðeins mæla með því, að það verði látið ganga hindrunarlaust til 2. umr.

Forseti (JJós): Út af því, sem hv. 10. landsk. þm. sagði um bæði þessi mál, vil ég geta þess, að mér er ekki í hug að tefja á nokkurn hátt framgang vegalagabreyt. Hitt sé ég ekki, að mér sé fært að láta ekki koma undir atkv. brtt., er liggja hér fyrir prentaðar á þskj. og löglega hefur verið útbýtt, án þess að þeir, er flytja þær till., hafi látið í ljós vilja sinn um þá meðferð þeirra. En ég vona, að það sé svo samstilltur vilji allra hv. þm. um að láta þetta mál ganga fram, að það þurfi ekki að koma að sök, þótt látin sé bíða atkvgr. um vegal. Ef um sök væri að ræða í þessu sambandi, þá er það þeirra hv. þm., sem ekki mæta á fundi, þegar áhugamál þeirra eru tekin á dagskrá.
Um síðara atriðið vil ég segja það, að ég tek undir þá ósk hv. 10. landsk. þm. til hv. þdm., að þetta frv. um brúagerðir megi ganga áfram til 2. umr. án n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 474, 510, 513).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 510 og 513 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 474, 510, 513, 521).

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég skal aðeins segja örfá orð fyrir hönd samgmn. til þess að hefja þessar væntanlega stuttu umr. — Ég sé, að hv. 2. þm. Eyf. er nú að koma inn, en hann á hér brtt. við þetta frv.
Þetta frv. um brúagerðir er komið frá Ed. Það var samkomulag um það hjá samgmn. beggja deilda, eins og hv. þm. mun kunnugt, að brtt. við þetta frv. yrðu allar ræddar og afgr. í Ed., en að brtt. við vegalögin yrðu einnig ræddar í Nd. Nú hafa samgmn. beggja deilda setið á rökstólum frá því í þingbyrjun og haft með höndum allar framkomnar till. Það mætti ætla, að allur þessi tími hefði reynzt nægilegur til þess, að allir hv. þm. gætu komið fram með sínar till. N. tók upp það ráð að semja alveg að nýju 2. gr. frv. um upptalninguna, og það má segja, að sú upptalning sé alveg tæmandi, hvað viðvíkur brúa- og vegagerðinni. En þrátt fyrir þenna mikla tíma og allar þessar athuganir, þá voru þó enn einhverjir eftir, sem höfðu áhugamál þessu viðvíkjandi, sem þeir höfðu ekki komið á framfæri. Vegalögin skal ég ekki ræða að svo stöddu, en það hafa nú komið fram ýmsar nýjar brtt. við brúalögin. Þó hafði 2. gr., eftir að n. hafði breytt henni, inni að halda meira en þær brtt., sem höfðu komið fram. Þetta stafar af því, að vegna nýrra vegalagninga hafa ýmsar brúagerðir orðið nauðsynlegar og því sjálfsagt, að þær kæmust í framkvæmd. Þess vegna eru brúalögin nú enn fyllri en hv. þm. höfðu gert sér vonir um í fyrstu. En nú brá svo við í Ed., ekki við 2. umr. heldur við 3. umr., sem hefði átt að ganga alveg hljóðalaust af, að þar komu fram ýmsar brtt. við þetta frv., en þær náðu þó ekki fram að ganga þar, þó ekki af því, að þessar till. gætu ekki átt rétt á sér í framtíðinni, heldur var það af „principi", ef svo mætti segja, að nm. í Ed. gátu ekki fallizt á að gera nokkrar breyt. á frv., eins og það var þá orðið, og voru þessar brtt. því felldar eða dregnar til baka í þeirri von, að ekkert yrði samþ., sem og líka varð. Nú hafa komið þar fram brtt. við þetta frv. frá hv. 1. þm. Árn. og hv. 2. þm. Eyf. Þessar till. eru afturgöngur, því að þær voru felldar í Ed., en eru nú bornar fram hér í þeirri von, að þær fái betri undirtektir hér. Samgmn. hélt fund í morgun og ræddi um það, hvort nokkur sannsýni mundi í því að opna nú þetta búr, sem búið var að smíða og loka fyrir. N. varð sammála um það, að undanteknum einum hv. nm., sem ekki var viðstaddur og ég veit því ekki, hvaða afstöðu hefur til þessa, að rétt mundi að halda fast við sitt „princip", og getur hún því ekki mælt með þessum till., en einstakir nm. gátu þó ekki alveg bundið sig við atkvgr. Ég get einnig lýst yfir því, að vegamálastjóri tel-

ur sig ekki geta mælt með þessum brúm að svo stöddu.

Þá er næst brtt. á þskj. 510 frá þm. Rang. Ég vil vona, að þeir taki sína brtt. aftur, af því að talið er sjálfsagt, að þessar brýr komi seinna inn á brúal., þegar þessi vatnsföll verða brúuð, eftir að fyrirhleðslan er komin í kring. Ég tel þessu máli því vel borgið og þykist vita, að hv. flm. muni taka sína brtt., á þskj. 510, aftur.

Ég hef svo ekki, fyrir hönd n., meira um þetta að segja að sinni. Það verður að ráðast, hvað hv. þdm. þykir hlýða í þessu efni.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefði getað látið mér lynda að segja ekkert um mína brtt. og taka hana aftur, ef ég hefði verið svo í náð með þessar framkvæmdatill. mínar sem sumir aðrir þm., sem fengið hafa meira en þeir hafa beðið um. Það eina, sem ég hef beðið um, er að brú á þetta manndrápsvatnsfall verði tekin inn á brúalög, en því er neitað og færðar fram þær ástæður fyrir því, að þessi till. hafi ekki komið nógu fljótt fram í fyrri d. Ég verð að segja, að það fer þá að verða nokkuð vandlifað hjá þm., og þau kjördæmi eru ekki vel sett, sem eiga að eins einn þm. Nú vil ég taka það fram, að ég hef enga hvöt til þess að flytja slíka brtt., nema að þess sé brýn þörf. Þarna hagar nú svo til við Tungufljót, að búið er að leggja veg að vestanverðu niður að fljótinu, en verið er að byggja veg frá Bræðratungu, hinum megin við fljótið, og munu vera um 5 km frá Króki og yfir í Bræðratunguhverfi. En sá vegur er hvergi nærri fullgerður. Nú er mér sagt, að þær ástæður séu til færðar á móti þessari brú, að brú sé ofar á Tungufljóti, um 5 km fyrir ofan Krók. En frá þeirri brú niður í Bræðratunguhverfi er vegaleysa, um 5 km löng, en götuslóðar liggja niður að Króki. Það hefur verið byrjað á vegaframkvæmdum milli bæjanna í þeirri von, að brú kæmi þarna á Tungufljót. Nú hagar þannig til við Tungufljót, að mjög oft er ómögulegt að ferja yfir fljótið vegna isskara eða roks, en ferja er á fljótinu nærri Króki. Þessir bæir, átta að tölu, sem eru austan við fljótið, eiga því oft mjög erfitt um allar samgöngur, og vegurinn frá aðalbrautinni niður að Tungufljóti kemur að engum notum, ef vegfarendur eiga að fara upp að brúnni, sem er ofar á Tungufljóti. Það er því ekki hægt að segja annað en með því að synja um þessa brú sé verið að hefta möguleikana hjá þessum mönnum, sem þarna búa, til þess að bjarga sér og gera þeim eins erfitt fyrir eins og hægt er. Ég verð að segja það, ef aldrei hefur verið hugsað til þess að brúa Tungufljót á þessum stað, þá voru lítil hyggindi í því að leggja þennan veg frá aðalbrautinni niður að fljótinu á móts við Krók. En auðvitað var það gert með það fyrir augum, að fljótið yrði brúað á sínum tíma. Nú er sagt, að þessi brú muni einhvern tíma koma inn í brúal. En ég hygg, að dráttur gæti orðið á framkvæmdum, þó að þessi brú kæmist einhvern tíma inn á brúal., því að það vita allir, að það er ekki eins og farið sé að brúa vatnsföllin, þó að ákvæði um brúarsmíði komist inn í brúal. Ég skil vel þá afstöðu hv. samgmn., að hún vilji gæta þess, að ekki komist inn í brúal. nema það, sem sanngjarnt er og nauðsynlegt, en ég þykist ekki, með brtt. minni, fara fram á annað en það sem er alveg bráðnauðsynlegt. Ég hygg þess vegna, að menn geti með góðri samvizku greitt brtt. minni atkv., og vænti þess, að hv. d. sýni þá sanngirni að samþykkja hana. Þetta er ekki fyrir mig gert, það er fyrst og fremst gert fyrir vegfarendur og þá, sem búa þarna austan við Tungufljót.

Ingólfur Jónsson: Ég vil leyfa mér að lýsa yfir því, að við, þm. Rang., munum taka aftur brtt. okkar á þskj. 510.

Garðar Þorsteinsson: Ég get ekki fallizt á þau tilmæli hv. samgmn. að taka brtt. mína á þskj. 521 aftur. Ég er kunnugur á þessum stöðum og tel fulla nauðsyn á því, að brýr komi á þeim stöðum, sem hér um ræðir, og vil því láta ganga atkv. um brtt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hafði ekki búizt við því, að margar brtt. mundu koma fram við brúal., en ég sé, að hér eru komnar fram nokkrar brtt., og því hef ég leyft mér að taka nú upp brtt., sem hv. samþm. minn bar fram í Ed., og leggja hana fram sem skrifl. brtt. En þessi brtt. er um það, að tekin verði upp í brúal. brú á Jökulsá á Dal hjá Brú. Þarna hagar svo til, að ekki er hægt að komast yfir þetta vatnsfall nema annað hvort með því að fara upp á fjöll, eða þá með því, að fara yfir það á dráttarkláfi. Það er ekki svo vel, að þarna séu götuslóðar, eins og hv. 1. þm. Árn. sagði, að væru frá Tungufljótsbrú og niður í Bræðratunguhverfi, heldur er hér um vegleysur einar að ræða. Þessi till. á því ekki minni rétt á sér en sú brtt., og vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (JJós): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. N.-M., svo hljóðandi: [sjá þskj. 540].

Ég mun nú leita leyfis til afbrigða frá þingsköpum til þess að brtt. megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Eins og hv. þm. mega vita, get ég tæplega talizt meinsmaður þeirra áhugamála, sem hér eru á ferðinni, en einhvers staðar verður staðar að nema. Það mun vera talin skylda þingn. að halda nokkuð á málum og láta þau ekki fara út í veður og vind, og svo er einnig í vega- og brúamálum. En fari svo, að nú fari að drífa að brtt., eins og þá, sem hv. 2. þm. N.-M. hefur nú borið hér fram, þá er ekki um annað að gera en að láta slíkt ganga undir atkv. hv. dm. í því trausti, að þeir telji nauðsyn til bera að hafa hér nokkurt hóf á. Að því er snertir hv. 2. þm. Eyf., þá hef ég ekki miklu að svara ræðu hans. Hann bar ekki við að koma með rök fyrir máli sínu. Það stendur sem sé enn óhaggað, að samgmn. hefur ekki getað mælt með till., og að till. lá fram á 11. stund í Ed. Hitt er aftur á móti víst, að hvarvetna á landinu er fjöldi vatnsfalla, sem eftir er að brúa og sjálfsagt er, að komi inn

í brúal., og þá aðallega vegna þess, að þau vatnsföll eru enn til yfirferðar, en eru svo fjarri alfaraleiðum, að ekki þykir hlýða, enn sem komið er, að bera fram till. um að taka brýr á þau vatnsföll upp í brúal.

Þá er það hv. 1. þm. Árn. Mér fannst hann vera heldur stifur í málafylgju sinni, þar sem hann ætti manna bezt að vita, að eitthvert hóf verður að vera á, þegar slík mál eru til meðferðar. Nú skal því ekki neitað, að það hefði verið æskilegt að brúa Tungufljót hjá Króki í Biskupstungum, og má vel vera, að það verði bráðlega gert, og meira að segja taldi vegamálastjóri, að að því gæti rekið, að sú brú kæmi inn í brúal. á næstunni, þó að segja megi, eins og þessi hv. þm. sagði, að þar fyrir gæti orðið bið á framkvæmdum. Ég vil aðeins leiðrétta það hjá hv. 1. þ. Árn., að það sé nokkur mælikvarði út af fyrir sig, þó að þeir þm. úr því héraði hafi ekki komið með neina brú inn í brúal. Það eru ýmis héruð, sem eins er ástatt um, og því hefur vegamálastjóri sett brýr, sem áttu að koma, hvort sem var, vegna þess hvernig samgöngur lágu að vatnsföllunum. Hér er því engan veginn verið að stofna til samkeppni við þau héruð, sem ekki hafa nú á þessu þingi fengið brýr samkv. brtt. einstakra fulltrúa þeirra héraða. Sums staðar er það líka þannig, að komið hafa fram frv. um breyt. á brúal., og einmitt þess vegna hafa svo á sínum tíma komið fram brtt. við brúal. í báðum d., og þær brtt. hefur samgmn. svo fengið til meðferðar. Og nm. hafa þá nokkra ástæðu til þess að ætla, að þá hafi þm. sagt sitt orð, en komi ekki á þessu stigi málsins með fleiri brtt. Við, sem búum við mikil vatnsföll, verðum nú að sætta okkur við það, þó að ekki sé brú á sama vatnsfallinu með 5 km millibili. Nú vil ég ekki ræða þetta mál lengur, en ætla að sjá, hvernig meðferð málsins verður. Ef breyt. verða ekki á því gerðar, verður frv. að l. nú, en ef breyt. verður á því gerð, þá fer það að sjálfsögðu til Ed. og verða hv. þdm. að skera úr því með atkv. sínu.

ATKVGR.

Brtt. 510 tekin aftur.

— 513 felld með 15:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ EystJ, GÞ, HelgJ, JörB, LJós, PO, SigfS, SG, SvbH.

nei: ÁÁ, BÁ, FJ, GG, GSv, JakM, JPálm, JS, PZ, SB, SK, SÞ, SkG, ÞG, JJós.

BG, EmJ, GTh, IngJ, PÞ, STh, StJSt greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOl, ÓTh, SEH) fjarstaddir.

Brtt. 540 felld með 18:7 atkv.

— 521,a felld með 17:7 atkv.

— 521,b felld með 17:9 atkv.

Frv. samþ. með 27:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 542).

44. Kartöfluverzlun o. fl.

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um verzlun með kartöflur o. fl. (þmfrv., A. 284).

Á 49. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Frv. þetta er samið af n. þeirri, sem skipuð var af landbrh. 8. maí 1940, til að gera till. um breyt. á l. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti. Frv. hefur legið fyrir landbn. á undanförnum þingum til athugunar. L. um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti eru frá 1936 og miðuðu að því að koma betra skipulagi á framleiðslu kartaflna og grænmetis og verzlun með þessar vörur. Tilgangurinn var raunar sá, að Íslendingar gætu orðið sjálfum sér nógir á þessu sviði, og mikilsvert atriði í þeirri viðleitni hlaut að vera það að hindra of mikla samkeppni erlendra garðávaxta sem hlýtur að verða til að draga úr framleiðslu innan lands. Nú hefur þessi tilraun staðið í nokkur ár, og er orðið tímabært að hagnýta þá reynslu, sem þegar hefur fengizt. Í þessu frv. er haldið ýmsum atriðum úr l. frá 1936, en aukið við ýmsum nýjum atriðum, sem reynslan hefur sýnt, að æskilegt muni að taka upp. Það mark, sem keppa verður að fyrst og fremst, er það, að alltaf sé til í landinu nóg af góðum matarkartöflum.

Í frv. því, sem legið hefur fyrir landbn. og hún breytt að nokkru, voru aðallega tvö nýmæli: Fyrst það, að kartöflur skyldu flokkaðar, og hitt annað, að komið yrði á fót stofnrækt, svo að almenningur ætti kost á að fá úrvalsstofna.

Í núgildandi lögum er ætlazt til, að Grænmetisverzlun ríkisins flokki þær kartöflur, sem hún kaupir, en á öðrum hvílir engin skylda um flokkun. Þeir, sem lítið hafa hirt um að vanda vöruna, hafa því gengið fram hjá Grænmetisverzlun ríkisins og selt Pétri og Páli. Þeir hafa þannig gert Grænmetisverzluninni mikil óþægindi; auk þess mörgum, sem hafa keypt þessa vöru. Og þetta gerir tjón á annan hátt: það skapar tortryggni hjá kaupendum, og ekki síður það, að þeir, sem vanda vöru sína, bera ekkert úr býtum fram yfir hina, sem selja sína gölluðu vöru sama verði og væri það fullkomin verzlunarvara að öllu leyti. Það er því nauðsynlegt að koma á annarri skipan en nú er. Í því frv., sem lá fyrir landbn., var farið nokkru strangar út í mat en n. gerir kröfu til. Hún áleit heppilegra að stilla því í hóf í fyrstu, en herða síðar á kröfunum.

Það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi víkja að og fara þarf varlega með, en það er krafan um samkynja afbrigði. Eins og menn vita, þá eru kartöflur almennt ræktaðar þannig, að sami framleiðandi hefur oft mörg afbrigði, öll í graut. Þess vegna hefur reyndin orðið sú, að þó að kartöflurnar séu góðar að öðru leyti, eru þær ósamkynja. Þetta er ekki æskilegt. Það þarf að koma þeirri skipan á kartöfluræktina, að ræktað sé eftir afbrigðum, sem menn eigi kost á og geti valið um eftir smekk. En sem sagt, landbn. áleit bezt að fara varlega í þessar sakir til að byrja með, en þoka málinu áfram.

Hitt atriðið, sem ég minntist á, að væri nýtt, er það að koma á fót stofnrækt með úrvalstegundir af kartöflum og selja almenningi til útsæðis. Þetta er mjög mikilsvert atriði. Það hefur komið fyrir, að það hefur verið miklum vandkvæðum bundið að afla útsæðis og jafnvel orðið að kaupa það frá útlöndum í stórum stíl og illmögulegt að fá þær tegundir, sem bezt eru fallnar til ræktunar hér á landi. Frá þessari ræktunarmiðstöð ættu bændur smám saman að geta fengið hrein afbrigði til framleiðslu á fyrsta flokks vöru, og það er mjög mikilsvert fyrir landbúnaðinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. Það eru aðallega þessi nýmæli, sem ég hef drepið á, sem skipta máli. Annars er flest í sama horfi. N. leggur til, að frv. sé vísað til 2. umr.

Pétur Ottesen: Þetta mál hefur legið fyrir landbn. núna undanfarið, að ég ætla, og nokkuð verið athugað í n., þó að því væri ekki komið á framfæri fyrr en nú. Það má fullkomlega viðurkenna þann tilgang, sem í frv. felst og er æskilegur, — að koma kartöfluræktinni og verzlun með kartöflur í það horf, sem stefnt er að.

Hitt er atriði, sem ég vildi mælast til við n., að hún tæki til athugunar: Hvort rétt sé að setja skilyrðislaust þegar í byrjun svo strangar reglur um flokkun, sem í 6. gr. frv., því að þar er ákveðið, að á nokkrum stöðum í landinu, þar sem mest er framleitt, skuli allar kartöflur seldar í verzlunum í þrem flokkum, úrvalsflokki, I. og II. flokki, og að þessi flokkun eigi að fara fram eftir tegundum. Það er ekki miðað við venjuleg gæði, þ. e. hæfilega stærð og að kartöflur séu óskemmdar o. s. frv., heldur alveg sérstaklega við tegundir. (**BÁ:** Nei, það á að miða við gæði). Við gæði, segir hv. þm. Mýr. En hér stendur skýrum stöfum: „Í úrvalsflokki séu aðeins beztu tegundir.“ Ég sé ekki betur en að flokkunin nái til þess og að það eigi að flokka eftir tegundum, enda tók hv. frsm. skýrt og greinilega fram, að svona ætti það að vera. Ég held, eins og þessum málum er háttað nú, þar sem flestir rækta margar tegundir, allar í hrærigraut, þá verði þetta, meðan engri skipun er á komið, ákaflega miklum erfiðleikum háð og kostnaðarsamt að flokka eftir þessum reglum. Hitt er annað mál, þegar farið væri að rækta kartöflur eftir tegundum, og þær kæmu aðgreindar frá seljandanum, þá horfir málið öðruvísi við. Mér finnst því fyrsta stigið til að gera l. framkvæmanleg sé að gera gangskör að því, að ræktun á kartöflum sé komið í það horf, að hver tegund sé ræktuð út af fyrir sig og ræktaðar eingöngu þær tegundir, sem eru bragðbeztar, fljótvaxnar og yfirleitt gefa beztan árangur. Ég vil því beina því til n., hvort ekki sé hyggilegast, að undantekningarákvæði, tímabundin, séu sett á svona strangt mat á kartöflur eftir tegundum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar sé það gert að skilgreina kartöflutegundir betur en nú er gert, og velja þær tegundir til útsæðis, sem bezta raun gefa og hafa mest mótstöðuafl gegn þeim bakteríum, sem á kartöflur sækja og valda skemmdum. Ég veit ekki, hvað miklum fagmönnum við höfum á að skipa, sem eru færir um að flokka kartöflur eftir tegundum, því að það er meira verk en svo, að bændur geti gert það sjálfir. Því er ekki óhyggilegt að setja tímatakmark til þess að tryggja, að þessi l. verði meira en pappírsblað. En ég er hræddur um, að þau verði ekki annað, ef hér er ekki frekar að gert.

Ég vildi aðeins skjóta þessu til hv. n. Ég tel æskilegt að koma þeim umbótum á að gæta þess meira en verið hefur að rækta betri kartöflur og koma meira skipulagi á söluna, sem að ýmsu leyti hefur verið í óæskilegu formi.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Í tilefni af ræðu hv. þm. Borgf. vil ég geta þess, að hér er um dálitinn misskilning að ræða. Mér skilst ræða hans vera byggð að mestu leyti á ákvæðinu um aðgreiningu í flokka, að hún sé öll eftir tegundum, en í 8. gr. stendur: „Í smásöluverzlunum skal greinilega auðkennt við kartöflur þær, sem eru á boðstólum, hvaða flokki þær tilheyra, og einnig tegundarnafn þeirra, þegar um úrvalsflokk er að ræða.“ Ég skal taka það fram, einmitt út af ræðu hv. þm. Borgf., að n. var alveg á sömu skoðun um þetta, og voru strangari ákvæði upphaflega í frv., en n. áleit réttara að fara varlega í sakirnar og gera ekki kröfurnar hærri til að byrja með en líklegt væri, að hægt væri að framfylgja. Þess vegna felldum við úr, að þetta ákvæði næði til nema úrvalsflokks kartaflna. Mér skilst því ekkert skilja milli álits n. og hans.

Pétur Ottesen: Ég held það sé ekki rétt hjá hv. frsm., að skilgreining eftir tegundum nái ekki nema til úrvalsflokks, því að hér er um tvenns konar ákvæði að ræða: 6. gr., samkv. hvaða flokkun þær skuli seldar, en ákvæði 8. gr. taka til þess, hvað hafa má á boðstólum. Í 6. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Í 1. fl. sé allur meginþorri hreinna kartöflutegunda, sem eru vel aðgreindar.“ Hvað felur þetta í sér nema aðgreiningu eftir tegundum? Það er a. m. k. nýtt, ef það þýðir það eingöngu, að það sé ekki smælki. Ég vil því aftur beina þeim tilmælum til n., að ekki verði á þessu stigi tekið svona strangt til orða, því að það eru ekki á heimilunum skilyrði til þess að flokka svo strangt, og ég efast um, að menn t. d. á næsta hausti aðgreini kartöflur svo nákvæmlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 51., 52. og 53. fundi í Nd., 6., 8. og 9. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 284, 391).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 391. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Hér liggja fyrir brtt. við þetta frv. Það urðu nokkrar umr., þegar málið var til 1. umr., sérstaklega viðvíkjandi því, hvort ráðlegt sé að ákveða nú þegar strangt mat á kartöflum að því er tegundir snertir. N. hefur ákveðið í samráði við andmælendur, hv. þm. Borgf. og fleiri, að flytja hér till. um bráða-

birgðaákvæði, þar sem segir svo, að þessi ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrst um sinn, fyrr en meiri reynsla er fengin í þessu efni. Hinar brtt. eru að mestu leiðréttingar og lítils háttar orðabreyt., sem hafa ekki nein áhrif á efni málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 391,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 391,2 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 391,3 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 391,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 391,5, ákvæði til bráðabirgða, samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 55., 56. og 58. fundi í Nd., 11. og 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 401).
Á 59. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 401, n. 494).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta mál hefur legið fyrir Alþ. nokkrum sinnum að undanförnu. Frv. þetta er upphaflega samið 1940 af stjórnskipaðri n., en að þessu sinni var það flutt af landbn. í Nd. D. samþykkti frv. svo að segja breytingalaust. Landbn. þessarar d. hefur nú athugað það og mælir með samþykkt þess og er aðalatriðum þess sammála. Þó hafa a. m. k. sumir nm. áskilið sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., þótt þær séu ekki komnar fram enn. Aðalefni frv. er, að ríkið skuli hafa einkasölu á innfluttum kartöflum og grænmeti og greiða svo sem unnt er fyrir sölu erlendra garðávaxta. Þá er í 6. gr. gagnlegt ákvæði, að flokka beri sölukartöflur bæði eftir tegundum, gæðum og meðferð og verð fara eftir þeirri flokkun. Í 7. gr. er ákveðið um n. manna, sem ráða eigi verðlagi og annast um það, sem þarf, til að framfylgt verði flokkun á kartöflum. Í 10. gr. er ákveðið, að Grænmetisverzlun ríkisins hafi hönd í bagga um ræktun útsæðis, en það er grundvöllur kartöfluræktar, að menn eigi völ á góðu útsæði og heilbrigðu. Í bráðabirgðaákvæði, sem Nd. bætti við frv. landbn., er heimilað að veita nokkra undanþágu frá kartöfluflokkun eftir tegundum fyrst um sinn, m. a. vegna þeirra kartaflna, sem nú eru til á markaðnum.

Haraldur Guðmundsson: Ég get því aðeins samþykkt bráðabirgðaákv. síðast í frv., að undanþágan verði ekki veitt nema sem allra skemmst, helzt ekki lengur en til haustsins, sem kemur, og það mun almennur vilji þm. Vil ég, að það fylgi frv., að þess er vænzt, að ákvæðið verði ekki misnotað. Höfuðkostir þessa frv. eru einmitt 6. og 8. gr., sem eiga að tryggja fullkomna flokkun. Loks vil ég benda á næstsíðustu málsgr. 5. gr. með leyfi hæstv. forseta: „Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.“ Ég álít, að það geti sýnt sig, að ekki sé ætíð hægt að fullnægja báðum þessum verðlagskröfum í senn. Verð ég þá að skilja frv. svo, að höfuðreglan sé fyrri málsgreinin og á henni verði að byggja. Hin síðari verði aðeins höfð til hliðsjónar, — þann veg komist n. helzt hjá því að brjóta fyrirmælin.

Eiríkur Einarsson: Ég áskildi mér í n. rétt til að bera fram brtt. við frv. og hafði þá einkum í huga atriðið, sem hv. 3. landsk. þm. minntist nú á. Mér finnst ekki forsvaranlegt að ganga frá frv. með því orðalagi óbreyttu. Allir kunnleikar á málinu benda til þess, að svo mikið beri stundum á milli þess tvenns, sem miða skal verðið við, að ekki fái það neinn veginn samrýmzt. Ég verð að segja, að lagaákvæði um að binda verð á íslenzkri framleiðslu til heimanota við verð á erlendum markaði er einskis virði, þegar til kastanna kemur, það er ekki hægt að láta menn framleiða nema borga þeim kostnaðarverð framleiðslunnar. Þess vegna hlýtur síðari málsgr. að verða það, sem máli skiptir um verðlagið, sanngirnisverð þurfa framleiðendur að fá og neytendur að greiða, miðað við framleiðslukostnað frá ári til árs. Þar er sá meðalvegur, sem keppa verður að í íslenzku viðskiptalífi. Ef aðrir gerast ekki til þess að flytja brtt. um þetta efni fyrir 3. umr., mun ég gera það. Nú er talin þurrð á garðávöxtum, og hafa þá framleiðendur hvatningar þörf.

Ég ætla mér svo ekki að segja öllu fleira um þetta frv., og ætla að láta það nægja, sem ég hef þegar sagt. Annað, sem ég hef ekki minnzt á, læt ég liggja á milli hluta. En ég vil aðeins að lokum geta þess, að ég vil halda fast við verðákvæðið, sem um getur í 5. gr. frv., en með dálitilli breyt., og kem þá með brtt., ef ástæða verður til þess.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég er sammála hv. 3. landsk. um það, að ákvæðin til bráðabirgða ættu að gilda stutt, og ég er einnig sammála honum um, að ákvæðin um flokkunina eru ein hin þýðingarmestu í frv.

Það hefur verið raunalegt að sjá seldar saman alls konar tegundir af kartöflum, bæði góðum kartöflum og þeim, sem tæplega geta kallazt mannamatur, alla vega með farnar, en allar við sama verði.

Nú hafa tveir hv. þm. gert að umræðuefni tvo fyrstu málsliðina í 1. mgr. 5. gr. frv., þar sem talað er um verðlag á kartöflum. Ég skal játa, að það mun vera breitt bilið á milli gangverðs á kartöflum í nágrannalöndunum og hér, og hv. þm. munu sjá, að til þess liggja eðlilegar ástæður. En orðalagið — að miða við markaðsverð á erlendum markaði fyrir kartöflur og taka til greina framleiðslukostnaðinn, — það stendur í eldri l. um grænmetisverzlun ríkisins. Hef ég að vísu veitt því athygli, að þetta getur hálfilla samrýmzt hvort tveggja, en ég lít á það sem málamiðlun eins konar, sem báðir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, ættu að sætta sig við. Sjálfur efast ég um, að hægt verði að framleiða hér kartöflur með sama verði og er á þeim í nágrannalöndunum. En hitt sjá allir, og það er gleðiefni fyrir landsmenn, hve kartöfluræktin er þó orðin mikil hjá okkur og hve gagnleg hún er, ekki hvað sízt á þessum ófriðartímum, þegar erfitt er að fá frá útlöndum svo að segja hvaða vöru sem er. En kartöfluræktin og verzlunin með þá vöru þarf að færast í heilbrigðara horf, og eru miklir möguleikar fyrir hendi hjá okkur til þess, að svo geti orðið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Eiríkur Einarsson: Ég lét þess getið við 2. umr. þessa frv. hér, að ég mundi gera brtt. fyrir 3. umr. eða vera með brtt., ef hún kynni að koma fram. Nú hef ég ekki orðið var við, að neinn flytti hér brtt., og hef ég því, í samræmi við það, sem ég sagði, flutt brtt. En vegna naums tíma verð ég að bera hana fram skriflega, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég leyfa mér að lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Við 5. gr. Niðurlag 1. málsgr. („Verskráning garðávaxta“ o. s. frv.) orðist svo: Verðskráning garðávaxtanna skal aðallega miða við það, að framleiðendunum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð, en þó með nokkurri hliðsjón til markaðsverðs garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði.“

Ég vil þá leyfa mér að leggja þessa brtt. fyrir hæstv. forseta í þeirri von, að stjórn og hv. þdm. veiti afbrigði, svo að hún megi koma fyrir.

Ég þarf ekki að endurtaka það, að þau ákvæði í frv., er þessi brtt. á að leiðrétta, nú ekki nokkurri átt. Það þarf sem sé engra skýringa við, að reynslan hefur sýnt, að ákvæðin, eins og þau standa í frv., í lok 1. málsgr. 5. gr., brjóta í bága hvort við annað. Við 2. umr. voru færð þau rök fyrir þessu, að þannig hefði þetta staðið í eldri l. En mér þykir óþarft af hv. d. að lögfesta ákvæði, sem séð er, að ekki muni standa og ekki er farið eftir.

Það eru allir á einu máli um það, að vanda beri framleiðslu garðávaxta og örva hana, en það er í samræmi við tilgang þessa frv. að nokkru leyti. En það sér hver maður, að það verður svo bezt gert, að framleiðslukostnaðurinn fáist borinn upp. Því verður aðalmarkmiðið að vera hagræði og örvun í framleiðslunni, þó að ekki sé um neinn gróðaatvinnuveg að ræða. Hitt er svo ekki úr vegi, að hafa hliðsjón af erlendum markaði um verð, það er mýkra orðalag og ekki óeðlilegt. En í frv., eins og það er, er haft hausavíxl á aðaltilgangi og aukatilgangi.

Ég þykist svo ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta. Þó skal ég láta þess getið að öðru leyti um frv., að það er viðleitni til aukinnar vöruvöndunar, sbr. flokkun og vöndun útsæðis. En þrátt fyrir þessa viðleitni, sem veldur því, að ég fylgi frv., þá dyljast mér ekki ýmsir gallar á því. Hin gagngera flokkun er t. d. æskileg eftir orðanna hljóðan, en ég er hræddur um, að erfitt verði að fylgja henni fullkomlega eftir á frumbýlingsárum garðræktarinnar. Það vita t. d. allir, að á haustin flytjast kartöflurnar einkum hingað. Ef ætti að fela síðan einum manni aðalstarfið við matið, þá mundi það reynast æðimikið og dýrt starf, ef tryggt ætti að vera. Það þyrfti síðan að leggja á vöruna, svo að hún yrði við það dýrari. En þó tel ég viðleitnina á bak við þessa lagasetningu svo mikils virði, að ég tel ábyrgðarhluta að vera á móti henni, enda þótt þar sé ýmislegt vafasamt um flokkun og fleira. En um leið vil ég láta þess getið, að þessu atriði verður óhjákvæmilega að breyta, er ég legg hér til, svo að ekki verði úr hrein vitleysa og mótsagnir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 538) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Í sambandi við fram komna brtt. og með tilvísun til 5. gr. þessa frv., þá vildi ég benda á, að þar ætti að standa — „að viðbættum flutningskostnaði og álagningu“.

Þá virðist mér 2. málsgr. 5. gr. koma í bága við nýsett l. um verðlag, því að vel hugsanlegt er, að löglegt hámarksverð innfluttra kartaflna nái ekki verði innlendu kartaflnanna, sem ekki má fara niður fyrir samkv. þessari málsgr. Ég veit ekki, hvort form. landbn. hefur athugað þetta, og eins ef leyft yrði að hækka verðið á erlendu kartöflunum, til hvers yrði það fé notað, yrði það notað til að verðjafna vöruna eða ekki?

Ég óska eftir, að þessari umr. verði frestað í dag, ef hægt væri að samræma þetta, svo að það kæmi ekki í bága við önnur lagafyrirmæli.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég er á sama máli og hv. þm. Barð. um það, að ákvæði 2. málsgr. 5. gr. komi í bága við gildandi verðlagsákvæði. Þar að auki er engin sanngirni í því, að innfluttar kartöflur séu seldar hærra verði en þær kosta af þeim sökum einum, að óseldar íslenzkar kartöflur eru í landinu.

Í 3. gr. stendur, að þess beri að gæta að flytja ekki inn erlendar kartöflur, fyrr en hin innlenda framleiðsla sé svo til þurrðar gengin, að öruggt sé, að innflutningurinn torveldi ekki sölu vörunnar. Enda er venjulega ekki gert ráð fyrir, að erlendar kartöflur séu fluttar til landsins, fyrr en þurrð er svo mikil á íslenzkum kartöflum, að þær eru svo að segja ófáanlegar í landinu. Það væri að minu áliti lítil sanngirni, ef flytja þyrfti inn kartöflur til Reykjavíkur eða annarra stærri staða, að menn þyrftu að kaupa þær miklu hærra verði en þær kostuðu, vegna þess, að á einum útkjálka landsins eru til íslenzkar kartöflur. Ég hef átt tal við forstjóra grænmetisverzlunarinnar um þetta mál, og álit hans er það, sem ég tel líka sjálfsagt, að þetta atriði heyri undir það almenna verðlagseftirlit.

Frsm. (Páll Hermannsson): Maður getur nú ekki alveg fullkomlega áttað sig á skrifl. brtt., en *ég hef það á tilfinningunni*, að skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Árn. breyti ákaflega litlu. Mér sýnist hann bara snúa atriðum við þannig, að hann telur annað það atriði fyrr, sem í frv. er síðar talið, en er annars á ferð með bæði atriðin.

Annars geri ég ráð fyrir, að það, sem hlyti að liggja til grundvallar fyrir ákvörðun verðs á kartöflum, verði það, fyrir hvað er hægt að framleiða þær. Því að ég er ekki í vafa um það, að Íslendingar muni vilja vinna að því að framleiða sjálfir handa sér þær kartöflur, sem þeir þurfa að borða yfirleitt. Þess vegna sýnist mér það muni breyta ákaflega litlu í málinu, hvort þessi till. frá hv. 2. þm. Árn. verður samþ. eða ekki.

Þá kom fram aths. frá hv. þm. Barð. og hæstv. fjmrh., aths. við 2. mgr. 5. gr., þar sem segir, að innflutta garðávexti megi aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði. Ég skil nú þetta þannig, að ekki sé ætlazt til, að innflutt jarðepli keppi við innlenda framleiðslu. Ég skal ekki segja, hvort árekstrar kunna að verða og einhverjum kunni að þykja ódýrara, svona reiknað í krónum, að flytja inn kartöflur. En er það ekki svo um fleiri vörur? Hvernig er það með ameríska smjörið? Mér er sagt, að það sé nokkuð miklu ódýrara en það íslenzka. En *ég geri samt ráð fyrir*, að við höldum áfram að framleiða mjólk og smjör. Og ég verð að telja, að í framtíðinni verði gáð að því, að innflutningur á kartöflum standi ekki í vegi fyrir því, að Íslendingar framleiði handa sér kartöflur. Því að þótt undanfarið hafi hver hönd haft nóg að gera, þá getur einhvern tíma seinna þótt fyllilega þess vert að framleiða handa sér þann matarrétt, sem sennilega er oftast á hvers manns borði í landinu.

Ég get ákaflega vel fallizt á þá uppástungu frá hv. þm. Barð., að umr. verði frestað og landbn. athugi þessi atriði til morguns. Hins vegar finnst mér ekki, að ég sjái í bili fram á neina hættu af þessum innflutningi, að öðru leyti en því, sem kann að rekast á einhverjar ráðstafanir um verðlagsákvarðanir. En þær ákvarðanir býst ég við, að *lagi sig eftir þessu. Og satt að segja man ég* aldrei eftir því í seinni tíð, að útlendar kartöflur hafi verið seldar lægra verði en innlendar. Þær eru venjulega fluttar inn síðari hluta sumars, áður en náð er í innlenda framleiðslu.

En ég get fallizt á að athuga málið til morguns.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég vildi bara taka fram, að það vakir ekki fyrir mér, og ég geri ekki ráð fyrir, að það vaki fyrir öðrum, að hér sé verið að tala um innflutning á erlendri framleiðslu til að keppa við innlenda framleiðslu, heldur að bæta úr þörfinni með erlendum kartöflum, sem innlendar kartöflur geta ekki fullnægt, með því að þær eru gengnar til þurrðar. Og þegar svo er komið, þá segi ég, að eigi að selja neytendum kartöflurnar við svo vægu verði sem framast er kostur eftir því innkaupsverði, sem á þeim er.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins lýsa yfir, að mér þykir vænt um, að form. n. hefur óskað að taka þetta mál út af dagskrá til morguns, því að *annars hefði ég neyðzt til að bera fram brtt. um*, að 2. mgr. falli niður. En ég vil benda á, ef hún á að standa í frv. yfirleitt, þá er nauðsynlegt að hafa beint ákvæði um, að ágóðinn, sem af þessu fæst, verði notaður *til þess að jafna verð annars staðar* í landinu, svo að þjóðin öll fengi lægra kartöfluverð í heild, með því að lagt yrði meira á hinar innlendu kartöflur en heimilt er samkv. núgildandi l. Það getur verið, að ég geti fylgt þessu í sliku formi. En frekar hefði ég óskað eftir, að þetta ákvæði hefði verið fellt úr.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Barð. benti á það, sem ég vildi segja í sambandi við ummæli hæstv. ráðh. Mér finnst sanngjarnt, þótt fáanlegar væru á einhverjum stuttum tíma ódýrari erlendar kartöflur heldur en framleiddar eru hér, að þær væru seldar við álíka verði og innlendar, en hagnaðurinn gangi til þess meðal annars, að heildarverð á kartöflum yrði eitthvað lægra. Mér fyndist ekki beinlínis ástæða til, að þeir, sem kynnu um einhvern stuttan tíma að þurfa á útlendum kartöflum að halda, fengju þær með svo miklu lægra verði en aðrir landsmenn, sem hafa innlendar kartöflur. Annars má minnast á þetta nánar síðar.

Eiríkur Einarsson: Úr því að ákveðið er, að þetta fari til landbn., skal ég vera fáorður, en vil segja það út af ágreiningi um 2. mgr. 5. gr., ef útlendar kartöflur flytjast inn, hvort megi selja *þær lægra verði en innlenda framleiðslu*, að ég álít sjálfsagt að gera það að aðalatriði að miða verðlagið aðallega við það, að framleiðendur fái hæfilegan framleiðslukostnað. Og því þá ekki að láta það standa í l., úr því að þetta er hugsað þannig og verður þannig framkvæmt? Mér finnst það alveg sjálfsagt. En annars vil ég aðeins segja það, að þótt svo illa færi, að landsmenn sjálfir framleiddu ekki nægilega mikla garðávöxtu *til*

fóður þjóðinni, og yrðu fluttar inn kartöflur og seljanlegar lægra verði en íslenzkar, þá ætti að vera nóg hægt að gera við þann verðmun. Einmitt þessi lagasetning skapar útgjaldaliði, og það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að tryggja, að þeim ágóða verði varið til að standast eitthvað af þeim kostnaði, sem leiðir af þessum l., án þess að ég geri það að neinum áfellisdómi á þessa lagasetningu.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Út af umr. um þetta mál hér í hv. d. í fyrradag kom meiri hl. landbn. saman á fund í dag. Þessi meiri hl. (3 nm. af 5) varð sammála um afstöðu sína til málsins. Hv. þm. Barð. benti þá á, að ákvæði 5. gr., þar sem segir, að innflutta garðávexti megi aldrei selja lægra verði en innlenda miðað við sama tíma og sömu gæði, gæti e. t. v. rekizt á l. um verðlag frá 13. febr. 1943, þar sem segir í 1. gr., að ákvæði þeirrar gr. taki ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkv. sérstökum l. Nú eru að vísu innlendir garðávextir svo og kjöt og mjólk verðlagt samkv. sérstökum l. Um kartöflur er það að segja, að yfirleitt mun gengið út frá því, að þær séu innlendar. Þó getur það auðvitað komið fyrir, að flytja þurfi inn kartöflur frá öðrum löndum. En við í landbn. teljum, að þótt um slíkt væri að ræða, þyrfti þetta ákvæði um verð á erlendum kartöflum tæplega að rekast á fyrrnefnd l. um verðlag.

Hæstv. fjmrh. lét á sér skilja, að það kynni stundum að mega teljast ósanngjarnt að ákveða verð á erlendum kartöflum jafnhátt og verð á jafngóðum innlendum. Ég vil ekki deila við hann um þetta. Hér getur staðið ýmislega á. Nú eru t. d. horfur á, að nauðsynlegt reynist að flytja inn allmikið af erlendum kartöflum. Ég veit ekki, hvort verð á þeim verður hærra eða lægra en á íslenzkum kartöflum, en ég hef ástæðu til að ætla, að þær verði ekki ódýrari en íslenzkar, ef þær koma frá Ameríku, og styðst ég þar við vitneskju mína um farmgjöld fyrir ýmsar vörur þaðan. En komi þær frá Englandi, er ekki ólíklegt, að þær verði talsverðu ódýrari. Nú mun vera til talsvert af kartöflum á Norðurlandi, en lítið á Suðurlandi. Býst ég við, að kartöflur norðan lands yrðu seldar með svipuðu verði og á þeim er nú og erlendar kartöflur hér á Suðurlandi þá sama verði og hinar, ef ekki yrðu orðnar verulegar breytingar á verðlagi í landinu um þær mundir. Það er svo um flesta framleiðslu okkar, að það væri dauðadómur á hana, ef erlendar vörur væru seldar ódýrar en innlendar. Landbn. hefur því ekki þótt ástæða til að bera fram brtt. út af umr. þeim, sem hér urðu í fyrradag, en aðrir hv. þm. verða að eiga um það við sjálfa sig, hverja afstöðu þeir vilja taka í málinu. — Um brtt. á þskj. 538, frá hv. 2. þm. Árn., er það að segja, að landbn. ákvað á fundi í gær að hafa óbundin atkv. um hana, en taldi þó, að hún breytti ekki miklu efnislega.

Gísli Jónsson: Ég hafði búizt við annarri afgreiðslu þessa máls af hendi hv. landbn., fyrst hún tók það á annað borð til meðferðar. Ég hef áður bent á það, að niðurlag 5. gr. þyrfti umbóta við, og ég hef gert grein fyrir ástæðunni til þess. Hv. landbn. hefur ekki tekið þetta til greina. Ég vil því hér með leggja fram skrifl. brtt. þess efnis, að 2. málsl. 5. gr. frv. falli niður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 560) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Ég var raunar búinn að fara nokkrum orðum um brtt. mína á þskj. 538, og skal ég því ekki vera margorður að þessu sinni. Það er rétt, sem hv. frsm. landbn. sagði, að þeir, sem komu á fund n. í gær, áskildu sér að hafa um hana óbundin atkv. En ég vil í þessu sambandi undirstrika það, sem hv. frsm. sagði, að efnislega mundi þessi till. ekki breyta miklu. Þegar farið verður að ákveða verðlag á þessari vöru, verður vafalaust miðað við framleiðslukostnað landsmanna sjálfra. Það, sem segir í till. minni, ætti að vera gert að meginatriði við þessa verðákvörðun, því að þegar á allt er litið, er það réttara, ef þetta frv. á að verða að l., að þetta sé orðað í samræmi við það, sem við stefnum að í framtíðinni. Tel ég því eðlilegast, að það verði eins og segir í brtt. minni, að verðskráning skuli aðallega miðuð við framleiðslukostnaðarverð gagnstætt því, sem nú segir í 5. gr. frv., að verðskráning skuli einkum miðast við markaðsverð í nálægum löndum að viðbættum innflutningskostnaði. Þetta þarf engra skýringa við, ef nokkur áhugi er á því, að þetta frv. verði orðað í samræmi við það, sem á að fylgja á eftir. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um það, en fyrst ég reis úr sæti mínu, vil ég segja nokkur orð út af brtt. hv. þm. Barð. um að 2. mgr. 5. gr. falli niður, en hún segir, að innflutta garðávexti megi ekki selja lægra verði en innlenda miðað við sama tíma og sömu gæði. Mér finnst varhugavert að fella þetta niður, því að það getur skapað óeðlilega og óheppilega röskun í framleiðslu Íslendinga sjálfra. Þeir, sem framleiða þessar vörur, verða að eiga sitt öryggi eins og þeir, sem neyta þeirra. Þótt á tímabili þurfi að flytja inn erlenda garðávexti, og þeir kunni að fást við lægra verði en innlendar afurðir sömu tegundar, þá held ég, að ekki væri skaði skeður, þótt þeir innfluttu yrðu seldir sama verði og innlenda framleiðslan.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta og læt það ráðast að öðru leyti.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Þetta frv. og þessar brtt., sem hér liggja fyrir, þyrftu nánari athugunar við og þá einkum þau atriði, sem deilt er um. Það er þá fyrst og fremst sú skoðun, sem kemur fram í brtt. hv. 2. þm. Árn., að fyrst og fremst beri að taka tillit til framleiðslukostnaðar við verðskráninguna, en að jafnframt skuli hafa hliðsjón af markaðsverði í nálægum löndum að viðbættum innflutningskostnaði. Þetta minnir á ákvæði, sem haft var í landinu um verðákvörðun á síldarmjöli og var með svipuðum hætti. Svona ákvæði hlýtur alltaf að verða erfitt í framkvæmdinni, þar sem aðallega á að taka tillit til eins atriðis, en svo jafnframt að hafa hliðsjón af öðru óskyldu. Með þessu móti gæti

farið svo, að framleiðendur fengju framleiðslukostnað sinn alls ekki greiddan, því að það er ekki eina sjónarmiðið, sem á að taka tillit til, heldur á einnig að hafa hliðsjón af öðru. Viðvíkjandi því, sem ég minntist á síldarmjölið, þá var það alveg óframkvæmanlegt þar að hafa þannig tvö gagnstæð sjónarmið. Segjum, að framleiðslukostnaðarverð hér væri 20 kr. pr. 100 kg, en 15 kr. í nálægum löndum, — á þá að ákveða verðið 18 kr. eða 19 kr.? Það er bersýnilega ekki hægt að ganga frá þessu ákvæði svona.

Þá er það ákvæðið í niðurlagi 5. gr. frv., sem er mjög athugavert. Það gæti t. d. orðið hér uppskerubrestur, þannig að framleiðslukostnaðurinn gæti farið upp í 50 kr. pr. 100 kg í stað 10—20 kr. Þá gæti það farið svo, að verð á kartöflum yrði 50 kr. pr. kg, og þá má ekki kaupa kartöflur inn í landið nema selja þær sama verði og þær innlendu. Það hafa verið til sams konar ákvæði annars staðar, og þau hafa ekki getað staðizt, og þau munu ekki heldur geta það hér. Hins vegar ættu innfluttir garðávextir að vera seldir hér sama verði og framleiðslukostnaður hér væri miðað við sæmilegt árferði. Það er einmitt þetta, sem þarf að miða við, því að þótt innkaupsverð á innfluttum kartöflum yrði lægra en það verð, sem yrði að setja á þær vegna innlendu framleiðslunnar, þá er það ekki nema eðlilegt, að hagnaðurinn gengi til Grænmetisverzlunar ríkisins, sem einmitt vinnur að því að gera þessar vörur ódýrari og verzlun með þær greiðari. Það kemur líka fram í 2. gr. frv., að Grænmetisverzlun ríkisins hefur allan hagnaðinn af þessari verzlun. Í því sambandi, að mönnum þætti of langt gengið að hafa niðurlagsákvæði 5. gr. eins og það nú er, þá má segja, að það gæti ekki talizt ósanngjarnt að hafa það þannig, að ekki mætti selja innflutta garðávexti lægra verði hér heldur en framleiðslukostnaðarverð hér væri, miðað við sæmilegt árferði. Þá væri ekki hægt að segja annað en, að þetta ákvæði væri hættulaust. Í því sambandi má benda á það, ef nokkur framleiðsla hér á Íslandi er að komast í það horf að vera rekin með nýtízku sniði, þá er það einmitt garðyrkjan. En það er líka sérstakt við þessa framleiðslu, að það hefur verið settur á stofn sérstakur skóli til þess að kenna mönnum hagnýtar aðferðir við garðyrkju. Það er og vitað mál, að vegna þess hve mjög þessi framleiðsla hefur aukizt á síðustu árum, hafa verið tekin upp við hana alveg nýtízku vinnubrögð. Miðað við það, að verðlag á innlendum markaði sé ákveðið í samræmi við nýtízku þekkingu og vinnuaðferðir, þá mun alveg hættulaust að hafa ákvæði í l., um að ekki megi selja innflutta garðávexti lægra verði en framleiðslukostnaðarverði hérlendis miðað við sæmilegt árferði. En það ákvæði, sem nú er í niðurlagi 5. gr., held ég, að geti tæpast staðizt, því að það gæti komið svo mikill uppskerubrestur, að framleiðslan yrði úr hófi dýr. Það ættum við að þekkja frá gamalli tíð.

Ég álít því, að vegna þeirrar brtt., sem hafa komið fram, ætti landbn. að taka málið til nýrrar athugunar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég er að verulegu leyti sammála hv. þm. Str. um það, að það megi heita með öllu ógerlegt að miða verð á innfluttum kartöflum við framleiðslukostnaðarverð þeirra hér á hverjum tíma. Til viðbótar því, sem hann sagði, vil ég benda á það, að framleiðslukostnaður hér á landi er svo gífurlega misjafn, að það verð, sem hægt er að framleiða fyrir á einum staðnum, getur verið algerlega ófullnægjandi annars staðar. Það verður því að miða við það, að sæmileg ræktunarskilyrði séu fyrir hendi. Hér er þá engan veginn átt við framleiðslu til heimilisþarfa, sem mun alls staðar borga sig, heldur er hér átt við framleiðslu fyrir markað, en sölukartöflur eiga fyrst og fremst að vera ræktaðar á þeim stöðum, þar sem skilyrði eru bezt. Það mun þó alltaf verða erfitt að ákveða, hvað telja skuli framleiðslukostnaðarverð. Ég hygg því bezt að miða við markaðsverð erlendis að viðbættum flutningskostnaði, enda hefur gjaldeyris- og innflutningsnefnd það í hendi sinni að takmarka innflutning þessarar vöru sem annarra. Ég get því ekki fallizt á brtt. hv. 2. þm. Árn., þar sem ég hygg, að það sé einmitt markaðsverð erlendis, sem eigi að miða við. Ég benti á það við 2. umr., að eins og niðurlag 5. gr. er, þá held ég, að það stangist. Mér skildist á nm. í landbn., að væri höfð hliðsjón af framleiðslukostnaði innanlands, þá bæri að miða við það, að ræktunarskilyrði væru sæmileg.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Barð. er það að segja, að ég sé ekki ástæðu til þess að samþykkja þá till. En verði hins vegar brtt. hv. 2. þm. Árn. samþ., þá mun ég greiða brtt. hv. þm. Barð. atkv., því að mér þykir það sýnt, ef miðað verður við framleiðslukostnað innanlands, þá eigi innfluttu kartöflurnar ekki að notast til verðjöfnunar. Ég tel það sjálfsagt, ef þeirri reglu verður fylgt, að þá verði verð á innfluttum kartöflum ekki bundið öðruvísi en með almennum verðlagsákvæðum. Ég mun því greiða atkv. móti brtt. hv. 2. þm. Árn., en að henni samþykktri mun ég greiða atkv. með brtt. hv. þm. Barð.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það hafa nú spunnizt út af þessu nokkrar umr., en það eru einkum aths. frá hv. þm. Str., sem ég þarf að taka til athugunar. Ég tók svo eftir, að hann teldi sig ekki geta fallizt á það að hafa tvö sjónarmið eins og kæmi fram í brtt. minni, þannig að aðallega skyldi miða við framleiðslukostnaðarverð innanlands, en þó með nokkurri hliðsjón af markaðsverði í nálægum löndum. Það er rétt, að ég hef gert ráð fyrir, að tekið yrði tillit til hvors tveggja, en þess ber að gæta, að annað sjónarmiðið er sterkt, en aðeins á að hafa hliðsjón af hinu, þannig að það er mjög veikt samanborið við hið fyrra. En ef þeir þm., sem líta eins á þetta mál og hv. þm. Str., fallast á að halda niðurlagi 1. mgr. 5. gr. óbreyttu, þá vil ég benda þeim á það, að þar er nú sama ásteytingin, þar eru tvö sjónarmið. Þar segir svo: „Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði.“ Enn fremur segir þar á eftir: „Þó skal þess jafnframt gætt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.“ Ég sé ekki betur en að þetta sé að því leyti verra, að það brýtur í bága hvað við annað. Þessi mótbára

hefur því ekki við nein rök að styðjast, heldur er hún einber vitleysa. Hitt játa ég, að frv. er með tilliti til þeirra ákvæða, sem um er deilt, ekki þannig úr garði gert, að það þoli gagnrýni. Það er mun auðveldara að láta lagabókstafinn líta vel út en að tryggja það, að hann verði framkvæmdur vel eftir á. Ég er með þessu ekki að halda því fram, að sú viðleitni, sem kemur fram í frv., sé ekki góðra gjalda verð. Frv. er að mörgu leyti til bóta, enda hef ég mælt með því.

Hv. þm. Str. tók það fram, að vinnubrögð við garðyrkju væru með meira nýtízku sniði en tíðkaðist um aðra atvinnuvegi hérlendis. Þetta er rétt, en þá ætti einnig að vera auðveldara að framleiða án gífurlegs tilkostnaðar og því öruggara ætti að vera að miða við framleiðslukostnaðarverðið. Brtt. mín ætti ekki að koma neitt einkennilega fyrir sjónir manna hér, því að sú skoðun er nú komin inn í þingsali, að það sé vísitölukerfið eða tilkostnaðarkerfið, sem eigi að leggja til grundvallar. Er þá nokkur ástæða til þess að hafa það öðruvísi með kartöflur? Nei, alls ekki. Þótt illa áraði einhvern tíma, svo að líklegt yrði, að framleiðsluverðið færi upp úr öllu valdi, þá er ekki þar með sagt, að það eigi að verka þannig á hinar erlendu kartöflur, heldur gæti það verkað hvað á annað. Ef svo yrði ágóði af sölunni á innfluttu kartöflunum, mætti nota hann til verðjöfnunar milli framleiðenda og neytenda.

Þorsteinn Þorsteinsson: Hv. þm. Str. vildi, að landbn. tæki aftur til athugunar niðurlagsákvæði 5. gr., en ég hygg, að hann hafi raunar átt við 2. málsgr. Út af þessu vil ég segja það, að eftir því, sem ég lít á málið, þá virðist mér ekki nauðsynlegt að athuga þetta mál frekar í n., vegna þess að þessi ákvæði munu ekki rekast á önnur l., þ. e. a. s. l. um verðlag, því að þar segir, að þau l. nái ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkv. sérstökum l.

Hv. þm. Str. sagði, að það gæti orðið uppskerubrestur og innlendar kartöflur yrðu þá e. t. v. seldar á 50—60 kr. tunnan, en hinar útlendu yrðu kannske ekki dýrari en 20—30 kr. tunnan. En þetta finnst mér einmitt vera dæmi upp á það, að þetta ákvæði verði að standa, og það megi ekki nema það burtu. Ef uppskerubrestur yrði t. d. norðanlands, eins og oft vill verða, og þangað yrðu fluttar útlendar kartöflur og seldar fyrir 30 kr. tunnan, en sunnanlands yrði til innlendar kartöflur, sem væru seldar á 50—60 kr. tunnan, þá er hætt við, að slíkt mundi valda óánægju, og væri því nauðsynlegt að koma á verðjöfnun. Enda leggur forstjóri grænmetisverzlunarinnar mikið kapp á, að þessu ákvæði verði ekki breytt, því að hann taldi, að það mundi gera truflun á verðlag og verzlun með kartöflur. Ég held því, að rétt sé að láta þetta ákvæði standa, þangað til reynslan sýnir, hvort það sé erfitt í framkvæmd eða ekki.

Frsm. (Páll Hermannsson): Mér skildist á hv. þm. Dal., að hann áliti ástæðulaust að vísa frv. á ný til landbn., og er ég honum sammála um það. N. hafði í gær, eftir tilmælum hv. þm. Dal., athugað frv. á ný, og þýðir ekki að fresta þessari umr. nú vegna þess. Hv. þm. Str. vildi halda því fram, að hætta væri á því, að ákveðið yrði óeðlilegt verð á kartöflum þau ár, sem uppskerubrestur yrði. Ég er nú ekki alveg eins hræddur við þetta og hv. þm. Str., því að þau ár, sem uppskerubrestur verður, er ekki hægt að ákveða verðið eftir tilkostnaði, enda stendur í 5. gr.: „Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.“ Ég trúi því ekki, að það verði nokkurn tíma talið hæfilegt framleiðsluverð á kartöflum, það sem kostar að framleiða þær þau ár, sem uppskerubrestur verður, heldur verði miðað við árferði, þegar svo stendur á, að lítill uppskerubrestur verður og þeir, sem að þessu vinna, verða fyrir litlu tjóni. Enda hygg ég, að þetta verði þannig í framkvæmdinni, að verðið verði ákveðið sæmilega eðlilegt, eins og hv. þm. Str. orðaði það, eða eins og verðið er eðlilegt í sæmilegu árferði. Ég er hins vegar sammála um það, að það sé rétt að hafa eitt verð á kartöflunum, og forstjóri Grænmetisverzlunarinnar lagði á þetta sérstaka áherzlu, því að það er auðvitað, ef menn ættu það yfir höfði sér, að kartöflurnar lækkuðu, þegar kæmi fram á vorið, þá mundi enginn vilja geyma þær yfir veturinn.

Mér finnst menn gera furðu mikið úr því, að hér verði verzlað með útlendar kartöflur. Hingað til hefur þó verið lögð áherzla á það að fá Íslendinga til þess að rækta sem mest af kartöflum, jafnvel þó að uppskeran hafi viljað verða misjöfn.

Um hagnaðinn, sem kynni að verða af sölu á erlendum kartöflum, er það að segja, ef frv. þetta verður að l., þá munu þessar kartöfluverzlanir þurfa á töluverðu fé að halda, ef þær eiga að geta orðið við þeim hlutverkum, sem þeim eru ætluð. Í 10. gr. segir, að árlega skuli vera völ á hreinræktuðum útsæðisafbrigðum, og hefur þetta töluverða kosti í för með sér. 11. gr. segir beinlínis til um það, að hagnaðinum af verzluninni skuli varið til að efla matjurtarækt og til þess að tryggja verzlunina á einn og annan hátt. Það er gert ráð fyrir því, að verzlun með innlendar kartöflur verði aldrei verulega arðvænleg. Hins vegar er gert ráð fyrir að flytja inn útlendar kartöflur, þegar innlendar birgðir eru þrotnar, og af þeirri verzlun einni stafar verulegur hagnaður. Ég hugsa, að þegar á allt málið er litið, þá verði frv. ekki bætt verulega frá því, sem það er nú.

Hermann Jónasson: Ég skal ekki tala um þær brtt., sem fyrir liggja, að nýju, heldur ætla ég að minnast á ýmislegt, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um þetta mál. Hann vildi halda því fram, að sín brtt. hnekkti því, sem ég hélt fram um þessa brtt. Það má benda á fordæmi um þetta, það er um verð á síldarmjöli. Einn hv. þm. vildi, að það væri ákveðið þannig, að það færi eftir framleiðslukostnaði og jafnframt væri tekið tillit til þess verðs, sem á því væri á erlendum markaði. En þetta reyndist óframkvæmanlegt.

Hvað viðvíkur niðurlagi 5. gr., þá vil ég segja það, að það, sem kom mér til þess að gera þessa aths., var það, hvað orðalagið er óákveðið. „Hæfilegt framleiðsluverð“ miðað við til-

kostnað, getur verið mjög hátt, en sé miðað við eðlilegt árferði er allt öðru máli að gegna. Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að þetta ákvæði út af fyrir sig væri ekki hættulegt, því ef uppskerubrestur yrði, mundi verða ákveðið hæfilegt verð, miðað við eðlilegt árferði. Ef það væri alveg öruggt, að ákvæðin um það væru nægilega skýr, þá væri ég honum alveg sammála. Hv. þm. Dal. kom inn á þetta sama. Hann sagði, ef verð yrði ákveðið sérstaklega hátt með tilliti til þess, hvað framleiðslukostnaður væri mikill vegna lélegs árferðis, þá yrði þetta framkvæmanlegt þannig, ef innlendar kartöflur yrðu seldar á 60 kr. tunnan vegna lélegs árferðis, en þær útlendu kostuðu 20 kr. tunnan, þá yrði komið á verðjöfnun. Að þessu leyti er ég honum alveg sammála, því að auðvitað væri ófært annað en að hafa sama verð á kartöflunum um allt land. En 2. málsgr. er líka dálítið óskýr, því að þar stendur: „Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda.“ Þetta má skilja þannig, að fyrst megi ákveða verð á innlendri framleiðslu og síðan verðjafna. Ég er viss um það, ef þm. athuga þessi ákvæði, þá sjá þeir, að það er hægt að leggja tvær meiningar í bæði ákvæðin. Ef hv. landbn., vegna þess að hún er búin að athuga þessi ákvæði áður, vill ekki taka þetta til athugunar á ný, er ekki um annað að gera en að fá annað orðalag, sem er ákveðið. En ef það fæst heldur ekki, þá býst ég við, að ég neyðist samt til að greiða atkv. með ákvæðunum, í þeirri von, að þau verði skilin á þann veg sem hv. landbn. hefur skýrt þau. Því að það er mikil nauðsyn á að koma þessu frv. fram, og fá fullkomið skipulag á sölu þessarar vöru, svo mikið sem gert hefur verið til að auka framleiðslu hennar.

Gísli Jónsson: Það hefur komið skýrt fram undir þessum umr., að landbn. og forstjóra Grænmetisverzlunarinnar hefur verið kunnugt um það, að þessi l. brjóta í bága við gjaldeyrisl., því að ef felld væri niður 2. gr. frv., gæti Grænmetisverzlunin ekki lagt meira á heldur en verðlagsákvæði verðbindingarl. ákveða, og því hefur verið lögð svo mikil áherzla á að halda þessum ákvæðum inni. En Grænmetisverzlunin er nú eini innflytjandinn, sem getur ráðið því, hvað lagt er á vöruna.

Ég tel ekki rétt, að haldið sé áfram á þeirri braut, sem hér er farið inn á. Hér er verið að leggja nýjan skatt á menn, sem borða kartöflur, en leggja verzlunarskatt á íslenzka framleiðslu. Hér er settur inn nýr viðreisnartollur, sem neytendurnir verða að greiða. Ég er algerlega á móti þessu. Hins vegar er ég alveg sammála hv. þm. Str. um það, að það eigi að athuga þessa 5. gr. betur, og ég held, að það væri rétt fyrir hv. landbn. að taka þessi ákvæði til athugunar á ný, því að ef það verður ekki gert, þá verður bráðlega að gera breyt. á þessum l. á ný.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er ekki rétt álitið hjá hv. þm. Barð., að forstjóri Grætmetisverzlunarinnar hafi sérstaka tilhneigingu til þess að brjóta niður l. um verðlag. En landbn. álítur, að það mundi draga dilk á eftir sér, ef kartöflur yrðu seldar með tvenns konar verði. Landbn. hefur fylgzt með því, hvernig ýtt hefur verið undir landbúnaðarframleiðsluna, og fátt hefur komið Íslendingum betur í þessari styrjöld heldur en það, á hvaða stig þeir eru búnir að koma ræktun garðávaxta, og þá sérstaklega að því, er snertir kartöflurnar. Þetta vill n. og forstjóri Grænmetisverzlunarinnar ekki, að gangi til baka. Ég játa, að það er ósamræmi í orðalagi þessa frv., en landbn. álítur, að það mundi ekki verða til bóta að fara að breyta hér um, og mun fylgja frv. eins og það er. Hún álítur það aðalatriðið, að kartöflframleiðslunni og kartöflusölunni í landinu, verði komið í sæmilegt horf eins og reynt er að gera með þessu frv. Ég held því, að það sé varhugavert að reyna að bregða fæti fyrir frv. Þó að á því kunni að vera agnúar, hefur það mikla kosti, og það mun sýna sig, að það sé verulega gagnlegt, þegar fram í sækir.

ATKVGR.

Brtt. 538 felld með 4:3 atkv.

— 560 felld með 6:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, BBen, BrB, GJ, StgrA.

nei: PHerm, ÞÞ, EE, HG, HermJ, IngP, JJ, KA.

3 þm. (PM, BSt, GÍG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Þar sem brtt. hv. 2. þm. Árn. hefur verið felld og því þar með slegið föstu, að verðið verði aðallega miðað við markaðsverð erlendis að viðbættum flutningskostnaði, sé ég ekki ástæðu til þess að samþ. þessa brtt. og segi því nei.

Kristinn Andrésson: Með tilvísun til grg. hv. 3. landsk. segi ég nei.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 561).

45. Bifreiðaskattur o. fl.

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 9. júlí 1941, um viðauka við l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (þmfrv., A. 222).

Á 38., 39., 40. og 41. fundi í Nd., 20., 21., 22. og 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Páll Zóphóníasson: Eins og menn mun reka minni til, var hér á ferðinni fyrir nokkrum árum frv., sem gekk út á það, að lagt yrði í sjóð til þess að standa undir brúabyggingum. Eins og þá var komið, sá Alþ. ekki fært, að mikið yrði lagt af mörkum í því skyni. Þó komst það á eftir miklar

þrautir, að benzínskatturinn var hækkaður um 1 eyri og ákveðið að leggja þann eyri í sérstakan sjóð, er síðar yrði varið fé úr til brúagerða. Nú eru í sjóði á 4. hundrað þús. krónur, sem verja má til brúagerða.

Aðstaðan hefur ekki breytzt að því er snertir stórár, sem brúa þarf, en þær eru margar. Bæði í fyrra og hitteðfyrra var aðstaða til að leggja fé í stórbrýr ekki til staðar. En efni hefur hækkað mjög síðan. Samkvæmt upplýsingum frá vegamálastjóra kosta brýr, sem fyrir stríð voru 100 þús., nú 370 þús. kr. Þar sem verðlagið er svona og efni flyzt ekki til landsins í bili, leggjum við til í frv., að tveggja aura benzínskattur verði ákveðinn og lagður í sjóðinn. Það er mjög áríðandi, að fé sé fyrir hendi, þegar hægt verður að hefjast handa um framkvæmdir. Um þörfina á því að koma þessu í framkvæmd þarf ekki að ræða. Það er öllum ljóst.

Það hefur verið reiknað út, að ef Jökulsá á Fjöllum yrði brúuð, mundu sparast eigi minna en kr. 38.00 á hverjum bíl með fyrirstríðsverði, svo mikið styttist leiðin til Austurlands. Mundi brúarkostnaðurinn þannig greiðast margfalt á fám árum. Ég viðurkenni, að með þessu er tekið dálitið af tekjum ríkissjóðs, og tel ég það rétt. Ef við hugsum til að brúa fleiri ár fljótlega, verður að leggja fé fyrir. Þótt mikið fé hafi verið til árið sem leið og líkur til, að svo verði í ár, má búast við, að eigi verði langt að bíða sömu vandræða og voru fyrir 1940, ef þurfti að leggja nokkur hundruð þús. fram til byggingar stórbrúa. Mundi þá þykja gott að hafa lagt fé fyrir. — Vona ég, að frv. fari til 2. umr. og sýnist það eiga heima hjá fjárhagsnefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 222, n. 435).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Að undanförnu hefur nokkur hluti af innflutningsgjaldi, sem tekið hefur verið af benzíni, einn eyrir af hverjum lítra, verið lagt í svokallaðan brúasjóð, og var sá sjóður stofnaður til þess að standa undir kostnaði við byggingu brúa, og þá fyrst og fremst brúa yfir hin stærstu vatnsföll, sem enn eru óbrúuð. Í þessu frv. er lagt til, að framvegis verði lagðir í þennan sjóð tveir aurar af hverjum lítra af því innflutningsgjaldi, sem tekið er af benzíni. Það er ekki til þess ætlazt í þessu frv., að nein breyt. verði á innflutningsgjaldi af benzíni, það telzt jafnhátt og áður, aðeins er lagt til, að meira af því fari í þennan sjóð heldur en áður hefur verið. Fjhn. þessarar d. hefur haft frv. til athugunar, og eru nm. sammála um að leggja til, að það verði samþ., þar sem það virðist þörf á því að leggja meira fé til þessa sjóðs heldur en gert hefur verið nú að undanförnu. Ég vil því óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Ég vil bara þakka n. fyrir réttan og góðan skilning á þessu máli og vona, að hv. d. sýni sama skilning og láti það fá góða og fljóta afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:3 atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 222, n. 524).

Pétur Magnússon: Herra forseti. — Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og fór þar í gegnum allar umr. ágreiningslaust. Efni frv. er á þá leið, að breytt verði hlutfalli því, sem verið hefur milli vega og brúa um bifreiðaskatt, þannig að tillag til brúa hækki. Hingað til hefur ⅕ skattsins runnið til brúa, en frv. fer fram á, að það hækki í ⅖.

Fjhn. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Allir vita, að kostnaður við brúagerðir er mikill, og þess vegna allt, sem mælir með þessari breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 586).

46. Hafnarlög Húsavíkur.

Á 27. fundi í Ed., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933 (þmfrv., A. 142).

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Það, sem hér er um að ræða, er viðbót við hafnarlög Húsavíkur frá 1933, og er þetta frv. byggt á sama grundvelli og frv. það, sem hér liggur fyrir Alþingi um breyt. á hafnarlögum fyrir Hafnarfjörð. Það stendur eins á á Húsavík, að þar er eldri löggjöf, en vegna þeirrar verðhækkunar, sem orðin er á öllu, er gert ráð fyrir of lágum upphæðum, og er tilgangur þessa frv. að fá, ef hægt er, tryggingu fyrir ríkissjóðsframlagi til þess að byggja höfn á Húsavík og ríkisábyrgð. Það hefur verið gerð bryggja á Húsavík, sem jafnframt á að vera armur í hafnarbygginguna, en það vantar skjólgarð, og er talið, að hann muni kosta 2 millj. króna. Þegar svo skjólgarðurinn verður kominn, eru jafnframt sköpuð örugg skilyrði fyrir síldarverksmiðju á höfðanum fyrir norðan. Þar er mikið landrými, og mundi fara vel um síldarverksmiðju þar. Jafnframt yrði Húsavíkurhöfn öruggt lægi fyrir vélbátaflota þorpsins, sem ekki er nú, af því að aðeins annar armur hafnarinnar er kominn. Þess vegna hafa vélbátar ekki eins og nú er skjól á höfninni á vetrum.

Hér fylgir til skýringar útdráttur úr fundargerð hafnarn. Húsavíkur frá í sumar og samkomulag, sem gert var við stj. Síldarverksmiðju ríkisins og sýnir, hve mikið álit hún hefur á þessum stað til síldarbræðslu, er hún skuldbindur sig til að gera þarna 10 þús. mála verksmiðju, þegar byggður hafi verið skjólgarður með bryggju, en eins og tekið er fram, þarf sú bryggja að vera minnst 60 m og á 6 m dýpi.

Hugsa Húsvíkingar sér að byrja helzt nú í sumar á þessum hafnargarði og byrja á því auðveldasta, þar sem grynnst er, ljúka því eins og hægt er, og gera svo síðar dýrari partinn, sem er fyrir uppskipun, og þegar því er lokið, er ekkert því til fyrirstöðu, að síldarbræðsla hefjist á þessum stað, sem talinn er einn sá bezti, næstur Siglufirði, fyrir síldarverksmiðjur, jafnframt því, sem höfnin sjálf á að vera örugg fyrir bátaflota þorpsins.

Hafnarn. hefur gert nokkrar ráðstafanir til lántöku, ef ríkisábyrgð fengist, og vænta menn þess, að þingið taki vel í þetta mál, enda má segja, að það hafi verið ráðið 1933, þegar annar armurinn var byggður, og að nú sé komið að því að ljúka verkinu.

Fjárhagsmöguleikar hafnarinnar liggja aðallega í byggingu síldarverksmiðju og eins hinu, að vélbátafloti kauptúnsins aukist.

Ég óska svo, að frv. verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég var að fletta hér upp í lögum nr. 38 frá 1933 og sé, að þetta er hækkun úr 400 þús. kr. framlagi upp í eina millj. króna og hækkun á ábyrgð úr 600 þús. kr. upp í rúmlega 2 millj. kr. Vegna þess nú, að ég býst við, að þetta mál fari til sjútvn., þar sem ég á sæti, vildi ég spyrja, hvort nokkuð liggi fyrir um fjrhagsafkomu hafnarinnar síðan 1933, þannig að hægt sé að gera sér hugmynd um, hvernig höfnin geti staðið undir þeim skuldbindingum, sem hún tekur á sig, því það er talsvert mikið atriði, hvernig mannvirki ber sig, eftir að búið er að setja í það 3 millj. kr. Þetta eru nauðsynlegar upplýsingar fyrir þá menn, sem eiga að leggja til, hvort þetta skuli gert eða ekki, ef taka á tillit til fjárhagsafkomu fyrirtækisins. Hitt er annað atriði, hvort þetta er svo mikil þjóðarnauðsyn, að ekkert tillit eigi að taka til kostnaðar. Ég man eftir, að þegar rætt var um hafnarmannvirki í sumar, kom það upp, að Sauðárkrókur hefur fengið mikið fé til slíkra hluta og á nú ómögulegt með að rísa undir þessu, nema settur verði upp stórrekstur til þess að standa undir því, og á sama tíma þarf að byggja stóra höfn á Húsavík, til þess að hægt sé að setja þar upp stórt mannvirki.

Ég er ekki á móti þessu, en ég vildi vita, hvernig þetta væri og hvernig hreppurinn hugsaði sér að standa undir sínum hluta af kostnaðinum, þ. e. ⅝ hlutum af upprunalegu upphæðinni.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. Ég vildi aðeins við þessa umr. segja fáein orð, aðallega til þess að taka undir með flm., og vil eindregið mæla með þessu frv. Ég hef kynnt mér þetta mál og m. a. skrifað fjvn. um það og færði þar fram rök svipuð þeim, sem eru í grg. frv. Ég álít, að þetta sé mjög mikið hagsmunamál, ekki aðeins fyrir Húsavík, heldur líka fyrir sveitirnar upp af Húsavík og landið í heild. Svo er ástatt á Húsavík, að bátaútvegur er aðalatvinnuvegur þorpsins, og hann getur ekki haldið áfram, hvað þá aukizt í framtíðinni, ef höfnin verður ekki bætt. Auk þessa er búið að verja til bryggjunnar stórum upphæðum, og virðist ekkert vit vera í öðru en að halda áfram að gera höfnina örugga með því að byggja skjólgarð. Eins og flm. gat um, hafa verið gerðar till. um að reisa síldarverksmiðju á Húsavík, og óhjákvæmilegt skilyrði til þess, að það sé hægt, er það, að höfnin verði fullgerð. Þá vil ég benda á það, að Húsavík liggur vel fyrir, þegar að því kemur að skipuleggja íslenzkan landbúnað og koma honum í annað horf. Þá munu einmitt sveitirnar upp af Húsavík verða fjölbyggðar vegna skilyrða sinna til ræktunar og virkjunar og einnig vegna jarðhita.

Eins og flm. tók fram, er Húsvíkingum mikið áhugamál, að þetta komist í framkvæmd, og hreppsn. óskar eftir að byrja á verkinu strax næsta sumar, og er nauðsynlegt, að hafnarlögunum sé breytt vegna þess, að kostnaður er miklu meiri en hann var fyrir nokkrum árum síðan.

Það var gerð hér fyrirspurn til flm. viðvíkjandi rekstri bryggjunnar, sem hann getur sjálfsagt svarað, og vil ég ekki taka þar fram í, en ég hygg, að hún hafi staðið undir sér, og þegar tekið er tillit til þess, að þarna kemur upp síldarverksmiðja og aukinn vélbátaútvegur, er enginn vafi á, að höfnin stendur undir kostnaðinum,

Flm. (Jónas Jónsson): Þessi fyrirspurn hjá hv. þm. Barð. var fullkomlega eðlileg. En það er um rekstrarafkomu þessa fyrirtækis eins og svo margra annarra, að það er erfitt að segja fyrirfram, hvernig þau muni ganga, því framtíðin verður að skera úr því. Viðvíkjandi því, sem hann spurði um, hvernig bryggjan hefði gengið, get ég sagt það, að hún átti að vísu erfitt í fyrstu, en hefur yfirleitt borið sig sæmilega, og mun ég gera ráðstafanir til þess að fá annaðhvort frá vitamálastjóra eða stjórnarráðinu upplýsingar handa sjútvn., en þetta mál er svo mikið í höndum stjórnarráðsins, að þar eiga að vera upplýsingar um afkomu fyrirtækisins. Þessi bryggja kostaði ½ millj. króna. Hún er til ágætrar hjálpar við uppskipun, en hún veitir ekki nægilegt skjól fyrir bátaflotann, og þess vegna hefur útvegurinn ekki aukizt eins og ástæða væri til. Eins og hv. dm. vita, er lítil síldarbræðslustöð á Húsavík, en það er nokkuð þröngt um hana og lítið undirlendi. Þetta er vönduð síldarbræðslustöð, en heldur lítil. Hún borgaði sig upp árið 1939. Ríkið keypti hana um það leyti, og það var svo mikið aflaár, að ríkið fékk fullborgaðan kostnaðinn við hana á þessu eina ári, en síðan kreppti að, hefur hún ekki verið starfrækt. Það er ekki hægt að stækka hana þarna, sem hún er, og þykir líklegt, ef þarna kemur stærri verksmiðja, þá verði hún notuð til annarra þarfa en síldarbræðslu, þar sem það er ekki talið borga sig að reka hana, þ. e. a. s., að þó hún hafi borgað sig sæmilega, gerir hún það ekki meira en búið er. Það er ekki hægt að koma að meiri síldariðnaði, og ekki hægt að auka vélbátaflotann vegna skjólleysis hafnarinnar.

Þá kem ég að hinu atriðinu. Það er auðvitað ekki gott að byggja á svona tímum, og býst ég ekki við, að verk sem þetta verði gert á einu ári, enda engin ástæða til þess upp á síldarbræðsluna, vegna þess að ekki verður byrjað á byggingu verksmiðju fyrr en eftir stríð. Hins vegar hafa Húsvíkingar áhuga fyrir að byrja í sumar, og þar sem fyrirspyrjandi er útgerðarmaður, býst ég við, að hann geti getið sér til, að þar sem samningar eru fyrir því, að ríkið byggi þarna verksmiðju fyrir 10 þús. mál, sé eðlilegt, að byrjað sé á verkinu sem fyrst, til þess að gera það mögulegt að hafa síldarverksmiðju þarna og skip geti fengið afgreiðslu eftir því sem þörf er á.

Enginn getur nú sagt með vissu, hvað verður, ef farið er að byggja bryggju fyrir 2 millj. kr., hvað verður langt þangað til verksmiðjan og vélbátarnir standa undir þessu, en það stendur ekki á Húsavík á neinu nema skjólinu.

Þetta eru þær upplýsingar, sem mér finnst ég geta gefið á þessu stigi málsins, en hitt mun ég reyna að fá uppgefið mjög fljótlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 311).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur kynnt sér mjög nákvæmlega allt, sem lýtur að þessu máli, og borið frv. saman við gildandi l. Það er nú komið fram, að þar eru enn ónotaðar 200 þús. kr. af styrknum, sem samþ. var til hafnarinnar 1933, og um 300 þús. kr. af lánatryggingum. N. hefur eftir upplýsingum frá vitamálastjórninni komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta dugi engan veginn til að ljúka því verki, sem fyrirhugað er á þessum stað og nauðsynlegt er til þess að gera þarna örugga höfn, ekki einasta fyrir heimaflotann, heldur og fyrir væntanlega síldariðju í stórum stíl og fyrir flota, sem þangað mundi sækja annars staðar að, ef örugg höfn væri á Húsavík. N. komst að raun um, að þetta væri ekki nægilegt fé til þessa mannvirkis, ef framkvæma ætti það á þessum tímum. Hins vegar mundi láta nærri, að þetta fé dyggði að mestu leyti, ef hægt væri að vinna þetta verk með sama kostnaði eða sömu vinnulaunum eins og voru 1939. En fyrir því er engin trygging, að í náinni framtíð komist vinnulaunin það niður.

N. er sammála um það, að Húsavík hafi mjög mikil skilyrði til stækkunar. Húsavík hefur ágætt land, hún hefur möguleika til að fá rafmagn, og hún hefur mjög mikla möguleika til þess að fá hita. Það eru því tvímælalaust góð skilyrði til að auka þar útveginn í sambandi við mjög mikið aukna ræktun á Húsavík og nágrenni. N. hefur því orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., þó með örlitilli breyt., — þeirri breyt., að við 1. gr. frv. bætist: „enda sé ekki hafizt handa um framkvæmdir nema með leyfi ríkisstj., að fengnum tillögum vitamálastjóra", vegna þess að þetta er ekki í hafnarl. fyrir Húsavík eins og í mörgum öðrum hafnarl. Og við höfum rætt þetta við hv. flm. frv. og við formann hafnarn., sem báðir mættu á okkar nefndarfundum, og telja þeir, að ekki sé nema eðlilegt að setja þetta ákvæði inn. Allir reikningar þessu máli viðkomandi fyrir síðast liðin 3 ár lágu fyrir n., og hún hafði tækifæri til að fullvissa sig um, að eins og stendur, þá stendur Húsavíkurhöfn undir þeim skuldum, sem á henni hvíla, með þeim tekjum, sem hún hefur nú. Og það, sem sjútvn. þótti mjög gaman að sjá í sambandi við það, var, að tekjur hafnarinnar 1939 voru mun meiri heldur en síðast liðið ár, sem gefur hugmynd um, að höfnin sjálf hafi betri aðstöðu til að standa undir skuldbindingum sínum á venjulegum tímum en á þessum stríðstímum, og gefur því von um öruggari og betri afkomu, þegar tímarnir eru aftur orðnir venjulegir. N. ber því engan kvíðboga fyrir, að hér sé farið út í neinar öfgar um fjárframlög, og vill einróma leggja til, að frv. verði samþ., og þá helzt, að því sé hraðað svo, að það geti orðið að l. á þessu þingi og væntir n. þess, að hæstv. forseti taki það á dagskrá eins fljótt og hægt er, til þess að það fái fljóta afgreiðslu hér í þessari hv. d.

Jónas Jónsson: Ég sé ástæðu til að þakka hv. n. fyrir góða meðferð málsins, fyrst ýtarlega rannsókn og svo velviljaða niðurstöðu. Ég get tekið undir það, að það sé eðlilegt, að þessi viðbót verði sett inn í frv., að á svona stóru verki sé ekki byrjað nema í samráði við ríkisstj. og vitamálastjóra.

ATKVGR.
Brtt. 311 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 339).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 339, n. 528).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Þetta mál er komið fram í hv. Ed. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft það til meðferðar á tveimur eða þremur fundum og hefur fengið vitamálastjóra til viðræðna um það og einnig rætt um það við sjútvn. Ed. En ástæðan til þess, að sjútvn. þessarar d. þótti þörf á að ráðgast um þetta svo mjög, var sú, að hér er komið inn á þá braut að hækka framlag til hafnarbóta eftir verðlagi því, sem nú gildir. Sjútvn. hefur eftir þessa athugun komizt að þeirri niðurstöðu, sem sem skýrt er frá í nál. á þskj. 528, að leggja til, að frv. verði samþ. með lítils háttar breyt., sem aðallega eru leiðréttingar. Og þó að það kunni að virðast svo, að í því liggi nokkur hætta að hækka framlag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs upp í það, sem verðlagið er nú, þá er þess að gæta, að bæði er yfir lýst, að þessar hafnarbætur verði ekki gerðar, meðan verðlagið er á hæsta toppi, og eins er það háð vilja Alþ. í hvert skipti, hvað veitt er til hafnarbóta, og fer eftir till. vegamálastjóra, hvenær í slíkar umbætur verði ráðizt. Það má þess vegna ekki telja, að nein óvarkárni felist í því að hækka þessa áætlun upp í nútíma verðlag.

Sjútvn. hefur lagt til, að gerðar verði örlitlar breyt. á frv. sem mega skoðast sem leiðréttingar. Áætlaður kostnaður við þessar hafnarbætur er 3 millj. kr., og þar af leiðandi mundi framlagið eiga að vera samkvæmt því, sem venja er til í slíkum l., að framlag ríkissjóðs sé ⅔ hlutar, 1200000 kr., en ábyrgð fyrir ⅓ hlutum, sem yrðu þá í þessu tilfelli 1800000 kr. Við ætlumst því til samkv. brtt. í nál. um, að í stað „1000000.00 — ein millj. króna“ í 1. gr. frv. komi: 1200000.00 — ein millj. og tvö hundruð þúsund kr. Og við leggjum til, að í stað „2100000.00 — tveggja millj. og eitt hundrað þús. kr.“ í 2. gr. frv. komi: 1800000 — einnar millj. og átta hundruð þús. Er það síðar talda ríkisábyrgðin.

Þá hefur meiri hl. n. lagt til, að fellt sé niður niðurlag 1. gr., sem er orðin: „enda sé ekki hafizt handa um framkvæmdir nema með leyfi ríkisstj., að fengnum tillögum vitamálastjóra.“ Þessi varnagli hér er að því er virðist enn þá fyllri í 9. gr. l. sjálfra eins og þau eru nú, og virðist því alveg óþarft, að þetta sé þarna endurtekið. Þó hafa tveir af nm. (LJós og GG) ekki getað fallizt á að nema þetta í burt, eða áskilið sér rétt til þess að vera á móti því, ef þeim svo sýndist. Ég vil taka það fram, vegna þess að tekið er fram í nál., að fyrirvari þessara tveggja hv. nm. sé við 2. brtt., að við prentun þessa nál. hefur prófarkalesari breytt þannig til um niðurröðun brtt., sem er eflaust rétt, að í staðinn fyrir, að brtt. var í þremur tölul., þá hefur hann breytt því þannig, að hún er í tveimur töluliðum, en fyrri tölul. till. greinist í stafl. a og b. Fyrirvari þessara tveggja hv. nefndarmanna er því við b-lið fyrri töluliðs brtt.

Ég held, að ég þurfi ekki að mæla frekar fyrir þessu frv. Málið er ekki ágreiningsmál, og n. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

ATKVGR.
Brtt. 528,1.a samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 528,1.b felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, IngJ, JPálm, JS, SB, SK, SÞ, SkG, StJSt.
nei: GG, GSv, HelgJ, JakM, LJós, PÞ, SG, STh, JJós.
EmJ, PZ greiddu ekki atkv.
15 þm. (EOl, EystJ, FJ, GÞ, JörB, ÓTh, PO, SigfS, SEH, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 528,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Hv. Nd. Alþ. hefur gert dálitlar breyt. á þessu frv., eftir að það kom hér úr þessari hv. d. Var sjútvn. þessarar d. kölluð á fund til þess að vera með þegar till. um þessar breyt. voru gerðar, og féllst hún á að gera þessar breyt., sem eru mest um samræmingu á tölum í frv. Og mælist sjútvn. til þess, að frv. verði samþ. hér óbreytt eins og það kemur frá hv. Nd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

47. Virkjun Fljótaár.

Á 14. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár (þmfrv., A. 71).

Á 15. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Löng framsöguræða í þessu máli er í raun og veru alveg óþörf. Eins og hv. þm. er kunnugt, var þetta mál flutt á sumarþinginu í þáltill.formi í Sþ. af öllum núverandi flm. þess og Einari Árnasyni, sem ekki situr þing nú. Málið varð ekki afgr. þá, og í byrjun þessa þings sendi ég bréf til hv. fjvn., þar sem ég fór þess á leit, að þessi till. yrði tekin upp sem brtt. við fjárl., en við nánari athugun komumst við að þeirri niðurstöðu, að rétt mundi vera að koma með þessa ábyrgðarheimild í sérstöku lagaformi, einkum þar sem farið er fram á svo háa upphæð, 6 millj. kr. ábyrgð. Það gildir sama um Siglufjörð og aðra kaupstaði, að þeir hafa getað treyst því að fá ríkisábyrgð fyrir láni, þegar þeir hafa lagt í virkjun fallvatna. Allir bæir hafa fengið þetta og hafa gengið út frá því sem sjálfsögðu, enda hefur ekki komið fyrir að þessir bæir hafi ekki getað staðið undir þessum lánum sjálfir.

Auðvitað tekur ríkissjóður á sig nokkra áhættu með þessu, einkum þegar verðlag er orðið eins hátt og það er nú, en ég held, að það sé hægt að gera ráð fyrir, að Siglufjörður geti staðið undir þessari rafveitu, ef hún fer ekki fram úr áætlun, vegna þess að aðstaða til þess að láta hana bera sig er sérstaklega góð. Öll önnur bæjarfélög hafa þriggja — fjögurra mánaða dauðan tíma á hverju ári, þ. e. sumartímann, þegar ljósanotkun er engin, hitanotkun engin, og það er aðeins rafmagn til suðu, sem notað er. En á Siglufirði notast orkan á þessu timabili með verksmiðjuiðnaðinum. Verksmiðjureksturinn er þessa 3—4 mánuði, og það er ekki eingöngu, að sá tími verði ekki dauður, heldur verður líklega hæst notkun þá. Þannig eru möguleikar til þess að bera háan stofnkostnað meiri á Siglufirði en hjá öðrum bæjarfélögum. Ég vildi láta þessa getið, vegna þess að það kom fram í grg., sem fylgdi þessari till. í sumar. Þetta er sérstaða, sem líka leiddi til þess, að bæjarstjórn Siglufjarðar var bjartsýnni á að leggja í virkjun, eins og verðlagi er nú komið, en önnur bæjafélög hafa ástæðu til að vera. Að öðru leyti vísa ég til grg., sem fylgir frv., og til grg., sem fylgdi þáltill. okkar í sumar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 55. og 59. fundi í Nd., 11. og 16. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 19. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 71, n. 386 og 400).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eins og menn vita um það, að ríkissjóður taki ábyrgð á 6 millj. kr. láni fyrir Siglufjarðarbæ til þess að virkja Skeiðsfoss. Á sumarþinginu lágu fyrir beiðnir um ábyrgðir upp á 27 millj. kr., en fyrir þessu þingi liggja kröfur til sömu hluta upp á 23 millj. kr., og þó má segja, að þetta sé í rauninni aðeins byrjunin, því að um leið og byrjað er á því að veita ábyrgðir til þessara hluta, má gera ráð fyrir því, að mjög margir komi á eftir í því skyni að fá slíkar ábyrgðir, því að þörfin er brýn hvarvetna á landinu. Það má því segja. að hér sé um að ræða, þegar byrjað er að ganga út á þessa braut, einhvert allra stærsta fjárhagsmál, sem fyrir liggur í væntanlegu framkvæmda- og umhótakerfi okkar þjóðar. Ábyrgðir, sem nú hvíla á ríkissjóði, voru í árslok 1940 um 80 millj. kr., og á tveim s. l. árum hefur verið gengið í ábyrgðir fyrir 1100000 kr. Af þessu eru ábyrgðir vegna rafvirkjana og hitaveitu 21½ millj. kr. Stundum hafa verið háðar harðar deilur um það, hvort ganga ætti í slíkar ábyrgðir, og jafnvel á einum tíma stofnað til þingrofs út af 6 millj. kr. ábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ. En þegar við lítum á það, að með þessu frv. er farið fram á 6 millj. kr. ábyrgð, aðeins fyrir Siglufjarðarbæ, þá svarar það til þess, að það væri gengið í 11 millj. kr. ábyrgð fyrir Akureyri eða 80 millj. kr. ábyrgð fyrir Rvík, miðað við fólksfjölda. Menn sjá því, að hér er um risavaxið mál að ræða, ef haldið yrði áfram á þeirri braut að virkja með svipuðum hætti allar byggðir landsins, sem margir gera ráð fyrir. Það er þess vegna augljóst mál, að áður en farið er út á þessa braut, þá verður að rannsaka það svo rækilega og með svo mikilli nákvæmni sem unnt er, á hvern hátt er hægt að koma því til leiðar, að sem flestir landsmanna verði aðnjótandi þeirra þæginda, sem hér er um að ræða, með sem minnstu fé. Nú er það svo, að minni hl. fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, en við, sem skipum meiri hl. n., leggjum til, að það verði afgr. með rökst. dagskrá, og rannsakað betur, á hvern hátt hægt sé að fullnægja raforkuþörf, ekki eingöngu Siglufjarðar, heldur og annarra þeirra byggða, er þar liggja næst. Eins og hv. þdm. hafa veitt eftirtekt, liggur nú fyrir Alþ. frv. um að taka ábyrgð á 2 millj. kr. til virkjunar fyrir Sauðárkrók, þar sem ætlazt er til, að Gönguskarðsá verði virkjuð. Í þriðja lagi liggur hér fyrir till. um að rannsaka, á hvern hátt fullnægja megi raforkuþörf Dalvíkur og annarra byggða vestan Eyjafjarðar. Nú hefur sú mþn., sem starfað hefur að því að athuga raforkumál landsins í heild, byrjað á að fá áætlanir varðandi þessa hluti, og hún hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það mundi verða hagfelldast, að allir þessir staðir, sem hér um ræðir, Dalvík og aðrar byggðir vestan Eyjafjarðar, Sauðárkrókur og önnur þorp í Skagafirði og Siglufjörður, fái raforku með þeim hætti, að há-

spennulína verði lögð um þessa staði frá Laxárvirkjuninni, eftir að hún hefur verið stækkuð. Samkvæmt þeirri áætlun, sem gerð hefur verið um þessa hluti, þá verða leiðslur og spennistöðvar um þessi svæði lítið eitt eða ekki dýrari heldur en verða mundu raforkuveitur fyrir Siglufjörð og Sauðárkrók eingöngu. Hér er, eins og menn sjá, um flókið mál og víðtækt að ræða. Þess vegna er fullkomin ástæða til að fara varlega, áður en ráðizt er í framkvæmdir, og þess vegna vill meiri hl. fjhn. ekki láta samþykkja þetta frv., án þess að það verði rannsakað til hlítar, hvort ekki er hægt að fullnægja raforkuþörfinni á ódýrari og heppilegri hátt heldur en með því að taka nú út úr Siglufjörð einan og láta hina staðina eiga sig. Eins og menn sjá, þá er það ekki ætlun okkar, meiri hl., að hamla því, að Siglufjörður fái rafmagn, því að það er auðvitað nauðsynlegt fyrir þennan bæ að njóta þeirra þæginda, sem af því stafar. En við viljum láta athuga betur en enn hefur verið gert, hvort ekki er rétt að fara inn á þessa leið, sem hér er á bent, áður en gengið er að því að virkja Skeiðsfoss fyrir Siglufjarðarbæ einan.

Ég sé ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að mæla um þetta miklu fleiri orðum. Í nál. okkar meirihlutamanna eru tekin fram þau atriði, sem þarna koma til greina frá okkar sjónarmiði. Og um það verða að sjálfsögðu atkvæði að skera úr, hvort menn vilja nú þegar samþykkja þessa ábyrgðarheimild og láta svo skeika að sköpuðu, hvernig fer um rafmagnsframkvæmdir að því er snertir hina staðina, sem bíða eftir því að fá rafmagnið. Það er að vísu vert að minnast á það, að það virðist vera svo, að það séu að myndast um það tvær stefnur, hvernig skuli fara að með það að fullnægja rafmagnsþörf landsmanna. Önnur stefnan er sú að virkja fyrir kaupstaðina og þéttbýlustu staðina aðra og láta svo skeika að sköpuðu um það, hvort hægt er að fullnægja rafmagnsþörf sveitanna eða ekki. Hin stefnan er sú að láta athuga rafvirkjunarmálið í einu lagi fyrir allt landið í heild og reyna að koma rafvirkjunarmálunum í kerfi þannig, að jafnhliða því, sem virkjað er fyrir þéttbýlið, þá séu sveitirnar teknar með og þeim veitt rafmagn jafnframt því, sem þéttbýlið fær það, að svo miklu leyti sem unnt er vegna strjálbýlis. Og hve langt er hægt að ganga í því, er mál, sem er meira rannsóknarefni en svo, að það liggi ljóst fyrir, eins og nú standa sakir.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en óska eftir því, að sú dagskrártill., sem meiri hl. fjhn. hefur lagt fram, verði samþ. og málið athugað betur, áður en ráðizt er í að framkvæma það á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Minni hl. n. leggur til, að ríkið gangi í þá ábyrgð, sem hér er um að ræða fyrir virkjun Fljótaár vegna Siglufjarðarkaupstaðar. Að nokkru leyti á þessi afstaða minni hl. n. rót sína að rekja til sögu málsins. Það er sem sé svo, að þetta mál er fyrir löngu undirbúið og fullrannsakað. Og á síðasta vori voru endurskoðaðar allar áætlanir um kostnað af þessari virkjun, og málið var svo í þáltill.formi lagt fyrir síðasta sumarþing. Það fór nú svo á því þingi, af því að það var háð milli kosninga, að það voru engar ábyrgðarheimildir samþ. eða fjárveitingar yfirleitt. En þar sem þetta mál var aðkallandi, þá munu leiðandi menn Siglufjarðar hafa leitað til einstakra þm. og þingflokkanna og fengið þær undirtektir undir málaleitanir sínar, að þeir réðust þegar í að láta vinna ýmis konar byrjunarvinnu til framkvæmdar virkjuninni. Þessi virkjun er því í raun og veru hafin. Og vegna þessarar forsögu einnar saman tel ég mjög varhugavert að svipta Siglufjarðarkaupstað þeirri ábyrgð, sem kaupstaðurinn hafði fulla ástæðu til að gera ráð fyrir, að fengist.

Það er mikið að ganga í ábyrgð fyrir 6 millj. kr. En ábyrgðin getur ekki miðazt við fjárhæðina eina. Áhætta ríkisins miðast aðallega við það, hversu arðvænt fyrirtæki það er talið, sem gengið er í ábyrgð fyrir. Og eftir útreikningum kunnugra manna, rafmagnseftirlits ríkisins og Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, sem er allra manna kunnugastur framkvæmdum þessara mála hér á landi, þá er hér um að ræða ódýrustu virkjunina, sem hægt er að framkvæma fyrir Siglufjarðarkaupstað. Með því að virkja Fljótaá, jafnvel þó að á dýrum tíma sé, þá er talið, að rafmagn á Siglufirði verði ekki dýrara en annars staðar. Siglufjörður er að vísu ekki mannmargur. En það tjáir ekki að miða í þessu efni við mannfjöldann einan, því að á Siglufirði er meiri verksmiðjurekstur en á nokkrum öðrum stað tiltölulega hér á landi, miðað við íbúatölu. Svo að þessi virkjun er ekki eingöngu til þarfa þess fólks, sem á Siglufirði býr, til ljósa, suðu og hitunar, heldur líka til þess stórfellda iðnrekstrar, sem þar er um að ræða og búast má við, að aukist.

Ég hef fulla samúð með þeim till., sem nú er farið að brydda á og eiga rót sína að rekja til n., sem starfar að rafmagnsmálum og einkum fjallar um þau mál á þeim grundvelli, að það eigi að taka rafmagnsframkvæmdirnar í landinu sem eina heild. En eftir viðtölum, sem minni hl. fjhn. hefur átt við rafmagnsfræðinga, sérstaklega Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra, þá fellur Fljótaárvirkjunin vel inn í það heildarkerfi, sem mþn. í rafmagnsmálum gerir ráð fyrir, að stefnt verði að. Siglufjarðarbær mundi verða aflögufær um rafmagn. Og ekki allfjarri Skeiðsfossi liggja þorp og kauptún, sem hægt mundi vera að leiða rafmagn til frá þessari virkjun. Auk þess hafa þeir sérfræðingar, sem við höfum talað við, lagt áherzlu á, að það sé kostur, þegar hugsað er fyrir heildarkerfi fyrir landið í framkvæmd rafmagnsmálanna, að rafstöðvarnar séu nokkuð dreifðar, vegna þess að þá er skiljanlega minni hætta á, að bilanir hafi áhrif á stórum svæðum og verði til mikilla óþæginda. Og mér hefur verið tjáð af kunnugum mönnum, að inn í það stóra kerfi, sem ætlað er, að nái yfir allt Norðurland, allt austan úr Þingeyjarsýslu og vestur í Húnavatnssýslu og um Borgarfjörð og allt í austursveitir Suðurlands, þá muni ekki vanþörf á að hafa a. m. k. fjórar stöðvar, og þar falli Fljótaárvirkjunin vel inn í og virkjun Andakílsfossanna einnig, sem mun vera til umr. á þessu þingi. En Vesturland og Austurland eiga að vera kerfi fyrir sig. Þegar alls þessa er gætt, að þetta mál, virkjun Fljótaár, var komið það langt á veg, þegar

mþn. í rafmagnsmálum var sett, að Siglufjarðarbær hafði fulla ástæðu til að ætla, að bærinn mundi fá fulla ábyrgðarheimild til þessarar virkjunar og réðst þegar í að byrja á að framkvæma þessa virkjun, og þegar hins vegar þess er gætt, að þessi virkjun getur fallið inn í virkjunarkerfið, sem nú er verið að undirbúa, og þegar þess enn fremur er gætt, að sveitir, sem liggja þarna nálægt, og þorp, sem einnig eru þarna nálægt, gætu orðið rafmagnsins frá þessari virkjun aðnjótandi, þá fæ ég ekki séð, að árekstrar þurfi að vera milli Siglufjarðarkaupstaðar og mþn. í raforkumálum út af þessu máli. Ég játa, að ég er ekki svo inni í þessum málum, að ég geti rætt þau til hlítar í einstökum atriðum eða gert samanburð á tölum í því efni. En hér er a. m. k. einn hv. þm., sem þekkir þetta mál allt frá rótum. Og um upplýsingar í einstökum atriðum verð ég þess vegna í þessu máli að vísa til hans. En á það legg ég áherzlu, þó að sú ábyrgð, sem hér er getið um, sé að vísu há, 6 millj. kr., þá er það svo, að áhætta ríkissjóðs vegna þessarar ábyrgðar verður ekki að sama skapi mikil sem upphæðin er há, ef um virkjun er að ræða, sem getur vel borið sig. Og það er mér tjáð af sérfræðingum, að á því sé ekki vafi, að þessi virkjun geti borið sig.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. — Eins og hv. þdm. hafa orðið varir við, hefur fjhn. ekki getað komið sér saman í þessu máli. Það er að vísu ekki ágreiningur milli meiri hl. og minni hl. n. um það, að Siglufjarðarkaupstaður þurfi og eigi að fá aukið rafmagn eins fljótt og verða má, heldur er ágreiningurinn um það, hvaða leið skuli fara til þess að sjá Siglufirði fyrir rafmagni. Þessi ágreiningur er svo mikill, að minni hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt og þar með verði Siglufjarðarbæ gert kleift að halda áfram með þessa virkjun á Skeiðsfossi, sem byrjað hefur verið á og þar með fá nægilega raforku með sæmilegum kjörum í náinni framtíð. En meiri hlutinn vill afgreiða málið með rökst. dagskrá, sem mundi tefja málið um ófyrirsjáanlega framtíð. Og af því að þetta er ekki það eina mál, eins og hv. frsm. meiri hl. n. benti á, sem fyrir þingið er lagt, sem mundi fá lík afdrif og þetta mál, ef meiri hl. fjhn. réði, þá er vert að athuga að nokkru röksemdafærslu meiri hl. n. og þá hluti, sem hann byggir þessa afstöðu sína á.

Hv. meiri hl. fjhn. byrjar röksemdafærslu sína á að segja, að rafmagnið skapi þau lífsskilyrði og valdi þeirri gerbreytingu á lífsskilyrðum manna, að fólkið, sem hafi vanizt því að hafa rafmagn, vilji ekki við annað búa. Þar, sem rafmagnið er, þar vilji fólkið vera, og þar, sem það er ekki, þar vilji það ekki vera. Og svo segir meiri hl. n., að þegar um rafmagnsframkvæmdir sé að ræða, þurfi að athuga gaumgæfilega, að þessar framkvæmdir komi sem flestum landsmönnum að gagni og á hvern hátt hægt sé að bjarga flestum sveitum og kauptúnum frá myrkri og kulda og koma í veg fyrir, að byggilegar sveitir leggist í auðn. Við þessu er aðeins því að svara, að ef það er skilyrði fyrir því, að sveitirnar leggist ekki í auðn, að þær fái rafmagn, þá verður það skilyrði ekki fyrir hendi, a. m. k. fyrsta áratuginn frá þessum tíma að telja, að dreifbýli landsins fái rafmagn.

Það vill svo vel til, að það hefur verið gerð áætlun um rafveitu um Rangárvallasýslu, þar sem rafmagnseftirlitið hefur gert áætlun um kostnað við að veita rafmagni inn á flesta bæi í þeirri sýslu. Rangárvallasýsla er að vísu ekki bezt fallin af sveitum landsins til að veita rafmagni um hana; bæirnir eru nokkuð dreifðir þar. Það er t. d. miklu heppilegra að veita rafmagni um Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu, sem kemur til af landslagi, því að bæirnir þar liggja nokkurn veginn í beinum línum í dölum og meðfram fjöllum. En af þessari áætlun, sem rafmagnseftirlitið hefur gert um Rangárvallasýslu, sést, að kostnaður á hvert býli við þá framkvæmd mundi verða um 16 þús. kr., og er þá ekki talinn með sá kostnaður, sem fer í annað en að leggja aðallínuna. Þessi áætlun var gerð í sambandi við áætlun um virkjun Tungufljóts. Dettur nú nokkrum hv. þm. í hug að ætla, að í slíkan kostnað verði hægt að ráðast eða að bændur gætu risið undir honum, þegar ofan á þetta leggst innlagningarkostnaður og svo raftæki, sem bændur þá þyrftu að fá sér? Ég skal ekki segja, hve mikill sá kostnaður yrði. En mér þætti ekki undarlegt, þó að allur kostnaður við það að fullnægja rafmagnsþörfinni þarna yrði á hvert býli um eða yfir 20 þús. kr. Og ég held ekki, eftir því sem ég sá hér um daginn við afgreiðslu fjárl., þegar hv. þm. felldu hvert þrifnaðarmálið af öðru, að hv. þm. legðu þann bagga á ríkissjóðinn, nema ef vera skyldi rétt fyrir kosningar, eins og þegar þeir samþ. verðuppbæturnar í sumar.

Það vandamál, hvernig eigi að halda fólkinu í sveitinni, verður ekki leyst með því að leiða rafmagn inn á hvert býli. Til þess erum við of fátækir, og auk þess yrði það til þess að halda við dreifbýlinu, sem ég held, að allir hljóti að vera sammála um, að sé böl íslenzks landbúnaðar. Þetta er að vísu annað mál, en það er svo samtvinnað þessu, og þess vegna fór ég hér inn á það út frá röksemdafærslu hv. meiri hl. fjhn. í nál. hans um þetta rafvirkjunarmál, sem fyrir liggur til umr. Og hv. meiri hl. n. byggir á þeirri skökku forsendu, að með því að byggja háspennulínur um sveitirnar, þá sé þörf dreifbýlisins fyrir rafmagnið leyst. En nú er ekki hægt að tappa af háspennulínu, segjum 60 eða 30 þús. volta línu, beint til sveitabæjanna, heldur þarf að spenna niður strauminn, fyrst í 6 þús. eða 3 þús. volt, og svo spenna hann aftur niður í notkunarstraum, og það er þetta, sem kostar svo mikla peninga. Hv. meiri hl. fjhn. segir hér í nál. sínu, með leyfi hæstv. forseta: „Að miða framkvæmdirnar einungis við það, hvernig er hægt að fullnægja þeim stöðum, sem hafa flest fólk á minnstum bletti, án þess að taka nokkurt tillit til hinna, er að okkar áliti óafsakanlegt.“ Það á að sjálfsögðu að taka fullt tillit til þeirra, sem eru utan við þessa þéttbýlu bletti. Svo segir meiri hl. n. enn fremur: „Þegar um fleiri en eina leið er að velja, þarf þess vegna góða athugun, rækilegan samanburð og nákvæmar áætlanir. Þar er um vandasamt efni að ræða, og dugir ekki að hrapa að neinu.“ Meiri hl. fjhn. telur að vísu ekki nógu vel athugað, hvernig bezt verði fullnægt rafmagnsþörf Siglu-

fjarðarkaupstaðar, en slær þó föstu, eftir því sem fyrir liggur, að leggja til, að frv. á þskj. 71 verði afgr. með rökst. dagskrá, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um virkjun Gönguskarðsár með 2 millj. kr. ábyrgðarheimild fyrir Sauðárkrók og tillaga um *rafleiðslu til Dalvíkur og annarra byggða vestan* Eyjafjarðar, og þar sem athugun bendir til, að hagkvæmast verði að fullnægja raforkuþörf þessara byggða og Siglufjarðar sameiginlega á þann hátt að stækka orkuverið við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu og flytja rafmagnið þaðan með háspennulínum um Akureyri og Dalvík til Skagafjarðar og Siglufjarðar, þá telur deildin eigi rétt að samþykkja nú 6 millj. kr. *ábyrgðina fyrir* Siglufjörð og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þrátt fyrir það að hv. meiri hl. fjhn. telur, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, ekki nægilega búið að rannsaka þessi rafveitumál í heild og því sé undirbúningur ekki nægilegur til þess að hægt sé að samþ. þessa ábyrgðarheimild, þá slær meiri hl. n. því samt föstu, að eftir þeim athugunum, sem gerðar hafi verið, bendi allt til þess, að það sé heppilegasta leiðin að stækka orkuverið við Laxá og veita þaðan rafmagni m. a. til Siglufjarðar.

Við skulum þá líta á þá athugun, sem gerð hefur verið á þeirri aðferð við að fullnægja rafmagnsþörf Siglufjarðarkaupstaðar og annarra staða, sem fram eru teknir í dagskrártill., á þann hátt, sem hv. meiri hl. n. bendir til. Eftir því sem fram kemur hér á þskj. nr. 400, sem nál. hv. meiri hl. fjhn. um þetta mál er prentað á, þá er þessi ályktun gerð í samræmi við álit mþn. í raforkumálum, sem birtist í bréfi, sem prentaður er útdráttur úr á þessu sama þskj. Það verður ekki skilið svo við þetta mál, að þáttar þessarar n. í málinu verði ekki getið, því að hann er vægast sagt með hreinustu endemum. Að hugsa sér, að ríkisskipuð nefnd, sem á að leggja fyrir hæstv. Alþ. till. til úrbóta í rafmagnsmálum, skuli leyfa sér að falsa niðurstöður sérfræðinga þeirra, sem hana hafa aðstoðað, og að því er virðist vísvitandi! Í hvaða tilgangi það er gert, skal ég ekki segja, en það virðist vera í þeim tilgangi gert að sanna, að hugmynd, sem skotið hefur upp í kolli eins eða fleiri hv. nm. í þeirri n., sé rétt. Þetta er alveg forkastanlegt af ríkisskipaðri n. að gera. Slík n. á að athuga hlutdrægnislaust það, sem hún fær frá sérfræðingum, og draga ályktanir út frá því alveg hlutdrægnislaust. Mþn. staðhæfir, að hún hafi notið aðstoðar rafmagnseftirlits ríkisins og verkfræðinganna Steingríms Jónssonar og Árna Pálssonar við áætlanir um það, á hvern hátt verði hagkvæmast að fullnægja raforkuþörf landsmanna. Er ekki undarlegt, að þessir menn skuli keppast við að sverja af sér allt, sem komið hefur frá þessari mþn.? Árni Pálsson fullyrti, að það mætti hafa það eftir sér, að þessi n. hefði aldrei talað við sig. Ég átti tal við Jakob Gíslason, forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins, áður en hann fór til Ameríku. Hann skýrði mér frá þessari hugmynd um landslínu, og þegar hann fór, var allt óathugað í því sambandi og á byrjunarstigi. Hann sagði ekkert af eða á um það, hvort hann teldi hana heppilega eða ekki, en að það væri sjálfsagt að athuga þetta og bera saman við virkjunaraðstæður í hverju einstöku tilfelli. Og ásamt Steingrími Jónssyni mun Jakob Gíslason vera sá maður hjá okkur, sem færastur er að fjalla um þessi mál. Nú segir hér í þessum útdrætti úr bréfi mþn. í raforkumálum, með leyfi hæstv. forseta: „Hefur nefndin fengið byrjunaráætlanir um kostnað við að tengja saman aflstöðvar við Sogið og Laxá með línu, er lögð yrði um Borgarfjörð, Húnavatnssýslur, Skagafjörð og Eyjafjörð.“ Það eru aðeins byrjunaráætlanir, sem þarna er um að ræða. Mér er þetta mál svo kunnugt, þó að það sé fyrir það, að ég hef verið að hnýsast í það, sem mér ekki beint kom við. Svo segir mþn. í raforkumálum í bréfi sínu: „Eftir að *hafa athugað þær upplýsingar, sem nefndin* hefur fengið, hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að hagkvæmast verði að bæta úr rafmagnsþörf fólksins í þessum landshlutum með því að auka við aflstöðvar í Sogi og Laxá og tengja þær saman með landlínu um þau héruð, sem nefnd hafa verið.“ Þ. e. Borgarfjörð, Húnavatnssýslur, Skagafjörð og Eyjafjörð.

Nú skulum við athuga, hvernig þessi hv. mþn. hefur notað sér upplýsingar sérfræðinga þeirra, sem hér koma til greina, og þá verður kannske skiljanlegt, hvers vegna þeir sverja þetta af sér. N. byrjar hér í útdrættinum úr bréfinu, sem birt er á þskj., viðkomandi því, sem hún segir um virkjun Fljótaár, með því að segja, að farið sé fram á 6 millj. kr. ríkisábyrgðarheimild fyrir láni handa Siglufjarðarkaupstað til virkjunar Fljótaár. Svo skýrir hún frá því, að birtar séu sem fylgiskjal með frv. um þetta efni á þskj. 71 áætlanir Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra í bréfi frá honum, sem þar er prentað. En hvort sem það er vísvitandi eða óvart, að villandi er frá skýrt, þá er það svo, að n. gerir ráð fyrir, að kostnaður við 2350 hestafla virkjun að meðtalinni línu til Siglufjarðar og spennistöð þar muni vera um það bil 5700000.00 kr. En ef virkjunin væri tvöföld á við þetta, eða 4700 hestafla virkjun, þá mundi kostnaðurinn verða 750 þús. kr. meiri. En ef við göngum inn á þessa skoðun n., að hér sé aðeins um 2350 hestafla virkjun að ræða, eða 1600 kw., þá yrði kostnaðurinn 360 kr. á árskw. Stofnkostnaðurinn við árskw. er þá 3600 kr., en árskw. 360 kr., eða 10% af stofnkostnaðinum. Sumir vilja reikna það 9% af stofnkostnaðinum, en mér þykir varlegra að reikna með 10%. Ef við tækjum aftur á móti stærri virkjunina, þá verður árskw. um 200 kr.

Svo segir n. enn fremur: „Eins og áður er tekið fram, hefur nefndin fengið rafmagnseftirlitið til að gera athuganir um kostnað við landslínu, miðað við núverandi verðlag.“ Og n. lætur skína í það að áætlanir þær, sem í nál. eru, séu í samræmi við þessa fyrirhuguðu landslínu. En það er langt frá því, að svo sé. En ég hef hér áætlanir þær, sem n. fékk frá rafmagnseftirliti ríkisins, og ég vil gera nokkurn samanburð. Það sýnir sig, að n. hefur sleppt þremur veigamiklum atriðum, og það er það, sem ég kallaði áðan að falsa niðurstöður sérfræðinga. Í áætlun rafmagnseftirlits ríkisins, sem prentuð er í nál. um 30 kw. línu frá Laxá til Siglufjarðar, er áætlaður kostnaður við þá línu 8200000.00 kr. En stofnkostnaður á kw.

er þar talinn 5460 kr., eða 546 kr. árskw. á móti 360 kr., ef virkjaður yrði Skeiðsfoss. En svo stendur hér frá rafmagnseftirliti ríkisins: „Hér við mundi bætast þátttaka í orkuveri Laxárvirkjunarinnar og núverandi háspennulína þaðan til Akureyrar.“ Þessu sleppir n. hér í nál. En ef þessu er bætt við, sem auðvitað hlýtur að þurfa að gera, þá hækkar árskw. þar með um að minnsta kosti 130 kr., eða upp í 680 kr., á móti 360 kr., sem það mundi verða með því að virkja Skeiðsfoss.

Svo er annað atriði, sem ekki er tekið hér með, að í þessari 30 þús. volta háspennulínu, þá er aðeins gert ráð fyrir, að Siglufjörður fái 950 kw. Það er aðeins gert ráð fyrir, að þessi lína flytji 1500 kw. alls, þar af 310 til Sauðárkróks, 90 til Hofsóss og 150 til Dalvíkur. En þessi lína getur alls ekki flutt svona mikið, og því síður, að hún geti flutt meira. Siglufirði eru ekki ætluð þarna nema 950 kw., og það yrði skammgóður vermir. En svo bætist við, að í þessari línu er svo mikið spennufall og orkutap, eftir því sem rafmagnseftirlitið skrifar hér í áætluninni: „Afltöp í 30 kw.-kerfinu er þá alls um 154+75+400+200+100 = 930 kw.“ Með þeim 1500 kw., sem þessi lína fengi, þarf að leggja 930 kw. að auki frá Laxárvirkjuninni, og einhvers staðar þarf að taka borgun fyrir þau. Um seinni áætlunina gegnir alveg sama máli. Hún á sér enga stoð í veruleikanum. Það stendur hér í áætluninni, sem kemur frá rafmagnseftirliti ríkisins, að aflflutningurinn verði sá sami sem ég hef skýrt hér frá áður. Þessu er gleymt að skýra frá, og orkutöpum er líka sleppt. Það var þetta, sem ég leyfði mér áðan að kalla fölsun. Svo er annað, sem ég var búinn að gleyma. Mþn. hefur líka fengið frá rafmagnseftirlitinu skýrslu um aflnotkun á Akureyri. Þar segir, að afl Laxárvirkjunarinnar verði 4100 kw., eftir að nýja vélasamstæðan kemur. Núverandi aflnotkun er um 2000 kw., en áætlað er, að það vanti 600 kw. til Akureyrar, 100 til Svalbarðseyrar og 500 til Húsavíkur. Enn fremur segir í áliti rafmagnseftirlits ríkisins: „Óvarlegt er að reikna ekki með neinu varaafli í eins stóru orkuveri og þessu, nema um sé að ræða rétt til bráðabirgða. Má telja, að hæfilegt væri að reikna minni (1500 kw.) vélasamstæðuna til vara og til að taka álagstoppana.“ Þetta er kannske fullmikið ilagt, en þetta segir rafmagnseftirlit ríkisins samt. Svo halda sérfræðingarnir áfram: „Sé reiknað með 4100 kw. orkuveri og 3200 kw. aflþörf á núverandi veitusvæði Akureyrar, á Svalbarðseyri og í Húsavík, eru aðeins um 900 kw. til að mæta aukningu í kringum Akureyri eða annars staðar á veitusvæðinu, þótt ekki væri gert ráð fyrir nokkru varaafli í Laxárstöðinni.“ Það væri eðlilegt, að Dalvík og héruðin út með Eyjafirði fengju að verða aðnjótandi þessa rafmagns. Enn fremur segir: „Virðist því augsýnilegt, að orkuflutningur frá Akureyri til Siglufjarðar kemur ekki til greina, fyrr en eftir aðra aukningu Laxárvirkjunar.“ Rafmagnseftirlit ríkisins bendir á, að þau skilyrði, sem þurfi að vera fyrir hendi til þess að orkuflutningur geti átt sér stað, séu:

1. Nýtt orkuver við Laxá.
2. Ný háspennulína frá Laxá til Akureyrar.
3. 132 kw.-lína frá Akureyri til Dalvíkur.

Það er hvergi minnzt á það hjá mþn., að byggja þurfi 132 kw.-línu frá Akureyri til Dalvíkur. Það gleymir mþn. algerlega að benda á.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur gert áætlun, þar sem þessi kostnaður er tekinn með, og þá kemur það fram, að kostnaðurinn er um kr. 530.00 fyrir árskw. móti kr. 360.00, ef virkjað er á Siglufirði. Eftir þessar dæmalausu athuganir mþn. og þessa meðferð á áætlunum sérfræðinganna ályktar hún svo, að rétt sé að velja þá leið, sem hún bendir á, og telur óráðlegt að samþykkja frv. Ég ætla, að þessi grg. mín sé nóg til þess að sanna hið gagnstæða og vænti, að hv. þm. láti ekki þessar staðleysur mþn. villa sér sýn, heldur samþykki frv.

Ég hef sýnt fram á það, að samkv. áliti sérfræðinga þeirra, sem n. hafa aðstoðað, verður h. u. b. helmingi ódýrara fyrir Siglufjörð að virkja heldur en að fá rafmagn frá Laxárvirkjuninni. Ég hef enn fremur sýnt fram á, að samkv. áliti þeirra kemur ekki til mála, að Siglufjörður fái rafmagn frá Laxá, nema ný virkjun fari þar fram, önnur og meiri stækkun en þar er nú verið að framkvæma, vegna þess að þau 4100 kw., sem þar fást, nægja, eftir því sem rafmagnseftirlitið segir, aðeins Akureyri, Svalbarðseyri og Húsavík auk 900 kw. til að mæta eðlilegri aukningu á þessu veitusvæði og þetta, þó að ekki sé gert ráð fyrir neinu afli til vara.

Svo vil ég endurtaka það, sem ég sagði í byrjun, að það dugar ekki að ætla sér það að raflýsa sveitirnar, svo að rafmagn komi þar inn á hvern bæ. Slíkt er í fyrsta lagi ófram kvæmanlegt og yrði þess utan til þess að viðhalda dreifbýlinu, þessu mesta böli íslenzks landbúnaðar. Það verður auðvitað að kosta kapps um það, að sem flestir verði raforku aðnjótandi og það verði framkvæmt á sem ódýrastan hátt.

Þetta leiðir beint af sér, að stað eins og Siglufirði, sem allir eru sammála um, að eigi að fá raforku sem allra fyrst, verður að gera kleift að virkja handa sér Skeiðsfoss, þar sem sýnt er, að með því fær hann orkuna um það helmingi ódýrari og miklu fljótar heldur en ef bíða ætti eftir nýrri stórvirkjun í Laxá. Í raforkumálunum verður að fara þá leið, að þéttbýlið, sem getur borið uppi kostnað við virkjanir og veitur, fái fyrst rafmagn, en dreifbýlið síðar og jafnóðum og unnt er. Það má ekki láta leiða sig út í það að ætla að stemma stigu fyrir öllum virkjunum, þangað til unnt er að sjá dreifbýlinu fyrir raforku, en eitthvað þessu líkt virðist vaka fyrir þessari mþn. í rafmagnsmálum.

Ég benti á það, að þó hér sé aðeins um eitt mál að ræða, mun það draga dilk á eftir sér, ef það verður fellt, því að nú liggja fyrir þinginu frv. um ábyrgðarheimild vegna virkjunar Gönguskarðsár og Andakílsfossa, og það er ekki líklegt, að þau frv. muni fá byr, heldur eiga undir högg að sækja. Virkjun, sem nú er verið að framkvæma fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem byrjað var á á síðasta sumri, mun heldur ekki falla inn í þetta svo kallaða landslán, en þessi virkjun er nauðsynleg og aðkallandi, því að Ísafjarðarkaupstaður hefur ekki nærri því nægilegt rafmagn. — Ég vænti því, að hv. d. samþykki þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Þau mótmæli, sem hér hafa komið fram frá hv. frsm. minni hl. og frá hv. 11. landsk. (STh) gegn þeirri dagskrá, sem meiri hl. fjhn. hefur flutt hér, eru í nokkuð mörgum liðum, og skal ég, eftir því sem tími vinnst til, víkja að örfáum þessum mótmælum.

Það, sem frsm. minni hl. lagði ríka áherzlu á, var það, að það væri eðlilegt að samþykkja þetta frv., vegna þess, hvernig á stæði og vegna þess, að byrjað væri á undirbúningi, og enn fremur vegna þess, að gefin hafi verið loforð varðandi þessa virkjun á síðasta þingi. Þessu er því til að svara, að frsm. minni hl. hefur að því leyti rétt fyrir sér, að byrjað mun vera á undirbúningi í þessu efni og að það munu hafa farið fram mjög mikil samtöl milli einstakra þm. og forráðamanna Siglufjarðarbæjar um það, hvort þessi ábyrgð fáist. En ég vil segja það, að við, sem skipum meiri hl. fjhn., erum engum loforðum bundnir og viljum ekki samþykkja ábyrgð, sem við teljum ekki eðlilega, byggða á loforðum annarra manna, nema við getum sannfærzt um, að með því verði ekki komið í veg fyrir aðra heppilegri lausn á því stórmáli, sem hér er um að ræða. Þetta er atriði, sem þeir bera ábyrgð á, sem loforðin hafa gefið, en ekki við, sem andmælum frv. á þessu stigi málsins. Hitt er annað mál, sem þarf að taka til athugunar, hve langt er komið undirbúningi á framkvæmdum um þessa virkjun. Það er satt, að það er byrjað á undirbúningi í þá átt að panta efni til þess að virkja, en það er svo, bæði um þetta efni, vélar og annað, sem til rafvirkjunar þarf, að það er í óvissu, hvort og hvenær það fæst, og það því miður. Ég hygg því, að það sé ekki mjög mikið tjón, sem af því leiðir, að horfið verði inn á aðrar leiðir í þessu máli, ef menn sannfæra sig um, að þær séu hyggilegri.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. minni hl. tók fram um það, að það væri meiri nauðsyn á raforku til Siglufjarðar, vegna þess hve mikill iðnrekstur væri þar, þá er það rétt, enda dettur engum í hug annað en að þangað komi raforka svo fljótt sem kostur er, en við viljum taka annað með, ef það er hægt og ef ekki eru fyrir það þeir annmarkar á, að ekki sé þeirra vegna hægt að fullnægja raforkuþörf Siglufjarðar. Þá kemur að því ágreiningsefni, sem um er að ræða og kom fram í ræðu hv. 11. landsk. (STh) og er það, hvort gengið skuli inn á það að virkja einungis þar, sem virkjun geti borgað sig, og láta hitt eiga sig að mestu eða öllu leyti. Þetta eru hin tvö mismunandi sjónarmið, því að það er rétt, sem kom fram í ræðu frsm. minni hl. og var endurtekið í ræðu hv. 11. landsk. að það dettur engum í hug, hvorki meiri hl. fjhn. eða öðrum, að hægt sé að virkja allt strjálbýli landsins og leiða rafmagn inn á hvern bæ upp á það, að bændur, sem á þessum strjálu býlum búa, kosti það sjálfir. Ef það, eins og talað hefur verið um, mundi kosta 16—17 þús. kr. á heimili, er ekki hægt að hugsa sér, að þetta verði gert án aðstoðar ríkisvaldsins, og einmitt vegna þess, að aðstoðar ríkisvaldsins þarf til og það í stórum stíl, þá er nauðsynlegt að leysa þetta mál, ekki eingöngu hvað Siglufirði við kemur, heldur um allt landið, á þann hátt, að sem allra flestir geti notið hvers þess orkuvers, sem reist er.

Um það, sem hv. frsm. minni hl. sagði í þessu sambandi, skal ég ekki fara fleiri orðum, en víkja örlitið og lauslega að nokkrum atriðum, sem komu fram í síðustu ræðu hv. 11. landsk. Ég hef þó ekki ástæður til að fara út í þá útreikninga, sem hann var með. Hann vildi gera athugasemd við það, sem kom fram í nál. okkar meiri hl. manna um það, að þar, sem rafmagnið sé og þægindin, vilji fólkið vera; þar, sem það sé ekki, vilji það ekki vera, og hann hélt því fram, að það yrði það að hafa a. m. k. næstu áratugina. Í því sambandi minntist hann á það, að það væri svo dýrt að koma rafmagninu út um sveitirnar, að það væri ókleift þeim, sem búa þar, að kosta það að öllu leyti. Ég geng inn á þá röksemd og við, sem erum í meiri hl. fjhn. og mþn. í raforkumálum, að til þess að koma rafmagninu inn á heimilin verði að leggja fram fé í stórum stíl, og þess vegna er nauðsynlegt að taka sem mest af þeim heimilum, sem eru nærri kaupstöðunum, um leið og virkjað er fyrir kaupstaðina og láta hvað njóta annars, ekki með því að hækka rafmagnið mikið frá því, sem það er fyrir kaupstaðina, heldur með því að láta strjálbýlið sem mest njóta þeirrar aðstöðu, sem kaupstaðirnir hafa með að virkja í stórum stíl og leiða á milli.

Ég get ekki í þessu sambandi, ófróður maðurinn, sagt um það, hvort heppilegra muni vera að virkja í stórum stíl á fáum stöðum á landinu eða virkja á mörgum stöðum og hafa svæðin lítil, sem orkunni er veitt um. Ég geri ráð fyrir, að í flestum sýslum landsins séu fallvötn, sem hægt er að virkja og nota, og það er sjónarmið fyrir sig, sem kemur fram í því, ef virkja á Skeiðsfoss fyrir Siglufjörð og ekki hugsa um neinn annan. Hitt sjónarmiðið er það, að heppilegra sé að virkja á 5—6 stöðum á landinu, þar sem bezt er að leiða frá orkuverunum um landið allt, og þegar verið er að bera saman kostnaðinn við þetta tvennt, að leiða á milli og virkja, held ég, að það sé stórt atriði, með hverjum hætti reksturinn á þessu fyrirtæki verði ódýrastur og öruggastur. Það er atriði, sem við í meiri hl. fjhn. álítum, að verði að taka til greina, og við erum sannfærðir um, að rekstur inn verður ódýrari með því að hafa fáar virkjanir og öruggari á þann hátt, því að með stórvirkjunum er hægt að fela eftirlitið fagmönnum og hafa það betra heldur en ef miðað er við smávirkjanir. Þetta og öll önnur atriði, sem þarf að gera sér grein fyrir, teljum við ekki nægilega athuguð til þess, að hægt sé að slá föstu að fara inn á þessa braut.

Ég vil þá svara að nokkru þeim ásökunum, sem komu fram hjá síðasta ræðumanni í garð mþn. í rafmagnsmálum. Ég held, að hann ætti að athuga, hvað hann er að segja, þegar hann heldur því fram, að n. hafi falsað upplýsingar frá fagmönnum og sérfræðingum í bréfi til fjhn. Það er ekki fölsun í upplýsingum, þó að ekki sé tekið fram allt, sem kemur til greina í þessu sambandi. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að ekki er tekinn með í þessa áætlun sá kostnaður, sem leiðir af hluttöku í byggingu Laxárstöðvarinnar og hluttöku í háspennulínu til Akureyrar. Laxárstöðina þarf að reisa, og á Akureyri þarf að reisa spenni-

stöð, og ef athugað er frá sjónarmiði allra landsmanna, hvað þarf að reisa og hvað ekki, býst ég við, að ekki verði deilur um það, að það er hagkvæmt fyrir Eyjafjörð að fá allt rafmagn sitt frá Laxárstöðinni, og hana þarf að auka bæði fyrir Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu, þótt ekki verði leitt til Siglufjarðar og Skagafjarðar, og hvort sem virkjað er að stærra eða minna leyti, en það er þar alveg eins og með Siglufjörð, að eftir því sem orkuverið er stærra, eftir því verður kostnaðurinn minni á hvert hestafl.

Hv. 11. landsk. vildi halda því fram og kallaði sannað, að sérfræðingarnir vildu sverja af sér að hafa gert þær till., sem hann var hér með. Ég vil ekki trúa því á þá menn, sem n. talaði við, þá Ólaf Tryggvason og Steingrím Jónsson, að þeir sverji af sér að hafa gefið upp, hvað virkjun kostaði á hverjum stað. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á og ekki fyrr en kemur vottorð frá þessum mönnum um, að þeir sverji af sér að hafa gefið þessar upplýsingar. Þegar um er að ræða menn, sem ófróðir eru á þessu sviði eða öðru, verða þeir að vinna úr því, sem fagmenn leggja fram án þess þó að fullyrða að það, sem sérfræðingurinn segir, að sé rétt. Maður, sem ætlar að byggja hús, fær áætlun um það, hvað það kostar að byggja hús þetta og þetta stórt, úr timbri, úr steini eða öðru efni. Hann er ekki skyldugur til þess að fara eftir því, sem sérfræðingarnir segja, en hann verður að taka tillit til þeirrar áætlunar, sem fagmaðurinn gerir. Hér gerist það sama. Tekið er til greina það, sem fagmennirnir segja um kostnaðinn, en við erum ekki skyldugir til að taka til greina, þótt fagmaður segi: „Við eigum að virkja á þessum stað en láta þennan eiga sig.“ Og það er deiluatriðið, hvort það eigi að virkja fyrir marga staði eða koma upp raforkuverum hingað og þangað, og mér skilst, að það sé sú stefna, sem ríkjandi er hjá þeim, sem fyrst og fremst hugsa um hagsmuni kaupstaðanna. Hv. 11. landsk. hélt því fram, að það ætti að virkja fyrir þéttbýlið og sveitirnar yrðu að eiga sig, og var á honum að heyra, að hann væri á móti því, að lagt yrði í slíkt. Svigurmæli hans um fjhn., falsanir og annað, eru atriði, sem ekki er í svipinn hægt að afsanna, en mér þykir það undarlegt af honum að fara að grípa til þessa án þess að geta sannað, að það sé rétt. Því að það er ekki fölsun að taka ekki atriði, sem öllum eru ljós og hljóta að koma til greina, eins og að það þurfi að gera ráð fyrir hluttöku í Laxárstöðinni og hluttöku í þeirri línu, sem liggur til Akureyrar.

Að öðru leyti þarf ég ekkert sérstakt að taka fram að svo stöddu, enda fundartími liðinn. Ég held, að enginn okkar í meiri hl. fjhn. slái neinu föstu, að endilega sé víst, að fara eigi þessa leið og ekki aðrar. Okkur vantar frekari rannsóknir til þess, en teljum hana svo mikið athugunarefni, að við viljum láta Alþ. gera ráðstafanir til, að þeir menn athugi hana, sem bezt er til treystandi, áður en Alþ. afræður að ábyrgjast lán fyrir Siglufjörð einan, þar sem lítið virðist enn reka eftir (ÁkJ: Vélarnar koma núna í apríl. Símskeyti um það barst í gær). Það er alveg ný vitneskja, sem gæti breytt nokkru, því að eftir gögnum, sem fjhn. fékk, var ekki vitað, hvort þær yrðu komnar í apríl 1944. Ég mun svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Umr. frestað.

Á 64., 65. og 66. fundi í Nd., 24. og 25. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Eins og fram hefur komið af þeim umr., sem orðnar eru um þetta mál, greindi fjhn. á um afgreiðslu þess. Minni hl. n., hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 2. þm. Reykv. (EOl), leggur til, að frv. verði samþ. En meiri hl. n. leggur til, að það verði afgr. með rökst. dagskrá. Það, sem hv. minni hl. n. færir til fyrir till. sínum um, að frv. verði samþ., er fyrst og fremst það, að Alþ. hafi áður samþ. l. um virkjun Fljótaár; með þeirri lagasetningu hafi Alþ. í raun og veru skuldbundið sig til fyrirgreiðslu um, að þessi virkjun geti átt sér stað, og hafi tekizt þessa kvöð á herðar, þannig að það geti ekki skorazt undan að veita Siglufirði þann stuðning, sem til þess þurfi að koma verkinu í framkvæmd. Svo djúpt er tekið í árinni hjá hv. minni hl. fjhn., að hann telur það, að ef Alþ. ekki veiti nú þessa ábyrgð, væri það að hindra kaupstaðinn í virkjuninni. Þetta er hálf-kyndug röksemdafærsla og mundi þurfa frekari skýringa við. Ég veit ekki betur en Siglufjarðarkaupstaður sé farinn að virkja Fljótaá og þannig að framkvæma virkjunina. Og ef Siglufjarðarkaupstaður þarf ekki að leita til Alþ. um ábyrgð eða fjárhagslegan styrk til þess að koma verkinu í framkvæmd, þá er Siglufjarðarkaupstaður frjáls að því að framkvæma þetta mannvirki. Á þetta bendi ég til þess að vekja athygli manna á því, hvað menn geta stundum seilzt langt til þess að knýja mál fram, hvað sem málavöxtum líður.

Þá er að því vikið í þessu nál., að af því að ríkið hafi gengið í ábyrgð fyrir lántökum vegna virkjunarkostnaðar annars staðar en á Siglufirði, geti það ekki neitað Siglufjarðarkaupstað um þessa ábyrgð til þessarar framkvæmdar, og það er ekki farið nánar út í það. Eftir þessu ætti í raun og veru að mega standa á sama, hvernig málavextir væru í sambandi við slíkar framkvæmdir, því að þar sem ríkið hefur sett l. um sama efni viðvíkjandi einhverjum öðrum stöðum á landinu, þá ætti það að vera skyldugt til að ganga í ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til þess að koma upp rafvirkjun, hvað svo sem málsatriðum að öðru leyti líður. Ekkert af þessu vil ég viðurkenna. Og ég held, að svona rök séu alls ekki frambærileg öðruvísi en að þeim fylgi einhver nánari grg. um það, hvernig fyrirtækið er. En það er aðeins vikið að því í nál., að fyrirtæki þetta geti borið sig fjárhagslega, en frekar er ekki út í það atriði farið. Það mun vera í þessu sambandi meiningin að skírskota til þess, sem fyrir liggur af hálfu þeirra, sem hafa rannsakað málið, og mun ég koma að því síðar, hvernig því er nú farið.

Hv. frsm. minni hl. n. veik að því, að þessi virkjun á Siglufirði væri hafin. Siglufjarðarbær

hefði á s. l. sumri leitað til stjórnmálaflokkanna og fengið fyrirfram loforð um stuðning til þess að framkvæma virkjunina, hjá einhverjum mönnum úr stjórnmálaflokkunum, skildist mér. Svo hefðu þeir þarna nyrðra byrjað verkið í þeirri trú, að þessi stuðningur fengist. Hv. frsm. gat þess, að þetta fyrirtæki væri arðvænlegt og virkjunin mundi verða dýrari, ef virkjað væri annars staðar fyrir bæinn, en virkjun Fljótaár gæti fallið inn í það kerfi, sem æskilegt þykir, að myndað verði um raforkuframleiðslu í landinu. Svo endurtók hv. frsm. það, að þetta fyrirtæki gæti borið sig, og vísaði um það til fagmanns, sem hér ætti sæti í hv. d., sem mundi gefa upplýsingar um málið til stuðnings þessari ályktun, sem mun vera hv. 11. landsk. þm. (STh: Nei, það er annar maður, sem ekki er kominn fram í þessu máli enn). Ég bið þá afsökunar, ef það hefur hent mig, að ég hafi ætlazt til of mikils af hv. 11. landsk. þm. En af því að hann er verkfræðingur og hann tók til máls um þetta mál, hélt ég, að við hann hefði verið átt af hv. frsm. minni hl. n. En mér þykir mjög miður, að sá maður, sem átti að hafa sérþekkingu og kunnugleika á þessu máli, skuli ekki vera búinn að láta til sín heyra. Við því get ég ekki gert, en ég mun þó halda áfram máli mínu. En hvað sem þessu líður, mælti hv. 11. landsk. mjög með samþykkt þessa frv. og var mjög hneykslaður yfir því, að menn skyldu vera til, skildist mér, sem mæltu á móti því að samþykkja þetta frv. Beindi hann orðum sínum aðallega til mþn. í raforkumálum. Og hann sagði, að ef málið væri afgr. samkv. till. meiri hl. fjhn., mundi það verða til þess að tefja fyrir framkvæmdum í málinu um ófyrirsjáanlegan tíma. Hann fór svo ekki nánar út í það. Enn fremur hélt hann því fram, að það hentaði ekki að ætla sér að raflýsa sveitirnar þannig, að raflýstur yrði hver bær. Það væri óframkvæmanlegt og stefndi auk þess til þess að viðhalda dreifbýlinu, „þessu böli íslenzks landbúnaðar" bætti hann svo við. Hann sagði líka, að það væri óráðlegt í mesta lagi, af því að fólkið vildi heldur vera þar, sem raflýst væri. — Svo minntist hv. 11. landsk. líka á, hvað kosta mundi að raflýsa hvern bæ í Rangárvallasýslu og fannst það nú mjög mikið og að það mundi ekki bera sig. Og eins og nú er, er það dýrt, það er rétt. Og ef það er svona dýrt, ber það sig ekki fyrst. Hann sagði líka, að ályktun mþn. í raforkumálum byggðist á skökkum forsendum, að allt væri fengið með háspennuleiðslum um sveitirnar og spennuskiptistöðvum. Svo sagði hann í þriðja lagi, að starf mþn. í raforkumálum væri með endemum, n. hefði falsað niðurstöður sérfræðinga, sem hún hefði fengið um þetta mál, og sérfræðingar, hver af öðrum kepptust við að sverja af sér að hafa gefið þær upplýsingar, sem mþn. segði í bréfi sínu, að þeir hefðu gefið. Svo kom hann með skýringu á, í hverju þessi fölsun lægi, og lægi hún í því, að í því bréfi, sem fjhn. hefði birt, væri ekki talað um, hve mikla hlutdeild Siglufjarðarkaupstaður ætti að hafa í kostnaði við stöðvarbyggingu og leiðsu til Akureyrar, og tók fram, að í þessu lægi falsið. Taldi hann svo, að það væru allt staðleysur hjá mþn., sem hún hefði sagt um málið, og sagði, að það bæri að samþykkja frv.; þéttbýlið ætti að fá rafmagnið fyrst, dreifbýlið svo við hentugleika. Þetta munu vera aðalatriði ræðu hv. 11. landsk. þm., í sem fæstum orðum.

Ég vil víkja að fyrsta atriðinu. Hvað hefur hv. 11. landsk. þm. fyrir sér í því, að sú leið, sem bent hefur verið til, að takast mætti, ef annars nokkuð af þessu tekst, að leiða rafmagnið frá Laxárvirkjuninni til Siglufjarðar, muni ekki vera eins góð eins og að virkja við Skeiðsfoss og leiða rafmagnið þaðan til Siglufjarðar? Hvaðan kemur honum vitneskja um það? Ég held, að ekkert liggi fyrir um það, að búið sé að fá það, sem þarf til virkjunar við Skeiðsfoss, nema ef það væri ein vél. Og mér skilst, að svo framarlega sem tæki fást til þessara hluta, þá geti orðið eins fljótt hægt að framkvæma það að leiða rafmagn frá Laxá til Siglufjarðar eins og þó að virkjaður væri Skeiðsfoss. Þar er að vísu mismunur á vegalengdum, en þar er líka mismunur á framkvæmdum. Og það skiptir ekki öllu máli, hver vegalengdin er.

Út í það, sem þessi hv. þm. sagði um sveitirnar, ætla ég ekki mikið að fara. En ekki öfunda ég ungan þm. af að byrja göngu sína og starf, ef hann ætlar að láta slíkt sjónarmið vera ríkjandi í framkomu sinni og till. til opinberra mála. Ég ætla þó að skjóta því að, að þessi hv. þm. litur öðruvísi á þessi mál hjá okkur heldur en Bretar gera nú í landi sínu, þar sem stórvirkjun var undirbúin í Skotlandi, sem fyrst og fremst var hugsuð fyrir sveitahéruðin, og í hvaða skyni? Til þess að nota strjálbýlið og koma í veg fyrir, að fólkið færi burt frá starfsemi sinni þar, og til þess að þar gæti aukizt iðnaður, svo að fólkið héldist þar við. Hér á hins vegar að vera böl, eftir því sem þessi hv. þm. og fleiri skoðanabræður hans segja, að strjálbýlinu í landinu, böl fyrir íslenzkan landbúnað og þá sjálfsagt þjóðarböl um leið. Ég þarf ekki að gera því skóna, hvað þessir menn, sem svona tala, þekkja til íslenzkrar sögu og þá sérstaklega að því, er landbúnaðinn snertir, og hvaða augum þeir líta á viðlendi okkar, hvers virði það sé í raun og veru fyrir þjóðfélagið að eiga þær víðu lendur, sem þetta land á. Ég tala nú ekki um þá vizku, sem fram kemur í þessum ummælum, þegar litið er til þess, hversu víða um landið menn hafa bjargazt áður fyrr í hallæri. Hvernig hefði þá farið, ef byggðin hefði verið í hvirfingu á stöku stað? (ÞG: Betur). Á ég nú að fara að kenna hv. 2. landsk. þm. sögu? Þeir, sem ekki vita meira en hann í þessu efni, hefðu gott af að lesa íslenzka sögu, og sérstaklega landbúnaðarsögu.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að við álitum, að allt væri fengið með því að setja upp leiðslur, háspennustöðvar og skiptistöðvar. Hvar er þetta að finna? Ekki í þessu bréfi. Ég veit ekki til þess, að þessi hv. þm. hafi opinberan aðgang að gögnum okkar í n. En þótt svo væri, sem væri honum frjálst, mun hann ekki geta fundið neitt máli sínu til stuðnings um þetta atriði. Þar við bætist, að ýmislegt í þessu máli er á rannsóknarstigi, og okkur dettur ekki í hug að flíka neinu um það, fyrr en það er svo vel undirbúið, að maður geti sagt frá niðurstöðum. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. kemur þetta. Meiri hl. fjhn. birtir

bréf frá raforkumálan., þar sem tekin eru tvö dæmi um það, hvað kosta leiðslur frá Laxá um Eyjafjörð og til Skagafjarðar og Siglufjarðar. Ég hef að vísu ekki haft hirðu á því að ná í það bréf, sem þær tölur eru teknar úr. En ég treysti fullkomlega, að sá maður, sem tók þær tölur upp, hefði tekið þær rétt. En hvernig fer svo þessi hv. þm. sjálfur með tölur? Þegar hann fer að tala um kostnaðinn við virkjun Laxár og leiðslunnar til Siglufjarðar, var ekki hægt að skilja annað á ummælum hans en að hann vildi færa Siglufirði einum til kostnaðar leiðslurnar út með Eyjafirði og yfir í Skagafjörð, auk hluta Siglufjarðar í virkjuninni við Laxá og hluta í leiðslukostnaði til Akureyrar. Þó á fjöldi fólks í Eyjafirði og á ýmsum stöðum í Skagafirði fyrir utan Siglufjörð að verða rafmagnsins aðnjótandi. Svona notar nú þm. tölur. Við gengum með vilja fram hjá virkjunarkostnaði á Laxá og leiðslu til Akureyrar, vegna þess að fyrst og fremst er þetta þáttur í landsáætlun, og má vera, að síðar verði miklu fleiri rafmagns aðnjótandi frá þessari línu. Að öðru leyti var þetta aðeins bending um nokkra þætti í þessu máli, og hver maður gat strax séð, hvernig málinu var varið, hvað tekið var með og ekki talið.

Þessi útreikningur hv. þm., eins og hann fer með þessar tölur, er þá undir eins orðinn rangur hjá honum sjálfum, og ég held, að hann ætti að athuga betur íslenzka tungu, áður en hann staðhæfir, að þetta, sem hann var að tileinka okkur í raforkumálan., sé fals. Hann er búinn að viðurkenna, að þetta sé rétt, en að falsið liggi í því, að ekki var tekið miklu meira úr áliti rafmagnseftirlitsins. En hann verður að gæta þess, að það kemur þessu atriði, sem hér um ræðir, ekkert við. Ekki er hann að tala um, hve mikið kæmi til einstakra kauptúna og hve mikið til Siglufjarðar. Það var eins og hann teldi, að þessi lína frá Akureyri kæmi Siglufirði einum við. — Hann sagði, að við minntumst ekki á tapið. Það er ekki von; það er ekkert til um það. Á þessum forsendum skoraði hann á d. að samþykkja bæði frv. Ég verð út af þessu að víkja nánar að málinu.

Vitaskuld verður með virkjun Laxár og þeirri viðbót, sem á að gera, framleidd minni orka en æskilegt væri. Samt kemur í hlut meiri orka til neytenda en Rvík hefur nú, enda þótt það sé yfir 300 kw á mann. Á þeim stöðum eru rúml. 11000 íbúar, og að frádregnu tapi við leiðslur og slíkt koma 300 kw á mann. Slík orka er ekki næg til frambúðar, og því þarf að byggja meira út Laxá. En ef litið er á upplýsingar, sem fyrir liggja um Fljótaá og það afl, sem þar fæst, fær Siglufjörður fyrir sig einan miklu meira afl frá þeirri stöð. En það kostar svo mikið að virkja hana, að sú upphæð er um 6 millj. kr., og þeir miklu peningar mundu nægja til að koma línunni mjög mikið áleiðis um Eyjafjörð og til Skagafjarðar. Vatnsföllin í Skagafirði eru svo óhentug til virkjunar, að hyggilegra er að hverfa að því ráði strax að byggja svo stóra stöð við Laxá, að orka þaðan verði leidd til Skagafjarðar, og láta Siglufjörð verða orkunnar aðnjótandi. Ég hef þá trú, sem styðst við líkur, að ef ríkisstj. beitti sér fyrir þessu, mundi ekki síður heppnast að fá það, sem til þarf, heldur en ef eitt bæjarfélag fer að reisa sína stöð yfir í Fljótum. En það er vorkunnarmál fyrir þm. Siglf., þó að hann vilji ekki yfirgefa þessa hugsun sína, nema hann sjái, að málið sé með öðru móti tryggt. En mér finnst furðulegt, ef bæjarstjórn Siglufjarðar veit um þann vilja, sem fyrir er á Alþ. til að leysa málið, að hún setji sig á móti þeirri lausn. Ég hélt, að það væri aðalatriðið, að Siglufjörður fengi rafmagn. Það er kjarni málsins. Siglufjörður verður að fá rafmagn, en auðvitað þarfnast aðrir þess líka, og er leiðinlegt, ef nokkur þm. væri svo, að hann kysi heldur að fara þá leið, sem hindrar, að aðrir geti haft gott af um leið.

Það firma, sem hefur tekið þetta mannvirki að sér, hefur gert kostnaðaráætlun. Það væri ekki um að sakast, ef sú nauðsynlegasta athugun hefði farið fram, sem Alþ. verður að telja óhjákvæmilega. En ég hef ekki orðið var við, að slíkur rökstuðningur liggi fyrir, heldur þvert á móti. Ég efa ekki, að firmað framkvæmi þetta, og það má í þessu sambandi segja: „Drottinn gaf og hann drottinn tók.“ Firmað mundi veita Siglufirði rafmagn, en það mun taka það, sem því ber, fyrir.

Rafmagnseftirlitið hefur fengið þessar áætlanir firmans, og þar segir svo orðrétt: „Rafmagnseftirlitið hefur ekki átt þess kost að rannsaka svo stofnkostnaðaráætlanir, að það treystist til að leggja neinn dóm á þær.“ Mér skilst, að svona atriði hefði þurft að vera betur upplýst. Hér er um að ræða grundvallaratriði fyrir verkinu. Og svona er ástatt um það.

Á öðrum stað segir um annað atriði, stífluna: „Hér skal þó ekki lagður dómur á tilhögun sjálfra vatnsvirkjananna sérstaklega, svo sem t. d. á val stíflusvæðisins.“ Ekki er það þó smávægilegt atriði, sérstaklega þegar þess er gætt, hvernig jarðvegur er á þessum slóðum. Um vatnsaflið, sem skiptir höfuðmáli, er það að segja, að sum ár hefur vatnsaflið verið svo lítið, að rannsóknir, sem fram fóru 1930—1937, leiddu í ljós, að eitt árið var það rúmlega helmingur af því vatnsafli, sem hefði fengizt fyrir utan uppistöðuna í ánni. 1935—1936 var vatnið svo lítið, að vantaði 4 millj. kwstundir, en uppistaðan þá með þessari háu stíflu bætir úr um 2.7 millj. kwstundir. Þetta hefur þau áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækisins, að tekjurnar yrðu 40 þús. kr. minni af þessum sökum.

Þegar það kemur í ljós, að vatnið er of lítið, þurfa menn að hafa önnur tæki til að hita upp híbýli sín, og gæti þá svo farið, að yrðu einhver vanhöld á notkuninni, og ég skal líka geta þess, að hér er miðað við það verðlag, sem nú gildir. Breytist verðlag, eins og rafmagnseftirlitið tekur réttilega fram, gerbreytist allt. Kostnaðurinn heldur áfram, en tekjurnar minnka. Þegar litið er til þess, hve þetta er mikill kostnaður fyrir ekki stærra bæjarfélag, gegnir furðu, ef þm. hafa það áræði að ætla að knýja málið fram. Fyrir hvern mann á Siglufirði nemur þessi kostnaður á þriðja þúsund kr. Fyrir 5 manna heimili á tólfta þús. kr.

Ég vil að lokum aðeins víkja að því, hvernig ástatt er um annað fyrirtæki til samanburðar. Þegar Rvík lagði út í Sogsvirkjunina, ábyrgðist ríkið 7 millj. kr. Ef sú ábyrgðarheimild hefði verið í réttu hlutfalli við það, sem hér er farið

fram á miðað við fólksfjölda, hefði ríkið átt að ábyrgjast 60—70 millj. kr. Ég held, að þm. hefðu synjað um það. Það er hárrétt hjá hv. þm. A.-Húnv., að ef miðað er við fólksfjölda í Rvík nú, mundi þetta svara til 80 millj. kr. Þegar Sogsvirkjunin var hafin, voru 30 þús. íbúar hér, en nú miklu fleiri.

Ef litið er til Akureyrar 1941—1942, er seld orka þar á 7.85 aura hver kwstund, á Blönduósi miklu minna, líklega 3 aurar, en á Siglufirði yrði þetta, þó að allt væri notað og gengi lystavel, á 12 aura hver kwstund, 43% hærri en á Akureyri.

Öll þessi atriði eru svo íhugunarverð, að þm. þurfa að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir samþykkja þetta. Hitt þarf ekki að taka fram, að mþn. í raforkumálum hefur mjög mikinn áhuga á því, að þessi mál verði leyst svo, að þeir, sem fá þennan undrakraft í þjónustu sína, fái hann sem fyrst. Frá okkar hálfu mun koma brtt. um að veita raforku úr Laxá yfir Akureyri og Eyjafjörð til Skagafjarðar. Þá fengi Siglufjörður sitt rafmagn með betra móti, og um leið yrði fjöldi manns á öðrum stöðum aðnjótandi raforku. Það er sannfæring mín, að þannig beri að halda á þessu máli.

Ég vil beina því til hv. þm. Siglf. í fullri vinsemd, að hann ljái lið sitt til, að sú leið verði farin. Hann kann að segja, að það sé gott og blessað, en leiðslurnar séu ótryggar. En hvernig ætlar hann þá að leysa þessi mál, úr því að svo er ástatt, að leiða þarf raforku til þessara byggðarlaga, eða er hann svo staðbundinn, að hann hugsi bara um Siglufjörð einan? Ég hef ekkert fyrir mér í því, að hann vilji velja sér það hlutskipti.

Það þarf ekki að fjölyrða um þýðingu rafmagnsins. Það er viðurkennt, að þar sem við höfum getað tekið það afl í þjónustu okkar, batna afkomumöguleikar og líðan fólksins. Ég ætla, að það sé vegna óskurs hv. 11. landsk. þm., að hann lætur sér detta í hug að vilja eyða byggð í landinu. Ég tel ekki vafa á því, að bezt er hægt að tryggja fólkið í sveitunum með því, að allt sé gert, sem hægt er, til þess að hafa þar vistlegt og aðbúð fólksins eins góða og fólk í þéttbýlinu a við að búa, en það er einmitt raforkan, sem er undirstaða þess, að svo geti orðið. Og þess vegna er það eitt höfuðskilyrði að koma rafmagninu á sem flesta staði í byggðum þessa lands. Ég lít svo á, að hæstv. Alþ. eigi að hafa þetta sjónarmið heildarinnar, þegar það fjallar um þessi mál.

Framtíðarafkoma þjóðarinnar er í stórhættu, ef ekki er séð um að tryggja og gera örugga þá tvo atvinnuvegi, sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á, landbúnaðinn og sjávarútveginn. Er ekki réttara að taka höndum saman og vinna að því í sameiningu, að þessir tveir atvinnuvegir vaxi og blómgist, öllum almenningi í landinu — heildinni — til blessunar? Er það sjónarmið ekki réttara en að leggja kapp á að bolast hver gegn öðrum, ef með því móti mætti fremur krækja í einhver hlunnindi, án þess að verið sé að bera aðra fyrir brjósti, sem eins þurfa slíkra hlunninda með? En slíkt á ekki hv. alþm. að vera samboðið. Þeir eiga að hætta þeim leik.

Það hafa orð fallið um það, að landbúnaðurinn ætti erfitt uppdráttar og þörf væri þar á þeirri breytingu að færa byggðina saman og leggja afskekkt kot í eyði. Það er að vísu rétt, að þörf er á breytingu landbúnaðinum í hag, en það á ekki að stefna að því að leggja í eyði eða færa saman eldri byggð á góðum stöðum, heldur á að keppa að því að skapa nýja byggð, því að enn eru mörg og mikil landflæmi til í þessu landi, sem eru ónotuð og bíða eftir ræktun. Því er sjálfsagt að taka skynsamlega á þessum málum og auka byggðina í sveitum landsins, annað er fávíslegt.

Ég ætla svo ekki frekar að fjölyrða um þetta, en vil enn aðeins benda hv. þm. á, að við verðum fyrst og fremst að hafa sjónarmið heildarinnar fyrir augum. Að rafmagnið komi sem fyrst á hvert heimili í landinu til þess að tryggja fólkinu sömu og betri lífsskilyrði, hvar sem er á landinu, að það fái unað hag sínum og dvalizt á sínum stað, það sjónarmið verður að ráða, og það er sjónarmiðið, sem þjóðinni allri er fyrir beztu.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ef ég man rétt, gat forseti þess, að málið væri tekið af dagskrá samkv. beiðni stj., en ég sé ekki, að stj. hafi verið hér við umr. Þykir mér þetta vera dálítið einkennilegt og vildi því biðja hæstv. forseta að gera grein fyrir, hvernig í þessu lægi, en máske er honum þetta ekkert kunnara en öðrum hv. þm.

Annars kvaddi ég mér hljóðs af tveimur ástæðum og skal greina frá þeim í sem stytztu máli. Ég ætla ekki að fara að taka þetta mál úr þeim skorðum, sem því eru settar með því frv. til l., sem það er í á þskj. 71. Í raun og veru er málið einfalt og liggur opið fyrir, og er því ástæðulaust að blanda hinu og þessu inn í umr., eins og gert hefur verið. Það er alger misskilningur, að um það sé að ræða, hvort virkja eigi Fljótaá eða ekki, það hefur þegar verið ákveðið. Kaupstaðurinn hefur þegar fengið frá hæstv. Alþingi lagaheimild til þess að virkja þetta vatnsfall, og einnig er leyfi stj. fyrir hendi til þess að byrja að fengnu leyfi þar til kvaddra sérfræðinga. Þetta mál horfir því alls ekki svo við sem menn vilja vera láta. Það, sem um er að ræða nú, er aðeins það, hvort hæstv. Alþingi vill veita ábyrgðarheimild til þessarar virkjunar eða ekki.

Hitt atriðið, sem kom mér til þess að taka til máls, er það, að enn hefur ekki komið fram álit Sjálfstfl. á þessu máli hér í hv. d. Að vísu hafa tveir þm. flokksins, sem eiga sæti í fjhn., látið í ljós, að þeir væru á móti ábyrgðarheimildinni, sem farið er fram á, að veitt verði á þskj. 71. En þetta gæti gefið ranga hugmynd um afstöðu flokksins til þessa máls, ef það væri ekki skýrt neitt nánar. Það, sem ég vildi taka fram út af þessu, þó að ég tali ekki fyrir hönd flokksins, er, að á fundum Sjálfstfl. hafa þessi mál, raforkumálin, mikið verið rædd, og flokkurinn hefur einróma litið svo á, að styðja bæri rafveitur, þar sem þær bæru sig fjárhagslega og fengið væri álit sérfróðra manna um, að rétt væri að hefja framkvæmdir við þær aðstæður, sem fyrir væru.

Siglufjarðarkaupstaður leitaði svo til miðstj. flokksins eins og til annarra flokka um stuðning

þeirra við þetta mál, sem nú er til umr., og gaf hún fyrir sitt leyti samþykki sitt um stuðning við, að ábyrgðarheimildin yrði veitt. Þetta vil ég, að komi fram skýrt og ákveðið, til þess að afstaða Sjálfstfl. komi greinilega í ljós, hvað sem svo einstakir þm. flokksins, svo sem þeir tveir hv. þm., er talað hafa og sæti eiga í fjhn., hafa sagt, sem hefði verið hægt að draga ranga ályktun af, hvað varðar afstöðu Sjálfstfl. — En auðvitað er hv. þm. heimilt að hafa hver sína skoðun á þessu máli sem öðrum, en það er þá þeirra „privat" skoðun.

Í raun og veru er þetta það, sem ég vildi hafa sagt í sambandi við frv., en ég vil ekki vera að blanda mér inn í þær lærðra manna deilur, sem átt hafa sér stað hér og eru að mestu leyti óþarfar og ekki heyra þessu frv. til. Enda tel ég mig ekki vera svo lærðan í þessum rafmagnsmálum, að ég sé að hætta mér út í sérþekkingarhlið málsins, og mig furðar á því, hve hér hafa á þessari samkomu komið fram, að því er virðist, miklir sérfræðingar í þessu máli.

En ég er nú svo barnalegur, að ég hef í afstöðu minni til þessara mála stuðzt við álit og rannsóknir þeirra sérfræðinga, er athugað hafa skilyrðin fyrir því að virkja þetta umrædda vatnsfall fyrir Siglufjörð. Og sá maður, sem mest hefur fengizt við þessi mál, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, hefur gefið út álit sitt á þessari virkjun, um kostnað hennar og rekstur, sem hv. 1. þm. Árn. hefur haldið uppi gagnrýni á. Hefur rafmagnsstjóri í bréfi 15. þ. m. birt yfirlitsskýrslu, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa nokkur orð úr niðurlagi þessa bréfs:

„.... Í kostnaðaráætlun sinni (þ. e. a. s. verkfræðings firmans Höjgaard & Schultz) reiknar hann með mun hærra einingargrunnverði en gert hafði verið í fyrri áætlunum, auk hækkunar vegna verðlagsvísitölu, svo að segja verður, að kostnaðaráætlunin sé örugg um að standast með óbreyttum ástæðum. Áætlun þessa ásamt greinargerðum, teikningum og öðrum fylgiskjölum sendi Siglufjarðarkaupstaður til ríkisstj. 1942, með umsókn um virkjunarleyfi. Ríkisstj. sendi síðan vegamálaskrifstofunni og rafmagnseftirliti ríkisins áætlanir til athugunar og samþykktar, og veitti ríkisstj. síðan virkjunarleyfi." Og enn fremur: „Ég tel því, að frá teknisku sjónarmiði sé þessi virkjun einnig mjög vel undirbúin orðin."

Hv. 1. þm. Árn. gat um það, að það vantaði rannsókn í þessu máli, þannig að hún væri samfelld og hægt væri á henni að byggja. — Ég hef ekki orðið var við, að svo mætti álykta af þeim skjölum, er ég hef séð um undirbúning þessa máls. Hv. þm. á þó líklega við það, að árið 1941 vantaði jarðvegsrannsókn fyrir neðra stíflustæðið. Þessi rannsókn hefur nú farið fram og borið æskilegan árangur. Hægt er að gera þarna steinsteyptan stíflugarð í stað þess, að áður var ætlað, að þessi stífla yrði að vera úr timbri og stáli, sem hefði orðið mun óheppilegra.

Annars ætlaði ég mér ekki að fara út í faglegu hlið málsins, eins og ég líka tók fram, heldur vildi ég með þessum orðum mínum gera ljósa afstöðu Sjálfstfl. til málsins, og af henni má ráða, að Sjálfstfl. mun styrkja þetta mál, hvað sem líður „privat" skoðun þeirra tveggja hv. þm. Sjálfstfl., sem hafa tjáð sig andvíga frv.

Ég verð að segja það, að mér finnst það ekki vansalaust, að mál þetta skuli hafa svo lengi þvælzt í n., og maður getur ekki varizt þeirri hugsun, að með þessu væri verið að reyna að hindra framgang málsins, að það væri verið að leggja stein í götu þess með því að draga það svo á langinn. En fyrir alla muni vil ég beina því til háttv. þm., að þeir athugi vel, hvað hér er um að ræða, að það er ekki verið að spyrja um það, hvort virkja eigi Fljótaá eða ekki, það er þegar afgreitt mál. Um það er einungis að ræða, hvort hæstv. Alþingi vill veita ríkisábyrgð fyrir láni til þessarar virkjunar, svo að auðið sé að fá ódýrt lán til framkvæmdarinnar og betri rekstrarafkomu. Mér er þetta mál orðið svo kunnugt, að mér er óhætt að segja, að Siglufjarðarkaupstaður er ákveðinn í að leggja út í þessa virkjun, þótt svo færi, að þessi ábyrgðarheimild yrði ekki veitt.

Áki Jakobsson: Ég vil byrja á því að svara fyrirspurn hv. 1. þm. Árn., sem hann beindi til mín og var þess efnis, hvort ég vildi ekki fallast á að gefa frá mér mál það, sem hér er til umr. og ég flyt ásamt öðrum þm. á þskj. 71, og fylgja till. hans í rafmagnsmálum þjóðarinnar. Ég get ekki séð mér fært að verða við þessari beiðni hans. Í fyrsta lagi með tilliti til þjóðarhagsins, því að með fyrirkomulagi því, sem hann leggur til, að haft sé, verður framkvæmdin meira en helmingi dýrari en áætlað er með frv. því, sem hér er til umr. Í öðru lagi get ég ekki orðið við þessari beiðni vegna þess, að með því móti mundi Siglufjarðarkaupstaður fá bæði dýrara og minna rafmagn. Í þriðja lagi get ég það ekki vegna þess, að sú langa og mikla rafmagnslína, sem lögð yrði, mundi verða þungur baggi á raforkusjóðnum, mundi sennilega þurrausa hann, en hann er ætlaður til að standast kostnað af rafveitum um dreifbýlið í landinu og yrði því beint til þess að skaða sveitirnar. Af þessum orsökum get ég ekki orðið við tilmælum hv. þm. um að falla frá fylgi við þetta frv.

Þó að þetta mál, sem nú er til umr., sé þegar orðið mikið rætt og ástæða virðist e. t. v. ekki vera til þess að lengja umr. miklu meira en orðið er, vil ég þó í sambandi við það, sem í umræðunum hefur komið fram, leyfa mér að segja nokkur orð.

Fjhn. hefur klofnað í tvennt í málinu. Meiri hl. n., sem styðst við till. mþn. í raforkumálum, leggur á móti því, að Siglufjarðarkaupstað verði veitt þessi ríkisábyrgð. En þessi afstaða meiri hl. er ósamkvæm sjálfri sér. Þar sem hann er á móti því að virkja Fljótaá, þá er þetta alls ekki leiðin til þess að stemma stigu fyrir þá virkjun. Það, sem meiri hl. n. hefði því átt að gera, var að fara fram á niðurfellingu l. um virkjun Fljótaár.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur hagað undirbúningi þessa máls í fullu trausti þess, að ekki yrði brugðið út af þeirri venju sem ríkt hefur um ríkisábyrgð til þeirra virkjana, sem þegar hefur fengizt lagaheimild fyrir. Og ef þessi ríkisábyrgð skyldi ekki fást, þá þýðir það bara, að lánið verður um 1—1½% dýrara, sem mundi

nema 60—90 þús. kr. í hækkuðum gjöldum Fljótaárvirkjunarinnar árlega.

Meiri hl. n. telur það aðalröksemdafærsluna móti frv. þessu, að það fari í bága við þá heildaráætlun, sem nauðsynleg sé í rafmagnsframkvæmdum hér á landi. Ég er því alveg sammála, að haga þurfi framkvæmdum eftir einhverri heildaráætlun að ráði vitrustu sérfræðinga í rafmagnsmálum. Þjóð okkar er fámenn og fátæk og þarf að hafa þessar framkvæmdir sem hagkvæmastar. En það er svo sem ekkert nýtt, að þessi skoðun komi fram. Þeir Steingrímur Jónsson og Jakob Gíslason hafa allt frá árinu 1930 haft slíka heildaráætlun í huga og miðað framkvæmdir í landinu við þær áætlanir. Og það er síður en svo, að þeir áliti, að virkjun Skeiðsfoss komi á nokkurn hátt í bága við heildaráætlanirnar, heldur er sú virkjun blátt áfram talin nauðsynlegur liður í þeim áætlunum.

N. telur það vera til stórskaða, ef Siglufjarðarkaupstaður virkjar Skeiðsfoss, Sauðárkrókur Gönguskarðsá og að Andakíllinn sé virkjaður fyrir Akraneskaupstað og Borgarnes. Réttu leiðina telur n. vera að virkja Laxá og Sogið fyrir allt landið ásamt Dynjanda og Lagarfossi. Því er haldið fram, að ódýrara sé að virkja slík stór vatnsföll, og er það rétt að nokkru leyti. Þar kemur þó margt til greina, m. a. aðstæður fyrir stíflurna og annað, sem henni við kemur. En svo verður líka að muna eftir háspennulínunum, sem þá yrðu langar og dýrar, og fyrst er hægt að gera sér ljóst, hve rafmagnið verður dýrt, eftir að búið er að leggja á kostnaðinn við þá línu og allt, sem henni fylgir. Það er því ekki nóg að búa til einhverja loftkastala í sambandi við þetta mál og segja, að svona og svona væri gaman að geta komið þessu fyrir, sem svo ekki getur átt stoð í veruleikanum.

Í sambandi við heilabrot n. er vert að ljá því athygli, að skoðanir hennar eru í fyllsta ósamræmi við skoðanir allra verkfræðinga okkar. A. m. k. er mér ekki kunnugt um, að neinn verkfræðingur sé á þeirri skoðun, sem n. heldur svo mjög á lofti. Verkfræðilegur ráðunautur n., sem hún virðist leita stuðnings og vizku hjá, er Sigurður Jónsson, sem sæti á í mþn. Enginn verkfræðingur hefur viljað tengja nafn sitt við þær firrur, sem n. hefur haldið fram í þessu máli.

Með þennan grundvöll undir fótum vill svo n. hindra þær virkjanir, sem nauðsynlega þurfa að komast í framkvæmd, allt vegna þessa plans, sem er það miklir loftkastalar og svo mikið í lausu lofti, að ef eitthvað af því kæmist í framkvæmd, mundi það verða hinn mesti trafali fyrir framkvæmd þessa nauðsynjamáls þjóðarinnar að gera sem mestum hluta þjóðarinnar kleift að verða rafmagns aðnjótandi.. — Eina af þessum virkjunum, virkjun Skeiðsfoss, ætlar þessi n. svo að reyna að hindra nú með því að fara fram á, að ábyrgðarheimildinni, sem Siglufjarðarkaupstaður fer fram á, að veitt verði, verði synjað, og í stað þess verði gefin ávísun á Laxárvirkjunina. Tölur þær, sem n. setur fram þessari afstöðu sinni til stuðnings, fá á engan hátt staðizt. Yfirleitt er hroðvirknin á þessari afstöðu n. auðsæ, enda var varla við öðru að búast, úr því að n. snerist svo í þessu máli.

En hver er svo eðlilegur gangur raforkumálanna? Er eðlilegt að byrja ofanfrá, setja fyrir sig kortið og strika niður eftir því hér og hvar? Vera með bollaleggingar um að virkja fallvötnin í landinu upp á marga tugi millj. kr. án þess að hafa nema hverfandi möguleika til að sinna því? Þjóðin yrði að leggja fram stórfé í þessu skyni í mörg ár. En allir eða flestir kaupstaðir og mörg þorp geta komið sér upp rafveitum sjálf, ef þau geta fengið hagstæð lán og ríkisábyrgð. Það þarf aðeins að miða við, að hagkvæmt sé að tengja þær rafveitur öðrum kerfum. Eg gæti trúað, að eftir fá ár, — ef horfið yrði að virkjun Fljótaár fyrir Siglufjörð —, þá yrði þörf á að auka rafmagnið, og þá mætti tengja virkjunina — við skulum segja við háspennulínu frá Soginu.

Það er langhagkvæmasta leiðin að kaupstaðirnir byggi sér sjálfir stöðvar, sem miðaðar eru við þeirra þörf og þeir geta staðið undir en síðan verði þessi kerfi tengd. Þá má nota raforkusjóð til þess eingöngu að veita rafmagninu út um dreifbýlið eins og ætlazt var til, þegar hann var stofnaður. En það á ekki að verja honum til þess að leggja eitt eða tvö allsherjar háspennukerfi, enda mundi hann ekki hrökkva til þeirra hluta. Það verður að athuga, að þessar 10 millj. eru sáralítið fé, og jafnvel með hinu árlega framlagi í sjóðinn, sem ráðgert er, mundi þetta fé ná skammt, ef verja ætti því á þann hátt, sem meiri hl. fjhn. leggur til í nál. sínu. Það þarf að fara sparlega með þetta fé, en ekki flana út í stór mannvirki án þess einu sinni að athuga, hvort þau gætu komið að þeim notum, sem ætlazt er til. Nei, það á að verja raforkusjóði eingöngu til þess að koma raforkunni út í dreifbýlið frá hinum ýmsu stöðvum, er síðan gætu orðið eitt kerfi. Öðruvísi kemur sjóðurinn ekki að fullum notum. Þannig hugsa ég mér þróun raforkumálanna, og þannig hafa okkar íslenzku verkfræðingar, sem mest hafa hugsað um þessi mál, einnig hugsað sér þau. En meiri hl. fjhn. og þá líka mþn. í rafmagnsmálum, sem gert hefur þá áætlun, sem meiri hl. fjhn. styðst við, vill fara alveg öfugt að þessu.

Ég hef heyrt Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra segja, að það væri óhyggilegt að mþn. skilaði áliti um raforkumálin fyr en Jakob Gíslason, forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins, væri kominn heim til landsins og hún hefði ráðfært sig betur við hann. Hún verður að varast að hlaupa neitt gönuskeið. Málið er svo mikilvægt og þarf svo mikillar athugunar við, að ef því er skilað illa undirbúnu þá getur það spillt fyrir þróun raforkumálanna eða jafnvel ónýtt sumt af því, sem búið er að gera. Mþn. þarf ekki að miða við að skila áliti sínu fyrir neitt ákveðið þing. Það getur beðið, og ég vildi eindregið mælast til þess, að hún biði með það, þar til hún hefur ráðfært sig við Jakob Gíslason.

Ég vil þá með nokkrum orðum athuga áætlanir n. Hún hyggst að færa sönnur á, að óhagkvæmara sé að virkja Skeiðsfoss en að leiða háspennulínu frá Laxá um Dalvík, Sauðárkrók og Hofsós til Siglufjarðar. En samanburðurinn hjá n. er ekki réttur. Það er blekking fólgin í þessu. Annars vegar er virkjun Skeiðsfoss áætluð of hátt. Hins vegar er gert ráð fyrir að veita rafmagni með

háspennulínu frá Akureyri án þess að taka tillit til stækkunar Laxárvirkjunarinnar og þess, að háspennulínan milli Laxárfossa og Akureyrar ber ekki það aukaálag, sem hér er gert ráð fyrir. Það yrði að koma upp nýrri háspennulínu milli Laxárfossa og Akureyrar til þess að bera hið aukna álag. En þrátt fyrir það að n. gleymir þessu, er útreikningur hennar samt óhagstæður um nokkrar millj. fyrir þessa rafveitu.

N. er með tvær hugsanlegar leiðir. Sú fyrri á að kosta 8 millj. og 200 þús. kr., en þar er gert ráð fyrir svo lágri spennu, að verkfræðingar telja, að þetta fyrirtæki yrði of dýrt í rekstri. Hin áætlunin er upp á 10 millj. og 400 þús. kr. Þarna er gert ráð fyrir háspennulínu um Dalvík og Sauðárkrók með hliðarlínum til Hofsóss og Siglufjarðar. Ég býst við, að Siglufjarðarkaupstaður yrði að standa undir ⅘ hlutum þessarar upphæðar. En nú er mér tjáð, að háspennulína með sams konar sniði og hér ræðir um mundi kosta 13.9 millj. kr., en það er 3½ millj. kr. hærra en hærri áætlunin hjá n. Samkv. rafmagnseftirliti ríkisins yrði þá Siglufjörður að standa undir 11 millj. kr. Þessi samanburður sýnir, að virkjun Skeiðsfoss er miklum mun hagstæðari fyrir Siglufjarðarkaupstað en að fá rafmagn frá Laxárstöðinni. Og þó eru ekki öll kurl komin til grafar. Það er ekki hægt að komast hjá því að athuga nánar hvernig afkoman yrði. Nú telst framleiðsla Laxárstöðvarinnar með þeirri aukningu, sem fyrirhuguð er, 4100 kw. Af þeirri orku mundi Akureyri taka 2600, Húsavík 500 og Svalbarðsströnd 100. Þá eru 900 eftir. Siglufjörður á svo að leggja út í þessa stórkostlegu háspennulínu fyrir 900 kw., sem deilist svo milli Dalvíkur, Sauðárkróks, Hofsóss og Siglufjarðar. Nú getur verið, að í skaut Siglufjarðar féllu tæplega 400 kw. Þar að auki er vitað, að ríkisverksmiðjurnar þurfa um 1000 hestöfl, þegar allar vélar eru í gangi, og að þegar í stað er þetta rafmagn of lítið. Þetta verkar þá þannig, að báðir bæirnir yrðu komnir í stórvandræði vegna rafmagnsleysis. Og mér þykir líklegt, að Akureyringar mundu segja nei, takk, við að leggja stórfé í að auka Laxárvirkjunina og vera svo sviptir því rafmagni, sem þeir hafa lagt í að framleiða. Sem sagt, það yrði óhjákvæmilegt, ekki aðeins að leggja nýja háspennulínu milli Laxárfossa og Akureyrar, heldur og að virkja Laxá á nýjan leik. Það er erfitt að gera sér grein fyrir því, hve mikið það mundi kosta, og það yrði að gera ráð fyrir minnst 2—3 árum, áður en það yrði komið í kring og Siglufjörður gæti fengið sitt rafmagn. Og ef tekin er sú lægsta áætlun um kostnað slíkrar aukningar, — sem tæknilegt séð er ekki nægileg, því að það yrði of lág spenna —, þá yrði hlutur Siglufjarðar lægst 15 millj. kr. í stað 6—7 millj. að virkja Fljótaá. Það hefur að vísu verið drepið á það fyrr, að bæjarstjórn Siglufjarðar hefur verið svo djörf að leggja út í að kaupa vélar til virkjunar Skeiðsfoss. Hún taldi sig hafa ástæðu til þess að ætla, að það væri óhætt, þar sem heimild í 1. gr. l. um virkjun Fljótaár er aðeins bundin einu skilyrði: að ríkisstj. hafi viðurkennt virkjunaráætlunina, áður en framkvæmd er hafin. Bæjarstjórnin hefur gert þetta. Hún hefur fengið viðurkenningu um, að virkjunarplanið sé framkvæmanlegt. Það samþykki liggur fyrir. Í krafti þessa atriðis réðst bæjarstjórnin í að virkja Fljótaá, í trausti þess, að hún fengi þá ábyrgð, sem farið er fram á, og hún hafði fulla ástæðu til að ætla, að enginn risi upp á móti, að yrði veitt. Það er þegar búið að panta vélarnar og greiða ákveðinn hluta af verði þeirra. Leyfi er fengið hjá Bandaríkjastjórn handa verksmiðjunum að smíða vélarnar, og það er vitað, að þær eiga að koma hingað í apríl. Hin stóra áhætta í þessu máli er sú, að skipið, sem flytur þær, verði skotið í kaf, en þar verður kylfa að ráða kasti. Það verður ekki hægt að álasa Siglufjarðarkaupstaði, þó svo færi, sem við vonum að ekki verði.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég taka það fram, að Siglufjarðarkaupstaður og íbúar Siglufjarðar kæra sig á engan hátt um að verða öðrum bæjarfélögum eða landsbúum til trafala í viðleitni þeirra til að fá nægilegt rafmagn. Þeir telja að með virkjun Fljótaár verði þeir engum til trafala. Verkfræðingar telja, að fyrirtækið geti staðið undir sér fjárhagslega. Enn fremur, ef smávegis halli verður fyrsta árið, þá getur bærinn fengið lán til að greiða hann. En svo er ekki að vita, að neinn halli verði. T. d. var gert ráð fyrir halla við virkjun Laxár, en hann varð enginn. Og það er ekki aðeins, að Siglufjörður vilji ekki verða öðrum byggðarlögum til trafala, heldur eru Siglfirðingar fúsir til að vera öðrum byggðarlögum að liði um að fá rafmagn. Ég gæti trúað, að það væri meira vit í því að athuga, hvort Sauðárkrókur og Hofsós gætu ekki fengið rafmagn frá virkjun Fljótaár, en úr Laxá. Þó held ég, að virkjun Gönguskarðsár yrði heppilegust fyrir Sauðárkrók. En frá hendi Siglfirðinga er ekkert því til fyrirstöðu, að Fjótaá yrði hagnýtt fyrir fleiri byggðarlög. En hvað sem því líður, þá er það nauðsynlegt, að hafa álit beztu verkfræðinga landsins um rafvirkjun á hverjum stað, til þess að rafvirkjunin geti orðið til sem mestra framfara fyrir landið í heild og sem flestir íbúar þess orðið rafmagnsins aðnjótandi.

Ég álít, að ef samþ. yrði sú dagskrá, sem meiri hl. fjhn. leggur fram í þessu máli, þá væri stigið skref afturábak, en ekki áfram í þessum málum. Ég vil taka það fram, að áætlanir n. eru á skökkum rökum byggðar, og það er sorglegt til þess að vita, ef fimm menn, sem Alþ. hefur trúað fyrir því að fara með þessi mál, bera ekki gæfu til þess að koma því á réttan kjöl, heldur hindra þær framkvæmdir sem þeim var trúað til að greiða fyrir.

Hv. 1. þm. Árn. benti á, að Siglufjarðarkaupstað væri heimilt að virkja Fljótaá, þ. e. a. s. honum væri ekki bannað það, þótt ekki væri veitt ríkisábyrgð sú, sem hann fer fram á, og ef bæjarfélagið þryti fé, þá hlyti ríkissjóður að hlaupa undir bagga. En samkv. öllu skaplegu á ekki að koma til þess. En bæjarfélaginu er gerð virkjunin erfiðari um 60—90 þús. kr., ef það fær ekki ríkisábyrgð.

Það hefur líka komið fram hér á þingi beiðni um ríkisábyrgð til að virkja Andakílsá. Þeim, sem þar áttu hlut að máli, var gefin ávísun á Sogið. Nú hefur því verið breytt í að láta ríkið virkja Andakílsá, sem áður var sagt, að ekki væri neitt vit í að virkja. Þannig snýst n. í kring um

sjálfa sig. Þetta sýnir, að málið er ekki nægilega undirbúið. Þetta minnir á það, þegar verið var að ræða um Sogsvirkjunina á árunum. N. verður að varast svona starfsaðferðir. Þær eru hættulegar fyrir málið í heild sinni. Raforkan, sem Akureyri fær frá Laxárvirkjuninni, er þegar ófullnægjandi. Nú á að bæta við vélasamstæðum til að auka orkuna, en þá á líka að veita henni til Húsavíkur og Svalbarðsstrandar, auk þess sem bæta á úr rafmagnsskorti Akureyringa. Dettur nokkrum í hug, að þetta rafmagn mundi nægja einnig fyrir Siglufjörð? Raforkunotkun er ekki hægt að keyra niður og ekki heldur æskilegt.

Þá vil ég taka virkjunaráætlunina, sem fyrir liggur, til athugunar. Ýmsir hafa miklar áhyggjur út af því, að stöðin muni ekki standa undir sér, en ekki virðist ástæða til að óttast það. — Hv. þm. Árn. sagði, að aðalatriðið væri að fá rafmagnið. En ekki er sama hvað dýrt það er. Ef rafmagnið frá Fljótaárvirkjuninni yrði mjög lítið, væri betra að hafa olíumótor. En það þarf að vera svo mikið, að það komi að fullu gagni, bæði atvinnurekstri bæjarins og landsins.

Þá gerði hv. þm. tilraun til að gera bæjarstjórn Siglufjarðar tortryggilega, vegna þess að verktaki hafi sjálfur gert kostnaðaráætlunina. Þetta er rangt. Fyrir liggja áætlanir frá Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra frá 1937 og rafmagnseftirliti ríkisins, endurskoðuð af Höjgaard & Schultz, sem hv. þm. kallar verktaka. En eins og áður er sagt, er það ekki rétt. Þessi athugun Höjgaard & Schultz er yfirfarin af ramagnseftirlitinu og vegamálastjóra. Þá vil ég taka það fram, að vitanlega mun bæjarstjórnin tryggja sér verkfræðing vegna þessarar framkvæmdar. Það, sem Höjgaard & Schultz fær, er kr. 300000 fyrir stjórn verksins. Ef kostnaður fer fram úr 6 millj. kr., lækkar þóknunin — og öfugt. En þetta er ekki akkorðssamningur. Ég álít enga ástæðu til að bera nokkuð óheiðarlegt á verkfræðinga Höjgaard & Schultz í sambandi við þetta mál og ekki sennilegt, að þeir setji verkfræðingsheiður sinn þannig í hættu. Finnst mér það ekki vera sæmandi, að þm. skuli bera það fram hér í deildinni.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að bréfi rafmagnseftirlits ríkisins. Það kom og fram hjá hv. þm. A.-Húnv. svipuð skoðun og þar. Þeir bera saman kostnaðinn við Sogsvirkjunina, en þetta er alls ekki sambærilegt. Nú er rafmagnsþörf Siglufjarðar 500—600 hestöfl. En nú liggja fyrir upplýsingar frá ríkisverksmiðjunum, að þær þurfi allt að 1000 hestöflum eða um helmingi meira en íbúar bæjarins.

Í þessu sambandi mundi láta nærri lagi að taka þriðjung Sogsstöðvarinnar og deila því rafmagni niður á höfðatölu. En Fljótastöðin mundi gefa miklu meira rafmagn, því að eins og kunnugt er, erum við Reykvíkingar í vandræðum með rafmagn, og er það sökum þess, að ekki var áætlað nógu mikið afl í byrjun, þegar lagt var í Sogsvirkjunina. Af þessari reynslu ættum við að læra.

Það, sem hv. þm. vitnar í ummæli hr. Jakobs Gíslasonar, er og byggt á misskilningi, því að hann leggur eindregið til, að þetta tækifæri til að koma virkjuninni á sé ekki látið ónotað, þar sem óvíst sé, hvenær þá yrði hægt að framkvæma hana. Leggur hann og áherzlu á, hve stórt framfaraspor það sé fyrir bæinn. (Sbr. bréf Jakobs Gíslasonar, 22. júní 1942).

Ummæli hv. þm. um það að rafmagnið verði mjög dýrt á Siglufirði eru alveg út í hött og ekki á rökum byggð.

Vegna tilmæla hv. forseta verð ég að stytta mál mitt. En ég vil leggja áherzlu á, að mál þetta verði rannsakað með gaumgæfni. Legg ég meira upp úr ummælum verkfræðinga en mþn., sem hefur verið með ýmsar slettur í sambandi við þetta mál. Ég vil vara við að leggja nokkrar pólitískar báspennulínur, þótt þær geti litið nógu vel út frá ýmsum hliðum. N. kom inn á það, að þetta mál væri sótt af okkur af of miklu kappi, en ég lít svo á, að það sé gert fremur af forsjá, að vinna að þessum framkvæmdum. N. hefur engan fagmann á þessu sviði og hefur engan verkfræðing með sér, hvorki innlendan né útlendan. Vil ég af velvilja vara nm. við því að sækja málið af svo miklu kappi, því að með því að vera andstæðir þessu máli eru þeir að skemma fyrir því, sem þeir vilja koma fram.

Forseti (JJós): Hv. 7. þm. Reykv. hafði beint þeirri fyrirspurn til forseta, af hvaða ástæðum hæstv. ríkisstj. hafi óskað, að málið yrði tekið af dagskrá á síðasta fundi. Sá forseti, sem þá var, gat ekki greint frá því. Nú vil ég upplýsa, að ástæðan var sú, að hæstv. atvmrh. taldi sig ekki geta náð nauðsynlegum upplýsingum varðandi málið, svo að hann gæti lagt þær fram þá. Þar sem þær eru heldur eigi fyrir hendi í dag og hann lét í ljós, að hann gæti ekki beðið fram eftir degi-num, bað hann þess getið, að hann mundi á síðara stigi málsins hafa afskipti af því.

Þar sem tveir eru enn á mælendaskrá og komið er fram yfir venjulegan fundartíma auk þess, sem mér hefur borizt tilkynning um, að einn þingflokkurinn muni hafa miðstjórnarfund um kl. 5, mun ég falla frá því að halda fundi áfram eftir þann tíma.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 1. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Það mál, sem hér er um að ræða, virkjun Fljótaár, virðist ætla að valda nokkrum ágreiningi hér í hv. d. Um málið liggja mjög langar grg. fyrir frá hv. fjhn., sem er klofin í málinu. Þar hefur skapazt meiri hl. og minni hl. Meiri hl. n. vill afgreiða málið með rökst. dagskrá. En minni hl. fjhn. leggur til, að frv. sé samþ.

Hv. þm., sem hafa verið hér á Alþ. undanfarin ár, hafa nú orðið varir við, að rignt hefur niður í þinginu áskorunum um ábyrgðarheimildir ríkisstj. til handa fyrir ýmis kjördæmi til þess að leggja í stórvirkjanir. Þessum málum hefur á síðustu árum annaðhvort verið vísað til hv. fjhn. eða á annan hátt bægt frá afgreiðslu. Þegar búið er að hrúga inn í þingið svo mörgum slíkum beiðnum, sem numið hafa alls tugum millj. kr., jafnvel hátt á þriðja tug millj., þá hefur mörgum hrosið hugur við, og menn hafa látið það darka að vísa þeim málum frá, þótt oft hafi það verið

með nokkru fyrirheiti, því að slík mál hafa haft við sterk rök að styðjast.

Ég mun hafa verið fyrstur manna, sem komið hafa með beiðni um þetta hér, og ég hygg, að flestir, sem um það hafa sagt, hafi álitið, að ég hefði mest til míns máls. Og ábyrgð fyrir Akureyrarkaupstað mun vera fyrsta slíkt mál, sem til meðferðar var í þinginu. Nú er búið að draga það svo lengi fyrir mér með þessari keðju, að málið er dagað uppi. Akureyri hefur orðið að bjarga sér sjálf án þessarar ábyrgðar. Þess vegna vil ég láta menn vita, að þeir þurfa ekki að láta hroll fara um sig vegna Akureyrarkaupstaðar. En mér finnst eins og hrollur vera í mönnum, þegar Siglufjarðarbær fer fram á 6 millj. kr. ríkisábyrgð til þess að geta virkjað Fljótaá.

Meiri hl. fjhn. segir í nál. sínu, að enginn ágreiningur sé um það milli meiri hl. n. og minni hl., að Siglufjarðarkaupstaður þurfi og eigi að fá rafmagn svo fljótt sem verða má, og ágreiningur sé um hitt, hvort þessi leið sé heppileg, sem í frv. er gert ráð fyrir, eða hvort ekki muni vera heppilegra kannske að leiða rafmagn til Siglufjarðar frá Laxá. Prinsip meiri hl. n. er að leiða rafmagn um allt landið. Þetta er fallegur framtíðardraumur, sem við viljum vera með. En hvenær rætist þessi draumur? Það er ekki nóg að segjast óska, að þetta verði gert sem allra allra fyrst. Ég þykist vita, að það muni líða mörg ár, kannske áratugir, þangað til þetta getur komið til framkvæmda. Og við hjálpum Siglufirði alls ekki með þessum loforðum, því að þeir þurfa þar sannarlega að fá rafmagnsaukningu til kaupstaðarins löngu fyrr en stórvirkjun kemst á laggirnar. Það ætti öllum að vera ljóst.

Það skín í gegn hjá hv. meiri hl. fjhn., að það sé hægt til að fullnægja rafmagnsþörf Siglufjarðar að grípa til þeirrar aukningar á Laxárvirkjuninni, sem Akureyri er að brjótast í að láta framkvæma. En ég vil gefa hv. þm. til kynna, að það mun fallvölt von, því að þó að orkan aukist verulega við þessa aðra vélasamstæðu, sem má segja, að sé næstum því komin til framkvæmdar, — þ. e. ef vélarnar sökkva ekki á leiðinni til landsins —, og við vonumst til, að aukningin geti komizt til framkvæmda á næsta sumri, þá hefur rafmagnsþörf Akureyrar verið svo mikil, að bærinn hefur neyðzt til þessarar aukningar vegna nauðsynlegra þarfa sinna á rafmagni. Nú gerir maður ráð fyrir, að ekki þyrfti öll þau hestöfl, sem þarna fást í viðbót, handa Akureyrarkaupstað. En nú hefur komið á daginn, að Húsavík, Svalbarðseyri og fleiri staðir eru búnir að gera samning um að fá að vera með í þessari aukningu. Ég sneri mér til bæjarstjórans á Akureyri, sem er formaður rafveitu Akureyrar, og sagði honum, hvernig málið lá fyrir. Ég spurði hann, hvort nóg rafmagn yrði með þessari aukningu fengið fyrir Akureyri og allan Eyjafjörð eða hvort lítið yrði afgangs af því, þegar Akureyri hefði fengið rafmagnsþörf sinni fullnægt. Svar hans var, að menn ættu alls ekki að byggja á, að svo mikið rafmagn yrði afgangs frá þessari aukningu, sem Akureyrarbær þyrfti ekki að nota, að neitt verulegt mætti upp úr því leggja, og hann sagði, að það yrði ekki nein leið að hjálpa mönnum á Siglufirði og Sauðárkróki um rafmagn frá þessari virkjunaraukningu. Þar með er nokkurn veginn víst, að þó að rafmagnsaukning þessi komi á næsta sumri fyrir Akureyri, þá er það ekki til þess að bjarga þessu máli, að sjá Siglufirði fyrir rafmagni. En ef hæstv. Alþingi getur gefið tryggingu fyrir því, að ríkissjóður hafi bolmagn til þess að ráðast í stórvirkjun á Norðurlandi, t. d. með því að virkja enn á ný Laxárfossana til þess að geta uppfyllt rafmagnsþörf Norðlendingafjórðungs, þá er öðru máli að gegna.

Með þessu er aðeins verið að tefja málið. Það er ekki hægt að komast hjá þessari ábyrgðarheimild. Ég hef athugað þetta mál sérstaklega og styrkist alltaf í þessari trú. Ég mun því fylgja minni hl. n. um afgreiðslu þessa máls.

Ingólfur Jónsson. Herra forseti. — Svo sem kunnugt er, voru á síðasta þingi samþykkt lög um raforkusjóð og hann stofnaður með 10 millj. kr. framlagi frá ríkinu. Alþingi sýndi þá skilning á rafmagnsmálum sveitanna og þeirri nauðsyn að koma þeim áleiðis. Einnig var þá skipuð mþn. í raforkumálum, er skyldi gera till. um fjáraflanir í þessu skyni ásamt till. um auðveldasta framkvæmd þessara mála með tilliti til dreifbýlisins. Mþn. þessi hefur starfað undir umsjá rafmagnseftirlits ríkisins og notið aðstoðar sérfræðinga. Það er rangt, sem hv. þm. Siglf. sagði, að n. hefði aldrei notið aðstoðar sérfræðinga, heldur haft einn nm. sem ráðunaut sinn, enda þótt hann væri ófróður í þessum efnum. Ég mótmæli þessu algerlega. Enda þótt Jakob Gíslason hafi sjálfur verið fjarstaddur, þá hefur n. notið góðra starfskrafta, og hygg ég, að vantraust það, er hv. þm. vildi lýsa á rafmagnseftirlitinu, sé ekki á neinum rökum reist.

Þótt starf n. sé nokkuð langt á veg komið og hún hafi sínt því allt frá þingsetningu, þá er henni ljóst, að mikið er enn þá óunnið, svo umfangsmikið sem starfsvið hennar er. Því má búast við, að enn líði langur tími, þar til hún skilar endanlegu nál. — N. hefur einkum spurt sig að tvennu: Í fyrsta lagi: Eru tæknislegir möguleikar á því að koma rafmagninu út um sveitirnar? Í öðru lagi: Er það mögulegt vegna kostnaðarins? Eftir að hafa leitað að svörum við þessum spurningum, þá hefur n. fullvissað sig um, að þetta er mögulegt. En það verður ekki gert nema með sameinuðu átaki allrar þjóðarinnar og skilningi á þörfum og tilveru dreifbýlisins. Það er nauðsynlegt, að þeir, sem í þéttbýlinu búa, skilji það, að það er þjóðarnauðsyn, að fólkið verði áfram í sveitunum og blóðtaka þeirra verði stöðvuð.

Það hefur orðið ljóst við þessar umræður, að það eru uppi tvær stefnur í raforkumálunum. Annars vegar er stefna þeirra, er enga trú hafa á möguleikum og afkomu dreifbýlisins. Þessi hjáróma vonleysistónn telur jafnvel, að dreifbýlið sé þjóðarplága. Það er eðlilegt, að þeir, sem telja landbúnaðinn plágu, telji varla ómaksins vert að ræða um að skapa sveitunum rafmagn. Það er ástæða til að vona, að þeir séu fáir, sem taka rödd þessa alvarlega. Það er ekki líklegt, að hún fái hljómgrunn hjá þjóðinni, en að hún fái að tala við sjálfa sig að lokum. En það er leiðinlegt, að innan þingsins skuli vera til

menn, er vilja þennan atvinnuveg feigan. Það væri vissulega áhyggjuefni, ef skoðun þeirra ætti eftir að festa rætur innan þingsins, sú skoðun, að smala eigi bændunum úr sveitunum á mölina og gera þá þar að styrkþegum. Það hafa að vísu áður heyrzt vonleysisraddir, er talað hefur verið um framkvæmdir fyrir dreifbýlið. Hvernig var ekki, þegar stóð fyrir dyrum að leggja símann um landið og eins vegakerfið síðar. Þá risu upp menn, er álitu, að þetta væri ekki framkvæmanlegt vegna kostnaðarins og annarra annmarka. Þetta er í samræmi við það, er vissir menn segja nú á Alþ., að rafmagnið komist aldrei út um sveitir landsins. En þetta hefur jafnmikið að segja og andstaðan gegn símanum og vegunum. Sími og vegir kostuðu einnig mikið fé, og það gerðu talsmenn þeirra sér ljóst. En þessar framkvæmdir voru ofvaxnar einstaklingum, og þær voru þegar í upphafi gerðar með almenningsheill fyrir augum. Þannig á að taka á rafmagnsmálunum.

Þeir eru að vísu margir, er berjast vilja fyrir því, að rafmagnið verði almenningseign. Og það er alveg ástæðulaust fyrir einn og einn þm. hér í hv. d. að tala um, að hér sé verið að fjandskapast við bæina. Síður en svo. En um leið og viðurkennt er að sveitirnar eigi að fá þessi þægindi, þá þarf að byggja rafmagnskerfið upp þannig, að byrjunin komi ekki í bága við framhaldið. Ef kaupstaðirnir byggja litlar rafstöðvar, þá getur það tafið fyrir rafmagninu út um sveitirnar. Kerfið þarf að byggja þannig upp, að tekið sé tillit til allra, og reki ríkið öll orkuver og háspennustöðvar.

Það hefur verið talað um það bæði hér og víðar að virkja Sogið og Laxá í Þingeyjarsýslu. Í þessum tveimur vatnsföllum er svo mikið vatnsmagn, að nægja mundi til að fullnægja allri raforkuþörf landsmanna. Þar með er ekki sagt, að útilokaðar væru smærri virkjanir, ef þær féllu inn í hið fyrirhugaða heildarkerfi. Ef þessi tvö vatnsföll yrðu virkjuð og aflstöðvarnar tengdar saman með línu, þá gæti t. d. virkjun Andakílsfossa í Borgarfirði fallið inn í þetta kerfi, en þeir munu vera vel fallnir til virkjunar. Þannig er og með Tungufoss. Hann sker ekki í sundur heildarkerfið, heldur væri hann fremur sem endastöð. Ekki er fullrannsakað, nema betra væri talið að virkja hann sérstaklega en leiða þangað línu frá Soginu. Með rannsókn mun úr þessu fást skorið líklega þegar í vetur. En það, sem fyrirbyggja þarf, er, að ekki séu byggðar litlar og kostnaðarsamar stöðvar, sem slíta í sundur hið fyrirhugaða heildarkerfi. Dynjandi í Arnarfirði hefur einkum verið tilnefndur sem orkugjafi fyrir Vestfirðina og Lagarfoss fyrir Austfirði. Það er líklegast, að þessir landsfjórðungar muni fá rafmagn frá þessum fossum með sérstökum virkjunum, þar eð ekki mun svara kostnaði að leggja línur frá Soginu og Laxá til þessara landshluta. — Í fáum orðum sagt, þá er aðalatriðið í þessum málum að byrjað sé á réttum enda, svo að ekki verði um neina árekstra að ræða í framtíðinni.

En það, sem hér er nú mest um deilt, er virkjun Fljótaár. Ég vil segja til viðbótar því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði um fylgi Sjálfstfl. við þetta mál, að það er rétt, að bæjarstjórinn á Siglufirði kom á fund hjá flokknum, og var þar málaleitan hans vel tekið að vonum. En hann fékk ekki nein bindandi loforð hjá einstökum flokksmönnum né flokknum í heild. Ég vil aðeins með þessum orðum mínum fyrirbyggja það, að nokkrum geti komið til hugar, að við séum að svíkja gefin loforð, þótt við getum ekki fylgt þessu máli.

Enginn neitar því, að Siglufjörður þarf að fá rafmagn. Aðeins eru menn ekki sammála um, hvort veita skuli ábyrgðarheimild ríkisins til virkjunar Fljótaár í þessu skyni. Aðalatriðið er, hvort hagkvæmt er að virkja þetta vatnsfall eða leiða rafmagnið annars staðar að. Þetta þurfa menn að gera upp við sig alveg hleypidómalaust. Við í meiri hl. fjhn. höldum því fram, að heppilegra sé að fá rafmagn til Siglufjarðar með háspennulínu frá Laxá.

Virkjun Fljótaár mun kosta um 5,7 millj. kr. og er þá aðeins reiknað með annarri vélasamstæðunni, sem er 2350 hestöfl. Þá liggur einnig fyrir beiðni um ábyrgðarheimild til virkjunar Gönguskarðsár í Skagafirði, sem mun kosta 3 millj. kr. Með þessum virkjunum fengist rafmagn fyrir Skagafjörð og Siglufjörð, en héruðin á milli Skagafjarðar og Laxár væru eftir sem áður rafmagnslaus. Nú hefur rafmagnseftirlitið reiknað út kostnað við að leiða rafmagn frá Laxá um Eyjafjörð og Skagafjörð allt til Siglufjarðar með spennistöðvum á Akureyri, Dalvík, Hofsós, Sauðárkróki og Siglufirði. Talið er, að kostnaðurinn við þetta verk verði kr. 10365000, eða um 200 þús. kr. dýrara en sérvirkjanirnar tvær á Fljótaá og Gönguskarðsá. Ef þessi leið væri farin, þá fengist rafmagn til Dalvíkur og Hofsóss auk línunnar um Skagafjörð fyrir litlu meira fé en sérvirkjanirnar tvær, og er auk þess opin leið fyrir héruðin þarna á milli til að fá rafmagn. Með þessu væri fenginn álitlegur liður inn í kerfið, sem mþn. hefur gert yfir fyrirhugað rafmagnsnet landsins. Hv. þm. Siglf. kallaði þetta kerfi pólitískar línur, en þær liggja um Borgarfjörð, Húnaþing, Skagafjörð og Þingeyjarsýslur með héraðsspennistöðvum og línum á Snæfellsnes, í Dali, að Hólmavík, til Siglufjarðar, um Suðurlandsundirlendi til Vestmannaeyja. (ÞG: Þetta eru blýantsstrik). Það eru allt blýantsstrik frá sjónarmiði þeirra, sem enga lífsafkomumöguleika sjá fyrir landbúnaðinn. En vonandi taka fáir þetta tal alvarlega, enda væri það áhyggjuefni, ef svo væri.

Rökin, sem einkum eru færð gegn því, að Siglufjörður fái rafmagn frá Laxárvirkjuninni, eru þau, að enda þótt sú virkjun verði stækkuð, þá verði ekki nægileg orka fyrir hendi. En vill nú ekki hv. þm. Siglf. reikna með mér? Eftir hinni fyrirhuguðu viðbót á Laxárstöðinni munu fást þar 6400 hestöfl, sem er sama og 4260 kr. Nú þarf að draga þar frá 10% fyrir orkutapi á línunni, svo að eftir eru 2830 kw. Ef línan er lögð eins og n. leggur til, þá mun rafmagnið frá Laxárstöðinni ná til 11000 manns. Það yrðu þá 348 wött á mann. Hér í Rvík munu vera 270 wött á mann, eða um 80 wöttum minna en áætlað er frá Laxá. Auk þessa er nú þegar 400 hestafla stöð á Siglufirði, sem mætti grípa til, ef þörf væri á.

Ég verð nú að segja fyrir mitt leyti, að fyrst

Reykvíkingar láta sér nægja 270 wött, þá þykir mér ekki ósennilegt, að Norðlendingar láti sér nægja 348 fram yfir stríð, en þá er ákveðið að stækka Laxárvirkjunina á ný.

Deilan í þessu máli er um virkjun sem skipulagslið eða ekki. Hún er um stundarhagnað eins kaupstaðar eða hagnýtt skipulag fyrir framtíðina.

Hv. þm. Siglf. sagði, að n. hefði tekið ranga stefnu. En eftir að ég hef nú kynnt mér hugsunarhátt þessa hv. þm., þá veit ég, að n. er á réttri leið. Það er kunnugt, að n. hefur allt aðra skoðun á framtíð sveitanna en þessi hv. þm. Það er að visu óþarfi að eyða orðum um það hér, hvort það væri einhver þjóðarblessun, ef bændurnir flosnuðu upp úr sveitunum. En þar sem þessu er haldið fram næstum daglega hér á hv. Alþ., þá kemst ég ekki hjá að minnast á það.

Það verður ekki hjá því komizt, að afstaða n. í raforkumálum sé þannig, að hagsmunir almennings eigi að ráða.

Skúli Guðmundsson: Í upphafi þessarar umr. sagði hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem er frsm. minni hl. fjhn., að hin fyrirhugaða virkjun Fljótaár fyrir Siglufjörð mundi falla vel inn í væntanlegt heildarkerfi rafvirkjunar í landinu. Það hefur ekki verið rætt mikið um þetta, en ég vildi láta það koma fram, að ég tel þetta vafasamt. Eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, er hætt við, að Fljótaá sé ekki meiri en svo, að nægja muni til raforkuframleiðslu fyrir Siglufjörð, og þó sennilega ekki nema fyrst um sinn, og þess vegna muni ekki koma til greina að veita rafmagni frá Fljótaárvirkjuninni til annarra landshluta, því að Siglufjörður muni ekki verða aflögufær af því rafmagni, heldur vanta rafmagn innan skamms, þó að Fljótaá verði virkjuð.

Ég mun ekki að svo stöddu ræða um það, sem hv. 11. landsk. sagði um þetta mál, vegna þess að því hefur verið rækilega svarað af 1. þm. Árn. En það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Siglf., sem ég vildi víkja að.

Hv. þm. Siglf. sagði, að virkjun Skeiðsfoss væri nauðsynlegur liður í heildarkerfinu. Eins og ég hef áður sagt, tel ég það vafasamt. Hv. þm. Siglf. viðurkenndi einnig, að stóru virkjanirnar væru ódýrari yfirleitt en þær smærri, og viðurkenndi líka, að fyrirhuguð landslína þyrfti að koma. Þrátt fyrir þetta telur hv. þm. Siglf. rétt að byggja við Fljótaá tiltölulega litla stöð. Hann lét þess getið í ræðu sinni, að þó Skeiðsfoss yrði virkjaður, þyrfti síðar að koma leiðsla til Siglufjarðar frá einhverju öðru orkuveri, sem ég held, að sé rétt, vegna þess að nú er mikill iðnaður á Siglufirði, sem þarf að nota rafmagn og má búast við, að fari vaxandi. Hv. þm. Siglf. taldi, að síldarverksmiðjurnar á Siglufirði þyrftu 1000 hestöfl. Það hefur einnig verið um það rætt, að nauðsyn væri á að upp kæmi herzlustöð fyrir síldarlýsi. Nú hefur að vísu engu verið slegið föstu um það, hvar slíkt fyrirtæki ætti að vera. En þegar litið er til þess, að síldarverksmiðjurnar eru flestar og stærstar á Siglufirði, þá gæti maður látið sér detta í hug, að slík stöð yrði byggð þar. Í sambandi við annað mál var af háttv. þm. Siglf. áætlað, að slík stöð þyrfti 2—3 þús. hestöfl. Ef slík stöð yrði reist í framtíðinni á Siglufirði, er sýnt, að rafmagn frá Fljótaá mundi ekki duga bænum nema nú fyrst um sinn. Það er þess vegna rétt, að það mun þurfa að fá rafmagn frá öðru orkuveri síðar til Siglufjarðar, þótt Fljótaá verði virkjuð.

Í sambandi við þetta og álit meiri hl. fjhn. var þm. Siglf. með ýmsa samanburðarútreikninga um kostnað við virkjun Fljótaár annars vegar og hins vegar um að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni og veita því til Siglufjarðar. Hann miðaði í þessum útreikningum öllum við það, að Siglufjarðarbær ætti að borga ⅘ kostnaðar við háspennulínu. Ég skal ekki fullyrða um, hvað rétt er í þessu, en mér þykir mjög vafasamt, að svo mikið af kostnaði við háspennulínu, sem lögð væri frá Akureyri til Siglufjarðar, ætti að skrifa á reikning Siglufjarðarbæjar. Ég býst við, a. m. k. þegar fram líða stundir, mundu margir aðrir en Siglufjörður fá rafmagn frá þeim línum, og þess vegna kæmi ekki svona mikill hluti þessa kostnaðar í hlut Siglufjarðarkaupstaðar. Og í þessu sambandi er það í raun og veru ekki rétt að taka annars vegar kostnað við virkjun Fljótaár og hins vegar kostnað við stækkun Laxárvirkjunarinnar og leiðslu þaðan, vegna þess að þó að Fljótaá verði virkjuð, þá er mjög líklegt, að reki að því, áður en langt líður, að það þurfi að leggja háspennulínu til Siglufjarðar frá Laxá eða öðru orkuveri. Þessi samanburður mundi því vera réttur, með því að taka annars vegar virkjun Fljótaár, ef í það yrði ráðizt að virkja hana, að viðbættri línu t. d. frá Laxá, og hins vegar að stækka Laxár stöðina og leggja línu þaðan. Þannig skilst mér þessi samanburður ætti að gerast. Ef það er rétt, sem ég held, að sé, og hv. þm. Siglf. einnig telur vera, að það mundi síðar þurfa línu frá Laxá til Siglufjarðar, jafnvel þó Fjótaá yrði virkjuð.

Háttv. þm. Siglf. byrjaði ræðu sína á að lýsa yfir, að hann teldi rétta stefnu í höfuðatriðum hjá mþn. í raforkumálum, eða rétta skoðun, sem hún héldi fram, að það ætti að byggja upp heildarraforkukerfi. En síðar í sömu ræðu vildi hann fullyrða, að mþn. væri á rangri braut í störfum sínum, og taldi þær línur, sem hún hefði rætt um, pólitískar háspennulínur o. s. frv. Ég get ekki séð gott samræmi í þessum málaflutningi.

Þá sagði háttv. þm. Siglf., að þó horfið yrði að því ráði að leggja háspennulínuna og ætla Siglufirði rafmagn frá Laxárvirkjuninni, eftir að sú stækkun hennar hefði farið fram, sem væntanlega kemst í framkvæmd nú á þessu ári, þá væri þar um að ræða aðeins 900 kw., sem hægt væri að láta frá Laxárstöðinni til Dalvíkur, Siglufjarðar, Hofsóss og Sauðárkróks. Það hefur verið á það bent, að þegar búið er að stækka Laxárstöðina, eins og talað er um, að gert verði á þessu ári, þá væri hægt að leiða rafmagn frá Laxá til Húsavíkur, Svalbarðseyrar, Akureyrar, Dalvíkur, Hjalteyrar, Sauðárkróks, Hofsóss og Siglufjarðar, sem næmi um 350 wöttum á mann á þessu svæði. Ég skal ekki segja um það, hve mikið orkutap verður við orkuflutning eftir þessari línu, en ég ætla að það sé ekki svo mikið, að orkan fari niður fyrir 300 wött á íbúa. M. ö. o., það yrði meiri raforka hlutfallslega eftir íbúatölu, sem þessir staðir gætu fengið, eftir að Laxárvirkjunin

væri aukin, heldur en Reykvíkingar hafa nú. — Þetta mun þó ekki duga til lengdar. Það hefur komið á daginn, að rafmagn hér í Rvík er orðið of lítið. Það hafa verið gerðar svo miklar kröfur til þess. En það sýnist ekki óhjákvæmilegt, að t. d. Akureyringar og Siglfirðingar noti rafmagn til að hita upp íbúðir sínar, meðan aðra vantar raforku til ljósa og suðu. Réttara væri að dreifa þessu um stærra svæði, þannig að fleiri gætu fengið rafmagn til ljósa og suðu.

Hv. þm. Ak. sagðist álíta, að Siglfirðingar gætu ekki beðið eftir því, að lína yrði lögð frá Laxárvirkjuninni, heldur yrðu þeir að fá rafmagn sem fyrst. En ég tel vafasamt, að þeim liggi meira á rafmagni en ýmsum öðrum. Það virðist koma fram sú skoðun hjá ýmsum mönnum hér, sem mér þykir dálítið einkennileg, að mönnum, sem búa á vissum stöðum, liggi miklu meira á því en öðrum, sem búa annars staðar, að fá þessi þægindi. Ég álít vafasamt, að þessi hugsunarháttur sé réttur. Siglfirðingum liggur á að fá rafmagn. En ég álít, að þeim liggi ekki meira á rafmagni heldur en þeim, sem búa á Sauðárkróki, Dalvík og Hofsós, og þeim, sem búa í sveit á þessu svæði, sem vitanlega gætu fengið rafmagn frá þessari leiðslu. Ég álít alla landsmenn jafnréttháa í þessu efni. Við eigum ekki að skipta þjóðfélagsþegnunum niður í 1., 2. og 3. flokks menn í þessum efnum. Þar eiga allir að hafa sama rétt. og einum liggur ekki meira á að fá þessi þægindi en öðrum.

Það kom fram hjá hv. þm. Siglf., að hann taldi, að meiri hl. fjhn., eða öllu heldur mþn. í raforkumálum, hefði snúizt eitthvað í málinu um virkjun Andakílsár. Þetta er vitanlega hin mesta fjarstæða, því að mþn. hefur aldrei látið frá sér fara neitt um það, að hún teldi ekki geta komið til mála að virkja Andakílsá. Hitt er allt annað mál, þótt n. leggi á móti því, að frv., sem lagt var fram um það efni, verði samþ. óbreytt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Það er vitanlegt, að það kostar mjög mikið að koma rafmagni um landið, en þetta þarf að gerast. Og þegar um það er að ræða að leggja fram stórar fjárhæðir í virkjunar framkvæmdir, þá er nauðsyn á að verja fénu þannig, að það komi sem flestum að notum. Einmitt þess vegna leggjum við það til, meiri hl. n., að ríkið veiti ekki ábyrgð fyrir láni til virkjunar Fljótaár, heldur verði lögð á það áherzla að leggja háspennulínu frá Akureyri til Skagafjarðar og Siglufjarðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 2. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 400, frá meiri hl. fjhn., felld með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JörB, PZ, PÞ, SkG, EystJ, GG, IngJ, SvbH.

nei: JS, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, JakM.

JJós greiddi ekki atkv.

2 þm. (GSv, HelgJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv., svo látandi:

Jón Sigurðsson: Herra forseti. — Ég skal lýsa því yfir, að ég er fylgjandi þeirri stefnu meiri hl. n., að það verði með sameiginlegu átaki reynt að fullnægja þörfum bæði kaupstaða og sveita, en þar sem það er ljóst, að þótt sú rökst. dagskrá, sem hér liggur fyrir, verði samþ., getur það ekki aftrað því, að þessu mannvirki verði komið upp, og þar sem samþykkt hennar yrði eingöngu til þess að skapa Siglufirði fjárhagslega örðugleika, sem ekki er ástæða til að valda, segi ég nei.

Sigurður Þórðarson: Með tilvísun til grg. hv. 2. þm. Skagf. segi ég nei.

Bjarni Ásgeirsson: Með skírskotun til grg. hv. 2. þm. Skagf. segi ég nei.

1. gr. samþ. með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, JakM, JS.

nei: JörB, PZ, PÞ, SkG, SvbH, IngJ, JPálm, EystJ, GG, JJós greiddu ekki atkv.

2 þm. (GSv, HelgJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 21:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:6 atkv.

Á 70. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 71).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Ég hefði nú helzt viljað mælast til þess við hæstv. forseta, að þessari umr. yrði frestað, því að við í meiri hl. fjhn. hugsum okkur að bera fram brtt. við frv. í þá átt, að fylgt sé sömu reglu um þessa ábyrgð, sem hér á auðsjáanlega að samþ., eins og annars staðar hefur verið um svipaðar ábyrgðir, nefnilega að ekki sé gengið í ábyrgð fyrir meira en svarar 80% af stofnkostnaði.

Forseti (JJós): Ég hef nú verið beðinn að fresta afgreiðslu þessa máls. Vil ég spyrja hv. þm. A.-Húnv., hvort n. vinnist ekki tími til að koma með þessa brtt. skrifl., ef ég fresta málinu um stund á þessum fundi. (**JPálm:** Ég geri ráð fyrir, að við verðum að sætta okkur við það).

Umræðu frestað.

Á 71. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 71, 489).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 489. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Það hefur nú sýnt sig, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur meirihlutafylgi í þessari hv. d., og er ekkert við því að segja. En við, sem höfum skipað meiri hl. í fjhn. í þessu máli, telj-

um réttlátt, að það fylgi sömu lögum um þessa ábyrgð eins og gilt hafa um slíkar ábyrgðir undanfarið, að hámark verði sett um það, hvaða stofnkostnað ríkissjóður ábyrgist. Það hefur verið venja að hafa það 80%. En við höfum fært það upp í 85% eftir till. aðstandenda málsins, og teljum ekki skipta miklu máli, þótt sú breyt. verði á gerð. Ég vænti þess vegna, að hv. þd. geti fallizt á þessa breyt.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það er út af þessari brtt., sem þessir þrír hv. þm. bera fram. Hún virðist vera nokkurs konar varaskeifa. Fyrst hv. þm. tókst ekki að vísa málinu frá við 2. umr. og drepa það þannig, þá virðast þeir nú ætla að reyna enn einu sinni að skjóta fleyg hér inn í, ef ske kynni, að það stoppaði málið. En þetta getur orðið mjög alvarlegt fyrir Siglufjarðarkaupstað, að skjóta þessu ákvæði hér inn. Hann hefur reiknað með því í öllum ráðstöfunum sínum og búizt við því að geta fengið ríkisábyrgð fyrir 6 millj. kr. láni. Og ef þessi till. væri samþ., breytir það öllum útreikningum bæjarins um málið. Þar að auki eykur þetta útgjöldin við virkjunina a. m. k. um 20 þús. kr. Það er sérstaklega athugandi nú, að bankarnir eru nú orðnir tregir á lánum, og menn eru almennt farnir að verða eitthvað óttaslegnir um það, að gífurlegt hrun sé fram undan, sem ég skal ekki segja, hvort er á rökum byggt, svo að erfitt er orðið að fá lán. Það getur orðið erfitt að fá 900 þús. kr. lán. Það getur sérstaklega orðið erfitt, ef virkjunarkostnaðurinn fer yfir 6 millj. kr. Og ég get ekki séð, hvað Alþ. getur séð sér í því að láta Siglufjarðarkaupstað leggja út í að byggja þetta mannvirki, þannig að Siglufjarðarkaupstaður eigi svo á hættu, að töf verði á því, þegar búið er að leggja út í það.

Ég álít mjög misráðið að koma með svona brtt. nú, og vænti þess því fastlega, að þessi brtt. verði felld.

Ingólfur Jónsson: Þessi brtt. á þskj. 489 er flutt til þess, að sú ábyrgðarheimild, sem hér er farið fram á, verði í samræmi við það, sem áður hefur verið gert hér á Alþ., þegar ábyrgðir hafa verið veittar af hálfu ríkisins.

Annars er einkennileg yfirlýsing hv. þm. Siglf. nú og ekki í samræmi við fyrri staðhæfingar hans um þetta mál. Því að hv. þm. munu allir muna, að þessi hv. þm. lýsti yfir, að enda þótt ríkisábyrgð fengist ekki, yrði samt virkjað þarna fyrir Siglufjörð, því að Siglfirðingar gætu fengið lán, þótt það yrði þeim að vísu óhagstæðara, án ríkisábyrgðar. Nú segir þessi sami hv. þm.: „Ef Siglufjörður fær ekki 100% ríkisábyrgð, má búast við, að hann eigi mjög erfitt með að fá 900 þús. kr. lán það, sem vantar á ábyrgðina. Nú fer mér að skiljast, að eitthvað sé bogið við málafærslu þessa hv. þm. í sambandi við þetta mál. Og ég hygg, að öllum þingheimi sé ljóst, að ef bærinn hefur treyst sér til þess að framkvæma þessa virkjun án ríkisábyrgðar og taka 6 millj. kr. lán án ríkisábyrgðar, þá ætti honum ekki að vera erfitt að fá 900 þús. kr. lán án ríkisábyrgðar, ef hann með þarf. Ég held því, að það sé sjálfsagt fyrir Alþ. að samþykkja þessa brtt. á þskj. 489, því að hún er aðeins í samræmi við það, sem gert hefur verið hér á Alþ. Og ég held, að yfirlýsing hv. þm. Siglf. undir umr. hér að undanförnu gildi það, að hv. þm. muni telja Siglufjarðarkaupstað borgið, hvað þessa virkjun snertir, enda þótt ábyrgðin sé ekki nema 85%.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það er aðeins til þess að leiðrétta misskilning. Ég sagði, — og það stendur —, að Siglufjarðarkaupstaður ræðst í þessa virkjun, hvort sem hann fær 100% ábyrgð eða ekki fyrir láni til hennar. Og hann hefur haft möguleika til þess að fá lán til virkjunarinnar, sem ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í aftur. En það getur staðið svo á, að það sé erfiðara að fá lítið lán á eftir stóru fyrir svona fyrirtæki heldur en að fá lán á einu bretti fyrir virkjunina að öllu leyti, — það getur staðið þannig. Og það getur verið erfiðara að fá lán, ef veitt er 85% ábyrgð, heldur en ef ríkisábyrgðin er 100%. Og ég sé ekki ástæðu til þess, að ríkið setji stein í götu virkjunarinnar, sem vitað er, að verður framkvæmd og komið upp fyrir bæjarfélagið. Og vitanlega hlýtur ríkið að hlaupa undir baggann, ef bærinn ætti í einhverjum sérstökum erfiðleikum vegna virkjunarinnar. Og þá er óþarfi, að ríkið geri þessa virkjun dýrari en þarf að vera.

Annars held ég, að þessi till. hv. nm. komi fram nokkuð af gremju yfir því, hvernig farið var með dagskrártill. þeirra.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég tek til máls til þess að leggja áherzlu á það, sem ég hef sagt áður, að aðalatriðið fyrir Alþ., þegar það gengur í ábyrgð, er vitanlega, hvernig lánin eru tryggð, og tryggingin í þessu tilfelli felst — fyrir utan það, hvernig efnahagur Siglufjarðar er — í þeim vonum, hvernig rekstri þessarar virkjunar muni farnast. Það var tekið fram bæði af mér og öðrum við 2. umr. málsins, að því léttari sem reksturinn er, því tryggara er fyrirtækið. Og þessi breyt., sem felst í brtt. á þskj. 489, gerir ekkert annað en að gera rekstur þessa fyrirtækis erfiðari að því leyti, að búast má við, að vaxtagreiðslur þess verði meiri, ef þessi breyt. verður gerð, sem brtt. er um, vegna þess aukaláns, sem Siglufjarðarkaupstaður yrði þá að taka án ríkisábyrgðar. Og þar með væri Alþ. að gera fyrirtækið ótryggara og lakara. Þannig horfir þetta við frá minu sjónarmiði.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Mér finnst satt að segja dálítið einkennilegt, hvernig hv. 1. flm. þessa máls tekur þessari sjálfsögðu brtt. okkar þremenninganna. Honum er sjálfsagt kunnugt um það, eins og okkur, að þetta hefur verið a. m. k. í mörgum tilfellum gert, að veita ekki ríkisábyrgð fyrir öllum stofnkostnaði slíkra fyrirtækja. T. d. í sambandi við Laxárvirkjunina fyrir Akureyri var ekki veitt ríkisábyrgð fyrir nema 80% stofnkostnaðar. Og ekki varð þess vart, að það hindraði Akureyri í þeirri framkvæmd. Mér virðist því sjálfsögð varúðarráðstöfun ríkisins að setja upp, að eitthvert áhættufé komi frá þeim, sem setja upp fyrirtækið og njóta þess, en ríkið gangi ekki í ábyrgð fyrir allri upphæðinni.

Það hefur verið bent á það af öðrum, í hve miklu ósamræmi málflutningur hv. þm. Siglf. er. Hann segir nú, að þessi litla takmörkun á ríkisábyrgðinni geti gert Siglufjarðarkaupstað ókleift að koma virkjuninni á, en hins vegar hefur hann áður sagt hér við umr., að þó ríkið ábyrgðist ekki einn einasta eyri fyrir þetta fyrirtæki, þá yrði virkjuninni samt komið á. Það má undarlegt heita, ef það er ekki hægt fyrir Siglufjarðarkaupstað að koma þessari virkjun upp, ef ríkið veitir ábyrgð fyrir láni til þess, að undanskildum 800—900 þús. kr. Hvar er áhugi Siglfirðinga fyrir þessu máli, ef bæjarbúar hafa ekki ráð með að afla 15% af því fé, sem til þess þarf að koma því í framkvæmd?

Hv. þm. Siglf. sagði, að það væri ljóst, að ríkið hlyti að hlaupa undir baggann, ef út af ber í þessu efni fyrir Siglufjarðarkaupstað. Stefna hans virðist vera sú, að ríkið eigi að bera alla ábyrgðina, en aðrir að reka fyrirtækið. Því var mjög illa tekið, þegar við lögðum til, að í staðinn fyrir að Siglufjarðarkaupstaður yrði studdur til að ráðast í sérstaka virkjun þarna, yrði það ríkið, sem sæi bænum fyrir rafmagni í sambandi við framkvæmdir, sem kæmu jafnframt öðrum að gagni, í nærliggjandi héruðum. Þessu var hafnað og því haldið fram, að eðlilegt væri, að Siglufjarðarbær annaðist framkvæmdina, en fengi stuðning til þess frá ríkinu. Það virðist vera svo, að þeir menn, sem í öðru orðinu halda því fram, að einstakir kaupstaðir og sveitarfélög eigi að hafa þetta með höndum, heimti þó af ríkinu, að það í raun og veru leggi fram allt fjármagnið og beri ábyrgð á öllu saman. Ég get ekki séð nokkurt samræmi í þessu.

Hv. 7. þm. Reykv. var að tala um, að það væri ótryggara fyrir ríkið að ábyrgjast 85% heldur en 100%. Það er náttúrlega svo mikil fjarstæða, að ekki þarf að eyða orðum að því, að veð ríkisins til tryggingar ábyrgðinni sé lakara, ef það ábyrgðist aðeins 85% af stofnkostnaðinum, heldur en ef það ábyrgist stofnkostnaðinn að öllu leyti. Þetta er alveg ný fjármálaspeki, sem ég held, að sízt sé viðeigandi að halda fram hér á hæstv. Alþ.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Það er örstutt aths. — Það hefur verið mikið talað um það hér, að það eigi að brjóta hér algilda reglu, ef Siglufjarðarkaupstaður fær ábyrgð, sem nemur 100% stofnkostnaðar þessa mannvirkis. En ég man fyrst eftir, að þessi afföll komu til mála, þegar um hitaveitu Rvíkur var rætt, þá var ábyrgðin 90% stofnkostnaðar. En ég held, að ríkið hafi gengið í ábyrgð fyrir Sogsvirkjuninni að fullu. Annars ætla ég ekki að lengja umr. um þetta. En ég sé ekki, að það sé nein varúðarráðstöfun að fara að fella 15% af ábyrgðinni. Ég held, að það sé sama sem að setja fót fyrir fyrirtækið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það hefur komið fram í þessu máli áður, að þeir menn, sem í þéttbýlinu búa, vilja nota sér þá aðstöðu o~ vilja hrifsa til sín þau fríðindi, sem þéttbýlinu fylgja um afnot af rafmagni, án þess að láta aðra verða þess aðnjótandi. Þessi stefna dæmir sig sjálf. Sjónarmið þessara manna er ákaflega eindregið eiginhagsmunasjónarmið.

En í sambandi við þessa brtt., sem hér er fram komin, vildi ég mega spyrjast fyrir um nokkuð þessu viðkomandi. Það hefur verið gert hér ráð fyrir 6 millj. kr. ríkisábyrgð. En nú er mér tjáð, að þetta fyrirtæki muni kosta miklu meira. Eftir þessari brtt. á að hnýta aftan við frvgr., að ábyrgðin skuli þó ekki vera yfir 85% af stofnkostnaði við þetta fyrirtæki. Verður ekki ábyrgðin fyrir 6 millj. kr., enda þótt þessi breyt. verði gerð á frv.? Mér skilst, að ef stofnkostnaðurinn verður yfir 6 millj. kr., geti vel svo farið, þó að ríkisábyrgð verði ekki nema fyrir 85% stofnkostnaðar, að hún verði samt fyrir 6 millj. kr. Allur kostnaður verður áreiðanlega 15% hærri en 6 milljónir. Og vitanlega eiga Siglfirðingar strax að borga nokkurn hluta kostnaðarins, en ekki gera allt verkið fyrir lánsfé.

Annars finnst mér ákaflega skrýtið, ef stórt bæjarfélag, sem hefur mjög mikla möguleika til tekjuöflunar, getur ekki hugsað sér að leggja neitt fram sjálft af fé til þessa fyrirtækis. Þetta fyrirtæki virðist eiga að öllu leyti að leggjast á framtíðina, rétt eins og bæjarfélagið sjálft hafi ekki einn eyri í þetta að leggja nú þegar. Mér finnst það vera lágmarkskrafa, sem hægt sé að gera til slíkra manna sem Siglfirðinga, að þeir hafi einhverja fyrirhyggju og hafi einhvern vilja til þess að leggja eitthvað á sig sjálfir í þessu efni, heldur en bara að fá allt frá öðrum. En það eru að vísu margir menn í þjóðfélaginu nú, sem miklar kröfur gera til annarra.

Ég held, að Siglufjarðarbær ætti að gera meiri kröfur til sjálfs sín í þessu efni, en minni til annarra.

ATKVGR.

Brtt. 489 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GG, HelgJ, IngJ, JPálm, JörB, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, JJós.

nei: GTh, JakM, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ.

Frv. samþ. með 18:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 3. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 71, n. 571).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Í gær, er þetta mál var hér á dagskrá, þá þurfti form. fjhn. og frsm.

hennar í þessu máli að víkja af fundi og bað mig að hafa orð fyrir n., ef málið yrði tekið fyrir.

Ég lofaði þessu, en bjóst ekki við, að það gilti nema fyrir daginn í gær. En nú sé ég, að hann er hér ekki viðstaddur, og verð ég því að segja hér nokkur orð. Ég er þó ekki vel undir þetta búinn, því eins og nál. ber með sér, þá var ég ekki viðstaddur sökum lasleika, er n. afgreiddi þetta mál. Ég er því sennilega ókunnari því en nokkur hinna nm. En sú er bót í máli, að þótt framsaga mín verði ekki mikil, þá er málið orðið hv. þm. þegar svo kunnugt hér á þingi.

Á síðasta sumarþingi var borin fram þáltill., er gengur í sömu átt og þetta frv. Þessi þáltill. fór fram á sams konar ríkisábyrgð vegna virkjunar Fljótaár og þetta frv. Í grg. þessarar till. og fylgiskjölum eru allar ástæður þessa máls teknar greinilega fram, svo að óþarft er að endurtaka það.

Samkv. því, sem nú stendur í áliti fjhn., þá hefur n. athugað málið, og er hún sammála um að mæla með því, að það nái fram að ganga. Þó að ég hafi ekki undirskrifað nál. sökum fjarveru, þá vil ég taka fram, að ég er því algerlega sammála.

Það verður ekki fram hjá því gengið í sambandi við þetta mál, að nú er á döfinni skipulagning raforkumálanna í landinu, og hefur verið skipuð mþn. til að gera till. og hefja rannsókn um það, hvernig nægilegri raforku verði komið til sem flestra.

Mér er kunnugt um það, að í hv. Nd. mætti þetta frv. nokkurri mótstöðu. Ekki var það af því, að menn væru á móti því, að Siglufjörður fengi rafmagn, heldur af því, að ýmsir töldu heppilegra að bíða eftir heildarniðurstöðum þessarar mþn., og kæmi þá rafmagn fyrir Siglufjörð sem einn liður í þeirri heildarframkvæmd, sem ráðgerð væri í þessum málum.

En í sambandi við þetta vil ég benda á, að þegar árið 1935 voru sett l. um virkjun Fljótaár, svo að það eru nú orðin nokkur ár síðan hv. Alþ. samþykkti fyrir sitt leyti að virkja þetta vatnsfall fyrir Siglufjörð. Ég skal enn fremur benda á það, sem fylgiskjöl þál. frá í fyrra bera með sér, að síðan hefur farið fram ýtarleg rannsókn á virkjunarmöguleikum þarna, sem virðist leiða í ljós, að þetta fyrirtæki muni ekki óálitlegt að neinu leyti.

Ég skal í þriðja lagi benda á það, að Siglufjarðarkaupstaður hefur þegar varið allmiklu fé til undirbúningsframkvæmda þessarar virkjunar, og væri þá öllu þessu fé kastað á glæ, ef ekkert yrði úr frekari framkvæmdum. Enn fremur er á það að líta, að búið mun beinlínis að semja um efni og kaup á vélum til þessarar virkjunar.

Það er vonandi, að það komist sem fyrst í framkvæmd, að rafmagninu verði veitt sem víðast til sjávar og sveita, og ég vil ekki mótmæla því, að það kunni að vera rétt, að hafa orkuverin fá og stór. En þrátt fyrir það held ég, að þessi virkjun eigi fullan rétt á sér. Þótt till. þessarar mþn. komist í framkvæmd, þá er bæði á það að líta, að Siglufjörður er afskekktur og þangað yrðu alltaf langar leiðslur, t. d. frá Laxá, og auk þess hefur það sýnt sig við allar rafvirkjanir, að þrátt fyrir allar áætlanir um raforkuþörfina, þá hafa aflstöðvarnar reynzt of kraftlitlar innan fárra ára víðast hvar. Þörfin hefur bæði verið áætluð of lágt, og kaupstaðirnir auk þess í vexti.

Ég er því sannfærður um það, að þótt heildarkerfi kæmist á bráðlega, þá yrði full þörf á þessari aflstöð við Fljótaá, og ef hún yrði svo tengd aðalkerfinu, þá yrði hún til stuðnings fyrir það.

Sumum kann að virðast farið fram á nokkuð háa ábyrgðarheimild, 6 millj. kr. En ég hygg, að þeir, sem athuga efnahagsreikninga Siglufjarðarkaupstaðar undanfarin ár, komist að raun um, að ekki sé mikil áhætta fyrir ríkið að ganga í þessa ábyrgð, eins og nú horfir.

Að lokum skal ég minna á það, sem ég hef oft áður leitt athygli að, að stuðningur við Siglufjarðarkaupstað er ekki veittur honum einum, heldur njóta þar fjölda margir aðrir góðs af, því að fyrir utan höfuðborgina munu menn ekki sækja atvinnu meir í annan stað en þangað.

Við það má svo bæta, að ríkið hefur beinlínis sérstakra hagsmuna að gæta í þessu efni, þar sem eru síldarverksmiðjur þess þar, því að rekstur þeirra getur tæplega talizt öruggur, nema nægilegt rafmagn sé fyrir hendi á staðnum. Ég vænti þess því, að þetta mál fái góðar undirtektir hér í d., eins og segja má, að það hafi fengið í hv. Nd., og að það verði ekki notað til þess að tefja málið, þótt stærri aðgerðir í þessum efnum séu ráðgerðar fyrir landslýðinn í heild, því að ég álít, að þetta tvennt þurfi ekki að koma í bága hvað við annað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 609).

---

48. Vegalagabreyting (frv. GSv).

Á 2. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Sveinsson): Ég hef leyft mér að koma hér fram með frv. til l. á þskj. 8 um breyt. á vegal.

Þó að segja megi að vísu, að hér sé um nokkuð stórvægilegt atriði að ræða, þá má um fram-

komu þessa máls að vissu leyti líkja því við það, að verið sé að stinga hendi inn í maurabúfu, því að hvenær sem fitjað er upp á slíku máli sem þessu, þá er uppi fótur og fit. Hver hyggst finna þörf hjá sér til þess að bæta þar einhverju við. Það skal alveg ósagt látið, hversu mikið af því, er fram hefur komið af því tæinu, hefur verið aðkallandi og nauðsynlegt, en hitt er vitað mál, að þörfin á auknu og bættu vegakerfi er mikil og skammt miðar í það horf, er þörf krefur.

Vegakerfi landsins hefur á síðustu árum breytzt töluvert að því leyti til, að þeir vegir, sem áður voru mikið til innanhéraðs vegir, eru nú komnir í tölu höfuðvega, og er það með eðlilegum hætti sökum vaxandi ferðalaga og flutninga um landið. En þessir vegir, sem þannig hafa orðið að höfuðvegum, eru þó eftir sem áður utan þjóðvegal. Það er því ekki nema eðlil., að þm. vilji fá þessu og öðru breytt í samræmi við eðlilega þróun og héraðsbúar ýti undir þá að koma þessum lagfæringum í framkvæmd.

Það hefur verið svo um þessi mál, vegamálin, hér á Alþingi, að nokkur reipdráttur hefur átt sér stað um þau milli þm., en í raun og veru ætti slíkt eigi að eiga sér stað, og svo vona ég, að verði með þetta frv., það fer eins og öll önnur skyld frv. í eina og sömu skúffuna, þ. e. a. s. til þeirrar n., er þetta mál heyrir undir, til samgmn. — Þar fær frv. sína athugun til að byrja með, — þar fær það sinn álitsdóm n. og þeirra dómbæru og sérfróðu manna, er n. kveður sér til aðstoðar frá því opinbera.

Við frv. þetta hafa komið brtt., er myndað hafa eins konar hala við það, og er sjálfsagt ekki fullséð enn, hversu hann verður stór. Við því segi ég ekkert. Mér þykir það einmitt líklegt, að brýn nauðsyn sé einnig fyrir hendi annars staðar en þar, sem um getur í frv. því, er ég er flm. að, og við því er auðvitað ekkert að segja.

Breyt. sú, er frv. þetta fer fram á að gerð verði á vegal., er sú, að þrír vegaspottar verði teknir í tölu þjóðvega. Um 1. og 2. lið frv. er það að segja, að öllm mun nú ljóst orðið, að bæði Álftaver og Meðalland eigi að komast í akbrautarsamband við Suðurlandsveginn, höfuðleiðina austur sýsluna, og af þeim framkv., sem undanfarið hafa verið ákvarðaðar, er það brýn nauðsyn, að þetta verði gert og óhjákvæmilegt að taka þá í þjóðvegatölu, enda meiri ástæða til að taka þá vegi frekar í þá tölu en þá vegi, er tengja saman einstakar sveitir. — Um 3. lið er og hið sama að segja, nema e. t. v., að hann gæti talizt öllu meira fyrir framtíðina. Allir þeir, sem til þekkja, vita, að þjóðvegur er að efsta bæ á Landi, og er því ekki nema eðlilegt, er austur kemur, taki og við greiðfær vegur, sem hið opinbera ætti líka að standa að og því einnig að vera í tölu þjóðvega.

Að svo komnu máli vil ég eigi hafa orð þessi fleiri, en vil leggja til, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og samgmn.

Eysteinn Jónsson: Ég á brtt. á þskj. 14 við frv. það, er hér um ræðir, þ. e. a. s. um breyt. á vegal. — En það er ekki ætlun mín á þessu stigi málsins að fara að ræða þessa brtt., heldur að viðhafa nokkur orð um þetta mál almennt, þar sem það kemur nú til kasta samgmn. að ræða málið og hafa það til meðferðar.

Ef við athugum vegal., hvernig þau eru byggð upp, þá komumst við ekki hjá því að verða varir við, að þar er um ósamræmi að ræða og skort á skipulagi. Það, sem skort hefur á, er að laga l. til eftir almennri þörf landsbúa, og miða við það framkvæmdir og breyt. vegal. En í stað þessa hefur vegamálum okkar miðað áfram aðallega fyrir atbeina duglegra þm., sem fyrst og fremst hafa verið að hugsa um þörfina í kjördæmi sínu. En vissulega er því ekki að leyna, að mikið hefur vegakerfið farið batnandi frá því, sem áður var.

Það er eitt í þessu sambandi, sem ástæða er til að drepa á, en það er tilhneiging sú, er fram kemur víða að gera sýsluvegi að þjóðvegum, en við það hefur einmitt borið á því, að það hafi orðið til þess að draga úr vegagerð, og hún hafi jafnvel horfið um skeið. Það er því nokkur ástæða fyrir því, að þetta sé athugað og hvað langt eigi að ganga í því að gera sýsluvegi að þjóðvegum og hvort ekki sé rétt, að tekin sé upp önnur stefna en verið hefur í þessum málum. Í þessu sambandi dettur mér í hug, hvort ekki væri hægt og gerlegt að hafa þá vegi, sem kynnu að vera mitt á milli þess að teljast þjóðvegir eða sýsluvegir, að hafa þá vegi í sérstökum flokki og láta ríkið leggja meira hlutfallslega til þeirra vega en venjulegra sýsluvega.

Þessu vil ég skjóta til samgmn., sem nú á að fara að leggja á ráðin, hvernig með þessi mál skuli farið, — skjóta því til hennar að hún gæti hins fyllsta samræmis í því, hvað skuli teljast þjóðvegir og hvað ekki, og sömu reglu sé gætt, þegar úr því á að skera, hvort þessi og þessi vegur skuli tekinn í tölu þjóðvega eða ekki. — Þetta sem ég hefi nú sagt vildi ég að samgmn. hefði í huga, er hún tekur til starfa.

Pétur Ottesen: Hv. 2. þm. S.-M., hann hefur látið falla hér nokkur orð, er hann hefur beint til samgmn., og felst í þeim orðum bending um, að rétt væri að breyta um stefnu í vegamálum okkar frá því, sem verið hefur til þessa.

Ég finn ástæðu til þess, þar sem þessi skoðun kom fram hjá síðasta ræðum., þá vil ég, að fram komi hér rödd, sem fer í aðra átt og telur, að sú stefna sem fylgt hefur verið í þeim málum hafi verið rétt og í samræmi við eðlilega þróun.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að vegir, sem áður vóru miðaðir við þarfir einstakra sveita, hafa nú breytzt í það að verða alfaravegir, sem almenningur ferðast um, sem svo aftur stafar af útvíkkun á vegakerfinu og breyttum lifnaðarháttum t. d., ef bara er athugaður allur sá fólksstraumur og ferðalög, sem kaupstaðarbúar fara út um sveitir landsins. — Af þessu leiðir svo eðlilega það, að auka verður fjárframlög til vegamálanna. — Sú breyting, sem hefur orðið á samgöngum okkar Íslendinga, er því ekkert annað en eðlilegur grundvöllur og raunhæfur að þróun vegamálanna, að sýsluvegir og hreppsvegir hafa verið teknir í tölu þjóðvega.

Hv. þm. minntist á það, að þessi þróun væri

óeðlileg og gagnstætt því, sem hún ætti að vera og vildi benda á það því til sönnunar, að vegaframkvæmdir hafi víða fallið niður og úr þeim hafi dregið nokkuð upp á síðkastið. — En til þessa liggja aðrar og eðlilegar ástæður a. m. k. í ár. Að slíkt hefur átt sér stað, stafar af því, að það hefur ekki verið hægt að fá það vinnuafl, sem þurfti til að halda við vegalagningu svo sem skyldi. — Atvinnuástandið í tvö undanfarin ár, hefur verið orsök þessa, sem hv. þm. S.-M. vildi kenna þeirri stefnu um, er höfð hefur verið í þessum málum. — Frá þeirri stefnu á hvergi að hvika.

Ég vildi hér aðeins láta þessa skoðun koma fram til varnaðar og ábendingar. — Þótt mikið hafi unnizt í þessum málum okkar, þá er öllum ljóst, að mikið er enn ógunnið. En það verðum við um fram allt að hafa hugfast, að ekkert má gera, er staðið getur í veginum fyrir þessu nauðsynlega og aðkallandi framtíðarmáli þjóðarinnar.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Það voru aðeins örfá orð. Mér fannst það hálfgert á hv. þm. Borgf. (PO), að hann misskilja a. m. k. að nokkru leyti það, sem ég sagði um þetta mál. Það var ekki ætlun mín að halda því fram, að sú þróun, sem orðið hefur, að taka fleiri vegi en áður inn á vegalög, væri óeðlileg. Ég veit, að allir þm. eru sammála um, að eðlilegt sé að taka inn á vegalög fleiri vegi en áður, ef miðað er við nokkur ár. Hinu vildi ég vekja athygli hv. samgmn. þessarar d. á, að hún athugaði, hvaða stefnu hún vildi taka í þessum málum að því er framtíðina snertir, sérstaklega hvort eðlilegt sé að taka nærri alla vegi í landinu, sem hugsanlegt er að verði lagðir í náinni framtíð, í þjóðvegatölu eða ekki. Það er ekki hægt að fara hér út í einstakar brtt., en þær till., sem komið hafa fram, bera það með sér, að menn líta misjöfnum augum á þessi mál. Sumir vilja ekki taka í þjóðvegatölu nema lítinn hluta vega, en aðrir ganga miklu lengra og taka vegi, sem ekki hafa þýðingu nema fyrir sveitina, sem þeir liggja um, og liggur þá ef til vill annar þjóðvegur um þá sömu sveit. Ég er ekki að segja, að það geti ekki verið réttmætt að taka slíka vegi í þjóðvegatölu, en ég vildi, að hv. samgmn. gerði sér grein fyrir þessu máli nú þegar. Ef farið er inn á þá braut að taka nærri alla sýsluvegi inn í þjóðvegatölu, þá koma fleiri brtt. til greina, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef ekki flutt þær till., sem ég mundi flytja, ef sú leið yrði farin. Eg vil benda hv. samgmn. á það, að það er til önnur leið: Hún er sú, að styrkja sýsluvegina meir en áður með því beinlínis að leggja meira fé til þeirra, og einnig mætti gera það á þann hátt að hærri styrkur yrði veittur hlutfallslega á hvern einstakan veg en áður hefur verið gert. Mér finnst mjög koma til athugunar, hvort ekki á að fara inn á þá leið með ýmsa af þeim vegum, sem menn vilja koma í þjóðvegatölu.

Þetta er það, sem ég vildi benda hv. samgmn. á, en mér hefur aldrei dottið í hug að undrast það, að fleiri vegir hafa verið teknir í þjóðvegatölu en áður. Aðeins þetta, hvort það á að stefna að því, að sem flestir sýsluvegir komist í þjóðvegatölu eða hvort sýsluvegirnir skuli styrktir meira en gert hefur verið.

Þetta er óhjákvæmilegt, að þingið geri upp við sig, og umfram allt verður það að fá reglu til að starfa eftir, svo þetta fari ekki eftir því, hve ýtnir menn eru að ota sínum tota.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Síðast, þegar vegalög voru lögð fyrir Alþingi, sem mig minnir að vera 1940, var mjög mikið um það talað í Ed., að nauðsynlegt væri að finna ákveðnar reglur fyrir því, hvaða vegir skyldu komast í þjóðvegatölu og vera kostaðir af ríkinu. Ég leit þá svo á — og lít enn —, að þjóðvegir eigi að vera eingöngu þeir vegir, sem tengja saman héruðin og fjölmennustu eða helztu staði í sýslunum við aðalvegina, og þessir vegir eiga að öllu leyti að kostast af ríkinu. Ég leit svo á — og lít svo á enn —, að í 2. flokki séu vegir, sem að nokkru leyti eru notaðir af byggðalögunum, og þessa vegi eigi ríkið að sjá um að nokkru, en ekki öllu leyti, og í 3. flokki vegir, sem alveg eru notaðir af einstökum byggðalögum og ríkið ætti ekki að taka nema lítinn þátt í að byggja og viðhalda. Nú komast í þjóðvegatölu vegir, sem hafa sáralitla þýðingu fyrir heildina, meðan ekki eru komnir inn alfaravegir og ekki búið að tengja þorp og kaupst. við þjóðv. Það er eingöngu tilviljunin, sem ræður því, hvað eru þjóðvegir og hvað ekki, og það er alveg gjörsamlega kerfislaust. Ég vil því mjög undirstrika það, sem hv. þm. S.-M. sagði og vil ég biðja hv. samgmn. að athuga, hvort ekki eigi að taka upp þessa flokkun á þjóðvegum eins og rætt var um 1940. Ég vil benda á það, að vegalögin eru í 4 pörtum. Aðallögin eru frá 1933 og viðbót frá 1936 og 2 brtt. frá 1940, og ég held, að það væri miklu heppilegra að færa þetta saman og gera úr þessu eitt heilsteypt kerfi, sem sé miðað við það, að allir aðalvegir verði að öllu leyti kostaðir af ríkinu og þeir, sem koma næst, verði að mestu leyti kostaðir af ríkinu, en hinir ekki nema að nokkru, sem aðeins hafa þýðingu fyrir þau byggðalög, sem þeir liggja um.

Pétur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi láta falla hér. Það er náttúrlega ekkert nýtt fyrirbrigði í meðferð þessara mála hér á þinginu, þó að fram komi till. til breyt. á vegalögunum frá einstökum þm., sem svo eru ekki að öllu leyti teknar til greina, því að það er vitanlegt, að undanfarin þing — eins og gera má ráð fyrir, að verði á þessu þingi — hefur það verið hlutverk samgmn. í samráði við vegamálastjóra, að flokka úr þessum till. það, sem fellur inn í þann ramma, sem það hefur verið fellt inn í undanfarin þing. Það er því engan veginn réttlátt að halda því fram, að afgreiðsla þessara mála sé reglulaus og ekki hafi verið fylgt neinni stefnu á undanförnum þingum. Það eru afnot veganna, sem hafa verið lögð til grundvallar að undanförnu og þess vegna má gera

ráð fyrir, að í þeim till., sem nú koma fram, verði ýmsir vegir, sem segja megi um, að þeir falli ekki inn í þetta kerfi, og er sjálfsagt, að þeir heltist úr lestinni, en hins vegar er vitað, að það er fullkomlega réttmætt nú að bæta mörgum vegum inn í þjóðvegatölu og fullt samræmi helzt fyrir því.

Hitt, sem hv. 2. þm. N.-M. (PZ) benti á og hann hreyfði till. um, þegar síðast voru gerðar breyt. á vegal., sé ég ekki, hvaða hagur væri að, vegna þess að ákvörðun um það, hvaða vegir skyldu takast upp í vegal. og hverjir ekki, hlýtur alltaf að hvila á viðkomandi yfirvöldum. Ég veit ekki, hvað slíkt fyrirkomulag hefði til síns ágætis fram yfir það, sem nú er, að ríkið leggi fram til akfærra sýsluvega það, sem sýslusjóður greiðir ekki, og helming kostnaðar við byggingu sýsluvega, svo að það, hvað ríkið greiðir, fer eftir því, hvað lagt er af mörkum í viðkomandi héruðum. Þessu til viðbótar er það, að framlag ríkisins má þá eingöngu ganga til viðhalds veganna. Ég sé ekki að sú breyt., sem hv. þm. N.-M. (PZ) vill, að gerð verði, hafi neina yfirburði yfir þann grundvöll, sem lagður er í löggjöf nú, enda fengu þær till. hans engan byr, sem ekki er ástæða til. Nú er einmitt með fjárveitingum til vegalagninga í landinu gerður allriflegur munur á þeim leiðum, sem eru aðalsamgönguleiðir í landinu, og þeim leiðum, sem að vísu má telja, að séu samgönguleiðir, sem notaðar eru af öllum almenningi, en eru þó ekki aðalleiðir, því að nú er til viðbótar við það fé, sem veitt er til akfærra sýsluvega, lagður benzínskatturinn, sem er áætlaður árið 1943 um 700 þús. kr., hann gengur til akfærra þjóðvega umfram það, sem veitt er á fjárlögum. Sú stefna, að leggja sérstakan benzínskatt á, var tekin upp til þess að auka tillög til akfærra þjóðvega, og var sú stefna í sjálfu sér eðlileg og í samræmi við þetta.

Ég vildi láta það koma fram, að það er síður en svo, að þessar framkvæmdir séu ekki bundnar við neitt kerfi, þó að menn að sjálfsögðu líti á það misjöfnum augum, eftir því hver aðstaða þeirra er, og það er hver sjálfum sér næstur og vill ota sínum tota og þykir á rétt sinn gengið, þó að það sé ekki, miðað við þá stefnu, sem fylgt er í málinu. Fram hjá því verður ekki komizt, í hvaða farvegi sem málið liggur.

Páll Zóphóníasson: Út af því sem hv. þm. Borgf. sagði, að það væri ekki nein stoð í því að flokka vegina og láta kostnaðinn hvíla misjafnt á ríkissjóði, vil ég benda á það, að hvar sem menn fara um vegi hér á landi, munu þeir geta borið um það, hve sýsluvegum er illa haldið við. Ég held, að það sé rétt að láta ríkissjóð sjá um þessa vegi að einhverju leyti og þá eigi að láta endurgreiða kostnaðinn að einhverju leyti, og ég held, hvað sem sagt var um þessa stefnubreytingu 1940, þá komist nefndin að því, að réttara sé að hafa þessa vegi flokkaða, heldur en eins og nú er að hafa tillög til sýsluvega og láta síðan sýslurnar um framkvæmdirnar. Þetta er af því, að þótt vegamálastjóri hafi eftirlit með vegunum, þá held ég, að menn sjái hve ólíkt viðhaldið er á þjóðvegum og sýsluvegum og þess vegna tel ég það rétt, að ríkið sjái um viðhaldið, en fái það endurgreitt að einhverju leyti. Ég vil því benda n. á, hvort ekki muni vera rétt að flokka vegina og láta kostnaðinn að nokkru lenda á viðkomandi byggðalögum, þar sem ekki er um vegi fyrir heildina að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgmn. með 30 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 459, 11, 14, 16, 17, 21, 24, 28, 29, 30, 43, 44, 50, 66, 73, 92, 152, 460, 471, 472, 495).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. — Eins og ljóst er öllum hv. þingm. og kemur einnig fram í hinni prentuðu dagskrá, liggja hér fyrir mörg mál í rauninni, víðs vegar að af landinu, ef svo mætti segja, enda er svo ávallt, þegar vegalagabreyt. eru á ferð í hv. Alþ. Þar mætast hagsmunir allra á einum vettvangi, og kemur hver úr sínu horni með áhugamál síns byggðarlags, sem hann er skyldur til að bera fyrir brjósti.

Samgmn. tók það ráð, sem eðlilegast var, þegar svo viðamikið allsherjarmál var á ferð, að flýta fyrir þingstörfum með því að hafa samvinnu með samgmn. hv. Ed. bæði í vegalögum og brúarlögum. Vandaverk hefur það ávallt reynzt að samræma þar ekki aðeins vilja manna, heldur það, sem kleift mætti kalla og eftir atvikum hentugt að setja í l. Hins er ekki að dyljast, að eðlilega er áhugi ríkjandi alstaðar heima fyrir í héruðum að koma sem mestum vegasamgöngum á hið opinbera. Ber þar tvennt til, sem hvorttveggja má teljast sanngjarnt. Í fyrsta lagi, að ríkið hefur almennt betri tök á því að annast vegalagningar og vegaviðhald. Einnig ætti að vera nokkur trygging fyrir því, að vegirnir yrðu svo traustlega gerðir, sem verða mætti. En því er þó ekki að fagna allténd, og er það að vissu leyti eðlilegt, þar sem svo mikið er vegað á kostnað ríkisins, allar höfuðsamgöngur og meira til. Það er ekki eðlilegt, að viðhald vega geti orðið eins og þeir vildu óska. Samgmn. hafa nú unnið að þessu máli með það eitt fyrir augum, að sem bezt mætti notast að öllu, þannig að þm. þeir, sem fram hafa komið með till. frá ýmsum héruðum landsins, mættu sjá, þegar till. koma úr þessum hreinsunareldi hjá n., að þar sé öllu sæmilega borgið eftir því, sem efni standa til og n. þykja kleift um sinn.

Nú er svo mál með vexti, að allmikill hluti af þessum till. hefur komizt inn í þær höfuðtill., sem samgöngumálan. Nd. ber fram á þskj. 460. Er í því þskj. tekið upp ekki aðeins það, sem ég vil telja að gott samkomulag hafi verið um milli n. og með n. og þeim þm., sem brtt. hafa flutt, og loks vegamálastjóra. Þessir aðilar allir tel ég, að hafi unnið að þessum breyt. og lagt sitt lóð á vogarskálina, eftir því sem n. töldu vel við hæfi, og býst ég ekki við, að menn geti með sanngirni talað um, að mikið hallist á. Ég býst ekki við, að menn verði óánægðir að lokum, að

athuguðu máli. Það er heldur ekki öll nótt úti, þótt samþ. verði það, sem n. leggur nú fyrir, því að þing á að koma saman eftir þetta þing. Ef menn sjá, að aðrir vegir eru jafnsjálfsagðir til þess að komast í þjóðvegatölu, þá yrði það vitanlega að ráði á sínum tíma. En að svo vöxnu tel ég ekki, að lengra megi fara, og þykist ég mæla fyrir munn n. og reyndar beggja n. Hitt getur verið álitamál í einstökum fáum tilfellum, hvort einn vegur hefði mátt falla úr eða annar vegur væri ekki jafnbær að koma inn. Á það vil ég ekki leggja dóm, en tel, að það sé vel, sem er, og menn yfirleitt verði að sætta sig við það. Og til þess vil ég mælast við þm., sem komið hafa með brtt. bæði áður en samkomulags var leitað meðal n., þegar þeir tóku þær aftur, og eins hinna, sem komið hafa fram með örfáar brtt. síðan, að þeir reyni að sætta sig við það, sem nú er orðið að samkomulagi með n. og meðal alls þorra þingmanna, sem eiga nokkurn hlut að máli. Ég tel eðlilegast, að þeir geri ekki að kappsmáli að koma að þessum fáu brtt. nú. Þessi umnæli eru með þeim eina fyrirvara, að undantekningu megi gera, ef þessir þm. hafa fengið vegamálastjóra til að leggja með einhverjum vegarspotta. En vegamálastjóri hefur sem sagt unnið með n. að því að koma á þessu kerfi og fá það út, sem mest var hægt að gera fyrir héruðin að svo vöxnu máli. Þess vegna tel ég, að verði einhverju bætt við, verði það að vera með vilja vegamálastj., til þess að ekki raskist mikið það skipulag, sem á þskj. 460 greinir, þar sem ekki aðeins eru taldir þeir vegir, sem till. koma um á þessu þingi, heldur allir þjóðvegir í einni skrá. Því að fleiri l. voru um þetta en aðallögin frá 1933, bæði frá 1936 og 1940, auk smærri ákvæða. Augljóst virðist, að réttast sé að eiga aðgang að þessum l. á einum stað.

Að endingu: N. vonast eftir, að ekki verði deilur um þetta mál yfirleitt. Reipdráttur er oft eðlilegur, en hann er líka stundum skaðlegur. Og nefndirnar tóku það ráð að leita samvinnu við alla aðila, sem komu til mála, og vona, að það beri árangur í meðferð hv. d. á þessu máli. Legg ég til, að till. verði samþ. eins og þær koma frá n.

Páll Zóphóníasson: Ég harma það, að n. sá sér ekki fært að taka upp þá aðgreiningu á þjóðvegunum, sem ég tel eðlilega og sjálfsagða og ég hef minnzt á áður, og sérstaklega í Ed., þegar breyt. á vegal. lá fyrir þar 1940, heldur hafa alla þjóðvegi í sama númeri og stefna yfirleitt að því að gera alla vegi í landinu að þjóðvegum. En hinn fjárhagslegi þungi af vegunum ætti að hvíla á ríkissj. eftir því, hve mikið þeir eru gerðir fyrir einstök héruð. Ég flyt á þskj. 24 brtt. við vegal. N. hefur ekki tekið hana upp. Síðan hef ég gert brtt. á þskj. 471 við brtt. n. Og þó að ég vilji allt fyrir samgmn. gera, þá sé ég mér ekki fært að taka þær aftur, og það því fremur sem þær tvímælalaust standa framar en ýmsar af þeim brtt., sem upp eru teknar, að því er þörfina snertir. En eftir því verður að fara á þeirri hálu braut, sem við erum á. Það verður að taka upp mat á nauðsyn þeirra vega er gera á að landssjóðsvegum.

Brtt. á þskj. 471 fer fram á að gera þjóðveg fram Jökuldal.

Þessi hreppur, sem um er að ræða, Jökuldalshreppur, er einn af þeim hreppum, sem nær yfir einna mest viðlendi hér á landi. Það er byggð beggja megin árinnar, sem er ófær alla tíma árs, nema annaðhvort á brú eða í klafum — dráttum — og þeir eru 5 yfir ána og skilur hún þess vegna sveitina algerlega í sundur og gerir alla aðstöðu ákaflega erfiða innan hrepps. Það skal viðurkennt, að við það, að vegur var gerður eftir fjöllunum á bak við dalinn og niður að fremsta bænum að vestanverðu, þá skánaði ástandið dálítið. Fremstu bæirnir gátu náð um hásumarið eftir þessum fjallvegi, og munar það nokkru um aðdrætti fyrir þá, sem fluttu allt á klökkum.

Nú er það ósk manna þarna, að vegurinn annars vegar við þessa á, sem er ófær allt árið, komi í þjóðvega tölu, en hinn vegurinn verði áfram á sýslunni og hreppnum. Eftir upplýsingum frá vegamálastjóra ætla ég, að vegurinn hafi verið hugsaður frá vegamótum við Gilsá og fram dalinn að Brú. Nú á að halda við sýsluvegi annars vegar í dalnum, sem er 80—90 km, og ætla ég að það sé nóg vegalengd, þó að ríkið leggi veginn annars vegar. Í Skorradal og Lundarreykjadal, og reyndar hvar sem við förum, finnum við alls staðar kominn þjóðveg eftir endilöngum dalnum. Hvers eiga menn þá að gjalda hér? Vegamálastjóri segir, að vegur þessi sé dýr og liggi um erfitt land. En það væri skrítin röksemdafærsla, ef ríkið ætti að afsegja að taka að sér veg af þeirri ástæðu og láta hrepp og sýslu standa undir kostnaðinum þar, sem dýrast er að leggja. Ég legg þess vegna mikla áherzlu á að fá þennan veg. Hann er fullkomlega réttmætur samanborið við aðra. Hann er sjálfsagður með tilliti til þarfarinnar heima fyrir, og tel ég hreppsbúa beitta rangindum, ef þeir fá ekki þennan veg tekinn upp í þjóðvegatölu. Um veginn frá Seyðisfjarðarkaupstað og til Þórarinsstaðaeyrar er ekki hægt að segja, að gegni sama máli yfirleitt. Hann á rétt á sér á sama hátt og þjóðvegir, sem tengja þorp, hérað eða kaupstaði við aðalvegi. Hann hefur minni þýðingu en hinn að því leyti, að þarna eru tíðar samgöngur á sjó, svo að nauðsynin er ekki nærri eins brýn, þó að það sé ósk manna að fá bílfært að þorpinu, og vegurinn verði notaður talsvert, þegar hann er kominn.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Þetta er aðeins til að taka fram, að n. óskar þess, að hv. þm., sem komið hafa fram með brtt., vildu taka þessar till. aftur til 3. umr. (þær, sem ekki eru teknar aftur til fulls) og greina frá því við hæstv. forseta. Og má þá segja, að á þessu stigi geti menn þá komizt hjá að þrátta meira um þetta.

Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) virðist hafa borið fram brtt. sína í nokkru trássi við n. Því að eftir orðum hans ber hann brtt. fram til þess að uppfylla sína málfærslu. En hann slær fúslega af kröfum sínum í þessu efni, þannig að hann skorar á menn að fella aðra brtt. sína, ef þeir vilja samþ. hina. Eftir þessu skilst mér, að allar brtt. verði teknar aftur til 3. umr. En helzt vildi ég, að þeir,

sem áður hafa komið með brtt., vildu taka þær aftur fyrir fullt og allt. Viðvíkjandi Jökuldalsveginum er það að segja, að það er ekki útilokað, að sá vegur komi á sínum tíma í þjóðvegatölu, en það er ekki álitið af samvinnun. samgöngumála og vegamálastjóra eins tímabært að taka hann nú í þjóðvegatölu eins og aðra vegi ýmsa. Þessi vegur er, eftir lýsingum, ærið langur. Hann er að vísu óvegur á ýmsum tímum ársins, en þarna er um að ræða stað, þar sem eru fáir bæir, og þarna mundi vegagerð verða dýr, og þá er ekki óeðlilegt, eftir atvinnuháttum nú og öðru í sambandi við þá, að sumir aðrir staðir verði að ganga fyrir um vegagerð. Það verður í þessum efnum hvað að bíða síns tíma. Og þessi vegur er að dómi n. og vegamálastjóra ekki kominn að því, með tilliti til þess, sem ég hef greint, að verða tekinn upp í þjóðvegatölu, og þó að aðrir vegir séu kannske ekki rétthærri, þegar tekið er tillit til aðstæðna heima fyrir. Dagur kemur eftir þennan dag, og vegurinn verður ekki verri, þó að hann bíði næsta árs. Annars mun sumarfært vera þarna á þessum vegi. Það er ekki nauðsynlegt að hnoða öllu í einu inn á vegal., þó að sumum kunni að þykja það æskilegt. Og það er ekki svo sem hv. þm., hvorki ég eða aðrir hafi fengið allar till. eða óskir okkar uppfylltar í þessum efnum. Vil ég því óska þess, að hv. þm. geti orðið sammála um það, sem n. hafa orðið ásáttar um að leggja til. Og vil ég því vona, að þessi vegalagabreyt. gangi þannig til 3. umr. eins og frv. er nú.

Páll Zóphóníasson: Ég skal gjarnan verða við þeirri ósk hv. formanns samgmn. að taka brtt. mínar aftur til 3. umr. En eins og hann sagði, koma dagar eftir þennan dag, og á einhverjum þeim degi verður 3. umr. Og ég vona, að samgmn. noti þá fáu daga á milli umr. til þess að sjá og skilja, að þessi vegur á að koma, og sjái sér fært að leggja til, að svo verði. (GSv: Á sínum tíma. Á sínum tíma).

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég flutti brtt. á þskj. 66, fjórar að tölu. Hv. n. hefur nú eftir till. vegamálastjóra tekið upp tvær þeirra, hina 2. og 3., nokkuð öðruvísi orðaðar, en niðurstaðan er hin sama. Ég vildi taka aftur til 3. umr. brtt. nr. 1 og 4.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Ég tel það enga goðgá, þó að öllum brtt. sé sleppt við þessa umr. við atkvgr. nema brtt. samgmn. Og vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti beri málið þannig upp til atkv., ef ekki koma mótmæli gegn því.

Forseti (JJós): Ég hef heyrt mál hv. 10. landsk. (GSv). En þó að mér séu ekki að öllu leyti kunnar aðferðir við þess háttar, þá kann ég ekki við að láta ekki koma undir atkv. brtt. án þess, að flm. þeirra segi til um það sjálfir, hvort svo skuli gert eða ekki. Það stendur nú svo á, að margir af hv. flm. þessara brtt. eru nú ekki viðstaddir á fundi, og tel ég því eftir atvikum réttara, að atkvgr. verði frestað, enda sé ég ekki, að það geti skaðað málið neitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Um atkvgr. vildi ég segja örfá orð. Eins og þm. muna, taldi ég sem frsm. n. á síðasta fundi, að með samþykkt brtt. á þskj. 460 yrðu aðrar brtt. óframbærilegar eða þyrftu umorðunar til þess, að þær yrðu bornar undir atkv. Um brtt. á þskj. 471, 472 og 495 gegnir öðru máli en um hinar, því að vegamálastj. og samgmn. eiga eftir að athuga þær, og færi bezt á, að þær yrðu teknar aftur til 3. umr. Hygg ég, að hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Hafnf. fallist nú á það. Með því að fresta till 3. umr. öllum brtt. nema 460 gæfist þm. tóm til að vinza það úr þeim, sem þeim leikur hugur á, að atkvgr. falli um, og orða um brtt.

Forseti (JJós): Ég mun fallast á þá skoðun hv. 10. landsk., að ekki eigi nú að bera undir atkv. þær brtt., sem umorðunar þurfa, ef brtt. á þskj. 460 verða áður samþ., og mun þá telja þær allar teknar aftur, ef ekki koma mótmæli fram, og tæki flm. upp við 3. umr. þær þeirra, sem þeir vilja, með breyttu orðalagi, þar sem þörf gerist. Þetta styðst einnig við það, að samgmn. hefur tekið tillit til mikils þorra brtt. frá einstökum þm., og málið skýrist bezt fyrir þm. til 3. umr. með því, að farin sé þessi leið.

Eysteinn Jónsson: Ég sætti mig vel við, að t. d. mínar brtt. séu úrskurðaðar frá að svo stöddu.

ATKVGR.

Allar brtt. teknar aftur, aðrar en brtt. n. (460), þar af þó aðeins til 3. umr. þskj. 471, 472, 495.

Brtt. 460,1 (ný frvgr., verður 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 460,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 517, 471, 472, 495, 518, 522, 551).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það er sem frsm. samgmn., að ég tek hér til máls.

N. hefur að lokum með samvinnu við samgmn. Ed. komizt að þessum niðurstöðum. Í fyrsta lagi, þar sem hér er um að ræða meðferð málsins í fyrri d., telur hún rétt að komast að raun um, hvort þær till., er nefndirnar standa báðar að, eru tryggar með að komast óbreyttar til síðari d., og þá yrði að vera samkomulag um það hér í hv. d., hvort menn álitu með rökum hægt að bæta till. n. og hvort gerlegt væri þá að verða við því. Með þetta fyrir augum og eins hitt, að ekki varð hjá því komizt efnisins og formsins vegna að gera brtt. við aðaltill. á þskj. 517, þá hefur n. borið fram sínar brtt. á þskj. 551.

Þar er að vísu gengið inn á nokkrar nýjar brtt., er komu fram, eftir að n. skilaði áliti, en um þær hefur orðið samkomulag í n., og þótti henni réttara að taka þær allar inn á eitt þskj. með sínum eigin brtt., og leggur hún til, að þessar og ekki fleiri verði samþ., nema um væri að ræða liðabr. eða þessháttar. Þessar till. á þskj. 551 eru í fjórum töluliðum.

1. liðurinn er í samræmi við þskj. 472 og borinn fram af hv. þm. Hafnf. í samráði við annan hv. þm. í Ed. Hér er um breyt. að ræða, sem ekki er mikil að efninu til. Það er framlenging Grindavíkurvegar að Reykjanesvita frá Grindavík. Það er að vísu um þessa brtt., eins og fleiri, að vegamálastjóri hefur ekki séð sér fært að svo komnu máli að mæla með þeim, þótt um sanngirniskröfu sé að ræða í framtíðinni. Hann hefur að vísu tekið fram í grg. sinni, að til þessa vegar sé veitt fjallavegatillag, en það gildir þá nokkuð einu, þótt hann sé tekinn inn á þjóðvegatillagið.

En þá skilst manni, að það geri ekki ærin mun, hvort vegurinn heitir þjóðvegur og lagt sé til hans af þjóðvegafé, því að það kemur í sama stað niður.

Auk þess hefur n. komið saman um að leggja til vegar að Reykjanesvita, og hafa aðrar stofnanir lagt áherzlu á, að þarna væri greiður vegur, sem væri alltaf fær, vegna hættu á slysum, sem alltaf geta orðið á þessum slóðum. Slysavarnafélag Íslands hefur tekið það upp sem áhugamál sitt, að hvarvetna á landinu verði gerður vegur til staða með ströndum fram, þar sem hættulegt er skipum, svo að þangað verði greiðlega komizt, ef í nauðir rekur. Þannig er þá ástatt með þessa till., og skal ég geta þess, að þetta er í rauninni eina till. sem gengið er inn á og áhrærir Suðurland, sem gæti orðið sambærileg við það, sem gert er annars staðar. Næsta till. er alveg sérstaks eðlis. En að öðru leyti er það svo, að það hefur verið tekinn einn vegarspotti með í hverjum landsfjórðungi til samkomulags í báðum deildum.

Næsti liður er shlj. því, sem er á þskj. 518. Hann tilheyrir að vísu Vestfirðingafjórðungi, og ef fara ætti í meting um landsfjórðunga, ætti ekki að taka hann með. En það stendur svo sérstaklega á, að þessi vegur er tekinn eftir till. ríkisvaldsins sjálfs, eftir till. vegamálastjóra, og af þeirri ástæðu, er nú greinir. Þessi vegur gerir samanhangandi braut við tvo höfuðvegi og er þannig í sveit settur, að herstjórnin ameríska hefur tilkynnt, að hún muni næsta sumar byggja hann alveg á sinn kostnað. Vitanlega verður því boði tekið, ef vegurinn er í þjóðvegatölu, ræður hið opinbera því, hvar hann er lagður. Það er komin sú regla á, að vegamálastjóri hafi hönd í bagga um vegagerð herstjórnarinnar, og er þá hægt að taka tillit til byggðarinnar og framtíðarinnar meir en ella yrði gert.

Þá er í þriðja lagi vegur, sem heyrir til Vesturlandi, en segja má, að till. sé að mestu orðabreyt., að í stað Laugabólsvegar, sem gengur frá Arngerðareyri að Laugabóli, komi hinn sami vegur, en heiti Múlavegur, vegna þess að lagt er til, að vegurinn liggi að Múla. Það er talið, að þetta skipti kannske tveimur km og verður Múli endastöð. Þetta er nú svo lítið atriði í vegakerfinu, eins og Reykjanesvegurinn, að ekki tekur því að eyða að því fleiri orðum. En til samanburðar við þetta væri sanngirni að mæla með, að tekið yrði tillit til framkominna óska, sem fram voru bornar að vísu heldur seint, viðvíkjandi Norðurlandi og Austurlandi. Fram hefur komið brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. í Ed., og hér í Nd. að tilhlutan hv. 2. þm. Eyf. till. um tvo vegi: Viðbót við Hörgárdalsveg, eða að hann verði lagður með sérstökum hætti, og svo Hrísavegur, sem er í Svarfaðardal. En við það kemur það fram, sem og er ætlazt til í Hörgárdal, að það liggi spottar sitt hvoru megin vatnsfallsins, báðir í þjóðvegatölu. Nú hefur af n. eðlilega verið lögð meiri áherzla á Hrísaveginn en Hörgárdalsveginn, með því að Svarfaðardalur er miklu meiri sveit og þörfin þar brýnni fyrir góða vegagerð einmitt þeim megin, sem af þessari vegagerð yrði beint áframhald. En byggð er þarna mikil og myndu margir bæir njóta. Það þótti þess vegna eðlilegt að taka annan veginn af þessum till. þm. Eyf.

Þá er loks að geta þess, sem Austurlandi við kemur, og það er Jökuldalsvegur. Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) hefur borið fram á tveimur þskj. brtt. nú upp á síðkastið. Í öðru lagi er lagt til, að tekinn verði nýr vegur, svokallaður Seyðisfjarðarvegur, í þjóðvegatölu. Sá vegur fann enga náð fyrir augum n., enda skildist mönnum flm. leggja enga áherzlu á þá till. En hitt fer ekki dult, að bæði hann og aðrir, sem vinna fyrir þetta hérað, hafa lagt mikla áherzlu á Jökuldalsveginn. Og enda þótt svo sé ástatt um þennan veg eins og aðra, sem hér skipta máli, að vegamálastjóri hafi ekki á þessari síðustu stundu lagt með honum, þá mun hann telja, að til sanns vegar geti færzt, ef sæzt yrði á í þingi, að hann kæmi inn í l. nú. Því að að því gæti rekið, og kannske von bráðar, að þessir vegir og fleiri yrðu teknir í vegalög. En auðna verður að ráða á ýmsan hátt, hvenær byggðir verða. Enda verður vegamálaskrifstofan, sú stofnun, sem mjög fer með þessi mál, að hafa nokkuð í sinni hendi, hvernig vegagerð er háttað í landinu, enda þótt vegirnir séu komnir í vegalög. Verða þeir oft eftir það að bíða síns tíma. En hv. þm. var mikið í mun að fá lögfest, að þessir vegir skyldu vera á kostnað hins opinbera.

Í framhaldi af þessu vil ég geta þess, að frá minu sjónarmiði er málið þannig vaxið, að ég tel aðalatriðið, að vegagerðin komist að Brú, og það mun hv. þm. ætlast til.

Langanesvegur hafði óviljandi slæðst inn í rangan kafla. Hann átti að vera síðast í Norðurlandsvegum, en ekki meðal Austurlandsvega. Brtt. um þetta atriði er því eingöngu um að færa á milli kafla. Að öðru leyti mun og í samráði við skrifstofuna verða gerð töluliðaskipting þar, sem betur þykir fara. Þetta áhrærir aðeins töluliði innan þessa höfuðkafla. Það telur n. sér ekki skylt að taka upp í brtt.

Ég vil nú vænta, að hv. d. fallist á það, sem hér er flutt fram. D. þekkir sögu þessa máls, að það er búið að vera í meðferð nefnda allan tímann síðan þing kom saman í haust, og unnið hefur verið að því ósleitilega af n. í hvorri d.

og einkanlega af samvinnun., og vegamálastjóri hefur ávallt lagt lið og gefið skýrslur sínar og tillögur. Strax í byrjun var það svo, að vegamálastjóri lagði alls ekki með þeim vegum, sem n. vildu taka. Niðurstaðan varð sú, að gerð var önnur atrenna og gert samkomulag við þingmenn þann veg, að tekið yrði inn meira en vegamálastjóri lagði til, og honum tilkynnt, að fengizt hefði samkomulag um að taka vegi í viðbót, þannig að segja mætti, að hver og einn þm. fengi eitthvað fyrir snúð sinn og yrðu þeir ánægðir og létu fritt á þessu þingi. En eins og ég sagði við 2. umr., þá kemur dagur eftir þennan dag, og vegalögin eru eilíf lög, ávallt tími til þess að bæta við þau.

Samgmn. þessarar d. hefur fullvissun um það, að n. í Ed. er alls kostar samþ. og mun gera sitt til þess, að málið nái fram að ganga í þeirri d. breytingalaust, ef samþ. verður nú á þennan veg, sem hér er lagt til.

Gunnar Thoroddsen: Því miður get ég ekki látið þetta mál ganga úr d. svo, að ég ekki minnist örfáum orðum á afgr. samgmn. á því. Meðal þeirra, sem flytja till., er ég, og eru þær á þskj. 66. Samgmn. kusu undirn., sem átti að leita álits vegamálastjóra. Sú undirn. kallaði á mig eins og aðra þm. og tilkynnti, hvað vegamálastjóri hefði lagt til, og gerði fyrirspurn, hvort ég, eins og aðrir þm., vildi ekki sætta mig við, ef farið væri eftir till. vegamálastjóra eingöngu, að taka hana þá aftur. Ég gekk vitaskuld inn á þetta, vildi ekki beita hörku og stefna málinu í voða, því að búast mátti við, að aðrir þm. gerðu það sama. Á þeim grundvelli einum tók ég till. aftur.

En nú vill það til við 3. umr., að á sama fundi og á að afgr. málið úr d. ber samgmn. sjálf fram nýjar till. í þessu máli, og ég veit, að af þeim eru þó nokkrar, sem vegamálastjóri hefur ekki mælt með og jafnvel á móti. Mér finnst þetta vera afgreiðsla, sem ekki er hægt að sætta sig við orðalaust. Ég álít, að samgmn. og hv. frsm. hennar, sem virðist líta á sig sem eins konar „drottin allsherjar“ í vegamálum þjóðarinnar, þegar honum var falið þetta mikla hlutverk, eigi að reyna að standa við fyrirheitin, sem gefin voru. Hv. frsm. gat þess, að eftir að till. vegamálastjóra voru fengnar, hafi n. samt sem áður leitað samkomulags við þm. um að taka fleiri vegi á vegalög. Ég hef alls ekki orðið var við þessar samkomulagsumleitanir n., og ekki hefur verið komið með einu einasta orði að máli við mig um að taka upp neina till. nema þær, sem vegamálastjóri hefur lagt með. Mér er mjög um geð að gera uppsteit út af þessu máli. En ég get ekki látið kyrrt liggja, þegar þingnefndir leyfa sér slíka framkomu, að bera þau boð til þm., að afgr. eigi málið með samkomulagi um grundvöll þann, sem felst í till. vegamálastjóra, en koma á síðustu stundu fram með till., sem hann leggur á móti. Með þessu tel ég, að n. hafi gengið lengra en sæmilegt er.

Af þeim till., sem ég hafði með höndum, er það sérstaklega ein, sem ég sé mér ekki fært að láta liggja niðri úr því sem komið er, og flyt því hér, en skriflega vegna framkomu n., þar sem hún kom ekki með till. sínar fyrr en á þessum fundi. Þessi till. er um Hnappadalsveginn af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd. Hér er ekki um veg að ræða fyrir einn einasta hrepp eða sýslu, heldur er um að ræða mjög þýðingarmikinn veg fyrir þrjár sýslur, Snæfellsnessýslu, Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Nú eru tveir vegir þarna vestur á bóginn, annar um Kerlingarskarð til Stykkishólms, hinn um Bröttubrekku til Dala. Báðir eru vegirnir mjög örðugir að vetrinum og snjóþungir. En mitt á milli liggur Heydalur og Hnappadalur, þar sem allir kunnugir menn telja, að mundi vera fær vetrarvegur, svo að segja alla vetur, vegna þess hvað hann liggur lágt yfir sjó.

Ég vil enn taka fram, að mér þykir ákaflega leitt að neyðast til að skerast úr leik og bera fram sérstaka brtt., sem n. hefur ekki tekið upp. En það er eingöngu vegna þess, að framkoma n. var á þessa lund, sem ég hef lýst. Ég hafði sýnt fullan þegnskap í því að draga mínar till. til baka, þegar það var látið í veðri vaka, að eingöngu ætti að fara eftir till. vegamálastjóra. Ég vil þess vegna leggja fram þessa till. nú og bið hæstv. forseta að leita afbrigða, þar sem hún er skrifl. og of seint fram komin. En það er ekki mín sök, heldur nefndarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 556) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Ég vil þakka hv. samgmn. fyrir það, að þau orð, sem ég hafði við fyrri umr., að svo lengi lærir sem lifir, hafa sannazt á henni, og hún hefur séð að sér. Ég mun þess vegna taka aftur till. Ég vil gjarnan sýna, að ég met viðleitni hennar til að ná samkomulagi, og tek aftur hina till. mína um Seyðisfjarðarveg. Ég vil sízt af öllu vera að mæla á móti öðrum till., en ekki verður komizt hjá að benda á, að með því að taka upp till. um Hrísaveg, er kominn hringvegur, beggja megin við ána og yfir ána fremst í dalnum. Er það gott til eftirbreytni, þegar þarf að gæta hagsmuna annarra dala um að fá þjóðveg hringinn í kring í dalnum.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Mig furðar ekki, þótt hv. 2. þm. N.-M. sé kampakátur, því að ýmsir munu mæla, að hann hafi borið nokkuð úr býtum. Má kalla ekki óeðlilegt, þótt sumir kveinki sér, þegar litið er á, hve honum hefur orðið ágengt. En hv. þm. vil ég benda á það, að það er óskaplega eðlilegt, að ekki sé litið eingöngu á skjöl þau, sem fyrir liggja, hve margar brtt. hafa verið fram bornar fyrr eða síðar, heldur hvernig aðstaðan er og þörfin, og ég vil segja atvinnuhættir á hverjum stað, hve langt er komið, hvað vantar og hvað mest er aðkallandi. Út frá þessu sjónarmiði getur verið eðlilegt það, sem hv. Snæf. taldi hart að gengið, að ekki skuli vera teknar upp á síðustu stundu einnig till. frá honum og öðrum þm., sem áður voru búnir að sætta sig við gang málsins. En ef hann heldur, að teknar hafi verið upp gamlar

till., sem áður var búið að sættast upp á, þá er það misskilningur, sem annaðhvort stafar af því að hann vill ekki vita eða hefur ekki kynnt sér málið og telur yfirleitt í góðri trú, að n. hafi farið að endurskoða það, sem búið var að ná samkomulagi um; en það er aldeilis ekki tilfellið. Það var bara á síðustu stundu, áður en málið færi úr þessari hv. d., gerð tilraun til að taka það með, sem óhjákvæmilegt var og nýtilkomið, með það fyrir augum að gera að síðustu samkomulag það, sem nauðsynlegt var til þess að málið næði óhindrað að ganga fram. En að vekja óró hjá þm., sem voru búnir að sætta sig við það, sem áður var gert, var alls ekki tilgangur n.

Menn gera þetta til þess að koma þessum góðu málum að og fara svo eftir öðrum og hugsa sem svo, að þegar einn er farinn af stað, ja þá er bezt að ég komi líka. Þetta er því á miklum misskilningi byggt. Enda er það skilningur manna, að sætt er sætt, og þeir, sem fengið hafa fram eitthvað af till. sínum, og ekki sízt þeir, sem hafa fengið fram helming sinna óska, hafa fengið þó nokkuð. Það er ekkert drottinvald, sem hér sé verið að prédika, en það veitir ekki af, að haldið sé utanum þessi mál af n. Ég hef sjálfur séð það, að allt hefur farið úr reipunum hjá n., og n., sem ég hef verið í, einungis vegna þess, að ekki aðeins einstakir hv. þm. gátu ekki stutt að sáttum, heldur líka af því, að nm. gátu ekki orðið sammála um málin, en þá er voðinn vís. Og ár kemur eftir ár, og verður þá hægt að koma fram með till. Ég hygg, að þótt vegamálastjóri hafi ekki fallizt á allt, sem hv. þm. lögðu til, þá muni það vera svo, að það, sem nú gengur fram í þessum efnum, sé það, sem mest er aðkallandi. Hitt sígur svo áfram og siglir í kjölfarið. Þess vegna furðar mig á því, hvað hv. þm. Snæf. er hvass í orðum nú, þar sem hann deilir á n. fyrir óviðeigandi aðferðir. Ég býst við, að hann sé einn um það, því að n. hafa beitt fyllstu sanngirni. Því að eftir óskum frá mér hefur verið farið á hnotskóg hjá hv. þm. sjálfum til þess að fá sætt og sanngirni fram. Og ef slík sætt næst nokkurn veginn, er ekki ástæða til að fara að gera uppsteit á síðustu stundu, þó að ekki fáist allt. Hv. þm. Snæf. hefur fengið fram tvær till. af fjórum. Vænti ég því, hvað sem líður þessari brtt. hv. þm., — hann má vitaskuld bera hana fram, ef honum er fróun í því —, að ekki verði samþykktar aðrar till. en þær, sem n. leggur til, að samþykktar verði, með því að ég álít, að við það geti allir hv. þm. vel unað um hríð.

Gunnar Thoroddsen. Herra forseti. — Það er allundarlegt sjónarmið, sem kemur fram hjá hv. 10. landsk., að ég geti gert mig ánægðan, af því að ég hafi fengið teknar upp í brtt. n. tvær brtt. af fjórum, sem ég bar fram. Það virðist miðað við það, að hver þm. fái fram 50% af tölu till. sinna án tillits til þess, hve langa vegi er um að ræða og hve mikil réttlætiskrafa er á bak við till. Mér virðist þetta undarlegt sjónarmið, og ég hefði vissulega getað borið fram fleiri brtt., ef ég hefði vitað, að n. ætlaði að láta ná fram að ganga 50% af tölu brtt. (GSv: Það má gera leik að öllu). Þessar till., sem vegamálastjóri lagði til, voru bornar fram af hv. 1. þm. Árn. (GSv: Á að fara í manngreinarálit?). Það, sem er aðalatriðið, sem ég vildi benda á, var þetta undarlega sjónarmið og svo hitt, sem ég vil leggja áherzlu á, sem hv. frsm. virðist alls ekki skilja eða þá snúa út úr, að n. sjálf hefur fallið frá þeim grundvelli, sem hún hafði lagt. Hv. frsm. talar um, að sætt sé sætt, og að ég gangi hér á gerðar sættir. Það er ekki ég, heldur samgmn., sem gengur á gerðar sættir. Þegar við mættum á fundi n., sem þessi hv. þm. var að vísu ekki á, þá var skýrt fram tekið, hvort ekki væri hægt að sættast upp á það að taka aðeins þær till. til greina, sem vegamálastjóri mælti með. Og á þeim grundvelli tók ég til baka till. mínar, sem hann mælti ekki með. Nú hefur samgmn. hins vegar á síðustu stundu komið með brtt., sem vegamálastjóri ekki mælti þá með. Og með því var rofin þessi sætt. Það er vegna þessara vinnubragða, að ég get ekki sætt mig við, hvernig þetta mál er í pottinn búið, fyrst að sættast upp á að taka með aðeins brtt., sem vegamálastjóri mælti með, og síðan á síðustu stundu að taka aðrar brtt. til greina og mæla með, að þær nái fram að ganga.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það er aðeins af þessum endurtekna misskilningi, sem ég kvaddi mér hljóðs. Ég fer að halda, að þessi hv. þm. beri það fram vísvitandi, sem hann a. m. k. ætti að skilja, að er ekki rétt. Það er ekki gengið á neinar sættir, nema ef á að kalla það sættir, sem ég vil ekki meina, að hv. þm. ætli sér í alvöru að halda fram að sé. Því að þessar till., sem nú hafa síðar komið fram, eru hinar nýju till., sem bætzt hafa við, síðan sætzt var á hinar, sem fyrr voru fram komnar og með samkomulagi ákveðið, hverjar af þeim skyldu ná fram að ganga. Það var búið að sættast upp á vissa meðferð hinna fyrri till. En þetta, sem hér er á ferð, að taka nýjar till. til greina að einhverju leyti, er beint áframhald af þeirri fyrri sætt. Vegamálastjóri var fenginn til að sætta sig við fyrra samkomulagið, og nú hefur hann verið fenginn til að sætta sig við þetta, sem er beint áframhald af hinu fyrra.

Ég hef ekki á móti því, að hv. þm. komi með brtt. sínar, og það eru þá hv. þm., sem skera úr um þær.

Gunnar Thoroddsen: Það var algerlega rangt hjá hv. frsm. samgmn., að af því að búið hafi verið að gera sættir um fyrri till., sé þess vegna nú sáttarof að koma með nýjar brtt. Hann veit, að sú sætt að taka þá aftur þær brtt., sem vegamálastjóri mælti ekki með, var á þeim grundvelli, að aðrar till. yrðu teknar til baka. Þeim grundvelli hefur verið kippt burt, og er því ekki um sáttarof að ræða með því að koma með nýjar brtt. nú.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Þetta er áframhaldandi misskilningur hjá hv. þm. Snæf., sem ég býst ekki við, að leiðréttist á þessum fundi, en ég veit, að hv. þm. getur áttað sig á þeim misskilningi, ef hann vill, þegar þessum fundi

er lokið. Því að hér er um menn og till. að ræða, sem ekki höfðu komið fram við hina fyrri sætt, en komu fram síðar, og ekki er búið að sættast við fyrr en nú. Og ef vegna þess ættu allir hv. þm. að koma með nýjar brtt., sem þó hafa fengið fram nokkrar áður hið fyrra sinn, þá næði það vitanlega ekki nokkurri átt. En hv. þm. Snæf. virðist halda því fram, að þeir, sem ekki komust að í fyrra skiptið, eigi að vera réttlausir, og þá beri að kúga og taka ekki frekar til greina óskir þeirra en hinna, sem áður höfðu fengið nokkuð af óskum sínum fram.

ATKVGR.

Brtt. 471, 472, 495, 518, 522 teknar aftur.

— 551 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 556 samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, PZ, SG, STh, EmJ, GTh, IngJ, JakM, JPálm, JS, JJós.

nei: JörB, PÞ, SB, SK, SÞ, SkG, BG, EystJ, GSv, HelgJ.

GG greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÓTh, PO, SigfS, SEH, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, FJ, GÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Með því að þetta er eina leiðin milli Vestur- og Suðurlands, sem ég þekki, sem er venjulega snjólaus að vetrinum og þess vegna oftast fær, segi ég já.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 557).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þetta frv. hefur nú fengið þá meðferð, að um það hefur verið samvinna í samgmn. beggja d., og óskuðu n. eftir því, að engin breyt. yrði á því gerð í hv. Nd.

N. hafa lagt mikla vinnu í að samrýma óskir, kröfur og þarfir hinna ýmsu héraða, óskir vegamálastjóra og reynt að skapa samkomulag um það almennt meðal hv. þm. Þó fór svo í hv. Nd., að inn í frv. var sett breyt. frá einum hv. þm., og þannig var rofinn sá hringur, sem æskilegt hefði verið, að haldizt hefði utan um þetta mál. Af þessari ástæðu teljum við okkur því hafa óbundnar hendur um að gera brtt., og munum ekki geta sett okkur eins á móti flutningi þeirra og gert var með brúarlögin. Hins vegar tel ég æskilegt, að engar brtt. hefðu komið fram, en úr því svo er komið, þá höfum við nm. óbundnar hendur um þær eins og aðrir, eins og ég sagði áðan. Ég mun þó ekki brjóta ísinn með því að flytja brtt. við þetta mál.

Við óskum ekki eftir, að þetta mál gangi aftur til samgmn., og sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 557, 581, 584, 585).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 584 og 585. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég gat þess hér við 1. umr. þessa máls, að það mundi ekki vera ástæða til þess að senda sjálft þetta frv. til n., og að þeir, sem sæti eiga í samgmn. þessarar hv. d., og þar með ég sjálfur, mundu ekki koma með brtt. nema því aðeins, að þær kæmu frá öðrum hv. þm. Nú hafa komið hér fram brtt. við þetta frv., bæði á þskj. 581 frá hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og einnig tvær aðrar, á þskj. 584 og 585. Og eru allar þessar brtt. teknar upp í samræmi við aðaltill., sem fluttar voru á sínum tíma, þó að ekki fengju þær meðmæli vegamálastjóra á sínum tíma, og þá ekki heldur brtt. á þskj. 581.

Ég vildi nú mælast til þess við hv. flm. þessara till. — og mun sjálfur gera það —, að þessar brtt. verði teknar aftur til 3. umr., til þess að samgmn. fengi tækifæri til þess að ræða þær einnig í samráði við samvn. samgöngumála.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Ég skal ekki eyða um þetta mál mörgum orðum, en vil láta þess nú getið, að úr því að svo hefur nú atvikazt, að ýmsar brtt. hafa verið lagðar fram við þetta frv., þá leitar þessi hlutur sem aðrir einhvers samræmis, og hef ég því vaknað við að sjá þessar brtt., og því tel ég mér skylt að bera fram smávægilega skrifl. brtt. hér við 2. umr. málsins. Sú brtt. er um það að bæta í l. því að taka í þjóðvegatölu svo kallaðan Kiðjabergsveg, og er brtt. mín á þessa leið:

„Við 1. gr. A. 18. Nýr liður: Kiðjabergsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði um brú á Hvítá hjá Kiðjabergi á Biskupstungnabraut hjá Fossi."

Þetta er mjög á alfaraleið, og brúin hjá Kiðjabergi á Hvítá er komin inn í brúal., svo að það er í mesta máta ákveðið, að þarna skuli þjóðleið vera, og svo ákveðið, að það er ekki um að villast, að það hlýtur að verða knúið fram, að þarna á vegur að vera fyrir Grímsnesinga til Flóa um Kiðjabergsbrúna, sem er á brúal. Og ef það sýnist á annað borð svo, að hreyfa eigi við vegal. á þessu þingi umfram það, sem orðið er, með því að samþykkja einhverjar brtt. enn, þá sýnist mér sanngjarnt, að þessi skriflega brtt. mín fái góðan byr.

Ég vil að öðru leyti fallast á þá uppástungu að því er snertir þessa skrifl. brtt. mína, að hún bíði til 3. umr. með það að koma undir atkv., til þess að samvinnun. samgöngumála beggja d. geti athugað hana ásamt öðrum brtt. Vil ég leggja brtt. mína fram fyrir hæstv. forseta og biðja hann að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Árn. svo hljóðandi: [Sjá þskj. 603].

Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifl., og þarf fyrir henni tvenns konar afbrigði, sem ég vil leita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Þegar frv. til l. um brúagerðir var hér á ferð fyrir skömmu í þessari hv. d., þá fékk ég ávítur fyrir það, að ég hafði ekki borið fram brtt. minar við það frv. fyrr en við 3. umr. málsins, og skýrði ég þó frá því við umr., að ég hefði verið veikur, þegar 2. umr. fór fram. Ég býst við, að ég fái ekki sams konar ávítur nú, því að þegar sams konar mál og þetta var lagt fyrir þessa hv. d. snemma á þessu þingi, alllöngu fyrir áramót, þá bar ég fram þrjár brtt. við það frv., sem eru prentaðar á þskj. 36, og á þingskjalsnúmerinu geta menn séð, að það var allsnemma á þinginu, sem ég bar þær brtt. fram. Síðan var sá háttur upp tekinn um það mál, svo sem kunnugt er, að frv. það, sem lagt var þá fyrir þessa hv. d., var dregið til baka, en sams konar frv., sem lá fyrir hv. Nd., var lagt til grundvallar, og samvinnun. samgöngumála beggja d. fjallaði um það, og liggur það nú hér fyrir að mestu leyti eins og sú n. vildi vera láta.

Ég skal taka það fram og tjá þakkir minar fyrir, að tvær af þremur brtt., sem ég upphaflega bar fram til breyt. á vegal., hafa nú verið teknar upp af hv. Nd. og með ráði samvinnun. samgöngumála þingsins, og skal ég því fyllilega játa, að ég er sæmilega ánægður með frv., eins og það nú liggur fyrir, og mun ekki sækja af neinu sérstöku kappi að fá brtt. þá samþykkta, sem ég hef borið fram á þskj. 581, þar sem ég verð að játa, að ég hef við meðferð þessa máls mætt sanngirni. En ástæðan til þess, að ég ber þó þá brtt. fram, er sú, að allar þessar þrjár brtt. minar, sem ég bar fram á þskj. 36, eru alveg hliðstæðar, svo að ég sé nú ekki, fljótt á litið, að ein þeirra eigi að vera réttminni heldur en önnur. Ég ætla ekki að fara að kenna hv. þdm. landafræði, en ég veit, að þeir eru allir svo fróðir, að þeim er það kunnugt, að í Eyjafjarðarsýslu eru þrjú aðalhéruð, sem eru Eyjafjörður, þ. e. a. s. Eyjafjarðardalur inn frá Akureyri, Hörgárdalur og Svarfaðardalur. Þessar till. minar, sem ég bar fram í upphafi á þskj. 36, hnigu að því, að tekinn væri upp í þjóðvegatölu vegur í öllum þessum aðalbyggðum þeim megin ár, sem þjóðvegur er ekki nú, og þessir vegir tengdir yfir brýr, þannig að í þessum dalabyggðum í Eyjafjarðarsýslu kæmu eins konar hringvegir, sem væru í þjóðvegatölu. Nú mun það hafa verið haft á móti þessu á vissu stigi málsins, að það væri ekki venja að taka upp í þjóðvegatölu vegi beggja megin ár í dölum, heldur látið nægja, að einn þjóðvegur lægi um dalinn. En út frá þessari reglu hefur nú verið margsinnis vikið. Ég skal aðeins minna á Skagafjörð. Það er þjóðvegur frá Varmahlíð og út á Sauðárkrók, og hinum megin Héraðsvatna er þjóðvegur, sem heitir yzt Blönduhlíðarvegur, og þannig er víðar. Enda hefur beinlinis í þessu frv. verið vikið frá þessu, þar sem bæði Laugalandsvegur, sem samkv. till. minni hefur verið lengdur og tengdur veginum austan Eyjafjarðarár, og enn fremur er komið inn í frv. að taka upp veg austan Svarfaðardalsár. Þessi brtt. mín á þskj. 581 er nú um það að taka í þjóðvegatölu veginn vestan Hörgár um Hörgárdal frá Möðruvöllum og inn á þjóðveginn, sem nú er ákveðinn af aðalpóstleiðinni og yfir á sýsluveginn, sem nú er um Hörgárdalinn, þ. e. fram að þeim vegamótum. Þetta er alveg hliðstætt hinu, sem samþ. hefur verið, og þar af leiðandi sjálfu sér samkvæmt að samþykkja þetta einnig. En eins og ég sagði í upphafi, þá mun ég þó, þar sem ég hef mætt sanngirni í tveim þriðju hlutum till. minna, sætta mig við það, þó að ekki fáist allar brtt. minar samþykktar, og því ekki sækja það með ofurkappi að fá þetta fram, þó að ég vilji undirstrika, að þessi vegur, sem ég fer fram á í brtt. á þskj. 581 að verði tekinn í þjóðvegatölu, er algerlega hliðstæður hinum vegunum, sem teknir hafa verið upp í þjóðvegatölu eftir till. minum, þannig að ég sé þar ekki nokkurn mun á.

Að því er snertir tilmæli hv. þm. Barð. um það að taka brtt. allar aftur til 3. umr., svo að n. geti fengið þær til athugunar, þá skal ég fyrir mitt leyti gjarnan verða við þeim tilmælum og tek þá brtt. mína aftur til 3. umr. nú, en vonast þá eftir, að hún komi til atkv. þá, án þess að ég þurfi að bera hana fram á ný.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi aðeins segja örfá orð út af brtt. þeirri, sem ég hef borið fram á þskj. 585. Ég verð að segja það, að ég er ekki sá lukkunnar pamfíll, eins og sá hv. þm., sem síðast talaði, þar sem hann hefur fengið ⅔ hluta óska sinna í sambandi við þetta mál uppfyllta. Ég hef ekki fengið helming af þeim óskum, sem ég bar fram í þessu máli, uppfylltan, og tel ég þó, að ég hafi ekki verið frekur í kröfum um þau mál. Ég hef fengið hér einn vegarspotta tekinn upp hjá hv. samvinnun. samgöngumála, sem er samtenging á milli vega. En það var einmitt sú brtt., sem ég óskaði, að yrði heldur látin bíða, en hin tekin frekar, sem ég hef ekki fengið samþykkta. Ég get ekki gert mig ánægðan með þessi úrslit, en hitt er það, að ég býst við, að það séu alls ekki komin nein lokaúrslit í þessu máli. Samvinnun. samgöngumála athugaði þetta mál, þegar kröfur voru komnar fram frá hv. Nd.-þm. í málinu og lagði til ýmsar brtt. um að taka upp óskir manna, sem henni fundust sanngjarnar vera. En þá komust ekki að óskir okkar þm. Ed., sem erum fyrir einmenningskjördæmin. Og ég hef sérstaklega von um, að brtt. mín verði tekin til greina, þar sem ég sé, að í þessari aukamiðlun samvinnun. samgöngumála hefur n. mælt með einum vegi, sem líklega er um 50 km alls, og a. m. k. 20—25 síðustu km þess vegar eru aðeins til nota fyrir 5 bæi.

Þessi vegur er aðeins fyrir 5 bæi, og af þeim mun nú einn nær kominn í eyði. Ef borin er nú saman þessi till., er náði fram að ganga, og till. mín um ca. 15 km. langan veg eftir þéttbýlum dal (líklega 14 bæir neðanvert en 10 í efri hlutanum) þá virðist till. mín svo sjálfsögð, að allir hv. þm. hljóti að viðurkenna hana sem sanngirnismál.

Einkum treysti ég þeim flokki til fylgis við þetta mál, sem stendur að Tímanum, því að í því blaði birtist kjallaragrein í vetur um samgöngur í Dalasýslu og var þar látið illa yfir vegleysum í sýslunni og lofað bótum þar á. Eins treysti ég hér á alla sanngjarna menn í þessu máli, og ég verð að segja það, að ég hyggst ekki munu fara bón-

leiður til búðar hjá þeim, er hér eiga hlut að máli. Árið 1932, er vegalögum var breytt, þá fengust nýir vegir í nær allar sýslur nema Dalasýslu. Það virðist eins og hv. þáverandi þm. sýslunnar, núverandi útvarpsstjóri, hafi alveg gleymt sýslunni, en hinar 4 nágrannasýslur hennar fengu þá 2 eða fleiri nýja vegi. En nú er þetta frv. komið frá hv. Nd., en þessi sýsla fær ennþá ekki nema þennan eina spotta.

Þegar hv. samgmn. hefur athugað alla þessa málavexti, þá hlýtur hún að skoða brtt. mína sem sjálfsagða sanngirni. Og að svo stöddu, þar til ég heyri frá n., tek ég brtt. mína aftur til 3. umr. á meðan hún er til athugunar.

Gísli Jónsson: Ég verð að segja það, að hv. 1. þm. Eyf. ber ábyrgð á öllum þessum brtt., því að hann leiddi asnann í herbúðirnar.

Hann hefur rofið hér samkomulag, eins og flokksmenn hans gera venjulega. Síðan smeygir hann inn brtt. í Nd., á þeim rökum, að úr því ein till. hans hafi verið tekin upp í frv., þá sé bara sjálfsagt að samþ. hinar. Á þessum grundvelli ber hann fram mál sitt.

Víða í sveitum eru ekki einu sinni einfaldir vegir, og virðist ekki nema sjálfsagt, að þær sveitir fái þó einfalda vegi, áður en bætt er við vegi í þeim sýslum, sem hafa þegar vegi og það allt tvöfalda vegi. Mér þykir ekki nema rétt. að hv. 1. þm. Eyf. taki till. sínar alveg til baka, því að ef nú á að fara að breyta frv. hér og síðan í Nd., þá sé ég ekki annað en allt lendi úr böndunum, og hinu mikla starfi n. sé kastað á glæ. Annaðhvort er hv. þm. að leika hér leik eða ætlun hans er að knýja fram ósanngjarnar kröfur. Hann væri því sá eini, sem fengi alla þá vegi, sem hann óskaði eftir, upp í topp á kostnað réttlátra krafna annarra og móti vilja vegamálastjóra.

Ég mun að svo komnu taka aftur mínar till. til 3. umr., og vænti ég þess, að þessari umr. verði lokið í dag.

Bernharð Stefánsson: Ég ætlaði ekki að þreyta hv. d. lengur. En nú neyðist ég til að standa hér upp og lýsa hv. þm. Barð. opinberan ósannindamann um það, að ég hafi rofið nokkra samninga eða samkomulag. (**GJ:** Forseti, ætlið þér ekki að *hringja á hann? Er leyfilegt að tala svona?*) Og hvað því viðvíkur, að flokkur minn hafi svikið samkomulag við forsetakjörið í haust, en við það mun fyrst og fremst vera átt, þá hafa þau ummæli verið dæmd dauð og ómerk nýlega. (**BBen:** Það vita allir, að það var satt).

Það vita allir, að það var ósatt, og hv. 6. þm. Reykv. ekki síst, af því að hann var í samningan. um forsetakjörið og vissi vel, að Framsfl. gekk þá ekki að samningum, þó að hann fari hér með ósannindi gegn betri vitund.

Sannleikurinn er sá í því máli, sem hér um ræðir, að tveir nm. úr samgmn. komu til mín og sögðu mér frá því, að vegamálastjóri vildi taka eina till. mína til gr., en ekki hinar tvær. Ég sagði þeim þá, á hvaða till. ég legði mesta áherzlu. En ekki varð það sú till., sem tekin var upp í frv. og samþ. við 2. umr. í Nd.

Ég sagði ekki annað um þetta við þá en að ég mundi sætta mig við þetta. En hv. þm. Barð. veit, að hann fer með ósannindi, er hann ber á mig samningsrof í þessu máli, því að ég lofaði aldrei að taka mínar till. aftur, enda ekki fram á það farið. Við sátum hérna inni í deildinni, er við töluðumst við, og ég man vel, hvað ég sagði. En síðar tók hv. Nd. til greina þá till. mína, er ég lagði mestu áherzluna á, og er hún nú komin inn í frv. Hef ég þó engan tillögurétt í hv. Nd. Það er eins og það sé einhver goðgá, þótt ég óskaði eftir, að atkvgr. færi fram um till. er ég sýndi hv. d. þegar í nóvember í haust.

Ég veit ekki, hvað það á að þýða, þegar hv. þm. Barð. veður uppi með svívirðingar um mig, þótt ég leyfi mér að bera fram till. hér í þinginu. *Það er auðséð, að hann ætlar sér að verða frægur* í þingsögunni, en ég segi rétt eins og er, að ég öfunda hann ekki af þeirri frægð, sem hann mun hljóta.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins vísa á bug þeim óskaplegu stóryrðum og lygum, sem hv. 1. þm. Eyf. lét sér um munn fara. (**BSt:** Eru það ekki stóryrði að segja, að maður rjúfi samninga?). Ef hv. þm. er ekki alveg ábyrgðarlaus, þá hlýtur hann að hafa talað í mikilli reiði. (**BSt:** Það var borin á mig lygi). Hv. þm. ber einn ábyrgð á þessu öllu saman, og nú hvílir sú ábyrgð svo þungt á honum, að hann getur engan veginn stillt skap sitt, eins og komið hefur í ljós.

ATKVGR.
Allar brtt. teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 557, 581, 584, 585, 603).

Þorsteinn Þorsteinsson: Þegar þetta frv. var hér til 2. umr., var það ósk hv. samgmn., að við, nokkrir, sem komum með brtt., tækjum þær aftur til 3. umr., og gerði n. þá ráð fyrir að ræða þær till. á fundum sínum. Nú langaði mig til að vita, hver hefði verið dómur n. En það hefur enginn *nm. kvatt sér hljóðs, svo að það verður að ályktа*, að þeir ætli ekki að leggja neinn dóm á þær. Ég held mér því við þá kröfu, að brtt. mín á þskj. 585 sé borin upp til atkvæða. Ég færði rök að því við aðra umræðu, að meiri nauðsyn væri á að fá þá vegi, sem brtt. gerir ráð fyrir, tekna upp í þjóðvegakerfið, en suma hina, sem samgmn. hafði tekið upp í sinni brtt. og mælt með, að teknir væru í þjóðvegatölu. Ég tek til dæmis á Austurlandi, Jökuldalsveg frá Austurlandsvegi að aðalbóli. Fyrst er 15 km. spotti af þjóðveginum fyrir 4 eða 5 bæi. Þaðan eru um 15 km að Brú, og á þeirri leið 3 bæir. Síðan eru 10 km að Aðalbóli í Hrafnkelsdal, og er þar aðeins um tvo bæi að ræða, og er mér tjáð, að annar þeirra sé að fara í auðn og því skammt að bíða þar til hinn fer það líka.

Þetta vil ég benda á aðeins sem dæmi, til samanburðar því, sem ég fer fram á, sem er um 12—15 km leið til nytja 10—14 bæjum. Mér sýnist

mikið ósamræmi í því að hafna þeim vegi, en taka upp þennan veg í Norður-Múlasýslu, sem ég hef getið um.

Ég heyri sagt, að hv. samgmn. Ed. óttist, ef farið er að taka upp nýjar brtt., þá komi óreiða á allt kerfið. En einn nm., hv. 1. þm. S.-M., hefur tekizt að fá 68 km leið tekna upp í kerfið, en við hinir förum fram á 20—24 km. Annar nm., hv. þm. Barð., fékk 50—60 km vegi. Ég segi fyrir mig, að mér finnst hér órétt skipt. Ég hef sýnt fram á það, að hér er um meiri nauðsyn að ræða en um marga aðra vegi, sem hv. n. hefur lagt til, og ég vil fá þetta leiðrétt.

Hv. nm. hafa verið kosnir í góðu trausti okkar um, að þeir mundu bera fram við hv. samgmn. Nd. vilja okkar og kröfur, þegar þeir mættu á þeim vettvangi. En þannig ber undir, að þegar verið er að ganga frá brtt. í n. og nm. okkar eru kvaddir á fund samgmn. þeirrar d., er ekki ein einasta af beiðnum okkar Ed.-manna tekin til greina, nema ef vera skyldi lítill spotti í Eyjafjarðarsýslu. Þetta eru eflaust stórheiðarlegir menn, en þeir hafa bara töluvert brugðizt því trausti, sem við bárum til þeirra í þessum efnum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Sem formaður samgmn. leyfi ég mér að upplýsa, að n. hafði málið til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu að leggja til við þessa hv. d. að breyta ekki brtt. eins og hún kom frá hv. Nd. Þessi niðurstaða var byggð á því, að óttazt var, ef farið væri að breyta frv. meira en orðið er í Ed., þá gæti málið allt losnað úr viðjum og ekkert orðið samþykkt á þessu þingi. (ÞÞ: Hvar er þá réttlætið?) Ég vil minna hv. þm. Dal. á, að réttlætið er ekki mælt í km, heldur eftir þörfinni í hverri sýslu. Hann veit vel, að það var komið til hans eins og annarra. Þá var hann á þeirri skoðun, að réttlætið væri ekki mælt í km, því að þá var hann með því, að samþykkt væri að taka upp styttri veginn, en fékk þann lengri að till. vegamálastjóra. Ég vil ennfremur benda á, að það er hægt að aka um þvera Dalasýslu. Hins vegar er Barðastrandarsýsla þannig sett, að það er aðeins hægt að aka inn í hana, en ekki í gegnum hana.

N. væntir þess, að menn skilji, að það er málinu fyrir beztu, án þess að verið sé þar með að leggja dóm á, hvort till. eru nauðsynlegar, að málið verði afgreitt eins og það nú liggur fyrir, og það er vitað mál, að ekki verður búið að leggja helminginn af þessum vegum hvort sem er, þegar málið verður aftur tekið fyrir á næsta þingi.

Annars vildi ég mælast til þess við hv. forseta, að hann taki till. á þskj. 581 til atkvæða, og ef hún yrði ekki samþ., þá hygg ég, að flestir hinir hv. þdm. vildu taka till. til baka. Þær komu fram bara af því, að búið var að opna leið fyrir brtt. með þessari till. Ég vildi því mælast til að farin yrði þessi leið, ef hv. forseti telur það rétt samkv. þingsköpum.

Eiríkur Einarsson: Forseti. Ég var áður búinn að segja fáein orð í samb. við till. þá, sem ég flyt á þskj. 603. Ég vil aðeins bæta því við, að af skiljanlegum ástæðum var nokkur áherzla lögð á það, að kaflinn „nýir vegir“ væri ekki felldur inn í frv. Ef það á annað borð álizt, að um þarfar vegagerðir sé að ræða, þá álít ég, að enginn skaði sé skeður, þó að vegakafli, sem verður réttlættur á annan hátt, sé felldur inn í þjóðvegakerfið. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að vegagerð yfirleitt ætti að vera á vegum ríkisins. Þetta, að koma með till. um vegi hér og vegi þar og láta svo teningskast ráða um það, hverjir eru teknir upp og hverjum úthýst, þó að þeir eigi jafnan rétt á sér vegna almenningsþarfa, er nokkuð, sem verður að leggjast niður. En það verður ekki gert á annan hátt en að vegakerfið verði þjóðnýtt í orðsins fyllstu merkingu. Hitt er annað mál, hve ríkið er mikils umkomið að kosta vegakerfið með svo mikilli þenslu, sem á því er. Þá er spurningin hve ört megi hraða framkvæmdum og hve einstök héruð eru mikils um komin að koma á móti ríkinu um framlag. Af þessum ástæðum tel ég einungis rétt, að till. um nýja vegi séu felldar inn í þjóðvegakerfið og ekki sé verið með því að stiga neitt glæfraspor. Hitt er í rauninni fordildarmál, hvað ýmsar þdn. segja — þó að þær segi: „Verið ekki að fara inn á okkar störf. Við erum búnir að segja annað.“ En d. eiga úrskurðinn, en ekki n., þó að þær vilji e. t. v. taka tillit til þessarar skoðunar, en það er ekki sjálfsagt, þó að n. leggi það til.

Til þess að snúa mér að till. þeirri, sem ég á hér á þskj. 603, þá mætti hún fá samþ. fyrir þær sakir, að hún þolir vel samanburð við það, sem hér hefur verið haldið uppi um vegagerðir, í fyrri ræðum. Þetta er vegafrekt og fjölmennt hérað, ef ég ætti að nefna bæjatöluna í samanburði við vegalengdina, þó þolir það allan samanburð. Þar er fjöldi bæja með daglegar samgönguþarfir. Svo það er óhætt samvizkunnar vegna að samþykkja þessa till. Skal ég svo ekki eyða fleiri orðum að þessu.

Ingvar Pálmason: Vegamál okkar Íslendinga hafa nú um nokkurt skeið verið bundin í kerfi, sem allir hv. þdm. kannast við. Það er þannig, að það er í fjórum flokkum.

1. Þjóðvegir, kostaðir af ríkinu.
2. Sýsluvegir, kostaðir af sýslufélögum að nokkru leyti, en að nokkru leyti af fé úr ríkissjóði.
3. Hreppavegir, kostaðir eingöngu af hreppunum.
4. Fjallvegir, kostaðir af ríkinu.

Þessi skipun hefur gilt um mörg ár og gefizt vel. Má telja, að vegagerðir hér á landi hafi gengið örara en vonir stóðu til, en það álít ég, að stafi af því, að skipting veganna var frá upphafi með skynsamlegum hætti.

Því er ekki að neita, að um langt skeið hefur verið tilhneiging til að koma sem mestu af vegakerfi landsins á ríkissjóð beint. Má vera að það verði svo að lokum, að allar vegagerðir og viðhald vega verði kostað af ríkinu, en ég fullyrði, að það er ekki rétta leiðin til að vegalagningin gangi sem greiðast. Eitt sinn voru sýsluvegir einvörðungu kostaðir af sýslusjóði. En svo var hlaupið undir bagga af ríkinu, og nú er árlegt framl. til þeirra hluta í fjárl. Þetta hefur gefizt mjög vel. Með þetta fyrir augum leit samvinnun. samgöngumála svo á, að ekki mundi það greiða fyrir vegamálum landsmanna að taka hvern veg-

inn af öðrum og gera að þjóðvegi, hvernig sem á stendur. Því að þar með er öllum skyldum í þeim efnum létt af sýslusjóðum, og enda þótt slíkt geti gengið með tímanum, þá á þó að sporna við því, að of mikill hraði komist á þau mál, því að slíkt getur haft illt í för með sér. Ég veit ekki, hvort hv. dm. hafa gert sér þetta ljóst, en það ættu þeir að gera, áður en það er um seinan. Ég er óhræddur um það, að samvinnun. samgöngumála hefur valið rétta leið, en ef Alþingi vill fara hraðar í þessu, þá verður því að hlíta, en sannfæring mín er sú, að sú stefna sé ekki til þess að *flýta fyrir vegalagningu hér á landi*. Ég vil í þessu sambandi benda á ummæli hv. þm. Barð., að ef breyt. eru gerðar frá því, sem er, þá getur ekki nema eitt af tvennu átt sér stað, annaðhvort verður frv. þetta ekki samþ. eða það fer út í hinar mestu ógöngur, og hvort tveggja er þvert á móti því, sem vakti fyrir samvinnun. samgöngumála, og kapphlaupið milli hv. þm. um þessa vegi stefnir ekki í rétta átt. Samvinnun. samgöngumála kaus undirn. til þess að ræða við vegamálastjóra, og án þess að ég sé að hæla þeirri n., þá get ég sagt það, að mikil vinna var lögð í þetta, og hvergi er hægt að dæma betur um þessi mál en í skrifstofu vergamálastjóra, sem rannsakar þessi mál ýtarlega.

Um brtt. þær, sem fyrir liggja, skal ég ekki segja eitt einasta orð. Ég efa ekki, að ýmsar eigi þær rétt á sér, en brýna nauðsyn virðist mér ekki vera hægt að leggja til grundvallar þeim. Ég mun hiklaust greiða atkvæði gegn þeim öllum, ekki þó af því, að þær eigi ekki rétt á sér, heldur af því að ég vil, að þetta sé nú stöðvað að sinni.

Ég vil gera lítils háttar að umræðuefni ummæli hv. þm. Dal., sem mér komu alleinkennilega fyrir sjónir, og þessi hv. þm. virðist hafa ruglazt í landafræðinni. Hann sagði, að ég hafi komið inn í fjárl. nú 68 km löngum vegi, en það er ekki rétt. Ég vildi aðeins leiðrétta þessi einkennilegu ummæli þessa hv. þm., sem, að því er mér virðist, geta ekki stafað af öðru en misskilningi. Ég get svo látið útrætt um þetta að sinni, en vona, að hv. d. geri það upp við sig, hvort hún vill láta hér staðar numið eða halda áfram að breyta frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég skal ekki þreyta umr., en aðeins segja nokkur orð. Það virðist svo vera, sem við hinir eldri þm. eigum erfitt með að gera hinum nýja hv. þm. Barð. til hæfis. Þegar brúal. lágu hér fyrir hv. d., þá deildi hann á mig fyrir það, að ég skyldi ekki koma með brtt. fyrr en við 3. umr. málsins, og nú deilir hann á mig fyrir það, að ég skuli nú að formi til taka upp brtt. við þetta frv., en sú brtt. hefur legið fyrir Alþingi jafnlengi og frv. eða síðan í haust, svo að þessi till. mín er ekkert ný af nálinni.

Hv. þm. Dal. sagði, ef brtt. yrði samþ., þá mundi hv. n. finnast komin óreiða á kerfið. Ég veit ekki almennilega, við hvaða kerfi hann hefur átt, en líklega hefur það verið þjóðvegakerfi landsins almennt. E. t. v. er þetta rétt, en hv. þm. veit vel, að oft áður hefur komið óreiða á vegakerfið.

Svo vil ég drepa á ummæli hv. þm. Barð. Hann sagði, að Eyjafjarðarsýsla hefði meiri þjóðvegi en nokkur önnur sýsla landsins. Ég veit ekki, hvort hann átti við, að svo hefði verið undanfarið, eða hvort hann meinti þetta frv. En hvað um það. Ef hann heldur því fram, að Eyjafjarðarsýsla hafi lengsta þjóðvegi af sýslum landsins, þá er bezt fyrir þennan hv. þm. að fara til vegamálastjóra og læra betur, því að ég fullyrði að svo sé ekki. Hann sagði enn fremur, að reipdrátturinn um þetta mál stafaði af mér. Mér þykir harla einkennilegt, ef svo er, enda þótt ég setji nú fram þessa till. mína, sem hefur *legið fyrir Alþingi síðan í haust*, en ef hægt er að tala um reipdrátt, þá er það frekar hv. þm. Barð. en ég, sem stendur fyrir honum. Þessi hv. þm. óskaði eftir því, að hæstv. forseti bæri till. mína upp fyrst, og ástæðan fyrir því sagði hann, að væri sú, að ef vegalögin yrðu opnuð á annað borð, þá mætti sjálfsagt samþykkja fleira. Ég hélt, að frv. sjálft væri opnun vegalaganna en ekki einstakar till., sem fram eru bornar. Í sambandi við þetta vil ég benda hæstv. forseta á, að till. mína á að bera upp síðasta, af því að hún er við atriði í frv., sem koma þar síðar fyrir heldur en hinar brtt. Þótt ég hafi formlega viljað gefa hv. d. kost á að fjalla um till. mína, þá játa ég, að ég er sæmilega ánægður með frv. eins og það er nú, fyrst verið er að gera breyt. á vegal. á annað borð. Ég get enn fremur lofað því, ef hinar brtt. verða felldar eða teknar aftur, þá mun ég taka aftur till. mína. Ekki vegna þess, að hún eigi ekki rétt á sér, úr því sem komið er, heldur vegna hins, að ég skoða það þá sem vilja hv. d., að hún kæri sig ekki um að breyta l. frekar en frv. fer fram á. Það væri fróðlegt að heyra, hvaða reglu hafi verið reynt að fylgja við afgr. þessa máls. — Ég ætla þó ekki að spyrja hv. n. um það, því að það liggur ljóst fyrir, að engum reglum hefur verið fylgt. Einn nm., hv. 1. þm. S.-M., talaði um kerfi, sem fylgt hefði verið, en ég mótmæli því eindregið. Þetta kerfi, sem var í fyrstunni, hefur hvað eftir annað verið þverbrotið. Fjöldi vega hefur komizt inn á vegalögin, sem ekki hafa þýðingu nema fyrir einstaka sveitir, og handahóf hefur ráðið um þessi mál, og eins og ég sagði við 2. umr. um þessa brtt. mína, þá er hún í fyllsta samræmi við það, sem er í þessu frv. og hefur áður komizt inn á vegalögin.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, þá mun ég ekki þreyta umr., en vil endurtaka það, að menn þurfa ekki að óttast, að till. mín komi undir atkv., ef d. sýnir með atkvgr. eða flm. með því að taka aftur sínar till., að þeir óski ekki eftir frekari breyt. á l. en í frv. eru.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég skal ekki teygja lopann um þetta meir en orðið er. Ég vil geta þess, að það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf., að ég hafi sagt, að brtt. kæmu óreiðu á kerfið, því að ég er einmitt með minni till. að reyna að koma reglu á það.

Annars vil ég skýra frá þessari brtt. minni, því að við 2. umr. voru ýmsir hv. þm. fjarverandi, sem nú eru viðstaddir.

Þessi vegur liggur um Haukadal að Krossi, en þar tekur við fjallvegur yfir í Hrútafjörðinn. Þetta er þannig tengiliður milli Suðurdalanna og

Norðurlandsins, og á þess vegna mikinn rétt á sér.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að ég mundi hafa ruglazt í landafræðinni, en ég vil spyrja: Eru ekki Búðir, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu?

Vegurinn, sem um ræðir, er tengiliður milli þessara staða, og vegamálastjóri upplýsir, að hann sé 46 km að lengd og sé nýr þjóðvegakafli. Einnig stend ég í þeirri meiningu, að Eskifjörður sé í Suður-Múlasýslu, og það segir, að þessi vegur, sem um ræðir, Norðfjarðarvegur, liggi milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, og sé 22 km að lengd, einnig nýr þjóðvegakafli. — 22 km og 46 km eru 68 km, svo að ég álít, að ég hafi farið með rétt mál. Hv. þm. Barð. sagði, að réttlæti væri ekki mælt í km, og sagði það út af því, að ég hafði valið styttri veginn tekinn í þjóðvegatölu. Hann sagði enn fremur, að ekki væri meiri þörf að hjálpa Dalamönnum en Barðstrendingum. Nú er svo háttað, að þjóðvegurinn til Barðastrandar- og Strandasýslu liggur um Dalasýslu, og vegagerðir á þeirri leið allar skrifaðar sem vegafé til Dalamanna, meir að segja leiðin frá Saurbæ inn fyrir Gilsfjörð, en mér væri svo sem sama, þó að sá vegaspotti, sem tengir sýslur þessar við Dalasýslu, 15 km að lengd, verði niður felldur, því að ekkert hafa Dalamenn að sækja til Barðstrendinga eða Strandamanna, en þessar sýslur njóta nær eingöngu góðs af þessum vegi.

Ingvar Pálmason: Ég vil svara hv. þm. Dal. Þannig er háttað með þessa vegi, sem hann minntist á, að þeir hafa verið á vegalögum síðan 1933. Ég var þá flm. að þessum vegaspotta milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, en vildi að vegamálastjóri ákvæði hvar hann skyldi liggja. Nú hefur hann gert það, og í frv. stendur því núna, að hann skuli liggja frá Eskifirði um Oddsskarð til Norðfjarðar. En þessi vegur er ekki nýr þjóðvegur, þó að þarna sé aðeins slegið föstu, hvar hann skuli liggja. Hann hefur verið á vegalögum síðan 1933.

E. t. v. hefur hv. þm. Dal. ekki athugað þetta, eða hann er að reyna að notfæra sér þetta til framdráttar till. sinni, en það tel ég ekki sæma honum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Deilan stendur ekki um það, hvaða vegum sé nauðsynlegt að koma inn á vegalögin, heldur um það, hvort opna skuli vegalögin og þar með missa taumhald á frv. Mér skilst á hv. 1. þm. Eyf., að augu hans væru nú loks að opnast fyrir þeirri hættu, og er það gott þótt seint sé. Hann lýsti því sem sé yfir, að hann mundi taka aftur sína brtt., ef hinar brtt. yrðu felldar eða teknar aftur, og ég mun viðhafa sömu aðferð með till. mína. Mér er skylt að svara hv. 1. þm. Eyf., en hann spurði um, hvaða reglu hefði verið fylgt við afgr. þessa máls, og bætti því við, að engri reglu hefði verið fylgt. Sú regla var viðhöfð að senda allar till. til vegamálastjóra og fá umsögn hans um þær, síðan var samþ. í samgmn. að till. skyldu upp teknar. Enn fremur voru hv. þm. spurðir um, hvað þeir gætu fallizt á, og þar á meðal hv. 1. þm. Eyf. — Þetta var sú regla sem fylgt var. Aldrei var um það rætt, hvar þörfin væri mest, en ef svo hefði verið, þá hefði hv. 1. þm. Eyf. ekki fengið neitt.

Hv. þm. Dal. kaus sér styttri veginn, en vegamálastjóri áleit heppilegra að taka lengri leiðina, og það er þess vegna ekki samgmn. að kenna að ekki hefur verið fallizt á till. hv. þm. Dal.

Út af þeim ummælum hv. 1. þm. Eyf., að reipdrátturinn um málið væri mér að kenna, þá vík ég þeim ummælum aftur til föðurhúsanna, en vil benda á, að mikil óreiða virðist vera í hugsunarkerfi þessa hv. þm., hvað málinu viðvíkur.

Ég tel heppilegra að ljúka umr. um málið á þessum fundi, því að ég álít að það sé þegar nægilega rætt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil leiðrétta skekkjur, sem komið hafa fram síðan ég talaði síðast, og vil þá fyrst svara hv. þm. Barð. Hann sagði, að vegamálastj. hefði álitið heppilegra að velja lengri leiðina. Ég tel mig hafa til að bera fullkominn kunnugleika á staðháttum þarna og tel styttri veginn heppilegri.

Ég get ekki flett upp í l., en ég þykist muna það rétt, að búið sé að ákveða, að vegurinn liggi yfir Vaðlavíkurheiði til Neskaupstaðar, en hún reyndist ekki þægileg fyrir Neskaupstað, og var þá horfið að því að leggja veginn um Oddsskarð. Ég verð að segja, að það kemur fram staðreynd í þessu máli, þar sem álitsskjal vegamálastjóra er, sem prentað er með nál. samgmn. Nd. 12. atriðið í þessu skjali er um þennan veg. Það er örstutt, aðeins ein lína, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Norðfjarðarvegur er nýr þjóðvegarkafli, 22 km að lengd". Í útskýringum frv. er frá því skýrt, að þessi vegur sé frá Eskifjarðarkaupstað um Oddsskarð til Neskaupstaðar. Það verður að virða mér til vorkunnar, ef ég fer hér ekki rétt með, en þannig mæla gögn þau fyrir, sem hann sjálfur, að því levti sem hann tilheyrir samgmn., hefur lagt fram fyrir okkur, og einnig álitsskjal vegamálastjóra.

Ingvar Pálmason: Mér þykir leiðinlegt að verða að eiga orðastað nú við hv. þm. Dal., því að hann er nú með allt öðrum hætti en hann er vanur að vera. Ég vil benda honum á, að ég veit ekki til, að tekinn hafi verið úr þjóðvegatölu nokkur vegur, sem búið hefur verið að leggja. Nú vita allir, að Viðfjarðarveg er búið að leggja fyrir mörgum árum. Hitt er rétt, að þetta getur verið sök vegalaganna. Í þeim stendur „Vegur frá Eskifirði til Norðfjarðar" ekkert annað, eins og búið er að margtaka fram. Eina breyt. er sú, að í þessu frv. er tekið fram, að vegurinn skuli liggja um Oddsskarð. Ég vil einnig benda þessum hv. þm. á, að ég veit ekki betur en hann sé búinn að samþ. í fjvn. mjög myndarlega fjárupphæð til vegarins yfir Oddsskarð. (ÞÞ: Ég lét það afskiptalaust). Hann gerði engan ágreining. Þetta tekur af öll tvímæli. (ÞÞ: Það lá fyrir frá hv. þm., að hann væri í þjóðvegatölu.) Hann er í þjóðvegatölu. Það lá fyrir frá vegamálastjóra, að hann ætlaði að leggja veginn um Oddsskarð, en hann hefur úrskurðarvald um vegalagningar.

Annars er sannleikurinn sá, að mér leiðist að verða að eiga orðastað við hv. þm. Dal., því að venjulega fellur okkur vel saman.

Bernharð Stefánsson: Hv. form. allshn., þm. Barð., gat þess, að hver þm. hefði verið spurður um það, hvað hann gæti gert sér að góðu viðvíkjandi þessum vegalögum. Ég veit ekki, hvað ég á að segja um þetta hvað mig snertir. Tveir hv. þm. úr allshn. áttu að visu tal við mig snemma á þingi og sögðu mér, hvað vegamálastjóri vildi fallast á af till. minum. Ég gat þess við þá, að ég óskaði annars fremur en þess, sem vegamálastjóri lagði til, en eftir því fóru þeir, en ekki eftir hinu, hvað ég hefði einkum óskað. Annars er það ákaflega einkennilegt og upplýsandi um störf þessarar n., sem hv. form. skýrir frá hér. Hann sem sé segir, að n. hafi aldrei athugað, hvar þörfin væri mest, heldur eftir því, að því er mér skilst, eingöngu farið eftir því, hvernig hún gæti framast gert þm. ánægða. Ég held nú, að það væri yfirleitt hlutverk n. eins og annarra n. í þinginu að athuga það og gera till. eftir því, hvað alþjóð er gagnlegast. (**GJ:** Það fékkst með till. vegamálastjóra.) Hann segir, að það hafi fengizt með till. vegamálastjóra. Ég veit ekki, hvort vegamálastjóri er bærari að dæma um það en hver annar að segja, hvaða þjóðvegi eigi að gera. Ég veit, að hann er miklu bærari en ég og hv. form. samgmn. og aðrir að segja, hvernig á að leggja veg, hvað hann muni kosta og annað slíkt. Til þess þarf fagmann. En ég er ekki sannfærður um, að þurfi fagmann til að segja, hvar vegur á að vera þannig, að hann komi almenningi að sem mestum notum.

Þá var hann að hafa upp eftir hv. þm. Dal., að ég hefði farið rangt með orð hans. Hann segist ekki hafa haft fyrir því að athuga, hvernig ummæli mín féllu. Hv. þm. Dal. misskildi þau líka. Ég var ekki að segja, að hann hefði sagt, að það kæmi óreiða á þetta kerfi, ef brtt. yrðu samþ., en hann tók orð mín svo, og hv. þm. Barð. hafði það líka athugalaust eftir sessunaut sínum. Ég var að segja, og ég vona, að það standi á sínum stað hjá þingriturum og einnig í ræðu hv. þm. Dal., að hann hafi verið að gizka á það, að n. mundi finnast koma óreiða á þetta kerfi, ef einhverjar brtt. yrðu samþ. Þetta sagði hv. þm. Dal., og þetta var það, sem ég vitnaði til. Hvor okkar hefur óreglulegra hugsunarkerfi, ég eða hv. þm. Barð., ætla ég ekki að fara út í, það verður kannske aldrei úr því skorið, en ég held, að það væri þó betra fyrir hv. þm. Barð. yfirleitt að gefa sér tíma til að hugsa svolítið meira, áður en hann talar.

Eiríkur Einarsson: Það er eitt atriði, sem hér hefur komið til umr., sem gefur mér tilefni til að rísa úr sæti mínu, en það er það, að menn úr samgmn. leggja ríka áherzlu á, að frv. verði ekki opnað, heldur samþ. eins og það liggur fyrir. Þar finnst mér skina of mikið í, að búið sé að eyða mikilli umr. í frv. og ganga vel frá því og þetta eigi að vera til frambúðar. Í sambandi við þetta hefur einnig komið fram, að af hálfu n. hafi verið leitað álits hjá einstökum þm., hverjar óskir þeirra væru um vegagerðir, þegar ætti að ganga frá vegalögunum eins og eins konar stjórnarskrá fyrir áratugi. Þessi rödd hrópandans hefur alls ekki borizt mér til eyrna, og ég bar fram till. mína án þess að ráðgast við samgmn. eða vegamálastjóra, af því að ég vissi ekki, hvað ríkt var á haldið um meðferð málsins í d. Áður en gengið er til atkv. um till. mína í d., vil ég að þetta komi skýrt fram. Ég álít, að til þess að þetta séu samrímanleg orð, þurfi að vera áhöld um, hvað n. er vandlát um að hrófla ekki við till. sínum eins og þær leggja fyrir og hitt, að þetta sé unnið á opinberu sviði á Alþingi og þm. hafi verið undirstungnir með þetta mál, þó að þar hafi út af brugðið eins og ég hef nú lýst, því að það er misskilningur, að öllum þm. hafi gefizt tilefni til að láta í ljósi óskir sínar og þarfir í vegamálunum.

Gísli Jónsson: Í tilefni af ummælum hv. 2. þm. Árn. vil ég segja, að það var ekki eðilegt, að n. talaði við hann um vegatill., því að það lágu ekki fyrir neinar brtt. frá honum. Það er ekki hægt að álasa n. fyrir, að hún skuli ekki hafa talað við þm., sem höfðu ekki áhuga eða framkvæmd í sér til að koma með brtt. við frv.

Hv. 1. þm. Eyf. vil ég segja það, að n. batt sig gersamlega við till. vegamálastjóra. N. gat ekki farið að þeytast út um allar sýslur landsins til að athuga, hvar ætti að byggja vegaspotta.

Eiríkur Einarsson: Þó að frv. hafi komið fram á Alþingi síðar en þingsköp áskilja, hefur verið venja að veita afbrigði, en n. hefur haft þá aðferð að taka ekki til greina þær till., sem hún taldi ekki nógu fljótt fram komnar. Ég hélt, að það ætti ekki að fara eftir því, heldur hinu, hversu mikinn rétt till. ættu á sér. Það getur vel verið, að þær síðustu séu sanngjarnastar og þær fyrstu fjarstæðastar, og það á að fara eftir því einu, hvort er efnislega rétt að samþ. till., en engu öðru.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil segja hv. 1. þm. N.-M. það, að ég hef alls ekki sagt, að vegurinn frá Eskifirði til Viðfjarðar ætti að vera yfir Vaðlavíkurheiði. En þessu var breytt með þessum l., svo að nú verður vegurinn til Viðfjarðar látinn halda áfram og einnig lagður vegur yfir Oddsskarð. Í álitsskjali vegamálastjóra á þskj. 459 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Viðfjarðarvegur er nú þjóðvegur og talinn til Neskaupstaðar, en nú er horfið að því ráði að leggja hann aðeins til Viðfjarðar. En þjóðvegur milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar verður lagður um Oddsskarð, og heitir sá vegur þá Norðfjarðarvegur, sbr. tölulið 12," en tölulið 12 hljóðar svo: „Norðfjarðarvegur er nýr þjóðvegarkafli, 22 km á lengd".

Ég þarf svo ekki að deila um þetta lengur. Það er illt að kenna gömlum manni að leiðrétta sig, og verður að virða honum það til vorkunnar; býst ég við, að það verði ekki heldur hægt í þetta skipti, svo að ég hætti við það.

Ingvar Pálmason: Ég vil aðeins til að árétta það, sem ég sagði áður, sanna skjallega fyrir hv. þm. Dal., að í núgildandi vegalögum stendur 8. liður í Austurlandsvegum: „Norðfjarðarvegur: Frá Eskifirði til Neskaupstaðar". Ekkert annað stendur í vegalögunum. Vegamálastjóra er ætlað að ákveða, hvar vegurinn skuli liggja. Hann gerir

það á sína ábyrgð og hefur fullt leyfi til þess. Hér er því ekki um nýjan veg að ræða.

ATKVGR.
Brtt. 603 felld með 9:4 atkv.
— 585 felld með 9:4 atkv.
— 581 og 584 teknar aftur.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 618).

49. Jarðræktarlög (frv. landbn. Nd.).

Á 60. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 429).

Á 62. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Enda þótt ýtarlega sé gerð grein fyrir frv. þessu í grg., er því fylgir, þá mun ég samt í örstuttu máli skýra frá því helzta, sem frv. fer fram á. Till. eru þess efnis að breyta vélasjóði, sem ræðir um í V. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942. Breyt., sem farið er fram á, eru tvær. Önnur er sú, að framlag til sjóðsins verði aukið úr 25 þús. í 50 þús. kr. Þetta er gert með hliðsjón af breyt. á fyrirkomulagi á störfum sjóðsins og auknu verkefni hans. Það er að vísu ekki alls kostar rétt að segja, að verkefni hans sé aukið, því að frv. leggur til, að annað af verkefnum sjóðsins verði lagt niður, en hitt aukið að miklum mun, eins og ég mun síðar drepa á. Starfsemi sjóðsins er í núgildandi l. ákveðin þannig, að ⅔ hlutar stofnfjár sjóðsins sé ætlað til lána fyrir þá menn, sem kaupa landbúnaðarvinnuvélar. Það þótti eðlilegra, að þessi lánastarfsemi yrði tekin út úr sjóðnum og flutt undir Búnaðarbankann, því að það er alls ekki ætlazt til, að hún falli niður. Í þessu sambandi skal ég geta þess, að við vonum, að samkomulag geti náðst við Búnaðarbankann um þetta atriði.

⅓ hluti af stofnfé sjóðsins er í núgildandi l. ætlaður til vélakaupa vegna tilrauna með vélknúnar jarðræktarvélar og skurðgröfur. Þessi starfsemi hefur ekki þótt fullnægjandi, og þess vegna fer frv. fram á, að vélasjóður helgi starfsemi sína eingöngu þessu starfi.

Í bréfi, dagsettu 24. sept. 1942, felur atvmrh. verkfæranefnd að semja nýjar reglur um notkun skurðgrafna þeirra, er ríkið nú á. N. hélt fundi um þetta mál og komst að raun um, að reglur þessar þyrftu að mótast með hliðsjón af núgildandi l. varðandi jarðræktarframkvæmdir. En við athugun á þessari löggjöf kom í ljós, að breyt. á henni væru nauðsynlegar til þess að tilgangur næðist. Verkfæranefnd samdi þess vegna frv. þetta og sendi það landbn. Nd. Alþ.

Þetta, sem ég hef rakið, eru þær aðalbreyt., er frv. felur í sér. Landbn. fékk málið til meðferðar og hefur flutt það næstum því orðrétt eins og það kom frá verkfæranefnd. Þó hefur landbn. gert smábreyt., sem ég hirði ekki um að rekja, en mun aðeins skýra frá einni. Hún er sú, að í frv. nú er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands hafi meiri íhlutun um störf sjóðsins en verkfæranefnd gerði ráð fyrir. Þetta er aðalbreyt. á till. verkfæranefndar.

Allir landbnm. voru sammála um frv., og vænti ég, að það fái greiða afgreiðslu gegnum Alþ. Á því leikur enginn vafi, að þessi styrkur úr ríkissjóði til landbúnaðarins er sá styrkur, sem minnstum ágreiningi veldur, enda ríður mikið á, að allar ræktunaraðferðir séu í sem beztu lagi. Það gæti e. t. v. orðið til þess, að ýmsir styrkir til landbúnaðarins, sem ágreiningi valda, geti niður fallið.

Ég legg svo til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. Ég tel ekki ástæðu til, að það fari til n., þar eð það kemur beint þaðan.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hef ekki nema allt gott um frv. þetta að segja, en ég vil beina því til hv. landbn., að hún athugi það, að um leið og hún tekur af vélasjóði það hlutverk, sem hann til þessa hefur haft, að lána til stærri vélakaupa, þá þarf að koma deild við Búnaðarbankann, er geti veitt bæði félögum og einstaklingum, er ráðast í stærri vélakaup, lán til kaupanna. Til þess að þetta geti orðið, tel ég, að muni þurfa að breyta l. bankans, og vildi ég biðja n. að athuga það og vona, að hún síðar geti lagt fram breytingar á lögum bankans, ef hún finnur, að það er nauðsynlegt. Ég vil mælast til þess, að hv. n. athugi þetta.

Finnur Jónsson: Í sambandi við 5. gr. þessa frv. vil ég spyrja hv. n. að því, hvort ástæða sé til að hafa heimild ríkisstj. óbundna til að leggja fram fé til vélasjóðs, þegar nú hefur verið veitt í fjárl. rífleg upphæð til kaupa á skurðgröfum. Ég tel þá fjárveitingu nægilega, og þess vegna finnst mér óþarft að hafa þessa heimild þarna. Ég vona, að hv. frsm. svari þessu.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Út af ummælum hv. 2. þm. N.-M. er það að segja, að það er að vísu rétt hjá honum, að verksvið vélasjóðs takmarkast frá því, sem áður var, þar eð honum er samkv. þessu frv. ætlað eitt hlutverk í stað tveggja áður. Út af þeim ummælum þessa hv. þm., ef þetta annað hlutverk vélasjóðs verður flutt undir Búnaðarbankann, þá muni þurfa að breyta l. bankans, þá tel ég eigi þörf á breyt. á þeim l., en aðeins að komast að samkomulagi við bankann, og því gerðum við ráð fyrir.

Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði um 5. gr. frv., þá skal ég geta þess, að þegar þetta kom frá verkfæranefnd, þá var greinin öðruvísi orðuð. Þá stóð ekki aðeins, að ríkisstj. skyldi heimilt að leggja fram það fé, sem á vantaði til þess að kaupa tilgreindar vélar, heldur, að ríkisstj. skyldi leggja fram fé til kaupanna. Þessu breytti landbn., svo að nú er aðeins um heimild að ræða, þar sem áður var bein skylda. Ég tel, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að eigi sé rétt að binda hendur ríkisstj. um þetta atriði, og þetta

voru allir nm. sammála um og létu þessa heimild þess vegna standa í gr. Þó að ríkulegt fé hafi verið veitt í fjárl. þessa árs til þessara framkvæmda, þá þarf e. t. v. oftar að veita fé í þessu skyni, og l. eru sett fyrir fleiri en eitt ár, og til þessara framkvæmda þarf einnig fé árin 1944 og 1945 eins og 1943.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vona, að hv. dm. fallist á frv. eins og það er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 429, 466).

Finnur Jónsson: Ég hef lagt fram litla brtt., sem mér skilst raunar, að hafi ekki áhrif á efni frv. Í till. er farið fram á, að ríkissjóður leggi nokkurt fé til verkfærakaupasjóðs, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárl., ef fjárhagur sjóðsins leyfir ekki, að keyptar séu allar þær vélar, sem þörf er á til að halda uppi starfsemi þeirri, er um getur í 32. gr. jarðræktarl. Hér er, sem sagt, gert ráð fyrir, að heimild fjárl. þurfi að liggja fyrir, en framlagsheimild ríkissjóðs er ekki takmörkuð. Þar sem hér er ekki um að ræða ákvæði, sem ætlazt er til, að verði til frambúðar, þótti mér réttara að binda þetta við heimild í fjárl. Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt.

Frsm. (Emil Jónsson): Landbn. fékk að sjá till. hv. þm. Ísaf., og henni var gefinn kostur á að gera hana að sinni till., þó að hún sæi ekki ástæðu til að taka því boði, þar sem hún taldi frv. vel mega vera eins og það er nú. Eina breytingin, sem leiðir af till. hv. þm. Ísaf., er sú, að ríkisstj. þurfi heimild fjárl. til að veita þetta fé til kaupa á verkfærum og vélum, en með frv. er það lagt á vald ríkisstj. einnar að gera þetta, að fengnum rökst. till. verkfæranefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. N. telur, að með brtt. hv. þm. Ísaf. séu möguleikar til þessara kaupa heldur þrengdir en hitt, og vill hún ekki mæla með till. Þó vill hún ekki gera þetta að kappsmáli og leggur það á vald hv. þd. að samþykkja till., ef henni sýnist svo.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt.466 (ný 5. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. og 69. fundi í Ed., 3. og 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Ed., 9. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 470, n. 574).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta eða afstöðu landbn. til þess. En ég vil þó aðeins láta þess getið, sem er aðaltilgangur og markmið þess, en það er að koma samræmi og skipulagi á hagnýtingu skurðgrafna og annarra ræktunarvéla, sem ríkisstofnanir hafa umsjón með í þágu almennings og jarðyrkju í landinu. Eins og kunnugt er, eru skurðgröfurnar helztar þessara tækja, og notkun þeirra og ráðstöfun hefur ekki reynzt á fullnægjandi hátt. Bæði hafa þessi tæki verið ónóg til að fullnægja eftirspurn og ýmsir vankantar á að geta nýtt þessi verkfæri til hlítar. Sú breyt. er gerð á með frv., að vélasjóður ríkisins verður eigandi að skurðgröfunum og öðru slíku, og yfirumsjón hans hefur Búnaðarfélag Íslands og n., sem þar stendur, að á að hafa reikningshald yfir þessi tæki og ráðstöfunarrétt á þeim. Með þeirri örvun um kaup og útvegun á þessum tækjum og þeirri vökumannsaðstöðu, sem vélasjóði er ætluð til þess að sjá fyrir nauðsynjum búnaðarsambandanna um vélakost, stefnir frv. þetta með öllum ákvæðum sínum mjög ótvírætt í rétta átt. Einnig eru í því fjárframlög fyrirhuguð, ef á brestur nauðsynleg tæki, fyrir tilstilli vélasjóðs, og reglur eru settar um, hvernig ríkið á, eftir því sem unnt er, að hlaupa undir bagga samkv. settum reglum. Landbn. er einróma á það sátt að mæla með frv. óbreyttu, eins og það liggur fyrir, og vænti ég, að d. geti fallizt á það einnig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 621).

50. Lendingarbætur á Vattarnesi.

Á 28. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð (þmfrv., A. 449).

Á 62. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Það er rétt að ég byrji á því að gera nokkra grein fyrir því, að þetta mál er svo seint á ferðinni. Ástæðan til þess er sú, að ég hafði ekki hugsað mér að bera þetta mál fram á þessu þingi, vegna þess að ég bjóst ekki við, að það mundi ná fram að ganga. En eftir það, að frv. um lendingarbætur í Borgarfirði eystra var komið vel á veg í þinginu, fékk ég ákveðin tilmæli að austan um að flytja þetta frv. Þá stóð nú svo á, að það var ekki útséð um, hvort þingi yrði frestað eftir 15. febrúar, og enn beið ég nokkra daga. En þegar ákvörðun var tekin um það, að þinginu yrði haldið áfram, og séð varð fyrir, að þau frv., er stj. legði fyrir þingið, mundu taka nokkurn tíma, ákvað ég að leggja þetta frv. fyrir þingið, hvort sem það næði samþykki eða ekki. Hins vegar vil ég vænta þess, þar sem málið er fremur einfalt, að það nái fram að ganga.

Kem ég þá að frv. sjálfu. Vattarnes hefur verið verstöð svo lengi sem nokkur maður hefur sögur af, og þessi verstöð hefur ætíð verið fyrir smábáta og aðeins fyrir róðrarbáta, þar til í kringum 1920, að farið var að setja vélar í hina smærri fiskibáta. Á þessum stað stendur þannig á, eins og bent er á í grg. frv., að þar er slæm lending í vissum áttum, t. d. í norðan- og norðaustanátt og allt þar til vindáttin er komin í austur. Það hagar þannig til, að í norðanátt stendur vindurinn út Reyðarfjörð, og þá stendur að mestu upp á höfnina. Í norðaustanátt stendur vindurinn skáhallt yfir fjörðinn og stendur þá beint upp á lendinguna, og svo er þar til vindur er kominn í suðaustur. Hins vegar má heita góð lending í suðaustan-, sunnan- og austanátt. Það hefur frá því fyrsta verið bagalegt fyrir þennan stað, hvað lending hefur verið slæm, en þó hefur það orðið tilfinnanlegra síðan farið var að nota vélar í opna báta, því að á meðan aðeins voru notaðir róðrabátar, þá heppnaðist lendingin oftast sæmilega, ef sæmilegur liðsafli var. Þó að nokkur hafátt væri í lendingu, var oft sæmilegur mannafli til þess að taka á móti bátunum. En síðan farið var að nota vélar í bátana, er þetta miklu hættumeira vegna þess að þó að hægt sé að taka bátana í land, þá er alltaf hætta á vélarskemmdum, sérstaklega er hætt við skemmdum á skrúfunni í slíkum tilfellum. Strax þegar vélbátanotkunin fór í vöxt, komu því upp raddir um það, að á þessu þyrfti að ráða bót. Árið 1930 og næstu ár þar á eftir var þetta athugað og rannsakað, og liggur fyrir rannsókn um þetta efni frá þeim árum. Árið 1938 fór einnig fram rannsókn um þetta efni. Ég hef með höndum fyrri kostnaðaráætlunina ásamt teikningu. En síðari rannsóknin hefur leitt í ljós, að frá mannvirkinu verður að ganga nokkuð á annan hátt en upphaflega var til ætlazt, og mundi það verða nokkru dýrara. Það er sameiginlegt álit þeirra, sem þetta hafa skoðað, að bezt verði þetta bætt með því að byggja garð í Klukkusker. Við það myndast skjól vestan garðsins í norðan- og norðaustanátt og fullkomið hlé fyrir báta, meðan þeir eru í höfn. Út frá þessu var gengið við fyrstu rannsókn. Síðari rannsóknin hnígur í þá átt, að það þyrfti að haga byggingu mannvirkisins þannig, að steypt yrði akbraut til þess að koma aflanum upp garðinn, og að þetta mannvirki kæmi ekki að fullum notum, nema að það væri fullgert. Eins og vikið er að í nál., þá eru þær áætlanir, sem fyrir liggja, allar frá því fyrir verðhækkun, og er gert ráð fyrir í þeim áætlunum, að þessi mannvirki muni kosta ekki minna en 20 þús. kr. Að vísu er þetta ekki stór upphæð, en bæði er það, að ýmsir menn, sem þarna eru kunnugir, telja, að þessi áætlun, sem miðuð er við fyrirstríðsverð, muni vera í knappara lagi, og ekki síður hitt, að þess má vænta, hvenær sem þetta mannvirki verður framkvæmt, að það muni verða nokkuð dýrara heldur en ráð var fyrir gert í upphafi. Þess vegna er það, að ég hef farið fram á hærri fjárhæð í þessu skyni heldur en þessi áætlun tiltekur. Þarna stendur þannig á, að Vattarnes það tilheyrir Fáskrúðsfjarðarhreppi, síðan Búðarkauptún varð sérstakur hreppur. En fyrir nokkru var hreppnum skipt í tvennt, þannig að hann nær nú alla leið frá Gvendarnesi milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og alla leið að Berunesi í Reyðarfirði, og er klipptur í sundur af Búðakauptúni. Þetta hefur gert það að verkum, að erfitt hefur reynzt að fá samtök innan hreppsins um það, að hefjast handa um þessar umbætur. Það hefur verið gerð tilraun til þess, og hafa fengizt loforð um framlög til þessara framkvæmda gegn framlagi annars staðar frá. En að ekkert varð úr framkvæmdum stafar af því, að enginn aðili, sem hægt var að fá til þess að leggja fram fé sem til þurfti, taldi þetta hagsmuni alls hreppsins. Svo bættist hitt við, að verstöðin Vattarnes er ekki nema að nokkru leyti notuð úr Fáskrúðsfjarðarhreppi, heldur frá Eskifirði og Reyðarfirði. Þetta mun hafa valdið nokkru um það, að ekki tókst að fá neinn aðila til þess að leggja fram fé í viðbót við það, sem hægt var að fá úr ríkissj. Þess vegna er það, að ég tel, að þetta mál verði að leysa með því að setja um þetta l., og Alþ. hefur gengið inn á, að hagkvæmt væri að setja slík l. víða um landið til þess að hraða framkvæmdum og hafnarbótum. Ég fullyrði að slíkt form, sem gefið er með þeim l. sem samþ. hafa verið um lendingarbætur víðs vegar um landið, á hvergi betur við en í Vattarnesi. Þetta byggist á tvennu, bæði af því, að verstöðin er fullt eins mikið sótt af mönnum, sem ekki eiga heimili í hreppnum, og í annan máta af því, að jörðin Vattarnes er ríkiseign, var, að ég hygg, að hálfu eign Vattarneskirkju og að hálfu klausturseign. Með þessum framkvæmdum mundi því verða bætt eign ríkisins. Það hefur komið í ljós á undanförnum árum, að ríkið vill ekki sleppa sínum eignarrétti, og það er vegna þess, að margir hafa trú á því, að þarna sé um framtíðarmöguleika að ræða.

Það hafa verið ýmsar bollaleggingar um það, hvernig ætti að fara með Vattarnes, til þess að það kæmi að sem beztum notum fyrir þjóðarheildina og hagsmuni þeirra, sem þar geta haft hagsmuni.

Ég held, að með þessari stuttu lýsingu af aðstöðinni þarna hafi þeir hv. dm., sem á mál mitt hafa getað hlustað, getað sannfærzt um það, að hér er á ferðinni nytjamál, sem er fyllilega þess vert, að það fengi greiða afgr. engu síður heldur en hliðstæð mál, sem fyrir þ. hafa legið, og eru svipaðs efnis. Ég skal geta þess, að með þessu frv., eins og öllum l., sem sett hafa verið um hafnarbætur á fyrra ári, er svo ráð fyrir gert, að verstöðin geti staðið undir mannvirkjunum. Það er einmitt þetta form, sem ég held, að eigi vel við á Vattarnesi, og ég veit það fyrir víst, að allir þeir, sem uppsáturs njóta á Vattarnesi, verða fúsir til þess að leggja á sig þá byrði, sem frv. mælir fyrir um, þ. e. að greiða í lendingarsjóð allt að 6% af brúttóafla. Ég vil svo að lokum óska þess, að málinu verði að lokinni umr. vísað til sjútvn., og vænti þess, að það geti fengið þar fljóta og heppilega afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 476).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hef litlu við það að bæta, sem fram kom í frumræðu minni við 1. umr.

Sjútvn. hefur athugað frv., og hefur hún átt kost á að athuga uppdrætti þá, sem liggja fyrir um þetta mannvirki, og kostnaðaráætlanir bæði frá árinu 1932 og síðari áætlun frá 1939, þar sem breyting hefur verið gerð á um gerð þessa mannvirkis. N. er öll sammála um að mæla með, að frv. gangi fram. Að öðru leyti get ég vísað til þess, sem fram kom við 1. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 476 samþ. með 11:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 487).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 487, n. 599).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Um þetta mál hefur verið fengin umsögn vitamálastjóra. Hann hefur athugað málið og borið aðstæður um lendingarbætur saman við lendingarbætur þar, sem líkt stendur á.

Þetta er ein af álitlegri útgerðarstöðvum á Austurlandi, og leggur n. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 622).

---

51. Höfundaréttur og prentréttur (frv. StJSt o. fl.).

Á 33. fundi í Nd., 15. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarrétt og prentrétt (þmfrv., A. 202).

Á 36. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Stefán Jóhann Stefánsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum. Með því er gert ráð fyrir að leiðrétta gömul og úrelt lög um réttleysi höfunda til verka sinna.

Frá því að l. um rithöfundarétt og prentrétt voru sett árið 1905, hefur aðeins verið gerð á þeim smábreyting 1912, en fyrir mörgum árum hefur verið kvartað undan því af hálfu listamanna og annarra, að þessi úreltu lög mættu ekki standa svo lengur. Fyrir nokkru var flutt frv. til breyt. á þessum lögum, en það dagaði þá uppi. Árið 1939 var svo flutt frv., sem stefndi

í svipaða átt og þetta, en það dagaði einnig uppi.

En nú er kominn nýr skriður á þetta mál. Þeir, sem hér eiga um sárt að binda, hafa myndað með sér sterk samtök og hafa nú óskað eftir að löggjafarvaldið veitti þeim aukinn rétt til verka sinna.

Höfuðatriðið er að rýmka það takmarkaða svið til höfundaréttinda, sem rithöfundum og tónskáldum var veitt árið 1905 og með lagabreyt. 1912 var einnig látið ná til mynda og uppdrátta. Mesta öryggisleysið er þó fólgið í því, að eftir 5 ár frá gerð verksins máttu allir notfæra sér það, án þess að höfundurinn gæti nokkuð sagt við því. Nú er lagt til að höfundur fái fullan rétt á verki sínu frá útgáfu þess og áfram um ótakmarkaðan tíma. Þá er og lagt til að rýmka svið laganna, þannig að þau nái til fleiri listagreina og andlegra verka. En svo að þessi lög komi ekki of hart niður á almenningi og öllum félagsskap hér á landi, er sett inn ákvæði um það, að þessi verk megi um hönd hafa á smærri samkomum kvaðalaust án leyfis og endurgjalds.

Nú hefur stéttarfélag höfunda komið sér saman um ákveðinn taxta á verkum sínum, og skal þá sá taxti því aðeins hafa gildi, að hann sé staðfestur af menntmrh. Þetta er gert til þess að tryggja það, að höfundar geti ekki haft fulla einokun á verkum sínum.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vænti þess, að þar sem það er vel undirbúið, fái það að ganga hraðbyri í gegnum þingið. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. 257).

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Sökum þess að frsm. n., hv. þm. Snæf., er við próf í háskólanum, bað hann mig að hafa framsögu, svo að málið gæti haldið áfram.

Menntmn. hefur orðið sammála um frv. Eins og sjá má á þskj. 257, hefur n. borið frv. saman við gildandi l. og komizt að þeirri niðurstöðu, að í þeim felist réttmætar og nauðsynlegar réttarbætur fyrir höfunda, og með þeim forsendum leggur hún til, að frv. verði samþykkt. Ég tel mig ekki þurfa að fjölyrða um frv., því að í grg. málsins er gerð full grein fyrir því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. 499 og 526, 536, 537).

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Þetta frv. er flutt af 8 þm. í Nd. samkv. ósk Bandalags íslenzkra listamanna og ályktunum listamannaþingsins 1942 í því skyni að bæta til bráðabirgða úr þeim ágöllum höfundalaganna, sem bersýnilegastir eru og ekki verður lengur við unað. Rithöfundal. eru mjög gömul, eða frá 1905, og ýmislegt hefur gerbreytzt á þessum tíma, og má svo að orði kveða, að hér á Íslandi séu höfundar réttlausir með öllu, jafnvel hér í sínu eigin landi, um eignarrétt á verkum sínum. Þetta hefur orðið sérstaklega ljóst síðan útvarpið kom til sögunnar, því að í gömlu l. var gert ráð fyrir því, og þess vegna eru engin ákvæði um rithöfundarétt hvað viðvíkur flutningi í útvarpinu. Margt hefur breytzt frá þessum tíma, gömlu l. eru því mjög ófullkomin, og því er þetta frv. flutt til þess að koma í veg fyrir verstu annmarkana, sem eru á l. og tryggja rithöfundum og öðrum listamönnum þó nokkurn rétt yfir verkum sínum. Það er hægt að taka það fram strax, að í þessu frv. er gengið svo skammt, að í flestum öðrum löndum hafa listamennirnir meiri rétt en hér er gert ráð fyrir. Menntmn. Nd. hafði frv. til athugunar og var á einu máli um að leggja til, að það væri samþ. óbreytt. Það var og samþ. einróma í Nd. Menntmn. þessarar d. hefur athugað frv., og verð ég að segja, að hún hefur ekki verið mikilvirk í þessu efni frekar en öðrum. N. hefur ekki getað orðið á einu máli um afgreiðslu málsins. Einn nm. lagði á móti frv. og fann því ýmislegt til foráttu, en meiri hl. var sammála um að mæla með því. Þó hafa síðan komið fram brtt. við frv. frá báðum nm. Í raun inni var ástæðulaust, að mínu áliti, að koma fram með nokkra brtt. við frv. eins og það er nú, vegna þess, hve skammt það gengur, og í öðru lagi er gert ráð fyrir, að þetta standi aðeins til bráðabirgða, og hefur verið samþykkt í Sþ. till. um endurskoðun á rithöfundal. yfirleitt, en af því að það má gera ráð fyrir, að þetta taki nokkurn tíma, hafa þeir, sem að málinu stóðu, viljað tryggja listamönnum nokkurn rétt strax. Það koma fram í áliti minni hl. nokkrar aðfinnslur við frv., en ég held, að þær aðfinnslur séu aðallega tvenns konar, og eingöngu sprottnar af fljótfærni og þess vegna gersamlega staðlausar.

Önnur aðfinnslan er viðvíkjandi því, að hér komi fram óvenjulegur skilningur á rithöfundarétti, þar sem listamönnum er tryggður réttur yfir verkum sínum í ákvæðum laganna að öllu leyti að því er við kemur sýningum á þeim, þó að þau séu í einstaklings eign, þ. e. að einstaklingur, þótt hann eigi málverk myndlistamanna, megi ekki leyfa, að þau séu sett á sýningu nema þá á söfn. Við þetta er ekkert að athuga. Menn, sem eiga listaverk, sækjast yfirleitt ekki eftir að láta þau á sýningar, og þarf oftast að ganga á eftir þeim til þess, og í öðru lagi er ekki nema sjálfsagt, að listamaðurinn geti ráðið því, hvort verk hans eru sett á sýningu eða ekki. Þetta ákvæði er ekki mikilsvert og er sett til varúðar og í samræmi við rithöfundal. erlendis. Önnur aðfinnslan er viðvíkjandi flutningi á lögum og tónverkum. Minni hl. segir í áliti sínu: „Hér á að lögfesta það, að í hvert skipti, sem sungin er vísa eða leikið lag eftir íslenzka menn, og sé ekki liðin hálf öld frá dauða þeirra, þá geti skáldið eða erfingjar þess gert fjárkröfur á hendur þeim, er stendur að söngskemmtuninni.“ Þessi skilningur á frv. er alger fjarstæða. Það er skýrt tekið fram og ætlazt til þess í 3. gr., að settar verði ákveðnar reglur fyrir flutningsrétti á ritverkum og tónsmíðum, og einmitt tekið fram, að l. komi ekki í gildi fyrr en þessar reglur hafa verið settar, og þetta er gert til þess að koma í veg fyrir, að þessi lagasetning geti haft nokkra óvissu í för með sér. En í 2. gr. stendur: „Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum og reglur verið settar um það efni, og skal þá heimilt, án sérstaks leyfis hverju sinni, að lesa upp og flytja í útvarp einstök kvæði, smásögur, ritgerðir eða kafla úr ritum, svo og syngja eða leika einstök lög eða tónverk, sem út hafa verið gefin, eða kafla úr þeim.“ Það er því mesti misskilningur að ætla, að í hvert einasta skipti þurfi að leita leyfis um flutning á kvæði, sögu eða tónsmíð. Það er ætlazt til, að settar verði reglur um það og síðan skipt launum fyrir verkin, ef þau falla undir ákvæðin.

Enn fremur hefur síðan nál. var gefið út komið kvörtun frá Sambandi íslenzkra karlakóra, sem felur í sér eins konar mótmæli gegn því, að frv. verði samþ. óbreytt, og telur sambandið, að frv. skapi hömlur fyrir starfsemi söngkóra í landinu. Ég álít, að þetta sé á sama misskilningi byggt og álit minni hl. Þess var einmitt mjög vel gætt, þegar frv. var undirbúið, að það yrði ekki til þess á nokkurn hátt að trufla þá söngstarfsemi, sem er í landinu, eða aðra listastarfsemi, því að í 2. gr. eru undantekningar um þetta. Í 2. gr. segir: „Einstök kvæði, sögur, ritgerðir og kafla úr ritum, svo og einstök lög og kafla úr tónverkum, sem út hafa verið gefin, má hafa um hönd án allra kvaða á samkomum, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til þess eingöngu að kynna menntir þjóðarinnar eða til mannfagnaðar aðeins, enda komi þá engin greiðsla fyrir flutninginn, svo og á samkomum félaga eða skóla, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum kostnaði.“ Þegar um starfsemi er að ræða, sem eingöngu er menningarstarfsemi, er ekki tekið fyrir verkin og starfsemi söngkóra fellur undir það. Hins vegar er ranglátt, að söngkórar, sem flytja verk tónlistarmanna, græði á slíkri starfsemi, en höfundurinn fái enga þóknun fyrir verk sitt. Það er orðið mjög nauðsynlegt, að rithöfundum og listamönnum sé tryggður réttur yfir verkum sínum, og ég álít, að þessar aðfinnslur eigi ekki við rök að styðjast, og að vísa frv. frá með rökstuddri dagskrá álít ég fjarstæðu. Það hefur allt of lengi dregizt að gera breyt. um þessi mál, og þrátt fyrir það, þótt þál. væri samþ., getur það dregizt mjög lengi, að ný löggjöf verði samþ.

Ég vildi þá segja örfá orð um þær tvær brtt., sem komu fram. Þær ganga báðar í sömu átt, að tryggja það, að þessi ákvæði geti á engan hátt truflað starfsemi söngfélaganna í landinu. Það getur virzt svo í fljótu bragði, að hér sé um svo skyldar till. að ræða, að hægt hefði verið að bræða þær saman, en þó er munurinn á þeim mjög mikill. Önnur brtt. er frá hv. 2. þm. Árn. Þar segir: Söngfélög og aðrir, er hafa með höndum tónlistarstarfsemi án þess að þeir taki sérstaka greiðslu fyrir, skulu og njóta undanþágu samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar.“ Svo en hin brtt. Þar segir: „Það skal tryggt með reglugerð, að ákvæði laga þessara hindri í engu starfsemi söngfélaga og annarra hliðstæðra félaga, sem halda uppi tónlistarstarfsemi með þeim hætti, að félagsmenn taka enga greiðslu fyrir störf sín.“ Það er gert ráð fyrir hér í frv., að reglugerð verði samin, og við, sem flytjum brtt. á þskj. 536, viljum, að þetta sé tryggt með reglugerð, en teljum mjög slæmt, ef fram koma undanþáguákvæði við sjálf l., því að við álítum, að það sé sama sem að fella allar skorður burtu og þá sé alltaf verið að koma fram með till. um nýjar og nýjar undanþágur og þess vegna sé rétt, að það sé tekið fram, að ákvæði l. hindri í engu starfsemi söngfélaga.

Ég held, að það sé óþarfi að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég mæli með því, að rökst. dagskráin verði felld og frv. samþ., því að með samþykkt þess er ekki langt gengið í því að tryggja rithöfundum rétt í samanburði við það, sem gert er í öðrum löndum, en þeim tryggður nokkur réttur og verstu annmarkarnir á löggjöfinni frá 1905 a. m. k. þar með úr sögunni.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég álít mjög heppilegt, að hér í d. er nú staddur sá maður, sem bæði er menntamaður og einn af meiri háttar lögfræðingum landsins, dómsmálaráðherrann, og getur þess vegna aðstoðað d. í meðferð þessa máls, sem er ekki aðeins menntamál, heldur er líka komið inn á einkaréttinn á þann hátt, sem ekki hefur þekkzt hér áður. Ég vil fyrst víkja að hinu nokkuð mikla bráðlæti hjá þessum mönnum, að þeim nægir ekki að hafa borið fram og fengið samþykkta í Sþ. till. um að rannsaka þetta efni og fá löggjöf um það, heldur telja þeir nauðsynlegt að koma fram með lagabreyt. nú þegar, eins og ekki sé hægt að bíða eftir því, að þetta margþráða lagafrv. komi. Þetta varð til þess, að ég bar fram rökst. dagskrá, sem ég hefði orðað öðruvísi, ef ekki hefði verið búið að samþykkja

þessa till. í Sþ., því að það má nú telja, að grundvellinum sé kippt undan því að koma með þetta frv., úr því að það er ekki nema til bráðabirgða. Sá hugsunarháttur, sem þetta frv. byggist á, er sá, að höfundar, listamenn og listiðnaðarmenn eigi að geta fengið miklu meiri rétt en áður hefur verið hér, og það gengur svo langt, eins og líka hefur komið fram, að stærstu listamannasamtökin í landinu, kórarnir, hafa risið upp og sagt, að það eyðileggi starfsemi þeirra, ef þetta verði gert að l. Ég vildi mælast til þess, að formaður menntmn., ef hann tekur hér til máls á eftir, sem hann sjálfsagt gerir, vildi lesa bréf það, sem n. barst um þetta frá Sambandi ísl. karlakóra, svo að d. fái að heyra þau rök, sem þar eru færð fram. Ég vil benda á, að það er alvarlegt mál, þegar mótmæli koma frá mönnum, sem eru fulltrúar fyrir söngfélögin í landinu, sem líklega telja um 1000—2000 manns, og þeir fullyrða, að árangurinn af þessu frv. muni verða sá að leggja starf kóranna í rúst.

Form. menntmn. hefur nú lánað mér þetta bréf, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa það upp. Það er frá Sambandi íslenzkra karlakóra og undirritað af formanni sambandsins, Ágústi Bjarnasyni, sem er sonur Bjarna Jónssonar prófasts hér í Rvík:

„Framkvæmdaráð Sambands íslenzkra karlakóra hefur athugað frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 20. október 1905, um ritheiðundarétt og prentrétt, og komizt að þeirri niðurstöðu, að verði frv. samþ. óbreytt, geti það haft lamandi áhrif á söngstarfsemina í landinu, einkum meðal starfandi söngflokka.

Starfsemi söngflokka hérlendis er eingöngu sjálfboðastarf áhugamanna og fjárhagur mjög þröngur, svo þröngur, að ekki er ótítt, að seilast þarf í vasa söngmannanna til þess að geta greitt nauðsynlegasta kostnað. Getum vér því ekki séð, að söngflokkar séu á neinn hátt færir um að mæta neinum auknum kostnaði, svo sem þeim, er af frv. leiðir. Höfum vér átt tal við nokkra söngstjóra S. Í. K., og eru þeir allir eindregið á sömu skoðun og vér um þetta mál.

Vér höfum einnig fulla ástæðu til að halda, að íslenzkum tónskáldum þyki nokkur viðurkenning í því, að verk þeirra séu flutt af kórum hér, og ætti því frekar að hvetja en letja kórana til flutnings innlendra verka.

Af þessum ástæðum leyfum vér oss að beina þeim tilmælum til hv. menntmn. Ed. Alþingis, að hún hlutist til um, að felld verði inn í frv. undanþága til handa íslenzkum söngflokkum og söngvurum frá ákvæðum frv."

Svo mörg eru þau orð. Það líða í stuttu máli ekki nema fáir dagar frá því þetta mál kemur á dagskrá og þangað til koma mótmæli frá mönnum, sem eru fulltrúar fyrir mörg hundruð, jafnvel mörg þúsund listamenn í landinu. Það sýnir, hve grunnfærnislega þetta frv. er undirbúið, að ekki skyldi vera reynt að komast í samband við forráðamenn söngmannanna í landinu, en auðséð er, að þessir menn hafa ekki vitað um frv. og biðja svo menntmn. Ed. að bjarga sér undan þessum óvinum, sem að þeim sækja. Það þarf þess vegna meira handa söngmönnunum en þessa loðnu undanþágu, sem farið er fram á samkv. till. formanns menntmn., þeir fara fram á algerðar undanþágur frá þessum kvöðum, af því að þær hafi lamandi áhrif á starfsemi þeirra Ég geri ráð fyrir, að það komi í ljós, að þetta er ekki heppilegt, og þess vegna er það líka, að form. menntmn., sem ekki hafði tekið því ólíklega að vera með þessu frv., hefur komið með till., sem á að vera til hagsbóta fyrir söngkórana, og svo hefur frsm. ekki séð annað fært en koma líka fram með brtt., en svo loðna, að það er ekkert gagn að henni, en það sýnir, að hann og hans menn finna, að það er ekki hægt að halda þessu áfram nema eyðileggja söngmenntina í landinu. Ég býst við, að það yrði vafasöm ánægja yfir frv. óbreyttu og finna, að menn eiga fulla óvináttu allra söngmanna í landinu, hvort sem þeir eru í landskórum eða kirkjukórum, sem líka getur komið til mála, að haldi opinbera samsöngva.

Ég vil ekki, af því að ég geri ráð fyrir, að málinu verði vísað frá og tekið til athugunar af hæstvirtri ríkisstjórn. eftir till. í Sþ., fara nánar inn á þetta, en ég álít frumvarpið gegnsýrt af kúgunaranda. Í frumvarpinu segir: „Danslag má leika kvaðalaust á slíkum samkomum, þó að hljóðfæraleikari taki venjulega þóknun, nema félagsbundin eða föst hljómsveit leiki." Í stuttu máli, það getur orðið hæstaréttarmál, og ástæða til skýringa fyrir hæstaréttarmálaflutningsmenn landsins, hvort leika megi þetta eða hitt danslag. Ég ætla að benda á eitt hagnýtt atriði. Söngmennirnir benda á, að þeir geri ekki list sína sér til framdráttar. En tveir kórarnir í Rvík hafa farið til útlanda til þess að kynna landið. Þessar ferðir hafa ævinlega verið tekjuhallaferðir, eins og geta má nærri, þegar farið er með stóra hópa til annarra landa og svo ferðazt um þar. Nú er venjan, að þessir kórar haldi söngskemmtanir og selji aðganginn til þess að vinna upp þennan halla. Nú sjá allir, að þetta er ómögulegt, því að hér segir, að aðeins megi nota þessi verk, ef ekkert sé tekið fyrir það, en hér er seldur aðgangur og það meira að segja dýr aðgangur. Þetta er ákaflega flókið mál. Stundum getur það verið, að söngflokkarnir séu að vinna fyrir utanferð, sem þeir ætla að fara síðar, og þá er vel hægt að segja við þá: Þið seljið hér dýran aðgang og segist ætla til útlanda, en hver veit, hvort þið farið það nokkurn tíma. Þetta bendir á vanþekkingu þeirra, sem frv. flytja, og sýnir bezt, hve lítil brú er í því.

Ég vildi svo víkja að 1. gr. frv. og biðja hæstv. dómsmrh. um skýringu á henni. Þar segir: „Höfundur hver á eignarrétt á því, er hann hefur samið eða gert. ..... að birta og gefa út rit sín, skrifuð, prentuð eða margfölduð á hvern hátt sem er, þýða þau, sýna þau á leiksviði eða í kvikmynd, lesa þau upp, flytja í útvarp eða hagnýta þau eða koma á framfæri með öðrum hætti." Svo kemur 2. liður. Þar segir, að listamaðurinn hafi einkarétt á að gera eftirlíkingar og ljósmyndir af verkum sínum, og svo hefur hann enn fremur einkarétt að því að sýna verk sín opinberlega, í hvaða skyni, sem það er gert. Eins og tekið er fram í aths. mínum, hefur fram að þessu verið gert ráð fyrir, að maður, sem kaupir hlut eða fær hann gefinn, yrði um leið óvéfengd-

ur eigandi hans. En segjum nú, að maður hér í Rvík, t. d. dómsmálaráðherrann, ætti 2 dýr málverk, annað, sem hann hefði keypt, og hitt hefði honum verið gefið á einhverjum merkisdegi í ævi hans. Það er keypt af listamanninum og borgað fullu verði. Ég geri ráð fyrir, að dómsmálaráðherrann hefði fram að þessu álitið, að hann ætti þessa mynd og mætti lána hana á sýningu, ef hann óskaði þess. Þetta bann nær einnig til þess, ef maður hefur fengið mynd að gjöf og hann langar til að taka af henni ljósmyndir til þess að gefa sínum nánustu til minningar. Hann er eins konar leigutaki að verkunum. Sérstaklega er þetta merkilegt, þegar kemur til listiðnaðar, því að hér er talað um ljósmyndir og listasmíði og þar á meðal tréskurð. Ég hef tekið eftir, að fjölda margir göngustafir, sem eigendur hafa talið sig eiga, eru útskornir, og nú kemur í ljós, að þeir eiga þá ekki og verða að fá leyfi til þess að láta þá á listiðnaðarsýningu, og það er undir höfundinum komið, hvort það leyfi fæst.

Það er mála sannast, að það er hægt að komast langt í þessari löggjöf, eins og þar sem rithöfundar geta krafizt þess að fá nokkurra aura leigu af hverri bók, sem lánuð er eftir þá út af safni. Þetta er til, og það er enginn vafi á því, að það er hugsun manna, sem ekkert hafa kynnt sér málin, heldur líta aðeins á þau frá sjónarmiði höfundanna, að koma þessu á hér.

Nú á síðustu áratugum hefur verið rætt um, að Ísland gengi í alþjóðasamband rithöfunda, en það hefur ekki verið gert vegna þess, að það hefur verið álitið, að okkar fámenna þjóð hefði ekki ráð á því, en þetta hefur verið bætt upp með því, að ríkið hefur borgað meira og minna fastan styrk til allra þeirra manna, sem eitthvað hafa gert í þessu efni. Þess vegna er þetta frv. byggt á algerðum misskilningi, því að þegar tónskáldin fá ríkulega borgað hjá þjóðfélaginu fyrir verk sín, er ekki nokkur meining, að með einkaréttarákvæðum sé gengið svo frá, að ekki sé hægt að nota þau. Það kom fram hjá frsm., að hugsanagangur hans er ekki tengdur því, sem hentar hér á landi eða vestan megin við Eystrasalt, og þess vegna er ekki von, að hann viti þetta frekar en annað, sem hér gerist í þessum málum.

Ég býst við, að þegar menn athuga þetta, muni þeim þykja heppilegt að láta þetta mál hvíla sig hluta úr ári a. m. k. til betri rannsóknar.

Eiríkur Einarsson: Það er líklega bezt, til þess að ákveða þríhyrninginn nú þegar, að ég taki til máls nú strax um þetta mál. Þeir tveir menn úr menntmn., sem hafa talað, hafa gert grein fyrir afstöðu sinni, og mun sá þriðji gera það líka, því að þótt ég hafi skrifað undir nál. með öðrum nm., hefur það orðið svo, að við höfum borið fram brtt. hver um sig.

Það er rétt, sem hv. 7. landsk. þm. tók fram, að það hefur verið nokkuð sein afgreiðsla á þessu máli hjá menntmn. d. N. hefur ekki orðið stórvirk og seinvirk fremur, og kann þm. að þykja það einkennilegt, þar sem sú n. á því láni að fagna, að meiri hl. hennar er skipaður sérstökum áhugamönnum um menntamál, og tveir nm. þekktir að því að hafa unnið mikið að þeim málum, svo að það er erfitt að ætla sér að taka til máls á eftir þeim. Ég mun svo ekki hafa meiri umbúðir um þetta, en víkja að því máli, sem hér liggur fyrir. Ég veit það vel, að það er ekki hægt að þjóna tveimur herrum, annars vegar að mæla með því, að frv. verði samþ., og hins vegar að bera fram brtt. við það um það, að söngfélög og aðrir, er hafa með höndum tónlistarstarfsemi án þess að þeir taki sérstaka greiðslu fyrir, skuli njóta undanþágu um meðferð skáldverka og tónverka. Það hafa komið fram kvartanir út af þessu, og hef ég að veikum mætti viljað taka þær til greina. Þessar kvartanir hafa komið frá mönnum, sem flutt hafa íslenzk skáldverk og tónverk og þar með stuðlað að því, að almenningur fengi notið þessa, og án þess að ég vilji fara langt inn á það mál, langar mig til að tryggja það, að íslenzkir söngkórar geti starfað framvegis hindrunarlaust, eins og þeir hafa gert áður. Ég játa, að ég þekki lítið inn á þetta, en mér þykir unun að því að hlusta á söng. En ef þetta yrði að l., mundu söngflokkar verða að sækja um leyfi höfunda til að mega flytja þetta eða hitt lagið á hljómleik eða samkomum, og gæti það orðið þeim tilfinnanlegur fjötur um fót. Ef höfundar laganna gerðu sig dýra, gæti það orðið til þess, að söngflokkar yrðu af mörgum góðum lögum og söngskráin yrði því lélegri en ella mundi. Ég geri raunar ekki ráð fyrir, að þessar hömlur yrðu mjög harðar, býst við, að flestir höfundar tónsmíða mundu líta frjálslega á þetta og slík leyfi því oftast verða auðsótt. En eigi að síður er betra að eiga ekki eftirkaupin um þetta fremur en annað.

Ég tel þess vegna, að brtt. sú, sem ég hef flutt á þskj. 537, eigi fullan rétt á sér. Hún er svipuð brtt. frá hv. 7. landsk. þm., en þó er þar munur á. Ég vil hafa beina lagaundanþágu til handa söngfélögunum og öðrum, sem hafa með höndum tónlistarstarfsemi, sams konar undanþágu og veitt er fyrr í sömu gr. Ef veita á söngfélögum undanþágur, er rétt að gera það á samræmilegan hátt. Það er ekki rétt að veita annars vegar undanþágu eins og þá, sem um er að ræða í 2. mgr. 2. gr., en gera svo ráð fyrir, eins og hv. 7. landsk. þm. gerir, að það sé tryggt með reglugerð, er ríkisstj. setur, að ákvæði l. hindri á engan hátt starfsemi söngfélaga eða annarra slíkra félaga.

Ég get svo látið útrætt um þetta. Þó að ég vilji, að frjáls íslenzkur söngur megi njóta sín í framtíðinni sem hömlulausast, hef ég viljað mæla með því, að fullur skilningur sé sýndur á rétti listamanna. Ég fellst á, að þeir eigi að eiga nokkurn rétt á sínum eignargæðum eins og aðrir. Sá heildarskilningur minn hefur leitt til þess, að ég hef treyst mér til að ljá þessu frv. jákvæði mitt, þó að ég telji, að þar mætti ýmislegt betur fara.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Ég verð að viðurkenna, að ég hef takmarkað vit á þessu máli öllu, en ég tel eigi að síður hæpið að afgreiða það án þess að það sé áður rækilega undirbúið. Eins og hv. þd. er kunnugt, var nýlega samþykkt í Sþ. þáltill., þar sem skorað var á ríkisstj. að láta endurskoða l. um rithöfundarétt og undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni. Nú dreg ég ekki

í efa, að nauðsyn sé á því að undirbúa nýja löggjöf um rithöfundarétt og ég efast ekki heldur um, að sá ráðh., sem fer með þessi mál til næsta þings, muni verða við fyrrnefndri áskorun. Sá ráðh. mun eflaust fela undirbúning málsins þeim mönnum, sem færastir geta talizt, fyrst og fremst rithöfundunum sjálfum, auk þess að góður lögfræðingur verði látinn fjalla um málin jafnframt. Ég tel, að þessu ætti að geta orðið lokið fyrir haustið, því að ég ætla, að þegar hafi allverulegur undirbúningur farið fram. Rithöfundar munu sjálfir hafa unnið nokkuð að þessu og auk þess tveir hæstaréttardómarar fyrir fráfarandi stj. En ef þetta er athugað, virðist ekki bráð þörf að gera þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Svo er það, að í 3. gr. segir, að lögin öðlist þá fyrst gildi og komi til framkvæmda, þegar settar hafi verið reglur samkv. 2. málsgr. og menntmrh. staðfest þær. Það getur verið, að við muni þurfa nokkuð ýtarlegs undirbúnings þessara reglna, og ég á ekki víst, að sá undirbúningur yrði löngu á undan heildarundirbúningi málsins. Mér sýnist því ekki óráðlegt að vísa þessu máli til ríkisstj. á sama hátt og Alþ. hefur falið henni að undirbúa löggjöf um efnið. Ég skil ekki, að þetta mætti ekki bíða eftir þeirri heildarlöggjöf.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal vera stuttorður, því að allt liggur málið miklu greinilegar fyrir, síðan hæstv. dómsmrh. hélt ræðu gær. Ég vil aðeins undirstrika það, að með samþykkt frv. lýsir Alþingi í rauninni yfir vantrausti sínu á hæstv. ríkisstj., því að fyrir skömmu var samþ. þál. í Sþ., sem fer mjög í líka átt og frv. þetta. Það er því að vantreysta hæstv. ríkisstj. að fara að samþykkja frv.

Það er viðurkennt af hv. þm. S.-Þ., að hann mundi hafa orðað dagskrártill. sína öðruvísi, ef hann hefði þá vitað um, hvernig afgreiðslu hin hliðstæða þáltill. hefði fengið í Sþ.

Ég vil nú bera fram brtt. við þessa dagskrá, svo hljóðandi:

Dagskrártill. orðist svo:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin verði við þeirri ályktun Alþingis að hraða eftir því, sem frekast eru föng á, undirbúningi heildarlöggjafar um höfundarétt og listvernd og leiti þar um tillagna frá Bandalagi ísl. listamanna, telur deildin ekki tímabært að taka afstöðu til frumvarps þess, sem fyrir liggur, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég vona, að hv. dm. séu mér sammála um, að þetta sé heppilegasta lausnin á málinu.

Forseti (StgrA): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Barð. við dagskrártill. á þskj. 526, og er hún á þessa leið: [Sjá hér að ofan eða þskj. 567]. Afbrigði þarf fyrir þessari brtt., ef hana skal taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég get einnig, eins og hv. þm. Barð., stytt mál mitt bæði sökum hinnar greinilegu ræðu hæstv. dómsmrh. og ræðu hv. þm. Barð., sem lítur á málið svipað og ég geri.

Ég efast ekki um, að þetta frv. sé fram komið af nauðsyn, en ég efast um, hversu víðtækt það er, því að það hefur enn ekki verið skýrt. Í 1. gr. stendur, að höfundur eigi eignarrétt á því, sem hann hefur samið eða gert, o. s. frv., og ég vil spyrja, hvort hann hafi einkarétt á því, sem hann hefur selt einkaréttinn að. T. d. ef hann hefur selt málverk og ekki hefur verið hafður neinn fyrirvari með söluna, þá er enginn vafi á því, eftir núgildandi l., að kaupandi málverksins getur gert við það, hvað sem honum sýnist. Er það ætlunin, að þetta breytist þannig, ef frv. verður samþ., að réttur kaupanda verði skertur? Mér skilst, að kaupandi málverksins hafi samkv. frv. ekki ráð yfir því og seljandi geti t. d. bannað honum að sýna það opinberlega. Hvernig verður t. d. með málverk, sem ég hef nú keypt og hef rétt til að gera við það, sem ég vil. Verður þessi réttur takmarkaður héðan af, eða gildir þetta aðeins um málverk, sem málarar selja hér eftir? Meðan ekki hefur verið gerð grein fyrir þessu, þá tel ég varhugavert að samþykkja frv.

Ég er þó ekki andvígur frv. og tel rétt, að höfundar fái bætur fyrir, þá er verk þeirra eru lesin upp í útvarp og því um líkt. En ef það hefur vakað fyrir hv. flm., þá áttu þeir ekki að fara inn á vafasöm svið, sem þeir hafa ekki skýrt enn þá. Ég mun þess vegna, nema hv. flm. svari til fullnustu þessum spurningum mínum og skýri hin vafasömu atriði, greiða dagskrártill. hv. þm. Barð. atkvæði mitt, en hann tók málið eðlilegum tökum.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég vil aðeins taka fram, eins og kom fram hjá hv. þm. Barð., að þar sem ég tel brtt. hans við dagskrána að vissu leyti falla betur við málið, þá mun ég greiða henni atkv., en tek till. mína ekki aftur, af því að till. hans er stíluð sem brtt. og getur því ekki staðizt ein.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins gera grein fyrir atkv. mínu, og get ég þar að langmestu leyti vísað til þeirra annarra, sem hafa talað í þessu máli. Ég mun greiða atkv. með dagskrártill. breyttri eins og hún kemur fram í skrifl. brtt. hv. þm. Barð. Þetta má þó ekki skilja sem andstöðu mína móti málinu, heldur finnst mér stappa nærri, að það sé gamanleikur að setja þessa löggjöf nú og semja síðan eftir henni reglugerðir samtímis því, að samþ. er í Sþ. till. um, að ríkisstj. láti undirbúa löggjöf um þetta efni, og ekkert útlit er fyrir annað en að sú löggjöf verði til fyrir lok þessa árs, svo að þessi l. mundu vart koma í gildi fyrr en um leið og þau væru úr gildi numin af þeirri löggjöf, sem stj. lætur væntanlega undirbúa.

Ég tek undir með hv. samþm. mínum um það, að mér finnst orðalag 1. gr. gróflega almennt. Ég segi þó ekki, að ég gæti ekki fallizt á það, ef á undan væri gengin rannsókn manna, sem hefðu kannske borið þetta saman við löggjöf annarra

landa. Mér sýnist 1. gr. ríkt að orði kveða um það, að listamaður eigi listaverk sitt, en ekki sá, sem hefur keypt það. En hvað sem öðru líður, þá er listaverk, sem maður hefur eignazt, hans eign, og sá eignarréttur er verndaður í stjórnarskránni og verður ekki af honum tekinn nema með heimild um eignarnám, en ég skil vel, að listamenn hér hafi fundið, að þeir hafi verið nokkuð vanhaldnir af þeirri löggjöf, sem nú gildir um þetta efni. Ég get samþykkt dagskrána í þeirri mynd, sem hún fær, ef brtt. hv. þm. Barð. verður samþ., því að henni fylgir aukinn eftirrekstur um, að fljótt verði undinn bugur að þeirri löggjöf, sem Sþ. samþykkti till. um nú fyrir skömmu.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Flm. þessa frv. var vel ljóst, að hér var um tvennt að ræða. Sömu menn stóðu að þessu frv. og þeirri þáltill., sem samþykkt var í Sþ. Þeir bjuggust sem sagt við því, að undirbúningur heildarlöggjafar um þetta efni mundi taka alllangan tíma. Þess vegna báru þeir samtímis fram frv. svo sem bráðabirgðalausn til þess að taka verstu annmarkana af l.

Það hafa komið fram grunsemdir um, að frv. mundi vera varhugavert. Ég er enginn sérfræðingur í lögum, en tveir af flm. eru það. Annar er hæstaréttarmálaflm., en hinn prófessor í lögum við háskólann. Þetta eru tveir af þeim, sem standa að frv., og ég geri ekki ráð fyrir, að þeir hafi rasað um ráð fram, þeir hafa athugað, að hverju leyti gömlu l. er ábótavant, og hvað nýtt þurfti að koma og hafa borið það saman við löggjöf annarra landa, og þessi ákvæði, sem hv. þm. þessarar d. finna að, eru í erlendri löggjöf, og hefur ekkert þótt við það að athuga. Ég held líka, að mikils misskilnings gæti í sambandi við takmörkun á eignarrétti manna á málverkum. Þessi takmörkun felst í því einu, að menn mega ekki sýna þau opinberlega án leyfis listamannsins, — að öðru leyti er eignarrétturinn ótakmarkaður. Menn geta selt öðrum þau o. s. frv. Þetta þykir nauðsynlegt að hafa í erlendri löggjöf til að hindra, að menn fari að halda opinberar sýningar á málverkum, meðan listamennirnir eru sjálfir lifandi og þurfa sjálfir að halda sýningar á listaverkum sínum og selja þau, sem er þeirra eina tekjuvon. Ég held satt að segja, að ekkert sé við þetta að athuga og öðrum þjóðum hafi ekki þótt það, og eins hygg ég, að sé með aðrar aðfinnslur, sem hafa komið fram móti þessu frv.

Ég vil enn fremur segja það, að fyrst þessi þáltill. hefur verið samþykkt og ríkisstj. ber að undirbúa allsherjarlöggjöf um rithöfundarétt og menn virðast sammála um, að ekki muni dragast lengi, þar til hún komi fram, þá er gott að fá til bráðabirgða dálitla reynslu, eins og ætlazt er til, að þessum málum verði skipað samkvæmt þessu frv. Þess vegna sýnist mér ekkert athugavert við það, að frv. verði samþ. nú þegar, en rökst. dagskráin felld. Ég óttast sem sagt í þessu sambandi, að undirbúningur löggjafarinnar, sem verður miklu víðtækari og sennilega ekki aðeins um það, heldur líka rétti íslenzkra listamanna út á við, en út á við eru þeir réttlausir, t. d. víðvíkjandi þýðingum rita eftir sig, að þetta taki svo mikinn tíma, jafnvel að það geti dregizt í mörg ár þar til slík lög yrðu samþ. Ég vil því eindregið mælast til, að þetta frv. verði samþ. En komi í ljós annmarkar á þessari löggjöf, þá er auðvelt fyrir stj., sem á að sjá um þennan undirbúning, að setja l., sem koma í veg fyrir það.

Það var ýmislegt í ræðu hv. þm. S.-Þ., sem ástæða hefði verið til að svara. Hann sagði, að með þessu frv. væri verið að leggja starf söngkóranna í rústir. Slíkt er ekki svaravert. Frv. hefur verið borið undir félag tónlistarmanna í bænum. Ég hef t. d. talað við Pál Ísólfsson, og fer því fjarri, að hann álíti söngstarfseminni í landinu geti stafað hætta af frv., og er þó vitað að maður eins og hann lætur sér allra manna mest annt um þessa starfsemi. Í öðru lagi er það, að gert er ráð fyrir, að settar verði ýtarlegar reglugerðir, samþykktar af dómsmrn., svo að ég held, að tortryggni út af þessum málum sé alveg ástæðulaus og ekki sé rétt af Ed. að hindra framgang þessa frv., sem hefur fengið eindregið fylgi í Nd. og er flutt af jafnmörgum mönnum, sem treysta má til að hafa unnið samvizkusamlega að samningu frv.

Bjarni Benediktsson: Ég verð að segja, að það sýnist koma fram mikið vantraust á hæstv. stj. hjá hv. frsm. meiri hl., og er það því einkennilegra, þar sem vitað er, að hann tilheyrir þeim flokki, sem þessi stj. var sett upp að hvötum frá og hefur síðan reynzt aðalstuðningsflokkur stj. Það er einkennilegt, að hann heldur, að stj. muni ekki hlíta jafnskýlausri fyrirsögn og samþykkt var í Sþ. og nú á að ítreka með till. hv. þm. Barð.

Viðvíkjandi því, að málið sé vel undirbúið, þá sagði hv. þm., að frv. hefði verið borið saman við núgildandi íslenzka löggjöf og sams konar löggjöf erlenda. Ég skal ekki vefengja, að n. muni hafa borið frv. saman við l. um rithöfundarétt, sem gilt hafa frá 1905. Það er lágmarkskrafa, að slíkt hafi verið gert, og skal ég ekki vefengja það. En mér skilst, að það hafi ekki verið borið saman við erlenda löggjöf, og einn af flm. í Nd. sagði mér, að frv. væri ekki í samræmi við núgildandi löggjöf erlendis, a. m. k. ekki á Norðurlöndum. Ég skal ekki fullyrða, hvað rétt er í þessu, hvort hv. frsm. meiri hl. hefur rétt fyrir sér eða hv. flm. Þeir segja, að það sé í samræmi við þá löggjöf, sem ætti að koma, en það er allt annað mál en sú löggjöf, sem nú þegar er í gildi. Ég verð að halda fast við, að frv. er ekki svo vel úr garði gert sem skyldi. Það er ljóst, að margir af hv. flm. hafa verið fengnir til að flytja frv. í þeirri trú, að það væri almennur vilji listamanna, að það næði fram að ganga. Aftur á móti hefur komið í ljós, að a. m. k. sumir listamenn, sem við söngmennt fást, ef til vill ekki Páll Ísólfsson, en margir aðrir, telja, að frv. gangi freklega á rétt sinn. Hv. frsm. hefur af þeim sökum flutt till. um að bæta með reglugerð úr þeim ójöfnuði, sem felst í l., en ég efast um, að með reglugerð sé hægt að breyta fyrirmælum l., nema þau séu svo óákveðin, að lítið gagn sé í þeim hvort sem er. Hér er um að ræða svo veiga-

mikil atriði, sem á að skjóta til reglugerðar, að ég tel eðlilegt, að lagðir séu í frv. höfuðþættir þeirrar reglugerðar, svo að þingið geri sér ljóst, hvaða fyrirmæli er verið að setja um þetta, en ekki, að öllu sé skotið á frest, allra sízt þar sem ég skil ekki afstöðu hv. frsm. meiri hl., þar sem hann vill skjóta því undir þá stj., sem hann að vísu öfluglega styður, en treystir þó ekki til að sinna þessu máli eftir að hafa fengið um það eindregnar óskir þingsins.

Hér er ruglað saman tveimur ólíkum atriðum, annars vegar er það, sem er allsherjarréttlæti gagnvart rithöfundum og listamönnnum. Það er ekki ætlazt til þess, þegar þeir selja rit sitt til að gefa það út einu sinni eins og slíkir samningar munu yfirleitt vera, að þar í felist réttur til að dreifa því út yfir allt land með allt öðrum hætti, t. d. í gegnum útvarp. Þetta finnst mér sanngjarnt, að sé leiðrétt. En það er gersamlega ólíkt hinu, og fram hjá því gat hv. frsm. ekki komizt, ef listamaður selur einstaklingi listaverk, sem er ætlazt til, að sé látið hanga uppi á vegg og sé þar horft á það og á að takmarka rétt eiganda yfir því. Það væri t. d. óheimilt eftir frv., ef barn eigandans færi að teikna eftir myndinni, sem hangir uppi á vegg föður þess. Það gæti verið ástæða til að banna sölu á slíkri eftirmynd. Það er allt annað mál, en því er ekki heldur haldið sér að því í staðinn fyrir að banna hitt? Ef maður á málverk, sem hann hefur keypt samkvæmt núgildandi l., er þá heimilt skaðabótalaust að takmarka rétt hans svo greypilega yfir listaverkinu sem hér er gert? Hefur hv. frsm. meiri hl. gert sér grein fyrir því? Mér skilst t. d., að eiganda málverks væri eftir þessu frv. óheimilt að lána listaverkið til sýningar, sem sjálft ríkið gengist fyrir, og þá er hæpið, að mætti lána það til að hanga uppi í sölum Alþingis, af því að það hefur verið kallað, að þar væri listaverkasafn. Og ef má afhenda listaverk þannig til láns, þá er ólíklegt, að megi afhenda það til eignar á listaverkasafn. Hér er eitthvert vanhugsað vansmíði. Ég held, að hv. frsm. meiri hl. ætti að verða manna glaðastur, ef sú heilbrigða hugsun, sem felst í þessu frv., væri tekin af hans ágætu stj., málið undirbúið og lagt síðan fyrir Alþingi, svo fljótt sem auðið væri, og ef það tæki svo langan tíma að undirbúa þennan lagabálk, þá mætti bera fram nauðsynlegustu breytingarnar á haustþinginu, en láta ekki svo lítt hugsað frv. sem þetta ná fram að ganga. Það er listamönnunum sízt til gagns, en öllum til vansæmdar, sem þar nærri koma. Hv. frsm. meiri hl. segir, að hæstaréttarmálaflm. og prófessor við lagadeildina hafi unnið að undirbúningi frv. Þessir menn væru þá vel fallnir til þess að vera í þeirri n., sem skipuð væri til að undirbúa málið. En þrátt fyrir vantraust hv. þm. á stj., þá trúi ég því ekki, að hún finni ekki skelegga menn til að ljúka þessu starfi svo fljótt, að málið gæti komið a. m. k. í betra formi en það hefur nú fyrir haustþingið.

Eiríkur Einarsson: Þær umr., sem farið hafa fram um þetta mál, varpa nokkru ljósi yfir ýmis atriði þess, sem áður voru vafa undirorpin og maður hefði ekki að öðrum kosti getað athugað. Ég hef orðið til þess, eins og nál. og brtt. bera með sér, að ákveða nokkuð afstöðu mína um meðferð þessa máls, þar sem ég fylgi hinum svo kallaða meiri hl. n., sem leggur til, að frv. nái fram að ganga. Hins vegar legg ég mikla áherzlu á og ber fram um það brtt. að gefa aukið olnbogarúm og meiri rétt þeim, sem helzt þurfa þess að njóta, sem sé söngkórunum og öðrum slíkum. Þegar við leituðum álits stjórnar kóranna, var hún eindregið á því máli, að talsvert væri varhugavert að samþykkja frv. nema það væri leiðrétt, og með tilliti til þeirrar málaleitunar hef ég borið fram þessa brtt. Ég legg því mikla áherzlu á, að þessi brtt. verði samþ., og með hliðsjón til þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði í ræðu sinni nú, að hann álítur ekki gerlegt að veita slíka undanþágu með reglugerðarákvæði eins og gert er ráð fyrir í annarri brtt., sem hér liggur líka fyrir, þá er séð fyrir því með minni brtt., þar sem undanþágan er felld inn í lagagreinina. Það er svo, að þessu athuguðu, að afstaða mín til frv. markast af því sérstaklega, að till. mín nái fram að ganga, því að ef hún verður samþ., þá álít ég, að í frv. felist öryggi og nokkur réttarbót, sem þessi skáld og listamenn verða aðnjótandi, og þá tel ég vel réttlætanlegt að ljá frv. atkv. sitt, og svo mun ég gera að þessu athuguðu, sem ég hef rætt um, enda þótt ég játi, að þau rök, sem hafa komið fram gegn frv., eigi við margar góðar ástæður að styðjast, ekki sízt það, sem hefur komið fram, eftir að við tókum okkar afstöðu til málsins, að í Sþ. hefur verið samþ. till. um að fela stj. að undirbúa heildarlagasetningu um það heildarmálefni, sem hér kemur til greina. Það er því allskrítið og kemur spánskt fyrir, að það er í senn verið að setja l. um nokkurn hluta þessa málefnis á sama tíma og þingið samþykkir till. um, að lagakerfið verði endurskoðað sem fyrst og gaumgæfilegast í heild. En þrátt fyrir þetta, ef um réttlæti er að ræða og samræmingu á þessu tvennu, sem sýnist í fljótu bragði rekast á og ósamræmi vera í, þá má segja um þessa lagasetningu, að hana megi skoða sem skyndileiðréttingu til réttrar varðveizlu fyrir listamenn og skáld, en horfir til breyt. aðeins fyrir þetta eina atriði af heildarskipun málsins, en í samræmi við hina samþykktu þáltill.

Með þessum orðum og þrátt fyrir þá ágalla, sem ég sé þarna á bæði borð, sé ég ekki sérstaka ástæðu til að hvika frá því, sem ég hef lýst yfir með nál. Ég legg áherzlu á, að ef málið kemur á annað borð svo langt, að brtt. mín verði samþ., en læt að öðru leyti það, sem ég hef sagt hér, ráða afstöðu minni, þótt ég sé ekki ánægðari með heildarmeðferðina en ég hef nú með þessum orðum lýst.

Magnús Jónsson: Ég get stytt mál mitt vegna þess, að hv. 6. þm. Reykv. hefur sagt margt af því, sem ég hafði hugsað mér að vekja athygli á. En það eru náttúrlega engin rök með nokkurri lagasetningu að segja, að hægt sé að breyta því, sem áfátt kann að vera í löggjöfinni. Það er svo um alla löggjöf. Og ef vitað er, að vel vönduð og undirbúin löggjöf um eitthvert efni er á döfinni og vonandi á næstu grösum, þá er engin meining, ef ekki liggur líf við, að vera að setja um sama efni ófullkomnari löggjöf, til þess svo að breyta

henni með hinni, sem þá er í undirbúningi. Og það eru engar líkur til þess, að þessi l., þó að frv. þetta yrði samþ., yrðu framkvæmd á undan hinni löggjöfinni, sem verið er að undirbúa um þetta sama efni. Það er sem sé í 3. gr. frv. ekki aðeins tekið fram, að ríkisstj. skuli setja reglugerð samkvæmt ákveðnum parti af þessari löggjöf, heldur koma þessi lög ekki til framkvæmda fyrr en þær reglur hafa verið settar. Og mér þykir ekki hugsanlegt, að ríkisstj., sem ætlar að sinna þessu og vissi, að verið væri að undirbúa löggjöf um það, sem ætti að leggja fyrir næsta þing, mundi setja reglugerð um málið fyrr en l. um þetta efni eru orðin eins og þau eiga að vera til frambúðar. Mér virðist það því þýðingarlaust að leggja kapp á að fá þetta frv. fram nú. Menn vilja gjarnan hafa sitt mál fram. En mér finnst kenna hér dálítils ofurkapps, þegar þeir menn, sem eru fullkomlega samþykkir þeirri hugsun, sem á að ná með frv., setja sig á móti því, að málið komi fram í þingið vel undirbúið og lenda í deilum út af þessu frv.

Það má segja, að það sé trygging í því, að lagaprófessor og hæstaréttarmálaflm. eru flm. frv. En það liggur ekki fyrir, hvaða rannsókn þeir hafa lagt í þetta mál. Þeir hafa fengið þetta frv. í hendur sjálfsagt að mestu undirbúið af Bandalagi íslenzkra listamanna, og það liggur ekkert fyrir um, að þeir hv. þm. hafi gefið því sjálfstæða rannsókn, þó að þeir hafi lítið á það. Hér er fyrrv. prófessor í lögum, sem sá annmarka á þessu frv. Og hvað eigum við hinir að gera, þegar þeir, sem eru prófessorar í lögum, eru ekki sammála um þetta?

Mér brá nokkuð, þegar fyrir nokkrum dögum kom maður til mín úr karlakór, og ég held úr stjórn félags þeirra, og bað mig um vernd gegn þessu frv. Ég kom alveg af fjöllum og sagði: Er þetta ekki eftir ósk ykkar? Nei, sagði hann, við erum ekki hér með. Tónlistarmenn eru ekki sama og karlakórar, þetta frv. er háskalegt fyrir okkur, ef samþ. verður. — Nú skal ég ekki segja nema þetta komi þannig niður á fleirum, ef það verður samþ. Og mér kom þetta mjög undarlega fyrir sjónir. Eins og menn vita, eru tónlistarmenn grein á Bandalagi íslenzkra listamanna. En karlakórar, sem eru fjölmennir og einhver líflegasta listagrein, sem til er á Íslandi, eru svo settir, að þetta frv., ef samþ. verður, mun ganga út yfir þá listgrein. Og ég vil láta taka tillit til þeirra, sem ekki eru listamenn, en halda listamönnunum uppi.

Það er sjálfsagt, að lögfræðingar geti kannske skorið úr þessu. En mér virðist b-liður 1. gr. vera ákaflega stíft orðaður, eins og hv. 6. þm. Reykv. minntist á. Ég skil ekki þann eignarrétt, ef ég má ekki láta taka mynd af listaverki. T. d. mætti ég víst ekki láta taka mynd af konunni minni, ef hún sæti nálægt þeim stað í húsi mínu, þar sem líkneski væri, nema með sérstöku leyfi eða með því að taka líkneskið burtu. Mér finnst öfgar í þessu. Mér finnst eðlilegt, að ekki mætti gera þetta í gróða skyni. Og mér finnst sanngjarnt, að ég mætti ekki láta taka mynd af listaverki og láta myndprenta hana og dreifa út vítt og breitt. Bæði gæti það skaðað listamanninn, ef ég léti gera þetta illa, og það gæti orðið til afbökunar og óvirðingar fyrir hann, ef ég léti búa til einhverja ómynd af listaverki hans og léti dreifa út. En mér finnst það ganga fulllangt að samþ. ákvæði frv. og vil a. m. k., að það sé prófað að bíða eftir hinu frv.

Það hefur verið talað um, að það væri nokkuð hart að mega ekki undir neinum kringumstæðum sýna opinberlega listaverk nema með sérstöku leyfi. En hvað liggur í þessu, að listamaður hefur eignarrétt á því, sem hann hefur gert, og getur sýnt það, sem hann hefur gert? Getur hann tekið það, sem er í annars manns eigu, og sýnt það? Það er sennilega ekki, að það sé litið svo á þetta ákvæði. En eftir orðalaginu getur staðið nærri því, að hann geti heimtað aftur mynd, sem hann hefur gert, til þess að sýna hana.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar. En mér sýnist það ákaflega einföld og eðlileg afgreiðsla á málinu að bíða eftir hinu væntanlega frv. um þetta efni, sem yrði þá betur undirbúið en þetta frv. er nú, og ég er undrandi yfir því, að ekki skuli allir geta fallizt á þetta. Mér virðist ekki gerandi leikur að því að setja þessi l., sem hér er stefnt að, til þess svo að fara að breyta þeim aftur kannske um leið og þau koma í gildi. Það er stundum talað um, að Alþ. breyti nokkuð fljótt l. sínum, og í þessu efni er að mér virðist óþarft svo að segja að ákveða slíkt fyrirfram, að þessum l. skuli breytt fljótlega. Er þá betra að bíða.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Ég er, eins og hv. 1. þm. Reykv. (MJ), undrandi á því, hve langt sumir hv. þm. í þessari d. ganga í þá átt að reyna á allan hátt að tortryggja ákvæði þessa frv. Ég vil ekki lengja umr. um þetta, enda virðist mér það gersamlega þýðingarlaust að fara að deila hér um einstök ákvæði frv. á lögfræðilegum grundvelli. Hins vegar sé ég ekki — þrátt fyrir þau andmæli, sem hér hafa komið fram, og þá tortryggni, sem virðist hér ríkjandi, — að það séu miklar ástæður til hennar. Ef eitthvert mál kemur fram hér á hæstv. Alþ., sem varðar listamenn, þá verð ég þess var, að hv. þm., ekki sízt hér í hv. d., þykjast þurfa að vera sérstaklega á verði og vakandi, og væri æskilegt, að þeir væru það þá ekki síður í öðrum málum. Þeir líta svo á, ef eitthvað kemur fram, sem varðar rétt og hagsmuni listamanna, þá sé þeirra tími til kominn til þess að standa sem bezt á verði. Og hv. 6. þm. Reykv. (BBen) margtók það nú fram í ræðu sinni, og var það vafalaust til gamans gert, að Sósfl., sem væri eini stuðningsflokkur þessarar hæstv. ríkisstj., væri hér með einkennilegt vantraust á ríkisstj., að treysta henni ekki til að afgreiða þessi mál eins fljótlega og þingið. En þar sem hann marglýsti því yfir, að Sósfl. væri eini stuðningsflokkur þessarar stjórnar, þá er kannske ekki varlegt að treysta því, að hún sé mjög föst í sessi. Það gæti kannske hugsazt, að hinir þrír flokkarnir tækju það til bragðs að fella þessa ríkisstj. Og hvernig væri þá þessu máli komið?

Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að löggjöf gæti verið á næstu grösum um þetta mál, þó að þetta frv. væri ekki samþ. Ég geri nú ráð fyrir, að hv. þdm. hafi reynslu fyrir sér í þeim efnum, hvað það gildir að öllum jafnaði að vísa málum til ríkisstj. Er

það víst oft í hámælum haft, að það sé nokkurt jafngildi því að grafa málin. Og svo framarlega sem þessi l. eru á næstu grösum, þá er það þá líka enn styttri tími, sem þessi l., sem frv. stefnir að, giltu, og því hættuminna að samþ. þau.

Hins vegar þarf þó hér ekki eingöngu að vera um að ræða að vantreysta ríkisstj., sem ekki heldur er, heldur ekki síður vantraust á Alþ. sjálfu í málefnum listamanna. Það er nú ekki víst, um hin nýju l., sem ríkisstj. hefur í undirbúningi um þetta, hvernig undirtektir þau fá hér á Alþ. Svo að með samþ. þessa frv., sem fyrir liggur, sem eru þó helztu réttarbætur, sem rithöfundar og aðrir listamenn þurfa að fá, þá vita menn þó, hvað þeir hafa á hendinni, en ekki um það, hvað síðar kemur, ef frv. um þetta efni kemur fram frá ríkisstj., sem maður veit heldur ekki, hvað lengi dregst.

Viðvíkjandi þessum aðfinnslum, sem komið hafa fram frá stjórn sambands karlakóranna, þá álít ég svipað um það efni eins og tortryggni hv. þm., að það eigi ekki við mikið að styðjast. Þetta frv. er áreiðanlega ekki samið til þess að hindra að nokkru leyti listastarfsemi í landinu, svo sem karlakóra eða annarra, heldur veita þeim, sem listir stunda, þann minnsta rétt, samanborið við það, sem þeir hafa í öðrum löndum. Og ef samþ. er þáltill., sem getið hefur verið hér, sem ég er m. a. flm. að, og þá ekki síður ef samþ. er brtt. hv. 2. þm. Árn., þá er það víst fullkomlega tryggt, að þessi löggjöf mundi ekki að neinu leyti skaða karlakóra.

Ég tel það ekkert ofurkapp af minni hendi, þó að ég fylgi þessu máli svo fast. Ég held, að það felist ekki nema nauðsynleg varúð í því. Því að ég verð að segja það, að ég treysti því ekki, að þessi löggjöf sé á næstu grösum, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um. Og vil ég heldur sjá, hvaða hug hv. þm. bera til þessa máls af þeirri afgreiðslu, sem þetta frv. fær. Og ég leyfi mér að efast um, að þessir sömu hv. þm., sem ekki vilja samþ. þetta frv., gætu ekki einnig fundið hinni nýju löggjöf, sem fram yrði lögð, sitt hvað til foráttu og fundið eitthvað til þess að tefja með framgang hennar hér á þingi, þó að hæstv. ríkisstjórn reyndi að ráða sem bezt þeim málum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil að gefnu tilefni frá hv. 7. landsk. þm. (KA) með öllu mótmæla þeim fullyrðingum, sem hann hélt hér fram, að þegar eitthvert mál væri fram flutt vegna listamanna, þá hópuðust hv. þdm. gegn því máli. Það er óvirðulega og óskynsamlega mælt af manni, sem flytur mál fyrir listamenn. Og bak við allt þetta raus hans efast ég um, að fylgi nokkur hugur máli. Þessi hv. þm. ætti sem fæst að tala í þessa átt. Þessi hv. þm. gefur líka hæstv. ríkisstj. að sök, að það sé sama sem að drepa málið að vísa því til hennar. En hvers vegna voru þá þessir menn að bera fram þáltill. í sameinuðu Alþ. um að láta ríkisstj. athuga málið, þegar svo hv. 7. landsk. — forsvarsmaður ríkisstjórnarinnar — lýsir yfir, að það sé alveg það sama sem að drepa mál að senda það til ríkisstj.

Sannleikurinn í málinu er þessi: Listamenn hafa undirbúið þetta mál svo lélega, að jafnvel þessi hv. þm. varð að gera á því bragarbót og biðja um að laga á því alveg auðsjáanlega galla. Og hann ætti nú líka að taka þeim sönsum hér í hv. d. að viðurkenna þau rök, sem hér eru borin fram, sem hann eðlilega hefur enginn maður verið til að hrekja hér í dag undir þessum umr. og aldrei komizt nálægt því.

Ég vil ekki ræða efnislega um þetta frv. Það er langeðlilegast, að frv. fái þá mildustu afgreiðslu, sem það getur fengið í þeim afkáralega búningi, sem það kemur hér inn í þingið, að því verði vísað til ríkisstj., í því trausti, að hún hafi skynsemi fram yfir þá menn, sem að þessu frv. standa, sem er hér borið fram af meira kappi en forsjá.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég þarf að bera af mér sakir út af orðum hv. frsm. hér. Hann virðist beina þeim orðum til mín, að ég legði mig fram til að fjandskapast við listamenn hér á landi, þar sem ég fann ýmislegt að þessu frv., sem fyrir liggur. En ég held, að aðrir hafi ekki haldið betur á málefnum listamanna heldur en ég.

Ég man ekki betur en að snemma á þessu þingi væri vísað til n., sem hv. 7. landsk. þm. á sæti í, frv. til l. um breyt. á skipun menntamálaráðs. Og ég hef ekki ennþá séð nál. frá þeirri hv. n. Nú kynni að vísu hv. 7. landsk. þm. að segja, að hann væri þar í minni hl. En hann hefur alltaf átt þess kost að gefa út minni hl. nál., ef hann hefði haft sérstaka löngun til þess. En ég hygg, að hv. frsm. sé ekki ámælisverður í því máli. Frv. það var flutt af nokkurri hvatvísi, það var miðað við bráðabirgðaskipun menntamálaráðs, eins og þá var. En eftir að búið var að breyta skipun ráðsins, þá var þessi hv. þm. alveg búinn að missa áhugann fyrir því máli. (KA: Það er búið að framkvæma það atriði). Við bentum honum á það undir þeim umr., að hyggilegast væri fyrir hann að bíða og sjá, hvernig færi um skipun ráðsins, heldur en að hafa það offors, sem hann vildi hafa. Og þá taldi hann það að fjandskapast við málefni listamanna. En hann hefur viðurkennt, að við höfðum rétt fyrir okkur þá. Alveg sama máli gegnir um þetta mál. Hjá mér er enginn fjandskapur gegn málefnum listamanna, — og ég hef ekki heyrt neitt slíkt koma fram í umr. um þetta frv. hér, — né heldur þeirri hugmynd, sem liggur bak við þetta frv. Ég get játað, að frv. þetta er af vissri nauðsyn fram borið. En ég tel, að frv. hafi ekki fengið þann undirbúning, sem slíkt mál þarf að fá, og hið sama sagði hæstv. dómsmrh. hér í gær, einhver hinn færasti og reyndasti lögfræðingur í landinu. Hann taldi, að málið hefði ekki fengið þann rétta undirbúning. Og það er það, sem við höfum haldið hér fram.

Ég leyfði mér að bera hér fram í dag fyrirspurnir um það, hvað lægi í þessu frv. Ég taldi, að ósamræmi væri í frv., eins og það lægi fyrir. Ég hef nú ekki heyrt hv. frsm. geta svarað einni einustu af þeim spurningum eða skýrt óljós atriði frv. Ég veit, að frv. er ekki borið fram í illu skyni fyrir neina listamenn. Það er borið fram í bezta skyni. En það er ekki nógu vel undirbúið. Og hv. frsm. sjálfur viðurkennir, að það þurfi ýtarlegrar endurskoðunar við á þessu máli. Og það, sem við viljum, er, að þetta verði

tekið upp þannig, að löggjöfin um þetta efni verði endurskoðuð, og ef því verður ekki lokið fyrir næsta haust, þá verði kjarninn úr þessu frv. tekinn og fluttur í frv.-formi á þann hátt, sem aðgengilegt má kalla að samþ. Það er ekki annað, sem fram á er farið af þeim, sem ekki vilja samþ. þetta frv., eins ófullkomlega og það er undirbúið. Og ég er viss um, að hv. flm. verður okkur jafnþakklátur fyrir, að við höfum haft vit fyrir honum í þessu máli eins og við höfðum vit fyrir honum fyrr á þessu þingi viðkomandi málinu um skipun menntamálaráðs.

Ég sagði alls ekki, að hans flokkur væri eini stuðningsflokkur hæstv. núv. ríkisstj. Hins vegar sagði ég, að sú ríkisstj. hefði verið mynduð að hans hvötum, og þess vegna væri sá flokkur aðalstuðningsflokkur ríkisstj. En að hans flokkur væri eini stuðningsflokkur ríkisstj., sagði ég ekki. Ríkisstj. stendur á fastari fótum en það.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég ætla aðeins að gera grein fyrir minni afstöðu til þessa máls.

Það hefur verið fært aðallega fram gegn þessu frv., að það sé illa undirbúið og menn vildu ekki, að þingið léti frá sér fara löggjöf um þetta efni án ýtarlegs undirbúnings og þess vegna ætti að vísa málinu frá á þennan hátt, sem fram er komin till. um.

Ég get vel fallizt á það, að málið sé ekki nægilega undirbúið. En eftir því, sem kunnugir menn fullyrða, sem athugað hafa þessi mál, mundi undirbúningur löggjafar um þessi mál, ef hann ætti að vera ýtarlegur, kosta mjög mikla vinnu. Og þeir fullyrða, að ekki séu líkur til þess, að því verki verði lokið fyrir haustþingið. Þess vegna virðist mér það ljóst af athugun þessa frv. og af þeim aths., sem hér hafa verið fram bornar um þetta frv., að frv. sé ekki svo gallað, að það megi ekki samþ. það án þess að það sé til minnkunar fyrir þingið að ganga frá því máli þannig til bráðabirgða. Ég álít, að þau ákvæði, sem felast í a- og b-lið 1. gr. frv., séu af hverjum manni talin sjálfsögð ákvæði. Ég efast um, að til sé nokkurt annað land, þar sem að ósekju væri hægt að láta „kopiera" listaverk, hvað, sem listamennirnir, sem listaverkið er eftir, vilja eða segja um það. Það gæti verið misjafnlega vel gert. Og ef ljósmyndir væru teknar af t. d. málverkum, þá gæti það komið illa við þá, sem málað hafa þau listaverk. En þannig er löggjöf háttað nú hér á landi, að listamenn hafa enga vernd gegn slíku, þó að yfirleitt veiti öll þjóðfélög listamönnum sínum slíka vernd. Og ég sé ekkert athugavert við það að taka upp ákvæði um þessa sjálfsögðu vernd og það sé gert til bráðabirgða með þessum l., sem giltu þangað til vel undirbúin löggjöf væri samþ. um þessi mál. Og þó að ég búist við, að ég tæki ekki upp á því að fá leyfi ríkisstj. til þess um þau listaverk, sem eru í ráðherrabústaðnum, þá mætti láta taka „kopíu" af hvaða listaverki sem er, eins og nú er hér á landi, og jafnvel láta fúskara gera það, án þess að listamennirnir, sem verkin eru eftir, gætu þar neitt við ráðið. Ég sé þess vegna ekkert varhugavert við þessi ákvæði nema það, að ég álít ákvæði c-liðar 1. gr. frv. vera allt of strangt. Ég álít, að það sé rangt að banna mönnum með öllu að sýna opinberlega listaverk, sem þeir eiga, en það er fortakslaust bannað í c-lið. Ég mun ekki koma með brtt. við frv. við þessa umr., en býst við að gera það við 3. umr. Og það ætti að mínu áliti að vera þannig, að það mætti ekki sýna opinberlega í hagnaðarskyni slík verk. Það ætti að bæta þeim orðum þarna inn í. Því að það skiptir verulegu máli, hvort sýning fer fram á listaverkum í þeim tilgangi að græða á því peninga eða sýningin er aðeins framkvæmd frá menningarlegu sjónarmiði. Þó að þetta frv. sé frumsmíði, þá get ég vissulega greitt því atkv. mitt. Og ég held, að það sé þá ekki skaði skeður, þó að frv. væri samþ., enda þó að menn álíti, að löggjöf, betur undirbúin, um þetta atriði verði sett á næsta hausti. Það kæmi þá reynsla á þetta í sumar þangað til heildarlöggjöfin er sett. Og ef svo skyldi verða, að dráttur yrði meiri á þeirri heildarlöggjöf en hv. þm. gera ráð fyrir nú, sem ég geri nú ráð fyrir að verði, þá er ekki nema um það tvennt að ræða, annaðhvort að lagfæra þetta frv. eða láta listamennina vera án þessarar verndar. En þó að mikið hafi verið rætt um það hér í hv. d., að málið sé illa undirbúið, held ég, að oft hafi verið verr gengið frá málum, sem hér hafa verið afgreidd, því að mér er sagt, að hæstaréttardómarar hafi samið frumdrætti að frv.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég ætla aðeins að gera stutta aths. í sambandi við þá nýjung viðvíkjandi eignarréttinum, sem felst í þessu frv. Ég hefði líklega ekki fremur en ýmsir hv. þm. í Nd., sem létu þetta fram hjá sér fara, veitt því eftirtekt, ef ekki hefði viljað svo til, að ég átti fyrir tíu árum tal við málara einn hér í bæ, en um það leyti var listsýning í Stokkhólmi. Hann sagði við mig: „Líklega sýnum við ekkert, ef þessu fer fram." Ég svaraði, að þar sem landið styddi þetta og styrkti, mundi ríkið senda myndir af sinni hálfu á sýninguna, ef málararnir vildu ekkert senda sjálfir. Þá svaraði hann: „Til þess hefur ríkið engan rétt." Þá þegar var farið að bóla á þeim hugsunarhætti, að ríkið hefði ekki leyfi til að sýna myndir, sem það hefði keypt af innlendum málurum. Þessi furðulega kenning varðandi eignarréttinn mun eiga sér fá dæmi, jafnvel þó að farið sé eftir dönskum fyrirmyndum, eins og vani er um margt hér á landi. Þetta með öðru virðist benda til þess, að málið sé ekki eins vel undirbúið og látið hefur verið í veðri vaka. Þá má geta þess, að íslenzkir söngkórar telja, að með þessum ákvæðum væri mjög skertur réttur þeirra og list þeirra lömuð. Hefði ekki mátt minna vera en talað hefði verið við þá um þetta, áður en farið var af stað með það, en þetta hefur ekki verið gert.

ATKVGR.

Brtt. 567 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, ÞÞ, BBen, GJ, JJ, LJóh, MJ.

nei: PHerm, BrB, EE, GÍG, HG, HermJ, KA, StgrA.

IngP greiddi ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

Rökstudda dagskráin á þskj. 526 tekin aftur.
Brtt. 536 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, BrB, EE, GÍG, HG, HermJ, KA, StgrA.
LJóh, MJ, PM, ÞÞ, BBen, GJ, IngP, JJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (BSt) fjarstaddur.
Brtt. 537 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 78. og 79. fundi í Ed., 22. og 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Ed., 24. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 569).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 81. fundi í Ed., 25. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Það er fyrirspurn. — Ég var hér ekki við í gær. Nú sé ég, að engin brtt. hefur verið borin fram. En hv. þm. Str. lýsti því yfir við 2. umr., að hann ætlaði að koma með brtt. við 3. umr., og fékk á þeim grundvelli dagskrártill. fellda. Nú vildi ég vita, hvernig í þessu liggur.

Hermann Jónasson: Þetta er rétt hjá hv. þm. En við nánari athugun á frv. sá ég, að þess var ekki þörf að koma með brtt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, HermJ, KA, PHerm, BrB, EE, StgrA.
nei: JJ, ÞÞ, GJ.
IngP, LJóh, MJ, BSt, BBen greiddu ekki atkv.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
Frv. endursent Nd.
Við nafnakallið gerðu 2 þm. svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Bernharð Stefánsson: Ég var veikur, er mál þetta var reifað hér við 2. umr., og hef því ekki getað myndað mér eins ákveðna skoðun um þetta og æskilegt væri, og greiði því ekki atkv.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til þess, að samþykkt þessa frv. er í raun og veru vantraust á ríkisstj. um að inna af hendi það verk, sem sameinað Alþ. hefur ákveðið að fela henni, og jafnframt með tilvísun til þess, hv. þm. Str. virðist hafa fengið dagskrártill. fellda með fölskum rökum, segi ég nei.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EmJ, FJ, GG, GSv, GTh, LJós, PZ, SigfS, SB, SG, SEH, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, BG, BÁ, JJós.
nei: IngJ, JakM, PO, SkG.
12 þm. (EystJ, GÞ, HelgJ, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, SK, SÞ, SvbH, ÁÁ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 630).

---

52. Alþýðutryggingar (frv. BrB og GÍG).

Á 27. fundi í Ed., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 150).

Á 28. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Ed., 12. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Þetta mál er svo einfalt, að það þarf engra skýringa við. Ég geri ráð fyrir, að flestum finnist, að iðgjöld Sjúkrasamlags Rvíkur séu nú orðin nokkuð há og þau megi gjarnan vera lægri. Það mundi því þykja illt, ef þau yrðu hækkuð enn meir. Það er þó svo, að þau iðgjöld, sem nú eru, hafa verið ákveðin svona lág í trausti þess, að samlagið fengi aukin framlög frá hinu opinbera. Þegar iðgjöldin voru ákveðin, var ákveðið að reyna að fá lækkuð daggjöld á sjúkrahúsum ríkisins, þ. e. að þau yrðu ekki hækkuð, frá því sem þau voru á fyrra hluta þessa árs, en þau áttu að hækka fyrir síðara hluta ársins. Þetta tókst, en það nægir ekki.

Það var því einnig ákveðið að reyna að fá aukin bein framlög ríkis og bæjarsjóðs til samlagsins, og því er þetta frv. komið fram. Þessi útgjaldaaukning nemur 2 kr. á hvern tryggðan mann. Hámark þess, sem ríki og bæir leggja nú fram fyrir hvern tryggðan mann, er 10 kr., og er nú farið fram á, að það hækki upp í 12 kr. Þessi upphæð mun nema nokkuð á annað hundrað þús. kr. frá ríkinu, og framlag bæjarsjóða mundi verða jafnhátt. Tekjuaukning Sjúkrasamlags Reykjavíkur mundi því nema um 250 þús. kr., og þótt þetta muni allmiklu fyrir Samlagið, þá eru þetta ekki stór útgjöld fyrir ríkissjóð samanborið við ýmsar aðrar upphæðir, sem nú eru veittar til ýmissa hluta, og sérstaklega, þegar borið er saman við það, sem ákveðið hefur verið að gefa með ýmsum framleiðsluvörum til þess að lækka þær í verði, þar sem ríkissjóður hefur greitt svo tugum milljóna skiptir. Þegar ríkis-

sjóður er fær um að láta svo mikið fé af hendi til þess að lækka framfærslukostnað manna, virðist vera eitt af því sjálfsagðasta, sem beri að leggja fé í, að gera alþýðutryggingarnar fullkomnari og þar með lækka framfærslukostnað manna. Iðgjöldin hafa áhrif á vísitöluna, og lækkun þeirra hefur því áhrif á vísitöluna til lækkunar.

Eins og nú standa sakir er framlag hins opinbera til Sjúkrasamlags Reykjavíkur í hámarki, því að það nemur 10 kr. á hvern tryggðan mann. Hjá öðrum sjúkrasamlögum mun þetta ekki vera í hámarki. Þetta mundi því fyrir sjúkrasamlög út um land verða meiri hækkun heldur en fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Hins vegar mundi framlagið til sjúkrasamlaga úti um land ekki geta verið hærra en til Sjúkrasamlags Reykjavíkur og mundi að jafnaði verða talsvert lægra, eins og að undanförnu.

Þá er spurningin, hvort nokkra nauðsyn hafi til borið að hækka þann hundraðshluta af iðgjöldum, sem hinu opinbera ber að greiða. Í frv. er farið fram á, að hann verði hækkaður í ⅓ hluta. Þetta ákvæði mundi ekki hafa nein áhrif fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur, vegna þess að það mundi nú vera í hámarki, 12 kr., og mundi því ekki hafa nein útgjöld í för með sér fyrir þann aðila, sem er hinn lang-stærsti aðili í þessu sambandi, Sjúkrasamlag Reykjavíkur. En okkur flm. þótti nauðsyn til bera að hækka þennan hundraðshluta upp í þetta, til þess að samlagið þyrfti ekki að hafa iðgjöldin óeðlilega há til þess að ná hámarkinu, því að það hefur þótt við brenna, að iðgjöldin hafi verið höfð há til þess að ná með þessum hundraðshluta framlagi frá því opinbera, og það hefur þótt tap fyrir sjúkrasamlögin að hafa iðgjöldin lægri en svo, að hámarki framlags hins opinbera yrði náð.

Ég hygg, að ég þurfi svo ekki að fara um málið fleiri orðum. Ég hygg, að málið sé svo einfalt, að það sé nokkurn veginn skýrt fyrir hv. þdm. Vil ég leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 150, n. 534).

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Það hefur ekki getað orðið samkomulag í n. um að afgr. frv. óbreytt. Það hefur ekki getað orðið samkomulag um að breyta framlagi ríkis og bæjarstjórna að því leyti að hækka greiðsluna að hundraðshluta. Hins vegar vill n. mæla með, að samþ. verði að breyta um hámarksframlög ríkis og bæjarstjórna, þannig að þau verði 12 kr. fyrir hvern tryggðan meðlim, en ekki 10 kr. á ári. Það mundi þýða fyrir Sjúkrasamlög, sem yrðu þessara hlunninda aðnjótandi að fullu, að framlag ríkis og bæja mundi hækka um 4 kr. samtals, að viðlagðri vísitöluuppbót. N. hafði leitað álits Tryggingastofnunar ríkisins um þetta frv., og hafði hún sent ýtarlega álitsgerð, þar sem reiknað var nákvæmlega út, hvaða áhrif breyt. þær, sem frv. lagði til að gerðar væru, mundu hafa á útgjöld ríkis og bæjarstjórna. Samkv. þessum reikningi mundi breyt. sú, sem n. leggur til að gerð verði, hafa það í för með sér, að framlög ríkis og bæjar, hvors um sig, til Sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem er langstærsti aðilinn, er hér kemur til greina, mundu hækka um rúmlega 100 þús. krónur. Hækkunin mundi aðeins koma til greina í þessum kaupstöðum landsins: Reykjavík, Hafnarfirði, Ísafirði og Siglufirði, en hafa langmesta þýðingu fyrir Rvík. Hins vegar, ef frv. yrði samþ. óbreytt, mundi það hafa í för með sér um 225 þús. kr. hækkun frá hvorum aðila.

Þegar Sjúkrasamlag Reykjavíkur ákvað iðgjöld sín síðast, var beinlínis gert ráð fyrir því, að þessi hlunnindi fengjust, auk þess m. a., að daggjöld í sjúkrahúsum yrðu ekki hærri allt árið en þau voru fyrri hl. 1942. Þetta hefur að nokkru leyti brugðizt, þar sem sú stj., er nú situr, tilkynnti Sjúkrasamlaginu, að þessi ákvæði gildi ekki, frá því hún tók við. Þess er vænzt að vísu, að samkomulag náist um breyt. á þessu. Hins vegar er það svo, að þessi auknu útgjöld ríkissjóðs, sem ekki er stór upphæð, mundu e. t. v. vera eingöngu á pappírnum, því að lækkun iðgjalda hefur í för með sér lækkun á vísitölunni, og ef hún yrði svo mikil, að hún hefði sýnileg áhrif á vísitöluna, þá yrði sú lækkun ekki lengi að borga sig. Lækkun vísitölunnar um eitt stig mundi nema meiru en framlagið, eða spara ríkissjóði um 125 þús. kr.

Nú höfum við engan útreikning um, hversu mikil áhrif þessi hlunnindi kynnu að hafa á vísitöluna, en ef iðgjöld Sjúkrasamlags Reykjavíkur gætu verið 1 kr. lægri en þau eru núna, gæti hugsazt, að það riði baggamuninn til að lækka vísitöluna um eitt stig, svo að það yrði fyrir ríkissjóð ekki tap, heldur gróði.

Ég hygg, að jafnframt því, sem þessu hámarki er breytt, þá þurfi líka að breyta framlagi þess opinbera, að svo miklu leyti, sem það er reiknað í hundraðshluta iðgjalda. Annars yrði freisting fyrir sjúkrasamlög að hafa iðgjöld óeðlilega há, til þess að ná hámarks framlagi frá því opinbera. N. er sannfærð um, að þessu þurfi að breyta á einhvern hátt, en varð sammála um að bíða, þar til heildarendurskoðun verður gerð á l., en það verður væntanlega á þessu ári.

Ég vil mælast til þess, að ef þessi breyting nær fram að ganga og frv. kemst áleiðis, þá verði reynt að hraða því hið mesta, til þess að Sjúkrasamlag Reykjavíkur geti fengið að vita, á hverju það má eiga von.

ATKVGR.

Brtt. 534 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 566).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 566, n. 619).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þetta litla frv., sem nú liggur hér fyrir til umr., er upphaflega flutt í hv. Ed. af tveimur hv. þm. þar, og var þá á þá lund, að ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir skyldu, hver um sig, greiða í sjóð sjúkrasamlaga ⅓ greiddra iðgjalda, í stað ¼ áður, þó ekki yfir 12 kr. fyrir hvern tryggðan mann. Undir meðferð málsins í Ed. var þessu breytt á þá lund, að þetta framlag skyldi haldast óbreytt frá því sem áður var (¼), en þó mætti greiða 12 kr. fyrir hvern tryggðan mann.
Allshn. þessarar d. hefur orðið á einu máli um það að mæla með því, að frv. nái fram að ganga óbreytt, eins og það var afgr. frá hv. Ed. N. telur eðlilegt, að ekki sé greitt meira úr opinberum sjóðum til sjúkrasamlaga en nauðsyn ber til, og má skoða það sem einn lið í því að reynt sé að standa á móti vaxandi dýrtíð. En greiðsla til sjúkrasamlaga er einn sá liður, sem telst með í verðvísitölunni á hverjum tíma. Að öðru leyti þarf frv. ekki skýringa við, svo einfalt sem það er. Allshn. leggur til, að það verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 641).

---

53. Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Á 11. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (þmfrv., A. 54).

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur í þá átt, eins og fyrirsögn þess segir til, að stækka lögsagnarumdæmi Rvíkur og miðast fyrst og fremst við það, að sá einn þriðji hluti landsmanna, sem í Rvík býr, fái rýmra olnbogarúm en fram til þessa hefur verið, einkum varðandi ýmiss konar ræktunarframkvæmdir. Þeim, sem bæjarmálum Rvíkur eru kunnugir, hefur lengi verið það vel ljóst, að landrými bæjarins er orðið allt of lítið, það, sem hægt er að ætla til þessara nota. Bærinn hefur nú þegar úthlutað öllu eða langsamlega mestu því landi, sem hann hefur umráð yfir og hægt er að veita á erfðafestu, þannig að borgararnir sjálfir geti tekið það til ræktunar. Og athöfnum bæjarmanna í þessum efnum hefur yfirleitt verið allt of þröngur stakkur skorinn, og langt hefur verið frá því, að hægt hafi verið að fullnægja eftirspurn, sem eftir þessu hefur verið um mörg ár.
Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að það er lífsnauðsyn, að bæjarbúar geti haft nokkurt athafnafrelsi í þessum efnum, bæði um ræktun til eigin nota, til sumarbústaða, til hóflegrar útiveru og til mjólkurframleiðslu á bæjarlandinu o. s. frv. Það liggur í augum uppi, að velferð þeirra 40 þúsund manna, sem hér búa, er að miklu leyti komin undir því, að þeir hafi möguleika til athafna í þessum efnum.
Aðdraganda þess, að frv. þetta er hér flutt og er takmarkað við þau lönd, sem þarna eru talin, er rækilega lýst í grg. frv., og skal ég því ekki fara um hann fleiri orðum á þessu stigi, heldur eingöngu vitna til grg. En ég hygg, að sanngjarnir menn hljóti að álíta, að hér sé sízt of langt farið, heldur mætti um það deila, hvort ekki væri ástæða til frekari aðgerða og frekari stækkunar lögsagnarumdæmisins en hér er ráðgerð, og má færa að því mörg og sterk rök. Flm. frv. hafa þó ekki að svo stöddu farið lengra en í frv. er lagt til, fyrst og fremst vegna þess, að ætlunin er að reyna að sneiða hjá óþörfum deilum um þetta mál og fara ekki lengra en hægt er að sýna fram á, að bærinn hefur alveg ótvíræða sanngirniskröfu til.
Ég vonast til þess, að hv. þd. taki þessu máli vinsamlega og vísi því að lokinni umr. til 2. umr. — til skjótrar afgreiðslu — og til allshn.

Hermann Jónasson: Þar sem mál þetta kemur vafalaust í þá n., sem ég á sæti í, þá verður tækifæri til að athuga það þar. Þess vegna get ég sparað mér verulegar umr. um málið á þessu stigi.
Það er algerlega málefni Reykjavíkurbæjar út af fyrir sig að ráðast í þessi landakaup núna til viðbótar þeim kaupum, sem bærinn hefur áður gert. Það er algerlega málefni Reykjavíkurbæjar að ráðast í að taka Grafarholt eignarnámi, nú sem stendur. Því kann að verða svar-

að, að líklega verði það annars selt öðrum. En það breytir ekki málinu nema að nokkru leyti. Bærinn getur tekið það eignarnámi síðar. Hitt er vitað mál fyrir þá, sem fylgjast með verðlagi, að verð á jörðum stendur áreiðanlega hæst núna. Og þess vegna er það frá mínu sjónarmiði dálítið vafasamt að ráðast í slík jarðakaup. Enda er auðsætt mál, að það snertir að því leyti almenna hagsmuni, að þegar ráðizt er í jarðakaup eins og þessi, þá hjálpar það á vissan hátt til þess að hækka verð á fasteignum, þegar bærinn gengur á undan með að kaupa jarðir í stórum stíl háu verði. Það getur ekki leynt sér fyrir þeim, sem fylgjast með því, sem er að gerast í verðlagsmálum, að þó að stöðugt sé verið að tala um að lækka dýrtíðina, þá virðist vera komið að þeim tímamótum, að menn þurfi ekki að hafa mikið fyrir því. Það er fjöldi af húsum hér í bænum, sem er ekki seljanlegur lengur fyrir sama verð og fyrir mánuði síðan. Það er komin kyrrstaða á söluna og komið að því, að verðið fari að falla. Það er af þeirri ástæðu, að framleiðslukostnaður er kominn á það stig, að það er ekki hægt að hækka neitt.

Það er mál Reykjavíkurbæjar, hvað hann vill ráðast í á þessum tímum. En sem alþm. og borgari í þessum bæ vildi ég ekki láta þess ógetið, að ég tel þessi kaup snerta að nokkru leyti almenna hagsmuni, eftir því, sem ég sagði áðan.

En það er annað atriði, sem ég vildi spyrjast fyrir um. Mér er sagt, að með þessum takmörkum, sem sett eru í frv. þessu, verði inni í lögsagnarumdæmi Rvíkur tveir hólmar, Blikastaðir og nokkur hluti af Lágafellslandi, sem verði þá alveg umluktir af landi, sem er í lögsagnarumdæmi Rvíkur. Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort svo sé. Ég hef nú ekki haft tækifæri til að athuga, hvort þannig stendur á. Og ef svo er, vil ég spyrjast fyrir um það, á hverju það er byggt, því að það eru vitanlega ákaflega óheppileg hreppatakmörk. Í annan stað vil ég spyrjast fyrir um það, hvort ekki hafi legið kauptilboð fyrir frá hlutaðeigandi hreppi. Mér er sagt, að svo sé og að þeir hafi boðizt til þess að ganga inn á það með samningum, að Grafarholt væri tekið, og takmörk lögsagnarumdæmis Reykjavíkur hefðu þá orðið við Kolku —, að brúnni, sem yfir hana liggur á þjóðveginum —, síðan eftir þjóðveginum að landamerkjum Blikastaða að suðaustan og þar niður að sjó, og hefðu það verið ákaflega eðlileg og greinileg hreppatakmörk. En mér er jafnframt sagt, að þeim samningum hafi ekki verið sinnt.

Það hlýtur alltaf að verða álitamál, eins og hv. frsm. tók fram, hvernig á að leysa það vandamál bæja og borga að fá land, og það ber sízt af öllu að horfa fram hjá þeirri nauðsyn. Hún er mikil fyrir Rvík og marga aðra bæi. En það verður jafnframt að taka tillit til þess, að hreppar, sem liggja að þessum bæjum, séu ekki skertir þannig, að þeim sé ómögulegt að halda áfram að vera til sem sérstök hreppsfélög. Og það getur alltaf komið til álita, þegar taka þarf svo mikið af landi eins hrepps, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., hvort ekki á að fara aðrar leiðir. Því að ég hygg, að það sé skoðun ákaflega margra hreppsbúa, sem hér eiga hlut að máli, að eftir að úr honum verði skipt svipað og hér er gert ráð fyrir, verði ákaflega erfitt að halda honum uppi sem sérstöku hreppsfélagi.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Eins og fram er tekið í grg. fyrir þessu frv., er ástæðan fyrir því, að það er flutt hér í hv. d., sú, að ágreiningur hefur risið milli bæjarstjórnar Rvíkur annars vegar og hreppsnefndar Mosfellshrepps hins vegar um kaup á nokkrum jörðum í Mosfellssveit. Mér er kunnugt um, að hreppsnefnd Mosfellshrepps er töluvert kapp í, að þetta mál nái ekki fram að ganga, a. m. k. eins og frv. er borið fram hér í hv. d., og að hreppsnefndin vill leysa þetta mál nokkuð á annan hátt heldur en farið er fram á í frv. Ég vildi því gjarnan mega spyrjast fyrir um frv., og þá alveg sérstaklega spyrja hv. 1. flm., hversu viðtækar og ýtarlegar tilraunir hafi verið gerðar, áður en frv. var borið fram í þinginu, til þess að leysa þetta mál með frjálsu samkomulagi aðila. Og ég hef sérstaka ástæðu til að bera þessa fyrirspurn fram hér. Á landsmálafundi að Brúarlandi í sumar var þetta mál rætt nokkuð. Kom þar greinilega fram, hversu mikla áherzlu Mosfellssveitarmenn leggja á sinn málstað í þessu máli. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í umr. þar, að hann væri reiðubúinn til þess að taka forgöngu í því að leita sætta í þessu máli. Og hann lagði nokkra áherzlu á það á fundinum, að hann teldi líkur til þess, að hann gæti komið á sáttum í þessu máli, þannig að ekki þyrfti að hljótast af því frekari þráttanir. Vil ég beina því sérstaklega til hv. 1. flm. frv., hvort hæstv. forsrh. hafi gert tilraun til þess að koma þessu samkomulagi á, eins og hann bauð fram á fundinum, og með hverjum hætti sú sáttatilraun hafi þá farið fram og hvers vegna hún hefur farið út um þúfur. Ég legg áherzlu á að fá þetta upplýst. Og ef svo skyldi vera, að þessi sáttatilraun hefði ekki verið gerð, vildi ég mælast til þess, að tíminn þangað til frv. kemur úr n., verði notaður til þess að hæstv. ráðh. geri þessa sáttatilraun, sem hann bauð fram þarna á fundinum í sumar.

Sé ég ekki ástæðu til að ræða frv. frekar að sinni. Ég mun fylgja því til 2. umr. og vera með því að vísa því til n., en áskil mér rétt til þess að taka aðra afstöðu til málsins að fengnum frekari upplýsingum.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Það er dálítið erfitt að ræða mál við þm., sem hvorki hafa séð frv. eða grg. þess. En það kom fram í ummælum hv. þm. Str. (HermJ), að hann hafði hvorugt gert, enda lýsti hann yfir, að hann hefði ekki séð frv. Þessi atriði, sem hann spurði um, eru upplýst í grg. frv. Hann hefur tækifæri til þess að lesa frv., þegar það kemur til n., og efast ég ekki um, að hann taki þá vitneskju, sem þar kemur fram, til fullkominnar athugunar á vinsamlegan hátt.

Aths. hans hvíldu gersamlega á misskilningi. Það er alls ekki boðið í þessu frv., að Reykjavíkurbær eigi nú þegar að taka Grafarholt eignarnámi, heldur er aðeins farið fram á, að bærinn fái heimild til þess að taka það eignarnámi. Sú heimild verður þá að sjálfsögðu ekki notuð fyrr en Reykjavíkurbær telur hagkvæmt að gera það. Það er ekki nýjung í l., að heimild til eignarnáms standi mörg ár áður en hún er notuð.

En ef hv. þm. Str. vill forðast aukna verðbólgu, næði það náttúrlega ekki nokkurri átt að ganga að því samningstilboði, sem kom fram og getið er um í grg. frv. og þar er tekið upp, vegna þess að það verð, sem Reykjavíkurbæ er boðið Grafarholt fyrir, er að áliti þeirra manna, sem fara með mál þetta fyrir bæjarins hönd, langt úr hófi fram. En auðvitað skal ég ekkert segja um, hvað matsmenn mundu segja um það. Ég skal heldur ekki rekja þetta frekar hér, en ég hygg, að um þetta atriði málsins verði ekki skiptar skoðanir. Þetta verð er a. m. k. margfalt hærra en bærinn hefur á þessu ári keypt alveg samsvarandi eignir fyrir. Svo að ef ætti að forðast aukna verðbólgu, sem hæpið er, að einstök jarðakaup hafi mikil áhrif á, en að sjálfsögðu á að taka tillit til, þá var því tilboði, sem getið er í grg. frv., sjálfhafnað, því að það var svo langt fram úr því, sem mönnum hefur fram að þessu komið í hug að gjalda fyrir jarðir í nágrenni bæjarins. Hv. þm. þurfti því ekki að spyrja, hvort tilboðið hafi komið fram. Í grg. er það berum orðum tekið upp. En því var sem sagt hafnað af þeim sökum fyrst og fremst, að verðið, sem þar var rætt um, fór svo mjög fjarri því, sem Reykjavíkurbær gat hugsað sér að ganga inn á. Og það var ljóst, að þetta verð var ekki nefnt út í bláinn, heldur vegna þess, að eigandi Grafarholts taldi, að hann hefði raunverulegt kauptilboð í jörðina með þessu verði. Af þessu var ljóst, að frekari samningstilraunir voru þýðingarlausar. Enn fremur átti samkv. tilboðinu svo mjög að skerða það landrými, sem bærinn taldi sér þörf á að fá undir lögsögu sína og í umdæmi, að ekki þótti aðgengilegt.

Ég efast ekki um það, að þetta, sem í frv. er farið fram á, komi í framkvæmd að vissu leyti illa við þann eða þá hreppa, sem hér eiga hlut að máli. Fram hjá því verður ekki gengið. En þegar þess er gætt, að verðmæti þessara jarða er algerlega háð afkomu Reykjavíkurbæjar og velmegun bæjarins, — því að verðmæti jarðanna, sem liggja nærri Rvík, er að því leyti sem það er meira en annarra með sömu landgæði, eingöngu af því, að þær eru nærri bænum, — þá sýnist ekki óeðlilegt, að Rvík fái lágmark þess, sem telja má fólki hennar til velsældar nauðsynlegt í framtíðinni.

Það er rétt, að eftir þeim till., sem í frv. eru, verða tveir hólmar inni í lögsagnarumdæmi Rvíkur, sem tilheyra ekki lögsagnarumdæminu. Ég játa fyllilega, að að vissu leyti er það óviðkunnanlegt. Og ef hlutaðeigandi hreppur óskar eftir, að þessir hólmar verði lagðir undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, þá er síður en svo, að Rvík hafi nokkuð á móti því. En að þeir voru skildir eftir var af því að það var vitað, að bærinn mundi ekki geta orðið eigandi þeirra í náinni framtíð; og það var ekki talin sérstök nauðsyn, að bærinn yrði eigandi þeirra. Þau eru heldur ekki ríkiseign, heldur í einkaeign. Þess vegna þótti ekki ástæða til að ásælast þessi lönd að svo stöddu. En ef hreppurinn telur þetta svæði betur komið hjá bænum, mun bærinn sízt hafa á móti því. En þó að þessi takmörk séu óviðkunnanleg, þá er þetta engin nýjung í l. Seltjarnarneshreppur er í mörgum slíkum eyjum, sumpart umflotinn sjó og sumpart umkringdur af landi Rvíkur. Hefur ekki komið í ljós annað en hreppsnefnd þess hrepps uni því vel. Áður fyrr var um nokkur ár nokkur hluti jarðanna Ártúns og Árbæjar í lögsagnarumdæmi Rvíkur, og var þá sá hluti Rvíkur að því leyti eyjar innan Seltjarnarneshrepps. Hér er því ekki um neina nýjung að ræða, heldur hefur það verið og er enn, að slíkar eyjar hafa átt sér stað innan lögsagnarumdæmis Rvíkur og annarra sveitarfélaga.

Að öðru leyti vil ég taka það fram, að ég tel sjálfsagt, ef frv. kemst til allshn., að það verði þá sent frá þeirri n. til umsagnar hlutaðeigandi hreppsn. og sýslun., og geri ég það að till. minni.

Ég get upplýst vegna fyrirspurna hv. landsk. þm., sem hér talaði, að hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað átt tal við mig um þetta mál og lagt fast að mér, að Rvík seildist þar ekki eftir meira en henni er bráðnauðsynlegt. Ég get einnig skýrt frá því, að eftir undirlagi hæstv. forsrh. hef ég allt frá því í sumar átt umræður um málið við hv. þm. Mýr. (BÁ), sem er eins konar fulltrúi hreppsins í þessu efni, enda þar búsettur —, þótt þær hafi til lítils orðið, og bæði af hvatningu hæstv. forsrh. og eigin hvötum hef ég lagt mikla stund á að ná samkomulagi. En undirtektir þessa hv. þm. og eigenda Grafarholts gerðu mér ljóst, að um samningagrundvöll var ekki að ræða. Ef hreppsnefndirnar hafa önnur boð, þegar umsagnar þeirra verður leitað, skal ég beita mér fyrir, að þau verði athuguð af sanngirni. En af bæjarins hálfu held ég ekki hafi skort á samningsvilja. Sú sáttatilraun, sem þm. spurði um, hefur því verið gerð, en því miður án árangurs. Vera má, að hreppabreytingar innan Kjósarsýslu verði nauðsynlegar, ef frv. nær fram að ganga, en það geta hrepparnir gert með samþykki sýslunefndar, án þess að til atbeina Alþ. þurfi að koma. Loks skal á það minnzt, að í ræktunarl. er heimild fyrir kaupstaði að taka land í nágrenni sínu eignarnámi, ef það er nauðsynlegt til ræktunar. Hér er því ekki um neitt nýmæli að ræða. Umsögn Búnaðarfélags Íslands þarf þar að vísu að koma til, og veit ég þó ekki, hvernig núv. form. þess mundi taka undir þetta mál. Hann (BÁ) er aðili öðrum megin í þessu máli.

Ég er að sjálfsögðu fús að fallast á þær brtt., sem vit er í, og sama veit ég, að er vilji meðflm. í máli þessu. Hingað til hef ég miklu fremur orðið fyrir aðkasti, vegna þess að frv. gangi of skammt. Nú er sagt, að það gangi allt of langt, og kynni þetta að benda til, að hér hafi verið allvel ratað meðalhófið.

Haraldur Guðmundsson: Í grg. frv., bls. 3, er tekið fram, að flm. frv. áskilji sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. við frv. Nú vildi ég gera grein fyrir, í hverju ég tel frv. áfátt. Það hefur komið fram í umr., að hreppamörk verða samkv. frv. óeðlileg með afbrigðum. Blikastaðaland og hluti af Lágafellslandi verða hólmar í Mosfellssveit, en Seltjarnarnes er hólmi vestan Rvíkur, Vatnsendi verður hálfgerður hólmi, og fyrir þessu óskipulagi hafa ekki verið færðar röksemdir; því verður varla bót mælt. Meginástæða

frv. er sú, að vaxandi borg með 40—50 þús. íbúa verður nú þegar, hvað sem öðru líður, að auka landrými sitt. Fyrir Rvík er líka ákveðin hætta í því fólgin, að svo að segja við miðbæinn liggi annað lögsagnarumdæmi, annað skattaumdæmi, þar sem menn geta búið, þótt þeir afli allra tekna sinna í borginni og ættu að réttu að vera í skattumdæmi hennar. Að því hlýtur brátt að reka, að mestur hluti Mosfellssveitar og Seltjarnarhrepps sameinist bænum. Réttast er að viðurkenna þetta nú þegar og gera þessa breyt. Ég hef enga trú á, að samningar gangi neitt greiðar, þótt skemmra sé farið, né óánægja þeirra, sem óánægðastir eru, verði minni. Úr því að þetta er óumflýjanlegt, er bezt að gera það strax. Mosfellssveit er engu betur sett, þótt fyrst sé farin miðlunarleið þessa frv., en fyrir Seltjarnarneshrepp er málið auðvitað annað, þegar Seltjarnarnes leggst allt undir bæinn. Ég legg til, að nesið og Mosfellssveit öll upp að Reykjum og þar með Reykjatorfan, sem bænum er ákaflega mikilsvert að ráða yfir vegna hitaveitunnar þaðan, verði sameinuð lögsagnarumdæmi Rvíkur, og mun síðar flytja um það brtt.

Ég vil undirstrika það með hv. 6. þm. Reykv. (BBen), að augnabliksverðmæti þeirra fasteigna, sem um er að ræða á svæðinu, eru öll undir því komin, hvernig hagur Rvíkur er. Ég efast ekki um, að hv. þm. sé kunnugt um kauptilboð það, sem bænum barst um Grafarholt. Engum hefði dottið í hug að nefna þetta verð, hefði landið ekki legið eins nærri Rvík og það er.

Það var ætlun mín og ósk, að samkomulagsleiðin væri reynd til þrautar, og ég veit ekki betur en það hafi verið gert og vona það.

Hermann Jónasson: Hv. flm. (BBen) hefur svarað þeim fyrirspurnum, sem ég gerði um þetta mál, en auk þess, sem í grg. stendur, liggja annars ekki fyrir upplýsingar um málið. Vitað er, að fyrir liggur tilboð Mosfellssveitar og ekki hefur fengizt úr því skorið, hvort ekki mætti nota það fyrir samningsgrundvöll, samningsumleitunum var slitið af hálfu Rvíkur. Það finnst mér eðlilegt, að hreppnum þyki illt að sætta sig við. Við einu atriði, sem skiptir hann mjög miklu, fær hann ekkert svar.

Þetta frv. er engin lausn á jarðamálum Rvíkur. Eins og frá frv. er gengið, er sýnt, að bærinn ætlar að eignast svolitla tungu upp fyrir Varmá og tvo smáhólma í Mosfellssveit. Fleira hefur verið nefnt til marks um þá vanhugsuðu hreppaskiptingu, sem stofnað er hér til. Hvorki hefur heldur verið rannsökuð nauðsyn bæjarfélags né hrepps á að ráða þessum lendum, en allt virðist miðast við jarðakaup, sem bærinn vill gera í Mosfellssveit, á þeim braskgrundvelli virðist þetta lagafrv. byggt í trausti þess að hafa gott málefni, heilbrigða landþörf bæjarins, að skálkaskjóli. Þótt það sé upplýst, að fá eigi eignarnámsheimild á Grafarholti án þess að nota hana, fyrr en verðlækkun sé komin, er afar vafasamt, að slík aðferð sé réttlætanleg eða leyfileg, jafnvel þótt fordæmi væru til. Eða hversu lengi má slík eignarnámskvöð hvíla á jörðum ónotuð? Og liggi ekki á að nota hana, hvað liggur Alþingi þá á að nota hana? Það kom fram, að sölutilboð um Grafarholt lægi fyrir, mig minnir fyrir 600 þús. kr. Það kom einnig fram, að bærinn telur sig ekki geta notað þær stóru byggingar að fullu gagni, sem á Korpúlfsstöðum eru, nema allar lendur fylgi, þ. á m. Lambhagi og Varmá, sem hreppurinn vill halda. Það er fullvíst, ef nota á þessar lendur til venjulegrar búnaðarframleiðslu, að þær eru of dýrar, til þess að búskapurinn geti með nokkru móti borið sig í venjulegu viðskiptaárferði án tugþúsunda eða hundraðþúsunda halla á ári. Og Grafarholt hefði fyrir 3—4 árum ekki kostað nema í mesta lagi ⅙ af þessum 600 þús., sem það er boðið fyrir, en Korpúlfsstaðatorfan hefði varla selst fyrir helming þess kaupverðs, sem bærinn vill nú fá að greiða fyrir hana. Það væri því miklu betra fyrir Rvík að láta málin ganga sinn gang og sleppa þessum Korpúlfsstaðakaupum. Ef hreppurinn fær sinn rétt, falla kaupin ógild, og það er bezt fyrir bæinn, alveg eins og hann telur sér bezt að bíða með að kaupa Grafarholt. Hreppurinn lítur svo á, að hinn sanni tilgangur þess frv. sé aðeins að skjóta loku fyrir, að hann nái rétti sínum.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Það er ljóst, af hvaða toga aðfinnslur hv. þm. Str. eru gerðar. Það er, eins og vant er, umhyggjan fyrir Rvík, sem lýsir úr hverju orði hjá honum. Þegar hann var forsrh., hafði hann tækifæri til að afreka mikið Rvík til hagsbóta. Enginn varð raunar var við, að hann gerði það þá. Nú vill hann reyna að hafa þau kaup af bænum, sem hann kallar óhagkvæmt tilboð, en sé það svo, skil ég ekki kapp hans að láta heldur sveitarfélagið ganga í kaupin. Sannleikurinn er að vísu sá, að verðið á þessum Korpúlfsstaðajörðum, sem hreppurinn sækir eftir, er hlutfallslega margfalt lægra en það verð á Grafarholti, sem þessi hv. þm. byrjaði á að víta stjórn bæjarins fyrir að hafa ekki tekið. „Eitt rekur sig á annars horn“, eins og þar stendur. — Aðalatriðið í þessari ræðu hans hvílir á misskilningi á till. um eignarnámið. Hann veit þó eins og aðrir lögfræðingar, að eignarnámskvöð liggur á öllu landi, sem þarf til vegagerða, og í hafnarlögum eru jafnan veittar eignarnámsheimildir á tilteknum lóðum um óákveðinn tíma, svo sem þörf krefur. Enn fleiri dæmi þess eru og, að dregizt hefur að beita eignarnámsheimildinni.

Eftir eignarnámsheimild á Grafarholti er nú sótzt, til þess að verðið fari ekki upp úr öllu valdi, þannig að það mundi aftur auka verðbólguna eftir kenningu háttv. þm. Str., jafnskjótt sem reglur verða settar um notkun jarðarinnar, þá fellur verðið af sjálfu sér. Menn þurfa ekki annað en sjá sumarbústaðina, sem þotið hafa upp í því landi með fram hitaveituskurðinum, til þess að sannfærast um, að ekkert vit er í að láta framvegis slíkt hækka verð jarðarinnar. Ef bærinn fær jörðina, þá er hægt að koma í veg fyrir þetta, svo að skipulagning og verð á henni haldist hvort tveggja með skaplegum hætti.

Eiríkur Einarsson: Það var nú eiginlega ekki beint til að ræða um hin sérstöku málsatriði hér, sem ég stóð upp. Ég ætlaði öllu heldur að nota tækifærið til að ræða nokkuð almennt um þau mál, sem þetta mál tilheyrir.

Ég minnist þess, að á næstsíðasta Alþ. flutti ég þál. um áskorun til stj. um að gæta þess vel, er jarðir losnuðu í nágrenni kaupstaða, að þær yrðu þá hagnýttar sem bezt fyrir íbúana. Því miður vannst þá ekki tími til að afgreiða þetta mál, en ég býst við, að það verði vakið bráðlega af mér eða öðrum, af því að þetta er svo mikið framtíðarmál fyrir kaupstaðina. Það er mikill hnekkir, hve mikið olnbogarúm þá vantar vegna landbúnaðarframkvæmda. Þess eru dæmi, að jörðum í nánd við slíka staði hefur verið ráðstafað eins og í svefngöngu með tilliti til þessara mála.

Í sambandi við þetta vil ég geta annars máls frá sama þingi. Það var frv. flutt af hv. þm. N.-Þ., um eignarnámsheimild fyrir ríkið á landinu í Hveragerði, sem byggist ört. Svigrúm er þar lítið og ábúðarrétturinn í molum. Landeigendur eru þar margir, en landrými lítið, og gerði þetta frv. því ráð fyrir, að ríkið eignaðist landið, svo að fólkið vissi fremur, hvar það stæði með tilliti til þessa máls. Þessu frv. var ég fylgjandi, og það var lögfest. Nú er ekki því að leyna, að þessa heimild átti að nota til hagsbóta fyrir fólkið, og þótt ég styðji núverandi stjórn, þá tel ég vel farið, að hún hefur enn ekki framkvæmt þetta, og veit ég, að ýtt verður undir, að þessi heimild verði notuð. Ég er sannfærður um í þessu sambandi, að verðið verður ekki látið ráða úrslitum, heldur hitt, hvort fólkinu er nauðsyn að framkvæmd laganna eða ekki. Og ef menn eftir beztu samvizku komast að raun um, að fólkinu er nauðsyn á þessu, þá mun það mega sín meira en hátt eða lágt kaupverð. Ég ætla ekki að blanda mér sérstaklega í það mál, sem hér er til umræðu, en get þess til, að þar munu sömu sjónarmiðin verða látin ráða.

Annars eru það einkennilegar stefnur, sem uppi eru á þinginu um þessi mál. Samkv. þessu frv. er það Reykjavíkurbær, sem fær eignarnámsheimildina, en ríkið fékk hana í Hveragerði, og er ekkert sérstakt ósamræmi í því, þar sem Hveragerðið er svo fámennt og ekki einu sinni sjálfstætt hreppsfélag.

Þó vil ég segja, að stefnan í þessum málum sé ærið reikul, þar sem annars vegar er stofnaður sjóður til að kaupa jarðir handa ríkinu, en hins vegar líður varla svo nokkurt þing, að ekki komi fram fleiri beiðnir um kaup á jörðum ríkisins. Þetta þarf ekki að stangast, en þó er oft svo, því miður, vegna braskduttlunga, sem sumir hv. alþm. eru of háðir.

Ég vil láta þetta í ljós til að sýna skilning á vaxtarþörfum bæjanna í þessu efni og þá ekki síst höfuðstaðarins.

Hins vegar á að verða alhliða þróun í þessa átt, og þó að einstakir ábúendur virðist í byrjun bíða hnekki við þetta, þá er sanngjarnt, að minni nauðsyn þoki fyrir meiri nauðsyn. Það álít ég, að eigi að vera aðalmarkið í þessum málum yfirleitt.

Hermann Jónasson: Það er aðeins mjög stutt mál. Það kom fram hjá hv. þm. Reykv., að það væri einkennilegt, að ef kaupin væru hagkvæm fyrir hreppinn, að þau væru það þá ekki einnig fyrir bæinn. Þessu er því til að svara, að það eru hinar stóru eignir á Korpúlfsstöðum, sem eru hinn óhagkvæmi hluti kaupanna. Kaupin eru aðeins hagkvæm að þeim hluta á eignunum, sem hreppurinn vill neyta forkaupsréttar á. Þetta vildi ég, að kæmi fram.

Annars tel ég ekki rétt að ræða um þetta meira að sinni. Hve lengi legið er á eignarnámsheimildarlögum, kemur þessu máli eiginlega ekkert við.

Það mun síðar koma í ljós, að ekki er verið að leysa vanda Rvíkur, þótt Grafarholt verði keypt. Það er tiltölulega lítil byggð þar í landi. Aftur á móti er mikil og skipulagslaus byggð á milli Rvíkur og Hafnarfjarðar, sem ekki er innan lögsagnarumdæmis bæjarins. Annars er ég sízt á móti landakaupum Rvíkur. Meðal annars tel ég ekki nema eðlilegt, að bærinn fái umrætt land suður undir Hafnarfjörð.

Til sönnunar því, að ég er ekki á móti þessum málum, skal ég nefna það, að ég var með eignarnámi í Hveragerði. Mér er kunnugt um, að þar er nú búið að meta nokkurn hluta landsins, og er það mat þegar komið upp í 700 þús. kr. Vitanlega kemur ekki til mála, að ríkið kaupi þetta land, eins og stendur, á meðan allt er á toppinum. Það er sama sem að kasta peningunum á glæ, og álít ég, að stj. hafi gert rétt í þessu.

Ég álít, að þetta mál þurfi rækilegrar athugunar, áður en leystur er vandi Rvíkur og hreppanna í grennd, og að ekki beri að kaupa á þessum tímum. Verðið verður seinna ekki nema brot af því, sem það nú er, svo að óþarfi er að fara sér óðslega. Ég álít því, eins og ég sagði áðan, að rétt sé af stj. að hafa ekki notfært sér eignarnámsheimildina í Hveragerði enn þá.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að samanburður minn á hagkvæmni eða óhagkvæmni kaupanna í Mosfellssveitinni er réttur. Það eru stórar húseignir á báðum þeim hlutum, sem hv. þm. Str. skipti eignunum í, eins þeim hlutanum, sem hreppurinn vill fá. Það er t. d. mjög stórt fjós og hlaða fyrir ofan veginn hjá Lágafelli. Þessar eignir eru metnar eftir alveg sömu reglum og hinar, og sýnir það sig því, að hreppnum þykir ekki verðið hátt. Aftur á móti sýnir eftirsóknin, að kaupin eru beinlínis hagkvæm, enda er sannleikurinn sá, að þau eru gerð með fyrirstríðsverði, svo að kaupverð Korpúlfsstaða er ekki nema lítið brot af núverandi verði Grafarholts, sem hv. þm. Str. átaldi einmitt, að ekki skyldi hafa verið gengið að.

Ég skal játa, að bærinn hafði hug á því um skeið að eignast Digranesland. Fóru fram umleitanir í þá átt, að bærinn fengi það í skiptum fyrir hluta úr Gufuneslandi, sem tekinn var undir loftskeytastöð eða talstöð. En þá stóð á hv. þm. um þetta, og féll svo málið niður. En það er nú minni nauðsyn fyrir bæinn að eignast

þetta land, þar sem það er í eigu ríkisins og ríkið hefur tekið upp góða nýtingu þess, skipt því niður í erfðafestulönd með góðum kjörum, svo að Reykvíkingar hafa þess full not, eins og það væri innan lögsagnarumdæmis bæjarins. Er í þessu farið eftir því fordæmi, sem Reykjavíkurbær hefur gefið um nýtingu lands síns.

Það er því ekki eins mikil ástæða til að taka þetta land eins og Grafarholt.

Ég nenni svo ekki að deila meira um þetta, en sumarbústaðirnir, sem byggðir hafa verið fram með hitaveituskurðinum í Grafarholtslandi, eru öllum jafnt til skaða og skapraunar.

Að mínu viti er það ekki efamál, að ástæða er til fyrir það opinbera að skerast í leikinn, þegar menn kunna sér ekki betur forráð en raun ber þarna vitni um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 21. jan., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að taka bráðlega á dagskrá, helzt á morgun, frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Rvíkur. Því var vísað til allshn. löngu fyrir jól og var afgr., að því er ég hygg, frá meiri hl. n. um 10. þ. m., þ. e. a. s. fyrir 10—11 dögum, en hefur ekki enn þá verið tekið á dagskrá, af því að nál. hefur ekki borizt frá minni hl. n. Ekki er við því hlítandi, að málið sé stöðvað af þeim sökum, og þar sem óðum líður að því, að störfum ljúki að þessu sinni, vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti hlutaðist til um, að málið yrði tekið á dagskrá og ef nauðsyn bæri til, að minni hl. yrði settur frestur til að skila nál. Hitt er ekki hægt að sætta sig við, að málið sé dregið á langinn úr þessu.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Út af þessum ummælum hv. 6. þm. Reykv. þykir mér rétt að vekja athygli á því, að minni hl. hefur þegar skilað nál. Mun það nú vera í prentun og koma í dag eða á morgun, svo að málið þarf ekki að dragast lengi af þeim ástæðum.

Forseti (ÞÞ): Dagskrá morgundagsins hefur þegar verið samin, en ég skal taka til athugunar, hvort ekki er hægt að setja málið á næstu dagskrá, sem samin verður.

Á 39. fundi í Ed., 22. jan., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Ég vil ítreka ummæli, *sem ég* hafði í gær, um það að skora á hæstv. forseta að taka á dagskrá á næsta fundi d. frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Rvíkur. Það er nú þegar hálfur mánuður síðan meiri hl. n. skilaði áliti um málið, og það bólar ekki enn á nál. minni hl. Mér þykir ekki fært lengur að tefja slíkt mál sem þetta með slíkum hætti og vildi skora á hæstv. forseta að taka málið á dagskrá á næsta fundi hv. d.

Forseti (ÞÞ): Ég mun verða við tilmælum hv. 6. þm. Reykv. um að taka þetta mál á dagskrá á næsta fundi, en vil geta þess, að fundur verður ekki í þessari hv. d. á morgun, enda er vafasamt, hvort nál. minni hl. í málinu gæti verið tilbúið þá, þar sem prentun þess hefur tafizt vegna rafmagnsbilunar. En á mánudaginn verður þetta mál vissulega sett á dagskrá, enda er það þetta mál, sem liggur nú næst fyrir að taka á dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 172 og 250).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Máli þessu var vísað til allshn. N. hefur athugað það, en eins og fram kemur í nál., hefur n. klofnað. Meiri hl. n. leggur til allýtarlegt nál. á þskj. 172 og mælir með því, að frv. verði samþ. með nokkrum óverulegum breyt. Þessar breyt. fara í þá átt að taka tillit til athugasemda, sem komið hafa fram frá aðilum, sem frv. var sent til umsagnar. En þessir aðilar voru hreppsnefndir Mosfellshrepps og Seltjarnarneshrepps og sýslunefnd Kjósarsýslu. Einnig þótti viðeigandi að snúa sér til Björns Birnis í Grafarholti, og hefur hann sent n. allýtarlega álitsgerð. Allir þessir aðilar lögðu eindregið á móti því, að frv. væri samþ., en meiri hl. n. sá sér ekki fært að taka frekara tillit til þess en fram kemur í þeim brtt., sem birtar eru í nál.

Varðandi breyt. í 1. gr., þá miðar hún að því að gera ótvíræðara en áður, hvaða eignir eigi að leggjast undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur samkv. frv. En í frv., eins og það var í fyrstu, var þetta ekki nægilega ljóst, og leiddi þar af, að meira var tekið en ætlazt var til. Var því þessi breyting sjálfsögð. Einnig var því bætt inn í, að sá hluti Vatnsendalands, sem fyrirhugað er að leggist undir friðland Rvíkur, „Heiðmörk", á einnig að leggjast undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, þegar búið er að taka hann eignarnámi samkv. l. Þá er það beint tekið fram í 1. gr., eins og henni hefur verið breytt, að undanskilið er það land úr landi Varmár, sem selt hefur verið undir þingstað á Brúarlandi og verksmiðjuhverfi á Álafossi. Sannast að segja var það af vangá, að þetta var ekki tekið upp í frv. í upphafi, og fer vel að breyta því.

Þá er breyt. við 3. gr. Hún stafar af því, að eigandi Grafarholts taldi á rétt sinn gengið og ekki er hægt að meta Grafarholt samkv. einu matstigi. Því var það tekið upp í frv., að um hans land skuli gilda almennar matsreglur eða venjulegar eignarnámsreglur.

Þá er breyt. við upphaf 6. gr. frv., og er hún bein afleiðing af breyt. á 3. gr., og þarf ekki að fara um hana fleiri orðum.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um þær breyt., sem meiri hl. allshn. hefur gert við frv., og legg til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

Um málið í heild þarf ég ekki að vera margorður. Það var allýtarlega rætt við 1. umr., og kom þá fram nokkur andúð gegn því, og mér

virðist af nál. minni hl., að ekki hafi mörg rök bæzt við, og vona ég því, að 2. umr. geti orðið stutt. Enda lítum við fylgjendur frv. svo á, að hér sé um augljósa réttarbót og nauðsynjamál fyrir Rvík að ræða, svo augljósa, að ekki þurfi að standa í miklum kappræðum til að sanna gildi málsins. Það mætti meira að segja halda því fram, að í þessu frv. sé of skammt gengið til hagsmuna fyrir Rvík, og sumir hv. þdm. hafa látið í ljós þá skoðun, að frv. nái of skammt og að taka ætti allt Seltjarnarnes og meira af Mosfellshreppi en hér er gert ráð fyrir og að aðeins með þessu móti fáist viðunandi úrlausn þessa máls fyrir Rvík. Ég get búizt við, að svo fari að lokum, að Seltjarnarnes og Rvík sameinist, eins og var um langa hríð, og ég vil lýsa því yfir, að ég mun taka það mál til vinsamlegrar athugunar, þegar slíkt kemur fram. Ég veit, að það eru uppi mjög sterkar raddir í hreppnum sjálfum um það, og það er ekki síður hagsmunamál hreppsins en Rvíkur. Hins vegar held ég ekki, að það sé því til framgangs, sem í frv. er gert ráð fyrir, að fara að blanda þessu máli saman við það. Þess vegna hafa brtt. í þá átt verið látnar niður falla, en ég áskil mér rétt til að taka upp málið síðar.

Eins og mig minnir, að ég hafi drepið á við 1. umr. þessa máls, þá er ekki farið lengra í þessu frv. en svo, að sýna má með sérstaklega ótvíræðum rökum, að sjálfsagt sé, að þær jarðir, sem hér ræðir um, falli undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Það má segja, að mörkin séu ekki heilleg, og hér ekki fundin lausn, sem má standa um aldur og ævi. En við höfum álitið réttara að láta tímann skera úr um það. Við höfum ekki tekið fyrir meira en það, sem Rvík þarf nú þegar á að halda, enda hefur hún þegar öðlazt rétt til allra hinna nafngreindu jarða nema Grafarholts og Keldna, á einn eða annan hátt, sem gerir það eðlilegt og rétt, að þær falli undir lögsagnarumdæmi Rvíkur.

Ég vil geta þess, að í nál. minni hl. og ýmsum athugasemdum, sem n. bárust, sérstaklega frá Seltjarnarneshreppi, þá er því haldið fram sem gagnrökum, að tiltekin jörð, Elliðavatn, hafi verið í stakri niðurníðslu undanfarin ár. Það er satt, að Elliðavatn var um langt skeið í niðurníðslu. Það skal ekki rakið hér. Jörðin var leigð samkv. gömlum samningi þeim, sem seldi bænum hana. Það þótti varhugavert að svipta hann ábúð jarðarinnar, en það var þó gert fyrir 2—3 árum, og jörðin þá tekin til ákveðinna þarfa bæjarins. Allmikill hluti jarðarinnar er alls ekki nýttur sem bújörð, t. d. er sauðfjárrækt bönnuð þar með öllu. Það getur verið, að bændum þarna í kring þyki þetta niðurníðsla. En það tekur nokkurn tíma að koma jörðinni í fulla rækt. Varðandi það, að þetta hafi verið bezta jörð áður fyrr, má benda á það, að búnaðarskilyrði á jörðinni breyttust við það, að allstór flæðiengi, sem þarna voru, lentu undir vatni, þegar stíflað var vegna rafmagnsveitu Rvíkur. Jörðin er ekki það, sem hún var áður, og mun ekki verða, á meðan Rvík þarf rafmagn frá Elliðaárstöðinni. Það er hægt að gera mikið úr niðurníðslu jarðarinnar, þegar svona atriðum er sleppt. En hagnýting jarðarinnar fellur alls ekki saman við það að vera undir öðru lögsagnarumdæmi, eins og hreppsnefnd Mosfellshrepps sagði, þegar rætt var um þetta mál í sumar. Hún taldi hættulegt, að Rvík eignaðist stórfelldar jarðeignir í hreppnum. En eins og segir sig sjálft, koma slíkar jarðeignir ekki að fullum notum, meðan þær eru undir lögsögn annars hrepps. Enda er örðugt að úthluta erfðafestulandi í þessum jörðum, á meðan þær eru undir öðrum hreppum. Þessum rökum, sem þarna voru færð fram fyrir því, að jarðirnar eigi ekki að heyra undir Rvík, þeim er því snúið við, þar sem það, að þær hafa verið undir lögsögn annars hrepps, hefur gert Rvík erfiðara um að gera það, sem gera þarf. Sama er að segja um aðrar jarðir. Ef þær eiga að vera Rvík að fullu gagni, er alveg nauðsynlegt, að þær komist þegar undir umráð Rvíkur.

Um jörðina Keldur, sem er eign ríkisins, stendur sérstaklega á, og virðist eðlilegt að taka hana upp í frv. Um það hefur heldur ekki verið neinn ágreiningur. En það stendur öðruvísi á um jörðina Grafarholt, þar sem hún er einstaklingseign. En eigandi hennar, Björn Birnir, viðurkennir sjálfur, að það sé eðlilegt og muni verða svo að lokum, að hún komist undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Enda er það óumdeilanlegt, að þetta landflæmi, sem sækir allt verðmæti sitt til Rvíkur, er hvergi betur sett en í eign bæjarins, og þarf ekki annað en að sjá sumarbústaðina, sem þar hafa sprottið upp. Það er ekki til hagsmuna fyrir neinn nema eiganda Grafarholts, að svo haldist sem verið hefur.

Allar hinar jarðirnar, sem lagt er til, að keyptar verði, á bærinn ýmist sjálfur eða hefur samið um kaup á þeim. Alþ. hefur heimilað að selja þær, t. d. Hólm og svo Keldur, sem ég gat um sérstaklega áður. Það eru því sérstök óvéfengjanleg rök, sem liggja til þess, að þessar jarðir lendi undir lögsagnarumdæmi bæjarins. Þannig verða þær að mestu gagni fyrir heildina. Og það er mikilsvert, að þær verði að gagni, þar sem ⅓ landsmanna býr hér við þröng skilyrði. En til þess, að þær verði nýttar til hlítar og geti komið að sem mestu gagni, þarf Alþ. að samþ. það, sem hér er farið fram á og er innan takmarka þess minnsta, sem hægt er að gera kröfu til.

Það hafa komið fram spurnir um það, hvort tilraun hafi verið gerð um að ná sáttum um verð Grafarholts. Það upplýsist hér með, að reynt var að semja friðsamlega, en það reyndist ómögulegt, því að svo mikið bar á milli.

Mig furðar mjög á því, sem kemur fram í nál. hins löglærða minni hl. allshn., er hann telur, að formlega rangt sé að þessu máli gengið og réttara hefði verið að bera það fyrst undir Búnaðarfélag Íslands. Þetta er hinn mesti misskilningur, og er það rakið allýtarlega í grg. meiri hl., en ég mun þó minnast á það nokkrum orðum.

Þegar um er að ræða mál, sem ekki koma til Alþ., heldur til ríkisstj. einnar, eins og er um eignarnámsheimildina á löndum til ræktunar fyrir kauptún og sjávarþorp, þá má segja, að ástæða sé til að Búnaðarfélagið fái þau til umsagnar, en hér er ekki neinu líku til að

dreifa, heldur á Alþ. eitt að ákveða nauðsyn þess að taka þessar jarðir eignarnámi. Þetta mál er miklu víðtækara en svo, að Búnaðarfélag Íslands sé sérstaklega til þess lagað að geta haft um það rökstudda skoðun. Alþ. aftur á móti lætur það ganga í gegnum 6. umr. í báðum d., og leitar sér auk þess álits allra þeirra aðila, sem málið varða, og þess vegna væri það mjög óeðlilegt, ef það léti Búnaðarfélag Íslands segja sér fyrir í þessum efnum. Slíkt væri fáheyrt og hefur aldrei komið fyrir varðandi slík mál sem þetta. Án nokkurra illra grunsemda varðandi hv. meðnm. mína, þá get ég þó ekki varizt því að álykta sem svo, að þeir beri þessa rökst. dagskrá fram til þess eins að eyða málinu. Ef þeir hefðu viljað leita álits Búnaðarfélags Íslands um það, þá hefði það verið hægðarleikur í desembermánuði s. l., um leið og frv. var sent hlutaðeigandi hreppsfélögum og sýslufélagi, en þá datt þeim það ekki í hug. Ég get því ekki annað en álitið, að hér sé um smávegis gildru að ræða, sem eigi að leggja fyrir hv. þdm. í þeim tilgangi að hindra framgang málsins. Því að ef frv. yrði beinlínis fellt, þá er það um leið yfirlýsing í þá átt, að þriðjungur allra landsmanna megi ekki fá keypta þessa litlu jarðarskika af öllu landinu, og ýmsir mundu vera feimnir við að gefa slíka yfirlýsingu, svo að skiljanlegra er, að farnar séu krókaleiðir sem þær, er felast í hinni rökst. dagskrá hv. minni hl. allshn.

Ég vil segja það, að ég er þess fullvís, að þeir menn, sem telja hættulegt fyrir hinn íslenzka kynstofn að flytja úr sveitunum í bæina og telja hag íslenzkrar æsku bezt borgið með því að stuðla að ræktun okkar kalda og hrjóstruga lands, hljóti að fylkja sér um þetta frv. Með því gera þeir atvinnuvegi Reykvíkinga fjölbreyttari og stuðla um leið að því að brúa djúpið, sem nú ríkir í atvinnumálum milli sveita og kaupstaða. Kaupstaðarbúar verða að finna, að framfarir þeirra hvíla eigi síður en annarra á ræktun landsins. — Ég vænti þess svo, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Frv. þetta fer fram á, að jarðirnar Elliðavatn og Hólmur í Seltjarnarneshreppi og nær helmingur alls Mosfellshrepps verði lagður undir Reykjavíkurbæ.

Meiri hl. allshn. hefur lýst sig samþ. frv., en minni hl., sem er hv. þm. Str. og ég, telur, að eigi sé svo frá frv. gengið, að það verði hægt að afgreiða það að sinni. Mér virðist mál þetta flutt fremur af kappi en forsjá. Það er mikið kappsmál fyrir hv. flm. að fá jarðir þessar lagðar undir Reykjavíkurbæ, en ef maður skyggnist eftir rökum, er þeir hafa að færa fyrir máli sínu, þá er eigi hægt að koma auga á þau.

Eftir allt, sem um þetta hefur verið rætt, veit Alþ. ekkert um þörfina fyrir þessu né heldur, til hvers eigi að nota umræddar jarðir. — Þegar þess er gætt, að fyrir Alþ. liggja mótmæli hlutaðeigandi hreppa, og vafasamt er, hvort þessir tveir hreppar geta staðið áfram hjálparlaust, ef frv. nær fram að ganga, þá finnst mér undarlegt að vera að knýja þetta fram og ábyrgðarleysi af Alþ., ef það samþ. það. Enn fremur gæti það skapað hættulegt fordæmi, hvað viðvíkur öðrum kaupstöðum landsins, og get ég í því sambandi nefnt Hafnarfjörð, sem á jörð í Gullbringusýslu, er ég veit, að ýmsir vildu gjarnan, að hyrfi undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Það yrði þess vegna mjög erfitt fyrir Alþ., ef það samþ. þetta frv., að neita öðrum kaupstöðum um svipaðar kröfur, ef þeir færu þess á leit. Mér virðist hér vera um að ræða ekkert annað en stífni af hálfu Reykjavíkurbæjar. Hann vill hamra þetta fram, hvað sem öðru líður.

Ef maður lítur nú á ýmis undangengin atvik, þá verður þetta þó skýrt að allmiklu leyti. Það er upphaf þessa máls, að þekktur borgari þessa bæjar festi kaup á smábýli í Mosfellssveit fyrir nokkrum árum. Þetta býli var Korpúlfsstaðir. Hann lagði þarna í mikla nýrækt og stórbyggingar, og starfsemin óx svo og dafnaði, að hann festi brátt kaup á fleiri jörðum í hreppnum. Búskapurinn gekk vel fyrst í stað, en strax og mjólkurfyrirkomulagið var sett á laggirnar, þá fór að blása á móti. Þá var það, að hann tók að leita að kaupanda að þessum eignum sínum. Hér í Rvík höfðu heyrzt raddir um, að Reykjavíkurbær þarfnaðist jarða til að reka búskap á. Eftir því sem ég veit bezt, þá kom þessi skoðun aðallega fram hjá minni hl. bæjarstjórnarinnar, en þegar það spurðist, að Korpúlfsstaðir fengjust keyptir, þá vaknaði áhugi meiri hl. bæjarstjórnarinnar. Eigandi Korpúlfsstaða setti sitt stolt í, að jörðunum yrði ekki skipt, heldur seldar í einu lagi. Þegar Reykjavíkurbær festi kaup á þessum jörðum, þá kom fram í einu dagblaði bæjarins sú hugsun, að kaup á þessari torfu væri sem nokkurs konar minnisvarði yfir fyrrv. eiganda Korpúlfsstaða og þarna bæri að reisa fyrirmyndarbú. — Áður en Reykjavíkurbær fengi eignarrétt þessara jarða, þá bar honum lögum samkv. að bjóða hlutaðeigandi hreppum forkaupsrétt, en þeir voru þrír. En þetta gerði Reykjavíkurbær ekki, heldur fann hann það út, að hér væri um eina torfu að ræða, sem skyldi seljast í einu lagi, enda þótt jarðirnar væru í þremur hreppum. Þetta var algerlega móti öllum lögum, og ég skil ekki, hvernig Reykjavíkurbær hefur hugsað sér þetta í framkvæmdinni. Mosfellshreppur krafðist nú forkaupsréttar á þrem hinna seldu jarða: Lágafelli, Varmá og Lambhaga. Við það gat Reykjavíkurbær ekki sætt sig, heldur hélt því fram, að annaðhvort yrði hann þá að kaupa allar jarðirnar eða enga. Um þetta risu svo deilur milli Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps, og var ekki annað sjáanlegt en að úr þessu yrðu málaferli, enda eðlilegt, að Mosfellshreppur leitaði réttar síns í málinu. En um þetta leyti birtist grein í Morgunblaðinu eftir borgarstjórann í Rvík, þess efnis, að hann vildi gjarnan, að málið yrði leyst með friðsamlegum samningum. Þetta varð til þess, að Mosfellshreppur frestaði því að leggja málið fyrir dómstólana og sendi í þess stað fulltrúa til borgarstjórans til þess að ræða málið. Í bréfi Mosfellshrepps til allshn. Ed., sem prentað er í nál. minni hl., er skýrt frá þessum samningaumleitunum. Hreppurinn lagði áherzlu á að fá áðurgreindar þrjár jarðir, og tók borgarstjórinn því

vel, en lagði um leið mikla áherzlu á það, að Reykjavíkurbær eignaðist Grafarholt í Mosfellshreppi. Eigandi Grafarholts, sem var viðstaddur þessar umr., en hann er einn í hreppsnefnd Mosfellshrepps, gat þess, að sér væri jörðin ekki útföl, en til greina gæti komið, að hann léti jörðina af hendi við Reykjavíkurbæ, ef það gæti orðið til þess að greiða fyrir samningum við hreppinn um málin í heild. Úr þessu varð svo það, að borgarstjórinn fékk leyfi eiganda Grafarholts til þess að láta meta jörðina, án þess þó að eigandi jarðarinnar teldi það mat nokkuð bindandi fyrir sig. Viðtal þetta við borgarstjórann leiddi svo til þess, að Mosfellshreppur gerði ekki frekari tilraunir að þessu sinni til þess að fá forkaupsrétt sinn viðurkenndan.

Svo líður sumarið fram yfir tvennar kosningar, og ekkert gerist, en í október tilkynnir borgarstjórinn eiganda Grafarholts, að jörðin hafi verið metin fyrir 150 þús. kr. Strax, þegar eigandi jarðarinnar heyrir um þetta, þá mótmælir hann, vegna þess að um mitt sumar hafði hann fengið fast tilboð í Grafarholtið 600 þús. kr., og taldi 150 þús. kr. ekkert verð fyrir jörðina. Afrit af þessu 600 þús. kr. tilboði var sent allshn. Ed., og er hægt að fullvissa sig um, að það er ekki út í bláinn.

Borgarstjórinn áleit 600 þús. kr. alltof hátt verð, en vildi ekki leggja fram tilboð af bæjarins hálfu, en óskaði tilboðs frá hreppnum. Á þessum grundvelli gerði svo Mosfellshreppur tilboð, sem var í aðalatriðum á þessa leið:

„1. Að Mosfellshreppur tryggi Reykjavíkurbæ eignarheimild á meginhluta Grafarholts, en fái gegn því í sinn hlut jarðirnar Varmá, mikinn hluta Lágafells og Lambhaga.

2. Mosfellshreppur féllist á fyrir sitt leyti, að hreppsmörk breyttust þannig, að Reykjavík fengi inn í lögsagnarumdæmi sitt jarðirnar Grafarholt og Engi, Gufunes og Korpúlfsstaði ásamt landareignunum Eiði og Geldinganesi og auk þess jörðina Keldur, sem er eign ríkisins, en liggur inn á milli áður taldra jarða.

3. Til jafnaðar reikningum þessum öllum greiddi svo Reykjavíkurbær til Mosfellshrepps kr. 100 þús. í eitt skipti fyrir öll, og væru þar með niðurfallnar frekari kröfur af hálfu Mosfellshrepps fyrir það að láta þessi stóru lönd og verðmæti af hendi til Reykjavíkur.“

Þetta tilboð afhenti hreppsnefndin Reykjavíkurbæ, en bærinn svaraði tilboðinu ekki. Hið mesta, sem Mosfellshreppur heyrði frá bænum, er frv. það, sem hér er nú til umr.

Fyrrv. hæstv. forsrh. tjáði sig fúsan til milligöngu og samningaumleitana milli Mosfellssveitar og Rvíkurbæjar um þetta mál, og mun hann aðstöðu sinnar vegna hafa talið líklegt, að það bæri giftusamlegan árangur. Ég spurðist fyrir um það við 1. umr. þessa máls, hvort þetta tilboð hefði verið notað og hvort þessar umleitanir hefðu farið fram undir handleiðslu hans. Mér var þá tjáð, að allar hugsanlegar tilraunir hefðu verið gerðar til að ná samkomulagi. Síðan sú umr. fór fram, hef ég fengið að vita, að þetta tilboð hæstv. fyrrv. forsrh. hefur alls ekki verið notað og af hans hálfu engin tilraun gerð til að koma samningum á. Verð ég að harma, að þessi sáttatilraun skyldi ekki hafa verið gerð, sérstaklega þegar litið er á, hversu ófullkomnar þær sáttatilraunir hafa verið, sem Rvík hefur tekið þátt í fyrir eigin atbeina. Ég verð að harma, að þær skyldu ekki hafa farið fram, vegna þess að fyrrv. forsrh. staðhæfði, að ég hygg með nokkrum rétti, að hann hefði þá aðstöðu, að líklegt væri, að hann gæti komið sáttum á. Ég verð því að vekja athygli á því, að það er alrangt, sem hv. flm. þessa frv. hafa haldið fram, að fullnægjandi tilraunir hafi verið gerðar til þess að leysa málið með samningum. Þvert á móti virðist mér, að þær tilraunir, sem fram hafa farið í þessu efni, hafi eingöngu miðað að því að draga málið vissan hæfilegan tíma til þess að geta síðar, án þess að verulegar samningsumleitanir hefðu farið fram, lagt fram frv. hér á þingi. Mér finnst, að þetta hafi verið eitt höfuðatriði til þess, að mál eins og þetta geti náð fram að ganga hér á þingi, að þeir, sem leggja áherzlu á að koma því fram og beita með því litinn og veikan nábúa sinn miklu ofbeldi og ofriki, að þeir geti gert grein fyrir því, að þeir hafi ekkert látið vangert í því efni að komast að friðsamlegum samningum í málinu. Mér finnst, að upplýsingar um það verði að liggja fyrir, áður en hægt er að leggja málið fyrir Alþ.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er beinlínis fram komið í þeim tilgangi að svipta Mosfellshrepp forkaupsrétti að þeim jörðum, sem í hreppnum eru. Frv. miðar að því að leggja undir lögsagnarumdæmi Rvíkur því nær helming allra íbúa þessa hrepps og helming allra jarða hreppsins að jarðamati. Frv. miðar einnig að því að svipta eigendur Grafarholts forráðarétti yfir þeirra eigin jörð um ófyrirsjáanlegan tíma. Reykjavík á að hafa rétt til að taka Grafarholt eignarnámi, hvenær sem henni sýnist, en engin skylda að gera það frekar en henni gott þykir. Ég verð að halda því fram, að til þess að þetta frv. geti náð fram að ganga, verði þeir, sem beita sér fyrir framgangi þess, að sýna fram á, að fyrir hendi sé hjá Rvík knýjandi þörf fyrir að fá þetta land. Ég verð ákveðið að halda fram, að Alþ. geti ekki látið það viðgangast, að Reykjavíkurbær fái að sölsa undir sig þessar jarðeignir án þess fyrst að sýna fram á knýjandi nauðsyn fyrir því, að bærinn fái landið, og það með föstum rökum.

Af hálfu Reykjavíkurbæjar eru ekki aðrar röksemdir færðar fram fyrir þörf bæjarins fyrir þessu landi en að bærinn þurfi að fá landið til kúabús, til sumarbústaða, til sands- og malartekju og gönguferða fyrir íbúana. Engar frekari röksemdir fylgja þessu frv. Ekki er minnzt á það einu orði, hvort bærinn hafi tök á að útvega íbúunum sands- og malartekju. Ekki er heldur minnzt á það einu orði, hvaða tök bærinn hafi á að útvega íbúum sínum land til sumarbústaða, kúabús eða gönguferða, sem mér virðist ekki lítil áherzla lögð á í frv. Í fáum orðum sagt, það er ekki með einu orði sýnt fram á, að bæjarbúum sé nauðsyn á að fá þetta land. Ég er ekki að draga í efa þörf bæjarins fyrir einhverju landi. Það má vel vera, að þörf sé á því. En fyrr má rota en dauðrota. Fyrr

má leggja jarðir undir Reykjavíkurbæ en hrifsa undir hann hálfan hrepp og hluta af öðrum.

Í bréfi, sem hreppsnefnd Mosfellssveitar hefur sent allshn., er skýrt frá því, að Reykjavík hafi nú til umráða þó nokkrar jarðir utan bæjarins, Gufunes, Eiði, Geldinganes, Árbæ, Ártún, Breiðholt og Elliðavatn. Allar þessar jarðir hefur bærinn til sinna umráða og getur notað þær fyrir íbúa sína. Af hálfu hv. flm. er ekki vikið að þessu einu orði og engin grein gerð fyrir því, hve mikið af þessu landi bærinn notar fyrir bæjarbúa og hve mikið á annan hátt, hvað þá að þinginu sé skýrt frá, hversu stórt land bærinn hafi, sem að sjálfsögðu hlýtur að vera eitt grundvallaratriðið, þegar meta skal, hve mikið bærinn þarf að fá til viðbótar. Ég vil vekja athygli á, að í bréfinu frá hreppsnefnd Mosfellshrepps segir, að Grafarholtsland eitt sé það stórt, að ef bærinn fengi það land til sinna umráða, gæti hann látið hverja 5 manna fjölskyldu fá 1000 m² land, miðað við, að íbúar bæjarins séu 40 þús. Þetta Grafarholtsland vill nú bærinn fá auk þeirra 7—8 jarða, sem hann á og áður voru nefndar, og auk þess alla hina svonefndu Korpúlfsstaðatorfu. Þetta vill bærinn fá samþ. á Alþ. án þess svo mikið sem gera grein fyrir með einu orði, hve mikið land bærinn hefur nú fyrir bæjarbúa. Ég leyfi mér að efast um, að hv. flm. viti sjálfir, hvað það er mikið land, sem bærinn hefur fengið til umráða handa bæjarbúum, ef frv. nær fram að ganga. Mér þætti ákaflega skemmtilegt, ef þeir síðar við þessa umr. vildu skýra mér frá því.

Það er upplýst, að þetta mál er af hálfu Rvíkur mjög illa undirbúið, og vantar mjög mikið á, að gerð hafi verið næg grein fyrir þeirri þörf, sem Rvík reisir frv. á. Hins vegar hefur komið fram í bréfum frá Mosfellshreppi, Seltjarnarneshreppi og sýslunefnd Kjósarsýslu, að það er hið mesta ofbeldi, ef á að svipta þannig nær helmingi landsverðs allra jarða í hreppnum og helming íbúa hans og þar að auki að taka tvær stórar jarðir úr Seltjarnarneshreppi. Auk þess ætlast frv. til þess, að með þessari innlimun í Reykjavíkurbæ fylgi hið myndarlega skóla- og samkomuhús Mosfellssveitarmanna á Brúarlandi ásamt þingstað sveitarinnar, skólastjóra, hreppstjóra, oddvita, svo og íþróttaskólanum á Álafossi og hluta af verksmiðjuhverfinu. Í umsögnum, sem borizt hafa Alþ., er beinlínis sannað, að mjög er vafasamt, að Mosfellshreppur og Seltjarnarneshreppur fái staðizt sem sjálfstæðir hreppar, ef frv. nær fram að ganga, svo að óhjákvæmilegt er að athuga, áður en frv. kemst fram, ef það á að komast fram, hvort ekki er nauðsynlegt að gera þegar í upphafi einhverjar ráðstafanir út af þeirri röskun, sem af þessu mundi leiða fyrir hreppana. Og að mínu viti er óhugsandi, að þetta frv. geti fengið framgang hér á þingi, án þess að þetta sé athugað jafnframt. Alþ. hefur með l. frá 1941 sýnt nokkuð, hver vilji þess er í hlutum svipuðum þeim, er hér liggja fyrir. Í l. um jarðakaup ríkisins handa kaupstöðum og sjávarþorpum er svo ákveðið, að lönd frá nærliggjandi sveitarfélögum skuli ekki lögð undir kauptún og sjávarþorp, nema því aðeins, að málið hafi verið ýtarlega rannsakað og leitað umsagnar og álits Búnaðarfélags Íslands og búnaðarfélagið hafi mælt með, að málið næði fram að ganga. Alþ. hefur sett þessi l. og tekið þetta ákvæði upp í þau vegna þess, að þinginu hefur verið ljóst, hversu mikil hætta er á því fyrir sveitarfélög, að kaupstaðir seilist um of til landa hjá sveitunum. Þingið hefur þess vegna talið nauðsynlegt að setja l. til að vernda hreppana fyrir ágangi kaupstaðanna. Ég skal að vísu viðurkenna, að eftir orðum þessara l. taka þau ekki beinlínis til Rvíkur, en hinu verð ég afdráttarlaust að halda fram, að samkv. eðli sínu hljóta þau einnig að taka til Rvíkur. Það er ekki hægt með rökum að benda á neina ástæðu fyrir því, að önnur fyrirmæli skuli gilda í þessu efni um Rvík en aðra kaupstaði landsins, nema síður sé. Hrepparnir kringum Rvík þurfa áreiðanlega á sömu vernd að halda af hálfu löggjafans eins og hrepparnir kringum aðra kaupstaði og sjávarþorp á Íslandi. Mér er nær að halda, að í sambandi við Rvík sé frekar þörf á aðgæzlu af hálfu löggjafarvaldsins í þessu efni en annars staðar, því að einmitt vegna þess, hve stór Rvík er orðin, er ástæða til að óttast, að bærinn sýni nágrönnum sínum yfirgang og leiti til landa hjá nágrannahreppunum að óþörfu. Ég verð því ákveðið að halda fram, að eðlilegt sé og sjálfsagt, að Mosfellshreppur og Seltjarnarneshreppur eigi beinlínis kröfu til þess, að Alþ. láti þá njóta sömu réttinda og verndar og öðrum hreppum er veitt í þessum l., og sú rökst. dagskrá, sem minni hl. hefur borið fram, byggir ekki hvað sízt á þeirri hugsun.

Það var af hálfu hv. 1. flm. þessa frv. gefið í skyn, að till. okkar í minni hl., að vísa málinu til Búnaðarfélags Íslands, væri fram komin til að tefja málið og torvelda framgang þess. Þetta er algerlega rangt, málinu gersamlega snúið við. Þessi krafa okkar minnihlutamanna er beinlínis fram komin til þess, að málið geti fengið greiðari afgreiðslu og um leið öruggari afgreiðslu, því að það er alveg víst, að jafnilla og þetta frv. er undirbúið undir þingið, þá mun það tefjast svo mikið, að óhugsandi er, að hægt sé að afgreiða það. En ef málið væri sent búnaðarfélaginu og fengin um það rökstudd umsögn, er mér nær að halda, að það fengi fljótari afgreiðslu, að ég nú ekki tala um, hversu miklu meira öryggi fengist fyrir því, að fullt tillit væri tekið til allra aðila.

Einhvers staðar var að því vikið, að ekki væri hægt að treysta umsögn búnaðarfélagsins um þetta mál, vegna þess að í stjórn þess ætti sæti einn hreppsnefndarmaðurinn úr Mosfellshreppi. Ég verð að segja, að mér finnst þessi fullyrðing koma úr hörðustu átt, sérstaklega þegar þess er gætt, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki byggt á neinu öðru en umsögn frá forráðamönnum Reykjavíkurbæjar, og geta allir séð, hvort þeir muni ekki vera miklu vilhallari en stjórn Búnaðarfélags Íslands, jafnvel þó að þar sé einn hreppsnefndarmaðurinn úr Mosfellshreppi. Þessi ástæða af hálfu flm. frv. er því ekki nema tylliástæða ein.

Ég get ekki skilizt svo við þetta mál, að ég minnist ekki sérstaklega með nokkrum orðum á

þau hörðu tök, sem hv. flm. frv. ætla sér að beita eiganda Grafarholts í sambandi við þetta mál. Jörðin Grafarholt hefur a. m. k. nú um nokkurn tíma verið í eigu sömu ættar. Eigendur Grafarholts hafa búið þar sérstaklega um sig, stofnað þar heimagrafreit fyrir ættina og hugsað jörðina sem framtíðaróðal hennar, a. m. k. að einhverju leyti. Það er rétt, að síðan skriður komst á þetta mál, hefur eigandi Grafarholts litið nokkuð í kringum sig um sölu á hluta af Grafarholti, en alls ekki um sölu á því öllu. Ég er viss um, að ef eftir því væri leitað að fá Grafarholt keypt að einhverju leyti, mundi það vera framkvæmanlegt með sanngjörnu verði fyrir báða aðila, en með þessu frv. er eigandi Grafarholts þannig settur, að afhenda á Reykjavíkurbæ skilyrðislausa heimild til að taka þessa jörð eignarnámi, hvenær sem bænum þóknast, en engin skylda hvílir á bænum að gera það fremur en honum sjálfum gott þykir. Með þessu lagaákvæði er eiganda Grafarholts sköpuð sú sérstaða í þjóðfélaginu, að eign hans er algerlega fryst. Hann er sviptur öllum möguleikum til að ráðstafa henni eða gera sér hana verðmæta á nokkurn hátt, því að það er vitað mál, að með slíka hengingaról dinglandi yfir höfði sér mun enginn vilja festa kaup á neinum hluta Grafarholts, hversu lítill sem hann er, hvað þá stórum hluta jarðarinnar. Eiganda Grafarholts er því með frv., eins og það liggur fyrir þinginu, sköpuð sú sérstaða, sem hvergi á sinn líka, að vera sviptur umráðarétti yfir landi sínu, svo lengi sem Reykjavíkurbæ þóknast. Og svo kórónar flm. afstöðu sína gagnvart eiganda Grafarholts með því að viðhafa þau ummæli, að þá kröfu verði að gera til hans, að hann verði að lúta landslögum eins og aðrir menn. Slík ummæli eru höfð um hann á sama tíma, sem verið er að koma með frv. til þess eins, að eigandi Grafarholts fái ekki að njóta þess réttar, sem landslög veita öllum öðrum borgurum þessa lands. Mér finnst, að þessi ummæli grg. séu hin ómaklegustu og hv. flm. hefðu vel getað sparað sér þau, þegar tekið er tillit til þess hvaða aðförum er verið að beita gegn varnarlausum sveitabónda í nágrenni bæjarins.

Í þeirri grg., sem fram hefur komið af hálfu minni hl. fyrir þeirri niðurstöðu, sem hann kemst að, er höfuðatriðið það, sem minni hl. vill greinilega undirstrika, að við viljum ekki, að þetta mál sé afgr. frá þinginu, fyrr en fyrir liggur ýtarleg og rökstudd umsögn um það, hver þörf Rvíkur er í þessu efni, og málið ekki afgr., fyrr en fullnægjandi sáttaumleitanir hafa farið fram milli beggja aðila á grundvelli þeirrar umsagnar, sem búnaðarfélagið og jafnvel einhverjir hlutlausir aðilar láta í té.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 250, frá minni hl. allshn., felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HermJ, PHerm, BSt.

nei: EE, GJ, HG, JJ, KA, LJóh, MJ, PM, BBen, BrB.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

2 þm. (IngP, StgrA) fjarstaddir.

Brtt. 172,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9:4 atkv.

2. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Brtt. 172,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 10:4 atkv.

Brtt. 172,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.

7. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 264).

Frsm. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Við 2. umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég mun því að svo stöddu leiða málið hjá mér. En við hv. þm. Str. höfum orðið ásáttir um eina brtt. í þeim tilgangi að reyna að fá leiðréttingu á einu ákvæði frv. Það er rétt að taka það fram, að við berum fram þessa brtt. af því, að við álítum, að ekki sé hægt að afgreiða frv. án hennar. Brtt. er aðeins tilraun til að leiðrétta það, sem hv. d. getur ekki gengið fram hjá.

Ég vil vekja athygli á því, að þegar bærinn ræddi við eiganda Korpúlfsstaða um sölu á jörðinni, þá hélt eigandinn fast við það að halda eftir hluta hennar, sem er um 63 hektarar að stærð og bezti hlutinn að landgæðum, er mér sagt. Enda þótt hann héldi fast við þetta, þá hefur engin tilraun verið gerð af bæjarins hálfu til þess að fá eignarnámsheimild á þessu landi eða fá það á annan hátt undir bæinn. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í frv., að jörðin skiptist milli bæjarins og Mosfellssveitar. Flm. frv. hafa ekki séð sér fært að ganga nær eigandanum en þetta. Aftur á móti vil ég benda á, að frv. gengur mjög nærri eiganda Grafarholts. Þar er gert ráð fyrir, að bærinn fái eignarnámsheimild á Grafarholti hvenær sem er. Með þessu móti yrði eigandi þeirrar jarðar illa settur, jörðin mundi falla í verði, og ef hún yrði tekin, þá yrði hann að leita annað. Það gæti orðið erfitt. Hann hefur komið sér þar vel fyrir og byggt allt upp með það fyrir augum, að jörðin gengi að erfðum.

Ég vil því freista þess að fara fram á, að inn í frv. verði tekin ákvæði um hliðstæða skiptingu á Grafarholti og Lágafelli. Ég vil fara fram á, að eiganda Grafarholts verði einnig leyft að halda eftir 63 hektörum af sinni jörð, og þá helzt spildunni fyrir neðan veginn, sem er mest ræktuð. Á þessum grundvelli er brtt. okkar flutt. Það er fyrst breyt. við 1. gr. Enn fremur breytist 3. gr. þannig, að við hana bætist nýr málsliður. Í þessum brtt. felst það, að eiganda Grafarholts verði ætlaður álíka stór hluti af sinni jörð og eiganda Lágafells hefur verið ætlaður, og að sá hluti fái einnig að vera áfram í Mosfellssveit.

Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þetta og þá einkum með hliðsjón af því, að flm. frv. hafa fallizt á það sama við eiganda Lágafells.

Að öðru leyti getum við ekki fellt okkur við frv. þetta, þótt við teljum þetta til bóta og ekki forsvaranlegt að afgreiða málið án þessara breyt.

Forseti (ÞÞ): Tvöföld afbrigði þarf fyrir þessum brtt. bæði af því að þær eru skriflegar og of seint fram komnar.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég ætlaði að tala hér við 2. umr. þessa máls, en það fórst fyrir, og raunar er nú ekki þörf á að lengja þessar umr. Hv. frsm. meiri hl. hefur skýrt svo málið. Á hinn bóginn er lítil ástæða til að svara mótbárum minni hl.

Ég tel það dálítið einkennilegt, er hv. minni hl. vill fara að hafa vit fyrir bænum um jarðakaup. Ég tel, að bærinn eða fulltrúar hans eigi að ráða þeim málum og þurfi ekki ráð hv. þm. eða hreppsnefnda annarra hreppa. Þetta hefur verið ein aðalröksemd minni hl., að bærinn þyrfti ekki að kaupa þessar jarðeignir. Þetta á ekki að ræða hér, heldur í bæjarstjórn. Það er beinlínis hjákátlegt að reyna að koma í veg fyrir jarðakaup bæjarins, á meðan jarðakaup eru annars leyfð.

Að þetta sé tjón fyrir viðkomandi hreppa, getur ekki heldur staðizt sem mótbára. Það getur ekki komið til mála sem leiðarljós fyrir löggjöf, hvort þessi eða hinn hreppurinn álítur sig skertan með henni. Það nær engri átt, að nauðsynjamál strandi á úreltri hreppaskipun. Ég tel slík rök fjarstæðu eina. Um þessa hreppa er það sjálfsagt, að skipun þeirra verði breytt, ef þeir telja þess þörf og óska þess.

Annars álít ég, að frv. þetta gangi ekki nógu langt. Ég hefði álitið, að einnig ætti að leggja Seltjarnarnesið undir bæinn og mikinn hluta úr þeim hreppi. Það kemur auðvitað ekki til greina, að þessi hreppur verði sjálfstæður í framtíðinni, sízt eftir að þetta frv. hefur náð fram að ganga, þar sem hlutar hans verða eins og eyjar innan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Eins álít ég, að eigi að verða og verði um Blikastaðina, þann hluta, sem enn er eftir af Lágafelli, og Reykjatorfuna. Það er eðlilegast, að allar þessar jarðeignir komi undir lögsagnarumdæmi Rvíkur.

Ég hafði nú hugsað mér að gera brtt. við þetta frv., þess efnis að gera það víðtækara eitthvað í þessa átt. En að þessu sinni hef ég þó horfið frá því, af því að ég vil ekki tefja framkvæmd málsins á þessu stigi. Þær breyt. mega þá bíða seinni tíma, og hef ég þá von um, að þær nái fram að ganga, einkum eftir að ég heyrði ræðu hv. frsm. Ég hverf því frá þessu áformi.

Viðvíkjandi brtt. þeirra hv. 9. landsk. og hv. þm. Str., þá virðast þær sanngjarnar. Hins vegar yrði með samþykkt þeirra einni eyjunni fleira innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, og er ég hissa, ef þessir þm. vilja nú bæta við tölu þeirra. Annars virðist þetta sanngjarnt að svo komnu máli. E. t. v. væri rétt að fresta umr. til morguns um þetta mál, til þess að átta sig betur á þessum brtt.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Ætlun mín var einnig sú að biðja um frest á umræðum til morguns, svo að hægt væri að athuga brtt. þær, sem fram hafa komið. Þær sýnast ekki óaðgengilegar. Ég vil því beina því til hæstv. forseta að fresta umræðunni. Að öðru leyti er ég þakklátur hv. 5 þm. Reykv. fyrir það, að hann hætti við að bera fram brtt. í þetta sinn. Annars er ég eindregið þeirrar skoðunar, að Seltjarnarnesið lendi brátt innan lögsagnarumdæmis bæjarins, og er ég því fylgjandi.

Ég lít svo á, að þetta frv. setji bænum engin fullnaðartakmörk, enda ætlast ég ekki til þess. En ég tel aðeins rétt og betur farið, að því máli eða stækkun, sem nú er um að ræða, sé haldið út af fyrir sig. Síðar mun ég verða því hlynntur að taka nýjar stækkanir á lögsagnarumdæmi bæjarins til athugunar.

Umr. frestað.
Á 43. fundi í Ed., 28. jan., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 264, 282).

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Ég vildi einungis geta þess, að allshn. hafði þetta frv. til athugunar í morgun, og án þess að nokkur formleg ályktun væri um það gerð, leggur hún til, að brtt. á þskj. 282 verði samþ. Ég vildi aðeins gera við brtt. ofurlitla orðalagsbreyt. Sú brtt. liggur ekki fyrir, en ég legg til, að í staðinn fyrir orðin „sem er neðan við þjóðveginn“ komi: sem er neðan við Norðurlandsbraut, — og mun ég bera fram um þetta skrifl. brtt.

Jónas Jónsson: Ég vildi segja fáein orð um þetta mál við þessa 3. umr. Um þetta mál hefur verið nokkur reipdráttur og verður sjálfsagt áfram, eins og alltaf er, þegar kaupstaðirnir eru að færa út lögsagnarumdæmi sín, og það er í sjálfu sér jafneðlilegt, að hreppurnir séu á móti þessu eins og að bærinn vilji stækka. Ég get ekki neitað því, að ég get vel skilið, að bóndinn í Grafarholti, sem býr á ættaróðali sínu, sé á móti þessu, en það verður að meta þetta eftir því, hvort gagnið er meira.

Ég ætla nú að segja nokkur orð um það, hvers vegna ég vil, að bærinn hafi sitt land, en ég vil líka benda á það, hvers vegna ég tel, að bærinn megi muna það, að sveitirnar hafa líka sínar réttmætu kröfur og sín mál. Ég álít mjög óviðkunnanlegt, að í blöðum a. m. k. tveggja flokka hér í Rvík hefur að undanförnu verið lagt mjög fast á móti því, að verð innlendu framleiðslunnar væri bætt og höfð um það óviðurkvæmileg orð. Þess er þar að engu getið, að það fé, sem þannig er lagt fram, fer ekki allt til framleiðenda, heldur líka að nokkru leyti til bæjarbúa, því að það gerir vörurnar ódýrari til þeirra. Þetta er því ekki eingöngu ósanngirni, heldur líka röng rök. Ég segi, að það, sem hér kemur fram, er sams konar ósanngirni eins og hjá sveitunum, ef þær vildu ekki láta eftir land handa bæjunum. Áður en ég fer lengra, vil ég segja það, að allt okkar líf mótast af baráttunni um skiptingu striðsgróðans. Nú hefur stríðsgróðinn komið til sumra manna í bæjunum, svo að skiptir hundruðum þúsunda kr., en þegar kemur að því að greiða bætur til þeirrar stéttar þjóðfélagsins, sem engan striðsgróða hefur fengið og engin 30% á laun sín, koma harkaleg ummæli frá Alþfl. og Kommúnistafl. En ég vil segja það, að fólkið í bæjunum getur ekki ætlazt til

skilnings á sínum málum, ef það sýnir aðeins ósanngirni í málum sveitanna.

Ég vil þá lýsa skoðun minni á því, hvers vegna ég tel alveg sjálfsagt, að Rvík færi út kvíarnar, þótt það kosti næstu hreppa nokkrar fórnir. Úr því að hér í Rvík búa 40 þús. manns, og líkur eru til, að verði hér, er það nauðsynlegt, að þeir, sem vaxa upp í þessum bæ, þurfi ekki ætíð að vera lokaðir á steinsteypugötunum í Rvík. Sem gamall kennari vil ég segja, að það hefur aldrei tekizt hér á Íslandi að ala fólk upp þjóðlega nema í sambandi við ræktun. Ég er ekki að segja það Rvík til lasts, en ég veit ekki til, að skáld hafi risið þar upp. Þar er margt duglegra manna, framkvæmdamenn, skipstjórar, smiðir o. s. frv. Íslendingum hefur ekki tekizt að fá þann þroska út úr bæjarlífinu, sem fæst við það að alast upp við ræktun og dýr, en það er sá þroski, sem hefur mótað þjóðlíf okkar í þúsund ár. Ég vil ekki halda því fram, að þessir 40 þús. menn eigi að fara að setja upp bú, en þetta fólk kemur sér upp sumarbústöðum. Það er dýrt, en það gerir það til þess að vera á grasi með börn sín, og í sambandi við þetta stundar það garðrækt og trjárækt. Ég veit um mann, sem á sumarbústað hér fyrir innan bæinn og er með 20 ára starfi búinn að koma upp trjálundi við hús sitt, á stað, þar sem áður voru melar. Það er þessi röksemd, sem mælir með því, að Rvík og Akureyri fái land, og það verður að vinna að því, að þetta land verði ræktað og prýtt.

Ég vil ekki neita því, að ef fólkið í bæjunum tekur sig saman um að koma fram eins og greinarnar í Alþýðublaðinu og Þjóðviljanum benda til, ef sveitamenn sjá ekkert nema kulda og skilningsleysi, neyðast þeir til að sýna hörku. Sá blær, sem er kominn hér á stjórn iðnaðarmálanna, er hættulegur. Það lá við borð, að það væri lögleitt hér á Alþingi, að ekki mætti smíða hlöðu nema af fagmanni með bæjarkaup. Ef þetta hefði verið gert, hefði ekkert verið smíðað í sveitunum. Það er búið að búa svo skammarlega um iðnaðarlöggjöfina, að það er fjöldi manna, sem langar til að vinna, en fær það ekki. Sú löggjöf er til skammar og skaða, og mig langar ekki í meira af því tæi. Ef ungur maður má ekki fara með rafmagn eða smíða, þá er bara bezt, að við segjum aftur: „Það erum aðeins við, sem megum framleiða mjólk og kjöt.“ Ég álít ekki, að þessi harka sé eða verði framkvæmd, en vil bæta því við, að það, að margir fulltrúar sveitanna rísa á móti þessu frv., er svar við þeirri ósanngirni, sem kemur fram í iðnaðarlöggjöfinni. Ég vona, að þetta standi til bóta, og vona, að sá tími komi, þegar skömm þykir að því, að ekki megi nema 2—3 unglingar læra árlega að fara með rafmagn, og ég vona, að ekki skapist sá skilningur, að ekki megi rækta kartöflur nema í sveit, en það getur orðið nauðsynlegt að segja það, ef sveitamaðurinn má ekki smíða hús sín. Ég vona svo, að borgarstjórinn í Rvík láti rækta mikið og byggja mikið og dragi fólkið út á þetta land, sem hann vill ná í.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 292) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Það komu fram hér í umr. hjá hv. 5. þm. Reykv. ummæli á þá leið, að þau rök, sem komu fram gegn þessu frv., væru ekki mikils virði. Hann taldi aðallega vera tvenns konar rök, sem komu fram gegn frv., og hann taldi sig geta auðveldlega hrakið þau.

Í fyrsta lagi var landþörf fyrir Reykjavík. Hann taldi tvímælalaust, að Rvík hefði þörf fyrir þetta land, og í annan stað, að það væri ekki sæmandi, að þingið skipti sér af því, með hverjum hætti Rvík keypti jarðir sínar.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu vil ég segja það, þó að vitað sé, hvernig fer um þetta frv., að ég tel, að landþörf bæjarins sé ekki sönnuð. Það er vitað, að bærinn á Gufunes, Eiði með Geldinganesi, Elliðavatn og fleiri jarðir hér nálægt, þar sem ræktanlegt land er alls eigi notað, og vissa mun fyrir því, að það ræktanlega land, sem er ónotað á þeim jörðum, sem bærinn á, er talsvert meira en það, sem hér er farið fram á að halda áfram. Lambhagi er landlítil jörð og Varmá einnig, og svo er sá hluti af Lágafelli, sem á að selja. Það fer því fjarri, að landþörfin sé sönnuð, og held ég, að bærinn ætti að nota þau lönd, sem hann á, áður en hann fer að ásælast þessar jarðir.

Ég tel, að ekki þurfi að ræða það, sem fram hefur komið viðvíkjandi þessu máli frá einstökum hv. þm. Alþingi hefur áður tekið afstöðu til þessara mála og eins Framsfl. sérstaklega. Ég er enn á því máli, að bæir og þorp eigi að fá það land, sem þau þarfnast, enda er þetta ákveðið í l. Þetta er aðeins því skilyrði bundið, að Búnaðarfélag Íslands leggi mat á það, hve þörfin er rík. Og ég tel ekki ólíklegt, að reka muni að því, að bærinn verði að fá þetta land, sem um er að ræða og Mosfellshreppur vill ekki sleppa, en sem borgari og þm. lít ég svo á, að bærinn verði áður að sýna fram á, að hann noti allt það land, sem hann hefur þegar. Og þó að ég hafi alltaf, bæði í bæjarstj. og á öðrum vettvangi, fylgt því, að Reykjavíkurbær fengi það land, sem hann þarfnast, tel ég þetta óheppilegan tíma til jarðakaupa. Það má reyndar segja, að það sé ekki Alþ. að hafa áhyggjur vegna þess, hve tímar til jarðakaupa eru óheppilegir, en ég tel þó rétt að minna á þessa staðreynd. Jarðir og fasteignir eru nú að lækka í verði óðfluga. Hús, sem kostaði fyrir skömmu 150 þús. kr., er nú komið niður í 120 þús. kr. Jarðir, sem sótzt var eftir fyrir þrem eða fjórum mánuðum fyrir 110 þús. kr., seljast nú ekki fyrir 80 þús. kr. Hver maður hlýtur að sjá, að landbúnaðarkreppa er fram undan, meiri en áður hefur þekkzt, og þess vegna eru jarðir þegar farnar að hrapa í verði. En ég vil láta það koma skýrt fram, að hér er ekki um að ræða óvild í garð Rvíkur eða véfengingu á rétti bæjarins til að fá það land, sem hann þarf, enda hefur verið lýst yfir þeim rétti í l., svo að ekki verður um hann deilt.

ATKVGR.

Brtt. 282,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 292 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 282,2, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 293).

Á 49. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég get ekki látið þetta mál fara svo gegnum 1. umr. í hv. d., að ég fari ekki um það nokkrum orðum og gefi þær upplýsingar, sem ég hygg, að sé gott fyrir hv. allshn. að hafa til hliðsjónar við afgreiðslu þess.

Það, sem mér finnst einkennilegast við meðferð þessa máls, er hve frv. er hroðvirknislega samið og af handahófi og sá yfirgangur og ofbeldi, sem það ber vott um. Þegar frv. var upphaflega lagt fyrir Alþ., þá var þannig frá því gengið, að auk landránsins í Mosfellssveit, þá var verksmiðjukerfið á Álafossi að sínum helmingnum í Rvík og Mosfellshreppi, þannig að þegar verkamennirnir á Álafossi unnu og mötuðust tilheyrðu þeir Rvík, en þegar þeir sváfu og hvíldust, tilheyrðu þeir Mosfellshreppi. Og ég álít það hefði orðið erfitt á stundum að ákveða, hvoru lögsagnarumdæminu þeir ættu að tilheyra.

Þá var það og þannig, samkv. hinu upphaflega frv., að fundar- og skólahús Mosfellshrepps átti að vera í lögsagnarumdæmi Rvíkur, þannig að börnin í Mosfellshreppi stunduðu nám í Rvík. Og þegar Mosfellingar héldu borgarafundi sína, áttu þeir að halda þá í Rvík. — Þá var svo frá gengið, að það átti, þó að þess væri ekki sérstaklega getið, að flytja skólastjórann, hreppstjórann og oddvitann í Mosfellshreppi til Rvíkur. Mér datt í hug, þegar ég sá þessa smíði, að höfundum hennar hefði þótt nauðsynlegt, að Rvík fengi ópólitíska oddvita og því notað þessa aðferð!

Nú, þetta hefur verið lagfært að ýmsu leyti í Ed., en þó svo frá því gengið, að það er allt í graut. Það er sagt, að Rvík þurfi olnbogarými, enda er það svo samkv. frv., að hún rekur olnbogana inn í sveitina, en svo illa, að aðskildir eru þrír hólmar, en á móti tekinn smáhólmi í Mosfellshreppi og settur undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Þar er smáskáli, sem nokkrir menn vinna í. Eins og stendur, eru þeir Mosfellingar á daginn, en Reykvíkingar á kvöldin, þegar þeir dútla á blettum sínum.

Ég hygg, að Alþ. geti ekki gengið þannig frá, að skilja við lögsagnarumdæmi Rvíkur í þessum glundroða, sem er líkastur því, að verið sé að stokka saman tvennum spilum. Þetta sýnir, af hve miklu handahófi frv. er samið. Svo er ofbeldið og yfirgangurinn sér á blaði, og verð ég þá að minnast á sögu málsins. Hún hefst á s. l. vori, þegar gerðir voru samningar um kaup á Thors-eignunum í Kjósarsýslu — í Mosfellshreppi og Kjalarnesshreppi. Þá var boðaður almennur hreppsfundur um þetta mál. Og fundurinn var sem einn maður á þeirri skoðun, að hreppurinn sem sveitarfélag væri í mikilli hættu staddur, ef Rvík eignaðist allt þetta land. Hann sá fram á, að ef Rvík eignaðist allt þetta land, þá hlyti að koma að því fyrr eða síðar, að það yrði lagt undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, og hlyti því að leiða til árekstra, ef hún ætti í Mosfellshreppi svo stórar lendur. Því varð það úr, að heimtaður var forkaupsréttur að sumum þessara landa, með það bókstaflega fyrir augum, að þessi lönd — þessar jarðir — féllu undir lögsagnarumdæmi Rvíkur í náinni framtíð, en hreppurinn gæti haldið sér við á því, sem eftir væri, — m. ö. o. að hverfa til fyrir fram ákveðinna vígstöðva. Hreppurinn fór þá fram á að fá forkaupsrétt að Varmá, Lágafelli og Lambhaga, en var neitað um hann. Ef hver hreppur hefði farið fram á að nota forkaupsrétt sinn, hvernig hefðu skiptin orðið þá?

Þegar ekki var fallizt á kröfur Mosfellshrepps um forkaupsrétt, þá vildi hann láta dómstólana skera úr um málið, en um sama leyti var farið að ræða málið í blöðum hér í Rvík. Borgarstjórinn gat þess þá í einni blaðagrein, að eðlilegt væri, að Mosfellshreppur gætti réttar síns, og vonaði borgarstjórinn, að samningar mættu takast á friðsamlegan hátt. Þetta varð til þess, að Mosfellshreppur hætti við málaferli og tók að ræða þetta deilumál við yfirvöld bæjarins. Fyrst í stað gekk allt friðsamlega, en við samningaumleitanirnar kom í ljós, að borgarstjórinn lagði á það ríka áherzlu, að Reykjavíkurbær fengi Grafarholt í sinn hlut. Okkur hreppsnefndarmönnum fannst það ekki óeðlilegt og vildum athuga málið. Enn fremur gengum við inn á, að Reykjavíkurbær léti meta Grafarholt. Þetta mat dróst í allt sumar, og þá loks kom úrskurðurinn, og var hann sá, að Grafarholt væri 150 þús. kr. virði, og fyrir það verð, eða litið eitt hærra, vildi bærinn kaupa jörðina. En í millitíðinni gerðist það, að eiganda Grafarholts voru boðnar í jörðina 600 þús. kr. Sá, sem þetta bauð, var stóreignamaður úti á landi, sem var að ganga frá sölu á eignum sínum þar og hugðist flytja til Rvíkur og vildi fá Grafarholt keypt, er þangað kæmi. Oddviti hreppsins dró að svara þessu tilboði, þar eð hann vildi ekki spilla því, að Reykjavíkurbær fengi jörðina keypta. Þegar svo Grafarholt hafði verið metið, þá lýsti borgarstjórinn yfir því, að bærinn vilji kaupa jörðina með matsverði eða litlu hærra, og óskaði þess, að Mosfellshreppur legði fram tilboð eða till. um lausn málsins í heild. Hreppurinn lagði fram till. sínar, og eru þær prentaðar í grg. frv. og útdráttur úr þeim í nál. minni hl. allshn. Ed. Þær eru í aðalatriðum þessar: Mosfellshreppur fái jarðirnar Lágafell, Varmá og Lambhaga, en í staðinn fái Reykjavíkurbær jörðina Grafarholt. Í öðru lagi, að hreppamörkin breytist þannig, að inn í lögsagnarumdæmi bæjarins komi jarðirnar Grafarholt og Engi, Gufunes og Korpúlfsstaðir ásamt landeignunum Eiði og Geldinganesi og enn fremur jörðin Keldur, sem er ríkiseign. Þótt hér væri kreppt að Mosfellshreppi, þá vildi hann láta þessar jarðir af hendi vegna þess, að hann óskaði, að málið yrði leyst á friðsamlegan hátt. En þessum samningsgrundvelli var engu svarað fyrst í stað. Síðan var honum svarað með þessu frv., sem fer fram á að taka jarðir af Mosfellshreppi með lögum og svipta hreppinn forkaupsrétti að þeim jörðum, er hann á lögum samkv.

Það hefur verið notað sem rök fyrir þessu, að Reykvíkingar þarfnist olnbogarýmis. Þetta orð — olnbogarými — er þýðing á þýzka orðinu

„Lebensraum“, sem hefur verið notað af vissri þjóð til þess að afsaka ýmiss konar ofbeldi gagnvart minni nágrannaríkjum. Þetta orð er nú fært í íslenzkan búning, og nú hafa þeir, sem að þessu frv. standa, tekið upp aðferðir eins stórveldis gagnvart minni máttar nágrönnum. Fyrst fara fram samningaumleitanir í mesta bróðerni, og þeir samningar eru dregnir á langinn eins og unnt er. Að lokum er svo gerð skyndileg árás á hinn aðilann.

Ég vil nú fara nokkrum orðum um verðið á Grafarholti, því að það mun vera aðalorsök þess, að upp úr samningum slitnaði. Það lá fyrir sannanlegt tilboð í Grafarholt, 600 þús. kr. Auk þess veit ég, að smáskikar, sem seldir hafa verið undan Grafarholti, hafa verið seldir geipiverði, t. d. Selás, sem var hrjóstrugt land, ha. var þar seldur á 1000 kr. — Þegar þetta er athugað, þá er ekkert einkennilegt, þótt Grafarholt komist í hátt verð, og ég er þess fullviss, að Reykjavíkurbær fær Grafarholt aldrei undir 600 þús. nema með því að brjóta ákvæði stjskr.

Þetta verð á Grafarholti byggist ekki á búskaparmöguleikum þar, heldur á þeirri aðstöðu jarðarinnar að vera í nágrenni Rvíkur.

Sú skoðun hefur víða komið fram, að gróði af verðhækkun af þessum sökum eigi ekki að falla í hendur einstakra manna, heldur þjóðfélagsins í heild, en hingað til hafa engar ráðstafanir verið gerðar í þá átt. Enn fremur er mér kunnugt um, að einstakir menn hér í Rvík hafa stungið á sig gróða af löndum hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur, og hví skyldi þá eigandi Grafarholts sviptur þessari verðhækkun, sem orðið hefur á jörðinni? Annars er það algerlega órannsakað mál, hvort Reykvíkingar þarfnist alls þess lands, sem í frv. er farið fram á. Ég efast um, að hv. flm. frv. hafi athugað, hversu mikið land Reykjavíkurbær á nú þegar. Það mun láta nærri, að öll lönd, sem bærinn á í nágrenni sínu, séu í kringum 40 þús. ha., og þótt svo sé, að aðeins helmingur þessa lands sé ræktanlegur og hinn helmingurinn tekinn í skemmtigarða eða eitthvað líkt, þá telst mér svo til, að um 2500 ha. séu eftir á hverja 5 manna fjölskyldu, og þótt Reykvíkingar séu duglegir jarðræktarmenn, þá efast ég um, að það sverfi að þeim hungur með þessu landi, sem þeir eiga nú. Undanfarin ár hefur Reykjavíkurbær átt þessar jarðir og ekki hreyft hönd til þess að nýta þær, heldur byggt þær leiguliðabúskap.

Ég er ekki talinn óyggjandi aðili til þess að segja um, hvort Reykjavík þarfnist meira landrýmis en hún á þegar og gat fengið með góðu móti án þess að beita ofbeldi, en ég vil, að aðili, sem hefur bæði vit og dómgreind til að skera úr þessu og er óhlutdrægur, fái málið til athugunar, áður en Alþ. fellir dóm í því. Tvö ár eru nú, síðan Alþ. samþ. l. um landnám vegna kauptúna og sjávarþorpa, og í þessum l. er Búnaðarfélagi Íslands falið að skera úr um þau mál. Búnaðarfélagið hefur haft með höndum athugun á löndum til ræktunar, og þótt búnaðarfélagið sé stofnun bænda, þá hefur það ávallt sýnt kaupstöðum fullan skilning á þörfum þeirra, og ég veit, að það legði fram óhlutdrægan úrskurð í þessu máli.

Það kom fram í nál. hv. meiri hl. allshn. í Ed., að búnaðarfélaginu væri ekki trúandi til þess að fá þetta mál til meðferðar, vegna þess að einn hreppsnefndarmaður Mosfellshrepps væri í stjórn þess, en þessi maður er ég. Nú er svo málum háttað, að sá, sem legði vinnu í þetta, yrði jarðyrkjuráðunauturinn Pálmi Einarsson. Í öðru lagi eru tveir aðrir í stjórn búnaðarfélagsins en ég, sem mundu meira en vega upp á móti minni skoðun, og þriðja lagi get ég lofað því að koma persónulega hvergi nærri málinu til þess að forðast, að hlutdrægni af minni hálfu yrði við komið. Ég vil, að rannsókn fari fram í þessu, áður en málið fer lengra hér á Alþ. Íbúar Mosfellshrepps hafa alltaf sýnt Reykvíkingum skilning og reyndu að leysa þetta mál friðsamlega með því að bjóða þeim allar þær jarðir, sem að framan greinir, og það er þess vegna hart, þegar svarað er með þessu frv. Ég get getið þess, að auk þess, sem Reykjavíkurbæ var boðið Grafarholt fyrir 600 þús. kr., þá fór hreppurinn fram á, að sér yrði greitt í eitt skipti fyrir öll 100 þús. kr. í skaðabætur fyrir missi allra þessara jarða. Fyrir einum 10 árum, þegar bærinn fékk Árbæ og Ártún, fékk hreppurinn 50 þús. kr. í skaðabætur, svo að þessar 100 þús. kr., sem farið er fram á núna, eru ekki nema brot af því, sem hann fékk fyrir 10 árum, þar eð peningar eru nú í miklu lægra gildi en þeir voru þá. Þessar 100 þús. kr. ná ekki til þess að verða „kapital“, sem gæti ávaxtazt í stað útsvara þeirra, er hreppurinn hefur af þessum eignum sínum, sem hann bauðst til að láta af hendi. En hann lagði þetta á sig til þess að fá friðsamlega lausn í málinu.

Ég er með því, að Rvík og aðrir kaupstaðir fái lönd, til þess að þeir geti lifað og þroskast, en við lifum í lýðræðislandi, og allir eiga að fá að njóta réttar síns, jafnt smáir hreppar sem stórir kaupstaðir. Ég fer aðeins fram á, að þessa réttar sé gætt og að málið sé athugað af óhlutdrægum aðila, og þess vegna má ekki flaustra málinu af á stuttum tíma.

Þótt full ástæða sé til að segja meira um þetta mál, þá mun ég þó láta þetta nægja af sinni, en svara, ef ástæða gerist.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Þetta mál hefur verið mjög ýtarlega rætt í Ed., og við þessa umr. hefur hv. þm. Mýr. gert því allmikil skil. Ég er mér þess meðvitandi, að langar umr. um málið eru þýðingarlausar, en þó get ég ekki komizt hjá að segja um það örfá orð.

Ég viðurkenni eins og hv. þm. Mýr. þörf höfuðstaðarins fyrir landrými og veit, að það er háttur manna annars staðar, þar sem svipað stendur á, að reyna í tæka tíð að færa út kvíarnar, meðan kostnaður við það er viðráðanlegur og með hliðsjón af þeirri þörf, sem framtíðin segir til um. Ég er því meðal þeirra manna, sem eru fullkomlega reiðubúnir til að líta á þessa hlið málsins, sem snýr að Reykjavíkurbæ. Hins vegar veit ég líka, að það er ekki til of mikils mælzt við hv. þdm., að þeir geri sér þess nokkra grein, hver hluti bæði viðkomandi hrepps- og sýslufélags verður með því móti, að ákvæði frv. verði lögfest. Ég tel þess vegna, að í þessu máli beri í lengstu lög að leita samkomulags. Ég hef sjálfur sem þm. G.-K. gert mér far um að leita hófanna

við bæjarstjórn Rvíkur um að ganga svo langt sem yfirvöld bæjarins sjá sér fært í því skyni að reyna að ná um þetta mál samkomulagi við hreppinn. Ég hafði, a. m. k. um nokkurt skeið, von um, að þetta mætti takast, og er ekki enn úrkula vonar um farsællega niðurstöðu af þeim tilraunum, en því vil ég ekki leyna, að mér þykir í þeim efnum ekki blása eins byrlega og ég hafði vonað.

Ég vil ekki fara dult með þá skoðun, um leið og ég lýsi yfir, að ég vil gjarnan líta á málið frá sjónarmiði Rvíkur, að mér þykir ekki hafa gætt nægilegrar viðsýni af hendi Reykjavíkurbæjar í samningaumleitunum við Mosfellshrepp í þessu efni. Ég hef nýlega átt tal við hv. þm. Mýr., sem, eins og hann sjálfur sagði, á sæti í hreppsnefnd Mosfellshrepps, og orðaði við hann leið til samkomulags í þessu máli, sem mér fannst frá sjónarmiði Rvíkur fullkomlega aðgengilegt. Ég skal ekki viðhafa stóryrði, en það stappar nokkuð nærri í huga mínum, að það sé yfirdrottnunarstefna, sem lýsir sér í því af hendi Reykjavíkurbæjar, ef sú leið reynist ófær. Hv. þm. Mýr. sagði að sönnu, að hann hefði í þessu máli ekkert umboð á þessu stigi málsins til að tala f. h. hreppsins, en hann lét þó skína í það við mig, að ef ég hefði fram að bera sáttatilboð frá Rvík svipað því, sem ég orðaði við hann, þá teldi hann hvergi nærri girt fyrir, að hægt væri að taka málið upp á vinsamlegum grundvelli. Ég vil leyfa mér, um leið og ég endurtek, að mér er ljóst, að langar umr. og þrætur um málið færa það ekki nær markinu, og um leið og ég get vísað til sögu málsins, eins og hv. þm. Mýr. sagði hana, þó að þar kunni að vera fram dregið meir sjónarmið annars aðilans, að skora fastlega á þá n., sem mun vera allshn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún einbeiti vilja sínum og getu þegar í öndverðu og reyni að ná frjálsu samkomulagi um málið. Ég treysti því, að þótt hv. alþm. vilji líta á nauðsyn Reykjavíkurbæjar, þá gleymi þeir ekki heldur hinum eindregnu óskum og kröfum hreppsins. Ég leyfi mér því að vænta þess, að hv. n. reyni að ná samkomulagi, og ég fyrir mitt leyti er fús til að tjá henni, hvað það var, sem ég var að ræða um við hv. þm. Mýr. um hugsanlega lausn á málinu og vil mælast til þess, að hv. allshn. vilji hafa viðræður um það við hann og mig og einhvern umboðsmann frá Reykjavíkurbæ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um málið fleiri orðum á þessu stigi málsins.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Það var eiginlega ljót lýsing, sem hv. þm. Mýr. gaf á þessu máli. Hann einkenndi það með þessum fjórum orðum: Handahóf, hroðvirkni, yfirgangur og ofbeldi. Þetta er mjög ljót lýsing. Og til að undirstrika þetta talaði hann um, að Reykjavíkurbær væri eins og visst stórveldi í heiminum að heimta meira olnbogarúm, en það þýddi sama og „Lebensraum“. Hann sagði, að aðfarir okkar líktust aðferð Japana gagnvart Bandaríkjunum, og þá skildist mér, að borgarstjórinn væri Kuruso, Björn Birnir væri Roosevelt og þetta frv. væri árás, sem gerð hefði verið á Pearl Harbour Mosfellssveitarinnar, sem sé Grafarholt.

Annars fannst mér hv. þm. Mýr. vera með sinni löngu ræðu að bera í bakkafullan lækinn. Öll rök, sem hann hafði fram að færa, eru fram komin í málsskjölum, sem fyrir liggja. Þeir í Mosfellssveitinni eiga kröfurétt á, að röksemdir þeirra séu athugaðar og metnar af fyllstu sanngirni. Til þess hefur allshn. haft aðstöðu, því að rök þeirra hafa legið fyrir í málsskjölum, sem fyrir liggja.

Ég mun ekki fara mörgum orðum um þetta mál nú, en vil aðeins minnast á niðurlagið í ræðu hv. þm. Mýr. Hann vill senda þetta mál Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar. Skilst mér þá, eftir því sem fram hefur komið, að þar eigi formaður búnaðarfélagsins, Bjarni Ásgeirsson, að meta rök hreppsnefndarmanns Mosfellssveitar og þm. Mýr., Bjarna Ásgeirssonar. Nú hefur hv. þm. að vísu sagt, að hann hafi lofað að víkja úr dómi. Ég ber ekki brigður á, að hann muni efna það. En þeir vita, sem til þekkja, að þar muni gæta áhrifa þessa myndarlega formanns, jafnvel þó að hann víki úr sæti um stundarsakir.

Það er allt öðru máli að gegna að leita umsagnar búnaðarfélagsins, þegar um það er að ræða að leggja lönd undir smáþorpin, til þess að þorpsbúar geti fengið land til að reka kúabú. Hér er um það að ræða að leggja undir Rvík land, sem bærinn hlýtur að þurfa að nota í framtíðinni til margs konar nota fyrir bæjarbúa. Það hefði verið ómetanlegt fyrir Reykjavíkurbæ, ef framfylgt hefði verið þeirri stefnu í öndverðu að selja ekki þau lönd, sem Rvík er byggð á, til einstaklinga. Það kom fram í ræðu hv. þm. Mýr., að löndin í nágrenni bæjarins eru nú að komast í geipiverð fyrir aðgerðir Rvíkur. Er þá ekki sjálfsagt, að það af þessum löndum, sem er ekki í eigu Rvíkur enn, komist í eigu bæjarins, svo að bæjarbúar í heild njóti þeirrar verðhækkunar, sem verður á þessum löndum vegna hans eigin aðgerða, og fyrirbyggja vandræði, sem af því stafa, að einstök sveitarfélög ráði þeim löndum, sem bærinn er að byggjast á eða þarf að nota til margháttaðrar starfsemi?

Ég vil skjóta því til hv. allshn., þar sem hv. þm. Mýr. heldur því fram, að þetta frv. sé handahófslega gert að því leyti, að takmörkin séu ekki nógu skýrt ákveðin milli Rvíkur og nágrennis, þá er ég honum að vissu leyti sammála. Ég hef haldið því fram í bæjarstjórninni, að taka ætti stærra land en hér er gert ráð fyrir. Ég er hv. þm. Mýr. sammála, að það sé óheppilegt, að mikill fjöldi manna sé þannig settur, að hann sofi í öðru lögsagnarumdæminu, en vinni í hinu. Ég hef lifað við þessa aðstöðu í átta ár. Ég vann í lögsagnarumdæmi Rvíkur, en svaf á Seltjarnarnesi. En eftir því sem lögsagnarumdæmið er víðara, er minni hætta á þessu vandamáli. Nú vil ég benda á, að það er svo með hundruð manna, að þeir vinna í Rvík, en sofa á Seltjarnarnesi og kaunske nokkrir í Mosfellssveit, og í sambandi við þetta hafa komið upp ýmis vandamál. Ég vil því skjóta því til hv. n., að hún breyti frv. á þann veg, að allur Seltjarnarneshreppur verði tekinn, Engey og Viðey. Enn fremur hef ég sérstakan áhuga fyrir því, að hv. þm. Mýr. verði borgari í Rvík, og mér finnst einnig sjálfsagt, að Álafoss verði lagður undir lögsagnarumdæmi Rvíkur og landið þar í kring. Því hefur verið

haldið fram, að bærinn þyrfti að hafa innan vébanda sinna uppspretturnar, þar sem kalda vatnið er tekið, en mér finnst ekki síður mikils vert, að lagt sé undir bæinn það land, þar sem heita vatnið er, sem á að hita upp íbúðir okkar. Ég vil enn fremur benda á, að eins og frv. er nú, þá verða Blikastaðir eyja inni í lögsagnarumdæmi Rvíkur og landsvæði, sem Thor Jensen á, tengt við Mosfellssveitina með smáspena. (**BÁ**: Það er líka hólmi.). Hv. þm. upplýsir, að það sé líka hólmi, og því sterkari eru þá rökin fyrir minu áliti, að svona blettir séu ekki skildir eftir.

Ég vil svo ljúka máli mínu með ósk um, að allshn. taki þetta mál til rækilegrar athugunar og líti með fullri sanngirni jafnt á málstað Rvíkur sem Mosfellssveitar, og svo má ekki gleyma hv. þm. G.-K., sem hefur einkennilega aðstöðu í málinu, enda skal ég viðurkenna, að hún er erfið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:2 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 293, n. 405 og 412).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Meiri hl. allshn. leggur til í nál. á þskj. 405, að frv. verði samþ., og standa að því 4 nm. af 5, en einn, hv. 1. þm. Árn., skilar sérstöku nál. og er frv. andvígur. Ég mun ekki fara langt út í málið að sinni, því að það er öllum þdm. kunnugt. Í Ed. gáfu báðir hlutar allshn. út rækileg nál., svo að afstaða þeirra varð fullvel skýr, og létu prenta ýmis fylgiskjöl, m. a. álitsgerðir hlutaðeigandi hrepps- og sýslunefnda. Hafa þm. átt kost á að kynna sér það allt. Aðalefni frv. er það í 1. gr., að nokkrar jarðir skuli lagðar undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, og í 2. gr., að Reykjavíkurbæ skuli heimilað að taka jörðina Grafarholt eignarnámi. Hvort tveggja réttlætist af brýnni þörf bæjarins. Fyrir nokkru hefur hann fest kaup á Korpúlfsstöðum og jörðum, sem undir þá lágu, en eftir að kaupin voru fullgerð, kom hreppurinn og vildi neyta forkaupsréttar á nokkrum hluta eignanna. Samningar voru reyndir, er strönduðu algerlega. Eitt það sker, sem á stóð, var kaupverð Grafarholts, sem þótti of hátt. Hv. þm. G.-K. bar fram þá ósk við allshn., að hún reyndi sættir milli aðila. N. getur að vísu ekki gerzt þar sáttasemjari, en meiri hl. yrði mjög ánægður, ef takast mætti, t. d. fyrir frumkvæði þeirra, sem fyrir sáttatilraunum hafa staðið, að koma einhverjum sættum á, og er n. fús að taka allar sáttatillögur til athugunar fyrir 3. umr.

Minni hl. hefur hreytt nokkrum ónotum að meiri hl. í nál. sínu fyrir of skjóta afgreiðslu þessa þrádeilda máls, þar sem afstaða einstakra þm. var fyrirfram mótuð og vitað, að innan n. voru 4 með, en 1 móti. Virtist þá ekki ástæða til að eyða í málið mörgum fundum.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. frsm. meiri hl. hefur nú gert grein fyrir málinu frá sínu sjónarmiði. Hann kvartaði undan, að ég hreytti ónotum í nál. minu, en bar ekki móti, að rétt væri þar hermt um skyndiafgreiðslu málsins í n., en þegar málið var tekið fyrir, voru ekki mættir nema tveir, og kunni ég ekki við að afgreiða það að svo búnu, — þannig að ég einn myndaði meiri hl. þegar átti að afgreiða málið. Þá var náð í einn nm. í viðbót, og svo var málið afgr. Ekki fæ ég séð, að í nál. minu séu nein svigurmæli í garð meiri hl. nema satt sagt um þetta.

Af þeim skjölum, sem fylgja til meðmæla þessu máli, fæ ég ekki fundið þann kunnugleik á málinu, sem æskilegur hefði verið. Málinu hefur verið andæft með mörgum góðum rökum, og meðmælendur þess hafa ekki haft fyrir því enn að færa þar rök á móti, og það hefði mér fundizt frsm. meiri hl. eiga nú að gera. Honum ætti að vera það kært, að málið yrði upplýst í umr. og fylgismenn frv. ættu að leggja mest kapp á það. Ég vona, að hv. frsm. hafi þann kunnugleika á málinu, að honum veiti létt að svara þeim spurningum, sem ég þarf að bera fram, og má vera, að þær upplýsingar, sem hann væntanlega gefur, geti breytt nokkuð afstöðu manna til málsins.

Ekki þarf mörgum orðum að því að eyða, hve gott og gagnlegt Reykjavíkurbæ með sín rúm 40 þús. íbúa geti verið að hafa mikið land til umráða. Hann hefur að vísu allmikið land, en ég vil alls ekki mótmæla því, að hann þurfi meira. En nauðsyn er, að það fáist upplýst, hvernig bærinn notar og situr þær jarðir, sem hann á. Ég hef ekki kunnugleik á því, en mér er sagt, að hann geri það mjög misvel og miklar lendur séu í órækt, en jarðir lélega hýstar o. s. frv. Ég vildi vita, hvað sannast er í þessu, og getur það haft áhrif á afstöðu manna til þess, hvort ástæða sé til að svo stöddu að beita mjög óvenjulegum þvingunarráðstöfunum til að leggja jörð eins og Grafarholt undir bæinn tafarlaust, og á afstöðu manna til frv. yfirleitt. Þarfir Reykvíkinga til lands má einkum telja: þörf á garðlöndum til matjurtaræktar og á landblettum til að reisa sumarskýli, þar sem fjölskyldur hafi sæmileg dvalarskilyrði með börn sín og ungmenni. — Bærinn hefur hvergi nærri fullnotað lönd sín, sem hann hefur yfir að ráða, til þessara hluta. Raddir hafa verið uppi um það, að auka beri grasrækt í landi bæjarins og þá nautgriparækt, og er það einkum miðað við Korpúlfsstaðalöndin. En það er alveg óséð, hver hagur bænum yrði að því. Enn ber að líta á byggingarefnisþörf bæjarins. Ekki hefur verið sýnt, að það væri á þrotum í bæjarlandinu, og væri einkum um það að ræða, mætti taka eingöngu þá bletti, sem bærinn þyrfti vegna þeirra hluta. Með ákvæðum þessa frv. er gerð svo mikil röskun á tveim sveitarfélögum, að þau bíða þess máske seint bætur, og um Mosfellssveitina, þá sem meira er skert, veit ég ekki, nema henni verði þá ófært með öllu að rísa undir byrðum sínum. Ég vildi biðja hv. frsm. meiri hl. að upplýsa það, hve mikill tekjumissir að þessu yrði fyrir sveitirnar og þá sérstaklega Mosfellssveitina. Athuga þyrfti, hve mikill hluti hreppsgjalda hefur runnið frá þessum jörðum

og hverja hlutdeild þær hafa átt í sameiginlegum kostnaði sveitarmanna, hvað þaðan hafi verið lagt til kennslumála o. fl., hve mikið til lögskila eins og smalamennsku eða grenjaleitar, hvern hluta ómagaframfæris sveitarinnar verður að eigna þessum jörðum. Hefur hv. frsm. meiri hl., eins og ég vona, vitneskju um þetta? Vill hann ekki leiða þd. í allan sannleik um þetta? Hvernig verkar breytingin á afkomu sýslufélagsins? Margt fleira væri ástæða til að fá að vita um þetta.

Ég fer ekki að tala um þessa hólma, sem frv. gerir ráð fyrir, að skildir verði eftir og heyri Mosfellssveitinni til áfram, innan um það, sem það gerir ráð fyrir að taka. Þeir eru eitt merki þess, hve óhönduglega að frv. hefur verið unnið.

Eignarnámsheimildin fyrir Grafarholti er e. t. v. það mikilvægasta í málinu öllu. Það þurfti karlmennsku til að fara sliks á leit á þann hátt, sem gert er, og ég held, að forvígismenn frv. hefðu átt að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir gerðu það. Ætla þeir að halda því til streitu? Er það svo augljóst mál, að almenningsheill Rvíkur krefjist þess, svo að stjskr. sé ekki misboðið með þessu ákvæði frv.?

Það á að taka mikinn hluta Grafarholts eignarnámi. Þó á að skilja eitthvað eftir, ca. 60—70 hektara. Um 700 hektara á að taka. Ég hef áður sýnt fram á, hve fjarri öllu lagi það er, að jarðeignir bæjarins fullnægi ekki þörfum hans eins og er þörf landsvæða til bygginga og garðræktar. Ég held, að ómögulegt sé að sannfæra þann, er til þekkir, um annað. Það verður þá að tilfæra einhver önnur sjónarmið, t. d., að bærinn þurfi land til grasræktar fyrir kúabú. Viðkunnanlegra væri þó, að hann væri áður búinn að rækta það land, er hann hefur til umráða, og mætti þá fremur rökstyðja eignarnámsþörfina. En svo er ekki. Þá er og umsögn fylgismanna frv. sú um þetta land, að það sé illræktanlegt, svo að varla á að nota það í þessu skyni, því að meðan gott land er ekki notað í þessu skyni, þá dettur þeim ekki í hug að nota lendur, sem þeir dæma sjálfir illt land.

Ég vil einnig drepa á það í þessu sambandi, að það er ekkert hégómaatriði, hvort þessi kvöð verður lögð á jörðina, jafnvel þó að eignarnámið verði ekki framkvæmt. Með því móti yrði landið áreiðanlega miklu verðminna, ef ekki á að nota eignarnámsheimildina bráðlega. Um það þarf ekki að efast. Það verður því sjáanlega skylda bæjarins, ef frv. þetta nær fram að ganga, að tryggja eigandanum, að hann bíði ekki fjárhagslegt tjón vegna þessarar kvaðar, og bærinn verður þá að kaupa jörðina strax.

Nú er mál þetta þannig vaxið, að óneitanlega hefði verið viðkunnanlegra fyrir bæinn að reyna að komast að samkomulagi við aðilana fyrst og síðan fara þá fram á eignarnámsheimild, ef það hefði ekki tekizt. Eg minnist þess ekki, að slík leið hafi verið farin, að forkaupsréttur hafi verið upphafinn þannig, eins og ætlazt er til, að gert verði með þessu frv. Það mun eins dæmi. Yfirleitt er ekki skemmtileg lýsingin á tómlæti bæjarins um samningsumleitanir í sambandi við þetta mál.

Að lokum vil ég benda fylgismönnum þessa frv. á það, að svo framarlega sem ekki koma fram veigameiri rök í þessu máli en orðið er, þá mun verða greið leið og auðsótt að taka eignir manna eignarnámi framvegis, ef frv. þetta verður samþykkt óbreytt með þeim rökum einum, sem fram eru komin. Er það virkilega svo, að flm. séu svo skammsýnir, að þeir haldi, að eignarnám verði aðeins gert, þegar þeim vel líkar? Ætli það sé nú alveg víst? Ég hef alltaf litið á ákvæði stjskr. um friðhelgi eignarréttarins sem það gengi næst friðhelgi heimilisins. En nú virðast hv. flm. vera á öðru máli, og er þá orðinn meiri hraði á snúningi hlutanna en ég fylgist með, og er líka fjarri því, að ég óski þess. En það er þá gott, að þeir eru búnir að sætta sig við þá töluna, er upp kann að koma í þessu teningskasti framtíðarinnar.

Þetta atriði vil ég leggja sérstaka áherzlu á. Og ég verð að segja, að ég álíti það stórvægilega búningsbót, ef eignarnámsákvæðið væri numið burt úr frv., nema því verði í öðrum verulegum atriðum breytt.

Ég hef leyft mér að bera hér fram rökst. dagskrá í því trausti, að menn vilji fara hér að með forsjá og einnig í því trausti, að bæjarstj. virði samningsleiðina í lengstu lög og fari ekki aðra leið nema tilneydd, en til þess álít ég, að ekki muni koma. Mér dettur ekki í hug að standa í vegi fyrir því, að bærinn fái nauðsynlegt land. Þvert á móti. Ég held, að ég skilji ekki síður þarfir bæjarins en þeir, sem ekki vilja breyta stafkrók í frv. Ef dagskráin verður felld, þá mun ég við 3. umr., eins og ég segi í nál. mínu, freista þess að bera fram brtt. þess efnis að nema burt úr frv. það atriði, er ég álít háskalegast, eignarnámsákvæðið, og um nokkur önnur atriði frv. Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en áleit mér skylt að taka það fram, er ég hef nú gert. Síðan verður auðna að ráða, hvernig fer.

Áki Jakobsson: Það er rétt hjá hv. 1. þm. Árn., að málið hafi ekki verið athugað lengi í allshn. Hins vegar var það svo vel athugað fyrir, að ég fyrir mitt leyti var búinn að gera upp við mig að fylgja því, eins og það kom frá hv. Ed. Hinir 4 nm. voru sömu skoðunar.

Aðalefni frv. þessa er það, að bærinn fái yfirráð fyrir þeim löndum, sem kringum hann eru. Bærinn er í hröðum vexti, og úthverfi hans hafa dreifzt svo út, að það er aðeins tímaspursmál, hvenær þessi lönd verða innanbæjar. T. d. er nú þegar farið að selja og leigja lóðir frá Grafarholti, og sækja menn vinnu þaðan í bæinn með strætisvögnum. Hins vegar er reynsla fyrir því, að jarðir, sem lenda í útjöðrum borga og bæja, verða hin mesta féþúfa fyrir gróðabrallsmenn, og það er eftirtektarvert, að þeir hafa ekkert til gróðans unnið, heldur komizt yfir löndin af tilviljun eða sölsað þau undir sig. Síðan pranga þeir með lóðir og draga til sín arð af vinnu manna þeirra, er verða að neyðast til að kaupa eða leigja af þeim lóðir á uppsprengdu verði. Þetta er óeðlilegt brall, og ég tel gæfuríkt fyrir bæinn, hve snemma honum tókst að komast yfir mestan hlutann af því landi, sem hann stendur á. Þó er miðbærinn hér undanskilinn, og hefur það verið til stórtjóns. E. t. v. hefur gróðabrallið með lóðirnar þar orðið til þess að opna augu

bæjarstjórnar og bæjarbúa fyrir því, að rétta leiðin væri að komast yfir löndin í kringum bæinn, áður en þau kæmust á toppinn sem verzlunarvara. Sjónarmið Mosfellssveitar í þessu máli er sjónarmið gróðabrallsins. Það er háð kapphlaup til að selja landið eða leigja eða nota það í gróðaskyni á einhvern hátt. Engin önnur sjónarmið hafa verið færð fram.

Ég álít það sé bæði knýjandi nauðsyn og rétt að hraða málinu sem mest. Mosfellssveit er augsýnilega að misnota rétt sinn með því að ætla sér að neyta forkaupsréttar án þarfar. Ég tel því rétt að hraða þessu máli, svo að sveitin komi ekki fram forkaupsréttarákvörðun sinni.

Bærinn keypti Korpúlfsstaði til þess að hafa ræktað land fyrir sig. Það er vitanlega óviðunandi ástand í mjólkurmálunum hér. Mjólkin kemur hálfskemmd austan úr sveitum og oft mjög gömul. Með því að koma upp kúabúi á Korpúlfsstöðum, þá gætu bæjarbúar fengið glænýja mjólk á hverjum morgni og losnað við vankanta mjólkursölulaganna. Þessi l. gerðu það að verkum, að ýmis fyrirmyndarstórbú í nágrenni bæjarins, einkum Korpúlfsstaðabúið, voru lögð í rústir. Þetta var gert til ágóða fyrir bændur austan fjalls til þess að gefa þeim markaðinn. Mjólk þaðan er þó oft ónothæf. En þetta jók fylgi Framsfl., þótt það færði ekki Reykvíkingum neinn gróða. Ég tel því rétt frá mörgum sjónarmiðum, að mál þetta fái sem fljótasta afgreiðslu. Á því byggist lífsafkoma og framtíð rúmlega þriðjungs þjóðarinnar.

Ég vil benda á síðustu orðin í ræðu hv. 1. þm. Árn. Þar var hann að brýna fulltrúa Sjálfstfl. á því, að ef þeir ætluðu að fara að beita sér fyrir bolsévisma, þá skyldu þeir bara bíða rólegir. Hann gaf í skyn, að framsóknarmenn mundu þá gjarnan snúast með bolsévikkum á móti sjálfstæðismönnum, er þeim byði svo við að horfa. Ég veit, að það er rétt, að Sjálfstfl. er fulltrúi gróðabrallsins, en í þessu máli miðar hann meira við framtíðina og hag almennings en Framsfl. gerir.

Ég vil enn þá endurtaka, að ég álít, að með þessu frv. sé stefnt í rétta átt og afgreiðslu þess beri að hraða sem mest.

Bjarni Ásgeirsson: Ég þarf ekki að vera langorður. Hv. 1. þm. Árn. hefur fært þau rök fyrir afstöðu okkar. Aftur hafa engin rök komið fram á móti, nema hjá hv. þm. Siglf., ef rök skyldi kalla, og kem ég að þeim síðar. Hv. frsm. meiri hl. taldi þörfina á landrými fyrir bæinn fyrstu ástæðuna fyrir þessu frv. Þetta er aðeins örökstutt slagorð. Hann minntist ekki á það land, sem bærinn á nú þegar, eða hvernig það er notað. Hann minntist ekki á Gufunes, að það hefur ekki verið notað til annars en leigja það ábúandanum. Þá er það Geldinganesið. Það tilheyrir Gufunesi og er notað til hagagöngu fyrir hesta. Það er e. t. v. nauðsynlegt. En ef þörf bæjarins er svo mikil fyrir land eins og af er látið, þá mundi þetta land ekki vera notað undir stóð. Ártún og Árbæ veit ég ekki til, að bærinn noti neitt nema til sandnáms. Annars er það land ónotað.

Það er tekið fram í nál., að auk þess að fá yfirráð yfir ræktuðu landi þurfi Rvíkurbær og að ráða yfir óbyggðu landi vegna Reykvíkinga, sem vilji ferðast gangandi að sumarlagi, og er því haldið fram, að vegna lögreglusamþykktar um lokun Mosfellshrepps sé Reykvíkingum það torvelt nema með sérstöku leyfi. Þessi lögreglusamþykkt hefur verið felld úr gildi og var aldrei framkvæmd eftir bókstaf laganna. Reykvíkingar taka sér það leyfi að ganga um óbyggð lönd, enda er ekki amazt við þeim eða því, að þeir séu við berjatínslu. T. d. er mitt land oft heimsótt af hópum barna, sem eru í berjamó, og gegnir sama máli um flest lönd í Mosfellssveit. Sú ástæða, að slík ferðalög hafi verið torveld vegna harðstjórnar Mosfellssveitarmanna, er því einskis virði. Frsm. meiri hl. taldi verð það, sem farið var fram á fyrir Grafarholt, vera of hátt, hvort sem tekið er tillit til mannvirkja á jörðinni eða metið gildi hennar sökum legu í nágrenni bæjarins. Ég vil spyrja hv. frsm., hvort hann áliti unnt fyrir bæinn að fá síðar jörð fyrir miklu minna verð en nú. Ég tel ástæðulaust, að bærinn fái Grafarholt fyrir lægra verð en boðið er, og væri æskilegt, að fyrir lægi rökstutt álit um það, hvernig Rvíkurbær ætlar að nota þessi miklu lönd, sem hann seilist eftir. Hér er verið að grípa til örþrifaráða, og er athugavert að gera lög um að taka lönd þessi eignarnámi, ekki síst að órannsökuðu máli og auk þess gegn mótmælum Kjósarsýslu og án þess að gerð sé grein fyrir, hvers vegna málinu er hraðað svo gegnum þingið. Mér virðast Nd. mislagðar hendur, ef hún krefst ekki frekari umsagnar, eins og farið er fram á af minni hl. n.

Hv. þm. Siglf. taldi það höfuðatriði að tryggja bænum þarna aðgang að landi, í stað þess að það gengi til striðsgróðamanna. Maður, líttu þér nær. Ég held, að fyrst ætti að taka lönd úr lögsagnarumdæmi bæjarins, áður en farið er að sölsa undir yfirráð bæjarins lönd frá einstaklingum og sveitarfélögum í öðrum sýslum. Því er haldið fram, að æskilegt sé, að bærinn eigi lönd þau, sem hann stendur á. En ef þetta er aðalástæðan fyrir landaaukningu bæjarins, er hún mjög handahófsleg, því að Rvík á næg lönd, sem ekki er hreyft við og liggja ónotuð. Sýnist því engin nauðsyn á því að eyðileggja á þennan hátt þau sveitarfélög, sem byggja framtíð sína á því, að þessi lönd verði áfram innan lögsagnarumdæma þeirra. Virðist eigi liggja svo lífið á að koma málinu í gegnum þingið, að eigi megi bíða þar til fyrir liggja þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til glöggvunar á öllum aðstæðum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað að taka til máls í þessu máli, en ræða hv. þm. Siglf. gaf mér tilefni til þess. Í ræðu hans gætti alveg reginmisskilnings, en reyndar var ekki við öðru að búast hjá þeim fáfræðingi. Það er sami misskilningurinn og fram kom um árið, þegar því var haldið fram, að með því að ná í Korpúlfsstaði og reka þar mjólkurbú gæti bærinn fullnægt mjólkurþörf bæjarbúa. Þótt hv. þm. Siglf. sé búinn að vera hér í vetur, hefur hann ekki öðlazt meiri skilning á þörfum bæjarbúa í þessu efni. Hv. þm. Siglf. verður að athuga, að fleiri menn eru búsettir hér en á

Siglufirði, og þó getur Siglufjörður ekki mjólkurfætt sína bæjarbúa með kúabúi sínu. En hann skilur ekki nokkurn hlut, vesalingurinn þessi. Hann heldur, að mjólkurl. hafi orðið til þess að drepa kúabúin í nágrenni bæjarins, af því að maður, sem rak kúabú, þóttist ekki hafa nógu mikið upp úr því og fór því í þess stað að kaupa fisk og flytja hann til Englands. Þetta var fyrsti íslenzki bóndinn, sem hljóp frá skyldustörfum sínum sem bóndi. Þegar hann komst í þá aðstöðu, að hann hélt að hann græddi meira á sjónum, þá hætti hann. Og þá samþykkti bæjarstjórnin að kaupa jarðirnar af honum. Og hér á að innlima þær í Rvík. En svo góður var bærinn við hann, að hann skildi eftir hólma af landinu, svo að hann þyrfti ekki að koma til Rvíkur, og þessi hólmi á nú áfram að vera í Mosfellssveit. Þeir, sem vita, að þessi sami maður flúði á sínum tíma úr Reykjavik til þess eins að fá lægra útsvar í Mosfellssveit en hér, skilja vel, hví hólminn er nú skilinn eftir. Það eru brjóstgæði við gamalmenni.

Þessir menn halda því fram, að þetta hafi verið gert til þess að fullnægja mjólkurþörf bæjarbúa. Nei, það er bezt að segja það eins og það er. Þegar þessi maður var kominn í strand, vildi bærinn hjálpa honum. Sú hjálp er eins konar verðlaun fyrir að hlaupa frá skyldustörfum sínum. Það var sýnilegt, að ef kaupin hefðu orðið að ganga til baka, þá hefði auningja maðurinn orðið að sitja með jörðina. En til þess að bjarga öllu við var ekki um annað að ræða en fara þessa leið.

Og þegar haldið er fram, að bæinn vanti land, þó að allt í kringum bæinn sé land, sem bærinn á, sem er gersamlega ónotað, þá skulum við bara vera hreinskilnir og segja eins og er, að þetta frv. er flutt að tilhlutan bæjarstjórnar Rvíkur í þeim tilgangi einum að reyna að hjálpa eiganda Korpúlfsstaða með því að losa hann við jörðina fyrir sæmilegt verð, af því að hann gefst upp á búskapnum og fer að reka aðra atvinnu, sem hann álítur, að muni borga sig betur. Og kommúnistar reyna svo að hjálpa til, af því að það er þeirra „princip“, sem hér á að framkvæma, að ná eignarhaldi á einstakra manna landi, og það get ég fyrirgefið þeim. En sjálfstæðismenn, sem ávallt hafa viljað hafa lóðir og jarðir í eigu einstaklinga, þeir þurfa ekki að telja neinum trú um, hvað þeim gengur til. Við vitum það. Það er verið að bjarga 2—3 millj. kr. fyrir fyrrv. forsrh. með því að láta bæjarbúa borga.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Það er í raun og veru merkilegt, sem kemur fram á hæstv. Alþingi í umr. um þetta mál og aths. við þetta mál, eins og það hefur verið lagt fyrir. Það er eins og jafnvel hér í fámenni okkar úti á Íslandi og þar, sem friðsamast ætti að mörgu leyti að vera á þessum tímum, sem yfir ganga, þá séu vissir menn, sem hafi löngun til þess að leika þann leik, sem nú er verið að heyja um heiminn, þar sem þeir, sem meiri máttar eru, þykjast hafa fullan rétt til þess að fara með þá, sem miður mega sín, eftir því, sem þeim sýnist. Það er eins og formenn okkar hér í bæjarfélagi Rvíkur hafi verið gripnir af einhverri svipaðri mikilmennskutilfinningu eins og einræðisherrarnir, sem þykjast hafa fullan rétt til þess að leggja smáríkin, sem kringum þá eru, undir sig, — þeim (smáríkjunum) til verndar og blessunar(!) Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er alveg eðlilegt áframhald af þeirri pólitísku baráttu, sem tekin var upp hér á landi á síðasta vori, þegar flokkar bæjastéttanna töldu sér svo vaxinn fisk um hrygg, að þeir gætu boðið sveitamönnum flest. Nú álíta þeir, að þeir þurfi ekki að semja við þá, heldur sé þeirra valdið, hvort sem þeir vilja taka lönd þeirra eða réttindi, sem þeir hafa haft. Þetta er sama stefnan, sem hafin var í íslenzkum stjórnmálum af meiri hl. þingsins á síðasta vori. Og þetta verður ekki síðasta sporið, sem bændur í nágrenni Rvíkur og bæjanna yfirleitt fá að sjá í þessa átt, þar sem þeir, sem telja sig orðið hafa meiri og betri aðstöðu í þjóðfélaginu, ætla að sýna, hvernig þeir ætla að nota vald sitt. Þetta verður ekki síðasta sporið í þessa átt og er ekki það fyrsta. Ég veit líka nú orðið, að hver einasti bóndi á landinu skilur, hvert hér stefnir, því að ég hef aldrei, þegar ég hef komið út um sveitir landsins frá Alþingi, orðið var við, að menn væru jafnalmennt hissa, af hvaða stjórnmálaflokki sem þeir hafa verið, yfir því, að svo ógrímuklædd ósvifni hafi verið borin fram eins og í þessu frv., að af einu bæjarfélagi, sem hefur fleiri þm. og meira vald, sé stefnan sú, að minni sveitarfélög sem í kringum bæinn eru, séu gerð réttlaus, ef hagsmunir bæjarfélagsins og þessara sveitarfélaga rekast á. Í stað þess að það ætti að reyna að semja og miðla málum, ætlar nú sá sterkari að nota hnefarétt-inn. Ég get vel skilið, að þjónar Stalins hér í hv. d. séu með þessu. Og það kemur ákaflega vel heim, sem hv. þm. Siglf. sagði, að vissir menn í Sjálfstfl. væru þessu fylgjandi, vegna þess að vissir menn í Sjálfstfl. eru vinir Hitlers, eða voru það áður en hann byrjaði að ráðast á smáríkin. Þeir voru vinir hans, þó að þeir séu það ekki nú. Þar var sama hugsunin, sem hér er á ferð, að sá meiri máttar ætti yfirleitt alltaf að mega beita þann minni máttar ofbeldi og yfirgangi, hvenær sem honum þætti hagur sinn vera í veði gagnvart þeim, sem minni máttar væri. Mig furðar á því, að það skuli vera hægt í ríki, þar sem lýðræði á að ríkja, af þeim meiri hl., sem telur sig hafa hag af því að breyta sveitatakmörkum og kaupstaðatakmörkum með l. án þess að spyrja viðkomandi sveitarfélag um. Það er þannig í l. um sóknaskipun í landinu, að ekki má breyta takmörkum kirkjusókna, nema báðir aðilar komi sér saman um það. Og ef það færi að ríkja hér á landi, að sveitarfélag, sem telur sig sterkara en annað, eða kaupstaður geti hvenær sem er tekið land af því sveitarfélagi, sem er minni máttar, til að styrkja aðstöðu sína á einhvern hátt, þá vil ég segja við þá hv. þm., sem utan Rvíkur eiga heima, að ef þetta er látið ná fram að ganga og þessi stefna ekki kveðin niður í byrjun, eftir því sem unnt er, þá skeður nákvæmlega það sama hér í sveitarfélögum landsins og skeði í smáríkjunum, þegar þau uggðu ekki að sér og voru hernumin, að þessi yfirgangur, sem hér er stefnt að, gengur lengra og lengra, og við vitum ekki, hver fyrir

sig, hvenær kemur að okkar sveitarfélagi í þessu efni. Við skulum hugsa okkur, að eitthvert annað sveitarfélag gæti með l. fengið því framgengt að taka undir sig helminginn af sveitarfélagi okkar og skildi eftir skika handa okkur og segði: „Þið getið bjargazt af með ykkar sveitarfélag.“ Hvernig ætli mönnum fyndist það? Ég get ekki skilið, að slík réttarvitund sé farin að gagntaka menn svo, að þeir geti aðhyllzt stefnu þessa frv., að gera þann gersamlega réttlausan, sem miður má sín, en ákveða, að rétturinn skuli vera þess, sem betri hefur lífsaðstöðuna. Og mig furðar á því, að þeir, sem telja sig vera málsvara þeirra, sem miður mega sín í þjóðfélaginu, skuli segja, að þetta sé hin rétta aðferð, svona eigi það að vera, þannig eigi að hafa það við þá, sem ekki hafi nógu góða málsvara og eru búnir að sleppa úr höndum sér því áhrifavaldi, sem þeir hafa haft á Alþingi.

Eins og hv. 2. þm. N.-M. tók fram, er það í raun og veru ekki svaravert, sem hv. þm. Siglf. var hér að ræða um mjólkurframleiðslu og annað í sambandi við þetta mál, því að það var svo barnalegt, að það er alveg víst, að hver einasti maður, sem nokkuð þekkir til þeirra mála, getur ekki annað en brosað að slíkri ræðu. Að mjólkurframleiðslan hér í nágrenni Rvíkur hafi minnkað vegna mjólkurlaganna, er ekki skiljanlegt, nema hægt sé að sýna fram á það með rökum, að framleiðendur hafi fengið lækkað verð fyrir mjólkina. En þeir hafa fengið hækkað verðið, en ekki lækkað, og hvernig ætti það að geta orðið til þess að drepa framleiðslu þeirra? En það er rétt, að það er ekki vitað, að nokkur mjólkurframleiðandi hér í nágrenni Rvíkur hafi gefizt upp við framleiðslu sína, nema sá eini, sem hér hefur verið minnzt á og nú á með þessu frv. að hjálpa til að losna við jörð sína. Það er vitað, að það er verið að reyna að selja þessa jörð, sem byggt hefur verið á fyrir of fjár, sem enginn bóndi, sem hefði ætlað sér að lifa af búskap eingöngu, hefði byggt þvílíkt á. Og til þess að geta selt hana sem dýrustu verði þarf Rvík að fá forkaupsréttinn, og það er aðalatriðið í þessu frv. og að koma í veg fyrir, að Mosfellshreppur geti fengið þetta land keypt. En ef Reykjavíkurbær vill fá þetta land keypt, gott og vel; en hvers vegna þarf þá endilega að leggja það undir lögsagnarumdæmi bæjarins? Hver einasti maður, sem þekkir eitthvað til erlendis, í borgum þar og sveitarfélögum, veit, að úthverfi bæja og borga eru oft önnur lögsagnarumdæmi en aðalbærinn eða borgin, og þessir staðir hafa aldrei reynt að leggja undir lögsagnarumdæmi sitt þessi úthverfi, þó að þeir hefðu bolmagn til þess, á sama hátt og Reykjavíkurbær vill gera nú. Í Kaupmannahöfn eru mörg sveitarfélög, sem ná langt inn í borgina, og enginn árekstur hefur verið þar af þeim ástæðum. Það virðist ganga ákaflega vel. Og þannig er alls staðar, þar sem yfirleitt siðmenntaðir menn eigast við um skiptingu í þessum efnum. En það er engu síður þörf á að tryggja félagsheildir gegn yfirgangi í þessum efnum heldur en einstakling fyrir hvers konar yfirgangi. Og þegar búið er að drepa þetta frv., á því að fylgja í kjölfarið frv. um, að ekki sé hægt að breyta takmörkum lögsagnarumdæma, nema báðir viðkomandi aðilar séu kvaddir til og verði sammála um það, en ef samkomulag næst ekki á milli þeirra, þá sé a. m. k. einhver aðili, sem skeri þar úr annar en sá, sem ætlar að hafa allan hagnaðinn af því að ráðast á þann, sem er minni máttar, eins og hér virðist vera að stefnt.

Hv. þm. Siglf. var að tala um viðhorf þeirra Mosfellssveitarmanna í þessu máli og okkar, sem þeim erum sammála, sem viðhorf gróðabrallsmannanna. Ég hélt nú, að hann væri kunnugastur gróðabrallinu, því að sá bær, sem hann er fulltrúi fyrir, hefur lengi haft orð á sér fyrir það, að þar séu mestu gróðabrallsmenn hér á landi og a. m. k. mestir möguleikar til þess í Siglufjarðarkaupstað. Ég hef alltaf skilið það svo, að sá, sem ásælist eignir og friðindi manna, sé gróðabrallsmaður, en ekki hinn, sem er að verja sig fyrir því. En máske er ég svo fáfróður í þessu, að það sé þannig, að gróðabrallið á Siglufirði, sem hv. þm. Siglf. þekkir bezt, byggist á því, ef maður, sem minni máttar er, lætur ekki umsvifalaust taka af sér það, sem hinn meiri máttar vill taka, — kannske þetta sé gróðabrallið á Siglufirði? En það er alveg gagnstætt því, sem mér hefur verið kennt. En ég játa, að ég er ákaflega fákunnandi í þessum málum. — Vitanlega eru þessar eignir, sem hér er um að ræða, jafnverðmætar fyrir hvern, sem hefur þær undir höndum. Og ef ríkið ætlar ekki að taka ágóðann, sem á því er, að eign hækkar í verði, þá liggur næst, að eigandinn eigi ágóðann fremur en einhver óviðkomandi maður aðvífandi. Það ætti a. m. k. að vera réttlátlegast í augum þeirra manna, sem hrópa hæst um það, að þeir vilji vernda eignarrétt manna. Og það sveitarfélag, sem af einhverjum sérstökum ástæðum fær bætta aðstöðu fyrir það, að lönd hækka í verði, ég fullyrði, að það á meiri rétt til hagnaðarins af þeirri verðhækkun heldur en sveitar- eða bæjarfélag, sem er í námunda við það. Alveg eins og ég teldi sjálfsagt, ef ég ætti jörð og byggi með öðrum nágranna mínum, sem væri á næsta býli við mína jörð, og ef mín jörð hækkaði í verði af einhverjum orsökum, þá teldi ég mig hafa meiri rétt til þess að njóta hagnaðarins af þeirri verðhækkun heldur en nágranna minn, sem byggi við hliðina á mér.

Þá var hv. þm. Siglf. að tala um það, að menn gætu ekki fengið mjólk hér í Rvík nema hálfskemmda og illa með farna og allt eftir því og að það væri yfirleitt ekki forsvaranlegt að framleiða mjólk handa Reykvíkingum nema í nágrenni Rvíkur, og að mjólkin, sem þar væri framleidd, væri miklu betri og heilnæmari heldur en mjólk lengra að, sem mundi vera svo að segja ómeti. Sennilega man þessi hv. þm. ekkert úr þeirri baráttu, sem hefur verið um þessi mál, nema að frá fyrstu árunum, sem sú barátta var háð, 1934 og 1935, virðist hann hafa lært utan að nokkrar greinar eða greinaslitur úr Morgunblaðinu margra ára gamlar. Og það er ill undirstaða í hverju þjóðfélagsmáli að kunna ekki annað um það en nokkrar leifar úr Morgunblaðinu, margra ára gamlar. Það er margsannað, að bæði hvað vítamín og fitu snertir og gæði yfirleitt, þá er mjólkin, sem framleidd er lengra frá

bænum, þar sem ræktunarlöndin eru betri, hún er betri heldur en hin, sem framleidd hefur verið að mestu hér af fóðurbæti í grennd við Rvík og í Rvík. Þetta liggur fyrir í opinberum skýrslum frá Rannsóknarstofu Háskólans um mörg ár. (**EmJ**: Ég veit, að mjólkin frá fjarlægari stöðunum er verri). Þessi hv. þm. (EmJ) hefur stundað vísindalegt nám og er greindur, en ég treysti samt betur vísindalegri rannsókn á mjólkinni en tungusmekk hans, sem ég legg ekki ákaflega mikið upp úr. Það er mjög misjafnt, hvað hægt er að reiða sig á smekk manna, og það ætti hv. þm. Hafnf. að þekkja mjög vel, hve misjafnt er, hvað mönnum þykir bragðbezt. (**SkG**: Sumum þykir brennivín bragðbetra en mjólk). Sumum smakkast brennivín betur en mjólk og sumum betur, að mjólkin sé súr og skemmd heldur en að hún sé góð. Sumir vilja ekki drekka mjólkina volga úr kúnum. Sumum þykir betra að gerilsneyða mjólkina, öðrum þykir betri ógerilsneydd mjólk. Það er þannig mismunandi, hvernig smekkur manna er, eitt þykir þessum gott og öðrum hitt. Hvernig smekkur manna er, er engin vísindaleg niðurstaða. (**EmJ**: Það þarf hvorki til vísindi né smekk, þegar maður sér mjólkina). Þó að hv. þm. Hafnf. sé skýr, treysti ég betur niðurstöðum vísindanna heldur en því, sem hann trúir og honum finnst vera, þó að hann telji sig vísindamann, en ég telji mig trúmann. Um þetta liggja fyrir opinberar skýrslur um rannsóknir á þessu um mörg ár, svo að ekkert þarf um þetta að deila. Enda á þetta sér stað alls staðar, sem eðlilegt er, að mjólk er betri, sem framleidd er þar, sem meiri ræktunarlönd eru, en minna gefið af fóðurbæti og yfirleitt minna af gervifóðri notað við framleiðsluna. Það er ekkert sérstakt fyrir Rvík, að það þurfi að flytja mjólk um 100 km. leið til bæja og borga. Ég hef verið í fáum borgum í öðrum löndum, sem ekki flytja mjólkina úr allt að 150 km. fjarlægð og láta gilda um hana sama verð og mjólk, sem framleidd er nær. Þetta er svo í Þýzkalandi, Danmörku og víðar. Og þó að Reykjavíkurbær legði undir sig með ólögum alla Mosfellssveit, allt Kjalarnes og alla ströndina kringum Faxaflóa, þá er ekki hægt á því svæði að framleiða næga mjólk og mjólkurvörur fyrir Rvík.

En nú ætla ég að spyrja þá, sem telja sig vera fulltrúa þeirra, sem hafa minni peningaráðin í bæjunum: Ef ekki er hægt að fullnægja þörf Rvíkur fyrir mjólk og mjólkurvörur með því, sem þeir telja betri mjólk, þ. e. sem framleidd er í nágrenni bæjanna, og ef menn yfirleitt teldu, að sú mjólk væri betri, hverjir ætli nytu þá þeirrar mjólkur; hvort yrðu það þeir fátæku eða þeir nýríku eða gamalríku? Þessum hv. þm. er það vitanlega ljóst, að það er ekki hægt að fullnægja eftirspurninni á mjólkur- og mjólkurvörumarkaðinum í Rvík með því, sem hægt væri að framleiða í nágrenni Rvíkur. Og ef vísindin sýndu, að sú mjólk reyndist betri, þá er víst, að hún lenti ekki hjá þeim, sem fátækastir eru í bæjarfélaginu. Við þekkjum vel þau viðskiptalögmál, sem því ráða. Þess vegna ættu allir þeir, sem telja sig fulltrúa þeirra fátækari, að vinna að því að tryggja það, að framleiðsla mjólkur fyrir alla bæi á landinu verði sem allra tryggust, svo að á öllum tímum árs sé tryggð nægileg mjólk handa bæjabúum. Og viðkomandi Rvík er ekki hægt að tryggja þetta með öðru móti en því, að Borgarfjörður og austurhluti Suðurlandsundirlendisins séu í verðjöfnunarsvæði Rvíkur. (**EmJ**: Er ekki bezt að stækka verðlagssvæðið austur fyrir Mýrdalssand?). Ég hef aldrei orðið fyrir eins miklu ónæði eins og þegar mjólk vantar í bæinn. Nú í tvo daga, þegar hætta hefur verið á því, að tepptist um mjólkurflutninga, þá hef ég ekki haft næði á nóttunni fyrir hringingum og fyrirspurnum um það, hvort ekki kæmi nú mjólk. Ég hygg, að það væri ekki síður í þeirra þágu, sem þessi hv. þm. telur sig umboðsmann fyrir, að reynt yrði að hafa verðjöfnunarsvæðið það stórt, að hægt sé sem bezt að tryggja, að þessa vöru skorti ekki, því að bærinn getur ekki án hennar lifað. Og það ætti að vera áhugamál fulltrúa fátækra neytenda, að sem mest sé af mjólk á markaðinum, því að þá er erfiðara að halda mjólkurverðinu uppi. Þess vegna ætti það að vera áhugamál hv. þm. Hafnf., að verðjöfnunarsvæðið væri nógu stórt.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara meira inn á mjólkurmálin í þessu sambandi. En mér virtist hlægilegt, að hv. þm. norðan af landi skyldi ekki þekkja meira inn á þessi mál en raun bar vitni, heldur skyldi hann halda, að þetta frv. væri tengt mjólkurmálinu á þann hátt, sem hann talaði um. Það er tengt því á þann veg, sem hv. 2. þm. N.-M. (PZ) talaði um, að maður, sem bjó þarna á Korpúlfsstöðum, taldi sér arðvænlegra að reka aðra atvinnu. Og þetta er höfuð-innihald frv. Og ég er sannfærður um það, að það er nógu mikið af heilbrigðri dómgreind og réttlætistilfinningu hjá hv. þm. til þess, að dagskrártill. hv. 1. þm. Árn. verði samþ. og reynt að samræma hagsmuni hinnar stóru Rvíkur og hinnar litlu Mosfellssveitar, því að báðar hafa jafnmikinn rétt til að lifa.

Umr. frestað.

Á 61., 67., 68. og 85. fundi í Nd., 18. og 26. febr., 1. og 29. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég óska hér með eftir að fá upplýsingar um það, hvers vegna þetta mál hefur verið tekið svona skyndilega og fyrirvaralaust á dagskrá. Mér skildist, að það hefði verið tekið af dagskrá til þess að ræða einhver samkomulagsatriði. Ég, sem er einn samkomulagsaðilinn, veit ekkert um það efni, og nú er búið að taka málið aftur á dagskrá, án þess að þær upplýsingar, sem beðið var eftir, séu fengnar.

Jakob Möller: Herra forseti. — Málið hefur verið tekið fyrir eftir ósk minni. Það er búið að bíða svo lengi, að engin von er um, að samkomulag náist. Annars er ein umr. eftir, ef möguleikar væru á því að ná samkomulagi um málið. Í gær var málið á dagskrá, en var tekið af henni, því að eigi vannst tími til að ræða það. Sést á þessu, að það er alls ekki tekið skyndilega á dagskrá í dag.

Forseti (JJós): Mér hefur borizt fyrirspurn um það, hvers vegna mál þetta hafi verið tekið svo skyndilega og fyrirvaralaust á dagskrá. Í gær var málið á dagskrá og var það fyrir beiðni þeirra, sem áhuga hafa á því, að málið gangi fram. Geri ég ráð fyrir, að það sé svo oftast. En vegna þess að málið komst ekki að í gær, var það tekið af dagskrá þá og tekið svo á dagskrána í dag.

Finnur Jónsson: Herra forseti. — Ég hafði búizt við, að hv. frsm. gerði frekari grein fyrir máli þessu en gert hefur verið hér í hv. d. Þetta er mikið deilumál og umfangsmikið. Ég tel, að ekki hafi enn þá verið gerð nægilega ljós grein fyrir máli þessu af hálfu hv. frsm., til þess að þeir, sem ekki eru kunnugir, geti myndað sér um það skoðanir. Frv. virðist fjalla um þrjú atriði aðallega:

1. Hvort Reykjavíkurbær eigi að hafa forkaupsrétt að jörðum, sem liggja utan lögsagnarumdæmis bæjarins. 2. Hvort hann megi leggja þær jarðir, sem hann er þegar búinn að kaupa, undir lögsagnarumdæmið. 3. Hvort bærinn eigi að fá eignarnámsheimild til þess að ná undir sig jörðum, sem liggja utan lögsagnarumdæmis bæjarins.

Það mun hafa verið siður, þegar líkt hefur staðið á, að leitað hafi verið samkomulags við viðkomandi sveitarfélög. Hef ég ekki heyrt, að það hafi verið gert til fulls í þetta skipti, og er þá ekki ástæða til þess, að löggjafarvaldið grípi inn í.

Einhverjar samkomulagsumleitanir hafa farið fram milli Reykjavíkurbæjar og viðkomandi aðila, en upp úr þeim mun hafa slitnað og í staðinn lagt fram frv. það, sem hér er til umræðu.

Sé það svo, að ágreiningur hafi verið um það á milli viðkomandi sveitarfélags og Reykjavíkurbæjar, hvort Reykjavíkurbær gæti fengið hluta úr þessum jörðum, sem honum hafa verið boðnar til sölu, og það hafi verið gert ráð fyrir því, að það atriði yrði lagt fyrir dómstólana, þá lítur út fyrir, að með þessu frv. sé verið að grípa fram fyrir hendur dómstólanna um atriði, sem hefur verið deilumál á milli þessara aðila.

Ég vildi beina því til hv. frsm. meiri hl. allshn., hvort það sé ekki óvenjulegt, að Alþ. grípi með löggjöf inn í mál, sem annars hefur verið álitið, að heyrði undir úrskurð dómstóla.

Í öðru lagi hefur það jafnan verið siður, þegar sveitarfélög hafa lagt undir sig ný lönd, að um það hafa farið fram samningar á milli hreppa, jafnvel þó að eins hafi staðið á og nú um Hólm og Elliðavatn, að Reykjavíkurbær hefur nú eignarhald á þessum jörðum. Hefðu farið fram samningar á milli viðkomandi sveitarfélaga, sem líkt hefði staðið á um, þá hefði ekki verið talið nauðsynlegt, að gripið hefði verið inn í slíkt af löggjafarvaldinu, nema því aðeins að samningar hefðu ekki tekizt. Nú hef ég ekki tekið eftir því, hvort upplýst hefur verið, að slíkar samningaumleitanir hafa farið fram og hversu langt þeim hefur verið komið.

Um 3. atriðið, viðvíkjandi eignarnámsheimild á Grafarholti, þá er það að segja, að hingað til hefur þurft að liggja fyrir, til þess að eignarnámsheimild yrði framkvæmd, að almenningsheill krefðist að eignarnámsheimild færi fram. Ég hef ekki heyrt færð veruleg rök fyrir því, að Reykjavíkurbæ sé svo mikil nauðsyn að fá þetta Grafarholtsland, að ástæða sé til að láta fara fram eignarnám, eins og gert er ráð fyrir í þessu lagafrv. Það má vel vera, að þessi ástæða sé fyrir hendi, en það væri óneitanlega viðkunnanlegra, að frsm. meiri hl. gerði fyrir því nokkuð gleggri grein heldur en hann enn hefur gert. Það er kunnugt, að Reykjavíkurbær á ekki nema nokkurn hluta þeirra lóða, sem nú eru innan lögsagnarumdæmis hans, og ef það er nauðsynlegt, að Reykjavíkurbær fái eignarnámsheimild á löndum, sem liggja utan lögsagnarumdæmis Rvíkur, hvers vegna koma þá ekki tillögumenn jafnframt með frv. um það að fá einnig eignarnámsheimild á því landi? Mér þætti mikils um vert, ef hv. frsm. meiri hl. vildi leysa úr þessu. Ég hef sagt þetta svona almennt, eins og mér kemur þetta frv. fyrir sjónir. En ef ég væri borgari í Rvík, mundi ég einnig spyrja að því, hvaða nauðsyn væri á því nú á þessum tímum, á meðan allar jarðeignir eru í margföldu verði við það, sem er á venjulegum tímum, að Reykjavíkurbær eignist þessar jarðir. Er það nauðsyn Reykjavíkurbæjar eða er það nauðsyn þeirra gróðabrallsmanna, sem nú hafa eignarrétt á þessum löndum, að losna við jarðirnar, á meðan þær eru í sem allra hæstu verði? Ég vildi biðja hv. frsm. meiri hl. að leysa úr þessu. Mér mundi sem borgara Reykjavíkurbæjar þykja mikils um vert að fá leyst úr þessu. — Mér virðist sem það sé ekki neins einstaks manns meðfæri að reka búskap á þessari Korpúlfsstaðatorfu nema með tapi. Nú mundi Reykjavíkurbær, ef hann eignaðist þessar jarðir, fara að reka þarna búskap, og ef það er rétt, að það sé ekki á valdi einstaks manns að reka þarna búskap nema með tapi, mundi þá ekki vera eins með Reykjavíkurbæ? Er þá ekki nokkuð varhugavert fyrir borgara Reykjavíkurbæjar að gera kaup á þessum jörðum nú, á meðan allt verðlag er uppsprengt, upp á það að fara að reka þarna búskap með taprekstri? Það má segja, að þetta sé mál, sem sérstaklega sé viðkomandi borgurum Reykjavíkurbæjar.

En þar sem gert er ráð fyrir því, að löggjafarvaldið grípi á nokkuð óvenjulegan hátt inn í ýmis atriði með þessu frv., þá væri ekki úr vegi að fá þetta nokkuð upplýst, áður en málið gengur til atkv. eftir þessa umr.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan utan dagskrár, að mér finnst einkennilegur hraði kominn á þetta mál, þar sem það hefur nú legið um hálfsmánaðartíma eða lengur í eins konar athugun utan þings. Svo er nú allt í einu kominn 100 mílna hraði á málið hér í þinginu. Ég býst ekki við að hæstv. forseti geti svarað því, en einhver getur kannske svarað því hér í hv. d., hvort það, að málið er svo skyndilega upp tekið nú muni vera nokkuð í sambandi við það, að tveir hv. þm., sem eru á móti þessu frv., eru nú komnir norður í land. Ég veit að hæstv. forseti stendur ekki á bak við það að neinu leyti, en mér er ekki grunlaust um, að eitthvert samband kunni að vera á milli brottveru þessara manna, og þess, að málið er tekið

upp nú fyrirvaralaust. Tilefni þess, að málið var tekið af dagskrá um skeið, var það, að hv. þm. G.-K. óskaði að freista þess, hvort ekki mætti finna leið til samkomulags í þessu máli með samningum á milli viðkomandi aðila. Mér er kunnugt um það, að samningsumleitanir hafa farið fram í þessu máli, og það hafa verið lögð fram gögn í málinu af hálfu Mosfellssveitarhrepps. En mér er ekki kunnugt um það, að hv. þm. G.-K., sem stóð að því, að slíkar samningaumleitanir færu fram, telji, að þeim samtölum sé lokið. Ég vildi því spyrjast fyrir um það, hvort það er samkv. ósk hans, að þetta mál er upp tekið nú. Ég vildi nú óska þess, að þessi hv. þm. skýrði frá því, hvort hann álítur, að það sé kominn tími til þess að skera úr þessu máli hér á Alþingi, áður en lengra er komið samningaumleitunum. Enn fremur vildi ég benda hæstv. forseta á það, að fyrir Sþ. liggur þáltill. um mþn. í jarðeignamálum kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa. En sú till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millibinganefnd, er athugi og geri tillögur um, á hvern hátt megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- eða umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum með sanngjörnum kjörum, án þess að gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra, hvernig komið verði í veg fyrir óréttmæta verðhækkun á þessum löndum og afnotarétti þeirra og hvernig tryggja megi, að verðhækkun á löndum og lóðum, sem verða kann á fyrrnefndum stöðum beint eða óbeint vegna opinberra framkvæmda, verði almenningseign.

Nefndin skili áliti og tillögum fyrir reglulegt Alþingi árið 1944. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.“

Það er alveg sýnt, að verði þessi þáltill. samþykkt, þá er það fyrst og fremst hlutverk þeirrar n., að athuga mál eins og þetta. Mér hefði því fundizt eðlilegt, að frestað væri að taka ákvörðun um þetta mál hér í d., þangað til séð verður, hvort Alþingi hallast að því að samþykkja þessa þáltill. Ef hún yrði samþykkt, er það alveg sýnt, að þar er kominn rannsóknardómur, sem ætti að vera hægt að vísa þessu máli til, áður en Alþingi gengi frá því. Af þeim ástæðum, sem ég hef nú nefnt, og þeirri til viðbótar, að ég og hv. þm. Borgf. vorum að því komnir að biðja hæstv. forseta um leyfi til þess að mega nú fara upp á Akranes, til þess að vera þar á fundi, sem kjósendur okkar hafa boðað þar í dag, vildi ég biðja hæstv. forseta að fresta þessu máli, a. m. k. til morguns. Ég vil þá hér með biðja hæstv. forseta um leyfi til þess að mega fara af fundi ásamt hv. þm. Borgf.

Forseti (JJós): Hv. þm. Mýr. hefur innt eftir því, hvers vegna þetta mál væri nú tekið á dagskrá. Frv. var seinast tekið á dagskrá 16. febrúar s.l. Þá fékk ég boð um það frá þeim, sem báru málið fyrir brjósti, að þess væri óskað, að málið yrði ekki tekið á dagskrá í bráð, þar sem samningaumleitanir mundu fara fram um málið. Nú hafa mér frá sömu aðilum borizt tilmæli um það að taka málið á dagskrá, og ég hef gert það án tillits til þess, að einhverjir hv. þm. kunni að vera fjarstaddir. Enda ber það við, að sumir hv. þm. leyfa sér að vera fjarstaddir, og það langt fjarri, án þess að gera skrifstofunni eða forseta aðvart.

Að því er snertir tilmæli hv. þm. Mýr. um það, að hann og hv. þm. Borgf. fái leyfi til þess að vera á fundi í kjördæmi sínu, þá er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum. Ég skal ekki láta þetta mál koma til neinna úrslita fyrr en þessir hv. þm. hafa tækifæri til þess að vera viðstaddir aftur. En ég mun taka málið á dagskrá á morgun.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vil mjög taka undir það, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá. Ég vildi svo inna eftir því við hv. frsm. meiri hl., að hann svari þeim fyrirspurnum, sem ég hef hér borið fram viðvíkjandi málinu, og ég get ekki skilið, að meiri hl. ætli sér að knýja málið fram án þess að svara þessum fyrirspurnum. Það er skiljanlegt, að hæstv. forseti hefur tekið málið á dagskrá. Það er ekki ámælisvert. En hitt er öllu lakara hjá flm. málsins, að nú er ekki viðstaddur sá maður, sem málið varðar mjög mikið, þ. e. hv. þm. G.-K. Nú stendur einnig svo á, að þrír hv. þm. a. m. k., sem mundu telja mikilsvert að fá málið betur upplýst, áður en til atkvgr. kæmi, eru fjarstaddir. Ég vil því taka undir þær óskir, sem fram hafa komið um það, að hæstv. forseti sjái sér fært að fresta frekari umr. um þetta mál í dag.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Við þm. hér í hv. d. höfum ekki heyrt aðrar óskir um það, að málið væri tekið af dagskrá og reynd sættaleið í málinu, heldur en þær, sem hv. þm. G.-K. bar hér fram á sínum tíma. Nú upplýsist, að málið er tekið á dagskrá eftir ósk þeirra sömu manna, sem vildu fresta því áður, og er þá ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en að hv. þm. G.-K. hafi viljað, að málið kæmi nú á dagskrá og óskað þess. Og er það ekki svo, herra forseti? Ég vil svo taka undir það og styðja, að umr. verði frestað.

Jakob Möller: Ég hef þegar skýrt frá því, að hæstv. forseti tók málið á dagskrá eftir minni beiðni, og ég bar þá beiðni fram fyrir hönd okkar þm. Rvíkur. Mér þykir líka sennilegt, að hæstv. forseti hefði tekið málið á dagskrá án sérstakra tilmæla, enda held ég, að málið græði ekki mikið á því að verða geymt til næsta dags. Þær umr., sem hér hafa farið fram, eru ekkert annað en þex um það, hvort sæmilegt sé að taka málið fyrir á þessum fundi. Þar við bætist svo það, að ein umr. er enn eftir, áður en til úrslita kemur um málið. Ég fyrir mitt leyti og fyrir hönd aðstandenda málsins mótmæli því, að málið verði tekið af dagskrá að þessu sinni.

Forseti (JJós): Ég sé ekki, að málið græði á því að haldið sé áfram umr. um það að þessu sinni. Ég mun því taka málið af dagskrá í dag, þó að allir séu ekki ánægðir með það. En málið verður tekið á dagskrá aftur á morgun.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Nd., 31. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Eftir að haldnar höfðu verið framsöguræður okkar í meiri og minni hl. allshn., þá gerði ég ráð fyrir, að mál þetta yrði lítið rætt, með tilliti til þess, að fá mál hér á hæstv. Alþingi hafa verið eins vel skýrð bæði í grg. frv. og í nál., bæði meiri og minni hl. allshn. í hv. Ed. En því var ekki að heilsa, heldur stóð hver ræðumaðurinn upp af öðrum við umr. málsins í gær og kom með alls konar fyrirspurnir, sem hann heimtaði, að ég svaraði. Allt, er þeir spurðu um, er skýrt í skjölum málsins, og mér er ekki grunlaust um, að þessar fyrirspurnir hafi frekar verið bornar fram til þess að tefja framgang málsins. Ég vil þó rekja málið ýtarlega enn einu sinni og svara þessum fyrirspurnum.

Hv. þm. Mýr., sem er andstæðingur þessa máls, talaði um það, að óeðlilegur hraði væri kominn á það nú, og krafðist þess í gær, að það yrði tekið af dagskrá. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að málið var síðast á dagskrá 16. febr., og þannig er hálfur annar mánuður, síðan 2. umr. byrjaði, svo að varla er hægt að tala um, að það sé með 100 mílna hraða. Stuðningsmenn frv. féllust á að hafa þessa hvíld, ef ske kynni, að náðst gæti samkomulag um málið, en það var gefið fyllilega í skyn af hv. þm. Mýr. sem fulltrúa Mosfellshrepps, að nýr samningsgrundvöllur væri fyrir hendi. En þegar það reyndist ekki heldur, kom Mosfellshreppur með hinar sömu till. um málið, þá var ekkert frekar hægt að gera. Það virðist svo sem aðeins hafi vakað fyrir andstæðingum málsins að tefja það. Það kemur því úr hörðustu átt hjá hv. þm. Mýr. að vera að tala um of mikinn hraða málsins. Aðstandendur frv. féllust á að fresta málinu, með það fyrir augum, að til sætta drægi, en svo standa menn hér upp og brigzla þeim um ofbeldi og annað af því tæi.

Ég mun nú snúa mér að efni frv. sjálfs og svara fyrirspurnum, er fram hafa verið bornar. Frv. fer fram á að stækka lögsagnarumdæmi Rvíkur og leggja undir bæinn nokkrar jarðir í Seltjarnarnes- og Mosfellshreppi. Úr Seltjarnarneshreppi vill bærinn taka 2 jarðir og hluta af þeirri þriðju. Fyrst er Elliðavatn, sem bærinn hefur þegar keypt, og það er óneitanlega óeðlilegt, að þessi eign Reykjavíkurbæjar, sem bænum er mjög nauðsynleg, skuli liggja í öðrum hreppi. Svo er það jörðin Hólmur, og ástæður fyrir því, að bærinn vill fá hana í sitt umdæmi, eru tvær. Fyrst er sú, að vatnsveitufræðingar bæjarins hafa bent bæjarstjórn Rvíkur á þá hættu, sem stafar af nýtingu jarðarinnar, eins og hún er nú, fyrir vatnsból bæjarins. Hin ástæðan er sú, að það stendur til, að allverulegur hluti lands jarðarinnar leggist til Heiðmerkur, hins fyrirhugaða friðlands Reykvíkinga. Samkv. l. í fyrra er ríkinu heimilað að selja Rvíkurbæ jörðina, en úr þessu hefur þó ekki orðið enn þá, vegna þess að Seltjarnarneshreppur hefur krafizt forkaupsréttar, en án efa verða þessi l. framkvæmd.

Þriðja jörðin er Vatnsendi, eða hluti hennar, sem á einnig að leggjast undir Heiðmörk. Bæjarstjórn hefur heimild til að taka þessa spildu eignarnámi samkv. l. frá 1942. Um þessar þrjár jarðir er óþarft að fara fleiri orðum, en af því, er ég hef sagt, er auðsætt, að kröfur bæjarins eru ekki gerðar út í bláinn, heldur eru gildar ástæður fyrir hendi.

Aðrar jarðir eru Grafarholt og Korpúlfsstaðatorfan. Fyrir ári festi Reykjavíkurbær kaup á þessari torfu fyrir um 2 millj. kr. Þegar þeir kaupsamningar eru um garð gengnir, kemur Mosfellshreppur og krefst forkaupsréttar að hluta af þessari torfu. Ég mun ekki rekja þessa sögu málsins ýtarlega, því að hún ætti að vera öllum hv. þm. deildarinnar vel kunn. Síðan berst skriflegt tilboð frá Mosfellshreppi, dags. í nóv., að því er mig minnir, en í ljós kom, að þetta var enginn samningsgrundvöllur. Þá fyrst samþykkti bæjarstjórn Rvíkur einróma að skora á Alþingi að veita bæjarstj. heimild til að leggja þetta undir lögsagnarumdæmi bæjarins. Á þessu er augljóst, að samningaumleitanir fóru fram eins og í líkum tilfellum, en þær strönduðu. Það liðu þannig 3 ársfjórðungar frá því, að kaup voru gerð á þessari torfu, og þar til bæjarstjórn Rvíkur samþykkti þessa ályktun sína. Enn fremur hafa forgöngumenn málsins sýnt sanngirni í því að fresta málinu í 1½ mánuð, en það bar engan árangur, því að það kom í ljós þrátt fyrir yfirlýsingu hv. þm. Mýr., að hann hafði ekki í hyggju að leggja fram neinar nýjar till. í málinu.

Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að ekki er um að ræða að taka þessar jarðir eignarnámi, heldur aðeins að leggja þær undir lögsagnarumdæmi Rvíkurbæjar. Hins vegar er í 3. gr. frv. farið fram á, að bæjarstjórn Rvíkur heimilist að taka eignarnámi jörðina Grafarholt. Bænum er mikil nauðsyn að eignast þá jörð, t. d. vegna sandnáms og malartekju, og sú nauðsyn er viðurkennd, en það strandaði á verði jarðarinnar.

Nærfellt sömu mennirnir og mátu Korpúlfsstaðatorfuna mátu Grafarholtið, og ég vil geta þess, að þeir voru hver úr sínum flokki. Það voru hv. þm. Hafnf., Jens Hólmgeirsson, fyrrv. bæjarstjóri á Ísafirði, Steinþór Guðmundsson og Valtýr Stefánsson. Þetta mat var 150 þús. kr., og þegar litið er á fasteignamat jarðarinnar, má það teljast ágætt, því að það var síðast um 27600 kr. En eigandi jarðarinnar heimtaði 600 þús. kr. minnst. Það má vera, að þetta sé sanngjörn krafa í augum sumra, en forráðamenn bæjarins töldu sig ekki hafa heimild til að ganga að þessum ofurkjörum. Að vísu er sagt, að boðið hafi verið í jörðina af öðrum aðila 600 þús. kr. Ef þetta boð reyndist rétt, en ekki tilbúið, og ef til eignarnáms kæmi, þá yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þessa, en ef það reyndist tilbúið boð, þá mundi fara fram nýtt mat á jörðinni.

Það hefur af hálfu andmælinga málsins verið spurt um þörf Reykvíkinga á þessu landi. Í raun og veru spyrja menn hér um það, sem þeir vita, því að í skjölum málsins er þessi nauðsyn rakin ýtarlega. Stærsta ástæðan er sú, að bæinn vantar lönd til ræktunar, og það ætti ekki að standa á Framsfl. að viðurkenna það, að bæjarbúum sé nauðsyn á landi í þessu skyni. Það hefur meira að segja af hálfu þess flokks verið deilt á meiri hl. bæjarstjórnar Rvíkur fyrir það, að þeir sjái ekki bæjarbúum fyrir nægu landi til ræktunar.

Hv. þm. Mýr. hélt því fram, að Reykjavíkurbær hefði tugi þús. ha. lands til ræktunar og það væri meira en nokkur borg í heiminum hefði. Út af þessum ummælum get ég sagt það, að eftirspurn eftir landi til ræktunar er nú svo mikil í bænum, að litlar líkur eru til, að þeim verði fullnægt, og þess vegna er það staðreynd, að bæinn vantar þessi lönd. Enn fremur hafa komið fram raddir í bæjarstj. um, að nota beri Korpúlfsstaði til mjólkurframleiðslu fyrir bæjarbúa, og þar að auki vantar bæinn beitilönd fyrir sauðfé, kýr og hesta. Auk þess er viðurkennt, að fyrir kaupstaði, og þá ekki sízt Rvík, sem í býr þriðjungur landsmanna, er nauðsynlegt að geta gripið til landbúnaðarins, ef annað bregzt, auk þess hve mikil hollusta fylgir því fyrir fólk, sem í kaupstöðum býr, að eiga land fyrir utan bæjarrykið.

Á enn aðra ástæðu má og benda, en það er skipulagning bæjarins. T. d. í landi Grafarholts hefur risið upp fjöldi sumarbústaða, en þeir eru byggðir alveg skipulagslaust. Sama sagan er sem sé að endurtaka sig þar, sem í Skildinganesi og Skerjafirði fyrir nokkrum árum. Þar var byggt svo skipulagslaust, að til vandræða horfir nú, en bærinn gat þá engu ráðið í því efni.

Í þriðja lagi vil ég minna á eina ástæðu, en hún er sú, að jarðirnar í nágrenni Rvíkur, og þá sérstaklega Grafarholt, hafa stórhækkað í verði, ekki vegna almennrar verðhækkunar í landinu, heldur eingöngu vegna nábýlisins við Rvík. Verðhækkun á jörðum er með ýmsu móti. Stundum er það vegna almennrar verðhækkunar, stundum vegna skipulagsbreytingar. Hér er það eingöngu vegna nábýlisins við Rvík, enda er því ekki á móti mælt, að þessi gífurlega verðhækkun stafar ekki fyrst og fremst af gæðum jarðarinnar út af fyrir sig, því að hún er alls ekki kostamikil, heldur af því að hún hefur góða aðstöðu vegna nábýlisins við Rvík.

Það er rétt hjá hv. þm. Mýr., að þegar ekki er búið að lögleiða verðhækkunarskatt, er ekki réttlátt að láta slíkan skatt bitna á eiganda einnar einustu jarðar. Um það er ekki hér að tala, heldur á að koma í veg fyrir, að einstakir menn vegna nábýlis við höfuðstaðinn geti tekið miklar tekjur, án þess að þeir á nokkurn hátt hafi til þess unnið.

Því er haldið fram, að lögsagnarumdæmi Rvíkur verði ólöglegt, ef frv. verður samþ. Það er rétt, að í því verða tveir hólmar. Það eru Blikastaðir og hluti af Lágafelli. En þessu er því til að svara, að það er alls ekki einsdæmi, að lögsagnarumdæmi séu þannig. Það skapast af staðháttum og öðru. T. d. er Seltjarnarneshreppur margar eyjar. Um skeið var hluti af Árbæ og Ártúnum í lögsagnarumdæmi Rvíkur sem eyjar, svo að það er ekkert einsdæmi. Það er vitað, að bærinn mundi ekki geta orðið í næstu framtíð eigandi þessara jarða, og þörf hans er fullnægt með frv., eins og það er, og þess vegna þótti ekki nauðsyn að taka þetta með í frv. Ég vil benda á, að það er engin frágangssök, þó að lögsagnarumdæmið sé þannig lagað. Það þýðir ekki að fara aðeins eftir línunum á kortinu, heldur verður að fara eftir þörf manna.

Í þessum orðum ætla ég, að ég hafi svarað flestum fyrirspurnum, sem hér hafa komið fram. Þó er ein ádeila á bæjarstj., sem ég vil ekki láta ómótmælt. Það hefur verið borið fram af hendi hv. frsm. minni hl. og hlutaðeigandi hreppsnefndar, að meðferð jarða, sem Rvík á nú þegar, sýni, að henni sé tæplega til þess trúandi að fara með jarðir, þær séu svo illa setnar og ábúð þeirra sé svo léleg, að það sé ekki til fyrirmyndar að veita Rvík meiri lönd. Í þessu efni er aðallega átt við Elliðavatn, að ég ætla. Ég vil upplýsa, að þegar þessi kaup voru gerð, var það í samningnum, að seljandinn mætti búa áfram á jörðinni, og það má vera, að það sé þetta, sem hv. ræðumenn eiga við, þegar þeir eru að tala um, að jörðin hafi verið illa setin eða rækt á þessu tímabili. Það er alls ekki í ádeiluskyni á hann sagt, vegna þess að gæði jarðarinnar áður, sem voru ekki sízt hið mikla engi, hafa nú verið eyðilögð með rafmagnsveitunni og standa nú að miklum hluta undir vatni. Fyrir 1½—2 árum var jörðin tekin af ábúandanum, og bærinn notar hana síðan. Hann notar hana ekki til búskapar, heldur er ætlazt til, að talsvert af henni fari undir Heiðmörk, og auk þess vil ég geta þess, sem hv. þm. kannske ekki vita, að bærinn rekur þarna hæli fyrir vangæfa menn, sem er undir stjórn geðveikrahælisins á Kleppi, og hefur það orðið til að bæta úr þeim vandræðum, sem eru á að geta komið slíkum mönnum á hæli, sem hefur valdið öllum landshlutum miklum erfiðleikum. Ég vil því alveg vísa því á bug, að hægt sé að finna að meðferð Reykjavíkurbæjar á Elliðavatni. Í fyrsta lagi var það alls ekki tilgangur bæjarins með kaupum á jörðinni að reka þar búskap í gömlum stíl, og möguleikar til þess hlutu að skerðast með rafveitunni. Í öðru lagi á að leggja nokkurn hluta landsins undir Heiðmörk, og í þriðja lagi er rekið þar hæli, og þess vegna er þetta ekkert sambærilegt við þann búskap, sem áður kann að hafa verið rekinn þar.

Ég held, að hv. þm. Mýr. hafi einnig nefnt annað dæmi, Gufunesið, sem sé ekki vel nýtt af bænum, en hafði áður verið stórbýli. Það er rétt, en ég vil benda hv. þd. á, að stór hluti þessarar jarðar, Gufunes, er nú notaður til beitar, en talsverður hluti af henni hefur verið tekinn undir loftskeytastöð, og enn hefur nokkur hluti hennar verið notaður til skemmtistaðar, svo að ekki er þess að vænta frekar en á Elliðavatni, að þarna sé stórbýli að fornum sið.

Af fyrirspurnum, sem fram hafa verið bornar, held ég ekki, að það sé fleira, sem ég á ósvarað. Það hefur komið fram hjá hv. frsm. meiri hl., að bærinn hafi ekki þörf fyrir sand úr Grafarholtslandi, vegna þess að hann eigi nóg byggingarefni. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Það má vera, að hann eigi nóg byggingarefni á næstunni, en ef maður hugsar fram í tímann, þá nægir það ekki. En ef bærinn hefði nóg byggingarefni, þó að hann fengi ekki Grafarholt, þá sýnir það, hversu fráleitt er að verðleggja Grafarholtið á 600 þús. kr., sem er byggt á því, að bærinn þurfi að nota sand þaðan. Ég skal ekki segja, hvort það er rétt, ég held, að hann þurfi þess, en þessar tvær röksemdir stangast nokkuð mikið á.

Um þá fyrirspurn, hversu mikill tekjumissir það mundi verða fyrir Mosfellssveit og sýsluna, vil ég taka fram, að auðvitað kemur slíkt og á að koma fram, ef fjárskipti verða milli umræddra sveitarfélaga. Slíkt er venja, þegar l. sem þessi eru samþ., og það er ákveðið í þeim eins og þessu frv., að fjárskipti skuli fara fram. Það verður gert af gerðardómi, sem skipaður verður af hæstarétti, og Reykjavíkurbær greiðir allan kostnað af þessum gerðardómi. Það liggur því ekki fyrir nú, hversu miklu tapi hreppur og sýsla verði fyrir, heldur verður það metið af þessum gerðardómi.

Hjá hv. þm. Ísaf. komu fram sömu dylgjur og hjá hv. þm. N.-M., að hér væri á ferðinni sérhagsmunamál gróðabrallsmanna o. s. frv. Ég skal ekki svara þessum dylgjum mjög, en vil aðeins beina því til d., hvort það sé trúleg saga, sósíalistar beri hag Thor Jensens fyrir brjósti, en Sósfl. styður þetta mál óskiptur. Ég vil spyrja hv. þm. Ísaf., hvort það hafi verið hagsmunir Thors Jensens, sem vöktu fyrir flokksbróður hans, Jóni Axel Péturssyni, þegar hann manna fyrstur beitti sér fyrir þessu máli.

Loks eru svo gífuryrðin um, að hér sé um að ræða freklega ágengni og ósvífni af hendi Reykjavíkurbæjar. Í umr. og nál. hefur þessu verið líkt við ágengni stórveldanna, þegar þau hafa lagt undir sig smáveldi. Það er talað um, að Rvík vilji fá „Lebensraum“. Það mátti ekki minna gagn gera en að líkja vinnubrögðum bæjarstjórnar Rvíkur við herferðir nazista úti í löndum. Það þarf ekki að eyða orðum að því, hvílík feikna fásinna það er, þegar verið er að líkja Rvík við vopnuð stórveldi úti í löndum, sem setja smáríkjunum úrslitakosti og leggja þau síðan undir sig með hervaldi, ef þau ganga ekki í einu og öllu að skilmálum þeirra. Hér er aftur um tvær hliðstæður að ræða, Rvík og Mosfellshrepp, sem samkv. lögum og stjskr. eru jafnrétthá. Þar er spurningin um hagsmuni tveggja sveitarfélaga, sem lögum samkv. eru jafnrétthá. Rvík er ekki hér með ágengni stórvelda að leggja undir sig lönd, heldur leitar hún til Alþ. til að fá dæmt um, hvors hagsmunir krefjast frekar að fá þetta land. Það er mesta blekking og fjarstæða að líkja þessu við ágengni stórvelda og annað slíkt. Hér er um enga hagsmuni að ræða, heldur þörf bæjarins, — við getum kallað það lífsþörf hans. Þetta er borið undir úrskurð Alþ., og það á að dæma í málinu. Ég skal viðurkenna, að samþ. þessa frv. yrði mikil skerðing á hagsmunum Mosfellshrepps og Kjósarsýslu, og ég skil vel, að þetta sé viðkvæmt mál af þeirra hendi, en þar gildir það eilífa lögmál um meiri og minni hagsmuni, sem kemur alls staðar fyrir, að minni hagsmunir verða oft að lúta í lægra haldi fyrir hinum meiri, ekki svo að skilja, að minni hagsmunirnir séu réttlausir, og hér í þessu tilfelli á Mosfellshreppur og Kjósarsýsla að fá fullar bætur eftir mati. Það er algild regla, og um það eru ákvæði í stjskr., að þegar hagsmunir fárra rekast á hagsmuni fjöldans, er heimilt fyrir löggjafann að grípa inn í, og segja: „Það má ekki stöðva eðlilega þróun þeirra mörgu manna af fáum mönnum.“ Í þessu tilfelli verður að meta, hvort Rvík, þar sem ⅓ hluti landsmanna býr, hefur ekki meiri þörf á að fá þetta land til ræktunar og hollustu fyrir borgarana og vegna aðstreymis hingað heldur en hinir tiltölulega mjög svo fáu menn í Mosfellshreppi og Kjósarsýslu.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég kemst ekki hjá að svara nokkrum orðum hv. frsm. meiri hl., sem nú talaði hér, þó að hann að ýmsu leyti haggaði lítið þeim aðalrökum, sem flutt hafa verið fram gegn þessu máli.

Hann talaði um, að honum fyndist hjákátlegt að tala um hraða í þessu máli, þar sem liðinn væri hálfur annar mánuður, frá því að því var hreyft hér á þingi. Ég benti á, að málið hefði legið niðri um stund, en nú væri komipn á það hundrað mílna hraði. Þetta minnti mig á brimróður hjá sjómönnum, þegar þeir liggja tímunum saman þar, sem lending er slæm, til þess að bíða eftir lagi, og svo taka þeir brimróðurinn með öllum þeim hraða, sem þeir geta sett á bátinn. Það var sá hraði, sem mér virtist sérstaklega koma fram hér. Ég beindi til þeirra, sem betur vissu, hvort þessi brimróður, sem hér er tekinn, væri eitthvað í sambandi við það, að það er vitanlegt, að 2—3 þm., sem kunnugt er, að eru málinu andvígir, eru nú fjarverandi. Það var vitanlegt, að þessi ferð stóð fyrir dyrum hjá þeim, og það vill svo einkennilega til, að þegar er þessir menn eru komnir á skipsfjöl, hafa leyst landfestar og komnir í hæfilega fjarlægð frá þinginu, þá er brimróðurinn tekinn með þeim mesta hraða, sem verða má. Ég óskaði ekki eftir, að málinu væri frestað á sínum tíma. Það er mikill misskilningur hjá hv. frsm. meiri hl., að málinu hafi verið frestað fyrir mitt tilstilli. Það voru aðrir, sem áttu upptök að því, en ég. Hann segir, að það líti út fyrir, að þessi ósk mín, sem aldrei kom frá mér, hafi ekki verið fram borin til að reyna að leysa málið, heldur til að tefja málið og eyðileggja það, vegna þess að það hafi ekki komið fram nein ný tilboð frá Mosfellssveit, sem samkomulag gæti orðið um í málinu. Nú er þetta ekki rétt hjá honum, því að ég bar fram af hálfu hreppsins, að vel gætu komið til mála samningar á þeim grundvelli, að hreppurinn góðfúslega léti frá sér önnur lönd, ef það gæti orðið til þess, að hreppurinn gæti fengið að halda innan vébanda sinna þeim löndum, sem hann leggur mesta áherzlu á að hafa áfram og eðlilegast er, að tilheyri áfram Mosfellssveit, en láta hins vegar af hendi, þó að hann óskaði þess ekki, önnur lönd, sem eru nær Rvík, sem eðlilegra væri, að væru innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, en önnur lönd, sem hreppurinn óskaði eftir forkaupsrétti á, til þess að tryggja, að þau væru áfram innan hreppsfélagsins. Þetta er tilboðið, sem fram kom frá okkar hálfu, en hefur ekki verið litið við. Ég tel því, að nú eins og alltaf áður hafi Mosfellshreppur teygt sig eins langt og mögulegt var til samkomulags við hinn volduga nágranna sinn, til þess að málið yrði leyst á viðunandi hátt, en þetta hefur aldrei tekizt, hvorki fyrr eða í þetta skipti.

Þá vil ég minnast á nokkur atriði, sem hv. frsm. meiri hl. færði fram fyrir nauðsyn Rvíkur

til að fá inn í lögsagnarumdæmi sitt öll þau lönd, sem hér um ræðir. Hann minntist á Hólm og nauðsyn bæjarins fyrir því að ráða nokkurnveginn yfir þeim löndum, þar sem vatnsveita bæjarins væri og rafveitan líka. Ég held, að það hafi verið hv. 8. þm. Reykv., sem hélt fram á dögunum, að nauðsyn væri fyrir bæinn að eiga enn þá meira land en hér er farið fram á, t. d. Reykjatorfuna, til þess að hann fengi þar með yfirráð yfir hitaveitulandinu. Ég dreg í efa, að það sé nokkur lífsnauðsyn fyrir bæinn að eignast öll lönd, sem hann að einhverju leyti þarf að nota eða notar efni frá, því að þá færi landsþörf hans að teygjast nokkuð víða. Þá sé ég ekki betur en að með sama rétti mætti segja, að væri nauðsynlegt fyrir bæinn að eignast landið kring um Sogið austur í Árnessýslu til þess að ná undir sig þeim landsréttindum, sem Sogsaflið byggist á. Þannig mætti lengi telja. Það gæti t. d. vel hugsazt, að nauðsynlegt væri fyrir bæinn að eignast námuna vestur á Snæfellsnesi, þar sem vikurinn er, sem notaður er utan um hitaveitupípurnar, Ég vil spyrja hv. frsm. meiri hl., hvort honum finnist ekki ástæða til að bæta við lögsagnarumdæmi Rvíkur jörðinni vestur á Snæfellsnesi, þar sem hin ágæta vikurnáma er, og þannig mætti lengi telja. Ég sé ekki, að það sé nein nauðsyn fyrir bæinn að eiga uppsprettulindirnar, sem hann fær kalda vatnið frá, og ég sé ekki heldur, að hann þurfi að eiga landið, þar sem það vatn er, sem hann ætlar að hita sig með, þar sem hann hefur tryggt sér réttinn til að nota það.

Þá er hv. frsm. að tönnlast á því, sem áður hefur verið talað um, að bærinn hafi keypt Korpúlfsstaðatorfuna. Þetta er nýtt heiti í málinu. Ég veit, að það eru til margar torfur á Korpúlfsstöðum. En það er talað um torfur í þeirri merkingu, að það séu margar jarðir, sem heyri undir sömu jörð. Og að tala um Korpúlfsstaðatorfu í þeirri merkingu er bara vitleysa. Korpúlfsstaðir eru ein sérstök jörð í Mosfellssveit og hefur glögg landamerki eins og aðrar jarðir þar, og þar hefur aldrei fyrr eða síðar verið til nein Korpúlfsstaðatorfa fremur en Lágafellstorfa, Lambhagatorfa eða nein önnur torfa, kennd við eina eða aðra af þeim jörðum, sem nú eiga að tilheyra þessari Korpúlfsstaðatorfu. Þær eru allar sérstakar jarðir, hver út af fyrir sig, hver með sérstöku nafni, og sér metnar, hver út af fyrir sig, eftir mati fasteignabókar og hafa aldrei tilheyrt neinni torfu. Þetta torfunafn á Korpúlfsstöðum er seinni tíma tilbúningur til þess að reyna að réttlæta það, að þeir, sem kaupa Korpúlfsstaði, eigi líka forkaupsrétt að öllum þeim jörðum, sem Thor Jensen átti í Mosfellssveit. Þetta nær engri átt. Mosfellssveit hefur fullan rétt til að krefjast forkaupsréttar af hverri einstakri jörð fyrir sig úr þeim jarðaflokki, sem þarna er seldur, án tillits til þess, hvort hann krefst forkaupsréttar af öðrum jörðum þar eða ekki.

Hv. þm. hélt því fram, að Reykjavíkurbær hefði farið að öllu leyti vel að í samningum sínum. Ég kemst því ekki hjá að rifja upp sögu þessa máls til þess að sýna, hvort það er rétt hjá hv. frsm., að Reykjavíkurbær hafi ekki sýnt hinn minnsta yfirgang í þessu máli. Þegar Mosfellshreppur krafðist forkaupsréttar á löndum þessum, komu hein tilmæli frá borgarstjóranum í Rvík um, að reynt yrði að semja friðsamlega um málið. Þetta varð til þess, að Mosfellshreppur frestaði kröfu sinni um forkaupsrétt, en reyndi að fara samkomulagsleiðina og tók upp þá samninga, sem stóðu yfir mest allt s. l. sumar, aðallega vegna dráttar hjá bænum um að framkvæma ýmis atriði í sambandi við úrlausn málsins. Ef enginn samkomulagsgrundvöllur hefði verið til, var engin ástæða fyrir bæinn að biðja um samninga, en orð höfðu verið látin falla af hálfu bæjarvalda Rvíkur, að grundvöllurinn væri til, og m. a. s. nefnd ýmis atriði, sem kæmu til greina, m. a. það, að bænum yrði gefinn kostur á að eignast Grafarholtið. Allt þetta var rannsakað nákvæmlega af hálfu Mosfellshrepps og reynt að búa í haginn fyrir samkomulag, en eftir allan þennan drátt, þegar komið er fram á vetur, slítur Rvíkurbær samkomulagstilraunum, hleypur frá málinu og kastar því inn á Alþ.

Ég tel, að það sé langur vegur frá því, að ekki hafi verið samkomulagsgrundvöllur fyrir hendi, en ég hygg, að það sé annað, sem mjög hafi vantað, og það var samkomulagsvilji af hálfu Rvíkur.

Hv. þm. talaði mikið um, að það, sem hefði valdið úrslitum og verið aðalþröskuldurinn, hefði verið hið háa verð á Grafarholti. Hann sagði, að n. manna, — hann sagði af öllum flokkum —, hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að það mundi mega bjóða í það 150 þús. kr. Einn af mönnunum, sem hv. þm. átti við, Jens Hólmgeirsson, var þá ekki í bænum, en hvort skipaður var maður í hans stað, veit ég ekki, en það er rétt, að n. felldi þann dóm, að hæfilegt verð væri 150 þús. kr.

Hv. frsm. lét svo sem það verð, sem eigandi Grafarholts setti upp, 600 þús kr., væri fjarstæða ein, og vitnaði í fasteignamatið. En fasteignamatið sannar ekkert. Ef hv. þm. vildu bera saman fasteignamat á jörðum, sem Rvík hefur bæði keypt og gerir samninga um, mundu þeir finna, að þar er ekki öllu minni munur á fasteignamati og kaupverði en í þessu tilfelli. Sannleikurinn er, að munurinn er orðinn geysimikill. Hitt hlýtur hv. frsm. að skilja, að sú dýrtíðarbylgja, sem riðið hefur yfir og hefur svo mjög komið fram í verðhækkun á löndum og lóðum, kemur eðlilega mest fram á jörðum í nágrenni kaupstaða, og því er ekki undarlegt, þó að Grafarholtið hafi hækkað meir en aðrar jarðir, sem fjær liggja þeirri miðstöð, sem Rvík er, og ég hef fært rök að því áður, að vegna þess verðlags, sem nú er, er það engin fjarstæða, sem eigandi Grafarholts setur upp. Það er ekki meira en það, sem jörðin rentar sig fyrir í höndunum á honum. Þó að frsm. vildi halda því fram, að tilboð, sem lá fyrir um kaup á Grafarholti af hendi óviðkomandi manns, hafi verið gert til að sýnast, er það alrangt. Ég hef haft aðstöðu til að kynna mér tilboðið. Það hefur verið lagt fram í þinginu, og það mun sannast á sínum tíma, að þetta kaupverð er raunverulegt, enda ekki líkur til, að Rvík geti orðið eigandi að Grafarholti fyrir minna verð, svo að hið háa

verð var í sjálfu sér engin afsökun fyrir Rvíkurbæ fyrir að hlaupa frá þeim samningum, sem hafnir voru, því að enda þótt þessi leið lánist, mun koma í ljós, að bærinn fær ekki Grafarholt fyrir minna verð.

Ég get verið hv. þm. sammála um, að það getur verið hentugt fyrir bæjar- og sveitarfélög að eignast sem mest af þeim löndum, sem bæirnir standa á. En ég hygg, að Rvík ætti að byrja nær sér en þetta, því að ég veit ekki betur en að enn sé mikill fjöldi landareigna í bænum í eigu einstakra manna. En þó að nauðsynlegt væri, eins og hv. þm. segir, að Rvík eignaðist meira en hún á nú utan lögsagnarumdæmis síns, m. a. í þeim tilgangi, sem hv. þm. minntist á, er ekki rannsakað hvaða lönd lægi opnast fyrir, að bærinn eignaðist, og ég hef þá skoðun, að það séu mörg önnur lönd, sem bænum er miklu meiri nauðsyn að fá en lönd efst uppi í Mosfellssveit, Varmá og Lágafell. Þess vegna förum við fram á, að Alþ. hraði sér ekki að afgreiða málið á þessu stigi, heldur gefi sér tóm til að láta óvilhalla menn rannsaka, hvaða lönd Rvík séu nauðsynlegust og komi henni að mestum notum. Ég er sannfærður um, að lönd t. d. í Fossvogi eru miklu sjálfsagðari.

Mosfellshreppur leggur svo mikla áherzlu á að fá að halda þessum löndum, að hann hefur gert Rvík hvert tilboðið á fætur öðru til að reyna að fá hana til að sleppa þeim, einkum Varmá og Lágafelli. Að missa þau mundi torvelda hreppnum mjög að starfa áfram sem sérstakt hreppsfélag. Ég vil mjög eindregið vísa á bug þeirri aðdróttun frsm. meiri hl., að mótstaða hreppsins sé sprottin af fjandskap gegn Rvík og skilningsleysi á þörfum hennar til að eignast nægilegt land. Ég tel, að hreppurinn hafi sýnt fullan skilning til að leysa þetta mál, og það þó að hann yrði að fórna miklu, eins og þau tilboð sýna, sem liggja fyrir, þegar hreppurinn vill ganga að því, að tekin verði af honum lönd, eins og Gufunes, Korpúlfsstaðir og jafnvel Grafarholt, og eru sum þeirra stærstu jarðir Mosfellshrepps, sem hafa gefið hvað mestar tekjur í sveitarsjóðinn. Allt þetta vill hreppurinn leggja í sölurnar til samkomulags.

Ég neita því ekki, að Rvík þarfnist meira lands en hún hefur, en ég tel engar sannanir fyrir því, að henni sé svo bráð nauðsyn nú þegar að eignast Varmána, Lágafellið og Lambhagann, að það sé afsakanlegt, að bærinn neyti þess þingvalds, sem hann kann að hafa til að taka þessar jarðir með l., þrátt fyrir hörð mótmæli Mosfellshrepps, sem þó er búinn að gangast inn á að sleppa stærri löndum en þessum til lausnar málinu. Hér er eitthvað annað á bak við en nauðsyn bæjarins. Ekkert landhungur getur verið um að ræða fyrir Rvík, ef þau lönd, sem bærinn á völ á illindalaust, eru þegin.

Hv. þm. kunni því illa, að aðferð bæjarins væri líkt við aðfarir stórveldanna. Í því sambandi sagði hann, að stórveldi legðu undir sig lönd með báli og brandi, en hér ætti bara Alþ. að skera úr. Það er vitanlegt, að mismunandi aðferðir koma til greina. En þessi andi í garð Mosfellshrepps er ekki öðruvísi en þar, sem um ofbeldi og yfirgang er að ræða.

Hv. þm. talaði mikið um, að sú regla gilti hér sem alls staðar annars staðar, að minni hagsmunir yrðu að lúta fyrir hinum meiri. En ég vil láta sanna það, að raunverulegir hagsmunir séu á bak við þetta, sem geri það nauðsynlegt að eyðileggja til hálfs eða fulls veikan nágranna. Það skyldi ekki vera, að hér væri það minni máttur, sem hér yrði að víkja fyrir meiri mætti.

Ég vil að lokum beina því til hæstv. forseta, hvort ekki sé ástæða til að taka til athugunar, hvort í þessu frv. felist ekki ákvæði, sem verði að teljast nærgöngul við stjskr. Það er farið fram á að svipta Mosfellshrepp rétti, sem hann hefur nú samkv. l. um að neyta forkaupsréttar á vissum löndum. Þegar hreppurinn er búinn að ákveða að nota þennan rétt, er hlaupið til að reyna að taka hann af honum með l. Ég vil í þessu sambandi lesa upp nokkrar línur úr álitsgerð sýslunefndar Kjósarsýslu. Bergur Jónsson, sem er mjög reyndur lögfræðingur, segir f. h. sýslun.: „Verður ekki betur séð en að hér stappi mjög nærri stjórnarskrárbroti, ef það er ekki beinlínis tvímælalaust. Að vísu skal eigi lagður dómur á það hér, hver úrslit þess máls yrðu, en hitt er tvímælalaust, að Mosfellshr. á skýlausa kröfu til þess að fá úr því skorið af dómstólum, hvort forkaupsréttarkrafa hans er lögleg. Mun það sennilega einsdæmi í löggjöf hér á landi, að hindrað sé með ofríki í lagasetningu, að menn fái skorið úr rétti sínum samkvæmt lagasetningu. Er því treyst, að Alþ. fari eigi að nauðsynjalausu að taka upp slíka löggjafaraðferð."

Ég vil vænta þess, að forseti felli úrskurð um, hvort ekki sé ástæða til að vísa málinu frá vegna þessa atriðis. Ég óska þessa úrskurðar, þegar málið verður næst tekið fyrir.

Forseti (JJós): Ég hef heyrt ósk hv. þm. Mýr. og mun taka hana til athugunar.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Nd., 1. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hef enga löngun til þess að tefja fyrir því, að þetta mál komist til atkv. En ég hafði vænzt þess, að hv. þm. Reykv. létu sér svo annt um að fá samkomulag um þetta mál, að ég bjóst við því, þar sem svo mikill frestur varð á því, að málið væri tekið fyrir til umr., að þá mundi þessi tími verða notaður til þess að ná samkomulagi við hlutaðeigandi sveitarfélag. Það kann nú að hafa verið gert í þessum efnum. Mér skilst það. En það mun þó engin niðurstaða vera fengin enn um afgreiðslu málsins. Mér skilst nú að vísu, að þess muni mega vænta, að einhverjar brtt. verði bornar fram. En það hefði verið mjög æskilegt, að þær hefðu getað komið fram fyrir þessa umr., því að ég hafði hugsað mér, svo framarlega sem hin rökst. dagskrá mín verður ekki samþ., að bera fram brtt. Ég mundi þá hafa getað sparað mér það að koma með brtt., ef mér þættu þær brtt., sem fram yrðu bornar, viðhlítandi. En mér skilst,

að þessar brtt. munu ekki eiga að koma fram fyrr en við 3. umr. Ef mín rökst. dagskrá nær ekki samþykki, þá kemst ég ekki hjá því að bera fram brtt. við frv. Mér finnst nú málið þannig vaxið, að um afgreiðslu þess hefði átt að geta fengizt samkomulag í þinginu, að ég nú ekki tali um, að samkomulag hefði náðst milli hlutaðeigandi sveitarfélaga. Það hefði auðvitað verið langæskilegasta lausnin á þessu máli.

Ég verð að segja það út af því sem fram er komið, að málið liggur ekki þannig fyrir af hálfu Rvíkur, að það hafi verið gert eins mikið í málinu eins og ég tel, að ætti að vera, áður en því er ráðið til lykta. Hv. þm. Mýr. hefur nú vikið að nokkrum atriðum málsins, og get ég þess vegna farið færri orðum um það. Þó eru nokkur atriði, sem ég vil enn frekar víkja að en gert hefur verið.

Hv. frsm. meiri hl. taldi, að málið lægi mjög ljóst fyrir og það væri mjög vel upplýst. Ég tel þetta alveg fjarri öllu lagi. Málið er einmitt illa upplýst, og það liggur ekki ljóst fyrir. Það liggja engar upplýsingar fyrir um það, sem mestu máli skiptir fyrir þessi sveitarfélög, Seltjarnarneshrepp og Mosfellssveit. Það er vitað, að málið grípur stórkostlega inn í afkomumöguleika þessa sveitarfélags, Mosfellssveitar. Það hefur stórkostleg áhrif á fjárhag þessara sveitarfélaga, — hve mikið, get ég ekki gert mér ljósa grein fyrir, því að til þess skortir mig kunnugleika. Ég sé, að með þessu er tekinn mikill hluti af lendum þessara sveitarfélaga og þær lagðar undir Rvík. Hve mikið það grípur inn í fjárhag sveitarfélaganna, get ég ekki gert mér grein fyrir til hlítar. Ég sé, að það verður þessum sveitarfélögum stórkostlegur hnekkir, hvað afkomu þeirra snertir. Hvort það verður svo mikið, að þetta sveitarfélag, Mosfellssveitin, hætti að geta starfað sem sjálfstætt sveitarfélag, get ég ekki gert mér grein fyrir. En mér þætti ekki ótrúlegt, að það gripi svo mikið inn í afkomu þessa sveitarfélags, að það ætti mjög erfitt með að standa áfram sem sjálfstætt sveitarfélag. Hve mikið sýslufélagið er skert fyrir þessa röskun, það liggur heldur ekkert fyrir um það, það hefur ekki komið fram af hálfu frsm. meiri hl. Ég er í sjálfu sér ekki að saka hann um það. Við, sem höfum ekki því meiri kunnugleika á aðstöðu þessa sveitarfélags, getum ekki vitað það fullkomlega, og þess vegna saka ég ekki hv. frsm. um það, þó að hann geti ekki gefið mér þær upplýsingar, sem ég spurði um. Ég bar þessar fyrirspurnir fram til þess að fá úr því skorið, hvort fulltrúar Rvíkur hefðu gert sér nokkra grein fyrir þessu atriði málsins, og það, sem nú hefur verið fært fram, skoða ég sem yfirlýsingu um, að það sé alveg ógert. Þetta tel ég alveg óforsvaranlegt. Ég tel þess vegna málið ekki svo undirbúið, að það sé frambærilegt að að knýja það svona í gegn. Það, sem ég finn að við hv. frsm. meiri hl., er það, að hann skuli reyna að knýja málið fram, á meðan það er ekki betur undirbúið. Ef ekki næst í höfuðatriðum samkomulag um afgreiðslu málsins, verður Mosfellssveit miklu meira fyrir barðinu á þessum ráðstöfunum en Seltjarnarneshreppur, enda þótt hann verði líka allhart úti, en þó ekki eins. Um þau atriði, sem hv. frsm. færði hér fram, að Rvík nyti hlunninda, sem eiga upptök sín í þessu sveitarfélagi, þá finnst mér það ekki næg ástæða út af fyrir sig, til þess að þessi ráðstöfun sé gerð, því að til þess þyrfti það að liggja fyrir, að bæjarfélaginu væri gert erfitt fyrir um að gera ráðstafanir sínar um að njóta þeirra hlunninda. En það liggur fyrir af hálfu annars sveitarfélagsins, Seltjarnarneshrepps, að samvinna þess sveitarfélags sé hin bezta og það hafi aldrei orðið minnsti ágreiningur um neitt, sem þessi mál snertir, af hálfu sveitarfélagsins í viðskiptum við Rvík. Eins og hv. þm. Mýr. benti réttilega á, ef þetta ætti að vera næg ástæða til þess að leggja þessa bændur undir bæinn, af því að bærinn sækir hlunnindi út fyrir takmörk sín, þá mundi Rvík fara að seilast nokkuð langt. Þá þyrfti að leggja undir Rvík Grímsneshrepp og kannske Grafningshrepp, af því að bærinn sækir raforku austur í mitt Árnesþing. Kannske þetta sé tilætlunin? Ég veit það ekki.

Þá drap hv. frsm. á þau atriði, að bærinn þyrfti að fá umráð yfir þessum lendum, af því að þær kynnu að hækka í verði sakir þess, að þær eru í nágrenni bæjarins, og þegar stundir líða fram, mundu þær enn verðmætari en þær eru nú. Ég vil ekki bera á móti því, að svo kunni að fara. En er það endilega sjálfsagt að Rvík þurfi að eignast þessar lendur, þó að þær yrðu eitthvað verðmætari, þegar tímar líða fram? Er það svo, að þegar bæjarfélögin eiga hlut að máli, þá eigi þau að njóta þessara verðmæta, hvort sem þau (verðmætin) stafa af aðgerðum bæjarfélaganna eða ekki? Það skýtur einn hv. þm. fram í og segir já. Það er nefnilega alls ekki sagt, að það sé fyrir atbeina bæjarfélaganna, að þessar lendur hækka í verði. Eru þau kannske ein að verki? Þetta sýnir, hvað þessi hv. þm., sem skaut fram í, er kunnugur í sínu eigin bæjarfélagi. Rvík er m. ö. o. í hans augum landið allt. Ég veit ekki betur en að í þessu bæjarfélagi séu höfuðstofnanir landsins sjálfs. Hér starfa þrír bankar, sem annast viðskiptastarfsemi þjóðarinnar. Hér er pósthús landsins. Hér er landssímastöð. Hér eru alls konar opinber bókasöfn, hér er náttúrugripasafn og forngripasafn. Hér er Alþingi, hér starfar menntaskóli landsins, hér starfar háskólinn og fleiri skólar, sem landið styrkir. Ég tel þetta fram af því, að þessi innskot komu hér fram. En þessir hv. þm., þeir sjá ekkert út fyrir bæinn. Þeir sitja á askbotninum, sjóndeildarhringurinn eru barmarnir, og sjónhimininn þeirra er asklokið. Þetta er orðið allt of ríkt í hugum ýmissa manna. En náttúrlega er það orðið til meins, ef fjölmennur hópur manna á Alþ. Íslendinga lætur sig það henda að líta þannig á málin. Ég vil fagna því, ef sá hugsunarháttur er orðinn ráðandi í þessu bæjarfélagi, að það verði höfð betri aðgæzla á lóðum og lendum bæjarfélagsins heldur en hefur tíðkazt um langa stund. Það er svo langt frá því, að ég telji, að slík stefna eigi ekki að vera ráðandi. Ég tel hana sjálfsagða. — Ég man það, að í gamla daga þurfti að heyja harðar deilur um það, hvort Rvík skyldi eiga hafnarlóðirnar á uppfylling-

unni. Sumir bæjarfulltrúar vildu selja þær. Um þetta stóðu harðar deilur. En ég taldi þetta skakka stefnu.

Það er ekki nema sjálfsagt, að bærinn haldi því, sem hann hefur, og bæti við eftir þörfum, en um þau skipti á að fara eftir þeirri venju, sem gerist í viðskiptum manna á milli. Ég hef ekki sagt eitt orð um það, að bærinn megi ekki fá aukin lönd, aðeins haldið því fram, að það verði að gera með þeim hætti, sem bænum er sómi að, því að það er ekki sæmileg ástæða, að bærinn eigi að eignast þessar eignir, af því að þær hækki í verði. Það er eins og önnur fjarstæða, og þessi fjarstæða kom fram einna skýrast hjá hv. þm. Siglf., þar sem hann segir, að ef Mosfellshreppur vilji eiga þessar lendur, sem verið er að fá hjá þeim, sé það frá sjónarmiði íóðabraskarans, því að þær muni hækka í verði. Hvað á þá að segja um sjónarmið Rvíkur, sem vill eignast þessar lendur. Það er þó annað, því að Mosfellssveit vill halda því, sem hún hefur, og vill ekki sleppa því til annarra, en Reykjavíkurbær vill ásælast eignir annarra. Mér virðist líka, að Rvík geti í þessu tilfelli fengið þörfum sínum fullnægt, því að breyt. á lögsagnarumdæminu er þannig, að eitthvað af þessum löndum kemur undir lögsagnarumdæmið síðar meir og verða því til ráðstöfunar, þegar á löndum þarf að halda. Ég hef þann kunnugleika á löndum hér í bænum og löndum þeim, sem heyra undir Rvík, að ég veit, að því fer svo fjarri, að þau séu notuð til þess, sem hér er fært fram, að bærinn þurfi, en þessi lönd ætti að nota meira en nú er gert.

Ég veik að því í fyrri ræðu minni, að ákvæði frv. um það að taka Grafarholt eignarnámi af þeim ástæðum, sem færðar eru fram, mundu vera mjög hæpnar, að ég ekki segi varhugaverðar. Nú hefur verið beðið um úrskurð forseta einmitt um þetta atriði, um það, hvort þetta ákvæði kunni ekki að koma í bága við ákvæði stjskr., og ætla ég því ekki að fjölyrða frekar um það, því að forseti mun kveða upp sinn úrskurð, en ég vil skirskota til þess, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, og vil beina því til þm. hér í þessari hv. deild, þeirra sem ekki stendur á sama, hvernig með þetta ákvæði er farið og hverja vernd eignarrétturinn fær, að þeir skoði vel huga sinn, áður en slíkt ákvæði er samþ.

Það liggur fyrir af hálfu þeirra manna, sem beita sér fyrir því að fá þessar lendur, að landið er mjög illa fallið til ræktunar, og hvað byggingarefni áhrærir, þarf bærinn áreiðanlega ekki á því að halda fyrst um sinn. Í hvaða skyni er þá nauðsynlegt að nota þessa eignarnámsheimild nú? Hvaða þörf er á því? Til þess að taka eignarnámi þarf að vera sannanlegt, að almenningsheill krefjist þess. Ætla menn að færa sönnur á það, að almenningsheill krefjist þess, að Grafarholt sé tekið eignarnámi? Sessunautur minn (ÁkJ) segir það, hann er ekki í vafa um það, en það er nú eitthvað annað. Um sumarbústaðina, sem hér hefur verið talað um, vil ég engan veginn gera lítið úr því atriði. Ég skil vel, að fólkið þrái að búa utan við bæinn yfir sumarið, og álít, að það eigi að koma til móts við það að þessu leyti, en það vita bæði guð og menn, að hér eru stórar lendur fyrir utan bæinn, sem ekki eru notaðar nema að mjög litlu leyti, og svo ætla ég, að ekki sé útilokað, að byggðir verði sumarbústaðir á landinu, þótt það sé ekki tekið eignarnámi, ef það er lagt undir lögsagnarumdæmið. Ég get lýst yfir því hér, að ég hef hugsað mér að haga svo brtt. minum, að það verði hægt. Ég álít að þeir, sem vilja byggja þjóðfélagið á þeim reglum, sem nú gilda, eigi ekki að vera að gera leik að því að breyta þeim reglum, þannig að þær verði hrein fjarstæða. Ef þær eiga að gilda, má ekki minna vera en að þær séu í samræmi við ákvæði stjskr. um þau atriði. Það er sú lægsta krafa, sem verður að gera.

Frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að það væri vel réttlætanlegt að koma með þessa kröfu hér í þingi, því að hér væru tveir hliðstæðir aðilar, sem ekki kæmu sér saman, og þyrfti því úrskurðar þingsins, og aðstaða þeirra væri jöfn hér í þinginu. Þetta segir frsm. án þess að athuga, hvað hann er að segja, því að hér stendur mjög ólíkt á. Þessi sýsla hefur einn þm., sem er góður og gegn maður og vafalaust reynir að sjá til þess, að þetta mál verði afgr. sómasamlega frá sjónarmiði umbjóðenda hans, þótt ekki hafi borið mikið á honum hingað til. Ég vil samt búast við þessu af honum. Rvík hefur 8 þm., og 3 uppbótarmenn eru líka Reykvíkingar, Ég veit líka ekki betur en að einn af þeim, Haraldur Guðmundsson, sé einn af flm. frv. í Ed. Þar að auki eru eitthvað 29 þm. sem búsettir eru í Rvík. Þeir eru að vísu fulltrúar annarra héraða, en það er algerlega óhugsandi, að þeir líti ekki með sanngirni og velvilja á þær óskir, sem þeirra eigin bæjarfélag ber fram. Það getur bara ekki annað verið, og það er ekkert um það að segja. Hvernig stendur svo á hinum megin? Þar er einn þm. og annar, sem er búsettur í þessu sýslufélagi. Við getum sagt, að það séu 2 á móti 29, eða 1 á móti 11. Það þýðir ekki fyrir frsm. meiri hl. að segja, að aðilar standi jafnt að vígi, og þótt maður líti ekki á annað en bara þetta, þá stendur hér gerólíkt á. Þess vegna vil ég nú vona, að þm. Reykv. sýni það, áður en málið er afgr., að þeir vilji koma fram með sanngirni — og framsýni — vildi ég segja, og þó ekkert hafi komið fram hér við 2. umr. og málinu verði vísað til 3. umr., þá komi það fram af þeirra hálfu við 3. umr., en ég mun við 3. umr. freista þess að koma með brtt., sem ég tel, að verði til miðlunar í málinu, reyna að taka af sárasta broddinn, sérstaklega að því er Mosfellssveit snertir, en að Rvík fái það mikið í sinn hlut, að hún geti talið sig vel sæmda af.

Ég hirði svo ekki um að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni. Fyrir mér vakir ekki annað en að afgreiða þetta mál á þann veg, sem Reykjavíkurbær megi vel við una og sveitarfélagið geti nokkurn veginn sætt sig við, og að málalokin hér á þingi verði ekki þinginu til vansa.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Ég þarf ekki að viðhafa nema örfá

orð til viðbótar ræðu minni hér í gær, en hv, þm. Mýr. færði hér nokkur atriði, sem ég þarf að víkja að. Hann gaf í skyn, að verið væri að knýja málið fram með því að afgreiða það nú, þegar þm. væru fjarverandi. Ég verð að segja, að ég álít þetta mjög ósæmilega aðdróttun, þegar málið er búið að hvíla í 1½ mánuð, og veit ekki, hvernig hægt er að segja, að verið sé að knýja það fram. Þessu þarf því ekki að svara. Það, sem þm. segir um það, að ný tilboð hafi komið fram á þessum 1½ mán., er ekki rétt. Eftir því, sem skýrt hefur verið frá, komu ekki nein ný tilboð fram. Hann segir, að boðið hafi verið að láta ný lönd í staðinn og nær en þessi, sem um er að ræða. Mér er kunnugt um, að að ein ný jörð var boðin, en hún gerir ekki sama gagn, og sérstaklega vil ég taka það fram, að sú jörð liggur fjær en þær jarðir, sem um er að ræða, svo að þessi röksemd fær ekki staðizt. Þá sögðu frsm. minni hl. og þm. Mýr., að það væri fjarstæða og rökvilla, að bæjarfélagið þyrfti endilega að fá þær jarðir inn í lögsagnarumdæmi sitt, þar sem hann sækti hlunnindi sín til. Ég bendi aðeins á eina viðbótarástæðu, og hún er sú, að verkfræðingar telja, að vatnsból bæjarins sé stofnað í stórkostlegan voða með því, að leyfðir séu sumarbústaðir á því svæði. Hv. þm. Mýr. seildist vestur á Snæfellsnes og talaði um það land, sem vikurinn væri tekinn úr. Eftir hans skoðun á þá að innlima Snæfellsjökul, því að þaðan er vikurinn tekinn. Ég held, að ekki þurfi að eyða orðum um þetta. Ég held, að rökvillurnar hjá þessum mönnum, bæði þegar þeir segja, að Reykjavíkurbær heimti inn í lögsagnarumdæmi sitt öll þau lönd, sem hann sækir hlunnindi til, t. d. Grímsnes og Grafninginn, þar sem Sogsvirkjunin er, — og með tilliti til þeirrar stórkostlegu hættu, sem talin er búin vatnsbóli bæjarins —, þurfi ekki svara við.

Hv. þm. Mýr. talaði um, að samningum hefði verið slitið af hendi Rvíkur, en eins og ég tók fram í fyrstu ræðu minni, stönduðu samningar á hinu gífurlega háa verði Grafarholts, sem útilokað var fyrir bæinn að ganga að, nema ef matsnefndin, sem gert er ráð fyrir, felldi þann úrskurð, en kaupverðið átti að vera 600 þús. kr. Að því er snertir verðið, vildi hv. þm. Mýr. halda því fram, að svipað mætti segja um Korpúlfsstaði og þær jarðir, sem bærinn festi kaup á með þeim, að fyrir þá hefði verið goldið margfalt verð. Grafarholt er að fasteignamati 27 þús. kr. og átti að seljast fyrir 600 þús. Korpúlfsstaðir eru að fasteignamati 300 þús. kr., en auk þeirra voru fleiri jarðir í söluverðinu, sem var 18000 kr., svo að verðið hefur ekki verið meira en fjórfalt fasteignamatsverð og er ekki sambærilegt við verð Grafarholts, sem átti að vera tvítugfalt. Hv. þm. Mýr. sagði, að svo væri í pottinn búið, að bærinn fengi Grafarholt aldrei fyrir minna en 600 þús. kr. Það má vel vera, að þeim, sem að þessu standa, hafi tekizt að búa svo í pottinn, að jörðin fáist aldrei fyrir minna. Um það skal ég ekkert segja.

Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að andstæðingar þessa frv. gerðu þetta af fjandskap við Rvík. Þetta hef ég ekki sagt, Ég sagði, að ég skildi vel sjónarmið þeirra, sem verið er að taka þetta af, en að hagsmunir hinna fáu yrðu að víkja fyrir hagsmunum almennings.

Um forkaupsréttarákvæðið skal ég ekki segja. Um það verður að bíða eftir úrskurði forseta. Skaðabótarákvæði er ekki í frv., vegna þess að það er umdeilt, hvort Mosfellshreppur hafði forkaupsrétt, vegna þess að hreppurinn vildi ekki á sínum tíma ganga inn í kaupin. Þetta er umdeilt lögfræðilegt atriði, sem ég skal ekki segja um. Ef forkaupsrétturinn er til, kemur það til athugunar, hvort hann nýtur sömu verndar og eignarrétturinn, og kemur það til mats dómstólanna. Hitt kemur ekki til mála, að vísa málinu frá. Ég vil minnast á annað frv., sem ekki hefur komið til mála að vísa frá. Það er frá hv. þm. Borgf. og er um það að drepa alla minka á landinu. Ef þetta yrði að l., yrði að bæta minkana, og það hefur ekki komið til orða að vísa málinu frá. Ég vil benda á þetta sem hliðstæðu, því að í hvoru tveggja frv. er gert ráð fyrir að bæta, en þó er meiri ástæða til að vísa minkafrv. frá, þar sem þar er um skýlausan skaðabótarétt að ræða, en hér er það vafi.

Frsm. minni hl. minntist á, að málið væri illa upplýst og illa undirbúið. Ég þarf ekki að svara þessu. Ég hef bent á það, að grg. og álit um málið er ýtarlegri en gerist. Það er aðeins eitt, sem ekki er upplýst, og það er, hve mikill fjárhagslegur hnekkir þetta er fyrir Mosfellssveitina, en eins og ég sagði áður, er gert ráð fyrir, að fjárskipti fari fram, og þá upplýsist þetta, þótt ekki sé hægt að leggja það fram á þessu stigi málsins. Það er sjálfsagt rétt, að þetta sé mikill fjárhagslegur hnekkir fyrir sveitarfélagið. Það er ekki nýtt, að sveitarfélögin verði fyrir því. Það er algengt, að kauptún eða þorp vaxi upp, og þegar þau eru orðin stór, eru þau gerð að sérstökum hreppi. Vitaskuld er það stórkostlegur hnekkir, þegar búið er að nema burt aðaltekjustofninn, en þó er þetta gert, og það er það sama, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég skal minnast á eina röksemd, sem hv. frsm. er að belgja sig upp með. Það er, að þetta sé afleiðing kjördæmamálsins. Þeir sjá kjördæmamálið á öllum málum, og nú á það að vera afleiðing þess, að lagt er út í þessa svívirðilegu herferð á hendur nærsveitunum. Þetta stangast nokkuð við kenningar Framsfl., að það sé brýn nauðsyn fyrir kaupstaðina að hafa nægilegt af ræktanlegu landi. Nú vilja þeir ekki, að Rvík hafi þetta. En ég vil benda þeim á, að eftir 15 ára viðleitni þessa flokks til að stöðva flóttann úr sveitunum, sem hefur tekizt svo vel, að íbúar Rvíkur hafa allt að því tvöfaldazt, er það alveg nauðsynlegt, að kaupstaðirnir fái land til ræktunar, og eins og búið er að benda á, liggja stöðugt fyrir umsóknir um land, m. a. um erfðafestulönd, sem bærinn getur ekki fullnægt vegna vöntunar á ræktanlegu landi. Ég vil benda á það, að fyrir 12 árum, eða 1931, var hér mikil deila um lögsagnarumdæmi Rvíkur, sem endaði með því, að umdeildur sveitarhluti var innlimaður í Rvík, en á þessu þingi var Framsfl. í hreinum meiri hl.

Ég þarf ekki að svara fleiru og býst ekki

við að taka oftar til máls í þessu máli. Það má vera, að við 3. umr. málsins náist samkomulag um brtt., hvort sem þær eru frá hv. þm. Mýr., 1. þm. Árn. eða öðrum. Það er ekki svo að skilja, að við krefjumst þess, að frv. verði samþ. óbreytt, heldur erum við tilbúnir til að taka til athugunar þær brtt., sem möguleikar eru til, að samkomulag náist um.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. frsm. meiri hl. blandaði inn í umr. atriði, sem ég hafði ekki gefið tilefni til, að talað væri um. Ég veik alls ekki að kjördæmamálinu, og tal frsm. var ekki annað en hugarórar.

Hann taldi, að Rvík hefði ekki nóg ræktunarlönd. Hún á þó mikið land, sem er ekki enn ræktað, og samt stendur bænum til boða mikið af því, sem hann óskar eftir.

Hv. frsm. minntist á, að áður hefðu verið gerðar breyt. í stækkunarátt á lögsagnarumdæmi Rvíkur, og það í tíð Framsóknarstj. Það er rétt. Framsfl. taldi, að það væri sanngirnismál fyrir Rvík að fá þá breyt. fram, og þess vegna var hann henni fylgjandi. Ég álít líka, að þetta mál eigi að afgreiða á sanngjarnan hátt, en ekki með hirðuleysi um annarra hag. Það er góður vitnisburður um Framsfl., að hann vill láta sanngjörn mál ná fram að ganga, hver sem í hlut á, og þannig á að málum að vinna.

Frsm. minntist á starf Framsfl. í þágu sveitanna og sagði, að þrátt fyrir það fjölgaði fólkinu hér. Mér skilst, að þm. annarra flokka hafi líka viljað vinna að hag sveitanna, svo að þessi ummæli frsm. snerta þá líka, þó að um þetta mál, sem nú liggur fyrir, yrði tæplega sagt, að það verði til að gera fólkinu auðveldara að vera í sveitunum.

Loks skal ég víkja að því atriði, sem óskað er úrskurðar um. Kjalarneshreppi hefur verið boðinn forkaupsréttur að öllum þessum eignum. Ein jörðin er í Kjósarhreppi, og er sagt, að þeim hreppi hafi líka verið boðinn forkaupsréttur að öllum jörðunum. Hins vegar hefur hreppsnefnd Mosfellshrepps ætlað að nota sér forkaupsrétt á nokkrum jörðum og taldi sig hafa til þess fullan rétt. En þm. Reykv. vilja nú með lögum upphefja þann rétt, og er ekkert vafamál, að stefnt er að því að hafa með nýrri löggjöf af þeim réttindi, sem þeir eiga nú l. samkv., en það mun einsdæmi í þingsögunni og bendir til, að þm. Reykv. hafi ekki meira en svo sterka trú á málstað sínum. Þetta er eitt atriði í þessu máli, sem er ekki sem viðfeldnast.

Ég gef ekki um að fjölyrða frekar um þetta. Ég skal ekki fullyrða, að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, en það er áreiðanlegt, að nærri er höggvið stjskr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég mun, ef hæstv. forseti óskar þess eindregið, flytja mál mitt nú, enda þótt æskilegra væri, að fleiri væru staddir á fundi. Sérstaklega sakna ég hv. meiri hl. allshn., sem hefur mælt með frumv. Að vísu er hv. frsm. meiri hl. mættur, en aðrir ekki.

Þetta mál hefur mikið verið rætt, og ég mun því ekki taka til meðferðar nema fátt eitt. Margt hefur verið skýrt í málinu, bæði á þskj. hér í hv. d. og í hv. Ed. og enn fremur við umr. málsins, en þó tel ég ýmis atriði ópupplýst, sem væri æskilegt að fá skýrð, áður en til atkvgr. kemur, þar sem þetta er mikið ágreinings- og deilumál.

Frsm. meiri hl., hv. þm. Snæf., talaði um það í ræðum sínum, bæði í gær og í dag, að meðal annars væri það óhjákvæmileg nauðsyn fyrir Reykjavíkurbæ að fá ákveðnar jarðir í Kjósarsýslu lagðar undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, og færði fram þá ástæðu, að þetta væri nauðsyn til þess að koma í veg fyrir, að vatnsból bæjarins yrði fyrir skemmdum. Hv. þm. lagði mikla áherzlu á þetta atriði. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu fyrir Reykvíkinga að geta búið tryggilega um vatnsbólið, enda þótt það sé í öðru lögsagnarumdæmi.

Á einu þskj. viðvíkjandi þessu máli, er meðal annars birt bréf frá oddvita Seltjarnarneshrepps, Sigurjóni Jónssyni fyrrv. alþm. Hann ber fram í þessu bréfi f. h. hreppsins mótmæli gegn því, að jarðirnar Elliðavatn og Hólmur verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Í bréfinu segir hreppsnefndaroddvitinn meðal annars á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Elliðavatn hefur bærinn getað notað að vild sinni sem olbogarúm (Lebensraum) borgara sinna alla þá stund, er bærinn hefur átt jörðina. Aldrei hefur komið til neinna árekstra milli hreppsins og bæjarins út af hagnýtingu bæjarins á þessari eignarjörð sinni.“ Enn fremur segir hann, að bærinn telji sig einnig geta eignazt jörðina Hólm og komi þá til að gilda sama um þá jörð og Elliðavatn. Hann segir á þessa leið í bréfinu: „Not jarðanna hefði bærinn eftir þörfum jafnt, hvort sem þær væru í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eða í hreppnum. Sú eina ástæða, sem að einhverju leyti gæti réttlætt þá þvingunarlöggjöf, sem hér um ræðir, væri sú, að einhverjir árekstrar hefðu átt sér stað milli hreppsins annars vegar og bæjarins hins vegar um afnot bæjarins af jörð sinni Elliðavatni. Slíkir árekstrar kynnu að geta sýnt fram á einhverja þörf, en naumast nauðsyn, til þess að færa jarðirnar í annað lögsagnarumdæmi. Árekstrana ætti að mega jafna á annan hátt. En slíkir árekstrar hafa ekki átt sér stað, eins og að ofan er framtekið.“

Þetta segir Sigurjón Jónsson í bréfi sínu. Þá er einnig í nál. meiri hl. allshn. í hv. Ed. vikið að þessu sama atriði, en að þessu áliti standa flm. frv., og annar þeirra aðalflm. þess. Þeir segja í nál. sínu, að jörðin Hólmur sé ekki í eign Reykjavíkurbæjar, en samkv. l. frá 1942, sé ríkisstj. heimilað að selja bænum jörðina. Svo segja þeir, að úr þessari sölu hafi ekki orðið, vegna þess að bæði Seltjarnarneshreppur og ábúandi jarðarinnar hafi krafizt forkaupsréttar, ef jörðin yrði seld.

Síðan segja þeir á þessa leið: „Nokkur hluti Seltjarnarneshrepps nýtur vatns úr vatnsveitu bæjarins, og mætti því ætla, að hreppsnefndinni væri áhugamál, að tryggilega væri um þetta vatnsból búið. Er því ekki að efa, að hreppsnefndin mundi sjá svo um, að svo yrði, ef hún fengi eignarumráð jarðarinnar.“

Það er þannig greinilega yfirlýst af tveimur flm. frv., að það sé ekkert efamál, að hvort sem hreppurinn eða Reykjavíkurbær eigi jörðina, þá verði tryggilega búið um vatnsból bæjarins. Þessi ástæða, sem hv. frsm. meiri hl. allshn. hér í hv. d. færði fram, hefur þannig ekki við nein rök að styðjast. Þetta er bara tilbúin ástæða, enda yfirlýst af flm. frv., að tryggilega verði búið um vatnsbólið, hvort heldur Hólmur er í lögsagnarumdæmi Rvíkur eða Seltjarnarneshrepps. Að búa til ástæðu eins og þessa sýnir, að eigi muni um auðugan garð að gresja, þegar leitað er að rökum fyrir því, að þörf sé að innlima þennan hluta af nágrenni bæjarins í lögsagnarumdæmi Rvíkur. Ég get að vísu fallizt á, að eðlilegt sé, að jarðir, sem eru í eign bæjarins, verði lagðar undir lögsagnarumdæmi hans, ef árekstrar hafa átt sér stað milli viðkomandi hrepps og Reykjavíkurbæjar, en því er ekki til að dreifa, og Reykjavíkurbær getur algerlega notað þessar jarðir eftir vild sinni, þótt þær verði áfram í Seltjarnarneshreppi. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta vatnsmál, en vil bera fram þá ósk, að hv. frsm. meiri hl. allshn. gæfi mér upplýsingar um tvö atriði, sem ég veit ekki til, að hafi verið upplýst áður (**GTh:** Það er of seint að óska þess, því að frsm. meiri hl. hefur þegar talað þrisvar við þessar umr.) Ég álít, að það sé ekki of seint, og er þess fullvís, að hæstv. forseti mundi leyfa honum að svara þessum fyrirspurnum. Fyrri spurningin er þessi: Hvað er stórt það landssvæði, sem nú er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur? Ég hef verið að leita að upplýsingum varðandi þetta, en ekki getað fundið þær. Það væri æskilegt, ef hv. frsm. vildi svara þessu. Enn fremur væri gott að fá að vita, hve mikið bærinn á af lóðum innan lögsagnarumdæmis síns og hve mikið er í eign einstakra manna.

Hin spurningin er þessi: Hve stór eru þau lönd, sem Rvík á í öðrum lögsagnarumdæmum? Ef upplýsingar fengjust um þetta, þá væri fróðlegt að bera saman þau landssvæði, sem bærinn á, við lönd annarra kaupstaða og kauptúna.

Ég vil ítreka þá ósk mína, að hv. frsm. meiri hl. leiti sér upplýsinga um þetta og láti þær síðan koma fyrir hv. d. Ef til vill gefa þær upplýsingar mér tilefni til frekari umr., en að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að segja fleira um málið.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Út af fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. skal ég aðeins taka það fram, að þessar tölur allar hef ég ekki við höndina, sem fyrirspurnir hv. þm. voru um, og hefði hann átt að bera fram þessar fyrirspurnir áður en ég hélt ræður mínar þrjár í þessu máli. En það má athuga það til 3. umr., hvort hægt verður þá að svara þessu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 2. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (JJós): Umræðum um þetta mál var lokið á síðasta fundi, en hv. þm. Mýr. hefur óskað að gera aths. út af þingsköpum. Hann tekur til máls.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Ég vil spyrja hv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að fresta eitthvað atkvgr. um þetta mál, vegna þess að það hefur tekizt svo slysalega til, að nokkuð margir hv. þm. eru fjarverandi. Og af því að þetta er töluvert hitamál, fyndist mér mjög æskilegt, að það kæmi fram um málið sá raunverulegi þingvilji, sem til er um það í þinginu, þannig að ekki væri látin nein hending ráða því, hvernig úrslit þess verða. Ég sé, að a. m. k. 4 eða 5 þm. eru fjarverandi, sem mér þætti mjög æskilegt, að gætu verið viðstaddir þessa atkvgr. til þess að fá fram þá réttu mynd af þingviljanum í þessu máli.

Jakob Möller: Ég held, þveröfugt við það, sem hv. þm. Mýr. virtist álíta, að sá raunverulegi þingvilji í þessu máli komi ekki fram fyrr en við 3. umr. málsins, þ. e. ekki fyrr en búið er að sjá fyrir örlög þessarar dagskrártill., sem hér liggur fyrir. Það er vitað, að ýmsir af þeim hv. þm., sem hafa veitt málinu andstöðu, hafa brtt. í fórum sínum, sem með samþ. þeirrar dagskrártill., sem yfir vofir, alls ekki koma fram. Og þó að nú séu fjarverandi nokkrir hv. þm., breytir það engu um afdrif málsins, þannig að hv. d. hefur málið alveg í hendi sér, þó að það gangi til 3. umr. Ég mótmæli því þess vegna, að þessari umr. verði frestað.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Mér finnst, að það væri mjög æskilegt, ef hæstv. forseti gæti orðið við ósk hv. þm. Mýr. Sumir hv. þm. eru nú veikir, og aðrir eru fjarverandi af öðrum ástæðum. En færi nú svo, að hæstv. forseti með engu móti sæi sér fært að verða við þeirri ósk, væri þá mjög æskilegt, — vegna þess að þá gæti komið fram rétt mynd af því, hvaða afstöðu þm. hafa til dagskrártill., því að hún verður ekki borin upp við 3. umr. —, að hæstv. forseti sæi svo um, að úrslitaumr., 3. umr. málsins, færi ekki fram fyrr heldur en þeir hv. þm., sem hafa fengið brottfararleyfi, eru komnir aftur og hv. þm. almennt eru viðstaddir. Mér finnst þetta vera lágmarkskrafa, sem sanngjarnt sé að gera til hæstv. forseta, og mér finnst, að það ætti ekki að vera nein hætta í því fólgin fyrir málið, þó að afgreiðslu þess verði frestað nú, því að hæstv. forseti hefur alla möguleika til að sjá svo um, að þetta mál dagi ekki uppi.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir óskir þeirra hv. þdm., sem hafa farið fram á, að afgreiðslu þessa máls verði frestað nú, eins og ástatt er. Það er vitað, að það eru fjarverandi allmargir hv. þm. Og mér finnst, að einmitt þetta mál sé þess eðlis, að það sé ekki aðeins rétt, heldur sjálfsagt, að stilla svo til, að atkvgr. á þessu stigi málsins verði hagað þannig, að viðstaddir þá afgreiðslu séu sem allra flestir af hv. þdm., því að við 2. umr. er venja, að hin raunverulega afstaða til mála komi fram. Nú er það vitað um tvo af þeim hv. þdm., sem eru fjarverandi, að þeir munu koma til bæjarins strax eftir helgina, sennilega á þriðjudag. En um þá, sem fjarverandi eru sökum veikinda, er náttúrlega ekki hægt að segja, hvenær þeir

munu geta mætt á fundi hv. þd. Og ef sá veikindafaraldur, sem valdið hefur frátöfum hv. þdm. frá þingstörfum, verður ekki þess valdandi, að þessir hv. þm. verða nema 2—3 daga fjarverandi, þá vildi ég mjög taka undir það, — með sérstöku tilliti til þessa máls, því að það hefur nokkra sérstöðu —, að afstaða til málsins hér í hv. þd. fái sem bezt notið sín.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Ég vildi bara segja, að mér finnst mjög óeðlilegt að fresta nú afgreiðslu þessa máls, þó að einstakir hv. þm. séu fjarverandi. Mér finnst það engin leið, að allt þingið sé að bíða eftir hv. þm., sem hafa skroppið heim til sín og jafnvel þó að þeir séu fjarverandi vegna veikindaforfalla, enda er þetta ekki nema 2. umr. málsins, og getur verið, að þeir verði komnir við 3. umr. Ég get því ekki séð ástæðu til að fresta umr. nú.

Forseti (JJós): Ég hef reynt að hlusta á báða parta í þessu máli, ef svo mætti að orði kveða, og reynt að liðka mig eftir óskum hv. þm., eins og mér hefur verið hægt og mér hefur virzt rétt vera. Það er nú, eins og vitað er, að ekki er líklegt, að fundur verði að þessum fundi loknum hér í hv. þd. fyrr en eftir helgina. Hins vegar er það vitaskuld alveg rétt, að þingvilji þarf að koma fram í þessu máli sem öðrum, og hann hefur komið fram, að því er hv. Ed. snertir. Það er þá þingvilji þessarar hv. d., sem eftir er að fá fram í dagsljósið. Og þar sem hér er um 2. umr. að ræða, þá ættu að vera möguleikar á því, að þingvilji fyrir endanlegum framgangi málsins gæti komið fram áður en afgreiðslu málsins lýkur endanlega, þó ekki sé frestað málinu nú.

Undir umr. var af hv. þm. Mýr. krafizt úrskurðar forseta um það, hvort ákvæði fyrirliggjandi frv., eða nánar til tekið 4. gr. þess, brjóti í bága við ákvæði stjskr. Út af þessu vil ég leyfa mér að taka fram:

Ef svo er litið á, að skapazt hafi eignarréttur til handa Mosfellshreppi með ákvæðum 2. gr. laga nr. 55/1926, sem verndaður sé af ákvæðum 62. gr. stjskr., þá er á það að líta, að sama gr. heimilar, að taka megi slíkan rétt, ef almenningsþörf krefur. Álitið verður, að um almenningsþörfina dæmi löggjafinn.

Afgreiði Alþ. eignarnámslög, þá er talið, að með samþykkt þeirra sé úr því skorið, að almenningsþörf krefji, og mundu því dómstólarnir ekkert athuga um það atriði. Þá ákveður tilvitnuð grein stjskr., að fullt verð skuli koma fyrir þá eign, sem þannig er tekin. Almenn lög víkja fyrir ákvæðum stjskr.

Þótt afgreidd væru lög frá Alþ., sem segðu, að ákveðin eign skyldi af hendi látin og ekkert verð kæmi fyrir, þá hefði slíkt ekkert gildi, að því er bætur til eigandans snerti. Sá, er slíkum órétti væri beittur, gæti leitað til dómstólanna og fengið sér tildæmdar fullar bætur skv. fyrirmælum 62. gr. stjskr. Sama mundi gilda, þótt engin verðgreiðslufyrirmæli væru í eignarnámsl.

Bótarétturinn er stjórnarskrárvarinn, og almenn lög geta hvorki rýrt gildi hans né fellt hann niður.

Ef talið er, að með fyrirliggjandi frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Rvíkur sé felldur niður lögvarinn eignarréttur (forkaupsréttur) Mosfellshrepps, þá fullnægir frumvarpið, ef að lögum verður, skýlausum ákvæðum stjskr. um eignarnám, því að þá liggja fyrir lög, sem telja, að almenningsþörf krefjist þessarar stækkunar lögsagnarumdæmis Rvíkur, og þótt þau lög gerðu ekki beinlínis ráð fyrir því, að Mosfellshreppur fengi bætur fyrir forkaupsréttarsviptinguna, þá er bótarétturinn varinn, eins og áður segir, í ákvæðum stjskr. sjálfrar, svo fremi dómstólarnir líta svo á, að bætur skuli greiða.

Með tilvísun til þess, er hér hefur sagt verið, er það úrskurður minn, að 4. gr. fyrirliggjandi frumvarps telst eigi brjóta í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 412, frá minni hl. allshn., felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GG, HelgJ, IngJ, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SkG.

nei: ÞG, ÁkJ, BG, EOl, EmJ, GÞ, GSv, GTh, JakM, JPálm, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, JJós.

4 þm. (JS, SB, SÞ, SvbH) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 18:10 atkv.

2.—7. gr. samþ. með 18:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:9 atkv.

Á 92. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 293, 672).

Ólafur Thors: Herra forseti. — Þetta mál, sem hér er til 3. umr., hefur verið mikið rætt á Alþ., bæði hér í þessari hv. d. og í Ed. Þó að ég sé þm. fyrir það kjördæmi, sem hér á hlut að máli, hef ég ekki haft mig þar mikið í frammi, en ég boðaði það við 1. umr. málsins, að ég mundi leita hófanna um sættir, og mér er ljúft að geta tilkynnt, að þær hafa nú tekizt, milli Mosfellshrepps annars vegar og bæjarstjórnar Rvíkur hins vegar. Þess vegna flytjum við hv. þm. Mýr. hér saman á þskj. 672 brtt., sem munu, ef þær ná fram að ganga, fullnægja þeim vilja, sem fram kemur í því samkomulagi, sem gert hefur verið milli Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps.

Aðalatriðið, sem kemur fram í sættinni, er það —, að þegar þessar brtt. hafa verið samþ., er ætlazt til, að í hreppnum verði eftir allt það land, sem áður heyrði undir Lágafell, ásamt Varmá, en af jarðeignum Thors Jensens verði í lögsagnarumdæmi Rvíkur Korpúlfsstaðir og Lambhagi. Þá er og bætt inn í frv. jörðinni Reynisvatni. Þetta eru aðalbreyt., og frá sjónarmiði hreppsins ákaflega miklu aðgengilegri en frv. upphaflega var.

Hreppurinn hefur ekki óskað eftir forkaupsrétti að Korpúlfsstöðum, en hins vegar að Lambhaga, og er hann ekki innlimaður í lögsagnarumdæmi Rvíkur. Og þótt það sé kannske rétt, að það sé bitamunur en ekki fjár, þá hefur

hreppurinn ekki talið rétt að láta samkomulagið bresta á því atriði. Þá eru fyrirmæli um, að að 10 árum liðnum skuli sá hluti Grafarholtslands, sem Rvík nú ekki fær, lagður undir lögsagnarumdæmi bæjarins. Þetta er gert með sérstakri hliðsjón af því, að þar dvelur nú gamall landskunnur heiðursmaður, sem hefur lengi búið þar og kann betur við að dvelja í þeim hreppi, sem jörðin hefur tilheyrt, þessi fáu ár, sem hann kann að eiga eftir að dvelja á meðal okkar. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að jörðin falli þá, — eða síðar, ef gamli maðurinn lifir lengur —, undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Hins vegar liggur það milli hluta, hvort Rvík muni telja nauðsynlegt að fá þá eignarheimild yfir þessu landi, en um það hef ég engar sannanir.

Fyrirmæli frv. eru óviðeigandi, og það er ekki tilgangur Alþ. að leggja kvaðir á bóndann í Grafarholti, án þess að bærinn taki á sig skyldur á móti. Ég veit, að bóndinn í Grafarholti er ekki hræddur við að eiga jörð sína, ef hann ræður, hvenær sala fer fram, og ef hann er skyldaður til þess að selja jörðina, þá á Reykjavíkurbær ekki að ráða hvenær hann gerir það. Hér er svo smávægileg brtt. við 3. gr. Það er 3. töluliður b. á þskj. 672, að í stað „Norðurlandsbraut“ í niðurlagi greinarinnar komi: „Vesturlandsbraut.“

Svo er 4. tölul. á sama þskj. við 4. gr., um, að greinin falli niður og greinatalan breytist samkv. því.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar. Ég tel hér um að ræða allsherjarsætt, þar sem báðir aðilar hafa gert samning sín á milli. — Ég veit, að innan bæjarstjórnar er samkomulag um þetta, því að ég hef rætt bæði við borgarstjórann og hv. 8. þm. Reykv., en þeir hafa samið í umboði meiri hl. bæjarstj.

Svo vona ég, að hv. Alþ. sjái sér fært að verða með þessum brtt., sem fram eru komnar.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Eins og hv. þm. G.-K. tók fram í ræðu sinni, þá er þessi brtt., sem sá hv. þm. og ég flytjum, árangur af samkomulagsumleitunum milli Mosfellshrepps annars vegar og forráðamanna Reykjavíkurbæjar hins vegar, og hefur þannig af hálfu þessara aðila náðst samkomulag um þessa deilu. Ég tel það víst, að hvorugur aðili sé alls kostar ánægður með þessa lausn, og er það vottur þess, að hér hefur verið farinn meðalvegur í þessu deilumáli. Samkv. þessu hefur hreppsnefnd Mosfellshrepps fallizt á að láta af hendi þær jarðir, sem næstar liggja eða þar sem byggð Reykvíkinga er farin að festa rætur, og jarðir sem bærinn hefur eignazt, t. d. Gufunes og Korpúlfsstaði. — Hreppsnefndin taldi eðlilegt, að þar sem bærinn er orðinn eigandi þessara jarða, þá verði þær fluttar inn í lögsagnarumdæmi hans, því að annars gæti komið til árekstra milli hinna tveggja sveitarfélaga, og á þeim árekstrum mundi Mosfellshreppur sízt hafa grætt. — Þetta samkomulag sýnir, að Mosfellshreppur vill líta með sanngirni á þarfir bæjarins til jarðakaupa, en aftur á móti hefur hreppurinn haldið fast við þá kröfu sína, að Varmá og Lágafell verði áfram í lögsagnarumdæmi hreppsins, vegna þess að hreppnum er mikilsvert að hafa þessar jarðir áfram til þess að geta starfað sem sjálfstætt hreppsfélag, og enn fremur eru hreppamörkin þarna eðlileg.

Það er ekki sársaukalaust af mér sem hreppsnefndarmanni í Mosfellshreppi að þurfa að bera fram hér á Alþ. till. um, að svona margar jarðir verði teknar undan hreppnum, en ég hygg, að þetta sé sú heppilegasta lausn á málinu, sem um er að ræða, því að eigi verður spornað við því, að Rvík færist út.

Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hafa tekið málstað hreppsins, og vona, að hv. dm. geti fylgt brtt. á þskj. 672, sem við hreppsnm. í Mosfellshreppi álítum, að sé heppilegasta lausnin nú og vonandi einnig fyrir framtíðina.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins segja örfá orð. — Ég get tekið undir það, sem fram hefur komið, að ánægjulegra er, að málið skuli hafa verið útkljáð á þennan hátt, heldur en ef farin hefði verið sú leið, sem frv. fer fram á, því að ég tel þessar brtt. til hins betra.

Það má vera, að af hálfu hreppsins sé þetta nauðungasætt, en ég tel þó, að eftir ástæðum telji Mosfellshreppur, að við þetta sé hlítandi, svo að menn sitji nú sáttir að kalla.

Ef þessar brtt. verða samþ., verður blærinn á málinu allt annar en áður.

Ég sagði í nál. mínu, að ég vildi ekki vera meinsmaður Reykjavíkurbæjar, þegar hann vill færa út kvíarnar, en vinnubrögðin, sem voru viðhöfð, fundust mér fordæmandi, og gat ég því ekki látið það óátalið.

Ég hygg, að fulltrúar Rvíkur hafi gert réttara í að reyna að fá samkomulag um málið, eins og þeir hafa nú gert, heldur en beita valdi, sem þeir gátu beitt, því að frv. hefði orðið samþ., eins og það var.

Mér finnst, að það hefði mátt bæta því við 3. gr., að ef ekki semdi um kaup á Grafarholti, þá skyldi bænum heimilt að taka jörðina eignarnámi. E. t. v. er hér ekki um stórvægilegt atriði að ræða, en þetta er formsatriði, sem venjulegt er að fara eftir, þegar svona stendur á. Ég mun þó ekki bera fram brtt. um þetta, en bendi aðeins flm. brtt., þeim hv. þm. G.-K. og þm. Mýr. á þetta, ef þeir vilja flytja um það brtt.

Annað atriði er, sem leiðrétt hefur verið í frv. með brtt. og ég legg mikið upp úr, að gert hefur verið, og það er að leggja til, að 4. gr. falli burt, en hún var um að Mosfellshreppur skyldi sviptur forkaupsrétti sínum að löndum þeim úr Korpúlfsstaðatorfunni, sem bærinn hefur fest kaup á, því að ef þessu hefði verið beitt, þá hefði verið gripið til þess, sem áreiðanlega aldrei hefur þekkzt, að svipta félög og einstaklinga þessum rétti.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég mun verða við tilmælum hv. flm. brtt., að greiða þeim atkv., því að ég tel það skylt vegna Mosfellshrepps.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Meiri hluti allshn. hefur ekki haft

tækifæri til að athuga þessar brtt., þar sem þeim var fyrst útbýtt á þessum fundi, og get ég því ekki lýst afstöðu meiri hl. til þeirra, en ég fyrir mitt leyti er þeim samþ.

Brtt. eru, eins og hv. 1. flm. þeirra gat um, í þá átt, að hreppurinn heldur jörðunum Varmá og Lágafelli, en í stað þeirra kemur jörðin Reynisvatn og jarðarhlutinn Hólmsheiði. — Eins og ég lýsti yfir við 2. umr., þá vorum við fylgismenn frv. fúsir til þess að taka til greina brtt. við 3. umr. Hv. þm. Mýr. sagði, að Mosfellshreppur hefði sýnt mikla lipurð í málinu, og er það rétt, en forráðamenn bæjarins sýndu eigi síður lipurð með því að slá af tvær jarðir, þrátt fyrir það að atkvgr. hefur sýnt, að hægt var að koma frv. í gegn. Fyrst farið er að minnast á samningsvilja Mosfellshrepps, þá ber ekki síður að geta þess, að af hálfu bæjarins var mikill vilji í þá átt að leysa málið á samningsgrundvelli.

Viðvíkjandi orðum hv. 1. þm. Árn. um forkaupsréttinn, þá eru dæmi þess, að eignarréttur hefur verið tekinn eignarnámi, og er það meiri skerðing en viðvíkjandi forkaupsrétti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en ég mun greiða brtt. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál nú. Þessar brtt. eru til orðnar vegna samkomulags, sem gert var milli hreppsnefndar Mosfellshrepps annars vegar og tveggja manna í umboði bæjarstjórnar, hv. 6. þm. Reykv. og mín. Hv. þm. Mýr. sagði, að báðir aðilar mundu vera jafnóánægðir, en ég hugsa, að eins megi segja, að báðir séu jafnánægðir með úrslitin, því að báðir hafa slegið af kröfum sínum, en við þetta hafa myndazt eðlileg takmörk milli lögsagnarumdæmanna.

Út af ummælum hv. 1. þm. Árn. vil ég segja það, að því hefur verið lýst yfir af hálfu Reykjavíkurbæjar, að ekki sé útilokað, að samkomulag náist um kaup á Grafarholti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en ég tel, að bærinn hafi unnið mikið á, þar eð hann á nú samfellt land frá Elliðaám að Blikastöðum, og megum við fylgismenn frv. vel við una.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég vil þakka þeim hv. þm., sem talað hafa, fyrir góðar undirtektir undir þessar brtt. Við hv. þm. Mýr. munum flytja brtt. í samræmi við það, sem hv. frsm. minni hl. allshn., 1. þm. Árn., benti á, um að þá fyrst komi til eignarnáms, að samkomulag takist ekki um kaup á jörðinni. Ég vil svo þakka þeim hv. þm., sem hafa staðið gegn því, að Mosfellshreppur yrði beittur því ofbeldi, sem frv. fól í sér, og einnig þakka ég borgarstjóranum og hv. 8. þm. Reykv. fyrir sáttaumleitanir þeirra í málinu.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hef hér gert uppkast að brtt. í samræmi við það, sem hv. 1. þm. Árn. drap á, og er hún við a-lið 3. brtt. á þskj. 672 og hljóðar svo:

„Efnishluti till. orðist svo: Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt, ef ekki næst samkomulag við eiganda Grafarholts fyrir 1. júní 1943 um kaup á jörðinni, o. s. frv. Ég leyfi mér hér með að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (JJós): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við brtt. 672,3. a, frá hv. þm. G.-K. og hv. þm. Mýr., svo hljóðandi [Sjá þskj. 678].

Ég mun leita afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 672,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 672,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 678 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 672,3, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 672,4 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:3 atkv. og endursent Ed.

Á 92. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 679).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Ég vildi einungis mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það nú er.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Þegar frv. þetta var til meðferðar hér í þessari hv. d. við fyrri umferð, þá spurðist ég fyrir um það og beindi því til þeirra, sem fyrir þessu máli stóðu, hvort fram hefðu farið ýtarlegar tilraunir til þess að koma á samkomulagi milli Rvíkur annars vegar og Mosfellshrepps og Seltjarnarneshrepps hins vegar. Mér var þá sagt, að ýtarlegar samningatilraunir hefðu farið fram og að ekki væri hægt að fá samninga fram um málið. Ég vildi vefengja þetta og láta frekari samningaumleitanir fara fram. En frv. var samt sem áður afgr. héðan úr d. án þess og til hv. Nd. Meðan málið var í Nd., var gerð ýtarleg tilraun til þess að fá samkomulag í málinu. Sú tilraun hefur að vísu farið fram með nokkuð öðrum hætti en æskilegt hefði verið, sérstaklega vegna þess að annar samningsaðili átti í raun og veru ekki um annað að velja en ganga að þeim kostum, sem honum voru boðnir af Reykjavíkurbæ, vegna þess að ef þeir Mosfellssveitarmenn hefðu ekki gengið að þeim kostum, hefði frv. verið samþ. í Nd. óbreytt. En nú er með þessum hætti komið samkomulag á í málinu, sem hér er sagt, að fulltrúar Rvíkurbæjar uni vel við og að forsvarsmenn Mosfellshrepps vilji fyrir sitt leyti þola heldur en það, að frv. hefði náð fram að ganga óbreytt. Mosfellsshreppur hefur fengið að halda þarna nokkru landrými, sem hann lagði áherzlu á að fá að halda innan hreppsins. Ég fyrir mitt leyti mun eftir atvikum, eins og komið er, ljá atkv. mitt til þess, að frv. nái fram að ganga, eins og það liggur hér fyrir nú, vegna þess að ég tel, að eins og málið er komið, sé það heppilegasta, sem Mosfellshreppur hafi getað út úr þessu máli fengið, með þeirri veiku aðstoð, sem málstaður hans hafði hér í þinginu. En ég fylgi

þessu máli í trausti þess, að Reykjavíkurbær láti hér staðar numið og að bærinn hafi hér fengið kröfum sínum fullnægt, en muni ekki koma síðar til þess að fá frekari lönd úr nágrannahreppum sínum. Og ég vil beina þeirri fyrirspurn til fulltrúa þeirra aðila, sem að samningunum stóðu, hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér, að Reykjavíkurbæ sé fullnægt með afgreiðslu frv., eins og það liggur fyrir, og hvort nágrannar bæjarins megi treysta því, að ekki verði gerðar nýjar kröfur af hálfu bæjarins á hendur þeim. Ég óska sérstaklega eftir að fá einhverjar ákveðnar yfirlýsingar um þetta af hálfu sjálfstæðismanna og sósialista, vegna þess að það eru þeir, sem að þessu samkomulagi standa. — Með því að þessum fyrirspurnum minum er ekki svarað, þá lít ég þannig á, að þögnina beri svo að skilja, að inn á fyrirvara minn sé gengið.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Ég vísa í einu og öllu til þess, sem ég hef sagt við fyrri umr. málsins um mína afstöðu til þess.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get ekki gefið yfirlýsingar um þetta fyrir minn flokk. Ég hef ekki verið við þessar samningagerðir. Ég get því ekki annað en vísað til fyrri umr., þess sem ég hef áður sagt við þessar umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 692).

54. Kennaraskólinn.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kennaraskóla Íslands (þmfrv., A. 514).

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 514, er flutt af menntmn. d. fyrir tilmæli fræðslumálastjóra og stjórnar Sambands íslenzkra barnakennara. Frv. er samið af skólastjóra kennaraskólans með aðstoð kennara hans, og er látin fylgja því skýr og glögg grg., svo að ekki er ástæða til langrar framsögu.

L. um kennaraskólann eru frá 1907, en var breytt lítils háttar 1924, svo að það er ekki að ófyrirsynju, að þau hafa verið tekin til endurskoðunar. L. geyma ekki allar þær reglur, sem fylgt er við kennsluna á skólanum, heldur hefur starf skólans verið aukið með endurbættri reglugerð, og er sumt af því tekið inn í frv. Aðalbreyt. eru þrjár. Í fyrsta lagi er lagt til að bæta einum bekk við, svo að skólanámið verði 4 vetur. Í öðru lagi eru gerðar nokkrar breyt. á inntökuskilyrðum, þannig að takmarkið er fært um eitt ár, og loks á að koma upp fullkomnum æfingaskóla við kennaraskólann, en þess er vitanlega mikil þörf.

Undanfarin ár hafa verið uppi ýmsar till. um breyt. á kennaraskólanum, en frv. þetta felur í sér þá lausn, sem þeir aðiljar, sem bezt þekkja til, geta sætt sig við. Fræðslumálastjóri er því eindregið fylgjandi, og nemendur skólans eru hlynntir breyt. Kennarastéttin hefur líka tekið þetta mál fyrir á fulltrúaþ. sínum undanfarin ár. Þó að málið komi nokkuð seint fram, vænti ég, að það fái greiða afgreiðslu, af því að það er vel undirbúið og frv. vandað að frágangi.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. — Það má gera ráð fyrir, þar sem frv. þetta er flutt af n., að því verði ekki til n. vísað, en ég vildi þó mega vænta þess, að n. sæi sér fært að athuga það frekar en orðið er, ef tilefni gæfist til, þó að því sé ekki sérstaklega til hennar vísað.

Ég vil á þessu stigi málsins spyrjast fyrir um tvennt hjá n. Í fyrsta lagi, hvort fyrir hafi legið eða n. verið kunnugt um nokkurt uppkast að væntanlegri reglugerð samkv. hinum nýju l., ef frv. verður samþ. L. eins og þessi eru að ýmsu leyti óákveðin, l. um skóla eru það oft að því er við kemur því, hvað kennt skuli og hversu mikið í hverri námsgrein. En um leið og menn gera sér grein fyrir, hvernig stofnunin á að verða, skiptir miklu máli að hafa hjá sér reglugerð, sem formælendur málsins séu búnir að koma sér niður á. Mér skilst eftir því, sem fram kemur í frv., að ætlunin sé að gera kennaranámið að árafjölda hliðstætt menntaskólanámi stúdenta. Gert er ráð fyrir, að nemendur hafi áður í tvo vetur stundað nám í gangfræðaskóla. Það er vitanlegt, að eftir 6 vetra nám ætti að mega gera töluvert miklar kröfur til manna, og í því sambandi væri æskilegt að vita, hvað fyrir formælendum málsins vakir. Það hefur komið fram í blöðum, og að ég hygg einhversstaðar í grg., að um undirbúningsdeild væri að ræða við kennaraskólann með bekkjafjölgun. Mér virðist það ekki vera svo. Að vísu er aldurstakmarkið fært í 17 ár, en þeir, sem koma í 1. bekk, eiga að hafa þann undirbúning, sem nú er áskilinn til gagnfræðaprófs, og kannske meiri. Þess vegna er um lengra framhaldsnám að ræða, en ekki undirbúningsd.

Hitt, sem ég vildi spyrja um, er, hvort n. er kunnugt um, hvort hugsað hefur verið fyrir húsnæði handa skólanum. Það er augljóst, ef kennaraskólinn verður 4 vetra skóli, kemst hann ekki af með það húsnæði, sem hann hefur nú. Telur n., að yfirleitt sé hægt að framkvæma þá breyt., sem farið er fram á, nema með auknu húsnæði? Er þá ekki ástæða til, að upp í frv. séu tekin sérstök ákvæði um byggingu skólahúss og jafnframt ákveða þeirri byggingu stað? Það er ekki tekið fram í frv., hvar skólinn skuli vera, og það er engan veginn sjálfsagt mál, að skólinn yrði áfram í Rvík. Ég mundi telja það að ýmsu leyti heppilegra, ef hann væri á öðrum stað. Ég ætla ekki að fara nánar út í það, en vil aðeins mælast til, að hv. n. svari fyrirspurnum mínum.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Mér er ljúft að svara fyrirspurnum hv. þm. N.-Þ. N. hefur ekki

athugað þá reglugerð, sem nú gildir fyrir kennaraskólann. Hún var samin 1933, og upp í þá reglugerð voru teknar ýmsar umbætur og viðaukar, sem síðan hefur verið farið eftir. Mér er ekki kunnugt um, að samin hafi verið reglugerð, sem fylgja skyldi, ef frv. yrði að l., en ég hygg, að frv. sé sniðið með það fyrir augum að fullnægja þeim ákvæðum, sem farið er að framfylgja í rekstri skólans.

Því, sem fram kom hjá hv. þm. um undirbúningsdeild, vil ég svara þannig, að ég lít svo á að ekki sé um undirbúningsdeild að ræða, því að tilhögunin verður að vera þannig, að kennslunni verður dreift meira en nú er á milli bekkja og aukin í einstökum greinum, einkum kennsluæfingum, íþróttum og íslenzku. Alþ. hefur þegar á undanförnum árum sett lagaákvæði, sem setja skólum skyldur á herðar, t. d. aukið nám í íþróttum og handavinnu. Tíma til þessa verður annaðhvort að taka aukalega, eins og farið er fram á í frv., eða skerða námið í öðrum greinum. Það vakir fyrir formælendum málsins að hafa ekki undirbúningsdeild, heldur auka námið með það fyrir augum, að nægur tími fáist til kennslu í þeim greinum, sem sett hafa verið lagaákvæði um á undanförnum árum.

Ég vil þá víkja að fyrirspurn hv. þm. um húsnæði skólans. Hv. þm. álítur, að eins og húsnæði skólans nú er háttað, sé ekki hægt að framkvæma þær breyt., sem farið er fram á með frv. Ég vil minna á, að það hafa verið reknir 4 bekkir í kennaraskólanum, án þess að skólinn hefði allt skólahúsið til umráða. Svo var það 1933—34. Þá störfuðu 4 deildir, því að efnt var til sérstaks bekkjar fyrir kennara utan af landi, sem höfðu ekki próf. Þá var og í húsinu Gagnfræðaskóli Rvíkur, sem er nú farinn þaðan. Það er auðvelt að búa svo um, að húsnæðið nægi, þó að einn bekkur bætist við. Mér er og kunnugt um, að formælendur málsins hafa í huga, að til bráðabirgða mætti taka íbúð skólastjóra, ef í nauðir ræki. Hitt er annað mál, að það hlýtur að reka að því, að koma þurfi upp nýrri og vandaðri byggingu fyrir kennaraskóla Íslands. Húsið er gamalt timburhús, og ég fellst á, að inn í frv. mætti koma breyt., sem gæti orðið til bóta skólanum á þennan hátt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Nú hafa komið fram tvær brtt. við frv. til l. um Kennaraskóla Íslands, sem fyrst hefur verið útbýtt nú á þessum fundi, svo að menntmn., sem flytur þetta frv. og hefur fjallað um það, hefur ekki haft tök á að athuga þessar brtt. til nokkurrar hlítar. Ég vil því fyrir hönd menntmn. bera fram þau tilmæli til hæstv. forseta, að málið verði nú tekið af dagskrá og afgreiðslu þess frestað þar til á næsta fundi í þessari hv. deild.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 514, 559, 563, 568).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Ég lýsti yfir því við 1. umr. þessa máls, hve vel þetta frv. var undirbúið og hvaða aðilar stæðu að því og hefðu fyrir sitt leyti samþykkt, að það væri lagt hér fram á þessu þingi. Ég hafði búizt við því, að um þetta mál yrðu nær því engar umr. og brtt. við frv. mundu ekki koma fram. En nú hafa komið fram tvær brtt. við frv., sem menntmn. tók til athugunar á fundi í gær. Mér þykir rétt, áður en frv. er afgreitt út úr hv. d., að fara um það nokkrum orðum.

Þegar fræðslul. voru sett árið 1907 og l. um Kennaraskóla Íslands, voru mörkuð tímamót í menningarmálum þessarar þjóðar, Þó að það skref væri ákaflega mikils vert og fullkomlega tímabært, þá er svo langur tími síðan og þróunin á þeim 30—40 árum hefur orðið svo ör, að ekki er óeðlilegt, að l., sem þá voru sett, þurfi að endurskoða. L. um fræðslu barna hafa líka verið endurskoðuð oftar en einu sinni, síðast árið 1936, og var þeim þá gerbreytt. Um l. um Kennaraskóla Íslands er hins vegar öðru máli að gegna. Þau hafa ekki verið endurskoðuð frá því þau voru sett árið 1907, en aðeins einu sinni verið gerðar á þeim smábreyt. Og sá viðauki fól í sér eingöngu annars vegar þá smábreyt., að taka skyldi upp enskukennslu við skólann og hins vegar að lengja skólatímann úr 6 mánuðum í 7 mánuði á vetri hverjum.

Þegar þessi l. voru sett, voru aðstæður að verulegu leyti ólíkar því, sem nú er orðið í landinu. Þá var byggðin meiri í sveitum heldur en í kaupstöðum og kaupstaðirnir smærri og færri heldur en nú. Og þá voru ástæður á heimilum víðs vegar um land töluvert á annan veg en nú er orðið. Þá var skólaskyldan miðuð við 10 ára aldur og gengið út frá því, að heimilin önnuðust fræðslu barnanna upp að því aldursskeiði. En eftir því sem tímar liðu kom það í ljós, að heimilin áttu æ erfiðara með að fullnægja þeirri skyldu, sem þannig var á þau lögð. Og fyrir 1930 var heimild veitt til þess að færa skólaskylduna niður í kaupstöðum, og var sú heimild notuð þegar í stað og skólaskyldan færð niður í 7 ára aldur. Við þetta skapaðist nokkuð nýtt viðhorf fyrir kennarastéttina. Þá kom til sögunnar ný grein, smábarnakennslan. Og þegar búið var að taka 20—30 börn saman í bekk til að kenna þeim lestur, þá var ekki hægt að knésetja hvert barn og kenna því að stafa, en breyta varð kennsluaðferð, svo að samsvaraði kröfum tímans. Forráðamenn kennaraskólans reyndu að haga kennslunni í samræmi við það, sem nauðsynlegt var vegna þessara aðstæðna, því að það hefur verið og er hlutverk kennaraskólans að búa nemendur hans á hverjum tíma svo vel sem

tök eru á undir það að geta innt kennslustörf af hendi. Skólastjórinn og starfsmenn kennaraskólans fóru þá leið að fá kennslumálarh. eftir 1930 til að breyta reglugerð skólans verulega og reyna á þann hátt að ná því marki að samræma starfsemi skólans þeim kröfum, sem nauðsynlegt var að uppfylla. Þessi breyt. á reglugerðinni var gerð 1933 og gekk í gildi 1934. En eftir að þessi breyt. var gerð, hefur ýmislegt það gerzt í löggjöf, sem einmitt breytir kröfunum og að verulegu leyti eykur kröfurnar á hendur kennaraskólanum. Það má á það minna, að 1936 voru fræðslul. endurskoðuð. Þá var þeim breytt mjög verulega, þá var t. d. skólaskyldan um allt land færð niður í 7 ára aldur og þar með ákveðið, að hver kennari skyldi vera við því búinn að taka að sér smábarnakennslu jöfnum höndum og aðra barnafræðslu. Þá voru einnig gerðar strangari kröfur til náms barna í handavinnu og íþróttum heldur en áður höfðu verið. Nú er það svo, að víðast úti um land er það einn og sami kennari, sem verður að inna af hendi kennslu í öllum greinum, sem krafizt er að kenndar séu í barnaskólum. Og þar sem ekki er nema einn kennari við barnaskóla, og svo er í mörgum skólahverfum úti um land, og sums staðar ekki nema tveir, og þar sem hert var á kröfum til íþróttakennslu með l. frá 1940, þannig að ákveðið er, að í öllum skólum skuli vera iðkaðar íþróttir, og svo fyrir mælt, að öll börn á landinu skuli læra sund og hafa leyst af hendi prófraun í þeirri námsgrein, og gert er ráð fyrir í þeim l., að þar sem sundlaug er svo nærri skólastað, að hægt sé jafnframt öðrum greinum að kenna sund, þá skuli það gert, þó að það sé ekki tekið fram, að kennarar barnaskólanna skuli kenna þessa grein, en þar sem ekki er nema um einn kennara að ræða, þá verða þetta kröfur á hendur barnakennarastéttinni. Þegar þessa alls er gætt, þá liggur það ljóst fyrir, að kröfur á hendur kennarastéttinni hafa aukizt samfara þróuninni í þessum málum undanfarin ár. Og þessar kröfur hafa verið gerðar vegna breyttrar aðstöðu og knýjandi nauðsynjar og með samþykki Alþingis og stundum beint fyrir atbeina þess. Og nú er það svo, að af hálfu jafnvel heilla þingflokka hafa komið óskir um það, að fræðslul. yrðu endurskoðuð og hert á ýmsum ákvæðum þeirra, sem er lofsvert, því að þörf er á, að alþýðufræðslunni í landinu sé komið í sem hagkvæmast horf.

En auknar kröfur um störf kennara hafa í för með sér, að það verður að heimta af þeim aukið nám. Og þegar námsgreinum fjölgar í barnaskólum frá því, sem upphaflega var ákveðið, leiðir það af sjálfu sér, að það er ekki hægt að kenna þær að nokkru gagni nema með því að rýra þann kennslutíma, sem notaður var áður til þeirra námsgreina, sem sérstaklega voru kenndar. Kennaraskólinn hefur á hverjum tíma reynt að gera sitt bezta til þess að búa kennaraefnin undir kennarastarfið. Og skólinn hefur reynt að laga starfshætti sína í samræmi við það. Þetta hafa kennarar sjálfir fundið, að nauðsynlegt var. Þeir hafa á ýmsan hátt barizt fyrir því að fá málum sínum komið í betra horf en áður var, og hafa þá farið fram á að fá bætt launakjör sín, og e. t. v. er hv. þm. sá háttur úr baráttu þeirra hugstæðastur. En á það verður að minna, að kennarar hafa líka barizt fyrir því að bæta sína eigin menntun með því að semja kennslubækur og með því að leggja á sig utanferðir, oft með lítil efni. Nú er svo komið, að allir aðilar, sem þessum málum eru kunnugastir og að þessu vinna, hafa tjáð sig tiltölulega ánægða með þá lausn á þessu máli, sem frv. það, er hér liggur fyrir, felur í sér. Og eins og ég hef áður lýst yfir í þessari hv. d., er frv. þetta undirbúið af starfsmönnum kennaraskólans, sérstaklega skólastjóranum, og um það fullt samkomulag fræðslumálastjórnarinnar.

Sú breyting, sem á skólanum á að verða samkvæmt þessu frv., er í því fólgin, að námið verði aukið að vissu leyti, ekki þó þannig, að námsgreinum verði fjölgað, heldur svo, að kennsla í sumum námsgreinum verði fyllri en verið hefur.

Á þskj. 563 hefur komið fram brtt., þar sem lagt er til, að gagnfræðapróf frá hvaða gagnfræðaskóla landsins sem er verði gert að fullnægjandi skilyrði til upptöku í 1. bekk kennaraskólans, eða þannig má að minnsta kosti túlka brtt. Hins vegar hefur menntmn. talið rétt að taka af öll tvímæli og borið fram brtt. á þskj. 568, sem á að fullnægja öllum óskum, er fram hafa komið í þessu efni. N. telur eðlilegt, að gagnfræðaskólar hafi þann rétt, sem þar ræðir um, að hún vill láta það vera tvímælalaust, að gagnfræðapróf nægi til upptöku í kennaraskólann.

Þá er brtt. á þskj. 559, ákvæði til bráðabirgða, þar sem lagt er til, að fræðslumálastj. geri ráðstafanir til að útvega kennaraskólanum húsnæði í sveit. Menntmn. lítur svo á, að ekki liggi fyrir að taka afstöðu til þeirrar till. í sambandi við þetta frv., þar sem ekki eru í frv. ráðgerðar neinar efnislegar breytingar á skólanum eða skólahúsinu. Því hefur raunar verið varpað fram, að breyting sú, sem ráðgerð er í frv., leiði það af sér, að smíða verði nýtt skólahús. Það er að vísu rétt, að skólahúsið er gamalt timburhús, en því er sæmilega við haldið, og er ekki annað sjáanlegt en að það geti enzt um sinn. Á það má t. d. benda, að bókasafn skólans er í mjög lélegum húsakynnum, og lesstofan er með minnsta móti. Við þetta hefur þó verið notazt í 30 ár, og svo mun verða enn um hríð. Skólann vantar einnig íþróttahús, og hefur íþróttastarfsemi hans orðið að fara fram annars staðar í bænum. Sama er að segja um eðlisfræðikennsluna. Hún hefur að nokkru leyti farið fram í menntaskólanum. En í sambandi við þetta frv. er ekki um það að ræða að reisa hús yfir kennaraskólann, enda hefur hann enn nægt húsnæði til að koma fyrir þessum eina bekk, sem gert er ráð fyrir, að við verði bætt.

Ég skal að lokum vekja athygli á því, að fyrir vangá hafa fallið niður nokkur orð úr brtt. menntmn. á þskj. 568. Hef ég komið fram með skrifl. leiðréttingu, sem ég bið hæstv. forseta að taka til greina.

Gísli Guðmundsson: Ég stend hér að brtt. á þskj. 563 ásamt hv. 6. landsk., en skal ekki gera

hana að umræðuefni, enda er fram komin brtt. frá hv. menntmn., svipuð að efni. En ég hef einnig borið fram brtt. á þskj. 559 þess efnis, að við frv. verði bætt ákvæði til bráðabirgða, sem felur í sér, að fræðslumálastj. sé falið að gera ráðstafanir til að tryggja kennaraskólanum hentugt land við jarðhita í sveit með það fyrir augum, að þar verði reist hús handa skólanum, þegar þörf gerist. Ætlazt er til, að þar yrði jafnframt heimavistarskóli fyrir börn, þannig að þetta gæti orðið æfingaskóli kennaraefna. Ég tel, að margt mæli með því, að kennaraskólanum sé reist nýtt hús og honum þá jafnframt ákveðinn staður við slík skilyrði sem þau, er talin eru í brtt. minni.

Ég hef átt tal við hv. menntmn. um þessa till., og síðan hef ég rætt hana sérstaklega við hv. frsm. n. Hv. frsm. óskaði þess, að ég tæki hana aftur sem brtt. við frv., og taldi, að eins mætti bera hana fram sem sérstakt mál í þáltill.formi. Til samkomulags mun ég því fallast á að taka till. aftur að þessu sinni, en hún mun þá lögð fram síðar á þessu þingi sem þáltill.

Forseti (JJós): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. menntmn. við brtt. á þskj. 568, og hljóðar hún svo: [Sjá þskj. 576].

Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., og þarf því tvenn afbrigði til þess að hún megi koma til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (JJós): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Verður nú gengið til atkv., og kemur fyrst til atkv. skrifl. brtt. frá hv. menntmn., með því að brtt. á þskj. 559 og 563 hafa verið teknar aftur.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil aðeins taka það fram, að ég kann mjög illa við, að ein till., sem n. hefur orðið sammála um, sé borin fram í tvennu lagi, þótt hluti af henni hafi fallið niður í prentun, og vil eindregið fara fram á, að till. sé borin fram í einu lagi, en ekki farið að kubba hana sundur.

Gísli Sveinsson: Hér er aðeins um eina till. að ræða, og á hún auðvitað að berast upp í einu lagi, þrátt fyrir það, að hluti af henni hafi fallið niður í prentun.

Bjarni Ásgeirsson: Ég verð að krefjast þess, að till. verði borin upp eins og forseti ætlaði sér, því að ég get verið sammála till. eins og hún er prentuð á þskj. 568, en ef hún verður borin fram eins og n. hugsar sér hana, verðum við fjórmenningarnir hérna að koma fram með brtt. við hana.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Ég sé, að hér er um nokkurn misskilning að ræða, og er það að nokkru leyti sök min eða n., og til þess að koma í veg fyrir, að þessi misskilningur leiði til óeiningar, vildi ég benda forseta á, að það er í lófa lagið að fresta atkvgr. til næsta fundar, svo að dm. geti áttað sig á þessu.

Forseti (JJós): Það hafa komið hér fram tvö sjónarmið um þetta mál, og sé ég ekki annað en að vilji hv. dm. verði ljós, er atkvgr. um skrifl. brtt. hefur farið fram.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Ég vil mælast til til þess við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. til næsta fundar, svo að tækifæri gefist til þess að prenta þskj. upp. Það eru tilmæli mín.

Sigurður Kristjánsson: Till. á þskj. 568 er alveg sjálfstæð og segir að mínu viti allt, sem þarf um þetta að segja. Í upphafi till. segir, að til þess að fá inngöngu í 1. deild skólans skal nemandi hafa tekið inntökupróf, og vitanlega verður það inntökupróf samkvæmt reglugerð, sem þar um verður, en frá þessu er sú undanþága, að hann þarf ekki að taka inntökupróf í skólann, ef hann hefur lokið gagnfræðaprófi. Þetta er skýrt og skilmerkilegt, og við þetta þarf að mínu áliti engu að bæta, og þótt hv. n. vilji knýja inn í þetta ákvæði, sem verður í reglugerð, sé ég ekki annað en að þetta sé sjálfstætt mál fyrir sig og till. hljóti að koma undir atkv. Þótt atkvgr. verði frestað, er ekki hægt að breyta þessum till., og eins og hæstv. forseti ákvað, á vitanlega skrifl. till. að koma undir atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Ég vil minna hv. 7. þm. Reykv. á það, að í 6. gr. frv. sjálfs, eins og það liggur fyrir, er þessi setning á eftir, þar sem talað er um, að hann hafi staðizt próf: „er sýni, að hann hafi lokið minnst tveggja vetra gagnfræðanámi". Í þessu felst það, að það fellur inn í l. að ákveða, við hvað skuli miðað, en ekki, að það sé reglugerðarákvæði.

Forseti (JJós): Hér hafa talað menn, sem krefjast þess eindregið, að atkvgr. verði frestað, og aðrir, sem krefjast þess, að hún fari fram. Það er erfitt að gera svo öllum líki, og held ég fast við þá ákvörðun mína, að gengið verði til atkvgr. um þessa brtt., eins og áður hefur verið lýst, og kemur upp talan 17.

ATKVGR.

Skrifl. brtt. samþ. með 18:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, LJós, PZ, PÞ, SB, SG, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, BG, EystJ, GÞ, GG, GSv, GTh, HelgJ, JJós.

nei: JS, SK, SÞ, SkG, BÁ.

ÓTh greiddi ekki atkv.

11 þm. (JörB, PO, SigfS, SEH, SvbH, ÁÁ, EOl, FJ, IngJ, EmJ, JakM) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég lít svo á, að n. hafi með sinni skrifl. brtt. tekið aftur þá till., sem hér er á þskj. 568, en segi já við brtt. eins og hún liggur fyrir.

Skúli Guðmundsson: Þar sem mér finnst þessi leiðrétting, sem n. kallar, alls ekki leiðrétting, heldur þvert á móti, segi ég nei.

Gunnar Thoroddsen: Þar sem það er kunnugt, að þessi brtt. er aðeins leiðrétting og í hana er

tekið upp með öðrum orðum það, sem í frv. er fyrir og alls ekki var meining menntmn., að fellt yrði niður, og þó að það sé fjarstæða að greiða atkv. um prentvillu, segi ég já.

Brtt. 568, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 577).

Á 79. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 577, n. 635 og 649).

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Þetta frv. er komið frá menntmn. Nd., en er undirbúið til hennar af fræðslumálastjóra. Þetta mál hefur verið undirbúið í nokkur ár, bæði af kennurum kennaraskólans og fræðslumálaskrifstofunni, og það hefur nokkrum sinnum verið tekið upp á kennaraþingum og rætt þar. Aðalatriði þessa frv. er það, að lengja skuli nám í kennaraskólanum um eitt ár. Það er gerð ýtarleg grein fyrir þessu í grg., sem fylgdi frv. frá menntmn. Nd. Ef hv. þm. hafa lesið þá grg., þá sjá þeir, hversu mikil nauðsyn hlýtur að vera á því að fá þessu breytt í það horf, sem hér er farið fram á. Frá því að kennaraskólinn var stofnaður, hafa orðið á honum nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi var honum breytt 1924 með lagabreyt. Þá var tekið upp enskunám og námstíminn lengdur um einn mánuð á vetri. Síðari breyt. var gerð árið 1933, þá voru inntökuskilyrðin þyngd og aukin kennsla í uppeldisfræði og fleiri greinum, og síðan hefur enn verið aukin kennsla í skólanum, bæði handavinnukennsla o. fl. Söngur hefur verið gerður að skyldunámsgrein, og auk þess hafa komið fram till. um að auka íþróttanám. Ég og menntmn. Ed. hef átt tal við fræðslumálastjóra og skólastjóra kennaraskólans um þetta mál, og hafa þeir tjáð mér, að þessi breyt. væri orðin óhjákvæmileg vegna þess, hve námsgreinum hefur fjölgað, og annars verið aukinn kennslutími í öðrum einstökum námsgreinum, þannig að ekki er hægt lengur að komast yfir þessa kennslu, nema því aðeins, að kennslutíminn sé aukinn, a. m. k. eins og hér er farið fram á, um eitt ár. Í hv. Nd. fékk þetta frv. mjög greiða afgreiðslu, og var aðeins ein lítilfjörleg breyt. gerð á því, sem í rauninni er til bóta, og hefur meiri hl. menntmn. Ed. ekki séð ástæðu til þess að koma fram með neina brtt. við frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Hins vegar hefur minni hl. n., hv. þm. S.-Þ., komið fram með sérstakt nál. og leggur til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá. Rök hans eru aðallega þau, að sú breyt., sem stefnt er að með þessu frv., sé ekki nægileg, — hann vill lengja námstímann enn betur. Þess má geta í þessu sambandi, að undanfarin ár hafa oft komið fram till. um það, að krafizt verði stúdentsprófs fyrir kennaraefni, og hefur þetta mál verið rætt á kennaraþingum undanfarið og jafnvel hér á Alþingi. En ég held, að þeir menn, sem um þessi mál hafa fjallað, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri alls ekki tími til þess kominn að krefjast svo margra ára menntunar fyrir kennaraefni, sem eiga síðan að taka upp farkennslu úti um sveitir landsins, við þau launaskilyrði, sem kennarar eiga þar við að búa. Því að auðvitað yrði því erfiðara fyrir þessi kennaraefni að búa sig undir slæm launaskilyrði, sem lengri tíma hefur verið varið til námsins. Það má geta þess, að nemendum við háskólann hefur verið leyft undanfarin ár að stunda nám við kennaraskólann einn vetur, en hafa síðan fengið að ljúka prófi í kennaraskólanum. Í grg. er sagt, að 20 síðustu ár hafi 40 stúdentar lokið þar kennaraprófi, en af þessum fjörutíu mun ekki vera nema fjórði hver maður starfandi við barnakennslu. Þannig er þá reynslan af þessu langa námi. Sú millileið, sem hér er farin, virðist því vera hin æskilegasta, þ. e. að lengja skólatímann um eitt ár. Það er enn fremur í grg. vitnað til þess, að það hafi farið fram athugun á endurbótum kennaramenntunar á Norðurlöndum og það hafi þar verið rætt um að lengja námstímann og heimta stúdentspróf fyrir kennara. En á fjölmennum fundi kennaraskólastjóra, sem haldinn var í Hindsgavl sumarið 1936, fór fram atkvgr. um þetta atriði, og greiddu allir atkvæði á móti þeirri breyt.

Ég vildi leggja sérstaka áherzlu á að flýta afgreiðslu þessa máls í þessari hv. d., enda ætti að vera auðvelt úr þessu að afgreiða málið. Ég tel ekki nokkurn vafa á því, að hv. dm., eftir að þeir hafa kynnt sér málið, verði sammála um það, að þessi ráðstöfun sé réttmæt, og samþykki því þetta mál eins og það liggur fyrir.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Ed., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég setti af stað lítið nál. um kennaraskólann einkum til þess að koma að gagnrýni á skipulagi hans og benda á það, sem ég álít vera rétt að leiðrétta.

Sú breyt., sem hér er ráðgerð, skaðar að vísu ekki, en skólinn hefur verið vanræktur frá byrjun um húsakynni og alla aðstöðu. Auk þess stendur skólahúsið á landi landsspítalans, og komið hefur til orða að leggja það undir hann. Það er því kominn tími til að ráða fram úr málum skólans í heild, en þetta frv. er hvorki heilt né hálft í þeim efnum. Það þarf að gerbreyta kennslunni, auka hana og gera hana meira verklega. Ef menn hugsa sér kennara aðeins til að kenna börnum að lesa og skrifa, þá er sú breyt. góð, sem felst í þessu frv. Ef menn líta aftur

á móti svo á, að nú sé undirstöðuatriði að gera auknar kröfur til skólanna, þar sem hönd heimilanna sleppir æ meir og meir af börnunum, þá er að mínum dómi höfuðnauðsyn að búa sem bezt að menntun kennaranna, svo að þeir geti fullnægt þörfum þjóðarinnar.

Þar eð frv. þetta nær svo skammt, tel ég því réttara að vísa máli þessu í heild til stj. og fela henni að undirbúa löggjöf um gagngerða breyt. og stórbætur á uppeldi og aðstöðu kennara.

Gísli Jónsson: Það er eitt orð í 5. gr., sem ég get ekki fellt mig við, að Alþingi láti frá sér fara óbreytt, það er orðið „lýti", þar sem m. a. segir, að almenn inntökuskilyrði í skólann séu þau, að nemandi hafi engan næman kvilla eða önnur lýti. Mér skilst, að samkvæmt þessu ákvæði sé engum manni heimill aðgangur að skólanum, ef hann hefur líkamslýti. Í sambandi við þetta vil ég minna á Morten Hansen. Hann var kýttur í herðum, en ég tel engan vafa á því, að þeir hefðu farið mikils á mis, sem nutu kennslu hans, ef honum hefði verið bægt frá starfi sínu af þeim orsökum, eins frábær kennari og hann var.

Ég hef farið nokkuð rækilega í gegnum þskj. í þessu máli, og ég tel ekki rétt, að ekki megi breyta neinu í frv. frá því, sem nú er, og vitna ég þar um til gildandi laga og reglugerða fyrir aðra skóla. Ég leyfi mér því að flytja skrifl. brtt. við frv., sem ég les hér, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Í stað 5., 6., 8. og 11. gr. kemur ný gr., sem verður 8. gr., svo hljóðandi:

Ráðuneytið setur reglugerð í samráði við fræðslumálastjóra, um inntökuskilyrði, próf, umsjón og annað, er að rekstri skólans lýtur.

2. 7., 9., 10 og 12. gr. verða 5., 6., 7. og 9. gr."

Allar þessar greinar heyra undir það, sem ráðh. mundi setja reglugerð um, og tel ég eðlilegt, að reglugerðin sé sett af ráðuneytinu og yfirumsjón skólans heyri undir það, en ekki fræðslumálastjóra, eins og skýrt er þó tekið fram í 11. gr.

Ef þessar brtt. verða felldar, þá mun ég flytja brtt. við 3. umr. þess efnis, að orðið „lýti" falli burt.

Sé ég svo ekki ástæðu til frekari umr. í bili.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 680) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Það er nú búið að ræða þetta mál af frsm. menntmn. og öðrum, og hef ég ekkert að athuga við það. Ég stóð aðeins upp vegna eins atriðis í ræðu hv. þm. Barð. Hann hefur nú flutt hér brtt., en ég kem ekki inn á þær, heldur vil ég minnast á ágallann á orðalagi 5. gr., sem hann gerði að umræðuefni. Eftir þeirri meiningu, sem hann leggur í orðalagið, og ef það á að skýrast stranglega, þá er ég honum sammála um, að ákvæðið eigi ekki heima í l. óbreytt. Við gerðum að vísu enga brtt. við þetta í n., en það er oft látið eiga sig óbreytt, sem ætti þó að breyta, ef fylgt væri strangri málhreinsun.

En mér finnst vera hægt að lagfæra þetta óljósa orðalag með því að skjóta aðeins einu orði inn. Ef í gr. stæði „eða önnur þau lýti", þá væri fram komin ákveðnari skilgreining á því, sem við væri átt. Með svo breyttu orðalagi væri fyrirbyggður sá misskilningur, að verið væri að útiloka menn frá námi vegna líkamslýta.

Ég vildi aðeins segja þetta, að tekið sé upp í gr. þetta eina innskotsorð.

Magnús Jónsson: Ég skal nú ekki orðlengja þetta meira. Ég vildi aðeins staðfesta fskj. það frá fræðslumálastjóra, sem fylgir þessu frv.

Fyrir kennslumálaráðuneytinu lá í sumar erindi um breyt. á reglugerð kennaraskólans, sem einkum var í því fólgin að lengja skólanámið raunverulega um eitt ár með stofnun undirbúningsdeildar við skólann, því að ekki var talið, að hægt væri lengur að koma öllu námsefni skólans fyrir í þremur ársdeildum. Þessi leið var valin, þar eð lagafyrirmæli giltu um tölu ársdeildanna við skólann, og var þá helzt að bæta við undirbúningsdeild.

Ég var þessu efnislega samþykkur og vildi feginn verða við þessum fram komnu óskum, sem studdar voru af kennurum, fræðslumálastjóra, skólastj. og fleirum. En með reglugerðarbreytingu þeirri, sem farið var fram á, þótti mér gengið á snið við lög skólans og vildi heldur, að frv. kæmi fram um þetta í þinginu.

Sannleikurinn er sá, að þetta er ekki nema að nokkru leyti breyting. Það er verið að sníða skólanum ný föt. Þegar litið er á kennarastéttina og það mikla vald, sem hún hefur yfir að ráða í landinu, og að nú alveg nýlega hefur hún fengið kjarabætur, þá hljóta menn að sjá, að gera verður harðari kröfur til menntunar kennaranna.

Ég vil leggja þessu frv. liðsinni og vildi ekki, að þessari 2. umr. lyki, án þess að ég gerði grein fyrir því, sem gerðist í þessum málum, meðan ég var starfandi í kennslumálaráðuneytinu.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Andrésson): Herra forseti. — Það eru aðeins fá orð, áður en atkvgr. fer fram.

Hv. þm. S.-Þ. lagði enga áherzlu á, að dagskrártill. sín yrði samþ. Sagði hann hana aðallega fram komna til þess, að einhverjum aðfinnslum yrði komið við.

Frá hv. þm. Barð. hefur komið fram brtt. við 5. gr. frv. (2. tölul.) Vill hann orða 2. tölul. öðruvísi og fella niður ákvæði um, að lýti hindri nemendur frá inntöku í kennaraskólann. Þetta ákvæði er alveg nýtt, og aflaði ég mér upplýsinga um það hjá skólastjóranum. Hann sagði uppeldisfræðinga leggja áherzlu á, að líkamslýti kennara hefðu vond áhrif á börnin og gerðu hann þannig óhæfan til kennarastarfa. Annars geri ég ekki ráð fyrir, að því ákvæði yrði fylgt út í æsar.

Þá vill hv. þm. Barð. fella niður 5., 6., 8. og 11. gr. frv. og láta ákvæði um inntökuskilyrði, próf, umsjón o. fl. koma í reglugerð.

Ég hygg, að það sé venja, að úr eldri reglu-

gerðum séu tekin aðalatriðin og sett inn í lögin, og álít ég, að það sé til bóta að hafa þessi ákvæði í lögum fremur en í reglugerð. Hygg ég, að rétt sé að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

Viðvíkjandi gerbreytingu kennaraskólans, eins og hv. þm. S.-Þ. komst að orði, vil ég taka fram, að ég álít vafasamt að stíga það spor. Það form, sem nú er á skólanum, er að sprengja utan af sér, en ég hygg, að ekki sé ástæða til að gerbreyta fyrirkomulaginu. Frv. miðar að því, að kennaraskólinn verði sex ára skóli, og er hann þá kominn í það horf, sem heppilegast er talið á Norðurlöndum, og svarar þannig fyllilega til þeirra.

Vil ég eindregið mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 649, frá minni hl. menntmn., felld með 9:1 atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 680 felld með 11:1 atkv.

5.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 577, 682).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 682. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég bar í gær fram brtt., sem var drepin af þeirri orsök, að mér skildist, að hv. þm. höfðu ekki tíma til að setja sig inn í málið.

Ég tel það alls ekki sæma, að menn megi ekki sækja skóla, þótt þeir séu bæklaðir. Hafa margir menn gefizt vel, þótt þeir væru eitthvað fatlaðir, og vil ég nefna Morten Hansen sem dæmi. Þyrfti áreiðanlega reglugerð til þess, að þetta yrði ekki misnotað. Lagt er til, að reglugerðinni verði breytt eins og 1934, og þarf það ekki að valda töfum. Ég er sammála hv. þm. V.-Sk. um, að þetta ákvæði sé komið inn fyrir einhver mistök.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil aðeins benda á, hvað stendur í 5. gr. frv. Sé ég ekki, að þessi till. breyti því nokkuð.

Gísli Jónsson: Hv. 3. landsk. þm. hefur líklega ekki haft tíma til að kynna sér málið. Ef hann hefði gert það, veit ég, að hann hefði skilið jafneðlilegan hlut og hér ræðir um.

Aðalatriðið er, að nemendurnir séu ekki haldnir smitandi sjúkdómum, en þótt þeir séu bæklaðir líkamlega, skiptir það engu máli.

Þá er á það að líta, að sumir fara í kennaraskólann með það fyrir augum að stytta sér leið gegnum menntaskólann, því að margir hafa ekki efni á að ganga í gegnum menntaskólann frá byrjun. Ég þekkti bæklaðan pilt, sem fór þessa leið og er nú kominn í háskólann. Menntaskólann tók hann á mjög stuttum tíma, og hefur honum gengið ágætlega. Vil ég nú spyrja hv. þm., hvort þeir álíti rétt að útiloka menn frá námi, þótt eitthvað sé athugavert við útlit þeirra. Þar getur margt komið til greina. Ég get hugsað mér, að verið gæti að hv. 7. landsk. yrði dæmdur of stuttur eða of líkur Japana.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki dæma um hvað hv. þm. Barð. álítur lýti í þessu sambandi. Hef ég ekki dregið í efa, að þessir menn gætu lært eins og aðrir, þótt hitt orki tvímælis, hve heppilegt sé, að þeir stundi kennslustörf, og bendi ég þar á ummæli sálfræðinga um þetta atriði.

En það breytir ekki miklu, þótt brtt. sé samþykkt, en hún hefur ekki minnstu þýðingu.

ATKVGR.

Brtt. 682 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, EE, GJ, LJóh, PM, ÞÞ.

nei: BSt, GÍG, HG, MJ, PHerm, StgrA.

IngP, KA greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, JJ) fjarstaddir.

Við nafnakallið gerði grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Ég álít, að hér sé um að ræða svo afar lítið atriði, að ég vil ekki setja málið í hættu alveg á síðustu dögum þingsins með því að senda það til hinnar d. fyrir svona lítla breyt., og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 689).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

---

55. Síldartunnur.

Á 88. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um frestun á framkvæmd l. nr. 60 7. maí 1940, um síldartunnur (þmfrv., A. 638).

Á 89. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt var liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Frv. þetta er um frestun á framkvæmd síldartunnulöggjafarinnar. En síldartunnulöggjöfin var sett til þess að koma á meiri vöndun á síldartunnum, bæði þeim, sem smíðaðar eru hér í landinu, og þeim, sem eru innfluttar. Nú hagar svo til, að

hvorki eru smíðaðar neinar síldartunnur hér, eins og stendur, og ekki er heldur hægt að fá þær innfluttar. Og það er ekki um annað að gera en að reyna að nota þær tunnubirgðir, sem til eru í landinu. Og vegna þess, hve tímarnir eru óvenjulegir, hefur síldarútvegsn. farið fram á það við okkur flm. þessa máls, að við flyttum þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég tel, að þar sem nú er orðið mjög áliðið þings, þá sé ekki ástæða til að setja þetta mál til n., því að það virðist í raun og veru ekki um neitt annað að gera heldur en að fresta þessari löggjöf. Og ef það yrði ekki gert, gæti það orðið til þess, að ekki yrði hægt að salta í síldartunnur, sem nú eru til í landinu. Vil ég því óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. án þess að það fari til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 638, 643).

Finnur Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins taka það fram, að þessar brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 643, miða að því að gera ákvæði frv. fyllri.

ATKVGR.
Brtt. 643 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 655).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 655, n. 676).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var flutt þar af hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Vestm. Eins og kunnugt er, er hv. þm. Ísaf. einn í þeirri n., sem hefur hingað til fjallað um verkun síldar, og er því þessu máli mjög kunnugur. Þessi ákvæði, sem hér er farið fram á að fresta framkvæmd á, eru um það, að allar síldartunnur skuli vera af vissu máli, þ. e. rúma visst mál. Nú er litið svo á af hv. flm. þessa frv., að þessum ákvæðum sé ekki hægt að framfylgja nema jafnvel til tjóns fyrir þá síldarsöltun, sem kynni að geta átt sér stað í landinu, meðan styrjaldarástandið er. Og er því farið fram á, að frestað sé framkvæmdum á þessum ákvæðum l., meðan svo stendur. Þetta virðist vera alveg augljóst mál, þannig að sjálfsagt sé að veita þessa frestunarheimild. Því að eins og l. um síldartunnur eru nú og ef út af þeim má ekki bregða, getur sá, sem þar á hlut að máli, nefnilega löggjafinn, bakað sér ábyrgð, sem alls ekki er hægt að forsvara.

Ég held því, að það geti ekki verið neitt ágreiningsmál, að það sé sjálfsagt að veita þessa undanþáguheimild með því að samþ. þetta frv., sem er aðeins um það að fresta framkvæmd l. um síldartunnur, meðan núverandi styrjaldarástand ríkir. Sjútvn. er því öll sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 704).

---

56. Tollskrá o. fl.

Á 29. fundi í Sþ., 8. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 1940, um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (þmfrv., A. 482).

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og grg. þessa frv. ber með sér, þá hefur nú verið skipt um umbúðir á frystum fiski, — í stað trékassa verða eingöngu notaðir pappakassar. Alþ. hefur áður veitt tollaívilnanir með timbur í þessa trékassa, og virðist nú ekki nema sanngjarnt og til samræmis fært, að pappakassarnir heyri undir sömu ívilnanir, þó að hin sérstöku ákvæði tollskrárinnar miðist við timbur, sem notað var sem umbúðir, þegar þessi ákvæði voru sett.

Meginreglan er að styðja innlenda iðnaðinn með þessum ákvæðum í tollskránni.

Finnur Jónsson: Það er um þetta frv. að segja, að nokkrir menn úr stjórn sölusambands hraðfrystihúsanna hafa rætt við sjútvn. þessarar hv. d. og bent á, að þetta frv. mundi ekki verða til að bæta úr fyrir hraðfrystihúsunum, þó að það næði fram að ganga, þar eð tollur á tilsniðnum pappakössum er svo hár, þótt Kassagerðin fengi þær ívilnanir, er felast í þessu frv., þá telja þeir ekki, að hraðfrystihúsin nytu nokkurs í við það.

Kassagerðin hefur nú fengið nýjar vélar og hefur nokkurs konar einokunaraðstöðu, og eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur af trékössunum, þá telja þeir ekki betur farið, þótt þetta frv. væri samþ.

Það hefur verið bent á það, að samkv. tollskránni er 30—50% verðtollur á pappakössum en 8% á óunnum pappa. Mismunur þessara %-talna er hagnaður Kassagerðarinnar eða það, sem hún gæti tekið. Það hefur sýnt sig, að það hefur borgað sig að flytja inn efni í trékassana og búa kassana til í landinu. Þeir hafa einnig reynzt betur. Gera má ráð fyrir, að það sama verði upp á teningnum með pappakassana.

En vegna einokunaraðstöðu fyrirtækisins, sem fékk hv. fjhn. til að flytja þetta frv., vildi ég skjóta því að n. að athuga þetta mál nánar með hliðsjón af hagsmunum hraðfrystihúsanna.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef í fyrri ræðu aðeins drepið á óskir sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Er við í fjhn. ákváðum að flytja þetta frv., þá lágu fyrir meðmæli frá Fiskifélagi Íslands og S. Í. F. Bréfið frá sölumiðstöð hraðfrystihúsanna barst okkur aftur á móti ekki í hendur, fyrr en við höfðum sent frv. til skrifstofu Alþ. til prentunar. En ég mun nú halda fund í n. milli umræðna um þetta bréf.

Ég er hv. síðasta ræðumanni sammála í meginatriðum og sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta mál, fyrr en við erum búnir að athuga það í n. En um einokunaraðstöðu fyrirtækisins, sem hann talaði um, þá vil ég benda hv. þm. á það, að við erum hér nýbúnir að samþ. l. um Viðskiptaráð, sem á að fjalla um verðlagsmál, og ætti sölumiðstöð frystihúsanna að geta haft greiðan aðgang að því, eins og önnur fyrirtæki, ef þetta fyrirtæki misnotaði séraðstöðu sína á einhvern hátt.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir orð hv. þm. Ísaf. um það, að hraðfrystihúsunum er lítil úrlausn gerð með þessu frv.

Það er rétt, að við höfum Viðskiptaráð, er hefur eftirlit með verði á vörum og vinnu, en nú vitum við, að vinnan er svo dýr, að miklu getur skipt fyrir þennan atvinnuveg, sem stendur svo tæpt.

Það er höfuðatriði, að þ. taki sérstakt tillit til sérstöðu þessa atvinnuvegar og finni ódýrustu leiðina til framleiðslu umbúðanna, sem eru einn þáttur kostnaðarins. Því vænti ég þess, að hv. fjhn. athugi þetta mál með þessar aðstæður sérstaklega í huga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og athugað þau erindi, sem borizt hafa. Nú hagar svo til, að tollur af tilbúnum kössum er 8%, en þegar kassarnir hafa verið smíðaðir hér heima, hefur tollurinn verið endurgreiddur. Af pappakössum er 30—50% tollur, en 8% af pappanum óunnum, sem á samkv. frv. að endurgreiðast, ef pappinn er notaður til fiskumbúða. Nú er það svo, að í tollskránni er á þeim limböndum, sem notuð eru á þessa kassa, 30% tollur, en samkv. frv. endurgreiðast allir tollar af þessum limböndum, ef þau eru notuð á fiskumbúðir, svo að ef frv. verður samþ. óbreytt, gilda hin sömu hlutföll áfram á milli óunninna kassa og þeirra, sem fluttir eru inn tilbúnir, og var það tilgangur fjhn., að hlutföllin á milli innfluttra kassa og innlendra héldust, þó að skipt væri um efni. Útflytjendur hafa hag af þessari breyt., því að pappakassaumbúðir munu vera um það bil helmingi ódýrari en trékassaumbúðir, og það virðist sanngjarnt, þegar breytt er um umbúðir og keyptar eru vélar til þess að vinna þær, séu tollal. gerð þannig úr garði, að aðstaða til framleiðslunnar verði ekki verri en áður. Mér virðist útflytjendur standa vel að vígi með samninga við þetta fyrirtæki, einkum þegar aðeins um eina stofnun er að ræða og þeir geta staðið saman sem einn maður og með aðstoð hins nýja Verðlagsráðs fengið sett hámarksverð á þessa framleiðslu. Að þessu athuguðu vill fjhn. halda sér við það, að tollahlutföllin á milli óunnins efnis og tilbúinnar vöru haldist óbreytt og hinn hái tollur, sem verður að borga af limböndum, haldist, nema þegar þau eru notuð á fiskumbúðir, verði hann 8%. Af þrem aðilum, sem þetta mál snertir, eru tveir aðilar, sem mæla með því, að frv. verði samþ., án þess að gera aukakröfur þær, sem Samband ísl. hraðfrystihúsa gerir, og held ég, að ekki sé hægt að halda því fram, að till. sú, sem við í fjhn. höfum samþ., gangi á nokkurn hátt út yfir útflytjendur.

Pétur Ottesen: Það hefur verið minnzt á það hér, að eðlilegt væri, eins og nú horfir um hraðfrystihúsin, að þau væru látin njóta þeirra beztu tollkjara, sem unnt væri að veita þeim, því að það er vitanlegt, að með því verðlagi, sem nú er á fiskinum, og þeim kostnaði, sem er við það að hraðfrysta fiskinn, er a. m. k. nokkur uggur í mönnum um það, hvort þessi starfsemi geti haldið áfram eða ekki. Þetta var það, sem vakti fyrir okkur með því að hreyfa þessu hér við 1. umr. þessa máls, þar sem eingöngu var farið fram á að undanþiggja innflutt efni í þessar umbúðir ákvæðum tollskrárinnar. Það veltur á allmiklu fyrir hraðfrystihúsin að mega nota pappakassa í staðinn fyrir trékassa, og ef til vill felur það í sér ásamt annarri breyt., sem tókst að fá gerða í þessu máli, möguleika fyrir því, að nú eru nokkur hraðfrystihús starfandi í þessu landi. Án þeirra breyt. og að óbreyttu ástandi, mundi

ekkert frystihús taka til starfa. Það skiptir dálitlu, hvort hraðfrystihúsin eiga að borga 8% toll eða þau verða alveg laus við tollgreiðslu, sem yrði ef þetta næði til kassa, sem væru fluttir inn í þessu skyni. Með sérstöku tilliti til þessa og vegna þess, hve óvænlega horfir rekstri hraðfrystihúsanna, ætla ég að leyfa mér að bera fram brtt. um, að aftan við 1. gr. bætist: „svo og af pappakössum, sem notaðir eru í sama skyni", — og ætlast ég til, að undanþága þessi taki jöfnum höndum til pappa og límpappa, sem notaður er til að búa til þessar umbúðir, og til pappakassa, sem fluttir eru inn. Mun ég afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 541) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil aðeins minna á það, að þessi deila um það, hvort eigi að gera mun á innfluttu hráefni og fullunninni iðnaðarvöru, þegar um toll er að ræða, er ekki ný. Þessi sama deila stóð í sama máli á þingi 1940, því að þá var deilt um það, hvort það ætti að endurgreiða alla tolla af kassaefni eða bara af því ótilhöggnu, og úrskurður þingsins var eindreginn í þá átt, að það ætti að gera mun á þessu til þess að vernda íslenzkan iðnað, og þó var ódýrara þá að búa til trékassa en nú er. Þessi tollur, 8%, er einhver lægsti verndartollur, sem til er hjá okkur, og hlutfallslega við vinnulaunin er hann hverfandi, þar sem þau hafa hækkað svo gífurlega, en það er gefið, að verndartollur verður einhver að vera, og í þessu tilfelli er hann svo lágur, að hann getur ekki verið lægri. Ég vil undirstrika það, að þessi deila er ekki ný, að útflytjendur fá í sambandi við þetta stórkostlega lækkun á umbúðum, eða sem nemur ekki minna en 200 kr. á tonn.

ATKVGR.
Brtt. 541 felld með 16:9 atkv.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Jónsson: Ég sé, að þetta frv. til l. frá fjhn. Nd. hefur verið samþ. óbreytt í þeirri hv. d., en brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 541 hefur ekki náð samþykki, og mun ég nú taka hana upp í þessari hv. d., en þar er farið fram á, að létt sé á tollum af umbúðum um frystan, útfluttan fisk, en sá atvinnuvegur á nú í vök að verjast. Einnig mun ég flytja brtt. um afnám verðtolls á umbúðum utan um niðursuðuvörur. Það er engan veginn sanngjarnt, að á þeim sé 30% verðtollur, þar eð þessi atvinnuvegur er mjög ungur. Ég vænti, að hv. fjhn. taki þetta allt til rækilegrar athugunar.
Ég hef ekki brtt. mínar tilbúnar enn þá, þar eð mál þetta er alveg nýframkomið hér í hv. d., en ég mun láta prenta þær hið fyrsta. En ég verð að segja, að ég mun ekki geta greitt frv. atkv. óbreyttu. Það er flutt fyrir einkafirma á kostnað framleiðslufyrirtækjanna, er hafa þegar við ærna erfiðleika að etja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, 629, n. 685).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að þau ákvæði l. um tollskrá o. fl., sem ákveða endurgreiðslu á tollum, verði víkkuð nokkuð frá því, sem nú er. Samkv. gildandi l. er heimilt að endurgreiða toll af kassavið í umbúðakassa. En nú upp á síðakastið hefur sú breyt. á orðið, að hraðfrystur fiskur er yfirleitt fluttur út í pappakössum í stað trékassa. Er því farið fram á, að þau ákvæði, sem áður náðu til efniviðar í trékassa, verði nú einnig látin ná til pappa og límbanda, sem notuð eru í umbúðir utan um fisk. Fjhn. er sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ., en einstakir nm. hafa óbundnar hendur um brtt., sem fram er komin á þskj. 629, þar sem gert er ráð fyrir, að endurgreiðslan verði látin ná til tilbúinna kassa. Eftir upplýsingum, sem fyrir hendi liggja, nemur tollur af þeim tilbúnu kössum, sem um er að ræða í þessu sambandi, 8% verðtolli. Því að þeir kassar, sem þar um ræðir, munu yfirleitt vera vaxbornir að innan og falla því undir sama verðtollsflokk og smíðaefni, en ekki eins og tilbúin vara. Meiri hl. fjhn. hefur ekki getað fallizt á að mæla með þessari brtt., en telur, að sá tollur, sem þar er um að ræða, 8% af innkaupsverði, sé ekki það mikill, að ástæða sé til þess þeirra hluta vegna að hverfa frá þeirri stefnu, sem upp hefur verið tekin á Alþ. að gera nokkurn mun á tollum á efni til iðnaðar og fullunnum vörum, sem unnar eru af erlendum mönnum. Og ef á að tollleggja þær vörur fyrir innlendan iðnað, þá verður ekki farið skemmra í sakirnar heldur en að setja 8% toll á vörurnar. Hins vegar vill n. taka fram og beina því mjög eindregið til þess ráðh., sem fer með þessi mál í landinu, að þess sé gætt, að þau fyrirtæki, sem búa til pappakassa hér á landi, geti á engan hátt notað aðstöðu sína til þess að selja kassana dýrara heldur en nauðsyn krefur. Og það verður að sjálfsögðu að gæta þess, að verðlagseftirlitið og sá ráðh., sem þar hefur yfirumsjón yfir framkvæmdum, sjái um, að svo sé

jafnan gert. Það er því till. meiri hl. n., að frv. verði samþ. óbreytt. En einstakir nm. hafa óbundnar hendur um brtt., sem fram koma.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér þykir mjög leitt, að hv. fjhn. hefur komizt að þessari niðurstöðu, sem mér skildist af ræðu hv. 3. landsk. þm., að hafi stafað af því, að nm. annaðhvort hafi fengið rangar upplýsingar um þetta mál eða ekki athugað nægilega tollskrána. Í raun og veru er það þannig, að tollskráin er framkvæmd þannig, að allir kassar, sem fluttir eru inn sem umbúðir fyrir annað en fisk til útflutnings, m. a. kassar eða kassaefni fyrir niðursuðuvörur, eru tollaðir með 30%. Svo er og um allar dósir, sem fluttar eru inn til niðursuðu. Nú er þó í tollal., að með sérstökum undanþágum skuli heimilt að endurgreiða þennan toll að því leyti, sem þessar vörur fara í umbúðir utan um vörur, *sem fluttar eru út úr landinu, bæði að því er* snertir dósir og kassa. Það er hins vegar ekki leyft að endurgreiða toll af þessum hlutum, sem fara í umbúðir utan um vörur, sem seldar eru innan lands. Þetta var þannig haft á sínum tíma, til þess að það væri hægt fyrir niðursuðuverksmiðjur í landinu að keppa við erlendan markað. Erlendi markaðurinn var þá sá eini markaður, sem þessi fyrirtæki gátu selt sína framleiðslu á. *Nú síðan stríðið hófst, hafa þessi fyrirtæki engan* erlendan markað fyrir sínar vörur. Og þegar árið 1940 skipt var uppbótinni frá Bretlandi, þá var tekið tillit til þess, að þessi fyrirtæki misstu þennan erlenda markað. Nú er það vitanlegt þeim, sem til þekkja, að þessi fyrirtæki eiga nú um tvennt að velja, annaðhvort að berjast á móti þeim erfiðleikum að hafa misst meira en 90% af öllum sínum mörkuðum fyrir vörur sínar *og framleiða enn fyrir íslenzkan markað*, þar til tímarnir breytast, eða hins vegar að leggja niður framleiðslustarfsemi sína.

Ég tel það ákaflega mikið skilningsleysi af Alþ., ef það vill ekki gera hér tilslökun á, ef sú tilslökun mætti verða til þess, að þessi nýgræðingur í iðnaði landsmanna þyrfti ekki að kafna. Og vænti ég þess því, að hv. þd. samþ. brtt. mína eins og hún liggur fyrir á þskj. 629.

Ég vil leyfa mér að upplýsa hv. frsm. um það í sambandi við þetta, og get talað þar af reynslu, að pappakassa er nú, jafnvel með þessum tolli, hagkvæmara fyrir þessar verksmiðjur, ef þær eru úti á landi, að kaupa frá útlöndum heldur en kaupa sams konar pappakassa frá kassaverksmiðjunni í Rvík, sem stafar af því, að það er sárlítið dýrara að kaupa kassana samanlímda frá útlöndum heldur en að kaupa þá í Rvík og senda út á land. *Liggur þetta m. a. í því, að þegar* keypt er inn til landsins efni í pappakassa, þá er ekki hægt að fá efnið þannig, að það sé tilsniðið í hvern kassa út af fyrir sig, heldur verður að sníða svo og svo mikið af efninu, sem ekki verður til neins notað í umbúðir. En af því, sem af er sniðið, er þá búið að greiða innflutningsgjald og toll. Og þó að verksmiðjurnar kaupi þessa kassa tilbúna frá útlöndum og borgi af þeim 30% *toll, geta þær samt fengið þá ódýrari heldur en* með því að kaupa þá innanlands. Og þó að ég vilji kassagerðunum íslenzku allt það bezta, þá vil ég ekki hlúa að þeim fyrirtækjum á kostnað þeirra fyrirtækja, sem kassagerðirnar lifa á. Þessi kassagerðarfyrirtæki geta því aðeins lifað, að önnur fyrirtæki, sem af þeim kaupa umbúðirnar, kaupi af þeim þessa framleiðslu. Og það er skilningsleysi að vilja hlúa að kassagerðunum á kostnað þeirra fyrirtækja, sem gera þeim yfirleitt mögulegt að starfa.

Sama gildir um dósirnar. Það var ekki hægt fyrir íslenzku verksmiðjurnar að nota íslenzku dósaframleiðsluna, meðan hægt var að fá dósir frá útlöndum. Niðursuðuverksmiðjurnar íslenzku stóðu betur að vígi með að kaupa dósirnar frá útlöndum hálfgerðar eða fullgerðar, þó að þær yrðu að greiða af þeim þennan háa toll, heldur en með því að kaupa þær frá verksmiðjunum í Rvík, sem þó störfuðu með alls konar fríðindum frá hinu opinbera.

Ég vil því fastlega mælast til þess, að hv. d. samþ. þessa brtt. *mína, sem ég veit*, að hefði mætt miklu meiri samúð í hv. fjhn., ef í n. hefði ekki verið þessi skilningur, að af þessum umbúðum væri greiddur nú aðeins 9% tollur.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég þori ekki um það að fullyrða, hvað rétt er í þessum upplýsingum hv. þm. Barð. Ég veit, að hann les rétt úr tollskránni, ég hef aldrei dregið það í efa. En *eftir þeim upplýsingum, sem fjhn. fékk*, þá er þeirri reglu fylgt, að sá kassapappi, sem er vaxborinn annars vegar eða báðum megin, er yfirleitt settur í 8% flokkinn. Enda er mér ómögulegt að sjá, hvernig annað er hægt. Því að hvernig eiga tollayfirvöldin að segja um það, þegar þessar vörur koma, hvort þær verða notaðar utan um dósir innanlands eða fisk, sem fluttur er út?

Um dósir er öðru máli að gegna. En um kassana *hygg ég, að gildi það, að allur sá pappi, sem* ætlaður er til að nota í pappakassa, sé tollaður með 8%. En að sundurliða það, til hvers á að nota þann kassapappa, hygg ég með öllu ókleift fyrir tollayfirvöldin. Ég held því ekki, að það sé ástæða af þessum sökum að samþ. brtt. hv. þm. Barð. viðkomandi pappanum. Hitt er athugandi, hvort ástæða er til þess að taka upp tollaívilnanir á dósum og slíku. En mér virðist minni ástæða *vera til þess nú heldur en nokkurn tíma* áður, eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. Barð. gefur, því að hann segir, að nú hafi tapazt 90% af markaði niðursuðuverksmiðjanna, því að alveg sé tekið fyrir erlendan markað fyrir þeirra vörur. Mér virðist augljóst, að hverjar ráðstafanir, sem gerðar yrðu viðkomandi tollum á efni til dósagerðar, þá breytti það engu um afstöðu niðursuðuiðnaðarins í landinu, meðan svo er um *markaðsmöguleikana. Það er augljóst mál*, að slíkt smáræði getur engu munað, ef svo er ástatt um þennan iðnað sem hv. þm. Barð. lýsir og kannske kann að reynast rétt, ég segi það ekki með fullri vissu. Það hefur gengið illa að selja niðursuðuvörur og má vera, að lokist fyrir það um tíma. En ég álít, að þetta atriði um tolla á dósaefni sé svo smávægilegt í því sambandi, að það hafi bókstaflega enga þýðingu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Hv. 3. landsk. efaði, að það væri alveg rétt, sem ég sagði um

erfiðleikana á markaðsmöguleikum fyrir niðursuðuvörur. Ég held, að hv. 3. landsk. geti fullvissað sig um þetta, án þess að hafa mikið fyrir því. Það hefur verið lokað fyrir þessar verksmiðjur að selja neitt af framleiðslu sinni til útlanda síðan 1941, nema að því leyti, sem þessar verksmiðjur hafa getað selt niðurlögð hrogn í smáum stíl til Ameríku, sem eru að vísu ekki raunverulega niðursuðuvörur. En allar niðursuðuvörur hefur verið lokað fyrir sölu á til útlanda. Og þessi fyrirtæki hafa farið inn á nýjar leiðir, t. d. að sjóða niður í stórum stíl kjöt, sem þau hafa verið svo heppin að geta selt hér, með sæmilegri afkomu miðað við það að þurfa að loka fyrirtækjunum alveg. Þau hafa kannske ekki haft mikinn hagnað af sölu þeirrar vöru.

En það er ekki rétt hjá hv. 3. landsk. þm., að það sé ekki hægt að flokka pappakassana eftir því, hvort þeir eru notaðir utan um fisk eða aðrar vörur. Ég gæti sýnt úrskurð frá stjórnarráðinu, þar sem neitað er að endurgreiða toll af slíkum kössum, af því að fyrir lágu sannanir um, að þeir hefðu ekki verið notaðir til umbúða utan um útfluttan fisk.

Ég þekki það eins vel og hver annar hér í hv. þd., hve óskaplega erfiðleika við eigum við að etja hjá tollayfirvöldunum, og hv. 3. landsk. þarf ekki að kynna mér neitt í því efni. Ég álít það algerlega ranga stefnu hjá hæstv. Alþ. að gefa hér tollaívilnanir til þeirra fyrirtækja, sem lifa bókstaflega á fyrirtækjum, sem enn er verið að tolla miklu meira. Og ég trúi því ekki, að hv. 3. landsk., að fengnum þessum upplýsingum, greiði atkv. með því, að haldið sé þeirri stefnu. Mér er alveg ómögulegt að trúa því.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil bara benda hv. þm. á, að eftir því, sem hann sjálfur segir, er lokað algerlega fyrir útflutning á niðursuðuvörum. En það er ekki rétt. En væri það rétt hjá honum, að alveg væri lokað fyrir þennan útflutning, þá nær brtt. hans, eins og nú stendur, aðeins til umbúða, sem notaðar eru utan um þessa framleiðslu, sem seld er innanlands. Og það er ljóst, að með slíkum ráðstöfunum sem þessum er ekki hægt að veita niðursuðuiðnaðinum þá hjálp, sem hann munar nokkuð verulega um í þessu sambandi. Ef það er rétt, að 90% af hans mörkuðum sé lokað, þá liggur í augum uppi, að verksmiðjurnar geta ekki lifað á því, þó að þær fengju þessar tollaívilnanir, miðað við að selja framleiðslu sína innanlands að svo litlum hluta móts við það, sem áður var.

Gísli Jónsson: Mér er bara alveg óskiljanlegt, hvernig hv. 3. landsk. þm. getur verið þversum í þessu máli, ef hann þekkir nýju tollskrána og hefur hlustað á það, sem ég hef sagt hér.

Það getur vissulega munað um þessa hjálp frá því opinbera fyrir þessar verksmiðjur, þó að í smáum stíl sé, að þær þurfi ekki að greiða toll af þessum umbúðum. Og þó ekki sé annað en skilningsleysi Alþ. á þessum hlutum, þá getur það orðið til þess, að sumar þessar verksmiðjur, sem berjast fyrir því að geta haldið áfram þessum iðnaði, leggist alveg niður.

ATKVGR.
Brtt. 629 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 482, 629).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil vísa til þess, er ég sagði um þetta mál á fundi í gær, og vil óska eftir, að brtt. á þskj. 629 komi til atkv.

ATKVGR.
Brtt. 629 felld með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, GJ, IngP, PHerm.
nei: BSt, GÍG, HG, MJ, StgrA.
ÞÞ, EE greiddu ekki atkv.
6 þm. (BBen, HermJ, JJ, KA, LJóh, PM) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, BSt, BrB, EE, GÍG, HG, MJ, PHerm, StgrA.
nei: GJ, IngP.
6 þm. (BBen, HermJ, JJ, KA, LJóh, PM) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 713).

---

57. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 29. fundi í Sþ., 8. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins** (þmfrv., A. 500).

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Ég get verið fáorður um þetta frv. og álít, að meðferð þess þurfi ekki að koma í bág við þann fundartíma, sem er ákveðinn hér á eftir.

Þetta frv. á þskj. 500 er um lítilsháttar breyt. á þeim ákvæðum, sem nú eru í l. um gjald síldarverksmiðja ríkisins til bæja og sveita. Í l. er þetta þannig eins og kunnugt er, að verksmiðjurnar greiða hvorki útsvar né tekjuskatt, heldur tiltekið gjald, ½ % af söluverði framleiðslu sinnar á hverju ári.

Þó er þetta þeim takmörkunum háð, samkvæmt l. frá 1941, að þetta gjald má aldrei fara fram úr samanlagðri upphæð greiddra útsvara í viðkomandi bæ eða hreppi. Það má nema allri útsvarsupphæðinni, en ekki meiru. Nú er það svo, að hingað til hefur þetta hámarksákvæði ekki

haft þýðingu, þar eð útsvörin hafa verið miklu hærri víðast en þetta gjald. Á Siglufirði, þar sem flestar verksmiðjurnar eru, eru útsvörin t. d. miklu bærri en gjaldið. Þetta frv. er því af minni hálfu aðallega flutt með tilliti til verksmiðjunnar á Raufarhöfn og Presthólahrepps. Þar háttar þannig til, að komið hefur til mála að skipta hreppnum, þar eð það þykir hentugra, því að hann er bæði stór og fjölmennur, og yrði þá Raufarhöfn út af fyrir sig. Hins vegar yrði svo við skiptinguna, að Raufarhöfn bæri lítinn hluta af útsvörum þeim, sem nú eru lögð á í Presthólahreppi, og myndi Raufarhöfn missa mikið af því gjaldi, sem hreppurinn í heild fær nú, það leiðir af hámarksákvæðinu um útsvörin. Þess vegna hef ég hugsað mér, að þó að hreppnum verði skipt, þá skuli miða við samanlagða útsvarsupphæð hins upphaflega Presthólahrepps, þegar verksmiðjugjaldið er reiknað út til Raufarhafnar. Fyrir verksmiðjurnar hefur þetta enga fjárhagslega þýðingu, en fyrir hreppinn gerir það skiptinguna mögulega. Ég sé ekkert á móti þessu af hálfu síldarverksmiðjanna; þeim ætti ekki að vera óljúfara að greiða gjald sitt til Raufarhafnar, þar sem þær hafa aðsetur, en til Presthólahrepps í heild.

Ég tel svo ekki þörf á að orðlengja þetta meira, en vildi aðeins vekja sérstaka athygli á því, að fyrir verksmiðjurnar skiptir þetta engu, en er aðeins til tilhliðrunar, svo að hægt verði að skipta hreppnum eins og æskilegt er.

Að öðru leyti vísa ég til grg. og óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 598).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Sjútvn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. Ákvæði frv., sem er breyt. á l. nr. 51 27. júní 1940, um breyt. á l nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, miða að því að greiða fyrir því, að hreppi, *þar sem síldarverksmiðja starfar, megi* verða skipt, ef þess er óskað, og hefur n. ekki séð ástæðu til að hindra, að svo megi verða.

Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynni að koma við frv. Slík brtt. liggur ekki fyrir, og geri ég ráð fyrir, að ef einhverjir þm. hafa hugsað sér að koma með slíka brtt., muni þeir koma með hana við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr., vegna þess að nú eru allir nm. fjvn. fjarverandi, en mér er kunnugt um það, að hv. 6. landsk. þm. (LJós) ætlar sér að bera fram brtt. við þetta frv. Fer ég þess því á leit, að umr. verði frestað og málið tekið út af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 500, n. 665 og 698).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 698. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Í grg. fyrir þessu frv. er skýrt allvel frá ástæðunni til þess, að það er fram komið, en hún er sú að auðvelda skiptingu Presthólahrepps, þannig að Raufarhöfn ásamt tveimur jörðum verði sérstakur hreppur. Í grg. skýrir flm. nánar frá nauðsyn þessa máls.

N. hefur nú athugað frv. þetta og ekki getað orðið á eitt sátt um það. Meiri hl. vill mæla með því, en minni hl. vill vísa því frá með rökst. dagskrá, og skilst mér það einkum vera af því, að honum þyki ekki liggja fyrir nógu greinileg ósk um þessa skiptingu. Viðvíkjandi þessu hef ég nýlega fengið skeyti frá oddvita hreppsins, er á heima á Kópaskeri, og verður ekki í hinum tilvonandi Raufarhafnarhreppi. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Óska eindregið eftir frumvarpi Gísla Guðmundssonar um breyting á síldarverksmiðjulögunum nái fram að ganga til þess gera mögulega skiptingu Presthólahrepps.

Oddviti Presthólahrepps.“

Með skeyti þessu er staðfest skýrsla flm. í grg. um það, að hreppsn. líti svo á, að ákvæðin í síldarverksmiðjulögunum um útsvör verksmiðjanna standi í vegi fyrir skiptingu hreppsins.

Mér virðist því, að mótbára minni hl. sé fallin með þessu skeyti.

Þá er að líta á nauðsyn Raufarhafnar á þessari skiptingu. Ég skal upplýsa það eftir góð-

um heimildum, að ræktunarástand þorpsins er óviðunandi. Veldur þar nokkru um, að núverandi hreppur er tregur til ræktunar á þessum stað. Aftur á móti hefur Pálmi Einarsson ráðunautur rannsakað ræktunarskilyrðin þarna, og hefur sú rannsókn leitt í ljós, að nóg ræktunarland er fyrir hendi, en þarf mikla framræslu, og verður því að stofna til samtaka um framkvæmd þess verks. Eins og nú er, hefur Presthólahreppur ekki fundið ástæðu til að beita sér fyrir þessum framkvæmdum, er íbúar Raufarhafnar telja sér nauðsynlegt að fá fljótt og vel af hendi leystar, þar eð aðalatvinna þorpsbúa varir ekki nema svo stuttan tíma úr árinu, að þeir telja sér jafnframt nauðsyn að öðrum atvinnuvegi til að byggja á. Og þar sem land er nægilegt og gott, þótt vinnsla þess kosti nokkuð, sjá allir, hver nauðsyn er að kippa þessu í lag. En líkur benda til, að þetta verði ekki upp tekið með þeim hætti, sem þörf er á, meðan hreppurinn er óskiptur. Þetta er því ærin ástæða með frv.

Í annan máta vil ég benda á það, að vatnsleiðsla þorpsins er ófullkomin, og er það mjög bagalegt fyrir þorpsbúa, en þó engu síður fyrir fiskiskipin. Þarna er því annað nauðsynjamál, sem bíður úrlausnar, því að sæmilegur vatnskostur í þéttbýli er fyrsta skilyrðið fyrir heilbrigði þeirra, er þar búa. Þetta mál liggur því þannig fyrir, að ekki er þörf á langri ræðu. Í grg. er það skýrt tekið fram, að gagnvart verksmiðjunum hafi þessi breyting engin áhrif. Er miðað við útsvör í Presthólahreppi, og svo mun áfram.

Meiri hl. n. leggur eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Það hefur litla þýðingu að tala yfir tómum stólunum, því að ekki eiga þeir að greiða atkv. um málið.

Það getur verið álitamál, hvort Alþ. eigi að ýta undir skiptingu hreppa. Sýnist landsbyggðin vera nægilega sundur höggvin eins og er.

Það liggur ekkert fyrir um, að fyrir liggi ósk þessa hrepps um skiptingu, og þótt hv. frsm. leggi fram skeyti nú eftir dúk og disk, er það engin sönnun, og getur það verið fengið eftir pöntun.

Um hámark á greiðslu til hreppsins má deila, en hún er samkv. l. frá 1938. En ekki er rétt að láta einn hrepp miða kröfur sínar við kröfur annars hrepps. Þetta er braut, sem Alþ. má ekki fara út á. Það mætti hugsa sér, að í Presthólahreppi yrði reist önnur verksmiðja eða annað fyrirtæki, sem greiddi stórar fjárhæðir til hreppsins, og sjá menn þá, hver útkoman gæti orðið, og er því ekkert vit í að fara inn á þessa braut.

Mál þetta virðist vera sótt meira af kappi en forsjá. Má draga það af allri meðferð þess. Hv. 9. landsk. er á mínu máli um, að ekki sé vit í að fara út á þessa braut. Hins vegar væri hægt að gera hv. þm. N.-Þ. þann greiða að samþ. þetta frv., þó ekki greiða því atkv. hér á Alþ. Þessi hv. þm. er ekki að spyrja verksmiðjustjórnina um álit hennar á málinu. Kannske meiri hl. sé því mótfallinn. Það væri eðlilegt, að Nd. fengi tíma til að senda málið til þess að fá umsögn hlutaðeigenda, og vil ég skora á hv. d. að samþ. rökst. dagskrána. Hún mundi koma í veg fyrir, að stigin væru vílxspor í þessu efni hér á Alþ.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég tel ekki rétt, að ekki liggi fyrir óskir frá viðkomendum um þessa lagabreytingu. Þær eru frá þeim aðilum, sem ég álít, að ekki skipti minnstu máli um. Geri ég frekar ráð fyrir því, að talin verði þörf á meiri lagabreytingu en farið er fram á. Hv. þm. Barð. þykir frv. þetta varhugavert á ýmsan hátt. Gæti það verið að því leyti, sem það snýr að verksmiðjunum, þannig að í Presthólahreppi kæmu upp stór atvinnufyrirtæki, svo að útsvör í hreppnum hækkuðu mikið eftir skiptin. Á þessu tel ég ekki mikla hættu. Raufarhöfn er eina höfnin á þessum slóðum. Það á langt í land, að höfn, sem sjávarútvegur getur byggzt á, komi á Kópaskeri. En það er ekki hægt að taka fyrir þennan möguleika, sem þm. drap á. En „koma dagar og koma ráð.“ Þá fullyrðingu hv. þm. Barð., að málið sé sótt af kappi fremur en forsjá, kannast ég ekki við, að sé rétt.

Þar eð ekki þótti tími vera til að senda málið til umsagnar nú á síðustu dögum þingsins, þá verður n. nú að taka afstöðu án þess. En ég held, að þetta sé ekkert kappsmál, hvorki meiri né minni hl. að því er framgang þess snertir. Ekki varð ég var við, að hv. 9. landsk. sýndi málinu neina andúð. En hann sagðist vilja athuga afstöðu sína, eftir að hann varð var við, að tveir nm. voru ósammála, og tel ég ekki ástæðu til að ætla, að honum hafi snúizt hugur, síðan umræður fóru fram í nefndinni.

. ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 698 felld með 9:5 atkv.
1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 94. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HermJ, IngP, MJ, PHerm, BSt, BrB, EE, StgrA.
nei: GJ.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
6 þm. (HG, JJ, KA, LJóh, PM, BBen) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

---

58. Ríkisborgararéttur.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 515).

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 78., 79. og 81. fundi í Nd., 18., 19. og 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 515, 580).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. — Frv. það, sem upphaflega lá hér fyrir á þskj. 515, er um það að veita frú Ágústu Pétursdóttur, til heimilis í Rvík, fæddri í Rvík 9. febr. 1915, ríkisborgararétt. Þessu frv. fylgdi bréf frá dómsmálaráðuneytinu, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp, vegna þess að það snertir önnur mál og aðrar umsóknir, og er þess vegna rétt að lofa d. að heyra það:

„*Hér með sendir ráðuneytið hinni heiðruðu* allshn. frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar, ásamt fylgiskjölum. Óskar ráðuneytið, að frumvarpið verði lagt fyrir yfirstandandi Alþ. og mælir með, að það verði samþ.

Þess skal getið, að auk þessarar umsóknar hafa ráðuneytinu borizt 7 aðrar umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá dönskum og norskum ríkisborgurum, en ráðuneytið sér sér ekki fært að leggja umsóknir þessar fyrir Alþ. að svo stöddu, með því að umsækjendur geta ekki fengið sig leysta frá því að vera ríkisborgarar í föðurlandi sínu, og ráðuneytinu hafa borizt kvartanir frá fulltrúum erlendra ríkja hér yfir því, að erlendum ríkisborgurum hafa verið veittur hér ríkisborgararéttur án samþykkis stjórnarvalda heimalandsins.“

Þessi umsækjandi, sem hér á hlut að máli, frú Ágústa Pétursdóttir, er fædd hér og er dóttir *Péturs heitins Halldórssonar borgarstjóra* og konu hans. Hún hefur alið allan sinn aldur hér í Rvík, en giftist dönskum manni og fluttist til Kaupmannahafnar og dvaldi þar um tveggja ára bil. Síðan mun hún hafa skilið við mann sinn og flutt hingað til Íslands og mun hafa dvalið hér síðan. Ráðuneytið hefur mælt með því, að henni verði veittur ríkisborgararéttur, og hefur allshn. fallizt á það, en n. hafa síðan borizt umsóknir, sem ekki eru frá dómsmálaráðun., um ríkisborgararétt tveggja manna, þeirra Jóns Meyvants Sætran, sem nú er í Kaupmannahöfn, og Þorsteins Berstrand Sætran, til heimilis í Rvík.

Nú hefur það verið venja — og er atriði, sem er fullkomið athugunarmál, hvort Alþingi vill breyta frá þeirri stefnu, sem áður hefur verið tekin, — að veita ríkisborgararétt án þess að fá leyfi viðkomandi ríkisstj., þar sem viðkomendur annars eiga ríkisborgararétt. Þingið hefur haft þá venju að veita ríkisborgararéttinn án þess að spyrja stj. þess ríkis, þar sem maðurinn var áður ríkisborgari, um það. Hins vegar kemur fram í bréfi dómsmrn., að það þurfi fyrst að fá leyfi heimalandsins til þess að veita ríkisborgararétt, en Alþ. hefur ekki haft þá reglu fyrr. Ég vil benda á, að í l. um ríkisborgararétt, frá 1935 segir: „Enginn maður, sem með lögum hefur verið veittur ríkisborgararéttur, öðlazt hann, fyrr en hann hefur sannað það fyrir ríkisstj., að hann sé að fullu leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarl. í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.“

Þessari reglu hefur Alþ. alltaf fylgt, þannig að það hefur samþ. l. um veitingu ríkisborgararéttar, en ráðuneytið hefur gengið eftir, að þeir væru leystir frá skyldum í heimalandi sínu. Annars fellur niður ríkisborgararéttur þeirra hér.

Það virðist koma sú skoðun fram í bréfi dómsmrn., að ekki sé rétt að mæla með, að Alþ. veiti ríkisborgararétt, ef umsækjendur eru ekki fyrir fram búnir að fá þetta leyfi. Þetta er alveg ný skoðun. Ef viðkomandi umsækjendur uppfylla skilyrði 4. gr. um 10 ára búsetu, hefur ekki verið hegnt og standa ekki í skuld fyrir *þeginn sveitarstyrk, hefur Alþ. alltaf veitt þeim* þennan rétt. Alþm. þurfa því að gera upp við sig, hvort þeir vilja fara eftir þeim venjum, sem Alþ. hefur haft og ég vil mæla með, eða eftir bréfi dómsmrn. Ég hygg, að ekkert ríki muni leysa mann frá ríkisborgararétti, fyrr en hann sannar, að hann geti öðlazt ríkisborgararétt annars staðar.

Ég skal geta þess í sambandi við þessa tvo menn, að þeir uppfylla öll skilyrði l. Þeir hafa verið búsettir hér alla tíð, hafa stundað hér iðn og leggja fram góð meðmæli. Það er aðeins eitt, sem vantar: Þeir hafa ekki getað lagt fram hegningarvottorð frá Noregi. N. mælir samt með máli þeirra, af því að það er vitanlegt, að það er enginn möguleiki til að útvega það nú, en hinsvegar er mjög óliklegt, að mennirnir hafi gert fyrir sér þar.

Þá liggur fyrir umsókn frá dönskum manni, *Börge Axel Jónsson matsveini*. Hann er fæddur 1911 í Khöfn, en fluttist hingað 1931 og hefur siglt á íslenzkum skipum. Hann hefur góð meðmæli og kvæntist ísl. konu 1936. Þau eiga eitt barn, tveggja ára. Hann skuldar ekki sveitarstyrk og hefur ekki sætt refsingu. Allshn. mælir með honum og ber fram skriflega brtt. um hann.

Það er leitt, að utanríkisráðherra skuli ekki vera viðstaddur, því að málið hefur verið tekið tvisvar af dagskrá vegna tilmæla hans. Ég veit ekki, hvort ætti að láta atkvgr. fara fram, fyrr en hann er búinn að lýsa sinni skoðun.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Þegar frv. þetta kom fram, taldi ég það ekki firnum sæta, þó að kona sú, sem um var að ræða, fengi ísl. borgararétt, því að hún var ekki mikið yfir eitt ár í burtu. Hún giftist að vísu dönskum manni,

og er óréttmætt, að hún gjaldi þess. En þó að ég væri samþykkur þessu, leiddi ekki af því, að ég vildi, að fleiri yrðu teknir með, og í sömu átt hnigu bréf dómsmrn., sem sögðu, að frá sjónarmiði ráðuneytisins væri varhugavert að taka inn í l., að forspurðum eða gegn mótmælum annars ríkis, borgara, jafnvel þótt þeir að forminu til uppfylltu skilyrði l.

Hv. frsm. sagði, að það væri siður allshn. að taka inn menn, sem fyrir n. hefðu legið skilríki um, að uppfylltu skilyrði l., án þess að skeyta um, hvað dómsmrn. segði. Reglan er þó sú, að senda á umsóknirnar til ráðuneytisins. Áður var tekið mjög lauslega á þessum málum, því að það er fyrst á hinum síðari árum, að Alþ. hefur fylgt hinum ýtrustu reglum. Það kom oft fyrir, að framandi menn urðu borgarar hér, sem höfðu ekki einu sinni uppfyllt skilyrðið um búsetutíma, enda gekk ekki brotalaust að leysa þá frá ríkisborgararétti í þeirra eigin landi, og sumir urðu aldrei leystir frá honum, og er mildi, að þeir skuli ekki hafa verið sendir úr landi til að þjóna sínu ríki. Nú á síðustu árum hafa margir útlendingar leitað eftir borgararétti. Fæstir vilja ganga í þann hildarleik, sem nú er háður; og enn hefur meira gerzt: erlend ríki hafa vegna þessa lauslega ástands, sem hér hefur ríkt í þessum málum, einmitt nú, þegar menn reyna að koma sér undan skyldum við heimalandið, mótmælt þessu, í fyrra að gefnu tilefni. Þau mótmæli komu frá sendiráði Norðmanna. Það er að vísu rétt, að ekki er hægt að ná til Noregs nú, en hins vegar er hegningarvottorð ófrávíkjanlegt skilyrði, og formið skal uppfyllast, nema ákvæðin séu brotin. Ég hef ekki treyst mér til að koma fram með svipuð tilmæli, þó að ég hafi verið beðinn að flytja þau. En ef á síðustu stundu á að brjóta þær reglur, sem fylgt hefur verið, áskil ég mér rétt til að bera upp enn einn mann, sem uppfyllir öll skilyrði l., en vegna hernaðarástandsins hef ég kynokað mér við að mæla með honum. En ef menn fá ekki lausn frá borgararétti í sínu heimalandi, er það, sem Alþ. hefur samþ., ómerkt orðið.

Jakob Möller: Ég vil gefa nánari upplýsingar um þá tvo menn, sem allshn. leggur til, að bætt verði í frv. Það stendur svipað á um þá og hina ágætu alíslenzku konu, sem um er að ræða. Þeir eru hreinir Íslendingar, fæddir hér af ísl. móður, en fluttust í nokkur ár til Noregs. Nú eru 17 ár síðan þeir komu hingað aftur, og vantar aðeins tvö ár upp á, að þeir öðlist borgararétt af sjálfu sér. Þeir vissu ekki annað en að þeir væru ísl. borgarar. Annar þeirra dvaldi erlendis við nám sem Íslendingur, með styrk af opinberu ísl. fé. Nú ætlar hann til Svíþjóðar til frekara náms, en í Khöfn fær hann ekki ísl. vegabréf, því að ekki var með öllu víst, að hann væri ísl. borgari. Hann hefur verið á kjörskrá hér, að vísu ranglega, af því að hann var skoðaður ísl. borgari. Ég held, að um þá, sem mótmæli komu um frá erlendum ríkjum, sé öðruvísi ástatt yfirleitt. Hv. frsm. hefur upplýst, að ef ætti að fara að setja að skilyrði, að menn fái samþykki síns heimalands til að sækja um borgararétt annars staðar, sé breytt út af reglu, sem gilt hafi, enda er það tekið fram í l., ef þetta samþykki fáist ekki eftir á, falli veiting borgararéttarins niður af sjálfu sér.

Gísli Sveinsson: Með tilvísun til þess, sem ég hef áður sagt, óska ég, að málið verði tekið af dagskrá. Ég held, að rétt sé, áður en frv. fer úr d., að hugsa sig nokkuð um og undirbúa rannsóknirnar frekar og koma þá allri súpunni inn.

Ég get sagt frá einum manni, sem er Íslendingur, á ísl. föður, en norska móður, og áttaði sig ekki á því fyrr en her kom inn í landið, að hann væri norskur borgari. Hann naut hér allra réttinda, en þennan mann hafa hervöldin tekið og fært í treyju, og hann er hér í Rvík nauðugur sem þeirra soldáti. Ég hef sagt sendiherra Norðmanna og öðrum, að þetta sé óhæfilegt, en svona eru þeirra reglur.

Það er viðkvæmt mál, ef á að beita á Alþ. lagaofbeldi á móti tökuofbeldi.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Það er rétt hjá hv. 10. landsk. þm., að það hefur verið aðalreglan að senda umsóknirnar til dómsmrn., en þó hefur það komið fyrir á hverju þ., að allshn. hafa borizt plögg með umsóknum, og það hefur m. a. s. verið svo, að dómsmrn. hefur alls ekki rannsakað yfirleitt, hvort umsækjendur hafa uppfyllt öll skilyrði. Þeir, sem hafa fengið ísl. borgararétt, hafa ekki fært sönnur á, að þeir séu leystir undan borgararétti í landi sínu, og það er ekki Alþ. að gæta þess, heldur ríkisstj.

Ég tel að það sé í fullu ósamræmi við allar reglur og l. sjálf að krefjast þess, að viðkomandi menn sanni nú fyrir fram, að þeir geti orðið leystir frá fyrra ríkisfangi. En það er satt, að betra er að rannsaka hjá utanríkisrn., hvort fært er vegna stríðsástandsins að taka þessa menn inn.

Það er rétt, að það hefur verið ófrávíkjanleg regla að krefjast hegningarvottorðs, en þeir tveir menn, sem um er að ræða, hafa ekki verið í Noregi nema á barnsaldri, frá 1920—1925. Annar er fæddur 1911, en hinn 1915. Það er annað mál um þann þriðja, sem kemur hingað tvítugur. Af honum er ekki hægt að heimta hegningarvottorð. Ákvæði l. í þessu efni er aðeins leiðbeinandi, svo að það er alls ekki hægt að segja, að verið sé að ganga fram hjá l., þó að ekki sé verið að krefjast hegningarvottorðs. Hv. Alþ. hefur þetta auðvitað á sínu valdi, og þessi maður, sem um er að ræða, hann er hér í opinberri þjónustu. Vil ég leggja til, að umr. um þetta mál verði frestað, og hef ég hugsað mér, að allshn. ræddi málið á meðan og leitaði álits hjá utanrmn.

Forseti (JJós): Það er að vísu oft búið að fresta þessu máli, og ef svo héldi áfram, gæti frv., eins og það upphaflega var lagt fram, dagað uppi og yrði ekki samþ. á þessu þingi. Það er því á móti vilja mínum, að það sé þannig í hættu og undirorpið breyt. á breyt. ofan og því frestað í það óendanlega. En þar sem skýlaus ósk um, að málinu sé frestað enn einu sinni, er fram komin nú, mun ég verða við þeirri ósk í þetta sinn,

en ekki oftar, nema þá að hv. d. með samþykki sínu veiti slíkt leyfi. Mun ég taka málið aftur á dagskrá á morgun.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Ég get upplýst það, að allshn. ætlar að hafa fund nú á eftir og mun þá taka þetta mál fyrir og afgreiða það og leita álits utanrmn.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 515, 580, 607).

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég tek hér til máls í forföllum utanrrh. Það hefur verið mælzt til þess, að þetta mál yrði athugað nánar. Vil ég geta þess, að till. kom fram um lagasetningu um veitingu ríkisborgararéttar. Sendiherra ríkis nokkurs hefur gert þá athugasemd við, að Alþingi setji lög um veitingu ríkisborgararéttar, að þeir, sem ekki innan tólf mánaða hafa getað lagt fram skjöl og skilríki fyrir því, hvernig á málið er litið í föðurlandi þeirra, séu leystir undan ríkisborgararétti. Út af þessu er líklega rétt að taka það fram, að mörg ríki geta ekki í núverandi styrjöld sætt sig við, að þegnar sínir leysi sig undan skyldum við þau með því að gerast íslenzkir ríkisborgarar. Réttast er að skjóta því til ríkisstj. viðkomandi ríkis, hvernig litið sé á þetta mál þar.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða frekar um málið.

Gísli Sveinsson: Ég vildi aðeins bera fram fyrirspurn um, hvort nokkrar umsóknir hafa borizt um ríkisborgararétt.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Ég vil upplýsa, að um klukkustund áður en fundir hófust í n., höfðu enn borizt nokkrar umsóknir.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að þá félli niður veiting ríkisborgararéttar eftir tólf mánuði, ef ekki lægju fyrir næg skilríki, vil ég taka það fram, að ég veit ekki, hvort ríkt hefur verið eftir því gengið. Þetta ákvæði virðist óþarft. Á venjulegum tímum er hægt að leita álits viðkomandi ríkis, en það hefur ekki verið venja. Það kann að vera rétt eins og nú standa sakir.

Þeir, sem farið er hér fram á, að fái íslenzkan ríkisborgararétt, eru í raun og veru Íslendingar, hafa lært iðn hér og gengið í skóla hér. Þriðji maðurinn, sem er Dani, getur að vísu ekki sýnt hegðunarvottorð, en við tókum hann með, þó að hann gæti ekki fullnægt þessum skilyrðum.

ATKVGR.

Brtt. 607 samþ. með 18:2 atkv.

— 580, svo breytt, samþ. með 18:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., 16. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 616).

Á 83. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 30. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 616, n. 659).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar og gert grein fyrir því í nál. á þskj. 659, og mælir með samþykkt frv., að vísu með nokkrum breyt. Það er lagt til, að einn maður sé felldur niður, sem hv. Nd. hafði ákveðið fyrir sitt leyti að veita ríkisborgararétt, Jón Meyvant Sivertsen Sætran. Þessi maður er í Kaupmannahöfn, og ekki liggja fyrir frá honum sjálfum gögn um það, að hann sæki um ríkisborgararétt, heldur frá aðstandendum hans. En okkur virtist það lágmarkskrafa, að slík beiðni lægi fyrir frá honum sjálfum. Enn fremur hefur n. tekið til greina ýmis gögn, sem ýmist bárust frá stjórnarráðinu eftir að Nd. gekk frá málinu eða lágu fyrir í plöggum þingsins frá fyrra ári. Og hefur n. fylgt þeirri reglu að taka alla þá upp, sem fullnægja ákvæðum l. nr. 64 frá 28. jan. 1935 um það, hvernig menn öðlast og missa íslenzkan ríkisborgararétt, en hins vegar ekki aðra.

Þess ber að geta, að það er a. m. k. einn af þeim, sem hafa sótt um ríkisborgararétt, sem stendur eins á um og Jón Sætran, að það liggur ekki fyrir umsókn frá honum sjálfum. Og þó að hann hafi að öllu leyti fullnægt skilyrðum l. um þetta að öðru leyti, þótti ekki rétt að fullnægja beiðninni um að veita honum ríkisborgararétt.

Aðrir, sem um ríkisborgararétt hafa sótt, en ekki hafa verið teknir upp, hafa ýmist dvalizt of skamma stund hér á landi eða hafa þá gert sig seka um afbrot, svo að ekki er þess vegna hægt að verða við óskum þeirra. Mestur fjöldinn af þeim, sem teknir hafa verið upp hér, eru nunnur í Landakoti, sem hafa sótt um ríkisfang. Það hefur ekki þótt rétt að veita þeim það, vegna þess að frá þeim vantaði fæðingarvottorð. Þessar konur allar eru fæddar í Þýzkalandi nema ein í Póllandi, svo að ekki er hægt að fá vottorð þaðan. Hins vegar eru allar þær af þeim, sem n. tók til greina, búnar að dveljast hér á landi lengur en 10 ár og hafa unnið íslenzku þjóðinni gagn. Og frá trúverðugum mönnum liggja fyrir upplýsingar um ætt þeirra og uppruna, og þess vegna þótti ekki rétt að vefengja það. Og úr því að þær sóttu um ríkisfang og hafa í hyggju að halda mannúðarstarfi sínu áfram, m. a. við spítalann í Landakoti, þá þótti n. sjálfsagt að verða við þeirri beiðni.

Það eru tvær umsóknir enn, sem n. hefur ekki til hlítar athugað, og kann að vera, að brtt. við frv. verði bornar fram við 3. umr. Það lágu ekki fyrir gögn, sem n. taldi nauðsynleg, þegar athuganir fóru fram á þessum beiðnum.

Við höfum enn fremur lagt til, að bætt verði í frv. nýrri málsgr., sem er nauðsynleg vegna núverandi styrjaldarástands, um, að niður falli

gagnvart þessu fólki ákvæðin um, að ríkisborgararétturinn falli niður, ef það hefur ekki leyst sig eftir eitt ár frá hinu fyrra heimilisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Vegna styrjaldarástandsins verður þetta óframkvæmanlegt, og var fallizt á að fela ríkisstj. þetta atriði til umsjónar og frekari ákvörðunar.

Þessar brtt. n. eru bornar fram að vel athuguðu máli, og væntir n. þess, að d. samþykki þær og greiði að öðru leyti fyrir frv.

ATKVGR.
Brtt. 659,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 659,2 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 694).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég vil rétt geta þess, að ég hef lagt fram og afhent hæstv. forseta skrifl. brtt. frá allshn. við frv. þetta um ríkisborgararétt. Brtt. er um, að einum manni, Skúla Petersen, verði bætt inn í. Við 2. umr. lágu ekki fyrir nógu glöggar upplýsingar um mann þennan, en nú hafa þær fengizt, og leggur allshn. einróma til, að brtt. þessi verði samþykkt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 711) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 711 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 712).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 712, 716).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Á þskj. 716 ber allshn. fram brtt., sem ekki er getið á dagskránni. Er hún fram borin til samræmis við það, sem n. lagði til, áður en málið fór til hv. Ed. Vænti ég þess, að hv. d. sé sama sinnis og áður.

ATKVGR.
Brtt. 716 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og endursent Ed.

Á 97. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 718).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 730).

---

59. Óskilgetin börn.

Á 85. fundi í Ed., 31. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46/1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (þmfrv., A. 628).

Á 87. og 88. fundi í Ed., 2. og 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ef hv. þm. hafa lesið fylgiskjal það, sem fylgir frv. og er frá mæðrastyrksn., þá er málið þegar skýrt. Frv. fer fram á það, að meðalmeðgjöf með óskilgetnum börnum skuli vera ákveðin þannig, að hún sé greidd mánaðarlega með 10% uppbót frá því, sem hún var reiknuð 6. sept. 1940 ásamt fullri verðlagsuppbót. Einnig er gert ráð fyrir því, að greiða skuli uppbót fyrir þann tíma, sem liðinn er frá því, að meðalmeðgjöfin var ákveðin síðast, og þar til þessi l. ganga í gildi. Meðalmeðgjöf hefur verið 84 kr. á mánuði í Rvík án verðlagsuppbótar, og svo tilsvarandi minna annars staðar á landinu. Nú virðist það vera auðsætt, að hér er um allt of lítla upphæð að ræða, og í rauninni fráleitt, að ekki skuli vera greiddar mánaðarlega verðlagsuppbætur á þessar greiðslur, eins og nú er gert um næstum því allar greiðslur hins opinbera.

Þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafa þess meiri þörf heldur en flestir aðrir, þegar tekið er tillit til kjara þessa fólks. Það hafa því allir nm. í allshn. verið sammála um það, að þessa breyt. verði að gera við l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Hins vegar hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort þetta eigi að verka aftur fyrir sig, þannig að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, fái þessar uppbætur greiddar frá 1. ágúst í sumar, og um það gæti frekar orkað tvímælis. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé ekki nema sanngjarnt, að uppbótin sé greidd frá þeim tíma, vegna þess að á þessu tímabili hafa kjör þessa fólks verið þannig, að það hefur verið haft útundan, og þess vegna þurfa þessar konur að fá þetta uppbætt.

Það er langt síðan þetta erindi barst Alþingi, en það hefur dregizt að frv. kæmi fram, og ég tel það alveg fráleitt, að konurnar séu látnar gjalda þess dráttar. Einmitt þess vegna er þetta látið verka aftur fyrir sig, enda eru til fordæmi fyrir því, þegar eins hefur staðið á. Það er mjög áríðandi, að þessu máli sé hraðað sem mest í gegnum þetta þing, þar sem hér er um 1. umr. að ræða. Þess vegna vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að málið geti fengið sem allra skjótasta afgreiðslu, til

þess að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu frá þessu þingi.

Bjarni Benediktsson: Hv. frsm. gat um það, og það er vikið að því í grg., að nm. áskilji sér rétt til þess að bera fram brtt. við einstök atriði málsins, og eins og hann gat um, þá voru sumir nm., og ég var í þeirra hópi, sem töldu, að ákvæðið um stórkostlegar uppbótagreiðslur aftur í tímann væri varhugavert, vegna þess að það mundi vera miklum örðugleikum háð að innheimta það fé. Ég geri ráð fyrir því, að hér í Rvík mundi þetta valda miklum fjárútlátum fyrir bæjarfélagið til að byrja með, mörg hundruð þús. kr., og það er gefinn hlutur, að þótt það sé innheimt af barnsfeðrunum, verður mjög erfitt að *ná því í einu lagi svo löngu eftir á*. Ég tel þess vegna, — þó að færa megi viss rök fyrir því, að þessi hækkun, sem frv. ákveður, sé ekki ósanngjörn, — að þetta muni vera illframkvæmanlegt að þessu leyti, svo framarlega sem ætlazt er til, að sveitarsjóðirnir standi undir þessu. Það er ljóst, að þetta nær ekki einungis til Rvíkur, heldur einnig til allra annarra sveitarfélaga. Ég vil því áskilja mér rétt og tækifæri til þess að bera fram brtt. við þetta ákvæði frv. Þó að ég geti fallizt á, að málsmeðferðinni sé hraðað, þá vil ég vænta þess, að menn hafi færi á því að bera fram brtt. Ég hef verið að láta athuga, hversu miklu fé þetta mundi nema, en ég veit það ekki enn. Ég gæti trúað, að ég gæti verið búinn að fá vitneskju um það í fyrramálið og væri þá tilbúinn að bera fram brtt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Bjarni Benediktsson: Ég boðaði hér við 1. umr. málsins, að ég mundi bera fram brtt. Ég hef að vísu samið brtt. En ég vil, að þær geti komið prentaðar, og *áskil ég mér rétt til* þess við 3. umr. að bera brtt. fram þá þannig. Og með tilliti til þess mun ég fylgja því, að samþ. frv. nú óbreytt til 3. umr. En brtt. munu liggja fyrir prentaðar á morgun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 628, 691).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 691. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 691.

Af þeim mönnum, sem daglega fjalla um þau mál, sem hér um ræðir, eru þau talin ákaflega erfið í framkvæmd. Annars vegar er að reikna út dýrtíðaruppbótina mánaðarlega og hins vegar borga út féð. Af þessu stafa miklir erfiðleikar um land allt, og verða barnsmæður að ganga eftir meðlagi með börnum sínum á nokkurra mánaða fresti.

Vil ég því leggja til, að tekinn sé upp sá háttur, að *ríkisstj. sé heimilað* að ákveða um greiðslur þessar og um hámark meðlaga. Nái þetta til áranna 1942—'43. Hér er um miklar fjárhæðir að ræða, sem að mestu lendir á opinberum sjóðum að greiða, því að oft er erfitt að innheimta þessar upphæðir, ekki sízt, þegar um drátt er að ræða á kröfu um meðlag.

Tel ég það mjög mikilsvert, að barnsmæður og börn hafi svona lög sér til stuðnings, og er það *mjög sanngjarnt* ekki sízt nú í vaxandi dýrtíð og vegna þeirra örðugleika, sem hún skapar. Það er meginhugsun frv. Með þessu móti er hægara um allar framkvæmdir. Hér er um að ræða útgjöld, sem nema frá ½ og upp í 1 millj. kr. Það er miklum vandkvæðum bundið að samþykkja frv. án þess að taka brtt. mína til greina. Hún bætir það stórlega og færir í það horf, sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Mér kom það á óvart, að hv. 6. þm. Reykv. skyldi flytja brtt., sem alveg umskapar frv., og hafði mér skilizt annað eftir umr., sem fram fóru í allshn.

Mér virðist það orka mjög tvímælis að láta l. orka svona langt til baka. Nú hefur hv. 6. þm. Reykv. horfið að því ráði að flytja brtt., sem gerbreytir frv. Ef hún nær samþykki, verður það á valdi *ríkisstj.* að ákveða hve háa upphæð skuli greiða. En það er hið mesta öryggisleysi fyrir viðkomendur, að hún ákveði það, hve meðlagið skuli vera hátt. Það á heldur að ákveða það með lögum, og er það eðlileg krafa, að þetta fólk, sem hér á hlut að máli, njóti sama öryggis og annað fólk, sem greiðslu fær frá því opinbera, þótt þessi hv. þm. telji viðkomandi sveitar- og bæjarstj. bezt færar um að dæma um, hversu há meðlögin eigi að vera.

Nú er það svo, að *gengið er út frá þeim upp*hæðum, sem voru fyrir stríð í þessu efni. Og ég geri ráð fyrir, að þær hafi verið ákveðnar að mjög vel rannsökuðu máli. Og í þessu frv. er ekki farið fram á neitt annað heldur en það, að þessar greiðslur séu hækkaðar nákvæmlega í samræmi við aðrar greiðslur þess opinbera. Á meðlagsupphæðina, eins og hún var ákveðin 1940, á að bætast 10% og svo vísitöluhækkun að vera gerð á þeirri upphæð, sem þá kemur fram. Og þetta samsvarar því, að það væri greidd uppbót á meðlagsupphæðina eins og hún var ákveðin 1937 og svo verðlagsuppbót. Hér er því ekki um neina ósanngirni að ræða, heldur ekkert annað en það, að þessar mæður fái sömu upphæðir eins og aðrir, sem njóta greiðslna frá hinu opinbera.

Annað atriði, sem fært hefur verið fram sem rök á móti því, að þessi háttur væri upp tekinn, — sem hefur nú samt verið viðurkennt af öllum, að væri sanngjarnt að taka upp — er það, að með þessu móti mundi vera gert erfitt í framkvæmd að afgreiða þessi meðlög. Og skilst mér, að þá sé átt við það, að oddvitar eigi erfitt með

að reikna þessar upphæðir út. Mér finnst satt að segja seilzt nokkuð langt til röksemda, þegar slíkt er borið fram sem röksemd. Því að þetta er mjög auðvelt fyrir oddvita og jafnauðvelt að fást við og aðrar greiðslur þess opinbera. Formenn hvers einasta smáverkalýðsfélags í landinu verða t. d. að reikna kaup út samkv. vísitölu á hverjum mánuði. Hver einasti verkstjóri verður að gera þetta einnig. Og hver oddviti verður að gera þetta líka, sem hefur með höndum einhverjar greiðslur, sem reikna skal vísitöluuppbót á. Og slíkur reikningur er ekki erfiðari í þessum tilfellum, sem hér er um að ræða, heldur en í öðrum tilfellum, svo sem þegar um kauptaxta er að ræða.

Ég vil þess vegna mjög eindregið óska eftir því, að hv. þd. vildi fallast á að samþ. frv. þetta óbreytt eins og það kom frá allshn.

ATKVGR.

Brtt. 691,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, IngP, LJóh, MJ, ÞÞ, BBen.

nei: HG, HermJ, KA, PHerm, BSt, BrB, StgrA.

3 þm. (GÍG, JJ, PM) fjarstaddir.

Brtt. 691,2 tekin aftur.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 628, n. 729).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Það liggur hér fyrir nál. frá allshn. á þskj. 729, og n. leggur til einróma, að frv. verði samþ. Þó hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Hins vegar er mér ekki kunnugt um, að nokkrar brtt. séu komnar fram við frv. enn. En aðalefni frv. er aðeins það að bæta upp með 10% uppbót meðalmeðgjöf þá með óskilgetnum börnum, sem ákveðin er með auglýsingu félmrn. dags. 6. sept. 1940, og að á meðgjöf þessa skuli greiða verðlagsuppbót samkv. vísitölu. Með þessu er breytt til hins betra fyrirkomulagi á ákvörðun barnsmeðlaga frá því, sem nú er.

Þetta mál var til umr. í hv. Ed. og fór breytingalaust gegnum þá hv. d. Og ég býst við, að allir hv. þdm. hafi kynnt sér málið og ég þurfi þess vegna ekki að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 747).

Önnur mál.

I. Stjórnarskipti.

Á 8. fundi í Sþ., 16. des., mælti

forseti (HG): Forseta Sþ. hefur borizt eftirfarandi bréf frá ríkisstjórn Íslands:

„Reykjavík, 16. des. 1942.

Ég leyfi mér hér með að tilkynna yður, herra forseti, að ég hef talið mér skylt að skipa stjórn utan þings, eftir að hafa kannað að árangurslausu allar hugsanlegar leiðir til myndunar stjórnar þingmanna, sem hefðu fyrir fram tryggt fylgi meiri hluta Alþingis.

Var stjórnin skipuð í ríkisráði í dag, og eiga sæti í henni þessir menn:

Forsætisráðherra:
Björn Þórðarson dr. juris., lögmaður.
Fjármálaráðherra:
Björn Ólafsson stórkaupmaður.
Dómsmálaráðherra:
Einar Arnórsson dr. juris., hæstaréttardómari.
Utanríkis- og atvinnumálaráðherra:
Vilhjálmur Þór landsbankastjóri.
Sveinn Björnsson.

Björn Þórðarson.

Forseti sameinaðs Alþingis,
Haraldur Guðmundsson."

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Háttvirtu alþingismenn. — Eins og yður er kunnugt, hefur hið háa Alþingi reynt, að því er virðist til þrautar sem stendur, að mynda stjórn, er fyrir fram hefði stuðning Alþingis. Með því að þetta hefur ekki tekizt, þá hefur herra ríkisstjórinn farið þá leið að skipa menn í ráðuneyti án atbeina Alþingis. Nú hef ég og samstarfsmenn mínir í hinu nýja ráðuneyti tekizt þennan vanda á hendur. Kemur þá væntanlega í ljós, er ráðuneytið ber fram tillögur til úrlausnar brýnustu vandamálunum, hvort hið háa Alþingi vill vinna með því eða ekki.

Ráðuneytið telur það höfuðverkefni sitt að vinna bug á dýrtíðinni, með því fyrst og fremst að setja skorður við frekari verðlagsbólgu, meðan leitazt er við að lækna meinsemdina og vinna bug á erfiðleikunum.

Ráðuneytið ætlar sér að vinna að því, að atvinnuvegum landsmanna, sem nú eru margir komnir að stöðvun, verði komið á heilbrigðan grundvöll, svo að útflutningsvörur verði framleiddar innan þeirra takmarka, sem sett eru með sölusamningum vorum m. a. við Bandaríki Norður-Ameríku. Þá verður einnig þegar í stað að gera þær ráðstafanir um innflutningsverzlun landsins, að henni verði komið í það horf, sem skipakostur landsmanna og ófriðarástandið gerir nauðsynlegt. Enn fremur ber nauðsyn til, að verðlagseftirlitið verði látið taka til allra vara og gæða, sem seldar eru almenningi, og að tryggja í þeim málum svo örugga og einbeitta framkvæmd sem verða má. Jafnframt verða að sjálfsögðu athuguð ráð til að standast þau útgjöld, sem dýrtíðarráðstafanirnar hljóta að hafa í för með sér.

Ráðuneytið mun kosta kapps um að efla og treysta vináttu við viðskiptaþjóðir vorar. Eins og stendur verður lögð sérstök áherzla á vinsamlega sambúð við Bandaríki Norður-Ameríku og Stóra-Bretland.

Ráðuneytið vill eftir föngum vinna að alþjóðarheill. Auðvitað mun það geta sætt mismunandi dómum, hvort því tekst að finna réttar leiðir. Ef hinu háa Alþingi og ráðuneytinu tekst að sameina krafta sína til lausnar framangreindum vandamálum, þá vonar ráðuneytið, að samvinnan verði þjóðinni til hagsmuna.

Að lokum skal þess getið, að fyrirhugað er, að ráðuneytið verði skipað fimm mönnum. En ekki hefur enn unnizt tími til þess að skipa fimmta manninn, sem væntanlega fer með félagsmálin.

Á 12. fundi í Sþ., 4. jan., utan dagskrár, mælti

forseti (HG): Forseta hefur borizt svohljóðandi bréf frá hæstv. forsrh.:

„Hinn 22. desember var tryggingayfirlæknir Jóhann Sæmundsson samkv. tillögu minni skipaður ráðherra í ráðuneyti Íslands, og fer hann með félagsmál.

Þetta er yður, herra forseti, tilkynnt hér með til birtingar fyrir Alþingi.

Björn Þórðarson.

Til forseta sameinaðs Alþingis,
Reykjavík."

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðst. o. fl.

Á 11. fundi í Ed., 9. des., utan dagskrár, mælti

Kristinn Andrésson: Mig langar til að gera tvær fyrirspurnir utan dagskrár. Fyrri fyrirspurnin er til hæstv. ráðh. um það, hvort ríkisstjóri Íslands njóti ekki sérstakrar verndar gegn aðkasti í dagblöðunum. Tilefni þess, að ég spyrst fyrir um þetta, er það, að í Tímanum 8. þ. m. birtist grein eftir hv. þm. S.-Þ., þar sem mér skilst, að farið sé ótilhlýðilegum orðum um ríkisstjóra, þar sem sagt er, að hann hafi gerzt verndari uppivöðsluseggja í þjóðfélaginu.

Hin fyrirspurnin er viðvíkjandi því, að nýlega hefur komið út á forlagi Ísafoldarprentsmiðju Gylfaginning með nútímastafsetningu, gefin út af Vilhjálmi Þ. Gíslasyni. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi veitt þessu athygli, hvort þetta heyri ekki undir sömu lög og útgáfan á Hrafnkötlu og hvort ekki ætti að höfða mál gegn útgefandanum. Ef sá hæstv. ráðh., sem hér er viðstaddur, treystir sér ekki til að svara þessu, þá óska ég eftir, að hæstv. dómsmrh. gæti verið hér viðstaddur, svo að hann gæti heyrt þessar fyrirspurnir.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Viðvíkjandi fyrri fyrirspurninni skal ég upplýsa það, að þetta mál hefur ekki verið tekið fyrir á ráðherrafundi. Annars heyrir þetta að sjálfsögðu ekki undir atvmrh., en ég skal láta hina ráðh. vita um þessa fyrirspurn. Annars veit ég ekki glöggt, undir hvaða ráðh. þetta heyrir, sennilega forsrh. eða stj. í heild.

Hitt atriðið, sem um var spurt, heyrir undir mitt ráðuneyti, og skal ég upplýsa, að ég veit ekki til, að veitt hafi verið leyfi til þessarar útgáfu, sem hv. þm. talaði um, en hafi leyfi ekki verið veitt, þarf þó engan veginn að eiga það sama við og með Hrafnkötlu. Hygg ég, að rætt hafi verið um þetta við skrifstofustjórann í kennslumálarn. og hann ekki talið leyfis þurfa. Þetta skal ég fá upplýst. Annars kemur aðeins til kennslumrn. að upplýsa, hvort leyfi hafi verið veitt, en ákæruvaldið er að sjálfsögðu hjá dómsmrn.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi aðeins spyrja hæstv. forseta, hvort hann gæti ekki hlutazt til um, að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur í d., svo að hann gæti hlýtt á þessar fyrirspurnir.

Bjarni Benediktsson: Ég vil aðeins benda á, að hér er um svo mikilsvarðandi mál að ræða, að eðlilegt væri, að slíkar fyrirspurnir væru bornar fram í þinglegu formi, þannig að ráðh. eigi þess kost að vera viðstaddur og svara þeim að athuguðu máli. Ég vil skjóta því til hv. fyrirspyrjanda, hvort hann vilji ekki nota þá þinglegu aðferð.

Forseti (StgrA): Ég vil taka fram, að þar sem forseta var algerlega ókunnugt um, að þessar fyrirspurnir kæmu fram, var ekki hægt að gera neinar ráðstafanir til, að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur, þegar fyrirspurnirnar kæmu fram. Ég vil taka undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að réttast væri að koma formlega fram með þessar fyrirspurnir, en ekki koma aðeins með þær utan dagskrár.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ég skal taka til athugunar það, sem komið hefur hér fram, og í öðru lagi vil ég bæta því við, að þótt ég gerði þessa fyrirspurn um Gylfaginningu, þá er langt frá, að ég telji réttmæt þau l., sem hér er um að ræða, og ég geri ráð fyrir, að borið verði fram frv. hér á þingi um, að þau verði afnumin.

Á 13. fundi í Ed., 11. des., utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Jakob Möller): Það var á fundi í þessari hv. d. s. l. miðvikudag, að hv. 7. landsk. gerði tvær munnlegar fyrirspurnir til stj. Ég var fjarstaddur og gat því ekki svarað.

Aðalfyrirspurnin hefur nú verið tekin hér upp á dagskrána og mun því verða rædd, er þar að kemur. Hinni vildi ég nú gjarnan fá tækifæri til að svara. Sú er um útgáfu Gylfaginningar. Spurningin er um það, hvort dómsmrn. sé kunnugt, hvort komin sé út á vegum Ísafoldarprentsmiðju Gylfaginning, og upplýst hefur verið hér í hv. d., að bókin hafi verið gefin út án leyfis ríkisstj. og því gagnstætt l. um útgáfu slíkra rita. Og eðlilegt er því, að fyrirspurn komi um það, hvort sama gildi um útgáfu þess rits og um útgáfu Hrafnkötlu, sem höfðað var mál út af fyrr á árinu.

Málið hefur ekki verið athugað ýtarlega að svo stöddu. En ég álít, að það hljóti að vera ákaflega svipuðu máli að gegna um útgáfu þessara tveggja rita. Hins vegar er svo ástatt, að það er, eins og kunnugt er, nokkuð um það deilt, hvernig endanlegur dómur muni falla út af Hrafnkötlu. Því máli var áfrýjað til hæstaréttar, en dómur þar er ekki fallinn. Það þykir því eðlilegt að fresta aðgerðum í síðara málinu, þangað til dómur er fallinn í því fyrra, því að ég lít svo á að svo stöddu, að þar sé svipuðu máli að gegna. Bæði ritin eru gefin út án þess að leitað hafi verið heimildar til þess hjá ráðuneytinu; það álít ég, að sé höfuðatriðið.

Úr því að ég tók til máls út af þessu máli, og þó að hin fyrirspurnin snerti að vísu — a. m. k. í einu tilliti — meira verksvið forsrh., vil ég vekja athygli á því, að þó að það sé vafalaust, að ríkisstjóri eigi að njóta verndar gegn aðkasti í blöðum, þá er hitt einnig víst, að eins og stjskr. mælir fyrir, að konungurinn og þá líka ríkisstjórinn sé friðheilagur, þá er það einnig svo um þm., meðan þeir eiga sæti á Alþ. Það er ekki heimilt að höfða mál gegn þm., meðan þeir eru á Alþ. Þess vegna er þessi fyrirspurn ekki alls kostar tímabær.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Ég vil aðeins í tilefni af þeim málum, sem hefur verið minnzt á utan dagskrár, skýra frá því, að þegar fyrirspurn þessi kom út af Gylfaginningu, þá svaraði ég því til, að mér væri ekki kunnugt um, að neitt leyfi væri gefið fyrir slíkri útgáfu. Mér hefur verið tjáð síðan, að um þetta mál hafi verið nokkuð

rætt. Bæði útgefandi og höfundur bókarinnar voru í nokkrum vafa um það, hvort leyfi þyrfti til útgáfunnar. Hér er um að ræða bók um ákveðinn höfund og sýnishorn af ritmennsku hans og að vísu tekinn alllangur kafli úr einu af ritverkum hans. Mundi því vera vafi á, hvort hér væri um útgáfu fornrits að ræða. Það var því talað við skrifstofustjóra kennslumálaráðuneytisins um þetta, og nokkur vafi, sem á lék um það, hvort leyfið þyrfti eða ekki, mun hafa orðið til þess, að ekki var sótt um leyfið. Nú hefur mér ekki tekizt að ræða við skrifstofustjóra um þetta, og get ég því ekki sagt um, hvað þeim hefur farið á milli, útgefanda bókarinnar og skrifstofustjóranum. En ritið er gefið út þannig, að viðkomendur vildu fylgja lögum og reglum í þessu efni. Þeir höfðu fulla ástæðu til að halda, að þeir hefðu munnlegt leyfi frá skrifstofustjóranum. Og ég get hætt því við, að ég mundi hiklaust hafa gefið leyfið, ef til minna kasta hefði komið.

Mun ég ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni. Málið hefur verið á döfinni í kennslumálarn., og mun fljótt vera hægt að upplýsa það algerlega.

Á 12. fundi í Sþ., 4. jan., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Við höfum í jólafríinu heyrt tilkynningu ríkisstj. um það, sem hún hefur framkvæmt í dýrtíðarmálunum. Ég þykist kunna vel að meta þá byrjun, sem þar er orðin, en það eru nokkur atriði í sambandi við þessi mál, sem mig langar til að fá nánari upplýsingar um en komið hafa fram í tilkynningunni og eingöngu snerta fjárhagshlið málsins, sem sé þá hlið, sem snýr að ríkisvaldinu beint. Það hefur verið tilkynnt lækkun á kjöti, smjöri, kolum og eggjum og sennilega vefnaðarvörum. Það er upplýst, að við lækkunina á kolum og eggjum verður ríkissjóður ekki fyrir búsifjum, en hins vegar er það bert af tilkynningu ríkisstj., að hann stendur á bak við hinar lækkanirnar með fjárhagslegar ábyrgðir. Það væri æskilegt, að það kæmi fram um smjörið, hve mikil árssalan er í landinu, og þá enn fremur, hve hátt verðjöfnunargjald ríkissjóður getur tekið af hverju kílói innflutts smjörs. Má vel vera, að ríkisstj. hafi ekki getað komið við fullkomnum rannsóknum á þessu, en það væri æskilegt að vita.

Ég vil þá líka spyrja, hvernig ríkisstj. hugsi sér að koma fyrir verzlun á erlendu smjöri.

Hitt atriðið er um það, hve mikið fé hafi verið notað samkv. heimildum í dýrtíðarl. frá 1941 og hve miklu fé er búið að ráðstafa með því, sem gert hefur verið nú. Ég hafði fengið dálitlar upplýsingar fyrir áramótin í fjmrn. Þá var búið að borga 3800000 kr., en heimildirnar hljóða upp á 5 millj., og svo til viðbótar það, sem aflað er með viðbótartekjuskatti, en hann er kannske rúm millj., og svo útflutningsgjaldið, sem til hefur fallið. Þessar 5 millj., að viðbættum þeim tveim tekjustofnum, sem ég hef nefnt, er það, sem úr er að moða.

Ég vildi vekja athygli á þessu, og væri æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. gæti gefið þessar upplýsingar sem fyrst, bæði hvað dýrtíðarsjóðurinn hefur miklar tekjur, hvað búið er að ráðstafa miklu og hvað það kostar, sem eftir er að greiða. Ég hygg, að þetta sé orðið svo hátt, að e. t. v. sé búið að ráðstafa meiru en fyrir hendi er. Athugasemdir mínar ber ekki að skoða sem neina gagnrýni, en ég álít það æskilegt fyrir sambúð ríkisstj. og þingsins, að sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir um notkun slíkra heimilda. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. vilji taka sér frest til að svara þessu, og finnst það eðlilegt.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Fyrirspurn hv. 2. þm. S.-M. kom mér á óvart, þó að ríkisstj. mætti að sjálfsögðu vænta þess að verða krafin um skýrslu um gerðir sínar fyrir nýár. En af því að stj. vissi ekki um þetta fyrirfram, bjó hún sig ekki út með nákvæm gögn. Hæstv. atvmrh., sem a. m. k. fyrri liðurinn heyrir undir, gat ekki tímans vegna sótt þennan þingfund, og þykir mér því vænt um að heyra, að hv. fyrirspyrjanda þykir eðlilegt, að ríkisstj. taki sér frest til svara. Upplýsingarnar verða fyrir hendi á morgun, og ef ég hefði vitað um fyrirspurnina, hefði ég getað svarað fyrri liðnum með t. d. 10 mínútna fyrirvara.

Á 41. fundi í Nd., 25. jan., utan dagskrár, mælti

atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Fyrir nokkrum dögum bar hv. 2. þm. N.-M. fram fyrirspurn til ríkisstj. um nokkur atriði, og mér er ánægja að geta orðið við því nú að gefa svör við þessum fyrirspurnum.

Í fyrsta lagi var spurt, hverjar hafi orðið tekjur þær, sem hafa orðið vegna l. um aðgerðir gegn dýrtíðinni. — Samkv. bráðabirgðauppgjöri hafa tekjur orðið þannig, að skattauki er þegar innborgaður 803298 kr., og 10 % útflutningsgjald er áætlað, að muni nema 1500000 kr. Þetta hvort tveggja eru 2 milljónir 303 þúsund og nokkur hundruð kr.

Í öðru lagi var spurt um, hvað ég hefði greitt út til lækkunar á dýrtíðinni samkv. sömu lögum. — Í fyrsta lagi hefur verið greitt til lækkunar á kolum til kolakaupmanna kr. 157407.05. Í öðru lagi var greitt til lækkunar á fiski til fisksala kr. 37696.35. Í þriðja lagi hefur verið greitt til lækkunar á smjörlíki til smjörlíkisverksmiðjanna kr. 329128.30. Í fjórða lagi var greitt til lækkunar á tilbúnum áburði til áburðarverzlunar ríkisins 1 millj. kr. Það er ekki endanlega búið að ganga frá reikningum áburðarsölunnar, svo að ekki er vitað, hvort upphæðin kann að breytast örlítið til hækkunar eða lækkunar. — Þessar greiðslur nema samtals kr. 1524231.70. Einnig var spurt, hvað hefði verið greidd mikil uppbót á framleiðsluvörur bænda. — Greiðsla samkv. þáltill., sem gerð var 23. maí 1942, nemur: Í fyrsta lagi á gærum, framleiddar 1941, kr. 2096444.41. Í öðru lagi á garnir, framleiddar 1941, kr. 398853.18. Ógreitt er, nú þegar útreiknað, fyrir ull framleidda 1941, — miðað við það markaðsverð, sem nú er hægt að fá fyrir ullina —, áætlað kr. 1991908.58. Greiðsla samtals, samkv. þessari nefndu þáltill., kr. 4487206.17.

Greiðsla samkv. þáltill. 31. ág. 1942 er áætluð, en ekki innt af hendi, — miðuð við það markaðs-

verð, sem nú er bezt vitað um —, kr. 5332441.00. Gærur eru á sama hátt áætlaðar kr. 8781696.00. Greiðsla vegna kjöts er áætluð kr. 6000000.00. Þetta, þannig áætlað, gerir samtals 20 millj., 114 þús. og nokkur hundruð kr.

Ég vil geta þess, að þessi áætlun, sem ég hef frá skýrt, er miðuð við markaðsverð, sem álitið er, að sé réttast nú. En að sjálfsögðu getur það breytzt, áður en til endanlegrar greiðslu kemur. Og líka vil ég geta þess, að ekki er endanlega gengið frá því til fullnustu, hvernig þetta uppgjör fer fram.

Þá er líka fyrirspurn um það, hversu mikið mundi verða greitt samkv. þáltill. 1942, um greiðslu til að lækka verð á síldarmjöli. Þetta liggur ekki fyrir. Það er ekki búið að greiða nema örlítið af þessu enn, en þykir sennilegt að áætla, að þessi upphæð muni nema 1800000 kr. Þó getur sú upphæð breytzt eitthvað til hækkunar eða lækkunar, sennilega frekar til lækkunar.

Þá er enn spurt um, hvað ríkisstj. geri ráð fyrir, að kosta muni í útgjöldum sú krónulækkun, sem gerð var um áramót á kjöti í innanlandssölu. Samkv. upplýsingum kjötverðlagsn. eru um áramótin á að gizka 4 þús. tonn af kjöti í landinu. Það er talið sennilegt, að ef ekki hefði verið neitt gert til þess að auka kjötsöluna innanlands, mundi á að gizka helmingur af þessu hafa verið eða verða fluttur út og hinn helmingurinn seldur hér heima. Þannig mætti sennilega gera ráð fyrir, að um 2 þús. tonn hefðu farið á innanlandsmarkað og kostað þannig ríkissjóðinn 2 millj. kr. Nú er það von sumra, m. a. mín von, að kjötneyzlan í landinu aukist og því minnki útflutningur, og vaxi sá hlutur, sem seldur er innanlands. En af því leiðir, að búast má við, að heildarupphæðin, sem fæst fyrir kjötið, verði hærri, eftir núverandi útliti um verðlag erlendis, og verði því af breytingunum hagnaður fyrir ríkissjóð.

Loks er spurt um smjörframleiðsluna. Ég skal upplýsa, að á árinu 1942 er talið, að framleiðsla smjörs í mjólkursamlögum, rjómabúum og smjörsamlögum hafi numið sem næst 142 tonnum. Og smjör, framleitt á heimilum bænda, mundi nema ca. 120 tonnum. Sú tala er að vísu mjög ágizkuð, því að ekki liggja fyrir neinar skýrslur enn. En þetta gerir þá samtals 262 tonn. Um hagnaðinn af innfluttu smjöri er ekki, sem stendur, hægt að upplýsa, hve miklu nemur, því að enginn veit, hve mikið hefur verið flutt inn. En mér hefur reiknazt svo til, að gera mætti ráð fyrir álíka miklum hagnaði á hvert kíló smjörs, sem flutt er inn í landið og selt, eins og niðurborgun ríkissjóðs nemur á kíló af smjöri, framleiddu hér.

Með þessum svörum álít ég, að ég hafi látið háttv. þingmanni og öðrum þm. í té þær upplýsingar, sem beðið var um.

Eysteinn Jónsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir ýtarlegar upplýsingar til andsvara fyrirspurnum mínum. Ég vildi aðeins vekja athygli bæði stjórnarinnar og Alþ. á einu atriði. Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir, að tekjur samkv. l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni mundu nema 7 millj. og 300 þús. kr., þ. e. a. s. 5 millj. úr ríkissjóði og 2 millj. og 300 þús. kr., sem sérstaklega er aflað. Hæstv. ráðh. hefur upplýst ýtarlega, hverju búið er að ráðstafa, bæði til þess að halda niðri dýrtíðinni og styðja framleiðsluna. En þá er spurningin, sem bæði ríkisstj. og Alþ. þurfa að gera sér grein fyrir, hve mikið af þessum greiðslum hefur verið innt af hendi samkv. heimild í dýrtíðarlögunum og hvað samkv. öðrum heimildum. Mér skildist hæstv. ráðh. telja þær greiðslur, sem nú þegar hafa farið fram til uppbótar á afurðir ársins 1941, og einnig greiðslur fyrir síldarmjöl á s. l. ári, inntar af hendi samkv. sérstakri þáltill., og því heimild dýrtíðarl. óviðkomandi að því leyti. Ég játa, að ég hef ekki athugað þetta svo gaumgæfilega, að ég geti sagt, hverjar skoðanir ég hef á þessu. En ég hafði þó fremur gert ráð fyrir því, að enda þótt Alþ. afgreiddi sérstaka þáltill. um að inna af hendi þessar greiðslur ársins 1941 og síldarmjölsgreiðslurnar, þá væri það hugsunin frá Alþ. hálfu, að slíkt kæmi undir þær heimildir, sem voru gefnar. Þetta hefur kannske ekki svo raunverulega þýðingu, en þó er það þannig, að ef þessi skilningur ræður, að allar þessar greiðslur séu óviðkomandi dýrtíðarl., þá eru ónotaðar af heimildum dýrtíðarl. á fimmtu millj. kr., þegar þær dýrtíðarráðstafanir hefjast, sem nú er verið að gera. En ef skilningur manna á þessum greiðslum verður sá, að þetta heyri undir tekjuöflun samkv. gömlu dýrtíðarl., — enda þótt sérstaklega sé skorað á ríkisstj. —, þá er nú í raun og veru fullnotuð heimild laganna.

Finnur Jónsson: Ég tók eftir, að hæstv. atvmrh. taldi greiðslur samkv. dýrtíðarl. kr. 1524231.70. En þá er meðtalin greiðsla vegna tilbúins áburðar. Ef ég man rétt, var þessi greiðsla afgr. hér með sérstakri þáltill., en ekki með sjálfum dýrtíðarl.

Ég vil enn fremur gera örlitla aths. við þessar upphæðir, sem þarna hafa verið greiddar úr ríkissjóði. Þegar þetta mál var til umr., hygg ég að því hafi verið slegið föstu, að upphæðin, sem greiða þyrfti vegna tilbúins áburðar, væri ekki 1 millj. kr., heldur 500 þús. kr., og litur þess vegna út fyrir, að upphæðin hafi verið greidd helmingi hærri en Alþ. ætlaðist til. Ég vil spyrja hæstv. atvmrh., í hverju þetta muni liggja. Mig minnir, að á sumarþinginu kæmi fyrir fjvn. bréf frá Eimskipafélagi Íslands til áburðarverzlunar ríkisins, þar sem krafizt var farmgjalda, nokkuð á 4. hundrað þús. kr., og væri álits fjvn. leitað um það, hvort rétt væri að greiða þennan reikning. Í þessu bréfi var útreiknað, hve margar ferðir „Fossarnir“ hefðu farið til Ameríku, hve margar smálestir voru fluttar í hverri ferð, og kostnaði deilt jafnt á hverja smál., hvort sem flutt var mjölvara, tilbúinn áburður, eða einhver kassavara, sem venjulega er tekin miklu meiri fragt fyrir. Ég hygg, að fjvn. hafi ekki afgr. þetta, en formanni hafi verið falið að tala við ríkisstj. og það hafi verið almennt álit fjvnm., að ekki næði neinni átt að reikna flutningsgjald af tilbúnum áburði á þessum tíma, eins og „Eimskip“ ætlaðist til — mig minnir 325 kr. á smálest —, en fyrir kornvörur á sama tíma 130 kr. á smál., að eg ætla.

Ef innifaldar eru í þessari milljón, sem ráðh.

nefndi, þessi nokkur hundruð þúsund kr. til Eimskipafélagsins (að nokkru leyti auka-fragtgreiðsla), þá er sú aukagreiðsla borguð, án þess að nokkur þingheimild liggi fyrir, og í rauninni gegn mótmælum fjvn. Og ég vildi mjög alvarlega fara þess á leit við hæstv. atvmrh., að þetta mál yrði athugað nánar.

Þá vildi ég spyrja hæstv. atvmrh. í sambandi við það, sem fyrirhugað er um verðlækkun á smjöri, hvort stjórnin hafi tekið til athugunar, hvort ekki ætti að skammta smjör. Það hefur sýnt sig með aðrar vörur, sem byrjað er að selja undir verði, að þær hafa verið misnotaðar, ef ekki hefur jafnframt verið haldið eitthvað í um úthlutun á þeim. Og mér er næst að halda, að sú verðlækkun, sem fyrirhuguð er á smjöri, geti orðið til þess, að haft yrði með röngu nokkurt fé af ríkissjóði, ef ekki verður jafnframt tekin upp skömmtun. Ég sé ekki ástæðu til að rökstyðja þetta nánar, því að það virðist liggja nokkuð í augum uppi.

Í þriðja lagi langar mig að spyrja hæstv. atvmrh., út af ummælum í Tímanum, sem kom út laugardaginn 23. jan., hvort það gæti haft við rök að styðjast, sem borið er þar á dómn. í verðlagsmálum, að hún hafi leyft allvíðtæka verðhækkun á vörum úti um land. Ríkisstj. gaf út sérstaka tilskipun 19. des., þar sem svo er að orði komizt, að bannað væri með öllu að hækka vöruverð í landinu frá því, sem var hinn 18. desember, og skyldi útsöluverð á vörum haldast eins og það var lægst á hverjum stað hinn 18. des. s. l. og þar til 28. febrúar n. k. Þessi auglýsing var alveg skýlaus. Þess vegna verður ekki hægt að álíta annað en það sé lagabrot að hækka verð á vörum. En í Tímanum er svo að orði komizt, með leyfi hæstv. forseta:

„Um hækkanir matvara, sem rætt er um í bréfinu, er það að segja, að þær eru allar gerðar með samþykki dómnefndar í verðlagsmálum og hafa viðar átt sér stað. Liggja til þeirra þær orsakir, að vörur þær, sem komu til landsins undir lok ársins, voru allmiklu dýrari en þær, sem áður voru fluttar inn. Hér í Rvík var farið að selja þessar dýrari vörur, áður en verðfestingarlög stjórnarinnar gengu í gildi, en þær voru þá ekki komnar til ýmissa hafna úti á landi. Veitti dómnefndin því leyfi til, að verðið mætti hækka, eins og áður segir, þegar sala þeirra byrjaði, svo að verzlunarfyrirtæki úti á landi byggju eigi við önnur og ranglátari kjör en verzlunarfyrirtæki í Reykjavík."

Nú hefur það verið upplýst hér af hálfu hæstv. ríkisstj., — og ég hygg ekki, að ég brjóti neina leynd, þó að ég segi frá því, — að ekki hafi komið fram kröfur til ríkisstj., að einni vöru undanskilinni, frá þeim, sem selja vörur, um það að fá hækkanir af þeim ástæðum, að vörur hér í landi væru seldar undir verði. Ef þessar upplýsingar Tímans væru réttar, virðist mér upplýsingar um þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið á þingmannafundi, hafa verið algerlega rangar. Ég vil ekki gera ráð fyrir, að svo sé, og heldur ekki gera ráð fyrir, að það sé rétt, sem stendur í Tímanum, að dómnefnd í verðlagsmálum hafi gefið leyfi til vöruhækkana þvert ofan í l. og þvert ofan í tilkynningu, undirritaða af sjálfum ríkisstjóranum. En ef hér er með rangt mál farið í þessu blaði, þá tel ég, að hér sé um svo mikilsvert atriði að ræða, að hæstv. ríkisstj. hljóti að gefa út um þetta yfirlýsingu til Alþ. Ég tel ekki, eins og tímarnir eru í landinu og eins og hæstv. ríkisstj. hefur lagt ríka áherzlu á stöðvun hækkunar á vöruverði, að hæstv. ríkisstj. geti sætt sig við að liggja undir því ámæli að hafa látið óátalið gagnvart dómnefndinni, að hún hafi brotið langmikilvægustu l., sem ríkisstj. hefur sjálf lagt ríka áherzlu á, að væru haldin.

Ég vil því spyrjast fyrir hjá hæstv. ríkisstj., hvaða upplýsingar hún getur gefið í þessu máli.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Út af aths. hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) um það, hvernig ég gaf upplýsingar um greiðslur eftir þál. og dýrtíðarl. frá 1941, þykir mér rétt að taka þetta fram:

Ég gaf upplýsingarnar sundurliðaðar eins og ég gerði vegna þess, að ég taldi rétt að gera það á þann hátt. Það hefur verið venja samkv. upplýsingum, sem fjmrn. hefur gefið, að þegar Alþ. gerði ályktanir um fjárgreiðslur án þess að taka sérstaklega fram í þeim, að þær ættu að færast undir einhvern sérstakan lið, þá væru slíkar greiðslur ætíð færðar sem greiðslur samkv. þeirri þál. Samkv. þessari venju hefur það, sem þegar er greitt samkv. þál. frá 23. maí 1942, verið fært á sérstakan lið, „samkvæmt þessari þál." Og það hefur verið gert ráð fyrir að halda þeirri venju og færa allar greiðslur, sem enn eru ekki greiddar, en ætlað er að greiða, undir sérstaka liði samkv. viðkomandi þál. Og þess vegna taldi ég áðan, að greiðsla vegna þál., sem þá var um rætt, væri færð þannig.

Hv. þm. Ísaf. (FJ) hefur hins vegar upplýst hér í d., að það hafi verið sérstök þál. samþ. um lækkun á áburðarverði. Þetta var mér ekki kunnugt um, og verður það að virðast mér til vorkunnar, því að það var löngu fyrir þá tíð, sem ég varð atvmrh. Hins vegar, ef þessi þáltill. hefur verið samþ. um þetta án þess að taka fram, að upphæðin ætti að færast á vissan hátt, sem tekið sé þá fram í þál., þá tel ég eðlilegt, samkv. þeirri venju, sem ég lýsti áðan, að þetta sé fært á þann hátt, sem ég áður lýsti, undir sérstökum lið sem greiðsla vegna sérstakrar þál. Og skal mér vera ljúft að athuga þetta og reyna að sjá um, að þessu verði kippt til betri vegar.

Viðkomandi fyrirspurn sama hv. þm. (FJ) um það, hvernig þessi 1 millj. kr. upphæð hafi orðið til, get ég ekki upplýst nú. En mér skal vera ljúft að athuga það og upplýsa svo síðar. Ég get upplýst það, að 1 millj. kr. var greidd til áburðarverzlunar ríkisins. En hve mikið af því hefur farið til fragtgreiðslu og hve mikið til annarra greiðslna, er mér ekki kunnugt um, eins og stendur. En ég skal fúslega athuga það, og ef ástæður og tækifæri verða til, upplýsa það síðar.

Hv. þm. Ísaf. spurði enn fremur um það, hvort ríkisstj. hefði tekið til athugunar, hvort ekki þyrfti að skammta smjör. Þetta hefur verið tekið til athugunar nokkuð. En niðurstaðan af því hefur hingað til verið sú, að ekki sé brýn ástæða til að gera þetta. Og vil ég upplýsa hv.

d. um það, að svo undarlega hefur brugðið við, a. m. k. sums staðar, að smjörbirgðir í verzlunum hafa vaxið verulega eftir áramótin, eftir að kunnugt var um þessar aðgerðir þess opinbera. Og meðan svo er, virðist varla vera ástæða til að grípa til skömmtunar á smjöri. Hins vegar hefur ríkisstj. fullkomlega opin augu fyrir þessu og mun fylgjast með ástandinu í því efni. Og ef að hennar dómi virðist brýn þörf á skömmtun á þessari vöru, mun sú skömmtun vafalaust verða gerð.

Loks var sami hv. þm. með fyrirspurn út af einhverjum ummælum í Tímanum. Ég verð að segja, að ég hef ekki lesið þessa Tíma-grein, en ég heyrði, hvað lesið var. En með því að hæstv. viðskmrh. er hér fjarstaddur í dag vegna lasleika og þetta mál heyrir undir hann, vildi ég mega mælast til þess, að svör um þetta megi bíða, þangað til hann er hér mættur.

Pétur Ottesen: Mér þykir ástæða til, af því að hér hafa verið leidd inn í þessar umr. afskipti fjvn. af greiðslum úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á tilbúnum áburði á árinu 1942, að gefa dálitlar upplýsingar um þetta atriði.

Ég held, að það sé rangminni hjá hv. þm. Ísaf. (FJ), að nokkur þál. hafi verið samþ. út af þessu máli. En á síðasta aðalþingi, sem hófst eftir áramótin í fyrra, skrifaði þáv. landbrh., Hermann Jónasson, fjvn. bréf, þar sem leitað er álits n. um það, hvað hún segi við því, að ríkissjóður leggi fram fé til þess að halda niðri verði á tilbúnum áburði á því ári með þeim hætti að greiða þá hækkun, sem orðið hafði á flutningsgjöldum á áburði frá því árið áður. Þetta mál hefur komið hér til umr., og ég vil lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, bréf, sem fjvn. skrifaði landbrh. út af þessari fyrirspurn til fjvn. Það er dagsett 27. febr. 1942 og hljóðar svo:

„Landbúnaðarráðherra hefur með bréfi dags. 10. þ. m. skrifað fjárveitinganefnd um fjárveitingu úr ríkissjóði á þessu ári til þess að halda niðri verði á tilbúnum áburði, þannig að hægt verði að selja áburðinn fyrir svipað verð og á síðast liðnu ári. Er gert ráð fyrir, að til þess að svo megi verða, þurfi að veita úr ríkissjóði um 500 þús. kr. Hækkun á áburðarverðinu stafar af hvoru tveggja, hækkun á innkaupsverði og hækkun á flutningsgjaldi. Að því er hækkun á flutningsgjaldi snertir, þá hefur framkvæmdastjóri áburðareinkasölunnar, Árni G. Eylands, tjáð fjárveitinganefnd, að flutningsgjald á áburðinum frá Ameríku muni verða 25 dollarar á smálest, en aftur á móti sé flutningsgjald á sambærilegum vörum, t. d. kornvörum, 20 dollarar á smálest.

Fjárveitinganefnd er því meðmælt fyrir sitt leyti og telur þess þörf, eins og ástatt er, að gerðar verði ráðstafanir til, að útsöluverð á áburðinum þurfi ekki að hækka frá því, sem var á síðast liðnu ári, en teldi æskilegast, að þessu marki yrði náð með því, að ríkissjóður þyrfti ekki að leggja fram í þessu skyni nema allt að 400 þús. kr., en að ríkisstjórnin beitti sér fyrir **því að fá áburðinn fluttan fyrir sama flutningsgjald og aðrar sambærilegar vörur, t. d. kornvörur, en við það sparaðist í flutningsgjaldi um** 100 þús. kr., og væri þar með fenginn grundvöllur undir það, að útsöluverð áburðarins þyrfti ekki að verða, svo að neinu verulegu nemi, hærra en á síðast liðnu ári."

Þetta bréf skrifaði fjvn. ríkisstj. Nú veit ég ekki, hvað kann að hafa verið gert út af þessum ábendingum, sem n. gerir þarna um frekari samninga, að því er flutningsgjöld snertir. Á s. l. sumri barst til fjvn. aftur, eins og hv. þm. Ísaf. minntist á, bréf, þar sem lagður er fram af hálfu stjórnar Eimskipafélags Íslands grundvöllur undir flutningsgjöldin. Þetta bréf var tekið til meðferðar í n., og það mun rétt vera hjá hv. þm. Ísaf., að þessi skoðun, sem hann gat um, hafi komið fram hjá einhverjum nm., en ég minnist ekki, hve margir stóðu að því. En hins vegar var engin ákvörðun tekin í n. út af þessu bréfi né neinar samþykktir gerðar í tilefni af því. Ég vildi aðeins upplýsa þetta hér, af því að afskipti hv. fjvn. af þessu máli hafa verið leidd inn í umr. nú.

Finnur Jónsson: Ég er hv. þm. Borgf. þakklátur fyrir þessar upplýsingar. Ég sé, að mig hefur misminnt, að nokkur sérstök þál. hafi verið samþ. í þessu áburðarmáli. Hitt er aftur rétt hjá mér, að verðlækkunin á áburðinum mun tæplega geta heyrt undir dýrtíðarl. eða verið samkv. ákvæðum eða heimild í þeim.

Ég minnist þess, að þegar þetta mál var til umr. í fjvn., þ. e. a. s. flutningsgjöldin sérstaklega, á sumarþinginu, þá komu fram ýmsar aths. hjá fjvnm. um það, að flutningsgjöldin, sem Eimskipafélag Íslands krefðist fyrir áburðinn, næðu ekki neinni átt í samanburði við flutningsgjöld fyrir aðrar vörur. Mun það rétt vera hjá hv. þm. Borgf., að um þetta mál hafi þó ekki verið gerðar neinar samþykktir í fjvn. Það lá fyrir beiðni um meðmæli með því, að þessi flutningsgjöld yrðu greidd. En slík meðmæli voru ekki gefin í n. Þess vegna hef ég beðið hæstv. atvmrh. að athuga þetta.

Viðvíkjandi því, sem ég skaut hér fram um smjörskömmtunina, þá var spurning mín ekki sprottin af því, að ég óttaðist smjöreklu sérstaklega, heldur af hinu, að ég taldi, að eins og nú kynni að vera um búið, mundi vera hægt að misnota þessa verðlækkun á smjörinu á þann hátt, að menn gætu keypt smjör með lækkuðu verði í búðum og selt það aftur og fengið á það uppbót, meðan smjör er ekki skammtað. Meðan ekki eru gefin nein fyrirmæli um það, hve mikið smjör hver maður megi kaupa, sýnist þessi leið til misnotkunar vera fær. Og ég vil spyrja hæstv. ríkisstj., hvort nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að koma í veg fyrir misnotkun í sambandi við lækkun verðsins á þessari vöru.

Út af fyrirspurn minni um þær ásakanir til dómnefndar í verðlagsmálum, að hún hafi brotið lög landsins og fyrirskipanir hæstv. ríkisstj., vil ég segja, að ég tel það miður farið, að svör við þeirri fyrirspurn þurfi að bíða. Ég fæ skilið, að ríkisstj. í heild mundi ekki fylgjast með svo mikilsverðum atriðum, að svör við þeirri fyrirspurn þurfi að bíða þess, að hæstv. viðskmrh. sé viðstaddur til að svara þessu. Þar sem hér er um að ræða grundvallarstarf ríkisstj.,

viðist harla ólíklegt, að hver sem væri úr ríkisstj. mundi ekki geta sagt, hvort nokkur fótur er fyrir þessum ásökunum eða ekki. Hins vegar, ef svo er ástatt, þrátt fyrir von mína, að enginn viðstaddur úr ríkisstj. treysti sér til að hnekkja þessum mjög alvarlegu ásökunum, verð ég að sjálfsögðu að láta mér lynda að bíða, þangað til hæstv. viðskmrh. kemur.

Eysteinn Jónsson: Það er aðeins örstutt, sem ég vil taka fram út af svari hæstv. atvmrh.

Ég geri ráð fyrir viðkomandi heimildunum, að þær séu fyrir hendi og að þær verði notaðar, verði athugað á sínum tíma, og að það sé ekki mikið atriði á þessu stigi málsins. Þó hygg ég, að mér sé óhætt að segja, að Alþ. hafi gert ráð fyrir, að fé til þess að greiða þau útgjöld, sem þál. gerðu ráð fyrir, þ. e. a. s. þessar fyrri, þál. um verðuppbót á útflutningsafurðum fyrir árið 1941, og síðan þál. um síldarmjölið, gæti ekki komið annars staðar frá en úr þeim sjóði, sem átti að safna í samkv. dýrtíðarl.

En út af smjörverðinu vil ég segja þetta. Ég hygg, að ríkisstj. hafi ábyrgzt bændum, að þeir fái jafnmikið fyrir smjör sitt og áður þrátt fyrir verðlækkunina, sem mig minnir, að sé 6 kr. á hvert kg. Ég geri ráð fyrir, að innanlandsframleiðslan á smjöri sé um 262 smálestir og fari heldur vaxandi. Og ef ríkissjóður tekur á sig þessa verðlækkun, verður það ekki undir 1½ millj. kr. brúttó, sem ábyrgzt hefur verið. Það er þess vegna ekkert lítið atriði, hvernig gengur að fá smjör frá Ameríku.

Vil ég því spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vilji lofa mönnum að heyra um horfur á þessum smjörkaupum, hvort gera má ráð fyrir, að erfitt sé að fá smjör fyrir vestan eða hvort hann heldur að það geti gengið nokkurn veginn hindrunarlaust, eins og þyrfti til þess að vega upp þennan halla. Annars skilst mér, ef hægt er að gera ráð fyrir, að hagnaður verði á hverju kg. smjörs, sem inn er flutt, jafn-mikill því, sem smjör er lækkað hér í verði, að þá þýði það það, að það sé 12 kr. verðmunur á útlenda smjörinu, miðað við það, sem það raunverulega muni kosta okkur, og því, sem hér er gert ráð fyrir um smjörverð til bænda.

En það er aðeins um horfurnar á því að geta aflað útlends smjörs, sem ég vil fá upplýsingar um. Ég veit ekkert um þær, en hef heyrt, að erfiðleikar séu kannske á því.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Út af ummælum hv. þm. Ísaf. um smjörskömmtun er það rétt, að ég tók það þannig, þegar hann bar hana fram, að hann gerði það bara af umhyggju fyrir neytendunum, og ég svaraði fyrirspurn hans með tilliti til þess. En nú hefur hann upplýst, að hann hafi verið meira að hugsa um, að misnotuð yrðu kannske ákvæðin um að borga uppbót á smjör í landinu. Það atriði hefur ríkisstj. haft til yfirvegunar líka. Og ég get ekki neitað því, að töluvert kom það í hug minn, að skömmtun gæti verið trygging fyrir því, sem hv. þm. nefndi, að verðlækkunin kæmi að tilætluðum notum. En við nánari athugun hygg ég, að það sé engin trygging. Þó að farið væri að gefa út smjörseðla til allra þurrabúðarmanna landsins, þá er vitað, að mikill þorri þess fólks af einni eða annarri ástæðu notar smjörlíki, en ekki smjör. Og þá er ekki hægt að vera öruggur um það, að ekki væri hægt að fá gefins seðla til þess að leika þann leik, sem hv. þm. hafði í huga. Þess vegna hygg ég, að smjörskömmtun kæmi ekki að haldi í þessu falli. En atvmrn. er nú að ganga frá reglum fyrir því, hvernig skuli verða háttur upp til framleiðenda þessi verðmismunur á smjörinu, og ætla ég, að þar hafi verið fundið ráð, sem nokkurn veginn dugi til þess að fyrirbyggja, að nokkur misnotkun geti átt sér stað, ef nokkur hætta er á slíku, sem ég hef ekki vissu fyrir, að sé. Þessar reglur ættu að geta orðið gefnar út í dag og geta þá orðið hv. þm. kunnar á morgun.

Um hitt atriðið, að hv. þm. Ísaf. var að ganga eftir því, að ríkisstj. gæfi svar við fyrirspurn hans, ætla ég að halda mér við það, sem ég hef þar um svarað. Og ég hygg, að það sé ekki venja, að hv. þm. krefjist svars við fyrirspurnum skilyrðislaust, strax og þeir bera þær fram. Og ég hygg, að hv. þm. sætti sig við það, þar sem hæstv. viðskmrh. er nú sjúkur, að svar við fyrirspurn hans biði eftir því, að hæstv. viðskmrh. sé hér staddur.

Viðkomandi ummælum hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) um það, hvernig gangi að útvega smjörið, skal ég upplýsa það, að ríkisstj. er þegar búin að gera pöntun á 50 smálestum smjörs, og veit ég ekki annað en það geti gengið sæmilega greiðlega, að það komi hingað til landsins. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að smjörið yrði keypt, og ég hygg, að tryggt sé nægilegt skiprúm til að flytja það hingað. Er það von mín, að ekki verði verulegir örðugleikar á því, að við getum fengið þetta innflutta smjör.

Þá er spurningin um það, hvort við getum fengið nægilega mikið smjör innflutt til þess að geta borgað þann halla, sem ríkissjóður tekur á sig vegna uppbótar til bænda á smjörverðinu.

Á 24. fundi í Ed., 5. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Í þingbyrjun var lögð fram í Sþ. þáltill. um útvarpsfréttir, 3. mál, þskj. 3, þess efnis, að gæta skyldi stranglega, að útvarpið skýrði ekki frá neinu því, er upplýsingar gæfi um íslenzka flotann eða um út- og innflutning landsmanna. Allshn. afgreiddi málið einróma 3. des. með svo hljóðandi nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin var sammála um, að varast bæri eftir megni að útvarpa nokkru því á þessum tímum, er draga mætti athygli óvinaþjóða að siglingum að eða frá landinu og á þann hátt, ef til vill, stuðla að aukinni áhættu íslenzkra farmanna og íslenzkra skipa, en sá er einn tilgangur með flutningi þáltill. á þskj. 3.

Nefndin kom sér því saman um, eftir að hafa kynnt sér bréf útvarpsstjóra til Alþ., dags. 27. f. m., og þó sérstaklega með tilliti til tillögu hans í niðurlagi bréfsins, að afgreiða málið til ríkisstjórnarinnar með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

í því trausti, að ríkisstjórnin, í samráði við ríkisútvarpið og aðra viðkomandi aðila, setji um þetta mál þau ákvæði, er hún telur nauðsynleg og framkvæmanleg, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá."

Málið var því næst afgr. frá Alþ. á þann hátt, sem n. lagði til, og verður því eigi deilt um vilja þess í málinu.

Nú er það bert, að tveir hæstv. ráðh., þeir dómsmrh. og atvmrh., gefa svo áberandi upplýsingar um fiskiflotann í nýársræðum sínum, að það verður engan veginn talið hættulaust, og ganga með þessu fyrstir manna á móti skýlausum fyrirmælum þingsins í málinu. Því vil ég leyfa mér að bera hér fram svo hljóðandi fyrirspurn:

1. Var hæstv. ráðherrum ókunnugt um hinn yfirlýsta vilja Alþ. í þessu máli?

2. Ef þeim var hann kunnur, hvers vegna var þá þingviljinn að engu hafður í þessu viðkvæma máli?

Ég vænti að fá skýr og ákveðin svör hér að lútandi.

Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að minna á, að báðar deildir þingsins gáfu hinni nýju ríkisstj. gleðilega og vel þegna jólagjöf, er samþ. var fyrsta frv. stjórnarinnar með svo miklum hraða, að deila má um, hvort slík málsmeðferð hafi verið þinginu að öllu leyti til sóma. En þingið vildi með þessu sýna samúð sína og samstarfsvilja við hina nýju ríkisstj., til að létta henni fyrstu sporin. Nokkrum dögum síðar gefa tveir hæstv. ráðherrar þessarar sömu ríkisstj. útgerðarmönnum og sjómönnum sínar nýársgjafir: Útgerðarmenn fá kinnhest sinn undir hvorn vanga, sjómenn og þjóðin of lítinn skilning á þeirri þögn, sem þarf að ríkja um flotann, þar sem alheimur hlustar.

Það skal ekki rætt hér mikið um þau óheppilegu orð, sem sögð voru í garð útgerðarmanna. Þau hefðu tvímælalaust betur verið ósögð á áramótum af ráðherrum, sem fyrst og fremst þurfa að tryggja sér samúð og frið allra stétta, ef þeim á að takast að leysa öll stóru málin skammlaust. Hitt skal ekki heldur rætt hér nú, hverjir eru eða verða hinir réttu eigendur fiskiflotans, hvort heldur hann liggur eða aflar. En hitt vil ég benda hæstv. ríkisstj. á, að líf sjómanna vorra er eign allrar þjóðarinnar. Og hvað sem öðru leið, þar að gæta allrar varúðar um þessi mál í útvarpi, einmitt af þeim ástæðum. Og því hefur enginn — og þá ekki heldur ríkisstj. — leyfi til þess að rýra að nokkru leyti það öryggi, sem unnt er að skapa flotanum og áhöfnum hans, en sumt í fyrrnefndum ræðum er beinlínis til að vekja athygli á flotanum og verður að telja líklegt, að einmitt mörg eyru séu opin fyrir áramótaboðskap ríkisstj. á Íslandi nú á þessum tímum.

Í umræðunum um útvarpsfréttir á Alþ. var m. a. bent á af þáv. hæstv. atvmrh., hve erfitt það væri að hafa t. d. eftirlit með því, sem sagt væri í útvarpsræðum á sjálfu þinginu og um stjórnmál almennt. Var þá og bent á, að það yrði að vera lágmarkskrafa til þm., að þeir hefðu sjálfir bæði vit og vilja á því að fara ekki lengra en svo, að landinu stafaði þar engin hætta af á þessum tímum. En lægri kröfur verða ekki gerðar til sjálfrar ríkisstj.

Út af umræðum hæstv. ráðherra um flotann vil ég ekki láta hjá líða að upplýsa, að það er af skilningsleysi, sem auðvelt var að fyrirbyggja með því að kynna sér málið, að halda því fram, að það hlé, sem orðið hefur á siglingum um tíma, sé sjómönnum og útgerðarmönnum að kenna. Meira en helmingur flotans liggur hér til nauðsynlegra viðgerða eftir óvenju langa og mikla notkun, auk þess sem það ætti ekki að vera neitt árásarefni, þótt sjómenn, sem siglt hafa samfellt í 11 mán. á hættusvæði, kysu gjarnan að fá sér hvíld um stund yfir mestu illviðrismánuðina og njóta jólanna líkt og aðrir, úr því að þeir nú hafa ráð á því. Ég held, að það sé ekki heppilegt að álíta slíkan hvíldartíma nokkra tilraun til smáskæruhernaðar, eða annarrar ósanngirni í garð alþjóðar.

Að síðustu vænti ég greinilegs svars frá hæstv. ríkisstj., þar sem það veltur að sjálfsögðu nokkuð á því svari, hvort ástæða þyki til að taka upp á ný strangari reglur um þessi mál þegar á þessu þingi.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Út af fyrirspurn hv. þm. Barð. (GJ) vildi ég segja nokkur orð.

Af því að hæstv. dómsmrh. er hér ekki viðstaddur, vil ég geta þess, að í ræðu hans mun ekki vera neitt það orðalag, sem nokkurt tilefni sé til að kalla ógætilegt. Til þess að rökstyðja þetta vil ég fara með þær setningar úr ræðu hans, sem helzt kæmu þar til mála. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef t. d. sjávarútgerð stöðvast, þá hlyti það að skapa mjög viðtækt atvinnuleysi, ekki einungis meðal sjómannastéttarinnar, heldur miklu víðtækara. Og þá mundi ekki langur tími líða, þar til er taka þyrfti fé, þar sem það er til, til hjálpar hinum atvinnulausu. Og svo er annað ráð líka til. Atvinnutækin, t. d. fiskiskip, gefa engan arð, ef þau eru ekki notuð samkv. ákvörðun sinni. Ríkisvaldið gæti því, ef í harðbakka slægi, tekið þau til sinna umráða leigulaust gegn hæfilegu viðhaldi."

Ég held, að þarna sé ekki neitt, sem kemst í námunda við það að brjóta í bág við þáltill. þá, sem þm. vitnaði í áðan.

Um það, sem ég sagði í útvarpsávarpi mínu, tel ég rétt, að þm. dæmi, er þeir hafa glöggvað sig á því, eins og það var. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það, sem ég sagði um togarana:

„Það er ekki hægt að tala svo um atvinnumál, að ekki sé um leið minnzt á það alvörumál, að togaraflotinn íslenzki hefur legið bundinn við garð um margra vikna skeið. Það þarf ekki að hafa mörg orð til skýringar því, hve alvarlegt það er, ef ekki verður skjótt leyst úr þessum vanda. Togaraflotinn íslenzki hefur um margra ára skeið verið einn aðalframleiðandi íslenzks útflutningsverðmætis. Auk tekjumissis landsins af stöðvun togaranna geta og risið enn alvarlegri framtíðarörðugleikar. Það er því að dómi ríkisstj. lífsnauðsyn, að siglingar þessar hefjist að nýju.

Ég tel mig hafa ástæðu til að vera viss um,

að þegar sjómönnunum íslenzku, þessum görpum, sem eru orðlagðir fyrir hreysti og dug, er ljóst, að aðeins er um tvennt að velja, að sigla ekki eða sigla samkv. þeim óskum, sem fram hafa verið settar af viðskiptaþjóð vorri, þá muni ekki standa á þeim.

Ég vil ekki heldur trúa öðru en að togaraeigendur skilji þá alvarlegu aðkallandi nauðsyn, sem er á því, að togararnir hefji siglingar að nýju, skilji skyldu þá, sem á þeirra herðum hvílir.

Enda færi það þeim ekki vel, sem hafa haft fljótteknari og stórfenglegri gróða á fyrirfarandi árum en líklega nokkrir aðrir hér á landi, — færi þeim sízt vel að leggja árar í bát, — að minnsta kosti ekki fyrr en reynslan sjálf hefur sýnt, hvort tap eða hve mikið tap þarf að verða á siglingunum vegna breyttra aðstæðna.

Það er því von ríkisstj., að siglingar botnvörpuskipanna hefjist þegar næstu daga og með því verði komizt hjá, að grípa þurfi til annarra ráða."

Annað en þetta úr ræðu minni kemur tæplega til mála í sambandi við fyrirspurn hv. þm. Barð. Um það, hvort tímabært sé að láta í ljós, að siglingar þyrftu að hefjast sem fyrst, má taka fram, að það er engin launung á að viðskiptaþjóð vor, sú sem hlut á að máli, leggur hina mestu áherzlu á, að svo verði. Um það, hvort rétt sé að nefna útgerðarmenn á nafn í þessu sambandi og tala um tregðu þeirra, vitnar bréf, sem ríkisstj. fékk 31. des., og lætur þar Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda skýrt í ljós, að það sé sitt skilyrði, „að tryggt sé, að skipin geti borið sig í þessum ferðum, en samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, er ljóst," segir í bréfinu, „að ekki eru líkur til, að önnur en stærstu skipin geti siglt til austurstrandarinnar án taprekstrar, nema unnt sé að lækka útgerðarkostnaðinn að verulegu leyti eða hækka verðið.

Til þess að ná því marki er óhjákvæmilegt, að 10% útflutningsgjaldið verði afnumið, enda þótt afnám þess tolls út af fyrir sig sé hins vegar ekki nægilegt til þess, að minnstu skipin fái borið sig á austurstrandarsiglingum."

Þau orð, sem ég hafði, að ég ætlaðist til, að þeir, „sem hafa haft fljótteknari og stórfenglegri gróða á fyrirfarandi árum en líklega nokkrir aðrir hér á landi," þyrftu sízt að leggja árar í bát, a. m. k. ekki fyrr en reynsla fengist um taprekstur, gefa ekki tilefni til ummæla, sem hv. þm. Barð. virtist hafa um framkomu mína við útgerðarmenn. Þó að hann telji orð mín í garð þeirra ómakleg, verð ég að vísa til þess, sem áður er sagt. Hann hefur skilið orð mín miður rétt, og ég held ég þurfi ekki að svara þessu frekar.

Höfuðatriði er það, hvort ég hafi gefið hættulegar upplýsingar um íslenzkar siglingar. Eins og þm. er kunnugt, hefur verið komið á skoðun á öllum skeytum, sem loftleiðis eru send frá landinu. Þeir, sem annast þessa skoðun, hafa sett reglur um, hvað í loftskeytum megi standa. Orðalag mitt í ávarpinu um siglingarnar var sniðið með það fyrir augum, að það samrýmdist þessum reglum. Vænti ég, að þetta svar nægi hv. þm. Barð.

Gísli Jónsson: Í ræðu hæstv. atvmrh. fólst viðurkenning alls þess, sem ég hélt fram. Þegar tveir ráðherrar segja, að fiskiflotinn hafi stöðvað siglingar sínar, en verði að fara allur af stað næstu dagana, eru styrjaldarþjóðum gefnar hinar háskalegustu upplýsingar. Á hvað skyldu Þjóðverjar hlusta betur en áramótaræður ráðherra? — Þeir hlusta á allt. Það er eins og Þjóðverjum sé sagt að vera nú viðbúnir og senda kafbáta sína eða flugvélar að taka móti þeim skipum, sem nú skulu send út. Slík orð er ekki hægt að taka aftur, því miður, aðeins koma í veg fyrir þau í framtíðinni.

Hefði hæstv. atvmrh. sett sig inn í málin, hefði hann ekki beint þeim orðum til útgerðarmanna, sem hann gerði. Hefði hann vitað t. d., að félag eitt með 690 þús. kr. nettó-tekjur varð á s. l. ári að borga yfir 700 þús. í skatta, hefði hugmynd hans um eftirstöðvar hins „skjótfengna" gróða e. t. v. eitthvað breytzt. Það er ekki von, að hann hafi fylgzt hér með málum á þingi. En hann hefði getað kynnt sér þau. Og sem landsbankastjóri ætti hann eitthvað að vita. Eitt af þeim skipum, sem Landsbankinn „finanserar", tapaði nýlega ekki minna en 110 þús. kr. á 30 daga veiðiför. Þegar svo er búið að taka allt af fyrirtækjunum, annaðhvort í skatta eða binda fé þar, sem ekki má hreyfa það, þá væri sæmra fyrir ráðh. að kynna sér staðreyndirnar, áður en hann kastar fram stóryrðum. Ég veit, að hefði hann gert það, hefði þeim ekki verið kastað fram. — Þjóðin getur ekki starfað, nema útgerð haldi áfram.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Ég get verið fáorður um ummæli hv. þm. Barð., að því leyti sem þau snerta mig, með því að hæstv. atvmrh. hefur lesið það upp úr útvarpsræðu minni á gamlárskvöld, sem ætla má, að hv. þm. Barð. hafi hneykslazt á.

Öllum mönnum með heilbrigðri skynsemi má vera það ljóst, er þeir athuga þau orð í ræðu minni, sem máli virðast skipta í þessu sambandi, að ég hef ekkert sagt eða gefið í skyn, er skert geti öryggi skipa eða siglinga hér, héðan eða hingað á nokkurn hátt. Ég tek einungis til dæmis, hvernig fara mundi, ef sjávarútvegur stöðvaðist hér vegna þess, að hann hætti að svara kostnaði. Af þessu verður engin ályktun leidd um það, að hann sé stöðvaður, og því síður nokkur bending gefin með því um ferðir skipa. Ályktanir í þessa átt eru álíka réttmætar og ef ályktun um hættu fyrir landbúnað væri dregin af dæmi um það, hvernig fara mundi, ef bændur hættu að slá tún sín eða mjólka kýrnar sínar.

Mér er næst að ætla, að hv. þm. Barð. hafi alls ekki hlustað á þau orð, sem ég mælti í útvarp á gamlárskvöld, heldur hafi hann haft sögn annarra, sem misheyrt hafi, misskilið eða rangminnt það, er ég sagði, og hv. þm. virðist hljóta að hafa reist ummæli sín á. Ef svo er ekki, þá er mér óskiljanlegt, hvernig hann hefur getað fengið það út, að ég hafi talað óvarlega, svo að siglingum gæti stafað hætta af.

Gísli Jónsson: Ég ætla ekki að vera að eyða lengri tíma í að deila um þetta mál, enda er þess

ekki þörf, þar sem þau orð, sem hæstv. atvmrh. las hér áðan, eru sönnun þess, að óvarlega var talað. Það var deginum ljósara af samhengi ræðunnar, sem ég sjálfur hlustaði á, að þar var talað um staðreyndir, en ekki um neitt, sem kæmi e. t. v. í framtíðinni.

Ég vil að lokum vænta þess af þeirri ríkisstj., er nú situr, að hún tali ekki jafnóvarlega og hingað til, ekki aðeins vegna flotans, heldur fyrst og fremst vegna mannslífanna. Það er það, sem máli skiptir, úr því sem komið er, þar sem töluð orð ríkisstj. um togaraflotann verða ekki aftur tekin.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, utan dagskrár, mælti

Finnur Jónsson: Ég vil leyfa mér að gera fyrirspurn til hæstv. viðskmrh. — Svo er mál með vexti, að undanfarin tvö ár hafa verið samningar við Breta um kaup á mótorvélum, og þeir, sem pöntuðu þessar vélar, vissu ekki fyrr en nú fyrir nokkrum dögum, að vandkvæði nokkur munu vera á að fá þær, enda þótt þær séu tilbúnar. Ég er ekki viss um, hve margar þessar vélar eru, en hygg, að þær séu á annan tug. Þeir, sem hafa pantað þær, höfðu í hyggju að skipta um vélar í skipum sínum, og ef þessar vélar koma ekki innan skamms, getur það valdið tilfinnanlegum vandræðum. — Það hefur verið tilkynnt, að Bandaríkjamenn hafi í framtíðinni tekið að sér að útvega Íslendingum vélar, en þegar engin trygging er fyrir því, að heppilegar tegundir fáist og enn fremur getur það dregizt lengi, þá vil ég spyrja hæstv. viðskmrh. um, hvað honum er kunnugt um þessi mál, og ef honum er ekki kunnugt um þau, óska þess, að hann afli sér nauðsynlegra gagna og gefi Alþ. skýrslu um þetta.

Ég hef grun um, ef Ameríkumenn taka að sér þessa útvegun, að smábátaútvegurinn bíði allmikla hnekki um lengri tíma.

Ég vona, að hæstv. ríkisstj. beiti áhrifum sínum til þess, að þessar vélar fáist hið fyrsta, til þess að koma í veg fyrir vandræði. Það eru nóg vandræðin hjá smábátaútgerðinni, þótt þetta bætist ekki ofan á.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Ísaf. er það að segja, að ég er talsvert kunnugur þessum málum frá byrjun í gegnum viðskiptanefnd, en ég vil þó kynna mér þetta til hlítar og mun gefa skýrslu því viðvíkjandi nú næstu daga.

Á 72. fundi í Ed., 12. marz, utan dagskrár, mælti

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Ég sé, að hér í hv. d. eru staddir tveir ráðherrar, og annar þeirra er hæstv. atvmrh. Ég vil því gjarnan mega nota tækifærið og beina til hans einni eða tveimur spurningum.

Eins og kunnugt er, var í 31. gr. l. nr. 78 frá 1938 ákvæði um það, að öll íslenzk skip, sem séu í förum milli Íslands og annarra landa, skuli vera með hleðslumerki og hafa þau skýr. Í 2. málsgr. sömu gr. er sú undantekning gerð, að undanskilin eru skip, sem eru undir 150 rúmlestir, og skip, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða o. s. frv. En með l. nr. 38 frá 1942 var þessu ákvæði breytt þannig, að íslenzk skip, sem undantekin séu því að hafa alþjóða hleðslumerki, skuli þó hafa hleðslumerkisborð og hleðsluskirteini; m. ö. o., það átti að setja sérstakt hleðslumerki á togarana og skip, sem flytja fisk á erlendan markað. Samkv. 2. gr. þessara l. frá 1942 var svo fyrir mælt, að atvmrh. skyldi gefa út sérstaka reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis, og ættu l. að koma til framkvæmda, þegar reglugerðin væri gefin út. Mér er kunnugt um, að fyrrverandi ríkisstj. hafði skipað þriggja manna n. til þess að semja þessa reglugerð og afhenda ríkisstj. uppkastið til frekari afgreiðslu. Fyrir nokkru mun þessi reglugerð vera fullsamin og afhent ríkisstj. En reglugerðin mun ekki hafa verið gefin út enn. Sýnist þó full þörf á að hraða þessu máli sem mest, enda mun það hafa verið tilgangur Alþ., þegar l. voru sett, að reglugerðin yrði samin viðstöðulaust á eftir l. Lagaákvæðið var upp tekið, vegna þess að Alþ. þótti nóg um hleðslu togara og annarra skipa, sem sigldu með ísvarinn fisk til Englands. Og síðan l. voru sett, virðist hafa sótt mjög til hins verra í þessu efni. Samkv. gr., sem forseti Fiskifélags Íslands ritaði í „Ægi" 1941, var hleðsla á togurum 130 tonn, en 1942 komst hún í 160 tonn. Mér er kunnugt um, að skipaeftirlitið hefur orðið að skerast í leikinn út af þessu án þess að hafa heimild til þess að l., vegna þess að reglugerðin er ekki komin út. Skipaskoðunin hefur orðið að létta tvo togara, sem voru svo mjög hlaðnir, að ekki þótti viðlit, að slíkt ætti sér stað.

Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort hann sæi sér ekki fært að gefa út þessa reglugerð sem fyrst, og helzt tafarlaust. Þurfi að vera á því dráttur, vildi ég mælast til þess, að hæstv. atvmrh. gæfi á því einhverja skýringu hér í deildinni.

Þá vil ég einnig benda á, að í samræmi við l. nr. 78 frá 1938 hefur verið gefin út reglugerð um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- og hættusvæðinu. Reglugerðin var sett 10. febr. 1943 og er birt í Lögbirtingablaðinu 19. febr. 1943. Í henni eru mjög ýtarleg fyrirmæli um eftirlit með útbúnaði skipa, sem eru í förum á hættusvæðinu. En 8. gr. er ákvæði um, að Skipaskoðun ríkisins skuli hafa eftirlit með því, að fyrirmælum þessarar reglugerðar sé framfylgt til hins ýtrasta, svo að ekkert skip megi fara til útlanda, nema vottorð Skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um, að öll björgunartæki séu í lagi.

Nú er mér kunnugt, að með þeim starfskröftum, sem Skipaskoðun ríkisins hefur á að skipa, er hún með öllu ófær til þess að líta eftir því, að þessari reglugerð sé fylgt. Mér er tjáð það eftir ábyggilegum heimildum. Ég vil því beina því til hæstv. atvmrh., hvort hann sjái sér ekki fært að láta athuga það, hvort reglugerðin raunverulega sé komin til framkvæmda, og hve mikinn mannafla þarf til þess að framkvæma hana.

Ef þetta er ókleift nú, hvort hann geti þá ekki gert ráðstafanir til þess að skipaskoðunin fái aukið starfslið til þess.

Þriðja fyrirspurn mín til hæstv. ríkisstj. er í sambandi við hið hörmulega slys, er m/s Þormóður fórst með allri áhöfn og mörgum farþegum. Eins og ríkisstj. er kunnugt, hafa verið ritaðar um það greinar í blöðin, að þetta hafi verið sérstaklega lélegt skip og raunverulega ekki fært til þeirra flutninga, sem það var lagt í. Og nokkur orðrómur hefur heyrzt í sömu átt meðal almennings og sjómanna. Ég skal fyrir mitt leyti alveg leiða hjá mér, hvort þessar fullyrðingar hafi við nokkur rök að styðjast. Mér er kunnugt um, að fyrir liggur vottorð frá Skipaskoðun ríkisins um það, að skipið hafi verið í haffæru standi. Og mér er kunnugt, að skipið hafði haffærisvottorð til millilandasiglinga. Og hingað til liggja ekki fyrir neinar sannanir um, að slíku vottorði frá Skipaskoðun ríkisins megi ekki treysta. Hinu verður hins vegar ekki gengið fram hjá, að blaðagreinar og almannarómur taka nokkuð í annan streng. En viðkomandi jafnalvarlegu slysi og hér hefur orðið, álít ég ómögulegt að láta slík skrif og slíkan orðróm eins og vind um eyru þjóta. Það er nokkurn veginn sama, frá hvaða sjónarmiði litið er á þetta; allar þessar fullyrðingar hníga í þá átt að bera brigður á gildi vottorða frá skipaskoðuninni, og er alveg óþolandi að liggja undir slíku. Það virðist því óhjákvæmilegt að rannsaka, hvort þessi ummæli hafi við rök að styðjast. Fyrir útgerð skipsins er þetta einnig óþolandi, þar sem hún ber af sjálfsögðu ábyrgð á, hvernig hún útbýr skip sín. Sama má segja um aðstandendur. Þeirra tjón verður af sjálfsögðu ekki bætt. En þeirra vegna virðist óhjákvæmilegt, að eitthvað sé gert í sambandi við þennan orðróm. Þá er einnig fyrir sjómannastéttina í heild og almenning allan ekki hægt að liggja undir þessu. Nauðsynin er því rík, að eftirlit með skipum sé öruggt og því þannig fylgt eftir, að hvorki blöð né einstakir menn geti haft í frammi fullyrðingar um það, að hér sé um einhver afglöp að ræða, án þess að slíkt sé rannsakað.

Sjómannafélögin hér í bænum hafa í tilefni af þessu öllu snúið sér til mín og óskað eftir því, að ég bæri fyrirspurn hér fram við ríkisstj. um, hvort hún sjái sér ekki fært að láta fara fram rannsókn á þessu slysi og sérstaklega í sambandi við haffæri skipsins. En bæði fyrir mína eigin hönd og svo sjómannafélaganna, sem óskað hafa eftir, að fyrirspurnin væri borin fram, vil ég undirstrika það, að í fyrirspurn minni felst engin ásökun, hvorki til eins eða annars, um það, að hér hafi eitthvað verið óðruvísi en vera bar. Fyrirspurnin er eingöngu borin fram vegna blaðaskrifanna og orðrómsins, til þess að fá úr því skorið, hvort nokkur rök séu fyrir honum. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að láta ýtarlega rannsókn fara fram.

Gísli Jónsson: Það er persónuleg ósk mín, að rannsókn fari fram út af Þormóðsslysinu. Ég hef mælzt til sérstaks sjóprófs og rannsóknar með bréfi til hv. ríkisstj., en hún getur ekki gefið svar, fyrr en eftir fáeina daga. En mér er vel ljóst, að það er full þörf á að rannsókn fari fram, og vil ég undirstrika það, að það er ósk mín og vilji fullkominn, og er þess að vænta, að af þeim upplýsingum, sem þá koma fram, geti þjóðin lært eitthvað.

Ég get ekki dæmt um það, hvernig skip hefur verið útbúið, en ég vil benda hv. frsm. á, að ég hef margra ára reynslu í þessum efnum og veit, að hvergi eru gerðar eins miklar kröfur til skipaskoðunar og hér á landi. Mundi ég geta sannfært hv. frsm. um, að Íslendingar standa hér framar öllum öðrum þjóðum, sem ég þekki.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Það hefur verið beint til mín nokkrum fyrirspurnum. Sú fyrsta er um reglugerð um hleðslumerki skipa. Fyrrv. ríkisstj. skipaði nefnd til að undirbúa málið, og var hún skipuð sérfróðum mönnum í þessu efni, og þurfti málið mikla athugun, áður en hægt væri að gefa út reglugerð.

Fyrir nokkrum dögum barst mér álit nefndarinnar, og hef ég látið gera þær ráðstafanir og athuganir, sem gera þarf í ráðuneytinu. Mun reglugerðin verða gefin út í dag eða næstu daga. Það er ætlun mín, að ekki hafi orðið neinn óþarfa dráttur á rannsókn og meðferð málsins.

Önnur fyrirspurnin var um útbúnað skipa á ófriðartímum, þeirra er sigla á hættusvæðum. Ég átti tal við Skipaskoðun ríkisins, sem hefur með þessar athuganir að gera. Lagði ég áherzlu á, að ákvæðum um skipaskoðun á ófriðartímum væri vel fylgt fram. Kom í ljós, að meiri mannafla var þörf við það starf nú en á venjulegum tímum, og gaf ég leyfi til að auka starfsliðið eftir þörfum. Ég held, að skipaskoðunarstjórinn sé skyldurækinn embættismaður. Honum hefur ekki verið fenginn fastur starfsmaður við skipaskoðunina, en honum er heimilt að ráða menn til þess eins og þörf krefur.

Þriðja fyrirspurnin var í sambandi við Þormóðsslysið. Ríkisstj. hefur skipað svo fyrir, að rannsókn fari fram í því máli. Er gert ráð fyrir, að Sjódómur tilnefni menn til þess. Mér er það kunnugt, að lögmaðurinn í Rvík er tekinn að starfa að málinu.

Ríkisstj. lítur svo á, að rétt sé, að rannsókn fari fram á öllum stærri slysum, því að verið getur, að slík rannsókn leiði eitthvað í ljós, sem getur orðið til þess, að slysum verði afstýrt í framtíðinni.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Ég vil aðeins þakka hæstv. atvmrh. fyrir upplýsingar þær, sem hann hefur gefið.

Hann gat þess, að reglugerð um hleðslumerki væri væntanleg næstu daga. Vildi ég mega vænta þess, að það yrði frekar í dag en á morgun, því að hennar er mikil þörf.

Mér er kunnugt um, að skipaskoðunarstjóri hefur hliðrað sér hjá því stundum að vinna að skipaskoðun og borið við, að sig vantaði starfskrafta. Vil ég því láta í ljós ánægju mína yfir því, að hann skuli nú hafa fengið heimild til að ráða sér starfsmenn eftir þörfum. Tel ég þörf á því, að honum sé tilkynnt þetta, því að ég er hræddur um, að hann standi í annarri trú. Ég vil þakka hv. ríkisstj. fyrir það, að hún ætlar

að láta fara fram rannsókn út af Þormóðsslysinu.

Hv. þm. Barð. tók mjög undir mál mitt, og þótti mér vænt um það. Tel ég því vel farið, að útgerð skipsins fái tækifæri til að hreinsa sig af þeim orðrómi, sem gengur út af þessu efni. Á það, sem hv. þm. Barð. sagði um skipaskoðun hér á landi, að hún væri fullkomnari en með öðrum þjóðum, get ég ekki fallizt. Ef það væri rétt, væri eftirlit annarra þjóða með skipum sannarlega ekki svo lítið ábótavant. Ég veit, að hv. þm. Barð. þekkir ýmis dæmi, sem sýna, að ástandið mætti vera öðruvísi en það er í raun og veru hér. 1941 var keypt til landsins skip frá útlöndum, sem reyndist mjög fúið, þegar hingað kom. Það var notað í siglingar, en áður gert við það. Nokkrum hluta af þilfari þess var mokað burtu með skóflum. Vil ég að lokum þakka hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa hert á eftirliti í þessu efni.

Gísli Jónsson: Mig langar til að skýra dálítið dæmi það, sem hv. 9. landsk. tók. Það er einmitt til sönnunar máli mínu, að skip þetta fékk að sigla hingað frá Bandaríkjunum í svona ástandi og flytja menn. Skipið fékk hins vegar ekki leyfi íslenzka ríkisins til að sigla, fyrr en gert hafði verið við það, nema hvað snertir hinn venjulega frest, sem veittur er í slíkum tilfellum, unz viðgerð fer fram.

Ég vil benda hv. 9. landsk. á, að það er ekki eitt einasta skip, sem keypt hefur verið, sem hefur fengið leyfi til að sigla, fyrr en eftir að viðgerð hefur farið fram, þótt það hafi haft skírteini um, að það væri haffært. Þau hafa þurft stórkostlegar endurbætur, áður en þau hafa látið úr höfn, og er þetta sagt Íslendingum til sóma. Hef ég langtum meiri þekkingu í þessu efni en aðrir hér í d. sökum aðstöðu minnar í starfi mínu. Hitt er annað mál, að það ber að gera allt, sem hægt er, til þess að fyrirbyggja, að slík slys geti átt sér stað eins og Þormóðsslysið.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Hv. þm. Barð. fullyrðir, að umrætt skip hafi haft leyfi Bandaríkjastjórnar til fólksflutninga yfir hafið og að það hafi heitið Hamóna. Ég efast ekki um, að hann hafi meiri þekkingu í þessu efni en aðrir hér, en ég vil spyrja hann, hvort hann muni ekki eftir því, að Hamóna fékk leyfi til að flytja fisk til Englands, og eftir þriðju ferðina var skipið bundið við hafnarbakkann og nokkru af þilfari þess mokað á land. Vil ég spyrja hv. þm., hvort hann álíti þetta bera vott um gott eftirlit Íslendinga með útbúnaði skipa.

Gísli Jónsson: Þetta skip hafði haft færiskírteini til að sigla hvert sem er. Eftir bráðabirgðaskoðun fékk það leyfi til að sigla, bundið við sex mánuði, frá því að það kom hingað til lands. Ég held, að skipaskoðuninni sé ekki um að kenna hér yfirleitt. Ég þekki vel manninn, sem hér á hlut að máli, og held, að ekki sé hægt að finna öllu samvizkusamari mann en hann er og hefur verið öll þau ár, sem ég hef þekkt hann.

Á 79. fundi í Nd., 19. marz, utan dagskrár, mælti

atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Mér þykir rétt að skýra hinu háa Alþ. frá því, að eins og hv. þm. mun kunnugt, hafa nú um tíma staðið yfir samningar við stjórn Bandaríkjanna um sölu á gærum, og hafa þeir nú borið þann árangur, að stjórn Bandaríkjanna hefur keypt allar þær gærur, sem við viljum flytja út af framleiðslu ársins 1942. Verðið á gærunum er rúmar 3 kr. pr. kg. fob., og er það svo mikið fyrir ofan það verð, sem áætlað var, að fengist fyrir þær um áramótin síðustu, að þessi sala mun spara ríkissjóði um 1350 þús. kr., sem ella hefði orðið að greiða í uppbætur. Jafnframt því, að þessi sala hefur tekizt, — og útskipun er þegar hafin, — hefur stjórn Bandaríkjanna einnig gengizt inn á það að flytja gærurnar með skipum Eimskipafélags Íslands í stað þess að flytja þær með skipum amerísku herstjórnarinnar, sem að jafnaði fara tóm vestur héðan, og fær Eimskipafélagið þannig um 500—600 þús. kr. greiðslu í farmgjöld.

Einnig vil ég skýra frá því, að samningar um sölu á frosnu kjöti til Bandaríkjanna standa nú yfir, og eru þeir það vel á veg komnir, að fyllsta ástæða er til að vænta þess, að góður árangur liggi fyrir innan fárra daga.

En ég vil skýra frá því, að í samráði við síldarútvegsnefnd hefur ríkisstj. gengið frá kaupum á rúmlega 19 þús. tunnum af saltsíld, sem hefur legið á Norðurlandi í tvö ár. Þessa síld ásamt meira magni keyptu Svíar fyrir tveimur árum, en þessi hluti hennar fékkst ekki fluttur vegna ófriðarins. Um þetta hafa nú staðið yfir samningar milli ríkisstjórna Íslands og Svíþjóðar með þeim árangri, að ríkisstj. Íslands hefur nú keypt alla síldina. Síldin er nú boðin fram til fóðurbætis, og er hún talin vera mjög góð vara. Síldarútvegsnefnd mun annast sölu síldarinnar fyrir hönd ríkisstj. Ég vil einnig skýra frá því í þessu sambandi, að sendiráð Svía hér hefur í dag fyrir hönd sænsku stjórnarinnar flutt íslenzku ríkisstj. þakkir fyrir úrgreiðslu þessa máls.

Finnur Jónsson: Herra forseti. — Ég bar hér fram fyrir nokkrum dögum fyrirspurn um veðurfregnir, en sá ráðh., sem þetta heyrir undir, var þá ekki viðstaddur hér í deild, en annar ráðh. tók að sér að skila því til hans. Þar sem þessi hæstv. ráðh. er nú viðstaddur, vil ég að nokkru rifja upp þessa fyrirspurn, þar sem þetta er mjög þýðingarmikið mál, einkum fyrir þá, sem stunda sjó.

Ég spurði um það, hvort ríkisstj. væri kunnugt, á hvaða grundvelli veðurstofan byggði nú veðurspár sínar, og hvort ríkisstj. væri kunnugt um það, hvort nokkur samvinna væri á milli Veðurstofu Íslands og þeirra erlendu veðurfræðinga, sem starfa nú hér á vegum setuliðsins. Ef svo er ekki, þá tel ég mjög æskilegt, að ríkisstj. athugi, hvort ekki sé hægt að koma á slíkri samvinnu.

Síðan ég bar fyrst fram þessa fyrirspurn mína, hef ég séð yfirlýsingu frá aðalspámanni veðurstofunnar þess efnis, að veðurstofan hafi ekki annað til að byggja spár sínar á en fréttir frá athugunarstöðvum hér á landi. Það er vitað mál,

að ef grundvöllurinn undir spánum er ekki stærri en landið, þá hljóta spárnar að vera mjög óáreiðanlegar. Það hefur líka nýlega sýnt sig, þegar gerði ofsaveður af suðaustri, er allir bátar voru á sjó, og var mesta mildi, að ekki skyldu verða stórslys. Fyrir þessa nótt og morgun hafði veðurstofan spáð hægum vindi af suðri eða suðvestri. Það er því öllum ljóst, að hér er mjög áríðandi að fá einhverja leiðréttingu á, og það væri mjög æskilegt, að veðurstofan gæti fengið einhverjar veðurfregnir í gegnum hina erlendu veðurfræðinga hér á landi, en þannig stæði hún mun betur að vígi með að láta landsmenn vita, ef óveður væri í aðsigi. Það er að vísu öllum ljóst, að þetta er viðkvæmt mál, vegna þess að veðurfregnir eru hernaðarleyndarmál nú á dögum. En þar sem nú er hætt að útvarpa veðurfregnum, þá virðist sem herstjórninni væri varla gerður mikill óleikur, þótt Veðurstofa Íslands fengi tækifæri til þess að vara sjómenn við, áður en slík veður skella á sem nú fyrir fáum dögum. Ég vildi því mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún tæki þetta mál til ýtarlegrar athugunar og geri það sem hún getur til þess, að við þurfum ekki að vera verr staddir en fyrir ófriðinn, ef þess er kostur.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Ég var ekki staddur hér, þegar þessi fyrirspurn var fyrst borin hér fram, en hæstv. dómsmrh. gaf mér skýrslu um málið. Ég hef nú þegar gert ráðstafanir til þess, að leitað verði eftir samningum þeim, sem hv. þm. Ísaf. benti á, að reynt yrði að gera. Þetta er mjög alvarlegt mál, og þarfnast skjótra úrbóta, og vænti ég því að geta bráðlega gefið upplýsingar hér í þinginu um árangur af þeim málaleitunum við herstjórnina, sem þegar eru hafnar.

Jóhann Jósefsson: Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskmrh. í fyrsta lagi að því, hvort honum er ljóst, að hve miklu leyti sé farið að bera á því, að ýmsar vörur, sem áður fengust á markaði vestan hafs, fáist nú tregar eða alls ekki. Í öðru lagi: Hefur hæstv. ráðh. gert nokkrar ráðstafanir til þess, að hið nýja viðskiptaráð hagi störfum sínum þannig, að Íslendingum skapist sem minnst óþægindi af þeirri vöntun á ýmsum vörum, sem ég veit, að er farin að gera vart við sig á Ameríkumarkaði, og af þeirri tregðu, sem nú er á því að fá keyptar og fluttar vörur frá Ameríku?

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Út af fyrirspurn hv. þm. Vestm. vil ég taka það fram, að mér hefur verið það ljóst, að nú um langt skeið og í sívaxandi mæli hefur borið á því, að erfitt væri að fá ýmsar vörur frá Ameríku. Þetta er stríðsfyrirbrigði, sem búast má við, að verði meira áberandi, eftir því sem stríðið dregst lengur. Í þessu sambandi skal ég taka það fram viðvíkjandi annarri fyrirspurninni, um störf viðskiptaráðs, að það hefur það fyllilega í huga, að störfum þess verði hagað þannig, að mönnum verði ekki gert erfiðara fyrir en tök eru á um að ná þeim vörum, sem er að verða þurrð á vestan hafs. Ég vil geta þess, að sú nauðsynlega stöðvun, sem orðið hefur á innflutningi sumra vörutegunda, stafar af því, að viðskiptaráðið hefur orðið að byggja upp á nýjum grundvelli. En ég hygg, að nú sé svo langt komið þeirri byggingu, að ekki líði á löngu, að þetta megi þannig fara, að landsmönnum verði ekki gert erfiðara fyrir en áður við að ná í þær vörur, sem um er að ræða. Þetta er mjög nauðsynlegt mál, og mun ég ekki láta mitt eftir liggja, til þess að viðskiptaráð geri mönnum ekki erfiðleika að óþörfu.

Hv. þm. Ísaf. bar hér fyrir stuttu fram fyrirspurn um útvegun mótorvéla í fiskibáta, en það hafa undan farið verið miklir erfiðleikar á að fá þessar vélar til landsins. Á fyrsta ári stríðsins fengust þær frá Englandi, en eftir að samningurinn var gerður við Bandaríkin, var gert ráð fyrir, að Íslendingar keyptu þessar vélar þaðan. Voru þá gerðar ráðstafanir til þess, að það mætti takast, en það hefur gengið erfiðlega að fá þær í gegnum umboðsmenn, þótt þeir væru margir. Að lokum var tekinn upp sá kostur að senda sérfræðing vestur til þess að athuga, hvaða vélar mundu henta bezt hér. Þetta hefur þó ekki borið betri árangur en það, að þessi maður hefur nú verið vestra um nokkurra mánaða skeið, og það er nú fyrst fyrir um hálfum mánuði, að gerður hefur verið kostur á því að kaupa hingað frá U. S. A. 18 vélar af ákveðinni tegund, og eftir öllu að dæma, þá virðist ekki hafa verið um neitt val að ræða. Verðið á þessum vélum mun vera afar hátt, enda hafa menn hér verið mjög hikandi við að festa kaup á þeim, og hafa enn ekki verið keyptar nema þrjár þrátt fyrir hina miklu erfiðleika, sem útvegurinn hefur átt við að stríða í þessum efnum. En að því er að Bretlandi snýr er aðstaðan að vissu leyti nokkuð sérstök. Margir höfðu pantað vélar frá Bretlandi snemma á árinu 1941. Flestir af þessum mönnum hafa greitt eitthvað upp í vélarnar, að öllum líkindum einn fjórða hluta andvirðisins. En afgreiðsla hefur dregizt á þessum vélum, og nú fyrir skömmu, þegar Bandaríkin og Bretland gerðu samninga sín á milli um það, hvaða vörur Ísland ætti að fá frá hvoru landi, þá virtist vera alger stöðvun á útflutningi þessara véla, sem pantaðar höfðu verið og að mörgu leyti smíðaðar sérstaklega fyrir íslenzka fiskibáta. Það, sem gert hefur verið til þess að ná í vélarnar, er það, að sendiherra Íslands í London var ritað um þetta fyrir viku og lögð fyrir hann öll gögn, og honum var falið að útvega útflutningsleyfi fyrir þessum vélum frá Bretlandi. Hvort þetta fæst, er ekki enn þá útséð, en það virðist vera a. m. k. fullkomin sanngirniskrafa af okkar hálfu, að þessar vélar fáist innan skamms, þar sem þær eru pantaðar fyrir ári og borgað hefur verið inn á þær af kaupendum. Ég get ekki gefið ákveðin svör að svo stöddu, en ég get fullvissað hv. þm. um það, að allt verður gert, sem í ráðuneytisins valdi stendur, til þess að fá þessum málum kippt í lag.

Jóhann Jósefsson: Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör hans við fyrirspurnum mínum og enn fremur fyrir það, að hann telur sig fúsan til þess að vinna að því, að almenningi

hér á landi skapist sem minnst óhagræði af því stríðsfyrirbrigði, sem hæstv. ráðh. nefnir svo, sem sé vaxandi skorti á nauðsynjavörum þeim, er vér þurfum að kaupa á markaði vestan hafs. Í þessu sambandi dettur mér í hug að minna á hin mörgu skrif og hinar mörgu átölur, sem sú stj., er við höfðum í byrjun ófriðarins, fékk fyrir afskipti sín af innflutningnum, og þá ekki síst fyrir afskipti sín af innflutningnum eftir að gjaldeyriskostur þjóðarinnar hraðbatnaði árið 1940. Ég tek þá ríkisstj. engan veginn undan þungu ámæli í því efni. Það verður sennilega aldrei með tölum talið, hversu mikið tjón peningalega þjóðinni var gert með því, hve lengi var haldið í spottann af hálfu innflutnings- og gjaldeyrisnefndar fyrrverandi, hvað efnivörur og aðrar nauðsynjavörur áhrærði. Það verður ekki með tölum talið, hvert ófremdarástand með þessu var leitt yfir þjóðina að ýmsu leyti, og sýnir það sig í húsnæðisleysinu og húsnæðisvandræðunum meðal annars. Nú vildi ég benda á það, að hæstv. viðskmrh. kvaðst hafa augun opin fyrir því, eins og ég veit, að hann hlýtur að gera samkvæmt stöðu sinni og reynslu, að nú færi mjög vaxandi tregðan á því, að við fáum nauðsynjavörur í Ameríku. En mér kemur dálítið undarlega fyrir sjónir, ef hæstv. ráðh. hefur augun opin fyrir þessu eða sú stofnun, sem á að vinna eftir boði og bendingum þessa hæstv. ráðh., vegna þess að t. d. nú er það þannig, að í Kanada, þar sem undanfarin stríðsár hefur verið hægt að festa kaup á almennum borðvið, þar er það svo nú, að pantanir eru komnar niður. Ef menn panta t. d. 100 þús. borðfet, kemur það svar til baka, að ekki sé hægt að útvega nema 60—70 þús. borðfet. Ég veit eitt fast dæmi, þar sem viðkomandi maður pantaði 65 þús. fet og ekki var hægt að láta nema 40 þús. fet. Þetta er alveg nýtt fyrirbrigði í þessum málum. En á sama tíma og þetta er að gerast, þá er viðskiptaráð að senda einum og öðrum alveg blákalda neitun um innflutning á borðvið. Ef þessir herrar, sem skipa viðskiptaráð, hafa fylgzt með því, að aðstaðan sé orðin þannig í viðarsölunni, að það verði að skera niður pantanir, þá finnst mér það vera alveg út í bláinn og fullkomið ábyrgðarleysi að synja mönnum um að geta fest sér lítinn kvóta af því, sem þeir þurfa að fá. Nú er hæstv. Alþ. búið að ganga frá löggjöf varðandi verzlunarstéttina, sem gerir ekki ráð fyrir, að nokkur maður dirfist að festa kaup á borðvið vestanhafs án þess að hafa fyrirfram fengið leyfi hér heima.

En það sjá allir, hver niðurstaðan verður, ef um leið og ófriðarríkin skera niður þá vöru, sem vant var að láta af hendi eftir láns- og leigukjörum, verður farið inn á þá braut af íslenzkum yfirvöldum að synja mönnum um innflutningsleyfi. Ég get nefnt aðra tegund byggingarvöru, sem mjög hefur verið flutt til landsins, en er nú fyrir löngu torvelt að fá. Það er svokallaður krossviður, sem nú er miklu meira notaður bæði við húsgagnasmíðar og alls konar byggingar heldur en áður hefur þekkzt. Þessi vara er nú orðin svo að segja ófáanleg og það er gert ráð fyrir því, að það af henni, sem fáanlegt kann að vera, muni helzt mega fá, ef menn hafa duglegan kaupsýslumann þar vestra fyrir sig. Mér er nú ekki kunnugt um það, hvort í millirikjasamningum milli Bandaríkjanna og vor er gert ráð fyrir, að slíkur viður verði fluttur til landsins. En þrátt fyrir það, að ástandið í þessum málum er orðið svona, hefur undanfarnar vikur staðið í óskaplegu stímabraki við viðskiptanefnd, — viðvíkjandi krossvið, sem einhverjir borgarar landsins höfðu verið svo forsjálir að festa kaup á, áður en öll sund voru lokuð í þessu efni, — um það að fá þetta losað undan banni og höftum n. Ég hef nú í höndum lítið brot af skrá yfir vörur, sem Eimskipafélagið í New York virðist hafa sent til viðskiptamanna sinna til að kunngera þeim, hvaða vörur bannað sé að flytja með skipum Eimskipafélagsins til Íslands, án þess að fengið hafi verið leyfi frá viðskiptaráði. Meðal þeirra hluta, sem þarna er lagt blátt bann við, að megi taka um borð í New York án leyfis viðskiptaráðs, eru t. d. þurrkaðir ávextir. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. stj. og hv. þm. sé ljóst, að þurrkaðir ávextir sé nauðsynjavara og jafnvel nauðsynlegri en nýir ávextir. Svo koma næst á þessum lista tvenns konar hlutir, það eru tauvindur og þvottavélar. Ég skil nú ekki, að viðskiptaráð sé svo blint fyrir ástæðum húsmæðranna í þessu landi, ekki síst í höfuðstaðnum, að það sjái ekki, hver nauðsyn húsmæðrunum er á því að eiga tauvindu eða þvottavél því að það er vitanlegt, að það léttir ekki hvað minnst störfin á heimilunum, ef hægt er að losa húsmæðurnar við þvottana.

Ég hef drepið á nokkur dæmi af handahófi og skal ekki orðlengja mjög um það. Tíminn er nú orðinn nokkuð langur, frá því að viðskiptaráð var sett á laggirnar og það fór að mynda sér hinn „breiða grundvöll“ sem hæstv. ráðh. kallar svo, og hann er nú ekki svo mjósleginn, ef það er rétt sem hermt er, að viðskiptaráð hafi tekið á leigu heila hæð, þar sem eru 15 herbergi. Ég vil nú með tilliti til þessa benda hæstv. viðskmrh. og n. á það, að með því áframhaldi, sem er á þessum hlutum, stefnir beint að því, að tækifærin, sem við höfum í dag til þess að afla nauðsynlegra áhalda, byggingarefnis o. fl. vestan hafs, verða á morgun, — þann morgun, sem viðskiptaráð raknar við sér, — frá okkur tekin. Það var afsökun þeirra manna, sem mest stóðu á móti innflutningi fyrir stríð, að gjaldeyrisgeta þjóðarinnar var þá í miklum bobba, og sú afsökun var mjög gild. Nú er gjaldeyrisgeta þjóðarinnar ekki í miklum bobba, og samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. atvmrh. gaf fyrir nokkru, fer gjaldeyrisgeta okkar í Bandaríkjunum mjög batnandi. Hins vegar hefur það verið upplýst af hæstv. viðskmrh., að farmrúm leyfðu ekki, að keypt væri nema mjög takmarkað vörumagn vestan hafs. Ég skal játa, að takmörk hljóta að vera fyrir öllu, en það er dálítið varhugavert að standa á móti því, að borgarar landsins festi kaup á nauðsynjavörum, sem kunna að fást í dag, en eru ekki fáanlegar á morgun, vegna þess að þær þurfa að bíða lengur eða skemur eftir skipsferð. Það hefur verið sagt, að um 11 þús. tonn af vörum liggi í New York og bíði eftir flutningi heim.

Ég gæti trúað því, að meginparturinn af þessum 11 þús. tonnum séu þýðingarmeiri vörur en margt af því, sem skipin hafa flutt til landsins að undanförnu, og ég vil spyrja þá herra, sem þessu ráða: Hafa þeir þá örugga vissu fyrir því, að þessar vörur nái nokkurn tíma til landsins? Það er vitanlega tvennt til í því eins og svo mörgu öðru. Svo er annað. Ég tel það betra, jafnvel þó að ekki fáist flutningur á vörunum heim mánuðum saman, að þær bíði geymdar í vöruhúsum fyrir vestan. Ég tel miklu betra, að menn fái að fest kaup á þeim, því að ameríska stj. tekur síður þá hluti í sína eigu, sem búið er að festa kaup á og borga, heldur en það, sem er þar í eigu innlendra manna. Ég vildi, sem sagt, tala þessi aðvörunarorð til hæstv. stj. allrar í heild á þessari stundu, og þá ekki síst til hæstv. viðskmrh. Það er gott og blessað að hafa sérstakt „system“ í sambandi við innflutninginn, en ég veit raunar ekki, í hvaða átt því er stefnt, en ég veit hins vegar, að allar helztu aðgerðir hæstv. stj. hafa hingað til beinzt að verzlunarstétt landsins, þeirri stétt, sem engra lagalegra sérréttinda nýtur. Það getur verið gott að hafa viðskiptaráð, en það á enginn verzlunarmaður sæti í því ráði. Ég vil benda á það, að það er alveg nauðsynlegt að gjalda varhuga við því, að við stöndum uppi frammi fyrir því, að það, sem var fáanlegt í gær, verði ekki fáanlegt meira þrátt fyrir öll leyfi frá viðskiptaráði.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en vænti þess, að hæstv. viðskmrh. skilji það engu síður en ég og aðrir, að höftin, sem áður áttu rétt á sér, á meðan gjaldeyrisgeta þjóðarinnar var mjög bágborin, þau urðu ákaflega tvíeggjað sverð, eftir að gjaldeyrisgeta þjóðarinnar batnaði. Þau gerðu okkur stórkostlegan skaða, eftir að gjaldeyrisgetan batnaði, og þau eru í dag enn tvíeggjað sverð, þegar viðhorfið er það, að vörurnar fást ekki út, annaðhvort fyrir skort á verkafólki til framleiðslunnar eða fyrir það, að herstjórnin þar í landi heimtar vörurnar til sinna nota, eins og verið hefur t. d. með krossviðinn. Frá hálfu útlendrar viðskiptaþjóðar er nú smáþrengt að því, að við fáum þær vörur, sem við þurfum að nota, og mér er ekki alveg grunlaust um, að nú stefni í þá átt, að hugsað sé um það að knappa við okkur vörur hingað til landsins.

Af þessum ástæðum virðist mér, að mikill dráttur á því að veita innflutningsleyfi verði mjög tvíeggjað sverð og sé rétt fyrir hæstv. stj. að athuga það í tíma.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Þetta virðist ætla að snúast upp í eldhúsumr. um þessi mál, en ég hef ekki hugsað mér að halda áfram í þeim dúr. Ég vil þó leyfa mér að svara hv. þm. Vestm. nokkrum orðum. Ég gat ekki skilið hann á annan veg en að hér væri allt komið í voða í sambandi við innflutningsverzlunina fyrir aðgerðir núverandi stj., og mér skildist, að ég mundi vera mjög hættulegur maður í þessu starfi gagnvart verzluninni. Ég verð að segja það, þó að ég sé að svara fyrir sjálfan mig, að mér finnst þetta koma úr hörðustu átt, en ég skal ekki fara nánar inn á það. Þó að ég hafi afskipti af þeim höfuðlínum, sem viðskiptaráð vinnur eftir, hef ég að sjálfsögðu ekki afskipti af daglegum störfum þess, og það getur margt verið þar, sem ég veit ekki um, að gerist, fyrr en það sýnir sig, að viðskiptaráð hefur farið yfir þau takmörk, sem því hafa verið sett. En í sambandi við timburinnflutninginn, sem hv. þm. gat um, get ég upplýst það, að samkv. því innflutningsprógrammi, sem getið hefur verið um og stjórn Bandaríkjanna hefur samið, þá er okkur ætlað ákveðið magn af timbri til innflutnings, og það hefur ekki enn komið á daginn, að við fáum ekki þetta magn. Í því sambandi skal ég upplýsa það, að stjórnir Bandaríkjanna og Kanada hafa selt allt sitt timbur undir ráðstöfun sérstaks ráðs, sem ráðstafar timbri þessara tveggja landa eftir því, sem stjórnir þeirra telja nauðsynlegt í sambandi við rekstur ófriðarins. Ég hef sem sagt ekki orðið þess var, að enn hafi komið á daginn, að brugðizt hafi loforð, sem okkur hafa verið gefin um afhendingu á þessari vöru. Hitt er svo annað mál, að í þessu sambandi hefur Kanada ekki skyldur gagnvart Íslandi um afgreiðslu á timbri, þótt hins vegar það sé gert í góðri samvinnu við Bandaríkin og af vinsemd við Íslendinga. Um bann á innflutningi vissra vörutegunda get ég gefið honum þá skýringu, að það er að vísu rétt, að viðskiptan. hefur gefið fyrirskipanir um, að vissar vörutegundir verði ekki að svo stöddu fluttar til landsins, þ. e. a. s. á meðan verið er að koma heim öllum þeim nauðsynlegu vörutegundum, sem hafa legið fyrir vestan. Og þetta er gert aðeins til þess, að þær vörur hafi forgang, sem taldar eru nauðsynlegar, en þær vörur, sem þar liggja og telja má miður nauðsynlegar, eru látnar sitja á hakanum. Það er viðskiptaráði ljóst, að það verður að taka tillit til þeirra vara og greiða fyrir mönnum, til þess að þær vörur nái til landsins. En það hefur verið tekið fram, frá því fyrst var farið að tala um þetta, að það yrði gert á þeim grundvelli, að nauðsynlegustu vörurnar gengju fyrir. Og það er stefna, sem er ríkjandi og verður ríkjandi, meðan ég hef með þessi mál að gera.

Hitt er annað mál, sem sumir virðast ekki taka mikið tillit til, að viðskiptaráð, sem ekki er stofnað fyrir löngu, hefur þurft að taka við málum, sem, — eins og hv. þm. komst að orði, — mun hafa verið í talsverðum ólestri, og þess vegna hefur þurft að gera ýmsar ráðstafanir til þess að geta unnið starfið með þeim hætti, sem stefnt hefur verið að.

Ég ætla svo ekki að fara út í frekari deilur um þetta efni. Ég þarf ekki að endurtaka það, að ég mun að sjálfsögðu gera allt, sem unnt er, til þess að starf viðskiptaráðs geti farið vel úr hendi og þannig, að það komi alþjóð manna að sem mestu gagni.

Finnur Jónsson: Herra forseti. — Ég þakka hæstv. atvmrh. fyrir það, að hann hefur þegar tekið til athugunar þær fyrirspurnir, sem ég bar hér fram fyrir tveimur dögum út af veðurfréttum. Og ég vænti þess, að hann geri allt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma þeim í betra horf en nú er, þótt ekki væri annað en

að freista þess að fá þá samvinnu við þá erlendu veðurfræðinga, sem hér eru, að þeir létu okkur vita um, ef stórviðri væri í aðsigi, en íslenzku veðurstofunni væri ekki kunnugt, þannig að hægt væri að síma það út til verstöðvanna.

Ég get einnig lýst ánægju minni yfir því að heyra, að ríkisstj. hefur ritað sendiráðinu í London ýtarlega viðvíkjandi þessum vélum, sem Bretar hafa lofað okkur og samningar eru orðnir nærri tveggja ára gamlir um, og vænti ég þess, að þetta beri einhvern árangur. Það er líka gleðilegt að heyra, að ríkisstj. hefur sent mann til Ameríku í þessum erindum fyrir nokkuð löngu. En sannarlega má segja, að árangur af þeirri sendiför er mun magrari en menn hefðu getað gert sér hugmynd um. Hæstv. viðskmrh. upplýsti, að nýlega hefði komið tilboð um að selja okkur 18 bátavélar frá Ameríku, og virtist hann nokkuð undrandi yfir því, að það hefðu aðeins gefið sig þrír kaupendur fram að þessum vélum. En ég er ekkert undrandi yfir þessu, vegna þess að tilboð um þessar vélar er aðeins um tvær stærðir, 50 hestafla og 240 hestafla, að því er mér hefur verið tjáð. 50 hestafla vélar eru ekki hæfar í báta yfir 12 eða 13 smálestir, og það eru ekki mjög mörg skip í íslenzka skipaflotanum, sem þurfa 240 hestafla vél. Það er ekki gefinn þarna neinn kostur á að fá kaup á þeim vélum, sem algengastar eru í íslenzka skipaflotanum, sem eru 110 til 150 hestafla vélar. Ég hefði talið, að það hefði verið ákaflega nauðsynlegt að fá Fiskifélagið til þess að taka upp skýrslu um, í hve mörgum skipum og bátum þyrfti að endurnýja vélar á næstunni, og að það mál yrði tekið upp gegnum utanrrn., hvort sem það yrði í Bretlandi eða Washington eða hvort tveggja. Það er vitanlegt, að fiskframleiðsla okkar er í raun og veru einn þáttur í hernaði Bandamanna, meðan þeir telja sér nauðsynlegt að fá fiskinn til að neyta hans. Og hvorki mundi Breta né Bandaríkjamenn muna nokkuð um það að sjá um, að við hefðum þær vélar, sem við þyrftum til framleiðslunnar, alveg eins og ég geri ráð fyrir, að þeir sjái sínum skipum farborða að þessu leyti. Og ég held, að það sé meir en ástæða til þess, að tekið sé nokkru fastar á þessu máli en verið hefur. Bretar munu hafa verið búnir að lofa hingað til lands nokkuð mörgum mótorvélum og munu hafa verið búnir að smíða þær fyrir íslenzka fiskibáta, og menn eru búnir hér að bíða eftir þessum loforðum þeirra sumir í tvö ár. Og það hefur legið fyrir útflutningsleyfi fyrir þessum vélum í Bretlandi þangað til alveg nú fyrir skemmstu. Það eru margir, sem hafa borið nokkurn kvíðboga, vegna þess að þeir eru með gamlar vélar í bátum sínum frá Norðurlöndum, um, að þeir gætu ekki fengið í þær neina varahluti. Og þeir hafa þess vegna talið sig nokkuð trygga, þegar þeir voru búnir að fá vélar frá Ameríku. En hvað hefur svo skeð með þessar vélar frá Ameríku? Ég hef það fyrir satt frá einu firma, sem selt hefur nokkuð margar vélar frá Ameríku tvö síðustu árin, — og menn hafa haldið, að þeir gætu fengið varahluti í þær —, að þetta firma hafi fengið nýlega símskeyti um það, að „principielt" væri neitað að láta af hendi nokkra varahluti í þessar vélar frá Ameríku. Það koma svo fram bilanir í þessum vélum sama sem nýjum, og eru vélarnar þá sama sem ónýtar, eins og gömlu og góðu Norðurlandavélarnar okkar, sem við getum ekki fengið varahluti í.

Ég tel þetta atriði, sem nauðsynlegt sé að fá athugað af ríkisstj. Það getur ekki samræmzt neinu, sem heitir hagkvæmir viðskiptasamningar, í fyrsta lagi að neita okkur um nauðsynlegar vélar í fiskiflota okkar, sem er að framleiða fisk handa Bandamönnum, og í öðru lagi að neita okkur um varahluti í þær fáu vélar, sem búið er að selja hingað frá Ameríku.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. viðskmrh. virðist eitthvað svona hálfóánægður yfir ræðu minni. Það var fjarri því, að ég væri að halda eldhúsræðu yfir hæstv. ríkisstj., því að það, sem ég sagði hér, var algerlega á eigin ábyrgð. En mér er ekki ljóst, við hvað hæstv. ráðh. átti, er hann sagði, að það væri mælt úr hörðustu átt, að ég minntist á þessi mál. En þar sem ég umgengst mest verzlunarmenn utan þingsins, þá er ekki óeðlilegt, að mér sé kunnugt um, hvað gerist í þessum efnum, bæði um það, hvað við fáum kvóta á frá Ameríku og einnig frá viðskiptaráði. Ég gat ekki vel skilið hæstv. viðskmrh., er hann minntist á, að okkur væri úthlutaður kvóti af timbri, — að samkomulag væri milli Kanada og Bandaríkjanna um það. En svo sagði hann, að Kanada hefði engar skyldur að rækja gagnvart Íslendingum. Sé það svo, að það væri búið að ákveða frá öllu meginlandinu allverulegan kvóta til Íslands, þá hefðu kannske aths. mínar lítið að segja hvað timbrið snertir. En ef Kanada hefur engar skyldur að rækja við okkur gagnvart viðskiptum, þá sé ég ekki, hvaða vit er í þeirri stefnu að neita mönnum um timburinnflutning, þegar hægt er að sannfærast um það, að þeir fyrir vestan eru þegar farnir að minnka þennan innflutning við okkur. Ég álít það ekki rétta stefnu, að við hér heima stígum fyrsta sporið til þess að minnka þann innflutning af nauðsynjavörum, sem landið þarf. Og þó að ég hafi ekki minnzt á það áður, get ég sagt hæstv. viðskmrh. það nú, að ég kunni því frekar illa, að hann í einni af sínum fyrstu ræðum, sem hann hélt sem ráðh., talaði um, að við yrðum að fara að herða að okkur og minnka við okkur innflutning o. s. frv. Þetta er kannske rétt. En það er ekki rétt af íslenzkum ráðh. að flagga með það í opinberum þingræðum, þegar farið er að verða vart við, að okkar erlendu viðskiptendur hafa fullan hug á því að sjá fyrir þeim hlutum. Það er ekki heppilegt, að okkar ráðh. sé að vísa þeim leiðina. Þeir finna hana fyrir því.

Ég er samþykkur því, að nauðsynlegustu vörur eiga að ganga fyrir um flutninga, en það afsakar ekki hindranir viðskiptaráðs í því, að menn fái að festa kaup á vörum, sem ekki eru kannske A, 1 í fyrsta flokki nauðsynjavara eða það allra nauðsynlegasta af öllu, heldur t. d. í 2. flokki, eins og mér virtist hæstv. ráðh. vilja hafa þær vörur, sem ég minntist á, fyrir utan timbrið, sem ég þykist vita, að hann viðurkenni, að sé bráðnauðsynleg vara. Ef hæstv. við-

skmrh. telur þetta verið hafa eldhúsumr., þá skal ég segja honum það, að ég tel þennan vettvang, sem þm. hafa hér á Alþ., þann eina, sem þeim stendur opinn til þess að benda ríkisstj., hverjir sem hana skipa í það og það skiptið, á þá ágalla, sem við teljum vera á framkvæmdum ríkisvaldsins. Ef við gerum það samvizkusamlega og án stóryrða, þá erum við ekki að gera annað en skyldu okkar, og það jafnvel þó að við höfum ekki rétt fyrir okkur í öllum atriðum, ef við vitum ekki betur en að við höfum rétt fyrir okkur. Það er hinna vitrari manna að leiðrétta það, sem missagt kann að vera. Þess vegna hef ég fram borið þessar aths. mínar við hæstv. ríkisstj., vitandi það, að það er þörf á að vekja athygli á því, er ég hef tekið fram, til þess, ef verða mætti, að síðari villan í innflutningshöftunum verði ekki verri en hin fyrri.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég átti við, að það væri nánast verið að gera mig tortryggilegan með þessum umr. hjá hv. þm., og það kallaði ég, að kæmi úr hörðustu átt.

Í sambandi við vöruafgreiðslu frá Kanada, þá er því til að svara, að Ísland hefur enga viðskiptasamninga við það land, og því ber þess vegna ekki nema eftir því, sem því gott þykir, að láta okkur hafa þær vörur, sem við biðjum um þaðan.

Jóhann Jósefsson: Ég vil lýsa yfir því, að fyrir mér vakti á engan hátt að gera hæstv. viðskmrh. tortryggilegan, því að ég hafði það alls ekki í huga. Enda mundi sennilega önnur leið vera greiðfærari að því heldur en umr. á Alþ. Ég hef hins vegar með fullri einurð bent hæstv. ráðh. á það, sem ég sem borgari og þm. álít, að stefni í nokkra hættu í þessum efnum. Og loks vil ég í allri vinsemd segja hæstv. ráðh. það, að það á ekki að þurfa að vera neitt miskliðarefni milli ráðh. og þm., þó þm. tali við þá með fullri einurð. Og sá, sem er í ráðherrastöðu, verður að þola, að þeim aths., sem gilda hans ráðuneyti, sé að honum beint sem ráðherra.

Á 81. fundi í Nd., 23. marz, utan dagskrár, mælti

atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Þegar ég fyrir nokkrum dögum skýrði hv. d. frá því, að lokið væri sölu á gærum ársins 1942, gat ég þess, að samningar stæðu yfir um sölu á frosnu kjöti og að ástæða væri til að búast við góðum árangri innan fárra daga. Mér er mikil ánægja að skýra frá, að þessum samningum er nú lokið og Bandaríkjastjórn kaupir 1500 tonn af frosnu dilkakjöti fyrir verð, sem samsvarar kr. 5,40 pr. kg fob. Samningarnir voru undirritaðir í gær af formanni viðskiptanefndar og Hjálmari Björnssyni f. h. Bandaríkjastjórnar. Verðið er þannig hærra en markaðsverðið, sem vitað var um, þegar reiknaðar voru verðuppbætur í janúar, og er það um 2½ millj. kr., sem sparast frá þeirri fjárhæð, sem þá var gert ráð fyrir. Það hefur heppnazt með báðum þessum sölum að fá nærri 4 millj. kr. umfram markaðsverðið, sem reiknað var með í janúar. Það standa yfir samningar um ullina, en ég geri ráð fyrir, að nokkur tími líði enn, þar til búast má við endanlegum árangri af þeim. Mun ég þá tjá hv. Alþ. niðurstöðuna.

Á 93. fundi í Ed., 9. apríl, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég sé, að hæstv. dómsmrh. er hér kominn. En ég ætlaði að bera fram til hans fyrirspurn út af því, að í Morgunblaðinu í morgun og, að ég hygg, líka í Alþýðublaðinu hefur frá því verið skýrt, að hann, hæstv. dómsmrh., hafi gefið Halldóri Kiljan Laxness leyfi til útgáfu á Njálu samkv. heimild, sem hann hefur í lögum þar um. Nú er það kunnugt, að fyrir nokkrum dögum hefur þessi hv. þd. samþ. rökst. dagskrá, þar sem því er beint til hæstv. ríkisstj., að komið verði með l. í veg fyrir það, að út verði gefnar afbakaðar útgáfur af Íslendingasögunum. Það liggur fyrir í skjölum þess máls, að eins og oft hefur verið sagt áður — útgefandi þessi hefur gefið út Laxdælu, og flestir fræðimenn í þeim efnum segja, að við samanburð á þessari útgáfu og hins vegar útgáfu þeirri af Laxdælu, sem þessi útgáfa Laxness byggist á, komi í ljós, að í útgáfu Laxness af sögunni sé fjölmörgu, sem á engan hátt verði talið til stafsetningar, breytt: „a. Ýmiss konar breytingar eru gerðar á orðmyndun. b. Orðum er sleppt. c. Orðum er bætt inn í. d. Skipt er um orð. e. Orðaröð er breytt. f. Bætt er inn heilum setningum eftir útgefandann.“ Enn fremur segja þeir í áliti sínu um þetta efni: „Meðferð sögunnar er á þá leið, að stórfelldar efnisbreytingar hafa verið gerðar á henni: a. Einstökum greinum er sleppt. b. Heilum köflum er sleppt, t. d. á einum stað 5 kapítulum. c. Einstakar setningar eru færðar til. d. Kaflar eru færðir til. e. Samdar eru setningar inn í textann, þar sem útgefanda hefur þótt nauðsyn til bera.

Allar þessar breytingar rýra stórlega efni sögunnar og breyta svip hennar, svo sem gerð var grein fyrir á fyrrnefndum fundi.“

Þetta mál hefur verið rætt hér ýtarlega, og ég skal ekki fara mjög út í það nú. En það er ein hlið enn á þessu máli, að fyrir útgáfu á annarri Íslendingasögu, sem var nú gefin út með þeim hætti, að vægast sagt var stórleg móðgun að gagnvart Alþ., er þessi sami rithöfundur undir opinberri ákæru samkv. kröfu dómsmrn. Og verð ég að segja, að hvað sem líður deilunni um Íslendingasögurnar að öðru leyti, þá tel ég það stríða á móti almennu velsæmi og virðingu fyrir réttargæzlu í landinu, að þessi maður skuli, á meðan hann er undir opinberri ákæru fyrir brot á l., fá leyfi ráðuneytisins fyrir útgáfu á þessu verki, Njálu. Og ég hreyfi þessu ekki hér sem varðandi það deilumál, sem var hér til umr. á dögunum þessu viðkomandi. Það er önnur hlið málsins, hvort við viljum halda við þessum l. eða ekki. En meðan l. eru í gildi og meðan enn er sýnt, að Alþ. óskar ekki eftir, að þau séu afnumin, heldur miklu frekar á þeim

hert, og meðan liggur fyrir ákæruskjal frá flestum okkar fornfræðavísindamönnum um, að þessi höfundur hafi afbakað útgáfu annarrar sögu, bæði að orðalagi og efni til, og meðan þessi maður liggur undir ákæru fyrir brot á l. og hæstiréttur á ódæmt í því máli, þá tel ég það svo ótrúlegt, að ég vil ekki trúa því, að Alþýðublaðið fari rétt með það, að dómsmrn. hafi veitt þetta leyfi, og vil ég því spyrja hæstv. dómsmrh., hvort það sé rétt.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Ég get svarað hv. fyrirspyrjanda (BBen) því, að Halldór Kiljan Laxness hefur fengið leyfi til að gefa út Njálu; það er alveg satt. En um þetta mál eru, eins og kunnugt er, mjög skiptar skoðanir; um það sem nr. 1, hvort ríkið eigi að hafa einkarétt á útgáfu þessara rita, nr. 2, hvort eigi að binda sig við ákveðna stafsetningu, og nr. 3, hvort það eigi að vera hegningarvert að fellla úr sögunum eða breyta orðalagi á þeim. Um þriðja atriðið skal ég segja það, að ég tel ekki rétt að fella úr ritum þessum eða breyta orðalagi á þeim, fremur en á hverju öðru, sem ritað er. Hitt er annað mál, hvort slíkt er refsivert. Og ég get vel skilið það út af fyrir sig, að mönnum líki ekki hin nýja útgáfa Laxdælu. En það á að dæmast af almenningsálitinu og fræðimönnum. Og ég tel ekki gerlegt að leggja bann á einhvern mann, þó að hann hafi að dómi ýmissa manna gefið eitthvert rit illa út. Það var t. d. á einum tíma talið af flestum fræðimönnum, að Oxfordútgáfa Guðbrands Vigfússonar af Sturlungu 1878 hefði verið stórgölluð. Ekki hefði ég þó fyrir það treyst mér til að leggja bann á Guðbrand Vigfússon um það, að hann mætti ekki gefa út fornrit. Þórður biskup Þorlákssson ætlaði einu sinni að endurbæta passíusálma Hallgríms Péturssonar, eins og kunnugt er. Hann fékk nægilegan dóm á það verk af almenningsálitinu, svo að hann reyndi slíkt ekki aftur. Ég held, að almenningsálitið sé öruggasti dómstóll í þessum efnum. Ég veit persónulega, að þessi nafngreindi maður ætlar sér ekki að breyta Njálu eða fella úr henni.

Svo er hitt þriðja atriðið um stafsetninguna. Eins og kunnugt er, eru ákaflega skiptar skoðanir einmitt um þetta atriði. Og þessi samræmda stafsetning er, eftir því sem fræðimenn segja mér, bara tilbúin stafsetning, á sama hátt og ríkisstj. hefur t. d. á hverjum tíma sagt fyrir um það, að þessari og þessari stafsetningu ætti að fylgja á skjölum ríkisins, sem opinberir embættismenn skrifa, og af þeim mönnum, sem hljóta styrk ríkissjóðs til bókmenntastarfa. Ég veit nú ekki, hvor stafsetningin er betri. Ég hygg, að báðar séu viðunandi. En sú nýrri hefur það til síns ágætis, að hún er aðgengilegri fyrir fólk, sem er vant að lesa íslenzkt mál. Mér skilst, að yfirleitt sé ekki bókmenntagildi eins rits haggað eða breytt með stafsetningunni út af fyrir sig, ef það er orðrétt prentað upp. Mér skilst, að það skipti ekki máli um bókmenntagildið, — það getur verið, að það sé ekki rétt athugað, en ég hef skilið þetta svo, — að öðru leyti en því, að ljóðamálið verður alveg að haldast óbreytt með þeirri stafsetningu, sem höfundurinn hefur skrifað á, vegna kveðandinnar.

Ég man nú ekki, hvort þessi ummæli hv. þd. voru komin til, sem hv. fyrirspyrjandi talaði um, þegar ég veitti þetta leyfi. Ég hygg þó, að hv. d. hafi þá ekki lokið því mikla máli hér um frv. það, sem hv. 7. landsk. (KA) flutti. Það var rætt hér ákaflega lengi. Ég held, að það mál hafi ekki verið komið hér fram þá. Hins vegar skal ég ekkert segja um það, hvort það hefði skipt nokkru máli í sambandi við þetta leyfi.

Annars vil ég ekki breyta hv. þd. á umr. um þetta hér utan dagskrár. Ég sé, að hún hefur mörg mál á dagskrá, sem fyrir liggur að ræða.

Bjarni Benediktsson: Eins og hæstv. ráðh. veit, hefur það verið tekið upp á þessum síðari árum, og er ekki nema gott um það að segja, að hv. þm. hafa spurt hæstv. ríkisstj. utan dagskrár um ýmis atriði, sem varða daglegar framkvæmdir hennar, og hefur það ekki þótt aðfinnsluvert sérstaklega, a. m. k. ef um slík atriði hefur verið að ræða, er svör liggja glöggleg fyrir um. Og svör liggja nú glögglega fyrir um það, að hæstv. dómsmrh. hefur veitt þessa undanþágu. Og það var einungis það, sem ég vildi fá staðfest.

Ég heyri, að hæstv. ráðh. er andvígur þeim l., sem Alþ. hefur sett um þetta efni, og hefur skilið hlutverk sitt þannig, að hann eigi að hjálpa til með að brjóta þau niður. Það er ekkert um það að segja. Og það er gott, að Alþingi veit, að hæstv. ráðh. hefur ekki séð ástæðu til að bíða eftir yfirlýsingu þessarar d., heldur veitt umrætt leyfi, að mér skilst, á meðan umr. stóðu yfir um þetta mál hér í hv. d., og hefði þó verið ástæða til þess fyrir hann að heyra undirtektir d. um þetta. Og þessi hæstv. ráðh. hefur ekki heldur séð ástæðu til þess að fá úr því skorið, hvort hann væri með því að gefa beinum lögbrjót þetta leyfi. En ég tel, að við sem lögfræðingar teljum það skipta nokkru máli. Nú býst ég við, að hæstv. dómsmrh. telji, að þessi l. standist ekki samkv. ákvæðum stjskr. En þá er það hæstaréttar að skera úr um það. En mér skilst, að það geti ekki verið hlutverk dómsmrh. að styðja að því að brjóta niður l. og tilgang þeirra, meðan þau eru í gildi. En það er ljóst, að það er til þess að brjóta þessi l. niður að gefa manni, sem hefur gefið rit út þannig, að fræðimenn telja, að brjóti stórlega gegn efni og gegn máli á því, eins og það upphaflega er, leyfi til að halda áfram þeirri útgáfustarfsemi sinni, — manni, sem þar að auki hefur brotið lög í þessu efni. Með því móti er sýnilegt, að viðleitni þingsins — hvort sem hún er hyggileg eða heimskuleg — til þess að reyna að hafa hönd í bagga um þetta er þýðingarlaus. Ég átti, satt að segja, þess síst von af jafnágætum manni sem hæstv. dómsmrh. er, að hann væri svona ákafur fylgismaður þeirrar niðurrifsstefnu, sem hér er um að ræða, að hann beitti valdi sínu á þennan veg.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Mér virðist það vera misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér sé um það að ræða að brjóta niður l. þings-

ins, hvernig svo sem litið er á þessi l. annars. Því að ég man ekki betur en að í l. sé gefin full heimild til handa menntmrh. til þess að veita undanþágu fyrst og fremst frá einkarétti ríkisins til þess að gefa út rit, sem talin eru að vera skráð fyrir 1400. Það stendur og í þessum l., að það megi binda leyfið því skilyrði, að ritið sé gefið út með samræmdri fornri stafsetningu, en það er ekki skylt að binda leyfið því skilyrði. Og mér virðist, að það hafi aðeins verið neytt þeirrar heimildar, sem l. gefa ráðh. til að veita slíkt leyfi. Skilst mér því, að hér sé ekki um sérstakt niðurbrot á l. þessum að ræða. Það gildir jafnt og áður, að ef maður gefur út slík rit án heimildar ráðh., hefur hann brotið bókstaf l., hvort sem þau svo standast sem l. með tilliti til stjskr. En hvað snertir það atriði, að þessum útgefanda eða öðrum hafi verið veitt heimild til þess að gefa ritin þannig út, að fella megi niður orð eða breyta orðalagi frá handriti, þá er það annars að segja um Njálu, að það má segja, að til sé aragrúi af handritum af Njálu, sem mjög erfitt er víða að ákveða, hver séu bezt; a. m. k. hefur Sveinbjörn Egilsson litið svo á.

Það getur vel verið, að útgáfa Laxness af Laxdælu sé mjög aðfinnsluverð. En það varðar ekkert við ákvæði l. í sjálfu sér. Það má dæma manninn fyrir að hafa skilið hlutverk sitt rangt og fyrir það að hafa ekki vandað verk sitt. En þegar einn maður er búinn að fá harðan dóm fyrir það, þá er öllu líklegra, að hann taki þann dóm til greina, þó að það séu ekki dómstólarnir sem fella hann, heldur fræðimenn og fólkið og álit þess á því, sem sá dómur varðar.

Ég sé því ekki, að sú ákæra hjá hv. fyrirspyrjanda sé rétt, að ég hafi með þessu verið að brjóta niður gildandi l.; mér sýnist það ekki vera rétt. Ég hef ekki gert annað en það, sem l. veita fulla heimild til.

III. Slysfarir á sjó — minning.

Á 28. fundi í Sþ., 22. febr., mælti

forseti (HG): Háttv. alþingismenn. Hæstv. ríkisstjórn.

Vér minnumst nú á fundi þessum hörmulegra atburða. Á örfáum ofviðrisdögum nýliðnum hafa hátt á fjórða tug Íslendinga farizt í sjávarháska úti fyrir ströndum landsins. Að kvöldi hins 12. febr. s. l. héldu fjórir tugir fiskibáta af sæðinu frá Súðavík til Flateyrar út á mið til veiða. Sjóveður var sæmilegt og aflavon og því sótt af kappi. Daginn eftir skall á ofsaveður. Síðla dags voru 20 bátar ókomnir að landi. Mörg hundruð manna og kvenna biðu milli vonar og ótta. Einn báturinn kom af öðrum. Um kvöldið vantaði aðeins fjóra. Til þriggja spurðist brátt. En hinn fjórði, báturinn Draupnir frá Súðavík, hefur enn eigi komið fram. Má telja fullvíst, að hann hafi farizt með allri áhöfn. Fimm vaskir sjómenn á bezta aldri létu þar lífið, þar af fjórir úr sömu sveit. Fjögur börn ung misstu þar feður og fyrirvinnu. Tvær konur voru sviptar eiginmönnum og aldraðir foreldrar vöskum sonum.

Mikil harmsaga er þessi. Þó varð skammt að bíða annarrar enn stærri.

Nóttina milli 17. og 18. þessa mánaðar fórst m/s Þormóður frá Bíldudal á leið frá Patreksfirði hingað til Reykjavíkur með allri áhöfn, sjö skipverjum og tuttugu og fjórum farþegum. Af farþegum voru níu konur og eitt barn, drengur sjö ára.

Þetta mun vera eitt hið stórfelldasta manntjón Íslendinga af einu skipi og á ýmsan hátt hið allra átakanlegasta. Á einni nóttu misstu þar tuttugu og sex börn feður. Átta þeirra urðu móðurlaus um leið. Auk þess missti eitt barn fósturforeldra sína báða. Hve margar mæður og feður hafa þar misst uppkomin börn sín og ellistoð, er mér enn ekki kunnugt um.

Tuttugu og tveir þeirra, sem fórust, áttu heimili á Bíldudal, sjö konur, einn drengur og fjórtán karlmenn, allir fullþroska menn. Þeir gegndu þar fjölbreyttum störfum, nokkrir mikilvægum trúnaðarstöðum. Vinna þeirra allra og velmegan var tengd kauptúninu, og velmegun þess nátengd atorku þeirra.

Munu þess engin dæmi hér á landi, að jafnfámennt byggðarlag hafi goldið slíkt afhroð með svo snöggum og sviplegum hætti.

M/s Þormóður var um 100 smálestir að stærð. Skipið fór frá Patreksfirði s. l. þriðjudag, 18. þ. m. Hið síðasta, sem frá því heyrðist, var neyðarskeyti, er skipstjórinn sendi seint á miðvikudagskvöld. Það hljóðaði svo: „Erum djúpt út af Stafnesi. Mikill leki kominn að skipinu. Eina vonin er að hjálpin komi fljótt.“

Þetta neyðaróp er hið síðasta, sem mannlegt eyra hefur heyrt frá þessum stóra hóp. Hamfarir náttúruaflanna hindruðu alla hjálp. Enginn er til frásagnar um það, sem síðar gerðist. En óræk merki hafa þegar sýnt, hver afdrifin urðu. Enginn lýsir þeirri baráttu, sem þar var háð, unz yfir lauk. Fárviðri, náttmyrkur, stórhríð, hafsjóar og blindsker. Milli lífs og dauða skilur hyrðingurinn einn, og hann lekur orðinn. Karlmennska og snilli sjómannanna varð að lúta í lægra haldi. Við ofurefli var að etja.

Sjóslys eru tíð með oss Íslendingum. Vér nefnum sjómennina oft hermenn þjóðarinnar. Þeir eiga í stríði við öfl lofts og lagar. Og meðan stríð er háð, falla jafnan hermenn, fleiri eða færri.

Missir sjómannanna er þjóðinni þungbær og ástvinum þeirra óbætanlegur. Og enn þá átakanlegra og óvenjulegra verður þetta voðaslys við það, að samtímis biðu bana þrefalt fleiri menn og konur, sem aðeins hugðu til stuttrar ferðar. Hún varð þeirra síðasta.

Vér Íslendingar erum fámenn þjóð. Missir 36 manna er oss stórfellt áfall, þjóðarharmur. En þó er sorgin sárust, missirinn átakanlegastur fyrir vandamenn og ástvini.

Hinum látnu þökkum vér líf þeirra og störf. Þeim, sem eftir lifa, vottum vér innilega samúð og hlýjustu hluttekningu.

Ég bið hv. alþm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum.

IV. 100 ára minning tilskipunar um endurreisn Alþingis.

Á 29. fundi í Sþ., 8. marz, mælti

forseti (HG): Fyrir réttum 100 árum undirritaði Kristján konungur 8. „tilskipun um stiptun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþing.“

Fyrsta grein tilskipunarinnar er á þessa leið: „Í staðinn fyrir það, að þau Voru landi Íslandi viðvíkjandi málefni, er samkvæmt tilskipuninni af 28. maí 1831 heyra til umdæmastandanna umsýslunnar, hingað til hafa verið meðhöndluð af umdæmastöndunum fyrir Sjálands og fleiri stipti, skal nefnt land eftirleiðis hafa sína eigin ráðgefandi samkomu, er á að nefnast Alþing. Það starf, er nefnd stönd hafa á hendi í tilliti til þeirra Voru landi Íslandi einungis viðvíkjandi laga og ráðstafana, á þannig að felast þessari nýju samkomu á hendur; og frá þeim tíma, er hún getur byrjað störf sín, á enginn lengur að hafa sæti í nefndri standasamkomu af Íslands hálfu.“

Í 2. gr. segir: „Hið árlega alþing á að samsetjast af 20 mönnum, er fasteign halda í landinu og kjósast þar til á þann í þessari tilskipun fyrirskrifaða máta“ — auk 6 embættismanna, er konungur tilnefnir.

Í 3. gr. eru ákvæði um skilyrði fyrir kosningarrétti til Alþingis, sem, eins og kunnugt er, þá var mjög takmarkaður og yfirleitt bundinn við ákveðna eign.

Að lokum segir í niðurlagi tilskipunarinnar að þeirra tíma venju:

„Héreptir eiga allir hlutaðeigendur sér allra undirdánugast að hegða. — Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn þann 8. Martsi 1843.“

Hið síðasta Alþingi við Öxará var haldið árið 1798. En eftir það hafði Alþingi tvisvar komið saman til funda í Reykjavík.

Nú var ákveðið með tilskipun konungs, að aftur skyldi kveðja fulltrúa til setu á Alþingi.

Fulltrúar þessir skyldu vera kosnir af landsmönnum, vera þjóðfulltrúar, en ekki nefndir til þingreiðar af sýslumönnum ásamt sjálfum þeim eða af lögmönnum til starfa í lögréttu. Ekki heldur sjálfvaldir eins og goðarnir til forna.

Verkefni Alþingis skyldi og annað en verið hafði undanfarið. Nú skyldi það fjalla um lagasetningu og vera konungi til ráðgjafar, sérstaklega um löggjafaratriði. Og eftir 1874 setti það lögin með konungi. Svipaði því um það meira til hins forna Alþingis lýðríkistímans en til Alþingis 18. aldar, sem svo að segja eingöngu fór með dómsvaldið.

Mér þykir hlýða að drepa með örfáum orðum á tildrög þess, að nú var ákveðið, að Alþingi skyldi hefja störf á ný og með þessum hætti.

Stjórnarbyltingin mikla í Frakklandi í lok 18. aldar vakti sterkar óskir og vonir í huga almennings í öllum löndum álfunnar, — óskir um betri kjör og vonir um betri og réttlátari stjórnarhætti. Krafan um frelsi, jafnrétti og bræðralag var upp hafin. Hún varð ekki kveðin niður aftur. Jafnvel hið heilaga bandalag sigurvegaranna eftir Napóleonsstyrjaldirnar gat ekki þaggað niður kröfuna um, að þjóðirnar fengju sjálfar að velja fulltrúa til löggjafarþings. Og eftir júlíbyltinguna 1830 varð ekki lengur á móti staðið.

Árið 1831 ákvað Friðrik konungur 6. að setja á stofn 3 ráðgjafarþing fyrir Danmörku til þess, eins og það er orðað, að „gera konunginum kleift að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um allt, er verða megi þjóðinni til nytja, treysta þau bönd, er binda saman þjóð og konungsætt, og lífga anda almennings.“ Skyldi konungur tilnefna 3 menn fyrir Ísland og Færeyjar til að eiga setu á stéttarþinginu í Hróarskeldu.

Þessi skyldi þá verða hlutdeild Íslendinga í réttarbótum þeim, er breytingin færði Dönum.

Þótti Íslendingum að vonum sinn hlutur smár og létu sér fátt um finnast. Þegar árið eftir ritar Baldvin Einarsson rækilega um málið og ber fram skýr rök fyrir því, að Íslendingar eigi að fá sitt sérstaka ráðgjafarþing. Tóku Íslendingar bæði heima og í Danmörku undir þetta með bænarskrá til konungs og á annan hátt.

Um áramótin 1839—40 andaðist Friðrik konungur 6. Tók Kristján konungur 8. við riki eftir hann. Væntu Íslendingar hins bezta af hinum nýja konungi. Færðu þeir honum heillaósk og „þuldu honum um leið stuttlega óskir sínar og vonir“ um, „að reyndir og skynsamir Íslendingar ættu í landinu sjálfu að taka hlutdeild í að ráðgast um málefni þjóðarinnar og í stjórn þeirra“. Tók konungur þessu hið bezta og lagði fyrir embættismannanefndina, er halda skyldi fund árið eftir (1841), að ráðgast um, hvort ekki muni vel til fallið að setja ráðgjafaþing á Íslandi, skipað hæfilega mörgum mönnum, þeirra er landsmenn hafa sjálfir til kjörið, — og hvort eigi sé rétt að nefna samkomuna Alþing. Tveimur árum síðar gaf svo konungur tilskipunina út, eins og áður er sagt.

Ég hef með þessum fáu orðum viljað reyna að rekja ofur stuttlega aðdraganda þess, að ákveðið var, að Alþingi skyldi hefja störf á ný. Þó er enn eigi minnzt þess mannsins, sem sízt hæfir að láta ógetið, er um mál þetta er rætt, Jóns Sigurðssonar.

Enginn hefur jafnskýrt og skörulega og hann sýnt fram á nauðsyn þess, að þjóðkjörið Alþingi Íslendinga væri starfandi á Íslandi.

Í greinum sínum ber Jón Sigurðsson fram átta röksemdir fyrir nauðsyn fulltrúaþings fyrir Ísland sér í lagi. Hin fyrsta er þessi:

„Veraldarsagan ber þess ljóst vitni, að hverri þjóð hefur þá vegnað bezt, þegar hún hefur sjálf hugsað um stjórn sína og sem flestir kraftar hafa verið á hræringu.“

Þá sýnir hann fram á, hversu fjarlægð Íslands frá Dönum veldur deyfð og seinlæti í öllum stjórnarathöfnum og sinnuleysi með þjóðinni.

„Land og þjóð er ólíkt og ókunnugt Dönum, og sum málefni (verzlun) mótstæðileg þeirra gagni“, segir hann enn fremur. Loks sýnir hann fram á, að tilganginum með stofnun fulltrúaþings: að veita konungi vitneskju um allt það, sem verða má þjóðinni til nytja og að lífga þjóðarandann, verði ekki náð, nema þingið sé kosið af Íslendingum og sitji á Íslandi.

En Jón Sigurðsson lætur sér ekki nægja að sýna fram á nauðsyn þess, að Alþingi hefji störf á ný. Hann leggur höfuðáherzluna á það í greinum sínum 1841 og '42 að sýna landsmönnum fram á, hver verkefni biði Alþingis og hvers þjóðin verði að gæta, til þess að störf þess geti orðið henni til nytsemda.

Um þetta segir Jón Sigurðsson svo:

„Sá er tilgangur allrar stjórnar að halda saman öllum þeim kröftum, sem hún er yfir sett, og koma þeim til að starfa til eins augnamiðs, en það er velgengni allra þegnanna og svo mikil framför, bæði á andlegan og líkamlegan hátt, sem þeim er unnt að öðlast. En eigi þessu að verða framgengt, þá er auðsætt, að allir kraftarnir verða að vera lausir að nokkru og bundnir að nokkru. Enginn getur sá gert fullt gagn, sem ekki hefur frelsi til þess, en hætt er einnig við, að sá, sem hefur allt frelsi, geri ekki frelsi annars hátt undir höfði, en þó má ekkert félag standast, ef ekki er slakað til á ýmsa lundu sanngjarnlega".

Og hann brýnir það fyrir landsmönnum að muna það æ og ávallt, að

„Þá aðeins má fulltrúaþingið verða að gagni, þegar menn í fyrstu eru sannfærðir um, að það megi gera gagn".

„Til eru þeir menn," segir Jón Sigurðsson enn fremur, „sem telja, að Alþing komi sér ekki við", og telur þá fyrst þann flokkinn, er segir: „Til hvers er að skipta sér af Alþingi? Það verður ekki til annars en alþýðunni til byrði eins og annað, sem höfðingjarnir finna upp á".

Þessum svarar hann svo:

„En nú er Alþingi engan veginn sett höfðingjunum í vil, heldur fyrst og fremst alþýðu, til að gefa henni tækifæri til að láta þá menn, sem hún helzt vill kjósa, tala máli sínu og bera fram þarfir sínar. Höfðingjar og embættismenn þurfa ekki Alþingi í þeim skilningi, því að þeir standa ofar í röð stéttanna og geta borið fram mál sín og vandkvæði sjálfir, en alþýðan þarf þess með".

Verkefni Alþingis telur Jón Sigurðsson fyrst og fremst þessi:

„Að vinna að auknu frelsi og sjálfstæði landsins.

Að vinna að auknum framförum á öllum sviðum atvinnu, verzlunar og menningar.

Að lifga þjóðarandann, vekja trú þjóðarinnar á sjálfa sig, mátt sinn og rétt".

Hversu hefur nú Alþingi tekizt að rækja það hlutverk, sem því var ætlað? Hefur oss munað „aftur á bak, ellegar nokkuð á leið" þessi síðustu 100 ár?

Hvað er um hið fyrsta atriði: sjálfstæði lands og þjóðar?

Árið 1874 fékk Alþingi löggjafarvald ásamt með konungi og landið sérstaka stjórnarskrá. Árið 1904 er aðsetur ríkisstj. flutt til landsins, og upp frá því eru Íslendingar einir ráðherrar. Árið 1918 viðurkenna Danir sjálfstæði Íslands og sjálfsforræði. Árið 1940 taka Íslendingar í sínar hendur þau mál, sem Danir til þessa höfðu farið með í umboði þeirra. Næsta ár, 1941, er æðsta vald í málefnum landsins fengið í hendur íslenzkum manni, kjörnum af Alþingi, og viðurkenning tveggja stórvelda fengin á fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar.

Á þessu tímabili hefur réttur landsmanna til kosninga og kjörgengis verið gerður almennur og jafn, bundinn við 21 árs aldur, án tillits til efnahags, kynferðis eða stéttar.

Hvað er um framfarir á sviðum atvinnu, verzlunar og menningar?

Þjóðin hefur vaxið ört. Fólksfjöldinn hefur meira en tvöfaldazt. Verzlun öll er í höndum landsmanna sjálfra. Efnahagur þjóðarinnar og lífskjör hafa batnað stórkostlega og öll ytri skilyrði.

Vegir, brýr, skip og vélar létta nú strit fólksins, ræktun landsins stórum aukin og hagnýting vatnsorku og jarðhita hafin. Fræðslu- og menningarstarfsemi margföld á við það, sem áður var.

Af þessu hefur það aftur leitt, að trú þjóðarinnar á mátt sinn og rétt hefur aukizt.

Það væri ofmæli og óvit að halda því fram, að þær miklu breytingar og framfarir, sem orðið hafa á flestum sviðum síðustu 100 ár og ég hef minnzt á, væru verk Alþingis eins. Þjóðin hefur hér öll verið að verki. En enginn neitar því, að Alþingi eigi sinn drjúga þátt í þeirri stórfelldu þróun, sem hér hefur orðið á þessari einu öld.

Ég hygg það sé eigi ofmælt, að fæstir þeirra, sem fulltíða voru árið 1843, hafi gert sér vonir um meiri árangur af starfi þings og þjóðar á þessum sviðum en orðinn er. Orð Jóns Sigurðssonar, þau, að hverri þjóð vegni þá bezt, þegar hún sjálf hugsar um og fer með stjórn málefna sinna, hefur reynslan sannað svo, að ekki verður móti mælt.

Án Alþingis hefði það trauðla fengizt, sem á hefur unnizt.

Saga Alþingis er saga þjóðarinnar. Svo hefur það verið í meira en 100 ár.

Háttvirtir alþingismenn!

Ýmsir mæla nú svo, að ætla mætti af orðum þeirra, að saga Alþingis sé brátt á enda og dagar þingræðis taldir á Íslandi. Jafnvel í útvarpi hefur verið rætt um gjaldþrot hins íslenzka lýðræðis.

Engin nýjung er það, þótt Alþingi sæti misjöfnum og ómildum dómum. Svo hefur jafnan verið, allt frá því er Alþingi fyrst hóf störf, bæði að fornu og nýju.

Jónas kvað um „hrafnaþing kolsvart í holti" fyrir eitt hundrað árum, er Rvík var valin þingstaður, en ekki Þingvellir við Öxará. Margir hafa síðan varpað fram stöku, sem ekki er ætlað að auka hróður Alþingis. Og enn fleiri eru hinir, sem deilt hafa á Alþingi og dæmt það hart í óbundnu máli, í ræðu og riti.

Engin ástæða er því til þess að verða uppnæmur nú, þótt ýmsir gerist harðorðir um þingið.

Hins vegar væri það mjög rangt og óviturlegt að gera of lítið úr þeirri gagnrýni, sem Alþingi sætir nú, jafnvel umfram venju. Alþingi og hverjum einum þingmanna er skylt að meta og vega allar rökstuddar aðfinnslur í því skyni að færa eftir getu til betri vegar, þar sem umbóta er þörf.

Mér virðist ljóst, að gagnrýni á Alþingi og harðyrði um það eru að höfuðþáttum spunnin af tvennum toga.

Annars vegar eru þeir, sem í raun og veru

óska, að vegur og sómi Alþingis sé sem mestur, og vilja mega vænta þaðan skjótra og öruggra úrræða í hverju máli, þjóðinni til heilla. Gagnrýni þeirra stafar af því, að þingið hefur brugðizt vonum þeirra. Það hefur orðið seinlátara og reikulla en vera ætti eða ekki valið hin réttu úrræði að þeirra dómi. Þeir vilja fá betra þing.

Auðvitað er Alþingi áfátt um margt. Engum er það ljósara en okkur alþingismönnum. Starfsháttum Alþingis hefur verið tiltölulega lítið breytt í heila öld. En störfin hafa margfaldazt, sífellt orðið margbrotnari og fjölþættari, hraðinn meiri og vandamálin því krafizt skjótari úrlausnar. Og auðvitað hefur Alþingi ósjaldan gert það, sem síður skyldi. Mistök hafa þar orðið, og svo getur enn farið.

„Varla er sú list, að menn hafi jafnlengi þreytt með óvissum árangri og landsstjórnarlistina", segir Jón Sigurðsson. Og jafnan sýnist nokkuð sitt hverjum um það, hvað rétt sé og heppilegast. Og því má eigi gleyma, að viðhorf og aðstaða einstaklinga og stétta til ýmissa höfuðmála er og hlýtur að vera mismunandi og ólík eftir þjóðfélagsaðstöðu. Þessi ágreiningur hlýtur að koma fram á Alþingi — ella væri það eigi rétt Alþingi — ella væri það eigi rétt eða fullkomin mynd þjóðarinnar. Þess vegna er gagnrýni þeirra, sem vilja betra þing, Alþingi holl og nauðsynleg. Hana er skylt að taka til greina, eftir því sem rök standa til að réttu mati. Alþingi verður að læra af reynslunni, líka af sínum eigin mistökum. Og til þess hefur þjóðin málfrelsi og ritfrelsi, að hver og einn geti bent á það, sem umbæta þarf.

Hins vegar eru þeir, sem hallmæla Alþingi og spá því illspám af þeirri ástæðu, að þeir vilja þingræði og lýðræði feigt.

„Falin er í illspá hverri
ósk um hrakför sýnu verri",

segir Stephan G. Stephansson.

Gagnrýni þessara manna er ekki flutt til þess að koma fram umbótum á starfsháttum eða stefnu þingsins, heldur fyrst og fremst eða eingöngu í því skyni að svipta Alþingi trausti og tiltrú fólksins. Þeim er ljós sá sannleikur, að ef Alþingi nýtur ekki trausts þjóðarinnar, er það veikt og lítils megnugt. Grundvöllur lýðræðisins er trúin á manninn, hvern einstakan, mátt hans og vilja til að stjórna málefnum sínum í félagi við aðra menn. Og undirstaða þingsins og annarra þjóðfélagsstofnana lýðræðisríkja er traust borgaranna á sínum eigin stofnunum.

Þeir, sem vinna að því að rjúfa þessi nauðsynlegu bönd gagnkvæms trausts og trúnaðar, vinna óhappaverk. Sé slíkt gert vitandi vits af ráðnum huga, er þung sök þeirra, sem þann verknað fremja.

Háttvirtir alþingismenn!

Góðir Íslendingar!

Aldrei hefur þess verið meiri þörf en nú, að Alþingi reyndist þess umkomið að rækja hlutverk sitt. Hvarvetna umhverfis oss geisar ófriðurinn með vaxandi ógnum, grimmd og eyðileggingu. Enn erum vér utan þessa voðalega hildarleiks að mestu.

En fjárhagslíf og atvinnuvegir þjóðarinnar hafa raskazt stórkostlega, og ekki er séð, hvort nú lánast að lækka dýrtíðina og afstýra vaxandi verðbólgu, sem mundi enn breikka bilið milli auðs og örbirgðar. Og loks er þess að minnast, að fyrir liggur að ákveða formlega til frambúðar meðferð æðsta valds í landinu og tryggja réttarstöðu Íslands gagnvart umheiminum að fullu.

Verkefnin eru mörg og stór. Vandamálin þýðingarmikil, ekki aðeins í nútíð, heldur og fyrir framtíðina, niðja vora.

Ég á enga betri ósk Alþingi og þjóð til handa á þessum merku tímamótum en þá, að árangurinn af starfi þingsins næstu 100 ár verði hlutfallslega jafnávaxtaríkur og störf þingsins síðustu 100 árin hafa reynzt þjóðinni.

Sumir virðast ætla, að ófriðurinn mikli sé eins konar eldskírn, þrekraun, er herði þjóðirnar, geri mennina meiri og betri þjóðfélagsborgara.

Vér óskum þess einlæglega, að vonir beztu manna um tímabil friðar og farsældar að stríðinu loknu megi rætast. En ég trúi því ekki, að það þurfi stríð til að betra mennina.

Ég vil að lokum taka undir þá ósk okkar unga skálds, að oss Íslendingum megi lánast að láta það á sannast, að vér þurfum ei

„stríð til að verða að mönnum,
vitrari, betri og þjóðhollari mönnum."

V. Þingfréttaflutningur í útvarpi.

Á 95. fundi í Nd., 10. apríl, utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvernig sé háttað samvinnu forseta þingsins og manns þess, sem flytur þingfréttir í útvarpið, og hvort þeir hafi ekkert eftirlit með því, hvað birt er í útvarpinu frá Alþ. Í þessu felst þó engan veginn nokkur gagnrýni eða óánægja með þingfréttamann útvarpsins, heldur er orsökin atvik, sem hefur komið fyrir nýlega og vakið ugg og óánægju meðal sjómanna, sem sigla til Englands. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, liggur nú fyrir Ed. frv. frá ríkisstj. um samsiglingu íslenzkra skipa, sem sigla til Englands. Þar eru uppi ýmsar ráðagerðir um það, hvernig þessum ferðum skuli háttað, og þar er stungið upp á ýmsu til aukins öryggis fyrir skip, sem sigla til Englands. Nú hefur það gerzt, að frá þessu frv. hefur verið skýrt í útvarpinu. Ég tel, að þegar slíkt mál er á ferðinni, þá sé um mjög alvarlegt gáleysi að ræða, að skýra frá þessum ráðagerðum í útvarpinu, þannig að þeim hernaðaraðilanum, sem undanfarið hefur verið að skjóta niður íslenzk skip og granda áhöfnum þeirra, skuli gefinn kostur á að verða alls vísari um þessar ráðagerðir.

Ég er ekki með þessu að deila á þingfréttamann útvarpsins. Hann hefur leyst sitt starf vel af hendi, en þegar slíkt gáleysi kemur fyrir, þá tel ég rétt, að fram kæmu raddir um það til

þess að hindra, að það endurtaki sig, og ég tel, að Alþ. ætti að hafa þarna hönd í bagga.

Ég vil því beina því til hæstv. forseta þessarar hv. deildar og annarra forseta þingsins, að þeir reyni að koma í veg fyrir það í framtíðinni, að slíkt endurtaki sig.

Nú er nál. sjútvn. Ed. í þessu máli komið fram, og í því felast frekari upplýsingar og grg. um málið. Ég tel því sjálfsagt, að hæstv. forseti hlutist til um það, að ekki verði skýrt frekar frá þessu máli í útvarpinu. Íslenzkir sjómenn, sem hafa frétt um þetta gáleysi, eru mjög undrandi yfir því, og ég vænti þess, að Alþ. geri sér það ljóst, hvílík nauðsyn er á, að slíkt endurtaki sig ekki.

Forseti (JJós): Út af aths. og fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. vil ég taka þetta fram. Þetta umrædda frv. er ekki lagt fram í þessari hv. deild, og það er ekki venja, að þingfréttamaður útvarpsins beri sig daglega saman við forseta um það, hvað hann birtir sem þingfréttir í útvarpinu. Það er ekki nema um einstök eftirtektarverð atriði og greinargerðir, sem ekki þykir þægilegt að birta, sem hann leitar álits forseta. Hins vegar verður að telja það illa farið, að minnzt hefur verið á þetta mál í útvarpinu. Um þetta hefur verið rætt og séð svo um, að ekki verði minnzt aftur á þetta mál í útvarpinu. Fleira hef ég ekki um þetta að segja.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég þakka hæstv. forseta fyrir yfirlýsinguna og góðar undirtektir við málið. Ég vil enn taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að það er fjarri því, að ég hafi með þessu verið að ásaka forseta þingsins eða þingfréttamann útvarpsins. Það hefði átt að vera hlutverk hæstv. ríkisstj., sem bar þetta frv. fram, að taka þetta með í *reikninginn*. (**PO:** Það er ekki *ríkisstj.*, heldur forsetar þingsins, sem eiga að hafa eftirlit með þingfréttaflutningi). Annars vil ég vænta þess, að af þessu gáleysi hljótist ekki neitt alvarlegt, og ég fagna því, að það skuli ekki eiga að koma fyrir aftur.

VI. Kosningar.

1. Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur.

Á 9. og 10. fundi í Sþ., 16. og 17. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna í stjórn byggingarsjóðs og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, skv. 8. og 9. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, allra til 4 ára, frá 1. jan. 1943 til 31. des. 1946, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu stjórnarmanna komu fram tveir listar, A og B. Voru á A-lista: Guðlaugur Rósinkranz yfirkennari, Arnfinnur Jónsson kennari, og Stefán Jóh. Stefánsson hæstaréttarlögmaður, en á B-lista Jakob Möller fyrrv. ráðh. og Jóhann Ólafsson stórkaupm. — A-listi hlaut 32 atkv., en B-listi 17 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í stjórn byggingarsjóðs:

Guðlaugur Rósinkranz,
Jakob Möller,
Arnfinnur Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

Við kosningu endurskoðenda komu einnig fram tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Ágúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi,
Bjarni Benediktsson borgarstjóri.

2. Menntamálaráð.

Á 23., 24. og 25. fundi í Sþ., 9., 11. og 12. febr., var tekin á dagskrá

kosning menntamálaráðs (fimm manna) til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. l. nr. 7 12. apríl 1928.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 15. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust þrír listar. Á A-lista voru Kristinn Andrésson og Barði Guðmundsson, á B-lista Jónas Jónsson og Pálmi Hannesson, og á C-lista Vilhjálmur Þ. Gíslason og Valtýr Stefánsson. — A-listi hlaut 18 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 18 atkv., en tveir seðlar voru auðir. Samkv. því hlutu kosningu:

Kristinn Andrésson magister,
Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri,
Jónas Jónsson alþm.,
Barði Guðmundsson þjóðskjalavörður,
Valtýr Stefánsson ritstjóri.

3. Útvarpsráð.

Á 33. og 34. fundi í Sþ., 22. og 29. marz, var tekin á dagskrá

kosning 5 manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. l. nr. 25 18 marz 1943, um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 30. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar, A, B, C, D, með samtals jafnmörgum nöfnum við hvora kosningu og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Magnús Jónsson prófessor (D),
Jón Eyþórsson veðurfræðingur (B),
Einar Olgeirsson, alþm. (C),
Páll Steingrímsson ritstjóri (D),
Sigurður Einarsson dósent (A).

Varamenn:
Jóhann Hafstein lögfræðingur (D),
Pálmi Hannesson rektor (B),
Gunnar Benediktsson rithöfundur (C),
Jónas B. Jónsson barnakennari (D),
Guðjón Guðjónsson skólastjóri (A).

4. Þingvallanefnd.

Á 42. fundi í Sþ., 14. apríl, var tekin til meðferðar
kosning Þingvallanefndar (þriggja alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.
Þrír listar komu fram, A, B og C, með samtals nöfnum þriggja manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Kosning fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir alþingismennirnir:
Haraldur Guðmundsson (A),
Jónas Jónsson (B),
Sigurður Kristjánsson (C).

5. Landskjörstjórn.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. l. nr. 89 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Við báðar kosningar, aðalmanna og varamanna, komu fram fjórir listar, A, B, C, D, er á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Kosningarnar fóru því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:
Aðalmenn:
Jón Ásbjörnsson hæstaréttarlögmaður (D),
Bergur Jónsson bæjarfógeti (B),
Ragnar Ólafsson lögfræðingur (C),
Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri (D),
Vilmundur Jónsson landlæknir (A).
Varamenn:
Eggert Claessen hæstaréttarlögmaður (D),
Ólafur Jóhannesson lögfræðingur (B),
Steinþór Guðmundsson kennari (C),
Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögm. (D),
Rútur Valdimarsson ritstjóri (A).

6. Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna milliþinganefndar samkv. þingsályktun frá 9. febr. um milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum.

Fram komu fjórir listar, A, B, C, D, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Sigurður Kristjánsson alþm. (D),
Eysteinn Jónsson alþm. (B),
Áki Jakobsson alþm. (C),
Halldór Jónsson ritstjóri (D),
Finnur Jónsson alþm. (A).

7. Milliþinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda o. fl.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna milliþinganefndar samkv. þingsályktun 9. febr. 1943 um undirbúning verklegra framkvæmda eftir styrjöldina og endurskoðun á skipulagi stóratvinnurekstrar í landinu.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta fjórir listar, A, B, C og D. Voru á listunum tilnefndir samtals jafnmargir menn og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:
Jakob Möller alþm. (D),
Hermann Jónasson alþm. (B),
Haukur Björnsson verzlunarmaður (C),
Sveinn Jónsson bóndi (D),
Kjartan Ólafsson bæjarfulltrúi (A).

8. Skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 8 manna nefndar samkv. þingsályktun frá 16. marz 1943 um nefndarskipun til að gera tillögur um framtíðarbyggingar á lóðum ríkisins við Lækjartorg og Lækjargötu.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta fjórir listar, A, B, C, D, er á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Magnús Jónsson prófessor (D),
Jónas Jónsson alþm. (B),
Ársæll Sigurðsson bæjarfulltrúi (C),
Bjarni Benediktsson borgarstjóri (D),
Sigurður Jónasson forstjóri (A),
Vilhjálmur Þór ráðherra (B),
Sigurður Thoroddsen verkfræðingur (C),
Sigmundur Halldórsson húsameistari (A).

9. Milliþinganefnd í póstmálum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 3 manna nefndar samkv. þingsályktun frá 30. marz 1943 um milliþinganefnd í póstmálum.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, með einu nafni á hverjum. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Daníel Ágústínusson erindreki (A),
Gísli Sveinsson alþm. (C),
Gunnar Benediktsson rithöfundur (B).

VII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru af forsetum öllum í sameiningu ráðnir lausir starfsmenn þingsins:

Skrifstofan og prófarkalestur.
Sigríður Bjarklind, Ingólfur Pálmason, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla.
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla.
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir.
Teknir strax: Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Svanhildur Ólafsdóttir, Björn Franzson, Björn Sigfússon, Auðbjörg Tryggvadóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir, Emil Björnsson, Pétur Sigurgeirsson, Aðalbjörg Johnson, Eggert Jónsson.
Teknir síðar: Axel Kristjónsson, Kristinn Hóseasson, Róbert Bjarnason, Guðjón Kristinsson.
Í stað Axels Kristjónssonar, sem ekki kom til starfsins, var ráðinn 7/1: Bjarni Tryggvason.

Dyra- og pallavarzla.
Jakob Jónsson (yfirvörður), Jón Bjarnason, Sigvaldi Indriðason, Guðmundur Davíðsson, Einar Blandon, Bragi Kristjánsson, Gunnar Bergmann, Jens Magnússon, Benjamín Sigvaldason, Einar Ólafsson, Þórður Jónsson.

Þingsveinsstörf.
Jónas Jónasson, Einar V. Ólafsson.
Umsóknir höfðu ekki borizt frá fleirum í þingbyrjun, og var skrifstofustjóra falið að auglýsa eftir þingsveinum og ráða þá eftir þörfum. Voru síðan ráðnir samkvæmt því: 25/11 Ólafur Alexandersson, 27/11 Ragnar Stephensen, 28/11 Agnar Bragi Símonarson, 2/12 Friðrik Guðnason.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

Fatagæzla.
Ragna Þorvarðsdóttir, Vigdís Torfadóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi.
Helgi Hjörvar.

VIII. Starfslok deilda.

Á 99. fundi í Ed., 13. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (StgrA): Ég vænti, að þetta verði síðasti fundur d., þar sem gert er ráð fyrir, að þinglausnir verði á morgun. Ég vil mælast til þess, að mér verði heimilað ásamt skrifurum að ganga frá tveimur síðustu fundargerðum, sem ekki hefur verið tækifæri til að staðfesta, og ef engin mótmæli koma fram gegn því, skoða ég það samþ., og verður þá þannig að farið að staðfesta þessar fundargerðir.
Ég vil svo þakka hv. þdm. fyrir ágætt samstarf á þessu þingi og fyrir það, hvað þeir hafa gert mér sem viðvaningi í þessu starfi auðvelt að leysa það þannig af hendi, að ekki hlytust vandræði af.

Þó að nú sé verið að slíta þessu þingi, eða því sem næst, þá erum við, eins og hv. þm. vita, ekki þar með skildir að svo stöddu, þar sem nýtt þing kemur saman þegar að þessu þingi loknu, svo að ekki er ástæða til að kveðjast nú, en vil aðeins endurtaka þakklæti mitt til hv. þdm. fyrir gott samstarf á þessu þingi.

Bernharð Stefánsson: Hæstv. forseti hefur getið þess, að þetta mundi að öllum líkindum vera síðasti fundur d. á þessu þingi. Mér finnst, að dálítlar líkur bendi til þess, að við eigum kannske eftir að halda einn fund enn í d. En þar sem hæstv. forseti býst við, að þetta verði síðasti fundurinn á þessu þingi, og út af þeim orðum, sem hann beindi til okkar þdm., þá vil ég fyrir mína hönd, og ég býst við fyrir hönd allra þdm., votta hæstv. forseta þakkir fyrir góða og óhlutdræga fundarstjórn á þessu þingi. Þessi nýi þm. — ég kalla hann nýjan, þó að hann ætti sæti á stuttu aukaþingi í sumar — var óneitanlega settur í mikinn vanda, þegar hann var settur í forsetastól í haust, en ég hygg, að það muni vera sammæli allra þdm., að þennan vanda hafi hann leyst svo vel af hendi sem frekast er hægt að vænta af jafnóvönum manni, og meira að segja þá held ég, að við þdm. höfum orðið lítið varir við, að hæstv. forseti var óþingvanur maður, því að stjórn hans á fundum d. hefur verið líkari því, að hann hefði setið mörg ár á þingi og væri vanur þingstörfum.
Ég bið þá hv. þdm., sem eru þessum orðum mínum samþ. og vilja þakka hæstv. forseta góða stjórn í d., að árna honum allra heilla — þó að stutt sé þangað til við sjáumst aftur í d. — að gjalda því jákvæði með því að rísa úr sætum. — [Þingdeildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (StgrA): Ég þakka hv. 1. þm. Eyf. fyrir þessi vingjarnlegu orð í minn garð og undirtektir hv. þdm.

Á 101. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JJós): Þá er lokið störfum deildarinnar að þessu sinni. Ég skal leyfa mér að leita leyfis hv. dm. til að staðfesta ásamt skrifara fundargerð þessa síðasta fundar, og skoða ég það samþ., fyrst enginn mælir því í gegn.
Ég þakka hv. dm.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil f. h. mína og allra dm. þakka forseta góða deildarstjórn. Hann hefur stjórnað d. af skörungsskap og frjálslyndi, og við árnum honum allra heilla. — [Deildarmenn tóku undir með því að rísa úr sætum.]

Forseti (JJós): Ég þakka hv. 1. þm. Árn. ummæli hans og góðar óskir í minn garð og þingdeildarmönnum undirtektir þeirra. — Fundi er slitið.

IX. Þinglausnir.

Á 43. fundi í Sþ., 14. apríl, las forseti svofellt yfirlit um störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 14. nóv. 1942 til 14. apríl 1943, eða samtals 152 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	101
– efri deild	99
– sameinuðu þingi	43
Alls	243 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	12		
b. — — efri deild	7		
c. — — sameinað þing	1		
		20	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	56		
b. — — í efri deild	35		
		91	
			111
Þar af:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	13		
Þingmannafrumvörp	46	alls 59 lög	
b. Felld:			
Þingmannafrumvörp	4		
c. Afgr. með rökst. dagskrá:			
Þingmannafrumvörp	11		
d. Vísað til stjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörp	2		
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	7		
Þingmannafrumvörp	28		
		111	

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í neðri deild	12		
b. — — í efri deild	6		
c. — — í samein. þ.	49		
			67
Þar af:			
a. Þál. afgr. til stj.:			
1. Ályktanir Alþingis	28		
2. — neðri deildar	8		
3. — efri deildar	2		
		38 þál.	
b. Afgr. með rökst. dagskrá	7		
c. Vísað til ríkisstj.	1		
d. Ekki útræddar	21		
		67	

III. Fyrirspurnir:

Bornar fram í efri deild	3		
Þar af:			
a. Svarað	1		
b. Ekki svarað	2		
			3
Mál til meðferðar í þinginu alls			181

Síðan mælti

forseti (HG): Herra ríkisstjóri. Háttvirtir alþingismenn. Þessu Alþingi er nú lokið. Það er hið 61. löggjafarþing og 16. aukaþing, en 76. samkoma frá því, er Alþ. var endurreist. Frá stofnun Alþ. eru á þessu ári liðin 1013 ár, en 2 ár frá því æðsta vald í málefnum þjóðarinnar var falið íslenzkum, þingkjörnum ríkisstjóra.. Aldrei fyrr hefur Alþingi átt jafnlanga setu og aldrei haldið svo marga fundi sem nú. Þykir mér rétt, að venju, að drepa nú á nokkur þeirra mála, er afgreidd voru á þinginu.

Alþingi samþykkti til fullnaðar frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá ríkisins, og er samkvæmt því heimilt að ákveða með samþykkt eins þings að gera þær breytingar á stjskr., sem leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins, enda komi til samþykki meiri hluta allra kosningabærra manna í landinu við leynilega atkvæðagreiðslu.

Af lögum um félagsmál skulu þessi nefnd: lög um orlof, merkilegt nýmæli í íslenzkri löggjöf og þýðingarmikið, lög um að auka svið stríðsslysatrygginga, breytingar á l. um alþýðutryggingar, um nokkuð aukin framlög til sjúkratrygginga, og ný lög um húsaleigu í stað eldri laga um það efni. Enn fremur var ákveðið í l. um dýrtíðarráðstafanir sérstakt 3 millj. kr. framlag til eflingar alþýðutryggingunum. Fjárlög þau, sem Alþingi afgr. fyrir yfirstandandi ár, gera ráð fyrir að útgjöld ríkisins verði um 65 millj. kr. Er það nærri þreföld upphæð á við hæstu fyrri fjárlög; þó er upphæð þessi tveim tugum millj. kr. lægri en tekjur ríkissjóðs reyndust á s. l. ári.

Höfuðverkefni þessa þings var að gera ráðstafanir til þess að stöðva og lækka dýrtíðina og tryggja atvinnureksturinn í landinu. Mestum hluta af tíma þingsins hefur verið varið til þess að leita úrræða í þessum málum. Voru afgr. þrenn lög varðandi dýrtíðarmálin: Breyt. á l. um dómnefnd í verðlagsmálum, l. um verðlag og l. um dýrtíðarráðstafanir, auk laga um innflutning og gjaldeyrismeðferð. Ýmsir munu telja nokkur atriði í löggjöf þessari orka tvímælis. En reynslan verður enn sem fyrr réttlátastur dómari um gildi hennar. Veltur og mikið á því, hvernig framkvæmd hennar fer úr hendi í einstökum atriðum.

Ríkisstjórn sú, er fór með völd, er Alþ. kom saman, hafði áður afhent ríkisstjóra lausnarbeiðni. Tilraunir til að mynda ríkisstjórn, sem hefði yfirlýstan stuðning meiri hluta Alþ., báru engan árangur. Fól þá ríkisstjóri núverandi hæstv. forsrh. að mynda ríkisstjórn, og er ráðuneyti hans skipað utanþingsmönnum eingöngu. Framkvæmd þeirrar löggjafar, sem Alþ. hefur sett, er nú í hennar höndum. Það er ósk mín og alþingismanna, að sú lagasetning og störf Alþ. og ríkisstjórnarinnar megi verða þjóðinni til gagns og gengisauka nú og síðar.

Vetur er senn liðinn. Sumar fer í hönd. Fyrir hönd Alþ. vil ég flytja landsmönnum öllum einlægar óskir um farsælt sumar og árangursríkt starf.

Ég vil að lokum þakka hv. alþingismönnum gott samstarf á þessu þingi. Við munum brátt aftur kallaðir til setu á nýju Alþingi. — Hittumst heilir!

Ingvar Pálmason: Ég skal leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hönd alþingismanna röggsamlega fundarstjórn og gott samstarf á þinginu. Árna ég honum góðs gengis í framtíðinni og allra heilla. Ég vænti, að hv. alþm. taki undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (HG): Ég þakka hv. 1. þm. S.-M. hlýlegar óskir og hv. alþm. undirtektir þeirra.

Ríkisstjóri (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði 13. þ. m. var gefið út svolátandi ríkisstjórabréf um þinglausnir:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt:
að ég hef ákveðið, að Alþingi, 61. löggjafarþingi, skuli slitið miðvikudaginn 14. apríl 1943.
Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gert í Reykjavík 13. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

Björn Þórðarson.

Ríkisstjórabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi segi ég þinginu slitið.
Ég vil biðja alþingismenn og ríkisstjórn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingheimur stóð upp, og 1. þm. S.-M., Ingvar Pálmason, mælti: „Lifi Ísland!"
Var undir þau orð tekið með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

ALÞINGISTÍÐINDI

1942

SEXTUGASTA OG FYRSTA LÖGGJAFARÞING

B

UMRÆÐUR

UM

SAMÞYKKT LAGAFRUMVÖRP

MEÐ

AÐALEFNISYFIRLITI

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1948

Skrifstofustjóri þingsins hefur annazt útgáfu Alþingistíðindanna.

Skammstafanir.

A = A-deild Alþt. = þingskjölin.
afgr. = afgreitt.
allshn. = allsherjarnefnd.
Alþ. = Alþingi.
Alþfl. = Alþýðuflokkur.
alþm. = alþingismaður.
Alþt. = Alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
atvmrh. = atvinnumálaráðherra.
atvmrn. = atvinnumálaráðuneytið.
B = B-deild Alþt. = umræður um samþykkt lagafrumvörp.
brbl. = bráðabirgðalög.
breyt. = breyting.
brtt. = breytingartillaga.
Bændafl. = Bændaflokkur.
C = C-deild Alþt. = umræður um fallin lagafrumvörp og óútrædd.
D = D-deild Alþt. = umræður um þingsályktunartillögur og fyrirspurnir.
d. = deild.
dm. = deildarmaður.
dómsmrh. = dómsmálaráðherra.
dómsmrn. = dómsmálaráðuneytið.
Ed. = efri deild.
e. hlj. = einu hljóði.
félmrh. = félagsmálaráðherra.
félmrn. = félagsmálaráðuneytið.
fjhn. = fjárhagsnefnd.
fjmrh. = fjármálaráðherra.
fjmrn. = fjármálaráðuneytið.
fjvn. = fjárveitinganefnd.
flm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
forsrh. = forsætisráðherra.
Framsfl. = Framsóknarflokkur.
frsm. = framsögumaður.
frv. eða frumv. = frumvarp.
frvgr. = frumvarpsgrein.
fskj. = fylgiskjal.
fsp. = fyrirspurn.
gr. = grein.
grg. = greinargerð.
hl. = hluti.
hv. eða háttv. = háttvirtur.
hæstv. = hæstvirtur.
l. = lög.
lagafrv. = lagafrumvarp.
landbn. = landbúnaðarnefnd.
landbrh. = landbúnaðarráðherra.
landsk. = landskjörinn.
málsgr. eða mgr. = málsgrein.
málsl. = málsliður.
meðnm. = meðnefndarmaður.
menntmn. = menntamálanefnd.
mþn. = milliþinganefnd.
n. = nefnd (með þingskjalsnúmeri = nefndarálit (n. 123)).
nál. = nefndarálit.
Nd. = neðri deild.
nm. = nefndarmaður.
ráðh. = ráðherra.
rn. = ráðuneyti.
rökst. = rökstudd.
samgm. = samgöngumál.
samgmn. = samgöngumálanefnd.
samvn. = samvinnunefnd.
samþ. = samþykkt.
samþm. = samþingismaður.
shlj. = samhljóða.
Sjálfstfl. = Sjálfstæðisflokkur.
sjútvn. = sjávarútvegsnefnd.
skrif. = skrifari.
Sósfl. = Sameiningarflokkur alþýðu, Sósialistaflokkurinn.
stafl. = stafliður.
stj. = stjórn.
stjfrv. = stjórnarfrumvarp.
stjskr. = stjórnarskrá.
stjskrfrv. = stjórnarskrárfrumvarp.
stjskrn. = stjórnarskrárnefnd.
Sþ. = sameinað þing.
till. = tillaga.
tillgr. = tillögugrein.
tölul. = töluliður.
umr. = umræða.
vatill. = viðaukatillaga.
viðskmrh. = viðskiptamálaráðherra.
viðskmrn. = viðskiptamálaráðuneytið.
þ. = þing.
þál. = þingsályktun.
þáltill. = þingsályktunartillaga.
þfkn. = þingfararkaupsnefnd.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. eða þdm. = þingdeildarmaður.
þingmfrv. eða þmfrv. = þingmannafrumvarp.
þm. = þingmaður.
þm. A.-Húnv. = þingmaður Austur-Húnvetninga.
þm. Ak. = þingmaður Akureyringa.
þm. A-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfellinga.
þm. Árn. = þingmaður Árnesinga.
þm. Barð. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.

þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Hafnf. = þingmaður Hafnarfjarðarkaupstaðar.
þm. Ísaf. = þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar.
þm. Mýr. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Ísf. = þingmaður Norður-Ísfirðinga.
þm. N.-M. = þingmaður Norðmýlinga.
þm. N.-Þ. = þingmaður Norður-Þingeyinga.
þm. Rang. = þingmaður Rangæinga.
þm. Reykv. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Seyðf. = þingmaður Seyðfirðinga.
þm. Siglf. = þingmaður Siglfirðinga.
þm. Skagf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-M. = þingmaður Sunnmýlinga.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Str. = þingmaður Strandamanna.
þm. S.-Þ. = þingmaður Suður-Þingeyinga.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyinga.
þm. V.-Húnv. = þingmaður Vestur-Húnvetninga.
þm. V.-Ísf. = þingmaður Vestur-Ísfirðinga.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftfellinga.
þskj. = þingskjal.

ÁÁ = Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
ÁkJ = Áki Jakobsson, þm. Siglf.
BÁ = Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
BBen = Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.
BG = Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.
BrB = Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.
BSt = Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
EE = Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
EmJ = Emil Jónsson, þm. Hafnf.
EOl = Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
EystJ = Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.
FJ = Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
GG = Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
GÍG = Guðmundur Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.
GJ = Gísli Jónsson, þm. Barð.
GSv = Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.
GTh = Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
GÞ = Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
HelgJ = Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
HermJ = Hermann Jónasson, þm. Str.
HG = Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.
IngJ = Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
IngP = Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.
JakM = Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
JJ = Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
JJós = Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
JPálm = Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
JS = Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
JörB = Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
KA = Kristinn Andrésson, 7. landsk. þm.
LJóh = Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
LJós = Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.
MJ = Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
ÓTh = Ólafur Thors, þm. G.-K.
PHerm = Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
PM = Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.
PO = Pétur Ottesen, þm. Borgf.
PZ = Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
ÞÞ = Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
SB = Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
SEH = Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
SG = Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.
SigfS = Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.
SK = Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.
SkG = Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
StgrA = Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
STh = Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.
StJSt = Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.
SvbH = Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.
SÞ = Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.
ÞB = Þórður Benediktsson, 2. landsk. þm.
ÞG = Þóroddur Guðmundsson, 2. landsk. (vara)-þm.
ÞÞ = Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Skammstafanir þessar tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum.

Yfirlit um Alþingistíðindi 1942—43.

(61. löggjafarþing.)

I.

Aðalefnisyfirlit um þingskjöl (A) og umræður (B, C og D).*)

*Aðalheiður Pálsdóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 480.
Aðflutningsgjöld, sbr. Tollar.
Afnotagjald útvarpsnotenda, sjá Ríkisútvarpið.
Afurðagreiðsla, þmfrv. um greiðslu íslenzkra afurða. (Flm.: GJ). A. þskj. Ed.: 49, n. 259, 281; Nd.: n. 450, 491, **492 lög** (=281). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 1015—1030.
Akranes, sjá: Áveitu- og, Bókasafn Akraness, Fangahús á Akranesi, Gamalmennahæli, Iðnskólinn á, Íþróttasjóður, Styrktarsjóður verkalýðsfélags Akraness, Virkjun Andakílsár. — Sbr. og Kaupstaðir.
Akureyrarspítali, sjá: Sjúkrahúsið á Akureyri, Sjúkrahúsin.
Akureyri, sjá: Amtsbókasafnið á Akureyri, Gagnfræðaskólar, Laxárvirkjunin, Leikfélag Akureyrar, Mæðrastyrksnefnd, Rafleiðsla, Sjúkrahúsið á Akureyri, Sjúkrahúsin. — Sbr. og kaupstaðir.
Allsherjarnefnd, í Sþ. A. 857—858, kosning B. 50; í Ed. A. 862—864, kosning B. 54; í Nd. A. 868—870; kosning B. 58.
Alþingi:
Alþingisreikningur 1942 D. 370—374.
Drengskaparheit unnin um að halda stjórnarskrána B. 17, 46.
Embættiskosningar, í Sþ. B. 46—47; í Ed. B. 51—52; í Nd. B. 55—56.
Endurreisn Alþingis, 100 ára minning tilskipunar um, B. 1389—1394.
Erindaskrá A. 871—915.
Fastanefndir, sjá Nefndaskipun.
Kjörbréfanefnd A. 858, kosning B. 47.
Kosning til efri deildar B. 47.
Kosningar ýmsar (Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur. — Menntamálaráð. — Útvarpsráð. — Þingvallanefnd. — Landskjörstjórn. — Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum. — Milliþinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda o. fl. — Skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu. — Milliþinganefnd í póstmálum). B. 1395—1398.
Málaskrá A. V.—XXXI.
Nefndaskipun, í Sþ. A. 856—859, kosning B. 48—50; í Ed. A. 859—864, kosning B. 52—54; í Nd. A. 864—870, kosning B. 57—58. — Sbr. og Þingsköp Alþingis 1.
Rannsókn kjörbréfa B. 7—46.
Ríkisstjórabréf B. 6, 1402—1403.
Starfslok deilda B. 1399—1400.
Starfsmenn þingsins B. 1398—1399.
Varamaður tekur þingsæti B. 46.
Yfirlit um störf þingsins B. 1400—1401. — Sbr. og Málaskrá.
Þingfararkaupsnefnd A. 858—859, kosning B. 47—48.
Þinglausnir B. 1400—1404.
Þingmannaskrá með bústöðum o. fl. A. 916.
Þingmannatal í Sþ. B. 5—6; í Ed. B. 51; í Nd. B. 55.
Þingsetning, í Sþ. B. 5—50; í Ed. B. 51—54; í Nd. B. 55—58. — Sbr. og Kosningar til Alþingis, Saga Alþingis, Samkomudagur, Stjórnarskrárbreyting, Þingfararkaup, Þingmannaskrá, Þingsköp.
Alþingiskosningar, sjá: Kosningar til Alþingis, Landskjörstjórn.
Alþingismenn, skrá um, sjá Alþingi (Þingmannaskrá, Þingmannatal).
Alþingisreikningur, sjá Alþingi.
Alþingissaga, sjá Saga Alþingis.
Alþingissjóður, reikningur 1942, D. 375.
Alþingistíðindi, prentun umræðna, sjá Þingsköp Alþingis 2.
*Alþýðusamband Íslands, til alþýðufræðslu, A. 315, 322; B. 190, 235.
Alþýðuskólinn á Eiðum, sjá Eiðaskóli.
Alþýðutryggingar:
1. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 74 1937. (Flm.: BrB, GÍG). A. þskj. Ed.: 150, n. 534, 566; Nd.: n. 619, **641 lög** (= 566). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 1234—1237.
2. Þmfrv. um breyt. á sömu l. (Flm.: SkG). A. þskj. Nd.: 45, n. 151 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 95—99.
3. Þmfrv. um framkvæmd á IV. kafla sömu l. (Flm.: BrB). A. þskj. Ed.: 78, n. 245 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 104—108.
4. Þmfrv. um breyt. á og viðauka við sömu l.

*) Í yfirliti þessu er nánar greint en um önnur mál helzta efni fjárlaga 1943, að því leyti sem fram hefur komið í **breytingartillögum, nefndarálitum og umræðum,** öðrum en svonefndum eldhúsumræðum, og táknar (*) framan við málsgrein, að átt er við fjárlagaefni. Yfirlitið tekur hins vegar ekki yfir efni fjárlagafrumvarpsins eins og það var lagt fyrir þingið, né eins og það varð eftir 2. og 3. umr.

Tölutilvitnanir í A-deild tákna blaðsíðutöl, nema annars (þskj.) sé við getið, en í B-, C- og D-deildir dálkatöl.

(Flm.: HG, GÍG). A. þskj. Ed.: 148. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 511—514. — Sbr. og Dýrtíðarráðstafanir, Stríðslysatrygging.
*Alþýðutryggingar, framlag til, A. 374, 500; B. 231—232, 255, 421.
*Amtsbókasafnið á Akureyri A. 373; B. 241, 254—255, 347—348.
*Amtsbókasafnið á Seyðisfirði A. 373; B. 241, 254—255, 347—348.
*Amtsbókasafnið í Stykkishólmi A. 315, 321; B. 189.
Andakílsá, sjá Virkjun Andakílsár.
*Anna Bjarnadóttir, til samningar enskunámsbóka, A. 499; B. 406.
*Anna Guðmundsdóttir, endurgreiðsla fjár úr lífeyrissjóði barnakennara A. 317, 325, 481.
*Anna Kvaran, prestsekkja, eftirlaun, A. 324.
Arctic, sjá Launagreiðslur til skipverja á.
Arnfinnur Jónsson, kennari, kosinn í stjórn byggingarsjóðs B. 1395.
*Athugunarstöð barnaverndar A. 313, 318; B. 186.
*Atvinnuaukning, til verklegra framkvæmda í því skyni, A. 374, 375, 478, 481—482, 499; B. 206—207, 231, 256—257, 344, 347, 393, 404, 405, 412, 438.
*Atvinnudeild háskólans A. 478; B. 344. — Sbr. og Síldarrannsóknir.
Atvinnutryggingarsjóður, sjá Dýrtíðarráðstafanir.
Aukatekjur ríkissjóðs, sjá Skattaviðauki.
Ábyrgð ríkissjóðs, sjá: Hafnargerð í Hornafirði, Hafnarlög fyrir Keflavík, Hafnarlög Hafnarfjarðar, Hafnarlög Húsavíkur, Laxárvirkjunin, Lendingarbætur í Bakkagerði, Lendingarbætur á Vattarnesi, Raforkumálaábyrgðir, Raforkuveita Reyðarfjarðar, Rafveita Ísafjarðar, Virkjun Andakílsár,Virkjun Fljótaár,Virkjun Fossár, Virkjun Gönguskarðsár, Virkjun Tungufoss; — í fjárlögum, sjá Rafveita Ísafjarðar, Rafveita Ólafsfjarðarhrepps, Virkjun Andakílsár, Virkjun Fljótaár.
Áfengi, sjá: Áfengislög, Drykkjumannahæli. — Sbr. og Stórstúka.
Áfengislög, þmfrv. um breyt. á l. nr. 33 1935. (Flm.: SigfS, FJ, EystJ, IngJ). A. þskj. Nd.: 4, n. 137 (meiri hl.), n. 157 (minni hl.) (þar í rökst. dagskrá), 203, 204, 205, 209; Ed.: 244, n. 374 (meiri hl.), n. 380 (minni hl.), 480 lög (= 244). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 975—1013.
Ágúst Jósefsson, heilbrigðisfulltrúi, kosinn endurskoðandi byggingarsjóðs B. 1396.
Áki Jakobsson, alþm., kosinn í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum B. 1397.
*Ármann Halldórsson, kennari, endurgreiðsla fjár úr lífeyrissjóði barnakennara, A. 481.
Árni Pálsson, prófessor, sjá Skáldastyrkur.
*Árni Sigurðsson, bréfberi, eftirlaun, A. 324.
Árni Thorsteinsson, tónskáld, sjá Skáldastyrkur.
Árný Filippusdóttir, sjá Húsmæðrafræðsla Árnýjar.
Ársæll Sigurðsson, bæjarfulltrúi, kosinn í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
Ásbyrgi, sjá Vegabætur í.
*Ásdís M. Sigurðardóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 324, 511; B. 402.
*Ásgerður Bjarnadóttir, eftirlaun, A. 480.
Ásgrímur Jónsson, málari, sjá Skáldastyrkur.
Ásmundur Sveinsson, myndhöggvari, sjá Skáldastyrkur.
*Áveitu- og landþurrkunarfélög A. 316, 322, 378, 478; B. 190—191, 252.
Áveitufélag Ölfusinga, sjá Áveitu- og.
Áveitusvæði Þingbúa, sjá Áveitu- og.
Áveitur, sjá: Áveitu- og, Jarðræktarlög 1.

Bakkagerði í Borgarfirði, sjá Lendingarbætur í.
Baldur, verkalýðsfélag, sjá Styrktarsjóður verkalýðsfélagsins Baldurs.
Baldur Eyjólfsson, póstur, eftirlaun, A. 480.
Baldur Johnsen, héraðslæknir, til manneldisrannsókna, A. 479, B. 398.
*Bandalag íslenzkra listamanna A. 373, 478; B. 225—226, 283. — Sbr. og Menntamálaráð, Námsstyrkur til listamanna, Skáldastyrkur.
*Bandalag skáta A. 500; B. 370—371.
Bankamál, sjá: Innflutningur. — Sbr. og Fiskveiðasjóður.
Bann gegn minkaeldi o. fl., þmfrv. (Flm.: PO). A. þskj. Nd.: 531. — Nefnd: Landbúnaðarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 447—449.
Barði Guðmundsson, þjóðskjalavörður, kosinn í menntamálaráð B. 1396.
Barnafræðsla, sbr. Fræðsla barna.
Barnakennarar, sbr. Kennarar.
*Barnaskólahús utan kaupstaða, byggingarstyrkur, A. 314, 320, 373, 477, 497; B. 188, 213—214, 216, 217, 250—251, 286, 342.
Barnavernd og ungmenna, stjfrv. um vernd barna og ungmenna. A. þskj. Nd.: 279, n. 564, 582, 595; Ed.: 611. — Nefnd: Allsherjarnefndir. — **Ekki útrætt.** — C. 314—325. — Sbr. og Athugunarstöð.
Barnsmeðlög, sjá Óskilgetin börn.
Bátaferðir, sjá: Flóabátaferðir, Skipasmíðastöð, Strandferðabátur.
Beitumál sjávarútvegsins, till. til þál. (Flm.: LJós). A. þskj. Sþ.: 38, n. 170, 296 þál. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 12—16.
Benzintollur, sjá Bifreiðaskattur.
Bergur Jónsson, bæjarfógeti, kosinn í landskjörstjórn B. 1397.
Berklasjúklingar, sjá: Berklavarnir, Samband íslenzkra.
*Berklavarnir A. 323; B. 191, 449.
Bessastaðir, sjá Hrossaræktarbú.
Bifreiðaeinkasala, sjá Einkasala á bifreiðum.
*Bifreiðaferja á Hvalfjörð A. 502; B. 388, 408—409, 439, 461.
Bifreiðaskattur o. fl., þmfrv. um breyt. á l. nr. 87 1941. (Flm.: EystJ, PZ). A. þskj. Nd.: 222, n. 435; Ed.: n. 524, 586 lög (=222). — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 1124—1126.
Bifreiðaúthlutun, sjá Einkasala á bifreiðum.
Bildudalur, sjá Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Varnar.
Bjarni Benediktsson, borgarstjóri, kosinn endurskoðandi byggingarsjóðs B. 1396, kosinn í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
*Bjarni Magnússon, fangavörður, eftirlaun, A. 325.

*Björn Einarsson, eftirlaun, A. 325; B. 192.
*Björn Eymundsson, hafnsögumaður, eftirlaun, A. 325; B. 192.
*Björn Jónasson, fiskimatsmaður, eftirlaun, A. 480.
Björn Ólafsson, stórkaupmaður, skipaður fjármálaráðherra B. 1351.
Björn Þórðarson, lögmaður, skipaður forsætisráðherra B. 1351.
*Blindrastarfsemi A. 477.
Bolungavík, sjá: Hafnargerð í, Gilsnámuvegur.
Borgarfjarðarlæknishérað, sjá Skipun læknishéraða.
Borgarnes, sjá: Ljóslækningastofa, Skallagrímsgarður, Virkjun Andakílsár.
Borgarneslæknishérað, sjá Skipun læknishéraða.
*Bókasafn Akraness A. 315, 321; B. 189.
*Bókasafn Hafnarfjarðar A. 373; B. 241, 254—255, 347—348.
*Bókasafn Ísafjarðar A. 373; B. 241, 254—255, 347—348.
*Bókasafn Neskaupstaðar A. 315, 321, 373; B. 189, 241, 254—255, 347—348.
*Bókasafn Sighvats Grímssonar A. 478.
*Bókasafn Siglufjarðar A. 373; B. 241, 254—255, 347—348.
*Bókasafn verkamanna A. 372; B. 237, 285.
*Bókasafn Vestmannaeyja A. 373; B. 241, 254—255, 347—348.
*Bókasafnið í Flatey A. 315, 321; B. 189.
Bókasöfn, sjá: Amtsbókasafnið á Akureyri, Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, Bókasafn Akraness, Bókasafn Hafnarfjarðar, Bókasafn Ísafjarðar, Bókasafn Neskaupstaðar, Bókasafn Sighvats, Bókasafn Siglufjarðar, Bókasafn verkamanna, Bókasafn Vestmannaeyja, Bókasafnið í Flatey, Bókhlaðan, Bæjarbókasafn, Iðnbókasafnið, Landsbókasafnið, Lesstofa sjómannaheimilis, Sjómannalesstofa, Sýslubókasafnið á Sauðárkróki.
Bókaútgáfa, sjá: Anna Bjarnadóttir, Bókmenntafélagið, Fornleifafélagið, Fornritafélagið, Fræðafélagið, Héraðssagnarit, Höfundaréttur og listvernd, Höfundaréttur og prentréttur, Ríkisprentsmiðjan, Stefán Einarsson, Sögufélagið, Tímarit, Uppdrættir, Útgáfa Njálssögu, Þjóðvinafélagið. — Sbr. og Ævisögur.
*Bókhlaðan á Húsavík A. 315, 321; B. 189.
*Bókmenntafélagið A. 315, 321, 513; B. 189, 376.
Bókmenntasaga íslenzk, útgáfa á ensku, sjá Stefán Einarsson.
Bráðabirgðafjárgreiðslur í febr. 1943, stjfrv. A. þskj. Nd.: 285; Ed.: **307 lög** (= 285). — B. 141—143.
Bráðabirgðafjárgreiðslur í jan. 1943, þmfrv. (Flm.: FJ, PO, EystJ, LJós). A. þskj. Nd.: 83; Ed.: **111 lög** (= 83). — B. 842—843.
Bráðabirgðalög, sjá Húsaleiga 2, Kosningar til Alþingis.
Brúargerð á Hvítá hjá Iðu, till. til þál. (Flm.: EE). A. þskj. Sþ.: 39. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 315—319.
Brúargerðir:
1. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 32 1932. (Flm.: GJ). A. þskj. Ed.: 113, 168, n. 457, 458, 474, 477, 484, 485; Nd.: 510, 513, 521, 540, **542 lög** (= 474). — Nefnd: Samgöngumálanefndir. — B. 1083—1107. — (Fskj. með n. 457: Umsögn vegamálastjóra A. 599—600).
2. Þmfrv. um breyt. á sömu l. (Flm.: PÞ). A. þskj. Nd.: 52, 97, 132. — Nefnd: Samgöngumálanefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 367—368. — Sbr. og Bifreiðaskattur, Brúargerð á Hvítá.
*Brúargerðir, framlag til, 372, 475—476, 496, 509; B. 210, 211, 212, 213, 214, 216, 217, 241, 246, 341, 354—355, 365, 374—375, 377—379, 385.
Brúasjóður, sjá Bifreiðaskattur.
*Bryggjugerðir og lendingarbætur, framlag til, A. 373, 476—477, 497, 509; B. 226—227, 380—381, 395—396, 401—402.
Burstarfell í Vopnafirði, sjá Keldur.
*Búfjárrækt, framlag til, A. 315, 322; B. 190, 251.
Búfjársjúkdómar, sjá: Finnur Jónsson á Geirmundarstöðum, Guðmundur Einarsson í Gröf, Sauðfjársjúkdómar.
Búfjártryggingar, þmfrv. (Flm.: JS, SB). A. þskj. Nd.: 60, n. 161, 217, 225; Ed.: 237, n. 325, 422 **lög** (= 237). — Nefnd: Landbúnaðarnefndir. — B. 949—954.
*Byggðar- og gistingarstyrkur A. 497; B. 392. — Sbr. og Verðlagsuppbót á.
*Byggingar á ríkisjörðum A. 478, 499; B. 344, 387, 407—408, 416, 461. — Sbr. og Endurbygging sveitabýla.
Byggingarefni, sjá Notkun.
*Byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna A. 316, 322; B. 190. — Sbr. og Byggingarsjóður verkamanna, Stjórn byggingarsjóðs, Verkamannabústaðir.
Byggingarsjóður verkamanna, till. til þál. um endurgreiðslu á fé. (Flm.: ÞG, SG). A. þskj. Sþ.: 77. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 319—320. — Sbr. og Byggingarsjóðir kaupstaða, Stjórn byggingarsjóðs, Verkamannabústaðir.
*Byggingarstyrkur til nokkurra listamanna A. 482; B. 411. — Sbr. og Höskuldur Björnsson.
*Bæjarbókasafn Reykjavíkur A. 498; B. 368—369, 386.
Bæjarfógetar, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
Bæjarfélög, sbr. Kaupstaðir.
Bændaskólar, sjá: Bændaskóli Suðurlands, Hólaskóli, Hvanneyrarskóli.
*Bændaskóli Suðurlands A. 497; B. 366, 376, 379, 384—385.
*Bætur til bænda í Firði í Mjóafirði vegna tjóns á búpeningi og veiðitækjum af völdum snjóflóðs A. 512.
*Bætur vegna fjárskaða í Norður-Ísafjarðarsýslu, greiðsluheimild í fjárlögum, A. 502; B. 397. — Sbr. og Bætur til bænda, Finnur Jónsson á Geirmundarstöðum, Guðmundur Einarsson í Gröf.
Bætur vegna fjárskaða í Norður-Ísafjarðarsýslu, till. til þál. (Flm.: BG). A. þskj. Sþ.: 91. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 322—324.
Bætur vegna tjóns af völdum ókunnrar veiki í nautpeningi, sjá Guðmundur Einarsson í Gröf.
*Böðvar Bjarnason, prestur, eftirlaun, A. 324, 501; B. 366, 450.
Börn, sjá einkum: Athugunarstöð, Barnavernd, Óskilgetin börn, Sólheimahæli.

Dagverðareyri, sjá Rafleiðsla.
Dalvík, sjá Rafleiðsla.
Daníel Ágústínusson, erindreki, kosinn í millibinganefnd í póstmálum B. 1398.
Davíð Stefánsson, skáld, sjá Skáldastyrkur.
Dánarbætur, sjá Alþýðutryggingar 4.
*Djúpbáturinn, byggingarstyrkur til, A. 314, 319; B. 187, 397—398.
Dómnefnd í verðlagsmálum, stjfrv. um breyt. á l. nr. 20 1942. A. þskj. Nd.: 119, n. 125, 126, 127; Ed.: **129 lög** (= 127). — Nefnd í Nd.: Allsherjarnefnd. — B. 61—98. — Sbr. og Verðlag.
Dómstólar og réttarfar, sjá: Barnavernd, Dómnefnd, Hæstiréttur, Rannsókn skattamála.
Dragnótaveiði í landhelgi, þmfrv. um breyt. á l. nr. 45 1937. (Flm.: SÞ, JS, GÞ, PZ). A. þskj. Nd.: 70, n. 462 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Sjávarútvegsnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 122—137.
Dráttarvélarkaup, sjá Skurðgröfukaup.
Drengskaparheit unnin um að halda stjórnarskrána, sjá Alþingi.
*Drykkjumannahæli, til byggingar, A. 481, 502; B. 346—347, 362—363.
Dýpkunarskip ríkisins, till. til þál. (Flm.: GG, SkG). A. þskj. Nd.: 34. — Nefnd: Sjávarútvegsnefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 329—331.
Dýralæknalaun, þmfrv. um breyt. á l. nr. 71 1919, um laun embættismanna. (Flm.: SB). A. þskj. Nd.: 12, n. 80; Ed.: **123 lög** (= 12). — Nefnd í Nd.: Landbúnaðarnefnd. — B. 843—847.
Dýralæknar, þmfrv. um breyt. á l. nr. 24 1939. (Frá landbn. Nd.). A. þskj. Nd.: 116; Ed.: n. 200, **251 lög** (= 116). — Nefnd í Ed.: Landbúnaðarnefnd. — B. 849—850. — Sbr. og Dýralæknalaun, Guðbrandur Hlíðar.
Dýrtíðarráðstafanir, stjfrv. A. þskj. Nd.: 451, 651, n. 662, 663, 673, 674, 687, 688, 705, 707, 708, 709, 710, 715, 722, 723, 724, 725, 726, 727, 753, **754 lög** (= 753); Ed.: 728, 737, n. 744, 745, 749, 750, 751, 752. — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 602—841. — Sbr. og Dómnefnd, Húsaleiga, Húsnæðisráðstafanir, Innflutningur, Ráðstafanir og tekjuöflun, Verðlag.

Efling landbúnaðar, till. til þál. um ráðstafanir til. (Flm.: BrB, KA, SG). A. þskj. Sþ.: 53, 181, n. 335, **393 þál.** — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 52—56.
Efni til rafvirkjana, sjá: Tollundanþága, Virkjun Andakílsár 2.
Efni til símalagninga og talstöðva, till. til þál. um innflutning. (Flm.: SB, IngJ, GTh). A. þskj. Sþ.: 108, **297 þál.** (= 108). — D. 17—18.
Efni til vatnsveitu, sjá Vatnsveita.
Eftirlaun og styrktarfé, sjá: Aðalheiður Pálsdóttir, Anna Kvaran, Árni Sigurðsson, Ásdís M. Sigurðardóttir, Ásgerður Bjarnadóttir, Baldur Eyjólfsson, Bjarni Magnússon, Björn Einarsson, Björn Eymundsson, Björn Jónasson, Böðvar Bjarnason, Eggert Brandsson, Einar Straumfjörð, Eiríkur Albertsson, Erlendur Erlendsson, Gestur Sigurðsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðlaugur Hansson, Guðmundur Finnbogason, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðrún Björnsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Káradóttir, Guðrún Ragúelsdóttir, Guðrún Snorradóttir, Halldór Júlíusson, Halldór Ólafsson, Halldór Steinsson, Hallgrímur Jónsson, Helga Jónsdóttir, Helgi Árnason, Ingibjörg Jakobsdóttir, Ingibjörg Loftsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Ingólfur Gíslason, Ingveldur Einarsdóttir, Jón Jónsson, Munaðarhóli, Jón Sverrisson, Karl Finnbogason, Kristinn Árnason, Kristín Ísleifsdóttir, Kristín Pálsdóttir, Kristján Þorláksson, Magnús Magnússon, Margrét Ásmundsdóttir, Ragnheiður Einarsdóttir, Runólfur Pétursson, Sigmundur Finnsson, Sigríður Arnljótsdóttir, Sigríður Gísladóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Sigríður Jónasdóttir, ljósmóðir, Sigríður Jónasdóttir, prestsekkja, Sigríður Jónsdóttir, Sigríður Snæbjörnsen, Sigríður Benediktsson, Sigurður Sumarliðason, Theódór Jónsson, Tómas Jónsson, Valdimar Snævarr, Vegaverkstjórar, Vésteinn Árnason, Þóra Sigurðardóttir. — Sbr. og Launabætur embættismanna.
*Eggert Brandsson, sjómaður, eftirlaun, A. 501; B. 426.
Eggert Claessen, hæstaréttarlögmaður, kosinn varamaður í landskjörstjórn B. 1397.
Eggert Stefánsson, söngvari, sjá Skáldastyrkur.
*Eiðaskóli A. 314, 320—321; B. 188, 217.
Eiði í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Eignarnám, sjá: Eignarnámsheimild á Höfn, Eignarnámsheimild á Nesi, Hafnarlög fyrir Keflavík, Húsaleiga 1, Húsnæðisráðstafanir, Jarðhitasvæði, Lendingarbætur í Bakkagerði, Lendingarbætur á Vattarnesi, Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Eignarnámsheimild á Höfn í Siglufirði, þmfrv. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði (upphafl.: ... á jörðunum Höfn, Nyrðri-Skútu, Syðri-Skútu, Neðri-Skútu og Staðarhóli í Siglufirði). Flm.: (ÁkJ, GÞ, FJ). A. þskj. Nd.: 76, n. 235, 287; Ed.: n. 356, **398 lög** (= 287). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 904—909.
Eignarnámsheimild á Nesi í Norðfirði, þmfrv. um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi í Norðfirði. (Flm.: LJós). A. þskj. Nd.: 144. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 386—387.
Eignarskattur, sjá: Dýrtíðarráðstafanir, Innheimta skatta, Rannsókn skattamála.
Eignaraukaskattur, sjá Dýrtíðarráðstafanir.
Eimskipafélag Íslands, sjá Skattgreiðsla.
Einar Arnórsson, hæstaréttardómari, skipaður dómsmálaráðherra B. 1351.
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður, kosinn varamaður í landskjörstjórn B. 1397.
Einar Jónsson, myndhöggvari, sjá Listasafn.
Einar Olgeirsson, alþm., kosinn í útvarpsráð B. 1396.
*Einar Straumfjörð, vitavörður, eftirlaun, A. 325; B. 192.

Einkaleyfi, einkaréttur, sjá Höfundaréttur og prentréttur 2, Kvikmyndasýningar, Uppdrættir.
Einkasala á bifreiðum o. fl., þmfrv. um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum, hjólbörðum, hjólbarðaslöngum og um úthlutun bifreiða. (Flm.: SÞ, FJ). A. þskj. Nd.: 41, n. 103 (1. minni hl.), n. 138 (2. minni hl.), n. 174 (3. minni hl.), 248, 276. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Fellt.** — C. 22—48. — (Fskj., prentað með frv.: Skrá um hagnað af Bifreiðaeinkasölu ríkisins 1935—1941 A. 100).
Einkasala á tóbaki, sjá Byggingarsjóður.
*Eiríkur Albertsson, prestur, eftirlaun, A. 512.
*Ekknasjóður Vestmannaeyja A. 501.
Elliðavatn í Seltjarnarneshreppi, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Elliheimili, sjá Elliheimilið, Gamalmennahæli.
*Elliheimilið Grund í Reykjavík A. 501; B. 369.
Ellitrygging, sjá Alþýðutryggingar 2—3.
Embætti, embættis- og sýslunarmenn, sjá Barnavernd, Dómnefnd, Dýralæknalaun, Dýralæknar, Dýrtíðarráðstafanir, Einkasala á bifreiðum, Friðhelgi ríkisstjóra, Fræðslumálastjóri, Háskólabókavörður, Húsaleiga 1 og 3, Hæstiréttur, Innflutningur, Innheimta skatta, Launabætur embættismanna, Launabætur sérstakar, Lífeyrissjóður barnakennara, Lífeyrissjóður starfsmanna, Læknisbústaðir, Læknislaus héruð, Lögreglustjórn, Orlof, Rannsókn skattamála, Skömmtunarskrifstofa, Stjórnarráðið, Útvarpsráð, Verðlag. — Sbr. og Eftirlaun og styrktarfé, Menntamálaráð.
Embættismannakosningar í þinginu, sjá Alþingi.
*Endurbygging sveitabýla, verðlagsuppbót á styrki til, A. 512; B. 386—387, 452—453. — Sbr. og Byggingar á ríkisjörðum.
Endurreisn Alþingis, 100 ára minning tilskipunar um, B. 1389—1394.
Enskunámsbækur, sjá Anna Bjarnadóttir.
Erindaskrá, sjá Alþingi.
*Erlendur Erlendsson, fiskimatsmaður, eftirlaun, A. 325.
Eysteinn Jónsson, alþm., kosinn í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum B. 1397.
Eyrarbakkalæknishérað, sjá Læknisbústaður.

*Fangahús á Akranesi, til byggingar, A. 318.
Farmgjöld, sjá Verðlag.
Fastanefndir, sjá Alþingi (Nefndaskipun). — Sbr. og Þingsköp Alþingis 1.
Fasteignakaup, sjá: Kaup á gistihúsinu, Landakaup, Síldarrannsóknir.
Fasteignasala, sjá: Sala á jarðeignum, Sala hluta, Sala spildu, Sala Stagleyjar.
Fasteignaskattur, sjá Innheimta skatta.
*Fávitahæli, til þess að koma upp, A. 501; B. 439—440. — Sbr. og Barnavernd, Sólheimahæli.
*Ferðakennsla í íþróttum A. 314, 320; B. 188.
Ferðasjóður sveitafólks, sjá kynnisferðir.
Ferja á Hvalfjörð, sjá Bifreiðaferja.
*Ferjuhald A. 496, 509; B. 375, 379.
*Ferðamannaskýli og greiðasala á Stokkseyri, styrkur til að reka í sambandi við flutning farþega milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja, A. 514; B. 458.
Finnbogi R. Valdimarsson, ritstjóri, kosinn varamaður í landskjörstjórn B. 1397.
Finnur Jónsson, alþm., kosinn í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum B. 1397.
*Finnur Jónsson á Geirmundarstöðum, bætur vegna sauðfjárdauða, A. 512.
Fiskimatsmenn, sjá: Björn Jónasson, Erlendur Erlendsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Jón Jónsson, Jón Sverrisson, Sigmundur Finnsson, Tómas Jónsson.
*Fiskiskipatjón, styrkur til þeirra útgerðarmanna, er misst hafa fiskiskip sín frá ófriðarbyrjun, til að eignast ný skip, A. 512.
Fiskiveiðar, sjá: Afurðagreiðsla, Beitumál, Bryggjugerðir, Dragnótaveiði, Dýpkunarskip, Dýrtíðarráðstafanir, Efni til símalagninga, Eggert Brandsson, Fiskiskipatjón, Fiskveiðasjóður, Hafnargerð í Bolungavík, Hafnargerð í Hornafirði, Hafnargerðir, Hafnarlög fyrir Keflavík, Hafnarlög Hafnarfjarðar, Hafnarlög Húsavíkur, Hafnarskilyrði á Þórshöfn, Húsaleiga 1 og 4, Jöfnunarsjóður aflahluta, Jöfnunarsjóður vinnulauna, Kjarnfóður, Landhelgisgæzla, Landssamband ísl. útvegsmanna, Launagreiðslur til skipverja, Lendingarbætur í Bakkagerði, Lendingarbætur á Vattarnesi, Lesstofa sjómannaheimilis, Meðalalýsi, Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, Nýbyggingarsjóður fiskiskipa, Nýjar síldarverksmiðjur, Orlof, Rafhlöður, Samflot, Síldarmjöl, Síldarrannsóknir, Síldartunnur, Síldarverksmiðjur, Sjómannalesstofa, Sjóvinnunámskeið, Skipasmíðastöð, Slysavarnir, Stríðsslysatrygging, Styrktarsjóður verkamanna og, Talskeytamóttökutæki, Tollskrá, Útflutningsgjald, Útsvör, Verklegar framkvæmdir, Vitabyggingar. — Sbr. og Dómnefnd, Skattar, Verðlag.
Fiskumbúðir, sjá Tollskrá.
Fiskveiðasjóður Íslands, þmfrv. um breyt. á l. nr. 110 1941. (Flm.: SK). A. þskj. Nd.: 20, n. 164 (meiri hl.), n. 183 (þar í rökst. dagskrá minni hl.), 216, 238, 381, 402; Ed.: 239, n. 326, 327, 417, 447; Sþ.: 456, **511 lög** (= 456). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — B. 1030—1078. — Sbr. og Nýbyggingarsjóður fiskiskipa.
Fjárhagsnefnd, í Ed. A. 859—860, kosning B. 53; í Nd. A. 864—865, kosning B. 58.
Fjárlög 1943, stjfrv. A. þskj. Sþ.: 1, n. 268 (fjvn.), 269 (brtt. fjvn.), 303, 312, 320, 324, 346 (frv. eftir 2. umr.), n. 355 (samvn. samgm.), 387 (brtt. fjvn.), 388 (brtt. samvn. samgm.), frh.nál. 390 (fjvn.), 410, 411, 419, 420, 425, 426, (brtt. fjvn.), 427 (brtt. fjvn.), **455 lög.** — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — B. 178—474. — Sbr. og Bráðabirgðafjárgreiðslur í febr., Bráðabirgðafjárgreiðslur í jan.
Fjárskaði, bætur vegna, sjá: Bætur til bænda, Bætur vegna, Finnur Jónsson á Geirmundarstöðum.
Fjárveitinganefnd A. 856—857, kosning B. 48—49.
Fjórðungsspítalar, sjá Sjúkrahúsin.
Fjörefnarannsókn, sjá Meðalalýsi.
Flatey á Breiðafirði, sjá Bókasafnið í Flatey.
Flatey á Skjálfanda, sjá Hjúkrunarkona í Flatey.
Flateyri, sjá Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Skjaldar.
Fljótaá, sjá Virkjun Fljótaár.
*Flóabátaferðir, styrkur til, A. 314, 319, 451—457.

482, 483, 497, 509, 513, 515; B. 187, 349—352, 363—364, 384, 397—398, 435—436. — Sbr. og Djúpbáturinn, Skipasmíðastöð, Strandferðabátur, Vöruflutningar.
*Flugfélag Íslands, trygging flugvéla þess, A. 481. — Sbr. og Flugmál.
*Flugmál, framlag til, A. 373, 477; B. 213, 217, 341—342, 389—390. — Sbr. og Flugfélag.
Flugmál Íslendinga, till. til þál. (Flm.: (SB, IngJ GTh). A. þskj. Sþ.: 64, 153, 166, n. 169, 383, 384 **þál.** — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 21—29.
Flutningar á langleiðum, till. til þál. um tilhögun. (Flm.: GSv). A. þskj. Sþ.: 9, n. 61, **104 þál.** (= 9). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 6—7. — Sbr. og Flutningastyrkur, Vöruflutningar.
Flutningastyrkur til hafnleysishéraða landsins, till. til þál. (Flm.: SvbH, HelgJ). A. þskj. Sþ.: 39. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 314—315. — Sbr. og Flutningar, Vöruflutningar.
*Fornleifafélagið A. 315, 321; B. 189.
Fornminjar, sjá Keldur.
*Fornritafélagið, til útgáfu Íslendingasagna, A. 510; B. 428.
Fornritaútgáfa, sjá: Fornritafélagið, Höfundaréttur og prentréttur 2, Útgáfa Njálssögu.
Forsetakosningar í þinginu, sjá Alþingi (Embættismannakosningar).
Fossá í Ólafsvíkurhreppi, sjá Virkjun Fossár.
Fóðurbætir, sjá: Kjarnfóður, Síldarmjöl.
Fóstur barna, sjá Barnavernd.
Framfærslumál, sjá Óskilgetin börn.
Framleiðslubætur, sjá Atvinnuaukning.
Framræslu- og áveitufélag Staðarbyggðar, sjá Áveitu- og.
Framtíðarafnot Reykhóla, till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um. (Flm.: HG, ÞÞ, GJ, PHerm, EE, KA). A. þskj. Sþ.: 588, n. 667, 681, 738 **þál.** — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 181—186. — Sbr. og Skólasetur á Reykhólum.
Friðfinnur Guðjónsson, leikari, sjá Skáldastyrkur.
Friðhelgi ríkisstjóra Íslands, fyrirspurn til forsrh. (Flm.: KA). A. þskj. Ed. 69. — D. 363.
Friðindi til handa sveitafólki í samræmi við það, er veitt hefur verið með lögum um orlof. (Flm.: EE). A. þskj. Ed. 697. — **Ekki útrædd.** — D. 362. — Sbr. og Kynnisferðir, Orlof.
*Fræðafélagið, til útgáfu Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, A. 478, 498; B. 376.
Fræðsla barna, sjá: Barnaskólahús, Barnavernd, Kennaraskóli, Launabætur embættismanna, Launabætur sérstakar. — Sbr. og Skólar.
*Fræðslumálastjóri og skrifstofustjóri fræðslumála, persónuleg launauppbót, A. 319.
*Fyrirhleðslur A. 316, 323, 478, 510; B. 191. — Sbr. og Vatnasvæði.
Fyrirspurnir, sjá: Friðhelgi, Hlutleysi, Jarðhitasvæði.
Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl., utan dagskrár, A. 1353—1387.
*Fæðingarstofnunin í Reykjavík, til byggingar, A. 481, 495; B. 338, 346, 367—368, 392, 414, 417—418, 464.
*Gagnfræðaskólar A. 315, 321, 498; B. 189, 250—251, 368.
*Gamalmennahæli A. 316, 323—324; B. 192. — Sbr. og Elliheimilið.
Garðávextir, sjá Kartöfluverzlun.
Garðyrkja, sjá: Garðyrkjuskólinn, Snorragarður, Skallagrímsgarður.
*Garðyrkjuskólinn á Reykjum, til gróðurhúsbygginga, A. 314, 320; B. 188.
Geirastaðakvísl í Hróarstungu, sjá Fyrirhleðslur.
Gengisviðauki, sjá Skattaviðauki.
Gerðardómur, sjá: Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. — Sbr. og Dómnefnd.
*Gestur Sigurðsson, leiðsögumaður, eftirlaun, A. 325.
*Gilsnámuvegur í Bolungavík A. 500; B. 396.
Girðingar, sjá Skógrækt.
Gistihús, sjá: Byggðar- og, Húsaleiga 1, Kaup á gistihúsinu, Verðlag, Verðlagsuppbót á byggðar- og.
Gistingarstyrkur, sjá: Byggðar- og, Verðlagsuppbót á byggðar- og.
Gísli Sveinsson, alþm., kosinn í milliþinganefnd í póstmálum B. 1398.
Gjaldeyrismeðferð, sjá Innflutningur og.
Gjöld, sbr. Skattar.
Glaumbær, sjá Keldur.
Glerárþorp, sjá Vatnsveitufélag.
Grafarholt í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Greiðasala, sbr. Gistihús.
Grenjaðarstaður, sjá Keldur.
Grund, elliheimilið, sjá Elliheimilið.
Grænmetisverzlun ríkisins, sjá Kartöfluverzlun.
*Guðbjörg Jónssdóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 325.
*Guðbrandur Hlíðar, til dýralækninganáms, A. 323.
Guðbrandur Jónsson, til að semja miðaldamenningarsögu, sjá Skáldastyrkur.
Guðjón Guðjónsson, skólastjóri, kosinn varamaður í útvarpsráð B. 1396.
*Guðlaugur Hansson, lýsismatsmaður, eftirlaun, A. 501; B. 371.
Guðlaugur Rósinkranz, yfirkennari, kosinn í stjórn byggingarsjóðs, B. 1395.
*Guðmundur Einarsson í Gröf í Bitru, bætur vegna tjóns af völdum ókunnrar veiki í nautpeningi hans, A. 502.
*Guðmundur Einarsson, prestur, til ritstarfa, A. 501; B. 376—377, 379.
*Guðmundur Finnbogason, landsbókavörður, eftirlaun, A. 511; B. 402. — Sbr. og Skáldastyrkur.
Guðmundur Friðjónsson, skáld, sjá Skáldastyrkur.
*Guðmundur A. Guðmundsson, fiskimatsmaður, eftirlaun, A. 480.
Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur, sjá skáldastyrkur.
Guðmundur Kamban, rithöfundur, sjá Skáldastyrkur.
*Guðrún Björnsdóttir, læknisekkja, eftirlaun, A. 324.
Guðrún Indriðadóttir, leikkona, sjá Skáldastyrkur.
*Guðrún Jónsdóttir, prestsekkja, eftirlaun, A. 324; B. 192.
*Guðrún Káradóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 325.

*Guðrún Ragúelsdóttir, eftirlaun, A. 325.
*Guðrún Snorradóttir, póstsekkja, eftirlaun, A. 324.
Gufunes í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Gunnar Benediktsson, rithöfundur, kosinn varamaður í útvarpsráð B. 1396; kosinn í milliþinganefnd í póstmálum B. 1398.
Gunnar Gunnarsson, rithöfundur, sjá Skáldastyrkur.
Gunnþórunn Halldórsdóttir, leikkona, sjá Skáldastyrkur.
Gutenberg, sjá Ríkisprentsmiðjan.
Gönguskarðsá í Skagafirði, sjá Virkjun Gönguskarðsár.

Hafnarfjörður, sjá: Bókasafn Hafnarfjarðar, Gamalmennahæli, Hafnarlög Hafnarfjarðar, Íþróttasjóður. — **Sbr. og Kaupstaðir.**
Hafnargerð í Bolungavík, till. til þál. um fullnaðarundirbúning. (Flm.: SB). A. þskj. Nd.: 19, n. 189, **229 þál.** — Nefnd: Sjávarútvegsnefnd. — D. 9—12. — (Fskj. með n. 189: Umsögn vitamálastjóra A. 236).
Hafnargerð í Hornafirði, þmfrv. um breyt. á l. nr. 58 1935. (Flm.: PÞ). A. þskj. Nd.: 68, n. 236; Ed.: n. 329, **370 lög** (= 68). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — B. 892—894. — (Fskj. með n. 236: Umsögn vitamálastjóra A. 274—275).
*Hafnargerðir, framlag til, A. 373, 476, 497, 509, 515; B. 210, 211, 212, 214, 216, 226, 341, 370, 371—372, 380, 401, 410—411, 414—415, 427—428, 431. 434, 461. — Sbr. og Bryggjugerðir.
Hafnarlög fyrir Keflavík, þmfrv. (Flm.: ÓTh). A. þskj. Nd.: 215, n. 255; Ed. n. 316, **360 lög** (= 215). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — B. 867—871.
Hafnarlög Hafnarfjarðar, þmfrv. um breyt. á l. nr. 30 1929. (Flm.: EmJ). A. þskj. Nd.: 67, n. 216, 230; Ed.: n. 319, **361 lög** (= 230). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — B. 871—874.
Hafnarlög Húsavíkur, þmfrv. um breyt. á l. nr. 38 1933. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 142, n. 311, 339, **602 lög** (= 558); Nd.: n. 528, 558. — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — B. 1127—1133. — (Fskj., prentað með frv.: Endurrit úr gerðabók hafnarnefndar Húsavíkurhrepps A. 191—193).
Hafnarskilyrði á Þórshöfn, till. til þál. um fullnaðarrannsókn. (Flm.: GG). A. þskj. Nd.: 5, n. 188, **228 þál.** — Nefnd: Sjávarútvegsnefnd. — D. 8—9. — (Fskj. með n. 188: Umsögn vitamálastjóra A. 234—235).
Hafnir, sbr. Siglingar.
Halldór Jónsson, ritstjóri, kosinn í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum B. 1397.
*Halldór Júlíusson, sýslumaður, eftirlaun, A. 480.
Halldór Kiljan Laxness, rithöfundur, sjá Skáldastyrkur.
*Halldór Ólafsson, póstur, eftirlaun, A. 324.
*Halldór Steinsson, læknir, eftirlaun, A. 324.
*Hallgrímur Jónsson, skólastjóri, eftirlaun, A. 480; B. 345.
Handavinnukennsla, sjá Kvenfélag Hvammshrepps.
*Handíðaskólinn A. 503; B. 384, 386.
Happdrætti, þmfrv. um breyt. á l. nr. 44 1933. (Frá fjhn. Ed.). A. þskj. Ed.: 208, **290 lög** (= 272); Nd.: n. 267, 272. — Nefnd í Ed.: Fjárhagsnefnd. — B. 853—856. — (Fskj., prentað með frv.: Bréf Happdrættis Háskóla Íslands A. 247—248).
Haraldur Guðmundsson, alþm., kosinn í Þingvallanefnd B. 1397.
Haukur Björnsson, verzlunarmaður, kosinn í milliþinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda o. fl. B. 1397.
Hámarksverð, sjá: Dómnefnd, Verðlag.
Háskólabókavörður, þmfrv. um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands. (Frá menntmn. Nd.). A. þskj. Nd.: 146, 182; Ed.: n. 295, **358 lög** (= 146). — Nefnd í Ed.: Menntamálanefnd. — B. 861—863. — (Prentað í grg. frv.: Bréf rektors háskólans A. 197).
Háskólakennarar, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
*Háskóli Íslands A. 319, 477; B. 342. — Sbr. og Atvinnudeild, Happdrætti, Háskólabókavörður, Launabætur sérstakar, Stúdentagarðurinn.
Heilbrigðismál, sjá: Athugunarstöð, Baldur Johnsen, Barnavernd, Berklavarnir, Drykkjumannahæli, Fávitahæli, Heilsuverndarstöðvar, Hjúkrunarkona í Flatey, Hjúkrunarkona í Súgandafirði, Jón Friðriksson, Landsspítalinn, Ljóslækningastofa, Læknisbústaðir, Læknisbústaður, Læknislaus héruð, Læknisvitjanastyrkur, Rauðikrossinn, Samband íslenzkra berklasjúklinga, Sjúkrahús o. fl., Sjúkrahúsið á Akureyri, Sjúkrahúsin, Sjúkrastyrkur, Skipun læknishéraða, Sólheimahæli, Vinnuskólinn. — Sbr. og Dýralæknalaun, Dýralæknar, Jarðhitaboranir, Þingsköp Alþingis 1, Æskulýðshöll.
Heilsuhælið í Kristnesi, sjá Jarðhitaboranir.
*Heilsuverndarstöðvar A. 313, 319, 372; B. 187.
Heimilisiðnaður, sjá Kvenfélag Hvammshrepps.
Heimskringla, blaðið, sjá Vesturheimsblöðin.
*Helga Jónsdóttir, prestsekkja, eftirlaun, A. 324.
*Helgi Árnason, safnahúsvörður, eftirlaun, A. 325.
*Helgi Gíslason, endurgreiðsla fjár úr lífeyrissjóði barnakennara, A. 317, 325, 481.
Hellissandur, sjá Virkjun Fossár.
Hermann Jónasson, alþm., kosinn í milliþinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda o. fl. B. 1397.
Heyvinnuvélar, sjá Landbúnaðarvélar.
Héraðslæknar, launabætur, sjá Launabætur sérstakar. — Sbr. og Læknamálefni.
*Héraðsskólar A. 314—315, 321; B. 188—189. — Sbr. og Framtíðarafnot Reykhóla, Skólasetur á Reykhólum.
*Héraðssagnarit, til útgáfu, A. 315, 322, 499; B. 190, 369.
Hitaveitur, sbr. Jarðhiti.
Hjaltadalsá, sjá Fyrirhleðslur.
Hjalteyri, sjá Rafleiðsla.
*Hjálparsjóður verkamannafélagsins Þróttur á Siglufirði A. 480; B. 235, 345.
*Hjúkrunarkona í Flatey á Skjálfanda A. 319; B. 187.
*Hjúkrunarkona í Súgandafirði A. 512.
Hlutleysi Íslands og aukin ófriðar-

hætta, fyrirspurn til ríkisstj. í sambandi við. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 86, 122 (frh.grg.). — D. 363—365.
Hornafjörður, sjá Hafnargerð í.
*Háskóli, til áhaldakaupa o. fl., A. 314, 320. — Sbr. og Hrossaræktarbú.
Hólmur í Seltjarnarneshreppi, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Hrafnkelssaga freysgoða, sjá Höfundaréttur og prentréttur 2.
Hreppsnefndaroddvitar, laun, sjá Sveitarstjórnarlög.
*Hrossaræktarbú á Bessastöðum eða á Hólum í Hjaltadal, A. 481, 513, 515; B. 346, 356, 360—362, 369, 388—389, 432—433, 453—454, 458—459, 473.
Hróarstungulæknishérað, sjá Skipun læknishéraða.
Húsaleiga:
1. Stjfrv. um húsaleigu. A. þskj. Nd.: 219, n. 300, 301, 331, 369, 371, 372, 373, 640, 646, 647; Ed.: 382, n. 478, 481, 503, 507, 519 532, 535, 565, 587, 604, 617, 654, 664, **668 lög** (= 654). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 489—581.
2. Stjfrv. um breyt. á l. nr. 106 1941 og l. nr. 126 s. á. A. þskj. Nd.: 51. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 309—313. — (Fskj., prentað með frv.: Bráðabirgðalög shlj. A. 105—106).
3. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 106 1941. (Flm.: ÁkJ). A. þskj. Nd.: 56. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 368—370.
4. Þmfrv. um viðauka við sömu l. (Flm.: LJós). A. þskj. 143. — Nefnd: Allsherjarnefnd. **Ekki útrætt.** — C. 377—386.

— Sbr. og Húsnæðisráðstafanir, Stóríbúðaskattur.
Húsavík, sjá: Bókhlaðan, Hafnarlög Húsavíkur, Raforkumálaábyrgðir, Raforkuveitur.
*Húsmæðrafræðsla Árnýjar Filippusdóttur A. 498; B. 376, 379.
*Húsmæðrafræðsla í Vestur-Skaftafellssýslu A. 366, 498; B. 436.
*Húsmæðrakennaraskóli Íslands A. 477; B. 343.
*Húsmæðraskólar í kaupstöðum, til byggingar, A. 477; B. 342—343, 438.
*Húsmæðraskólar í sveitum, til byggingar, A. 477; B. 342—343, 405.
Húsnæði utanbæjarþingmanna, sjá: Húsaleiga 1. Þingfararkaup.
Húsnæðisráðstafanir og stóríbúðaskattur, þmfrv. um ráðstafanir til þess að tryggja húsnæðislausu fólki húsnæði og um stóríbúðaskatt. (Flm.: SigfS, EOl, SG). A. þskj. Nd.: 59. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 371—373. — Sbr. og Húsaleiga, Stóríbúðaskattur.
Hvalfjarðarferja, sjá Ferja.
Hvammur í Hvammssveit, sjá Skógræktarstöð.
*Hvanneyrarskóli, til áhaldakaupa o. fl., A. 314, 320. — Sbr. og Loðdýrabú.
Hveragerði í Ölfusi, sjá Jarðhitasvæði.
Hverir, sbr. Jarðhiti.
Hvítá í Árnessýslu, sjá Brúargerð á.
Hvolsá, sjá Fyrirhleðslur.
Hæstiréttur, þmfrv. um breyt. á l. nr. 112 1935 og l. nr. 71 1919. (Flm.: GÍG, LJóh). A. þskj. Ed.: 252. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 516—528. — Sbr. og Dýrtíðarráðstafanir.
Höfn í Hornafirði, sjá Hafnargerð í Hornafirði.
Höfn í Siglufirði, sjá Eignarnámsheimild á Höfn.
Höfundaréttur og listvernd, till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um. (Flm.: StJSt, EystJ, GTh, STh). A. þskj. Sþ.: 211, **545 þál.** (= 211). — D. 88. — Sbr. og Höfundaréttur og prentréttur.
Höfundaréttur og prentréttur:
1. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 13 1905. (Flm.: StJSt, EystJ, GTh, STh, ÁÁ, GG, SB, SigfS). A. þskj. Nd.: 202, n. 257, **630 lög** (= 569); Ed.: n. 499 (meiri hl.), n. 526 (minni hl.) (þar í rökst. dagskrá), 536, 537, 567, 569. — Nefnd: Menntamálanefndir. — B. 1212—1234. — Sbr. og Höfundaréttur og listvernd, Uppdrættir.
2. Þmfrv. um afnám l. nr. 127 1941 (Flm.: KA). A. þskj. Ed.: 120, n. 575 (1. minni hl.), n. 590 (2. minni hl.) (þar í rökst. dagskrá), n. 605 (3. minni hl.), 639, 645. — Nefnd: Menntamálanefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 168—220. — (Fskj. með n. 590: Álitsgerð prófessoranna Árna Pálssonar og Sigurðar Nordals og Björns lektors Guðfinnssonar A. 719—720).

*Höskuldur Björnsson, málari, byggingarstyrkur, A. 315, 322, 499.

Iðja, sbr. Iðnaður.
Iðnaðarnefnd, í Ed. A. 862, Kosning B. 54; í Nd. A. 868. Kosning B. 58.
Iðnaður, sjá: Afurðagreiðsla, Dómnefnd, Handíðaskólinn, Iðnbókasafnið, Iðnskóli í Neskaupstað, Iðnskóli á Patreksfirði, Iðnskólinn á Akranesi, Jöfnunarsjóður vinnulauna, Kjarnfóður, Landssamband iðnaðarmanna, Meðalalýsi, Notkun byggingarefnis, Nýjar síldarverksmiðjur, Orlof, Síldarmjöl, Síldarverksmiðjan Ægir, Síldarverksmiðjur, Verðlag, Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, Verklegar framkvæmdir. — Sbr. og Rafmagn, Skattar.
*Iðnbókasafnið í Reykjavík A. 373; B. 241, 254—255, 347—348.
*Iðnskóli í Neskaupstað A. 314, 320; B. 188.
*Iðnskóli á Patreksfirði A. 314, 320; B. 188.
*Iðnskólinn á Akranesi A. 314, 320.
*Inga Magnúsdóttir, aðstoðarmaður í stjórnarráðinu, sjúkrastyrkur, A. 481.
*Ingibjörg Jakobsdóttir, eftirlaun, A. 325.
*Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 325.
*Ingibjörg Magnúsdóttir, prestsekkja, eftirlaun. A. 324.
*Ingibjörg Sigurðardóttir, póstafgreiðslumaður, eftirlaun, A. 324.
*Ingólfur Gíslason, læknir, eftirlaun, A. 324.
*Ingveldur Einarsdóttir, prestsekkja, eftirlaun, A. 324.
Innflutningsgjöld, sbr. Tollar.
Innflutningur og gjaldeyrismeðferð, stjfrv. A. þskj. Nd.: 134, n. 171, 176, 186, 187, 190, 191, **224 lög** (= 221); Ed.: 192, 213, n. 214, 220, 221. — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 98—141. — Sbr. og Verðlag.
Innheimta skatta og útsvara, stjfrv.

A. þskj. Ed.: 485. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — Ekki útrætt. — C. 328—329.
Íbúðir, sjá: Húsaleiga, Húsnæðisráðstafanir, Stóríbúðaskattur, Verkamannabústaðir.
Ísafjörður, sjá: Bókasafn Ísafjarðar, Gamalmennahæli, Íþróttasjóður, Leikfélag Ísafjarðar, Rafveita Ísafjarðar, Sjúkrahúsin, Styrktarsjóður verkalýðsfélagsins Baldurs. — Sbr. og Kaupstaðir.
Íslendingasögur, sjá Fornritafélagið.
*Íþróttaheimili í Reykjavík, lóð undir, A. 317, 325, 502; B. 192—193, 406—407, 416, 472.
*Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni A. 477; B. 343.
*Íþróttasjóður A. 315, 321, 373, 498; B. 189, 214, 216, 217, 241, 251.
Íþróttir, sjá: Ferðakennsla, Íþróttaheimili, Íþróttakennaraskólinn, Íþróttasjóður, Sundnám, Ungmennasamband Borgarfjarðar, Æskulýðshöll.

Jakob Möller, alþm., kosinn í stjórn byggingarsjóðs B. 1395; kosinn í milliþinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda o. fl. B. 1397.
Jakob J. Smári, skáld, sjá Skáldastyrkur.
Jakob Thorarensen, skáld, sjá Skáldastyrkur.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, sjá Fræðafélagið.
*Jarðabótastyrkur A. 315, 322; B. 190, 251. — Sbr. og Jarðræktarlög.
Jarðakaup, sjá Landakaup.
Jarðasala, sjá: Sala á jarðeignum, Sala hluta, Sala spildu, Sala Stagleyjar.
Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa, till. til þál. um athugun á (upphafl.: um milliþinganefnd í jarðeignamálum o. s. frv.). (Flm.: SkG, JPálm, ÁÁ, EOl). A. þskj. Sþ.: 504, n. 589, 624, 733 þál. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 154—165.
Jarðepli, sjá Kartöfluverzlun.
*Jarðboranir við Kristneshæli A. 502; B. 381—382.
Jarðhitasvæði Hveragerðis í Ölfusi, fyrirspurn til ríkisstj. um eignarnámsheimild á. (Flm.: EE). A. þskj. Ed.: 314. — D. 365—366.
Jarðhiti, sjá: Jarðhitaboranir, Jarðhitasvæði, Kennaraskóli Íslands 2.
Jarðrækt, sjá Landbúnaður.
Jarðræktarlög:
1. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 54 1942. (Frá landbn. Nd.). A. þskj. Nd.: 429, 466, 470; Ed.: n. 574, 621 lög (= 470). — Nefnd í Ed.: Landbúnaðarnefnd. — B. 1205—1208. — (Prentaðar í grg. frv.: Tillögur verkfæranefndar um breytta löggjöf um notkun skurðgrafna A. 517—521).
2. Þmfrv. um breyt. á sömu l. (Flm.: ÞÞ, EE, PM). A. þskj. Ed.: 100 n. 234 (minni hl.), n. 260 (meiri hl.) (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Landbúnaðarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 109—122.
3. Þmfrv. um breyt. á sömu l. (Flm.: BrB, KA). A. þskj. Ed.: 94. — Nefnd: Landbúnaðarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 456—463.
Jóhann Hafstein, lögfræðingur, kosinn varamaður í útvarpsráð B. 1396.
Jóhann Sæmundsson, tryggingayfirlæknir, skipaður félagsmálaráðherra B. 1352.
Jóhannes S. Kjarval, málari, sjá Skáldastyrkur.
Jóhannes úr Kötlum, skáld, sjá Skáldastyrkur.
Jón Ásbjörnsson, hæstaréttarlögmaður, kosinn í landskjörstjórn B. 1397.
Jón Eyþórsson, veðurfræðingur, kosinn í útvarpsráð B. 1396.
*Jón Friðriksson, rafvirki, til þess að kynna sér meðferð og viðgerðir rafmagnstækja til lækninga A. 510; B. 450—451.
*Jón Jónsson, Munaðarhóli, eftirlaun, A. 325.
Jón Norðfjörð, leikari, sjá Leiklistarskólar.
Jón Sigurðsson, forseti, sjá Minnismerki.
Jón Stefánsson, málari, sjá Skáldastyrkur.
*Jón Sverrisson, yfirfiskimatsmaður, eftirlaun, A. 325; B. 192.
Jón Þorsteinsson á Arnarvatni, sjá Skáldastyrkur.
Jónas Jónsson, alþm., kosinn í menntamálaráð B. 1396; kosinn í Þingvallanefnd B. 1397; kosinn í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
Jónas B. Jónsson, barnakennari, kosinn varamaður í útvarpsráð B. 1396.
Jöfnunarsjóður aflahluta, þmfrv. (Flm.: SK, SEH, SB). A. þskj. Nd.: 63, n. 210, 233, 242, 246, 258, 270, 271, 288; Ed.: 306, n. 475 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 137—151.
Jöfnunarsjóður vinnulauna, þmfrv. (Flm.: GJ). A. þskj. Ed.: 241, n. 543 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 157—168.

*Karl Finnbogason, skólastjóri, eftirlaun, A. 481; B. 345—346.
Kartöfluverzlun o. fl., þmfrv. um verzlun með kartöflur o. fl. (Frá landbn. Nd.). A. þskj. Nd.: 284, 391, 401; Ed.: n. 494, 538, 560, 561 lög (= 401). — Nefnd í Ed.: Landbúnaðarnefnd. — B. 1108—1124. — Sbr. og Dýrtíðarráðstafanir.
Kaup á gistihúsinu Valhöll, till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa gistihúsið Valhöll. (Flm.: HG, JJ, SK). A. þskj. Sþ.: 579, n. 625, 658 þál. (= 579). — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 133—138.
Kaup á löndum til nýbýlastofnunar, sjá Landakaup.
Kaupgjald, sjá: Dýrtíðarráðstafanir, Jöfnunarsjóður vinnulauna, Launagreiðslur til skipverja.
Kaupstaðir og kauptún, sjá: Áfengislög, Byggingarsjóðir kaupstaða, Húsaleiga, Húsnæðisráðstafanir, Innheimta skatta, Jarðeignamál, Malbikun, Notkun byggingarefnis, Sjúkrahús, Stóríbúðaskattur, Útsvarsinnheimta, Útsvör, Verkamannabústaðir. — Sbr. og Vesturheimsblöðin (og enn fremur nöfn einstakra kaupstaða og kauptúna).
Kauptún, sbr. Kaupstaðir.
Keflavík, sjá Hafnarlög fyrir.
*Keldur, Glaumbær, Grenjaðarstaður og (síðar) Burstarfell, til viðhalds og verndunar fornra bæjarhúsa á, A. 315, 321, 510; B. 189, 205—206, 210.

Keldur í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Kennarar, sjá: Anna Bjarnadóttir, Anna Guðmundsdóttir, Ármann Halldórsson, Hallgrímur Jónsson, Helgi Gíslason, Karl Finnbogason, Kennaraskóli, Launabætur embættismanna, Launabætur sérstakar, Lífeyrissjóður barnakennara, Sigrún Guðbrandsdóttir, Valdimar Snævarr, Valdís Halldórsdóttir, Vilborg Ingimarsdóttir. — Sbr. og Barnavernd, Skólar.
Kennaraskóli Íslands:
1. Þmfrv. (Frá menntmn. Nd.). A. þskj. Nd. 514, 559, 563, 568, 576, 689, 703 lög (= 689); Ed.: 577, n. 635 (meiri hl.), n. 649 (minni hl.) (þar í rökst. dagskrá), 680, 682. — Nefnd í Ed.: Menntamálanefnd. — B. 1311—1324. — (Fskj., prentað með frv.: Bréf fræðslumálastjóra A. 666).
2. Till. til þál. um að tryggja Kennaraskóla Íslands hentugt land við jarðhita í sveit. (Flm.: GG, PÞ). A. þskj. Sþ.: 578. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 326—327.

*Kennaraskólinn A. 320.
Kennslubækur, sjá: Anna Bjarnadóttir, Ríkisprentsmiðjan.
*Kirkjubyggingastyrkur A. 477; B. 240, 246, 277—278, 342.
Kirkjugarðsgjald, sjá Innheimta skatta.
Kirkjugjald, sjá Innheimta skatta.
Kirkjujarðasala, sjá: Sala hluta, Sala á jarðeignum. — Sbr. og Jarðasala.
Kirkjur, sjá: Innheimta skatta, Kirkjubyggingarstyrkur. — Sbr. og Prestar.
Kjarnfóður og síldarmjöl, till. til þál. um kaup á kjarnfóðri og rannsókn á úthlutun síldarmjöls á síðast liðnu hausti (Flm.: PZ, SkG, SÞ). A. þskj. Sþ.: 27, n. 226 (þar í rökst. dagskrá), 227. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — D. 225—274. — Sbr. og Síldarmjöl.
Kjartan Ólafsson, bæjarfulltrúi, kosinn í millibinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda o. fl. B. 1397—1398.
Kjörbréfanefnd A. 858, kosning B. 47.
Kjörbréfarannsókn, sjá Alþingi (Rannsókn kjörbréfa).
Kjötsala innanlands, þmfrv. um breyt. á l. nr. 2 1935. (Flm.: GJ). A. þskj. Ed.: 89, n. 375, 414; Nd.: n. 490, 539 lög (= 414). — Nefnd: Landbúnaðarnefndir. — B. 1078—1083. — Sbr. og dýrtíðarráðstafanir, Kynnisferðir.
Kleppjárnsreykir, sjá Vinnuskólinn á.
Knútskot í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Kolkuós, sjá Sala hluta.
Konur, sjá einkum: Húsmæðrafræðsla Árnýjar, Húsmæðrafræðsla í Vestur-Skaftafellssýslu, Húsmæðrakennaraskóli, Húsmæðraskólar í kaupstöðum, Húsmæðraskólar í sveitum, Kvenfélag Hvammshrepps, Kvenfélagasamband Austur-Húnavatnssýslu, Kvenfélagasamband Gullbringu- og, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenfélagasamband Vestur-Húnavatnssýslu, Kvenfélagið Líkn, Kvennaskólinn í Reykjavík, Kvenréttindafélag, Kynnisferðir, Landsfundur kvenna, Mæðrastyrksnefndin, Mæðrastyrktarstarfsemi, Samband austfirzkra, Samband breiðfirzkra, Samband norðlenzkra, Samband sunnlenzkra.
Korpúlfsstaðir í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Kosning til efri deildar, sjá Alþingi.
Kosningar til Alþingis, stjfrv. um viðauka við l. nr. 80 1942. A. þskj. Nd.: 99. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 313—314. — (Fskj., prentað með frv.: Bráðabirgðalög shlj. A. 161). — Sbr. og Landskjörstjórn.
Kristinn Andrésson, magister, kosinn í menntamálaráð B. 1396.
*Kristinn Árnason, póstur, eftirlaun, A. 480.
*Kristín Eiríksdóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 480.
*Kristín Ísleifsdóttir, prestsekkja, eftirlaun, 324.
*Kristín Pálsdóttir, vitavarðarekkja, eftirlaun, A. 480.
Kristín Sigfúsdóttir, rithöfundur, sjá Skáldastyrkur.
*Kristján Geirmundsson, til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla, A. 477.
*Kristján Þorlaksson, vitavörður, eftirlaun, A. 325.
Kristleifur Þorsteinsson á Stóra-Kroppi, sjá Skáldastyrkur.
Kristmann Guðmundsson, rithöfundur, sjá Skáldastyrkur.
Kristneshæli, sjá Jarðhitaboranir.
Krossanesverksmiðjan, sjá Síldarverksmiðjan Ægir.
*Kvenfélag Hvammshrepps í Vík, til handavinnukennslu, A. 366, 500; B. 436.
*Kvenfélagasamband Austur-Húnavatnssýslu A. 479; B. 344.
*Kvenfélagasamband Gullbringu- og Kjósarsýslu A. 479; B. 344.
*Kvenfélagasamband Íslands A. 479; B. 344.
*Kvenfélagasamband Vestur-Húnavatnssýslu A. 479; B. 344.
*Kvenfélagið Líkn í Vestmannaeyjum A. 500; B. 370.
*Kvennaskólinn í Reykjavík A. 320.
*Kvenréttindafélag Íslands A. 500; B. 393.
Kvikmyndasýningar á Siglufirði, þmfrv. um einkarétt bæjarstjórnar Siglufjarðar til kvikmyndasýninga í Siglufjarðarkaupstað. (Flm. ÁkJ). A. þskj. Nd.: 95, 107, n. 648 (minni hl.). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 375.
Kvikmyndir, sjá: Barnavernd, Kvikmyndasýningar, Skemmtanaskattur.
Kynnisferðir sveitafólks, þmfrv. um framlög til. (Flm.: HermJ, GJ, HG, GÍG). A. þskj. Ed.: 247, n. 262, 274, 294, 302, 473, n. 570 1. minni hl.), n. 591 (2. minni hl.), 611; Nd.: n. 385, 423, 424, 445, 446. — Nefnd: Landbúnaðarnefndir. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 220—262 (þar í rökst. dagskrá 261). — Sbr. og Friðindi, Orlof.

Lagarfoss, sjá Virkjun Lagarfoss.
Lambhagi í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Landakaup til nýbýlastofnunar, till. til þál. um undirbúning kaupa á löndum til

nýbýlastofnunar. (Flm.: SvbH). A. þskj. Sþ.: 693. — **Ekki útrædd.** — D. 328.
*Landbrot og upphlástur í Vestmannaeyjum A. 502; B. 371, 473.
Landbúnaðarnefnd í Ed. A. 860—861, kosning B. 54; í Nd. B. 866—868, kosning B. 58.
Landbúnaðarvélar, till. til þál. um kaup og innflutning á heyvinnuvélum og öðrum nauðsynlegum landbúnaðarvélum fyrir næsta sumar. (Flm.: IngJ, JS). A. þskj. Sþ.: 114, **544 þál.** (= 114). — D. 87. — Sbr. og vélaverkstæði.
Landbúnaður, sjá: Afurðagreiðsla, Atvinnuaukning, Áveitu- og, Bann gegn minkaeldi, Búfjártryggingar, Byggingar á ríkisjörðum, Bændaskóli Suðurlands, Bætur til bænda, Bætur vegna fjárskaða, Bætur vegna tjóns, Dýralæknalaun, Dýralæknar, Dýrtíðarráðstafanir, Efling landbúnaðar, Eignarnámsheimild á Höfn, Eignarnámsheimild á Nesi, Endurbygging sveitabýla, Finnur Jónsson á Geirmundarstöðum, Flutningar, Flutningastyrkur, Framtíðarafnot Reykhóla, Friðindi, Fyrirhleðslur, Garðyrkjuskólinn, Guðmundur Einarsson í Gröf, Hólaskóli, Hrossaræktarbú, Húsmæðraskólar í sveitum, Hvanneyrarskóli, Jarðabótastyrkur, Jarðeignamál, Jarðhitasvæði, Jarðræktarlög, Kartöfluverzlun, Kjarnfóður, Kjötsala, Kynnisferðir, Landakaup, Landbrot, Landbúnaðarvélar, Loðdýrabú, Loðdýrarækt, Mjólkurstöð, Nýbýlamyndun, Nýbýli, Sala á jarðeignum, Sala hluta, Sala spildu, Sala Stagleyjar, Sauðfjárræktarbú, Sauðfjársjúkdómar, Síldarmjöl, Skógrækt, Skógræktarstöð, Skólasetur á Reykhólum, Skurðgröfukaup, Tilraunastarfsemi, Veiðifélag, Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, Verðuppbætur á refa- og, Verkfæranefnd, Verklegar framkvæmdir, Vélaverkstæði. — Sbr. og Dómnefnd, Orlof, Símamál, Skattar, Sveitamálefni, Vegamál.
*Landhelgisgæzla, framlag til, A. 313, 318; B. 186, 448, 452.
Landhelgisveiðar, sjá Dragnótaveiði.
Landnám, sjá: Atvinnuaukning, Nýbýli.
Landsbanki Íslands, sjá Bankamál.
*Landsbókasafnið A. 315, 321, 373; B. 205, 226, 427.
Landsbókavörður, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
*Landsfundur kvenna A. 479.
Landskjörstjórn, kosning, B. 1397.
*Landssamband iðnaðarmanna A. 323; B. 191.
*Landssamband íslenzkra útvegsmanna A. 500; B. 454.
Landssíminn, sbr. Símamál.
*Landsspítalinn, til viðbótarbyggingar, A. 473; B. 338. — Sbr. og Fæðingarstofnun.
Landsuppdrættir, sjá Uppdrættir.
Landþurrkun, sjá: Áveitu- og, Jarðræktarlög 1.
Landþurrkun í Akraneskaupstað, sjá Áveitu- og.
Landþurrkunarfélag Safamýrar, sjá Áveitu- og.
Laugar, sbr. Jarðhiti.
Laugarvatn, sjá Menntaskóli að.
Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins, till. til þál. um sérstakar. (Frá ríkisstjórninni). A. þskj. Sþ.: 389, 436, 512, **548 þál.** (= 389). — D. 89—124.
*Launabætur sérstakar til nokkurra embættis- og starfsmanna A. 501, 511; B. 193, 201—202, 211, 215—216, 218, 356—357, 393, 402—403, 418—420, 446—447, 452, 457, 470—471.
Launagreiðslur til skipverja á m/s Arctic, till. til þál. (Flm.: HermJ, GÍG). A. þskj. Sþ.: 699. — **Ekki útrædd.** — D. 328.
Launamál, sjá: Dýralæknalaun, Dýrtíðarráðstafanir, Fræðslumálastjóri, Launabætur embættismanna, Launabætur sérstakar, Launagreiðslur til skipverja. — Sbr. og Embætti.
Laxárvirkjunin og raforkuveita Akureyrar, till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán til aukningar. (Flm.: SEH). A. þskj. Sþ.: 18. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 309—313. — Sbr. og Rafleiðsla, Raforkumálaábyrgðir, Raforkuveitur.
Laxdælasaga, sjá Höfundaréttur og prentréttur 2. — Sbr. og Útgáfa Njálssögu.
Laxveiði, sjá Veiðifélag.
Lágafell í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Lárus Pálsson, leikari, sjá Leiklistarskólar.
Leigunám, sjá Húsaleiga 1, Húsnæðisráðstafanir.
*Leikfélag Akureyrar A. 315, 322.
*Leikfélag Ísafjarðar A. 315, 322.
*Leikfélag Reykjavíkur A. 373, 478, 498; B. 255, 398—399.
*Leikfélag Sauðárkróks A. 315, 322; B. 189—190.
Leiklist, sjá: Leiklistarskólar, Menntamálaráð, Skáldastyrkur, Þjóðleikhúsið, Þjóðleikhússjóður. (sjá og einstök leikfélög)
*Leiklistarskólar A. 315, 322, 373, 478, 498; B. 189, 226, 428.
Lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði, þmfrv. (Flm.: PZ). A. þskj. Nd.: 72, n. 223; Ed.: n. 315, **359 lög** (= 72). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — B. 863—867.
Lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð, þmfrv. (Flm.: IngP). A. þskj. Ed.: 449, n. 476, 487; Nd.: n. 599, **622 lög** (= 487). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — B. 1209—1212.
Lesstofa sjómanna í Vestmannaeyjum, sjá Sjómannalesstofa.
*Lesstofa sjómannaheimilis á Siglufirði A. 498; B. 435.
Listamannastyrkir, sjá: Menntamálaráð, Skálda- og, Skáldastyrkur.
*Listasafn Einars Jónssonar A. 315, 322; B. 190.
Listmálarar, sbr. Málarar.
Listvernd, sjá: Höfundaréttur og listvernd, Höfundaréttur og prentréttur.
Lífeyrissjóður barnakennara, stjfrv. A. þskj. Ed.: 509. —Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 334. — Sbr. og Anna Guðmundsdóttir, Ármann Halldórsson, Helgi Gíslason, Sigrún Guðbrandsdóttir, Valdís Halldórsdóttir, Vilborg Ingimarsdóttir.
Lífeyrissjóður Íslands, sjá Alþýðutryggingar 2—3.
Lífeyrissjóður ljósmæðra, sjá Launabætur.
Lífeyrissjóður Sambands ísl. samvinnufélaga, sjá Alþýðutryggingar 2.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv. A. þskj. Ed.: 508. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 329—334. — Sbr. og Launabætur embættismanna, Soffía E. Ingólfsdóttir, Unnur Jónsdóttir.
Líkn, Kvenfélag í Vestmannaeyjum, sjá Kvenfélagið Líkn.
*Ljóslækningastofa í Borgarnesi A. 496; B. 386.
Ljósmyndataka og ljósmyndavélar, stjfrv. um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla. A. þskj. Nd.: 278, n. 317, 338, 546; Ed.: n. 483, 520, 553, **562 lög** (= 553). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 486—489.
Ljósmæður, sjá: Aðalheiður Pálsdóttir, Ásdís M. Sigurðardóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðrún Káradóttir, Ingibjörg Loftsdóttir, Launabætur embættismanna, Sigríður Jónasdóttir, Sigríður Jónsdóttir.
*Loðdýrabú á Hvanneyri A. 317, 325; B. 193, 235—236.
*Loðdýrarækt A. 550; 387—388. — Sbr. og Bann gegn minkaeldi, Loðdýrabú, Verðuppbætur á refa- og.
Loftferðir, sjá: Flugfélag, Flugmál.
Loftskeyti, sjá: Efni til símalagninga, Rafhlöður, Talskeytamóttökutæki, Talstöðvar.
Lóðir ríkisins við Lækjartorg og Lækjargötu, till. til þál. um nefndarskipun til að gera tillögur um framtíðarbyggingar á. (Flm.: JJ). A. þskj. Sþ.: 160, **547 þál.** (= 160). — D. 88—89. — Kosning skipulagsnefndar B. 1398.
Lýðveldisstofnun, sjá Stjórnarskrárbreyting.
Lýsisherzla, sjá Nýjar síldarverksmiðjur.
Lýsismat, sjá Meðalalýsi.
Lækjartorg og Lækjargata í Reykjavík, sjá Lóðir ríkisins.
Læknamálefni, sjá: Baldur Johnsen, Launabætur sérstakar, Læknisbústaðir, Læknisbústaður, Læknislaus héruð, Skipun læknishéraða. — Sbr. og Dýralæknalaun, Dýralæknar, Halldór Steinsson, Heilbrigðismál, Ingólfur Gíslason.
*Læknisbústaðir og sjúkraskýli, styrkur til að reisa, A. 313, 318; B. 186, 250.
Læknisbústaður Eyrarbakkalæknishéraðs, till. til þál. (Flm.: JörB, EE). A. þskj. Sþ.: 505, **549 þál.** (= 505). — D. 124—125.
Læknisekkjur, sjá: Guðrún Björnsdóttir, Sigríður Arnljótsdóttir.
Læknishéruð, sjá: Læknisbústaðir, Læknisbústaður, Læknislaus héruð, Læknisvitjanastyrkur, Skipun læknishéraða.
Læknislaus héruð, till. til þál. um ráðstafanir út af. (Flm.: GTh, GJ). A. þskj. Sþ.: 644, **739 þál.** (= 644). — D. 186—188.
*Læknisvitjanastyrkur A. 372, 378, 472, 481, 495, 509; B. 227, 270, 283, 284, 346, 356, 364, 389, 395, 400, 414, 417.
Lögberg, blaðið, sjá Vesturheimsblöðin.
Lögmaðurinn í Reykjavík, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
Lögreglustjórarnir í Keflavík, Bolungavík og Ólafsfirði, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
Lögreglustjórn í Reykjavík, þmfrv. um breyt. á l. nr. 67 1939. (Flm.: SB, GTh, GÞ). A. þskj. Nd.: **106, n. 656 (meiri** hl.), n. 706 (minni hl.). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 375—377. — (Fskj. með n. 656: Umsögn lagadeildar háskólans A. 782).
Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, þmfrv. um stækkun. (Flm.: IngP). A. þskj. Ed.: 105, n. 263 (meiri hl.), 366, 437, **448 lög** (= 437); Nd.: n. 406, 428. — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 957—960.
Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þmfrv. um stækkun. (Flm.: BBen, BrB, HG). A. þskj. Ed.: 54, n. 172 (meiri hl.), n. 250 (minni hl.) (þar í rökst. dagskrá), **264, 282, 292, 679, 692 lög** (= 679); Nd.: 293, **n. 405** (meiri hl.), n. 412 (minni hl.) (þar í rökst. dagskrá), 672, 678. — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 1238—1311. — (Fskj. með n. 250:1) Bréf hreppsnefndar Mosfellshr. 2) Bréf oddvita Seltjarnarneshr. 3) Bréf oddvita sýslunefndar Kjósarsýslu A. 293—301).
Magnús Ásgeirsson, skáld, sjá Skáldastyrkur.
Magnús Jónsson, prófessor, kosinn í útvarpsráð B. 1396; kosinn í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
*Magnús Magnússon, dyravörður, eftirlaun, A. 325, 501; B. 450.
*Malbikun vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum A. 373, 476; B. 254.
Manneldisrannsóknir, sjá Baldur Johnsen.
*Margrét Ásmundsdóttir, eftirlaun, A. 325.
Markarfljót, sjá: Fyrirhleðslur, Vatnasvæði.
Málarar, sjá: Byggingarstyrkur, Höfundaréttur og listvernd, Höfundaréttur og prentréttur, Höskuldur Björnsson, Menntamálaráð, Skálda- og, Skáldastyrkur.
Meðalalýsi, þmfrv. um breyt. á l. nr. 42 1933. (Frá sjútvn. Nd.). A. þskj. Nd.: 465. — **Ekki útrætt.** — C. 443—447.
Meðlög með óskilgetnum börnum, sjá Óskilgetin.
Menntamálaráð Íslands, þmfrv. um breyt. á l. 7 1928. (Flm.: KA). A. þskj. Ed.: 118, n. 601 (meiri hl.) (þar í rökst. dagskrá), n. 700 (minni hl.). — Nefnd: Menntamálanefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 463—507. — Sbr. og Námsstyrkur skv. ákvörðun, Skálda- og, Skáldastyrkur, Útgáfa Njálssögu. — Kosning menntamálaráðs B. 1396.
Menntamálanefnd, í Ed. A. 862, kosning B. 54; í Nd. A. 868, kosning B. 58.
Menntaskóli að Laugarvatni, till. til þál. um undirbúning að stofnun (Flm.: SvbH). A. þskj. Nd.: 600. — Nefnd: Menntamálanefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 331—359.
*Menntaskólinn á Akureyri A. 319, 373, 497; B. 213, 235, 246, 276, 365—366, 375—376, 456.
*Menntaskólinn í Reykjavík A. 319.
Milliþinganefnd í póstmálum, till. til þál. (Flm.: PZ, SkG, FJ, EOl). A. þskj. Sþ.: 479, n. 606, **636 þál.** — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 128—129. — Kosning milliþinganefndar B. 1398.
Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, till. til þál. (Flm.: EystJ, BSt, GG, SkG, IngP). A. þskj. Sþ.: 35, n. 332, 352, 392 þál. (= 35). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 29—52. — Kosning milliþinganefndar B. 1397.
Milliþinganefndir, sjá: Jarðeignamál, Lóðir

ríkisins, Milliþinganefnd í póstmálum, Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, Raforkumálanefnd, Saga Alþingis, Skipasmíðastöð, Verklegar framkvæmdir, Æskulýðshöll.
Minkaeldi, sjá: Bann gegn, Verðuppbætur á refa- og.
*Minnismerki Jóns Sigurðssonar, forseta, á Rafnseyri, til að girða og prýða, A. 479.
Mjólkursala, sjá: Dýrtíðarráðstafanir, kynnisferðir, Mjólkurstöð.
*Mjólkurstöð í Reykjavík, byggingarstyrkur, A. 481; B. 347, 366.
Myndlist, sjá Byggingarstyrkur, Höfundaréttur og listvernd, Höfundaréttur og prentréttur, Höskuldur Björnsson, Menntamálaráð, Skálda- og, Skáldastyrkur.
Mæðiveikivarnir, sjá Sauðfjársjúkdómar.
*Mæðrastyrksnefndin í Reykjavík, til sumarheimilis mæðra o. fl., A. 374, 479, 480, 500, 511; B. 232, 420—421, 437—438. — Sbr. og Kynnisferðir, Óskilgetin börn.
*Mæðrastyrktarstarfsemi utan Reykjavíkur og Akureyrar A. 511.

Námsbókagjald, sjá Innheimta skatta.
Námsbækur, sjá: Anna Bjarnadóttir, Innheimta skatta, Ríkisprentsmiðjan.
Námsstyrkur, sjá: Jón Friðriksson, Guðbrandur Hlíðar, Námsstyrkur skv. ákvörðun, Námsstyrkur til listamanna, Rögnvaldur Sigurjónsson.
*Námsstyrkur skv. ákvörðun menntamálaráðs A. 314, 319; B. 188.
*Námsstyrkur til listamanna A. 374; B. 225.
*Náttúrufræðifélagið A. 373, 478, 498; B. 232, 283, 434—435.
Náttúrugripasafnið, sjá Kristján Geirmundsson.
Nefndaskipun, sjá Alþingi.
Nes í Norðfirði, sjá Eignarnámsheimild á.
Nes í Selvogi, sjá Sala spildu.
Neskaupstaður, sjá: Bókasafn Neskaupstaðar, Eignarnámsheimild á Nesi, Gamalmennahæli, Iðnskóli í, Íþróttasjóður, Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar. — Sbr. og Kaupstaðir.
*Noregssöfnunin, framlag úr ríkissjóði til, A. 499, 513; B. 425—426, 439.
*Norræna félagið A. 315, 322.
Notkun byggingarefnis, þmfrv. (Flm.: FJ, StJSt). A. þskj. Nd.: 75. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 374.
Núpsskóli, sjá: Bókasafn Sighvats, Héraðsskólar.
Nýbyggingarsjóðir, sjá: Dýrtíðarráðstafanir, Nýbyggingasjóður fiskiskipa.
Nýbyggingarsjóður fiskiskipa, þmfrv. (Frá minni hl. sjútvn. Nd.). A. þskj. Nd.: 165. — Nefnd: Sjávarútvegsnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 391—392. — Sbr. og Fiskveiðasjóður.
Nýbýlamyndun í landi prestssetra, till. til þál. um ráðstöfun á nokkru af landi prestssetra til nýbýlamyndunar. (Flm.: BÁ, JPálm, JS, JJ). A. þskj. Sþ.: 623. — **Ekki útrædd.** — D. 327—328.
*Nýbýli, framlag til, A. 315, 322; B. 190. — Sbr. og atvinnuaukning, Efling landbúnaðar, Landakaup, Nýbýlamyndun, Sala hluta.
Nýjar síldarverksmiðjur, þmfrv. um breyt. á l. nr. 93 1942. (Flm.: IngP). A. þskj. Ed.: 33, n. 130 (minni hl.), n. 133 (meiri hl.), 159; Nd.: n. 310 (meiri hl.), n. 337 (minni hl.). — Nefnd: Sjávarútvegsnefndir. — **Fellt.** — 49—69.
Oddvitalaun, sjá Sveitarstjórnarlög.
Orlof, þmfrv. (Flm.: GÍG). A. þskj. Ed.: 13, n. 135, 162, 179, 193, 197, 231, frh. nál. 240; Nd.: 249, n. 309, 330, 399 lög (= 249). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 909—949. — Sbr. og Fríðindi, Kynnisferðir.
Ormsstaðir í Norðfirði, sjá Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar.
Ófriðarráðstafanir, sjá: Dómnefnd, Fiskiskipatjón, Húsaleiga, Húsnæðisráðstafanir, Innflutningur, Ljósmyndataka, Ráðstafanir og tekjuöflun, Samflot, Stríðsslysatrygging, Útvarpsfréttir, Verðlag, Þingfréttaflutningur. — Sbr. og Hlutleysi, Launagreiðslur til skipverja.
Ólafsfjörður, sjá Rafveita Ólafsfjarðarhrepps.
Ólafsvík, sjá Virkjun Fossár.
Ólafsvíkurlæknishérað, sjá Skipun læknishéraða.
Ólafur Jóhannesson, lögfræðingur, kosinn varamaður í landskjörstjórn B. 1397.
*Ólafur Magnússon, prestur, vangoldin þjónustulaun við Strandarkirkju, A. 481.
Óskilgetin börn, þmfrv. um viðauka við l. nr. 39 1935. (Frá allshn. Ed.). A. þskj. Ed.: 628, 691; Nd.: n. 729, 747 lög (=628). — Nefnd í Nd.: Allsherjarnefnd. — B. 1346—1350. — (Fskj., prentað með frv.: Bréf mæðrastyrksnefndarinnar í Rvík A. 756—757).

Patreksfjörður, sjá Iðnskóli á Patreksfirði.
Páll Steingrímsson, ritstjóri, kosinn í útvarpsráð B. 1396.
Pálmi Hannesson, rektor, kosinn varamaður í útvarpsráð B. 1396.
Pétur Á. Jónsson, söngvari, sjá Skáldastyrkur.
Póstar, póstmenn, póstsekkjur, eftirlaun, sjá: Árni Sigurðsson, Ásgerður Bjarnadóttir, Baldur Eyjólfsson, Guðrún Snorradóttir, Halldór Ólafsson, Ingibjörg Sigurðardóttir, Kristinn Árnason, Sigríður Snæbjörnssen, Sigurður Benediktsson, Sigurður Sumarliðason, Sumarliði Guðmundsson, Vésteinn Árnason.
Póstmál, sjá: Flugmál, Milliþinganefnd í póstmálum. — Sbr. og Póstar.
Prentréttur, sjá: Höfundaréttur og listvernd, Höfundaréttur og prentréttur.
Prentun umræðna á Alþingi, sjá Þingsköp Alþingis 2.
Prestar, prestaköll, sjá: Böðvar Bjarnason, Eiríkur Albertsson, Guðmundur Einarsson, prestur, Kirkjubyggingarstyrkur, Launabætur sérstakar, Nýbýlamyndun, Ólafur Magnússon, Skógræktarstöð, Theódór Jónsson.
Prestsekkjur, sjá: Anna Kvaran, Guðrún Jónsdóttir, Helga Jónsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingveldur Einarsdóttir, Kristín Ísleifsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Sigríður Jónasdóttir.
Prestssetur, sjá: Nýbýlamyndun, Skógræktarstöð.

Rafhlöður fyrir fiskibáta, till. til þál. um að tryggja nægilegar birgðir af. (Flm.: GJ). A. þskj. Sþ.: 683. — **Ekki útrædd.** — D. 328.

Rafleiðsla frá Akureyri til Dalvíkur, till. til þál. um rannsókn á skilyrðum fyrir. (Flm.: GÞ). A. þskj. Nd.: 177, n. 438 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — D. 274—276.

Rafmagn, sjá: Efling landbúnaðar, Jón Friðriksson, Laxárvirkjunin, Rafhlöður, Rafleiðsla, Raforkumálaábyrgðir, Raforkumálanefnd, Raforkusjóður, Raforkuveita Reyðarfjarðar, Raforkuveitur, Rafveita Ísafjarðar, Rafveita Ólafsfjarðarhrepps, Rafvirkjun fyrir Dalasýslu, Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu, Tollundanþága, Virkjun Andakílsár, Virkjun Fljótaár, Virkjun Fossár, Virkjun Gönguskarðsár, Virkjun Lagarfoss, Virkjun Tungufoss. — Sbr. og Dýrtíðarráðstafanir, Verðlag.

Rafnseyri, sjá Minnismerki.

Raforkumálaábyrgðir í Suður-Þingeyjarsýslu, till. til þál. (Flm.: JJ). A. þskj. Sþ.: 139. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 324—325. — Sbr. og Raforkuveitur.

Raforkumálanefnd, till. til þál. um að bæta við einum manni í. (Flm.: ÁÁ, JPálm, EOl, IngJ, SkG). A. þskj. Sþ.: 444, **597 þál.** (= 444). — D. 126—127.

*Raforkusjóður, framlag til, A. 499; B. 373, 376, 385. — Sbr. og Dýrtíðarráðstafanir.

Raforkuveita Akureyrar, sjá Laxárvirkjunin.

Raforkuveita Reyðarfjarðar, till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar rafveitu hreppsins. (Flm.: EystJ, IngP). A. þskj. Sþ.: 85. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 321—322.

Raforkuveitur í Suður-Þingeyjarsýslu, till. til þál. um áætlun um kostnað við. (Flm.: JJ). A. þskj. Sþ.: 140, n. 592 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 325—326. — Sbr. og Raforkumálaábyrgðir.

*Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps, ábyrgðarheimild í fjárl., A. 514—515; B. 433, 425.

Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps, till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir. (Flm.: FJ, STh, SB, BG). A. þskj. Sþ.: 631, n. 653, **671 þál.** (= 631). — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 142—143.

*Rafveita Ólafsfjarðarhrepps, ábyrgðarheimild, A. 502; B. 381.

Rafvirkjun fyrir Dalasýslu, till. til þál. um athugun á. (Flm.: ÞÞ). A. þskj. Ed.: 313, **367 þál.** (= 313). — D. 20—21.

Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu, till. til þál. um athugun á. (Flm.: GSv). A. þskj. Nd.: 277, n. 439 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — D. 276—278.

Ragnar Ólafsson, lögfræðingur, kosinn í landskjörstjórn B. 1397.

*Ragnheiður Einarsdóttir, sýslumannsekkja, eftirlaun, A. 324.

Rakstrarvélar, sjá Landbúnaðarvélar.

Rannsókn kjörbréfa, sjá Alþingi.

Rannsókn skattamála, stjfrv. A. þskj. Ed.: 452. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 325—328.

*Rauðikrossinn A. 501.

Raufarhöfn, sjá Síldarverksmiðjur.

Ráðstafanir til tekjuöflunar vegna erfiðleika atvinnuveganna:

1. Stjfrv. um breyt. á l. nr. 98 1941. A. þskj. Nd.: 196, n. 253; Ed.: n. 525, **555 lög** (= 196). — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 474—486.
2. Þmfrv. um breyt. á sömu l. (Frá fjhn. Nd.). A. þskj. Nd.: 167. — **Ekki útrætt.** — C. 392. — Sbr. og Dýrtíðarráðstafanir.

Ráðuneytið, sjá Stjórnarskipti.

Refaeldi, sjá: Loðdýrabú, Loðdýrarækt, Verðuppbætur á refa- og.

Reyðarfjörður, sjá Rafveita Reyðarfjarðar.

Reykholt, sjá Snorragarður.

Reykhólar í Reykhólasveit, sjá: Framtíðarafnot, Skólasetur.

Reykjafoss í Skagafirði, sjá Virkjun Gönguskarðsár.

Reykjanesskóli, sjá Héraðsskólar.

Reykjaskóli í Ölfusi, sjá Garðyrkjuskólinn.

Reykjavík, sjá: Bæjarbókasafn, Elliheimilið, Iðnbókasafnið, Íþróttaheimili, Leikfélag Reykjavíkur, Lóðir ríkisins, Lögreglustjórn, Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Mjólkurstöð, Skipasmíðastöð, Styrktarsjóður verkamanna- og, Æskulýðshöll. — Sbr. og Kaupstaðir.

Reynisvatn í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Réttarfar, sbr. Dómstólar.

Richard Beck, prófessor, sjá Stefán Einarsson.

Rithöfundaréttur, sjá: Höfundaréttur og listvernd, Höfundaréttur og prentréttur.

Rithöfundastyrkur, sjá: Menntamálaráð, Skálda- og, Skáldastyrkur.

Ríkarður Jónsson, myndhöggvari, sjá Skáldastyrkur.

Ríkisábyrgð, sbr. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ríkisborgararéttur, þmfrv. um veiting. (Frá allshn. Nd.). A. þskj. Nd.: 515, 580, 607, 712, 716; Ed.: 616, n. 659, 694, 711, 718, **730 lög** (= 718). — Nefnd í Ed.: Allsherjarnefnd. — B. 1338—1346.

*Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, útgáfa kennslubóka, A. 502; B. 362.

Ríkisstjórabréf, sjá Alþingi.

Ríkisstjóri Íslands, sjá Friðhelgi.

*Ríkisútvarpið, afnotagjald o. fl. A. 313, 317; B 185. — Sbr. og Útvarp.

*Runólfur Pétursson, innheimtumaður, eftirlaun, A. 325.

Ræðupartur Alþingistíðinda, sjá Þingsköp Alþingis 2.

*Ræktunarvegir A. 478—479, 500; B. 344.

*Rögnvaldur Sigurjónsson, pianóleikari, til framhaldsnáms, A. 366, 498.

Rökstuddar dagskrár:

Samþykktar, sjá:

Alþýðutryggingar 2. (dagskrá A. 201).
— 3. (dagskrá A. 285—286).
Dragnótaveiði í landhelgi (dagskrá A. 614).
Höfundaréttur og prentréttur 2. (dagskrá A. 719; brtt. á þskj. 639 samþ.; brtt. á þskj. 645 felld).
Jarðræktarlög 2. (dagskrá A. 306).

Jöfnunarsjóður aflahluta (dagskrá A. 631—632).
Jöfnunarsjóður vinnulauna (dagskrá A. 692).
Kjarnfóður og síldarmjöl (dagskrá A. 269; brtt. á þskj. 227 samþ.).
Kynnisferðir sveitafólks (dagskrá C. 261).
Rafleiðsla frá Akureyri til Dalvíkur (dagskrá A. 523).
Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu (dagskrá A. 524).
Skipun læknishéraða (dagskrá A. 838).
Skólasetur á Reykhólum (dagskrá A. 694).
Tollundanþága á efni til rafvirkjana (dagskrá A. 709).
Útvarpsfréttir (dagskrá A. 130).
Þormóðsslysið (dagskrá A. 747—748).
Æskulýðshöll í Reykjavík (dagskrá A. 762).

Felldar, sjá:

Áfengislög (dagskrá A. 207).
Fiskveiðasjóður Íslands (dagskrá A. 229).
Kennaraskóli Íslands (dagskrá A. 772).
Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur (dagskrá A. 292).
Sama mál (dagskrá A. 504).
Síldarverksmiðjur ríkisins (dagskrá A. 808).
Útgáfa Njálssögu (dagskrá D. 220).
Þingsköp Alþingis 2. (dagskrá 242).

Tekin aftur, sjá:

Höfundaréttur og prentréttur 1. (dagskrá A. 680, með brtt. A. 706—707).

Komu ekki til atkvæða, sjá:

Menntamálaráð Íslands (dagskrá A. 737).
Raforkuveitur í Suður-Þingeyjarsýslu (dagskrá A. 722).

Safamýri, sjá Áveitu- og
*Safnahúsið A. 315, 321.
Saga Alþingis, till. til þál. (Flm.: HG, JJós, StgrA, JörB). A. þskj. Sþ.: 496, **506 þál.** = 496). — D. 86.
Sakadómarinn í Reykjavík, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
Sala á jarðeignum ríkisins, þmfrv. (Flm.: JPálm, GSv, GTh). A. þskj. Nd.: 184. — Nefnd: Landbúnaðarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 392—414. — Sbr. og Sala hluta, Sala spildu.
Sala hluta úr Viðvíkurlandi, þmfrv. um heimild til þess að selja hluta úr landi jarðarinnar Viðvíkur í Skagafirði. (Flm.: SÞ, JS). A. þskj. Nd.: 32, n. 88. — Nefnd: Landbúnaðarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 363—365. — (Fskj., prentuð með frv.: 1) Bréf nýbýlastjórnar. 2) Bréf Sigurmons Hartmannssonar A. 88—89).
Sala spildu úr Neslandi í Selvogi, þmfrv. (Flm.: EE, BrB). A. þskj. Ed.: 185, n. 305 (meiri hl.), n. 342 (minni hl.), 344, 365; Nd.: n. 502 (meiri hl.), n. 516 (minni hl.). — Nefnd: Landbúnaðarnefndir. — **Fellt.** — C. 69—94. — (Fskj. með n. 342: 1) Umsögn sandgræðslustjóra. 2) Bréf 23 kjósenda í Selvogshr. A. 388—391).
Sala Stagleyjar, þmfrv. um heimild til að selja Stagley (upphafl.: um heimild til að selja jarðirnar Stagley og Sperðlahlíð). (Flm.: GJ.). A. þskj. Ed.: 6, n. 121, 158, **396 lög** (= **345**); Nd.: n. 328, 345. — Nefnd: Landbúnaðarnefndir. — B. 894—897.
*Samband austfirzkra kvenna A. 479; B. 344.
*Samband breiðfirzkra kvenna A. 479, 510; B. 344, 402.
*Samband íslenzkra berklasjúklinga A. 323.
*Samband norðlenzkra kvenna A. 479; B. 344.
*Samband sunnlenzkra kvenna A. 479, 510; B. 344, 374.
Samflot skipa í Englandsferðum, stjfrv. um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands (upphafl.: ... um samsiglingu íslenzkra skipa o. s. frv.). A. þskj. Ed.: 675, n. 701 (minni hl.), n. 702 (meiri hl.), 719, 720, 741, **746 lög** (= 741); Nd.: 731. — Nefnd í Ed.: Sjávarútvegsnefnd. — B. 585—602. — (Fskj., prentað með frv.: Frv. til reglugerðar um samsiglingar skipa A. 795—796). — Sbr. og Þingfréttaflutningur.
Samgöngumálanefnd, í Ed. A. 860, kosning B. 53; í Nd. A. 865—866, kosning B. 58.
Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943, stjfrv. A. þskj. Ed.: 323, n. 395 (minni hl.), 407, 408, 425; Nd.: 416, **421 lög** (= 416). — Nefnd í Ed.: Allsherjarnefnd. — B. 167—178.
Samvinnubyggðir, sjá: Atvinnuaukning, Nýbýli.
*Samvinnuskólinn A. 314, 320, 477.
Sandgræðsla, sjá Sala spildu úr Neslandi.
Sauðárkrókur, sjá: Leikfélag Sauðárkróks, Sýslubókasafnið, Virkjun Gönguskarðsár.
*Sauðfjárræktarbú á mæðiveikisvæðinu A. 481; B. 346.
*Sauðfjársjúkdómar A. 479; B. 344—345, 355—356, 449. — Sbr. og Finnur Jónsson á Geirmundarstöðum.
Selfoss, sjá Læknisbústaður.
Seyðisfjörður, sjá: Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, Gamalmennahæli, Sjúkrahúsin. — Sbr. og Kaupstaðir.
Siglingar, sjá: Beitumál, Bryggjugerðir, Djúpbáturinn, Dragnótaveiði, Dýpkunarskip, Efni til símalagninga, Eggert Brandsson, Fiskiskipatjón, Fiskveiðasjóður, Flóabátaferðir, Hafnargerð í Bolungavík, Hafnargerð í Hornafirði, Hafnargerðir, Hafnarlög fyrir Keflavík, Hafnarlög Hafnarfjarðar, Hafnarlög Húsavíkur, Hafnarskilyrði á Þórshöfn, Jöfnunarsjóður aflahluta, Landhelgisgæzla, Landssamband ísl. útvegsmanna, Launagreiðslur til skipverja, Lendingarbætur í Bakkagerði, Lendingarbætur á Vattarnesi, Lesstofa sjómannaheimilis, Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, Nýbyggingarsjóður fiskiskipa, Orlof, Samflot, Síldarrannsóknir, Sjómannalesstofa, Sjóvinnunámskeið, Skattgreiðsla Eimskipafélags, Skipasmíðastöð, Slysavarnir, Strandferðabátur, Strandferðir, Stríðsslysatrygging, Styrktarsjóður verkamanna- og, Talskeytamóttökutæki, Vitabyggingar, Vöruflutningar, Þormóðsslysið. — Sbr. og Fiskiveiðar, Húsaleiga 1 og 4, Innflutningur, Slysfarir, Verðlag.
Siglufjörður, sjá: Bókasafn Siglufjarðar, Eignarnámsheimild á Höfn, Hjálparsjóður, Kvikmyndasýningar, Lesstofa sjómannaheimilis, Sjúkrahúsin, Útsvör, Virkjun Fljótaár. — Sbr. og Kaupstaðir.

*Sigmundur Finnsson, fiskimatsmaður, eftirlaun, A. 480.
Sigmundur Halldórsson, húsameistari, kosinn í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
*Sigríður Arnljótsdóttir, læknisekkja, eftirlaun, A. 324.
*Sigríður Gísladóttir, eftirlaun, A. 325.
*Sigríður Halldórsdóttir, prestsekkja, eftirlaun, A. 324.
*Sigríður Jónasdóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 325.
*Sigríður Jónasdóttir, prestsekkja, eftirlaun, A. 480.
*Sigríður Jónsdóttir, ljósmóðir, eftirlaun, A. 325.
*Sigríður Snæbjörnssen, eftirlaun, A. 480, 501; B. 355.
*Sigrún Guðbrandsdóttir, endurgreiðsla fjár úr lífeyrissjóði barnakennara, A. 481.
*Sigurður Benediktsson, póstur, eftirlaun, A. 480.
Sigurður Einarsson, dósent, kosinn í útvarpsráð B. 1396.
Sigurður Jónasson, forstjóri, kosinn í milliþinganefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
Sigurður Jónsson á Arnarvatni, sjá Skáldastyrkur.
Sigurður Kristjánsson, alþm., kosinn í Þingvallanefnd B. 1397; kosinn í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum B. 1397.
*Sigurður Sumarliðason, póstur, eftirlaun, A. 324.
Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, kosinn í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
Sigvaldi Kaldalóns, tónskáld, sjá Skáldastyrkur.
Síld, sjá: Hafnarlög Húsavíkur, Kjarnfóður, Nýjar síldarverksmiðjur, Síldarmjöl, Síldarrannsóknir, Síldartunnur, Síldarverksmiðjan Ægir, Síldarverksmiðjur, Útsvör. — Sbr. og Rafleiðsla.
Síldarlýsi, herzla, sjá Nýjar síldarverksmiðjur.
Síldarmjöl til fóðurbætis, till. til þál. (Flm.: PZ, ÞÞ, IngJ, JS, PHerm, BÁ). A. þskj. Sþ.: 573, 669, **735 þál.** (= 573). — D. 172—180. — Sbr. og Kjarnfóður.
*Síldarrannsóknir, til kaupa á húsnæði fyrir á Siglufirði, A. 513; B. 411—412.
Síldartunnur, þmfrv. um frestun á framkvæmd l. nr. 60 1940. (Flm.: FJ, JJós). A. þskj. Nd.: 638, 643, 655; Ed.: n. 676, **704** lög (= 655). — Nefnd í Ed.: Sjávarútvegsnefnd. — B. 1324—1326.
Síldarverksmiðjan á Húsavík, sjá Hafnarlög Húsavíkur.
Síldarverksmiðjan Ægir í Krossanesi, till. til þál. um að ríkið taki á leigu. (Flm.: StgrA, BSt, GÞ). A. þskj. Sþ.: 501, n. 652, **670 þál.** (= 501). — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 139—142. — (Fskj., prentað með þáltill.: Bréf hreppsnefndar Glæsibæjarhr. A. 646).
Síldarverksmiðjur ríkisins, þmfrv. um breyt. á l. nr. 51 1941. (Flm.: GG). A. þskj. Nd.: 500, n. 598; Ed.: n. 665 (meiri hl.), n. 698 (minni hl.) (þar í rökst. dagskrá), **714** lög (= 500). — Nefnd: **Sjávarútvegsnefndir.** — B. 1334—1338. — Sbr. og Kjarnfóður, Nýjar síldarverksmiðjur, Síldarmjöl.
*Símalagningar A. 377, 495; B. 267, 284, 352—353. — Sbr. og Efni til.
Símamál, sjá: Efni til símalagninga, Símalagningar, Talskeytamóttökutæki, Talstöðvar, Vegagerð og símalagning. — Sbr. og Rafhlöður.
Sjálfstæðismálið, sjá Stjórnarskrárbreyting.
Sjávarútvegsnefnd, í Ed. A. 861—862, kosning B. 54; í Nd. A. 867, kosning B. 58.
Sjávarútvegur, sbr. Fiskiveiðar.
Sjóðir, sjá: Alþingissjóður, Alþýðutryggingar, Bifreiðaskattur, Búfjártryggingar, Byggingarsjóðir kaupstaða, Byggingarsjóður, Dýrtíðarráðstafanir, Ekknasjóður, Fiskveiðasjóður, Hjálparsjóður, Íþróttasjóður, Jöfnunarsjóður aflahluta, Jöfnunarsjóður vinnulauna, Kynnisferðir, Launabætur embættismanna, Lífeyrissjóður barnakennara, Lífeyrissjóður starfsmanna, Nýbyggingarsjóður fiskiskipa, Raforkusjóður, Sjúkra- og, Sjúkrasjóður Engihlíðarhrepps, Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Skjaldar, Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Varnar, Stjórn byggingarsjóðs, Styrktarsjóður verkalýðsfélags Akraness, Styrktarsjóður verkalýðsfélagsins Baldurs, Styrktarsjóður verkamanna- og, Verkamannabústaðir, Þjóðleikhússjóður.
Sjómannaheimilið á Siglufirði, sjá Lesstofa sjómannaheimilis.
*Sjómannalessofa í Vestmannaeyjum A. 498.
Sjómenn, sbr. Siglingar.
*Sjóvinnunámskeið A. 315, 321.
*Sjúkra- og styrktarsjóðir tilteknir, tvöföldun styrkja til, A. 511; B. 402.
Sjúkrahús, sjá: Drykkjumannahæli, Fávitahæli, Fæðingarstofnun, Jarðhitaboranir, Landsspítalinn, Ljóslækningastofa, Læknisbústaðir, Sjúkrahús o. fl., Sjúkrahúsið á Akureyri, Sjúkrahúsin, Sólheimahæli.
Sjúkrahús o. fl., um breyt. á l. nr. 30 1933. (Flm.: StgrA). A. þskj. Ed.: 82, n. 347, 413, frh.nál. 418, 430, 431, 432, 433, 434; Nd.: 440, n. 612. — Nefnd: Allsherjarnefndir. — **Vísað til ríkisstjórnarinnar.** — C. 272—308. — (Fskj. með n. 418: Umsögn landlæknis A. 507—508).
*Sjúkrahúsið á Akureyri, til viðbyggingar, A. 473; B. 338, 437—438. — Sbr. og Sjúkrahúsin.
*Sjúkrahúsin á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum, rekstrarstyrkur, A. 313. 318; B. 186—187, 234, 250, 370, 418. 433.
Sjúkrasamlög, sjá Alþýðutryggingar 1.
*Sjúkrasjóður Engihlíðarhrepps A. 378; B. 252—253.
*Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Skjaldar á Flateyri A. 480.
*Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Varnar á Bíldudal A. 480.
Sjúkraskýli, sjá Læknisbústaðir og. — Sbr. og Sjúkrahús.
*Sjúkrastyrkur A. 319. — Sbr. og Inga Magnúsdóttir.
*Skallagrímsgarður í Borgarnesi A. 498; B. 386.
Skattamálarannsókn, sjá Rannsókn skattamála.
Skattar og gjöld, sjá: Bifreiðaskattur, Dýrtíðarráðstafanir, Fiskveiðasjóður, Húsnæðisráðstaf-

anir, Innheimta skatta, Jöfnunarsjóður aflahluta, Kynnisferðir, Nýbyggingarsjóður fiskiskipa, Rannsókn skattamála, Ráðstafanir og tekjuöflun, Síldarverksmiðjur, Skattaviðauki, Skattgreiðsla Eimskipafélags, Skemmtanaskattur, Stóríbúðaskattur, Tollskrá, Tollundanþága, Útflutningsgjald, Útsvarsinnheimta, Útsvör, Vatnsveita. — Sbr. og Hæstiréttur, Orlof, Útreikningur þjóðarteknanna.

Skattaviðauki 1943, þmfrv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka. (Frá fjhn. Nd.). A. þskj. Nd.: 112; Ed.: **128 lög** (= 112). — B. 848—849.

Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands, þmfrv. um framlenging á gildi l. nr. 33 1928. (Frá fjhn. Nd.). A. þskj. Nd.: 102, 115; Ed.: n. 254, **289 lög** (= 102). — Nefnd í Ed.: Fjárhagsnefnd. — B. 851—853.

Skattheimta, sjá: Innheimta skatta, Innheimta útsvara.

Skólar á Langanesi, sjá Vegarstæði.

Skálda- og listamannastyrkir erlendis, till. til þál. um heimildasöfnun frá útlöndum um framlög úr ríkissjóði í nokkrum löndum til skálda og listamanna. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 141, 212. — Nefnd: Menntamálanefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 360—362. — (Fskj. prentað með þáltill.: Skrá um úthlutun á fundi menntamálaráðs 30/12 1941 A. 189—190).

*Skáldastyrkur, rithöfunda, vísindamanna og listamanna A. 373, 374—375, 378, 380, 478, 499, 510, 511; B. 189, 206, 219—224, 224—225, 238—239, 259—260, 263—267, 267—268, 271, 271—274, 279—281, 281—282, 283—284, 287—289, 344, 359—360, 424—425, 428—431, 436, 454, 469—470. — Sbr. og Bandalag íslenzkra, Byggingarstyrkur, Guðmundur Einarsson, prestur, Námsstyrkur til listamanna.

Skáldastyrkur, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, till. til þál. um aukauppbót á. (Flm.: BG, GTh, GSv, PP, SigfS). A. þskj. Sþ.: 173, n. 593 (minni hl.), n. 626 (meiri hl.), **734 þál.** (= 173). — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 165—172. — Sbr. og Menntamálaráð, Skálda- og.

Skátar, sjá Bandalag skáta.

Skeiðsfoss, sjá Virkjun Fljótaár.

Skemmtanaskattur, þmfrv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943. (Frá fjhn. Nd.). A. þskj. Nd.: 62; Ed.: **110 lög** (= 62). — B. 841—842. — Sbr. og Þjóðleikhúsið, Þjóðleikhússjóður.

Skip, sbr. Siglingar.

Skipakaup, sjá Fiskiskipatjón.

Skipasmíðastöð í Reykjavík og strandferðir, till. til þál. um nefndarskipun til að athuga skilyrði fyrir byggingu og rekstri skipasmíðastöðvar í Reykjavík og allsherjarskipulagi á strandferðum landsins. (Flm.: JJ, BBen, HG). A. þskj. Sþ.: 627, n. 666, **740 þál.** (= 627). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 188—190. — Sbr. og Flóabátaferðir, Strandferðabátur.

Skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu, kosning, B. 1398. — Sbr. og Lóðir ríkisins.

Skipun læknishéraða, þmfrv. um breyt. á l. nr. 44 1932. (Flm.: GTh). A. þskj. Nd.: 660, 684, n. 717 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 262—264. — (Prentuð í grg. frv.: Áskorun almenns hreppsfundar á Arnarstapa A. 785. — Fskj. með n. 717: Umsögn landlæknis A. 838—840). — Sbr. og Læknislaus héruð.

Skjaldarvík í Eyjafirði, sjá Gamalmennahæli.

Skjöldur, verkalýðsfélag, sjá Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Skjaldar.

Skógrækt:

1. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 100 1940. (Frá landbn. Nd.). A. þskj. Nd.: 117, 147, 155; Ed.: n. 261, **336 lög** (= 155). — Nefnd í Ed.: Landbúnaðarnefnd. — B. 856—858.
2. Till. til þál. um ráðstafanir til útbreiðslu og eflingar skógræktinni. (Frá landbn. Nd.). A. þskj. Nd.: 122, **154 þál.** (= 122). — D. 7—8.

— Sbr. og Skógræktarstöð.

*Skógrækt, framlag til, A. 316, 322; B. 190, 251. — Sbr. og Skallagrímsgarður, Snorragarður.

Skógræktarfélög, sjá Skógrækt.

Skógræktarstöð í Hvammi í Dölum, till. til þál. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 25, n. 84, **101 þál.** — Nefnd: Landbúnaðarnefnd. — D. **1—5.**

Skólar, sjá: Atvinnudeild, Barnaskólahús, Blindrastarfsemi, Bændaskóli Suðurlands, Eiðaskóli, Ferðakennsla, Framtíðarafnot Reykhóla, Gagnfræðaskólar, Garðyrkjuskólinn, Handíðaskólinn, Háskólabókavörður, Háskóli, Héraðsskólar, Hólaskóli, Húsmæðrakennaraskóli, Húsmæðrafræðsla Árnýjar, Húsmæðrafræðsla í Vestur-Skaftafellssýslu, Húsmæðraskólar í kaupstöðum, Húsmæðraskólar í sveitum, Hvanneyrarskóli, Iðnskóli í Neskaupstað, Iðnskóli á Patreksfirði, Iðnskólinn á Akranesi, Íþróttakennaraskólinn, Kennaraskóli, Kennaraskólinn, Kvennaskólinn í Reykjavík, Leiklistarskólar, Menntaskóli að Laugarvatni, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Reykjavík, Samvinnuskólinn, Skólasetur að Reykhólum, Sundnám, Verzlunarskóli, Vinnuskólinn. — Sbr. og Anna Bjarnadóttir, Barnavernd, Bókasafn Sighvats, Fræðslumálastjóri, Happdrætti, Húsaleiga 1, Kristján Geirmundsson, Lífeyrissjóður barnakennara, Námsstyrkur, Ríkisprentsmiðjan, Stúdentagarðurinn, Vesturheimsblöðin.

Skólasetur á Reykhólum, þmfrv. (Flm.: GJ). A. þskj. Ed.: 90, n. 550 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Landbúnaðarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 151—157. — Sbr. og Framtíðarafnot Reykhóla.

Skrifstofufé, uppbót á, sjá Launabætur embættismanna.

Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda, sjá Fiskveiðasjóður.

*Skurðgröfukaup og dráttarvélar A. 316, 323; B. 191.

Skurðgröfur, sjá: Jarðræktarlög, Skurðgröfukaup.

Skúti í Siglufirði, sjá Eignarnámsheimild á Höfn.

Skyldusparnaður, sjá Dýrtíðarráðstafanir.

Skömmtun á vörum, sjá: Innflutningur, Skömmtunarskrifstofa.
Skömmtun húsnæðis, sjá: Húsaleiga 1, Húsnæðisráðstafanir.
*Skömmtunarskrifstofa ríkisins A. 479; B. 345.
Sláttuvélar, sjá Landbúnaðarvélar.
Slysatrygging, sjá: Alþýðutryggingar 3—4, Stríðsslysatrygging.
Slysavarnir, sjá: Efni til símalagninga og talstöðva, Rafhlöður, Talskeytamóttökutæki, Vitabyggingar. — Sbr. og Þormóðsslysið.
*Slysavarnir, framlag til, A. 316, 323, 511; B. 191, 393—394.
Slysfarir á sjó — minning B. 1387—1388.
*Snorragarður í Reykholti A. 477.
Snæfellsneslæknishérað, sjá Skipun læknishéraða.
Soffía Guðlaugsdóttir, leikkona, sjá Leiklistarskólar.
*Soffía E. Ingólfsdóttir, endurgreiðsla fjár úr lífeyrissjóði embættismanna A. 317, 325, 481.
*Sólheimahæli í Grímsnesi A. 316, 323; B. 191—192.
Sperðlahlíð í Arnarfirði, sjá Sala Stagleyjar.
Spítalar, sjá Sjúkrahús.
Staðarbyggð, sjá Áveitu- og.
Staðarhóll í Siglufirði, sjá Eignarnámsheimild á Höfn.
Stagley á Breiðafirði, sjá Sala Stagleyjar.
Starfslok deilda, sjá Alþingi.
Starfsmenn þingsins, sjá Alþingi.
Stefán Einarsson og Richard Beck, prófessorar, til úgáfu íslenzkrar bókmenntasögu á ensku, A. 315, 322; B. 190.
Stefán Jóh. Stefánsson, alþm., kosinn í stjórn byggingarsjóðs B. 1395.
Steinavötn, sjá Fyrirhleðslur.
*Steinn Dofri, ættfræðingur, A. 322.
Steinþór Guðmundsson, kennari, kosinn varamaður í landskjörstjórn B. 1397.
Stimpilgjald, sjá Skattaviðauki.
Stjórn Byggingarsjóðs og endurskoðendur, kosning, B. 1395.
*Stjórnarráðið, laun, A. 313, 317—318; B. 185.
Stjórnarráðhús, sjá Dýrtíðarráðstafanir.
Stjórnarskipti B. 1351—1352.
Stjórnarskrárbreyting, stjfrv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942. A. þskj. Nd.: 2; Ed.: **96 lög** (= 2). — B. 59—61. — (Fskj., prentuð með frv.: 1) Þál. 17/5 1941 um sjálfstæðismálið. 2) Þál. s. d. um stjórnskipulag Íslands. 3) Þál. s. d. um æðsta vald í málefnum ríkisins A. 61).
Stokkseyri, sjá Ferðamannaskýli.
Stóríbúðaskattur, till. til þál. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 650. — **Ekki útrædd.** — D. 362. — Sbr. og Húsnæðisráðstafanir.
*Stórstúka Íslands A. 316, 323; B. 191, 235.
Strandferðabátur fyrir Austurland, till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja eða kaupa. (Flm.: EystJ, IngP, LJóh, LJós, PHerm, PZ). A. þskj. Sþ.: 527, 554, n. 677, **695, 732 þál.** — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 143—154.
Strandferðir, sjá: **Flóabátaferðir, Skipasmíðastöð, Strandferðabátur,** Strandferðir ríkissjóðs, Vöruflutningar.
*Strandferðir ríkissjóðs, framlag til A. 314, 319; B. 187, 448—449, 452.
Strandvarnir, sjá Landhelgisgæzla.
Stríðsslysatrygging sjómanna, stjfrv. um breyt. á l. nr. 76 1941. A. þskj. Ed.: 657, n. 686; Nd.: **742 lög** (= 657). — Nefnd í Ed.: Allsherjarnefnd. — B. 581—585. — Sbr. og Alþýðutryggingar 4.
*Stúdentafélagið í Kaupmannahöfn A. 315, 322; B. 189.
*Stúdentagarðurinn nýi, byggingarstyrkur, A. 366, 477; B. 343.
Stykkishólmslæknishérað, sjá Skipun læknishéraða.
Stykkishólmur, sjá Amtsbókasafnið í.
Styrjaldarráðstafanir, sbr. Ófriðarráðstafanir.
*Styrktarsjóður verkalýðsfélags Akraness A. 480; B. 345.
*Styrktarsjóður verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði A. 480; B. 345.
*Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík A. 374, 480, 500; B. 256, 399.
Sumarheimili mæðra, sjá Mæðrastyrksnefndin.
Sumarliði Guðmundsson, póstur, eftirlaun, A. 324.
Sundlaugar, sjá Íþróttasjóður.
*Sundnám í barnaskólum A. 314, 320; B. 188.
Súgandafjörður, sjá Hjúkrunarkona í.
Sútun skinna, sjá Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir.
Sveinn Jónsson, bóndi, kosinn í milliþinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda o. fl. B. 1397—1398.
Sveitamálefni, sjá: Flutningar, Flutningastyrkur, Fríðindi, Húsaleiga, Innheimta skatta, Jarðeignamál, Kynnisferðir, Læknisvitjanastyrkur, Notkun byggingarefnis, Sjúkrahús o. fl., Sveitarstjórnarlög, Útsvarsinnheimta, Útsvör. — Sbr. og Landbúnaður, Rafmagn, Vegamál.
Sveitarstjórnarlög, þmfrv. um breyt. á l. nr. 12 1927 og um afnám l. nr. 34 1941. (Flm.: BSt). A. þskj. Ed.: 218, n. 273, 364; Nd.: n. 404, 441 **lög** (= 364). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 954—957.
*Sýslubókasafnið á Sauðárkróki A. 315, 321; B. 189.
Sýslumenn, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
*Sýsluvegir A. 476.
*Sögufélagið A. 321; B. 189.
Söguútgáfa, sjá: Höfundaréttur og prentréttur 2, Útgáfa Njálssögu. — Sbr. og Saga Alþingis.

Talskeytamóttökutæki í Vestmannaeyjum, till. til þál. um fjarstýrð. (Flm.: JJós). A. þskj. Sþ.: 377, n. 608, **637 þál.** (= 377). — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 130—133. — (Fskj. með n. 608: Umsögn póst- og símamálastjóra A. 744—745).
Talstöðvar, sjá: Efni til símalagninga, Rafhlöður, Talskeytamóttökutæki, Talstöðvar á afskekktum.
*Talstöðvar á afskekktum stöðum A. 495; B. 395.
*Tekjur ríkissjóðs, **fjárlagaáætlanir** um, A. 312, 472, 483, 515; B. 195, 202—203; B. 207, 209,

212—213, 217, 228—229, 234, 246—247, 259, 337—338, 348, 357—358, 385—386, 390, 403—404, 413, 426—427, 440—446, 447—448, 451, 456, 459—460, 463, 473—474.
Tekjur þjóðarinnar, sjá Útreikningur.
Tekjuskattur og eignarskattur, sjá: Dýrtíðarráðstafanir, Innheimta skatta, Rannsókn skattamála, Skattgreiðsla Eimskipafélags. — Sbr. og Hæstiréttur.
Tekjuöflun vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, sjá Ráðstafanir og. — Sbr. og Dýrtíðarráðstafanir, Skattar.
Theódór Friðriksson, rithöfundur, sjá Skáldastyrkur.
*Theódór Jónsson, prestur, eftirlaun, A. 501; B. 381.
*Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins A. 315, 322; B. 190. — Sbr. og Framtíðarafnot Reykhóla, Skólasetur á Reykhólum.
Tímarit til rökræðna um landsmál, þmfrv. um heimild handa ríkisstjórn Íslands til þess að stofna til útgáfu. (Flm.: JPálm, EmJ). A. þskj. Nd.: 266, n. 615 (meiri hl.), n. 620 (minni hl.). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 415—443.
Tollar, sjá: Bifreiðaskattur, Fiskveiðasjóður, Nýbyggingarsjóður fiskiskipa, Ráðstafanir og tekjuöflun, Tollskrá, Tollundanþága, Útflutningsgjald, Vatnsveita. — Sbr. og Skattar.
Tolleftirlit, sjá Innflutningur.
Tollskrá o. fl., þmfrv. um breyt. á l. nr. 105 1940. (Frá fjhn. Nd.). A. þskj. Nd.: 482, 541; Ed.: 629, n 685, 713 **lög** (= 482). — Nefnd í Ed.: Fjárhagsnefnd. — B. 1326—1334. — (Fskj. með n. 482: 1) Umsögn Fiskifél. Íslands. 2) Umsögn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda A. 636—637).
Tollundanþága á efni til rafvirkjana, till. til þál. um undanþágu á aðflutningstollum á aðfluttu efni til rafvirkjana. (Flm.: ÁkJ). A. þskj. Sþ.: 40, n. 572 (meiri hl.) (þar í rökst. dagskrá), n. 594 (minni hl.). — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — D. 278—283.
Tollundanþágur, sjá: Tollundanþága á efni, Vatnsveita.
Tóbakseinkasalan, sjá Byggingarsjóðir.
Tómas Guðmundsson, skáld, sjá Skáldastyrkur.
*Tómas Jónsson, fiskimatsmaður, eftirlaun, A. 325.
Tónlist, sjá: Höfundaréttur og listvernd, Höfundaréttur og prentréttur, Menntamálaráð, Rögnvaldur Sigurjónsson, Skálda- og, Skáldastyrkur.
Tryggingarmálefni, sjá: Alþýðutryggingar, Búfjártryggingar, Flugfélag, Lífeyrissjóður barnakennara, Lífeyrissjóður starfsmanna, Stríðsslysatrygging.
Tungufoss í Rangárvallasýslu, sjá Virkjun Tungufoss.
Tunnur, sjá Síldartunnur.

Ullariðnaður, sjá Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir.
Umræðupartur Alþingistíðinda, sjá Þingsköp Alþingis 2.
Ungmennadómur, sjá Barnavernd.
*Ungmennasamband Borgarfjarðar, til vegabóta að íþróttamótsstað þess við Ferjukot A. 500; B. 387.
Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, skáld, sjá Skáldastyrkur.
*Unnur Jónsdóttir, endurgreiðsla fjár úr lífeyrissjóði embættismanna, A. 317, 325, 481.
Uppblástur í Vestmannaeyjum, sjá Landbrot.
Uppdrættir af Íslandi, þmfrv. um útgáfurétt að. (Frá menntmn. Nd.). A. þskj. Nd.: 145, 256; Ed.: 275. — Nefnd í Ed.: Menntamálanefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 387—391.
Uppeldismál, sjá: Athugunarstöð, Barnavernd, Æskulýðshöll. — Sbr. og Skólar.
Utanríkismál, sjá Hlutleysi. — Sbr. og Áfengislög.
Utanríkismálanefnd A. 858, kosning B. 49.
Útflutningsgjald, þmfrv. um breyt. á l. nr. 63 1935. (Flm.: GJ). A. þskj. Ed.: 131. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 507—511. — Sbr. og Fiskveiðasjóður, Nýbyggingarsjóður fiskiskipa.
Útgáfa Njálssögu, till. til þál. (Flm.: HelgJ, IngJ, SvbH). A. þskj. Nd.: 690, 743, 748 **þál.** (= 690). — D. 191—222 (þar í rökst. dagskrá 220).
Útgerð, sbr. Fiskiveiðar.
Útreikningur þjóðarteknanna, till. til þál. (Flm.: SkG, GG). A. þskj. Nd.: 530, n. 613, 634 **þál.** (= 530). — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — D. 127—128.
Útsvarsinnheimta 1943, þmfrv. um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til. (Flm.: BBen). A. þskj. Ed.: 322, n. 354, 376, 467 **lög** (= 463); Nd.: 403, n. 443, 453, 463. — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 960—975.
Útsvör, þmfrv. um breyt. á l. nr. 106 1936. (Flm.: ÁkJ). A. þskj. Nd.: 57, n. 146. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Fellt.** — C. 1—22. — Sbr. og Hæstiréttur, Innheimta skatta, Síldarverksmiðjur, Skattgreiðsla Eimskipafélags, Útsvarsinnheimta.
Útsölustaðir áfengis, sjá Áfengislög.
Útvarp, sjá: Ríkisútvarpið, Útvarpsfréttir, Útvarpsráð, Þingfréttaflutningur.
Útvarpsfréttir, till. til þál. (Flm.: GJ). A. þskj. Sþ.: 3, n. 65 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — D. 223—225.
Útvarpsráð, þmfrv. um breyt. á l. nr. 16 1939. (Frá meiri hl. allshn. Ed.). A. þskj. Ed.: 348; Nd.: n. 454, 488 **lög** (= 348). — Nefnd í Nd.: Allsherjarnefnd. — B. 1013—1015. — Kosning útvarpsráðs B. 1396.
Útvegsbankinn, sjá Bankamál.

*Valdimar Snævarr, skólastjóri, eftirlaun, A. 481; B. 345—346.
*Valdís Halldórsdóttir, endurgreiðsla fjár úr lífeyrissjóði barnakennara, A. 317, 325, 481.
Valhöll á Þingvöllum, sjá Kaup á gistihúsinu.
Valtýr Stefánsson, ritstjóri, kosinn í menntamálaráð B. 1396.
Varamaður tekur þingsæti, sjá Alþingi.
Varmahlíðarskóli í Skagafirði, sjá Héraðsskólar.
Varmá í Mosfellssveit, sjá Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Vatnamál, sjá: Fyrirhleðslur, Jarðræktarlög 1, Laxárvirkjunin, Rafleiðsla, Raforkumálaábyrgðir, Raforkumálanefnd, Raforkuveita Reyðarfjarðar, Raforkuveitur, Rafveita Ísafjarðar, Rafvirkjun fyrir Dalasýslu, Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu, Vatnasvæði, Virkjun Andakílsár, Virkjun Fljótaár, Virkjun Fossár, Virkjun Gönguskarðsár, Virkjun Lagarfoss, Virkjun Tungufoss. — Sbr. og Rafmagn, Tollundanþága.

Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, þmfrv. um breyt. á l. nr. 27 1932. (Flm.: IngJ, HelgJ). A. þskj. Nd.: 7, n. 156, 178, 180; Ed.: 195, n. 368, 397 lög (= 195). — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 897—904. — (Fskj. með n. 156: 1) Umsögn vegamálastjóra. 2) Framhaldsaths. sama A. 204—206). — Sbr. og Fyrirhleðslur.

Vansdalsá, sjá Veiðifélag.

*Vatnsleit í Vestmannaeyjum A. 499; B. 370.

Vatnsveita Víkurkauptúns, till. til þál. um undanþágu á aðflutningstollum af efni til. (Flm.: GSv). A. þskj. Sþ.: 10, 42. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 309.

*Vatnsveitufélag Glerárþorps A. 510; B. 382—383, 438—439.

Vattarnes við Reyðarfjörð, sjá Lendingarbætur á.

Vátrygging, sbr. Tryggingarmálefni.

*Vegabætur í Ásbyrgi A. 499.

*Vegagerð á Þingvöllum A. 478.

Vegagerð og símalagning, till. til þál. um rannsókn nýrra vinnuaðferða í. (Flm.: GG, PZ, HelgJ, SkG, PÞ). A. þskj. Nd.: 93, n. 286, 351 þál. — Nefnd: Samgöngumálanefnd. D. 18—20. — (Fskj. með n. 286: 1) Umsögn vegamálastjóra. 2) Umsögn póst- og símamálastjóra A. 354—360).

Vegalagabreyting:

1. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 101 1933. (Flm.: GSv). A. þskj. Nd.: 8, 11, 14, 16, 17, 21, 24, 28, 29, 30, 43, 44, 50, 66, 73, 92, 152, n. 459, 460, 471, 472, 495, 517, 518, 522, 551, 556; Ed.: 557, 581, 584, 585, 603, 618 lög (= 557). — Nefnd: Samgöngumálanefndir. — B. 1174—1205. — (Fskj. með n. 459: Umsögn vegamálastjóra A. 605—607).
2. Þmfrv. um breyt. á sömu l. (Flm.: GJ). A. þskj. Ed.: 15, 22, 36, 47, 48, 163. — Nefnd: Samgöngumálanefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 449—451.

— Sbr. og Vegamál.

*Vegamál, framlag til, A. 372, 373, 473—475, 476, 478, 478—479, 496, 499, 500, 509, 515; B. 204, 209—210, 211, 212, 214, 231, 236, 237, 241, 246, 253—254, 268—269, 276, 338—340, 344, 347, 353—354, 355, 365, 373, 379—380, 383, 385, 396, 400—401, 409—410, 412, 432, 433—434, 436—437, 438, 450, 454, 457—458, 460—461, 462. — Sbr. og Atvinnuaukning, Bifreiðaferja, Bifreiðaskattur, Brúargerð á Hvítá, Brúargerðir, Byggðar- og, Ferjuhald, Flutningar á langleiðum, Flutningastyrkur, Gilsnámuvegur, Ræktunarvegir, Ungmennasamband Borgarfjarðar, Vegabætur í Ásbyrgi, Vegagerð á Þingvöllum, Vegagerð og símalagning, Vegalagabreyting, Vegarstæði að Skálum, Vegaverkstjórar, Verðlagsuppbót á byggðar- og.

Vegarstæði að Skálum, till. til þál. um fullnaðarákvörðun og kostnaðaráætlun um vegargerð. (Flm.: GG). A. þskj. Nd.: 464, 498 þál. (= 464). — D. 85.

*Vegaverkstjórar og vegaverkstjóraekkjur, eftirlaun, A. 509; B. 457.

Veiði, sjá: Bann gegn minkaeldi, Veiðifélag.

*Veiðifélag Vatnsdalsár, til þess að tryggja laxgöngu, A. 500; B. 373—374, 411.

Veiting ríkisborgararéttar, sjá Ríkisborgararéttur.

Veitingasala, sbr. Gistihús.

Verðlag, stjfrv. A. þskj. Nd.: 243, n. 298, 299, 321, 340, 341; Ed.: 349, 378, n. 379, 409 lög (= 349). — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 143—167. — Sbr. og Dómnefnd.

Verðlagsstjóri, sjá Verðlag.

Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki, þmfrv. um breyt. á l. nr. 48 1942. (Flm.: PÞ). A. þskj. Nd.: 23, n. 304 (meiri hl.), n. 318 (minni hl.). — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Vísað til ríkisstjórnarinnar.** C. 265—272. — (Fskj. með n. 304: Umsögn vegamálastjóra A. 366—367). — Sbr. og Byggðar- og.

Verðlagsuppbót á endurbyggingarstyrki til sveita, sjá Endurbygging.

Verðlagsuppbót á laun, sjá: Dýrtíðarráðstafanir, Launabætur embættismanna.

Verðlækkunarskattur, sjá Dýrtíðarráðstafanir.

Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja, till. til þál. um rannsókn á því, hverjar afleiðingar verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur hafi haft á afkomu íslenzkra iðnfyrirtækja, er vinna úr þessum vörum. (Frá iðnn. Nd.). A. þskj. Nd.: 442, 497 þál. (= 442). — D. 71—85.

Verðuppbætur á refa- og minkaskinn, till. til þál. (Flm.: SÞ, JS). A. þskj. Sþ.: 79, n. 552, 583, 633. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 320—321.

Verkalýðsmál, sjá: Alþýðutryggingar, Atvinnuaukning, Bókasafn verkamanna, Byggingarsjóðir kaupstaða, Byggingarsjóður, Hjálparsjóður, Jöfnunarsjóður vinnulauna, Orlof, Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Skjaldar, Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Varnar, Stjórn byggingarsjóðs, Styrktarsjóður verkalýðsfélags Akraness, Styrktarsjóður verkalýðsfélagsins Baldurs, Styrktarsjóður verkamanna og, Verkamannabústaðir. — Sbr. og Fiskiveiðar, Friðindi, Kynnisferðir, Siglingar, Tryggingarmálefni.

Verkalýðsfélag Akraness, sjá Styrktarsjóður verkalýðsfélags Akraness.

Verkalýðsfélagið Baldur, sjá Styrktarsjóður verkalýðsfélagsins Baldurs.

Verkalýðsfélagið Skjöldur, sjá Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Skjaldar.

Verkalýðsfélagið Vörn, sjá Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Varnar.

Verkamannabústaðir, þmfrv. um breyt. á l. nr. 3 1935. (Flm.: GÍG, BBen). A. þskj. Ed.: 149. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Ekki útrætt.** C. 514—516. — Sbr. og Byggingarsjóðir

kaupstaða, Byggingarsjóður, Stjórn byggingarsjóðs.
Verkamannafélagið Þróttur, sjá Hjálparsjóður.
*Verkfæranefnd A. 478.
Verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina og skipulag stóratvinnurekstrar, till. til þál. um undirbúning verklegra framkvæmda eftir styrjöldina og endurskoðun á skipulagi stóratvinnurekstrar í landinu. (Flm.: EystJ, GG, HermJ, JörB, SvbH). A. þskj. Sþ.: 55, n. 333, 334, 350, 353, **394 þál.** — Nefnd: Allsherjarnefnd. — D. 56—71. — Kosning milliþinganefndar B. 1397—1398.
Verksmiðjur, sbr. Iðnaður.
Vernd barna og ungmenna, sjá: Athugunarstöð, Barnavernd.
Verzlun, sjá: Afurðagreiðsla, Áfengislög, Dómnefnd, Einkasala á bifreiðum, Innflutningur, Kartöfluverzlun, Kjötsala, Meðalalýsi, Notkun byggingarefnis, Sildartunnur, Tollskrá, Útflutningsgjald, Verðlag, Verzlunaratvinna, Verzlunarskóli. — Sbr. og Skattar, Verðuppbætur á refa- og, Vesturheimsblöðin.
Verzlunaratvinna, þmfrv. um breyt. á l. nr. 52 1925. (Flm.: GSv). A. þskj. Nd.: 98, n. 201; Ed.: n. 280, **357 lög** (= 98). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 858—861.
Verzlunarskóli Íslands A. 314, 320, 512.
Vestmannaeyjar, sjá: Bókasafn Vestmannaeyja, Ekknasjóður, Ferðamannaskýli, Kvenfélagið Líkn, Landbrot, Sjómannalesstofa, Sjúkrahúsin, Talskeytamóttökutæki, Vatnsleit, Virkjun Tungufoss. — Sbr. og Kaupstaðir.
*Vesturheimsblöðin Lögberg og Heimskringla, til styrktar, A. 478; B. 343—344.
Vesturheimsblöðin Heimskringla og Lögberg, þmfrv. um kaup á. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 87. — Nefnd: Menntamálanefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 451—456.
Vélasjóður, sjá Jarðræktarlög 1.
*Vélaverkstæði til viðgerða á landbúnaðarvélum A. 481.
*Vésteinn Árnason, póstur, eftirlaun, A. 480.
Viðreisnarskattur, sjá Dýrtíðarráðstafanir.
Viðskiptaráð, sjá Innflutningur.
Víðvík í Skagafirði, sjá Sala hluta úr.
Vilborg Ingimarsdóttir, kennari, fjárgreiðsla úr lífeyrissjóði barnakennara, A. 501; B. 377.
Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri, kosinn í menntamálaráð B. 1396.
Vilhjálmur Þór, bankastjóri, skipaður utanríkis- og atvinnumálaráðherra B. 1351; kosinn í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu B. 1398.
Vilmundur Jónsson, landlæknir, kosinn í landskjörstjórn B. 1397.
Vinnulaun, sjá Jöfnunarsjóður vinnulauna.
Vinnunefndir A. 870.
*Vinnuskólinn á Kleppjárnsreykjum A. 313, 318; B. 186.
Virkisá, sjá Fyrirhleðslur.
Virkjun Andakílsár:
1. Þmfrv. (Flm.: PO, BÁ). A. þskj. Nd.: 31, n. 461 (meiri hl.), n. 468 (minni hl.), 493, 529. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 335—363.
2. Till. til þál. um útvegun á efni til. (Flm.: PO, BÁ). A. þskj. Sþ.: 661, n. 721, **736 þál.** (= 661). — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — D. 180—181.
— Sbr. og Rafvirkjun fyrir Dalasýslu.
*Virkjun Andakílsár, ábyrgðarheimild í fjárl., A. 514—515; B. 433, 425.
*Virkjun Fljótaár, ábyrgðarheimild í fjárl., A. 514; B. 433, 425.
Virkjun Fljótaár, þmfrv. um breyt. á l. nr. 98 1935. (Flm.: ÁkJ, FJ, GÞ). A. þskj. Nd.: 71, n. 386 (minni hl.), n. 400 (meiri hl.), 489; Ed.: n. 571, **609 lög** (= 71). — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 1133—1174. — (Fskj., prentað með frv.: Álit Steingrims rafmagnsstjóra Jónssonar A. 135—136. — Fskj. með n. 400: Útdráttur úr bréfi mþn. í raforkumálum A. 488—489).
Virkjun Fossár í Ólafsvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu, þmfrv. (Flm.: GTh). A. þskj. Nd.: 194. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 414—415.
Virkjun Gönguskarðsár í Skagafirði, þmfrv. (Flm.: JS, SÞ). A. þskj. Nd.: 37. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Ekki útrætt.** — C. 365—367.
Virkjun fyrir Dalasýslu, sjá Rafvirkjun.
Virkjun í Vestur-Skaftafellssýslu, sjá Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu.
Virkjun Lagarfoss, till. til þál. um rannsókn á. (Flm.: LJós, STh). A. þskj. Sþ.: 175, n. 469. — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Vísað til ríkisstjórnarinnar.** — D. 301—308.
Virkjun Laxárfossa, sjá Laxárvirkjunin.
Virkjun Tungufoss í Rangárvallasýslu, þmfrv. (Flm.: IngJ, JJós, HelgJ). A. þskj. Nd.: 58. — Nefnd: Fjárhagsnefnd. — **Ekki útrætt.** C. 370—371.
*Vitabyggingar, framlag til, A. 316, 325, 375, 480, 501; B. 214, 241—242, 346, 371, 404—405, 439.
Vitagjald, sjá Skattaviðauki.
Vitaverðir, sjá: Einar Straumfjörð, Kristján Þorláksson. — Sbr. og Kristín Pálsdóttir.
Vík í Mýrdal, sjá Vatnsveita.
Vinsala, sjá Áfengislög.
Vísindamannastyrkir, sjá: Menntamálaráð, Skálda- og, Skáldastyrkur.
Vörn, verkalýðsfélag, sjá Sjúkrasjóður verkalýðsfélagsins Varnar.
*Vöruflutningar í Skaftafellssýslu A. 497.
Vörumat, sjá Meðalalýsi.
Vöruskömmtun, sjá Innflutningur.

Yfirsetukonur, sbr. Ljósmæður.

Þingfararkaup alþingismanna 1942, sjá Alþingi.
Þingfararkaup alþingismanna, þmfrv. um breyt. á l. nr. 36 1919. (Flm.: BSt). A. þskj. Ed.: 81, n. 198, 232; Nd.: n. 265, 283, 343, **363 lög** (232). — Nefnd: Fjárhagsnefndir. — B. 875—890.
Þingfararkaupsnefnd A. 858—859, kosning B. 47—48.
Þingfréttaflutningur í útvarpi B. 1394—1395.
Þingkosningar, sjá: Kosningar til Alþingis, Landskjörstjórn.
Þingmannabústaður, sjá Þingfararkaup.
Þingmannaskrá með bústöðum o. fl., sjá Alþingi.

Þingmannatal, sjá Alþingi.
Þingsetning, sjá Alþingi.
Þingsköp Alþingis:
1. Þmfrv. um breyt. á l. nr. 115 1936. (Flm.: HG, StgrA, BSt, BBen). A. þskj. Ed.: 109, n. 207; Nd.: n. 308, 362 lög (= 109). — Nefnd: Allsherjarnefndir. — B. 890—891. (Fskj., prentað með frv.: Bréf landlæknis A. 167).
2. Þmfrv. um breyt. á sömu l. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 46, n. 199 (þar í rökst. dagskrá). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — C. 99—104.

Þingvallanefnd, kosning B. 1396.
Þingvellir, sjá: Kaup á gistihúsinu, Vegagerð á.
Þjóðartekjur, sjá Útreikningur.
Þjóðhýsi, sjá Lóðir ríkisins.
Þjóðjarðasala, sjá: Sala á jarðeignum, Sala Stagleyjar. — Sbr. og Jarðasala.
*Þjóðleikhúsið, byggingarstyrkur, A. 374, 481; B. 224, 240, 427.
Þjóðleikhúsið, till. til þál. um að fá þjóðleikhúsið rýmt og smíði þess lokið. (Flm.: KA, GTh, BG, PP, SigfS, HG, SB, SG, EE). A. þskj. Sþ.: 291, **596 þál.** (= 291). — D. 125—126. — Sbr. og Skemmtanaskattur, Þjóðleikhússjóður.
Þjóðleikhússjóður, till. til þál. um endurgreiðslu á fé. (Flm.: JJ). A. þskj. Sþ.: 26. — Nefnd: Fjárveitinganefnd. — **Ekki útrædd.** — D. 313—314. — Sbr. og Þjóðleikhúsið.
Þjóðminjavörður, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
Þjóðskjalavörður, launabætur, sjá Launabætur sérstakar.
Þjóðvegir, sjá Vegalagabreyting. — Sbr. og Vegamál.
*Þjóðvinafélagið og menntamálaráð, til útgáfu 2. bindis Íslendingasögu, A. 315, 321, 478; B. 189; — uppbót vegna hækkunar á útgáfukostnaði A. 481, 512.
Þormóðsslysið 18. febr. 1943, till. til þál. um skipun nefndar til rannsóknar á. (Flm.: EOl, ÞG, LJós). A. þskj. Sþ.: 523, n. 614 (meiri hl.) (þar í rökst. dagskrá), n. 642 (minni hl.). — Nefnd: Allsherjarnefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — D. 290—300. — (Fskj. með n. 614: 1) Dómkvaðning skoðunarmanna. 2) Skoðunargerð. 3) Bréf Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. 4) Bréf atvmrn. A. 748—750). — Sbr. og Slysfarir.
Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri, kosinn í landskjörstjórn B. 1397.
*Þóra Sigurðardóttir, eftirlaun, A. 325.
Þórarinn Jónsson, tónskáld, sjá Skáldastyrkur.
Þórbergur Þórðarson, rithöfundur, sjá Skáldastyrkur.
Þórshöfn, sjá Hafnarskilyrði á.
Þóroddur Guðmundsson tekur þingsæti sem varamaður B. 46.
Þróttur, verkamannafélag, sjá Hjálparsjóður.
Þverá í Rangárvallasýslu, sjá Fyrirhleðslur, Vatnasvæði.

Æðsta vald í málefnum ríkisins, sjá Stjórnarskrárbreyting.
Ægir í Krossanesi, sjá Síldarverksmiðjan.
Æskulýðshöll í Reykjavík, till. til þál. um rannsókn á skilyrðum fyrir byggingu og starfrækslu. (Flm.: JJ). A. þskj. Ed.: 533, n. 632 (meiri hl.) (þar í rökst. dagskrá), n. 696 (minni hl.) — Nefnd: Menntamálanefnd. — **Afgr. með rökst. dagskrá.** — D. 283—290. — (Fskj., prentað með þáltill.: Erindi fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Rvík A. 689—690).
*Ævisögur lærðra manna eftir dr. Hannes Þorsteinsson, fjárgreiðsla til þess að efnisraða og fjölrita, A. 481.

Ölfus, sjá Jarðhitasvæði.
Örorkutrygging, sjá Alþýðutryggingar 3—4.
Öræfi, flutningar til, sjá Vöruflutningar.

II.
Mælendaskrá.

[Ræðurnar eru prentaðar eftir handritum innanþingsskrifara, fæstar yfirlesnar af ræðumönnum.]

Ríkisstjóri Sveinn Björnsson.
B. 6 (Þingsetning í Sþ.); 1402 (Þinglausnir).

Forsrh. Ólafur Thors.
B. 15, 30, 39, 41, 42, 48[2] (Þingsetning í Sþ.); 59 (Stjórnarskrárbreyting); 1356 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

Forsrh. Björn Þórðarson.
B. 82 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 126 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 141, 142 (Bráðabirgðafjárgreiðslur í febrúar 1943); 157 (Verðlag); 167, 174[2], 177 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 419 (Fjárlög 1943); 476 (Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna — stjfrv.); 603, 641, 693, 764, 840 (Dýrtíðarráðstafanir); 1343 (Ríkisborgararéttur).
C. 167 (Jöfnunarsjóður vinnulauna); 284 (Sjúkrahús o. fl.); 510 (Útflutningsgjald).

Atvmrh. Magnús Jónsson.
B. 52 (Þingsetning í Ed.); 1353, 1354 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).
C. 49, 52, 53 (Nýjar síldarverksmiðjur); 100 (Þingsköp Alþingis — frv. JJ).
D. 2, 4 (Skógræktarstöð í Hvammi í Dölum);

6 (Flutningar á langleiðum); 223 (Útvarpsfréttir); 313 (Þjóðleikhússjóður).

Atvmrh. Vilhjálmur Þór.

B. 80 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 586, 588, 589, 595, 599, 601 (Samflot skipa í Englandsferðum); 607 (Dýrtíðarráðstafanir); 978, 982, 988 (Áfengislög); 1356, 1360, 1363, 1366, 1372, 1374, 1375, 1383 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

D. 139, 141 (Síldarverksmiðjan Ægir í Krossanesi); 174 (Síldarmjöl til fóðurbætis); 366 (Jarðhitasvæði Hveragerðis).

Dómsmrh. Einar Arnórsson.

B. 132 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 487[3] (Ljósmyndataka og ljósmyndavélar); 1220 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1368, 1385, 1386 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

C. 314 (Barnavernd og unglinga); 325 (Rannsókn skattamála).

D. 132 (Talskeytamóttökutæki í Vestmannaeyjum); 193 (Útgáfa Njálssögu).

Félmrh. Jóhann Sæmundsson.

B. 489, 494, 497, 511, 519, 532, 535, 543, 564, 573, 577 (Húsaleiga — heildarlög); 581 (Stríðsslysatrygging sjómanna); 630, 672, 699, 722, 727, 730 (Dýrtíðarráðstafanir).

C. 329, 333 (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins); 334 (Lífeyrissjóður barnakennara).

D. 159 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa).

Fjmrh. Jakob Möller.

B. 179[2] (Fjárlög 1943); 1354 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

C. 24, 27, 35, 37 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 66 (Nýjar síldarverksmiðjur); 309, 312[2] (Húsaleiga — brbl.).

Fjmrh. Björn Ólafsson.

B. 61, 63, 65, 66, 70, 73, 82, 89, 97 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 98, 108, 111, 113, 115, 121[2], 126, 134, 136, 140 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 143, 148, 151, 155, 156, 162, 165 (Verðlag); 330, 356, 426, 473 (Fjárlög 1943); 474, 478, 480, 483, 485 (Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna — stjfrv.); 604, 642, 652, 730, 753, 756, 759, 805, 825 (Dýrtíðarráðstafanir); 1115, 1116 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1369, 1375, 1379, 1383 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

C. 328, 329 (Innheimta skatta og útsvara).

D. 89, 94, 100, 103, 105, 111 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins).

Forseti Sþ.

B. 16*, 31[2]*, 43[2]*, 44[2]*, 45*, 46*, 48[2] (Þingsetning í Sþ.); 178, 183†, 184†, 195†, 198†, 199[2]†, 208†, 257†, 261†, 271†, 286†, 287†, 288†, 290†, 311†, 337[2]†, 369, 379†, 409, 437, 469[2], 470[2] (Fjárlög 1943); 1351, 1352 (Stjórnarskipti); 1387 (Slysfarir á sjó — minning); 1389 (100 ára minning tilskipunar um endurreisn Alþingis); 1401, 1402 (Þinglausnir).

D. 23† (Flugmál Íslendinga); 37, 48, 51† (Millilinganefnd í sjávarútvegsmálum); 109, 111, 121[3], 122[2] (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 155, 162 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 173, 176 (Síldarmjöl til fóðurbætis); 259 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 283[2] (Tollundanþága á efni til rafvirkjana); 319 (Brúargerð á Hvítá hjá Iðu).

Forseti Ed.

B. 52[2], 53 (Þingsetning í Ed.); 94 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 133, 134, 135 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 171, 174, 176 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 550, 551, 556, 561, 563, 563‡, 579 (Húsaleiga — heildarlög); 600†† (Samflot skipa í Englandsferðum); 810, 811[2] (Dýrtíðarráðstafanir); 909, 910, 917, 928†, 929[2]†, 933†, 936† (Orlof); 958 (Lösagnarumdæmi Neskaupstaðar); 1074 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1192 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1221 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1247†, 1248†, 1259† (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1353 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.); 1399, 1400 (Starfslok deilda).

C. 108[2]† (Alþýðutryggingar — frv. BrB); 165 (Jöfnunarsjóður vinnulauna); 201 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 223†, 240, 249, 250‡, 250, 251, 257[2], 257‡, 258, 261, 262 (Kynnisferðir sveitafólks); 301†, 302† (Sjúkrahús o. fl.); 473 (Menntamálaráð Íslands).

D. 286, 288 (Æskulýðshöll í Reykjavík); 362 (Skálda og listamannastyrkur erlendis); 365 (Hlutleysi Íslands og aukin ófriðarhætta).

Forseti Nd.

B. 56, 57[2] (Þingsetning í Nd.); 71, 72 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 114, 121 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 489 (Ljósmyndataka og ljósmyndavélar); 513, 518, 577[3] (Húsaleiga — heildarlög); 602*[2] (Samflot skipa í Englandsferðum); 636[2], 660, 693, 714, 735, 738, 739, 743, 744, 747, 752 (Dýrtíðarráðstafanir); 857[2] (Skógrækt); 883, 884 (Þingfararkaup alþingismanna); 976, 977, 995 (Áfengislög); 1029 (Afurðagreiðsla); 1035, 1046†, 1058, 1071, 1073 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1103, 1106 (Brúargerðir — frv. GJ); 1160, 1168 (Virkjun Fljótaár); 1183, 1184 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1281, 1283, 1284, 1294, 1303, 1305, 1310 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1317[2], 1318[2] (Kennaraskólinn); 1342 (Ríkisborgararéttur); 1395 (Þingfréttaflutningur í útvarpi); 1400[2] (Starfslok deilda).

C. 9 (Útsvör); 37 (Einkasala á bifreiðum o. fl.);

*) Aldursforseti.
†) Fyrri varaforseti.
††) Fyrri varaforseti.
‡) Úrskurður.

68[2] (Nýjar síldarverksmiðjur); 147, 149 (Jöfnunarsjóður aflahluta); 229 (Kynnisferðir sveitafólks); 342 (Virkjun Andakílsár); 418†, 419† (Tímarit til rökræðna um landsmál).
D. 197, 200, 202, 208, 216, 220 (Útgáfa Njálssögu).

Áki Jakobsson.
B. 7 (Þingsetning í Sþ.); 155 (Verðlag); 433 (Fjárlög 1943); 494, 499, 518, 577[2] (Húsaleiga — heildarlög); 584 (Stríðsslysatrygging sjómanna); 694, 701, 728, 839 (Dýrtíðarráðstafanir); 904, 907, 908[2] (Eignarnámsheimild á Höfn í Siglufirði); 959, 960 (Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar); 977 (Áfengislög); 1026 (Afurðagreiðsla); 1133, 1154, 1169, 1170 (Virkjun Fljótaár); 1272, 1305 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1336 (Síldarverksmiðjur ríkisins); 1350 (Óskilgetin börn).
C. 1, 5, 7[2], 13, 19 (Útsvör); 65, 67 (Nýjar síldarverksmiðjur); 305, 307 (Sjúkrahús o. fl.); 320 (Barnavernd og unglinga); 368 (Húsaleiga — frv. ÁkJ); 375 (Kvikmyndasýningar á Siglufirði).
D. 149 (Strandferðabátur fyrir Austurland); 161 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 201, 217 (Útgáfa Njálssögu); 278, 281, 283 (Tollundanþága á efni til rafvirkjana); 333, 341, 353 (Menntaskóli að Laugarvatni).

Ásgeir Ásgeirsson.
B. 114, 115, 120, 141 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 637, 725, 732, 745, 816, 825 (Dýrtíðarráðstafanir); 841 (Skemmtanaskattur); 848 (Skattaviðauki 1943); 1135 (Virkjun Fljótaár); 1326, 1327, 1328, 1329 (Tollskrá o. fl.).
C. 342 (Virkjun Andakílsár).
D. 155 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa).

Barði Guðmundsson.
B. 238 (Fjárlög 1943).
C. 387[2] (Uppdrættir af Íslandi).
D. 166, 168, 170 (Skáldastyrkur, rithöfunda, vísindamanna og listamanna); 196 (Útgáfa Njálssögu); 322 (Bætur vegna fjárskaða).

Bernharð Stefánsson.
B. 198, 285, 286, 379 (Fjárlög 1943); 765, 769, 786, 806, 809, 811, 813 (Dýrtíðarráðstafanir); 875, 878, 879 (Þingfararkaup alþingismanna); 902 (Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts); 921, 929 (Orlof); 955, 956 (Sveitarstjórnarlög); 958 (Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar); 965, 969 (Útsvarsinnheimta 1943); 1004, 1010 (Áfengislög); 1085, 1093, 1100, 1102 (Brúargerðir — frv. GJ); 1172 (Virkjun Fljótaár); 1193, 1195, 1199, 1203 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1233 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 283 (Sjúkrahús o. fl.); 1399 (Starfslok deilda).
D. 148 (Strandferðabátur fyrir Austurland).

†) Fyrri varaforseti.

Bjarni Ásgeirsson.
B. 198, 200, 386 (Fjárlög 1943); 718, 728, 732 (Dýrtíðarráðstafanir); 849 (Dýralæknar); 905 (Eignarnámsheimild á Höfn í Siglufirði); 1168 (Virkjun Fljótaár); 1263, 1273, 1280, 1282, 1290, 1304, 1307, 1309 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1317 (Kennaraskólinn).
C. 12, 18 (Útsvör); 225, 229, 230, 234 (Kynnisferðir sveitafólks); 394 (Sala á jarðeignum ríkisins).
D. 53 (Efling landbúnaðar); 178 (Síldarmjöl til fóðurbætis); 221 (Útgáfa Njálssögu); 246, 255 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 323 (Bætur vegna fjárskaða).

Bjarni Benediktsson.
B. 93 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 133 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 168, 170, 171, 173, 175, 176 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 285, 366 (Fjárlög 1943); 488 (Ljósmyndataka og ljósmyndavélar); 525, 546, 556, 570, 574 (Húsaleiga — heildarlög); 583 (Stríðsslysatrygging sjómanna); 586, 589 (Samflot skipa í Englandsferðum); 759 (Dýrtíðarráðstafanir); 909 (Eignarnám á Höfn í Hornafirði); 935[2] (Orlof); 958[2] (Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar); 960, 962, 964, 969, 974 (Útsvarsinnheimta 1943); 999, 1008, 1011 (Áfengislög); 1013 (Útvarpsráð); 1016 (Afurðagreiðsla); 1073 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1222, 1224, 1230, 1233 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1240, 1244, 1246, 1247[2], 1248, 1259, 1260, 1310, 1311 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1344, 1345 (Ríkisborgararéttur); 1347[3] (Óskilgetin börn); 1353, 1384, 1386 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).
C. 102 (Þingsköp Alþingis — frv. JJ); 155, 156 (Skólasetur á Reykhólum); 164, 165[2], 166 (Jöfnunarsjóður vinnulauna); 193 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 222, 241, 244, 247 (Kynnisferðir sveitafólks); 302, 304 (Sjúkrahús o. fl.); 473, 482 (Menntamálaráð Íslands); 522, 528 (Hæstiréttur).
D. 188 (Skipasmíðastöð í Reykjavík og strandferðir); 284, 285 (Æskulýðshöll í Reykjavík).

Brynjólfur Bjarnason.
B. 31, 43 (Þingsetning í Sþ.); 123, 127, 133, 135 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 165 (Verðlag); 169, 172, 176 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 199, 227, 420, 471 (Fjárlög 1943); 533, 554, 556, 561, 575, 576, 579, 581 (Húsaleiga — heildarlög); 760, 783, 798, 807, 810, 812, 815 (Dýrtíðarráðstafanir); 860 (Verzlunaratvinna); 932, 934 (Orlof); 1065, 1068, 1075 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1234, 1235 (Alþýðutryggingar — frv. BrB og GÍG); 1238, 1259, 1311 (Lösagnarumdæmi Reykjavíkur); 1346, 1348 (Óskilgetin börn); 1353 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).
C. 104, 106, 108[2] (Alþýðutryggingar — frv. BrB); 221[2], 224, 250, 253, 256, 257 (Kynnis-

ferðir sveitafólks); 298 (Sjúkrahús o. fl.); 456, 461 (Jarðræktarlög — frv. BrB og KA).
D. 288 (Æskulýðshöll í Reykjavík); 363 (Hlutleysi Íslands og aukin ófriðarhætta).

Einar Olgeirsson.
B. 7 (Þingsetning í Sþ.); 62, 65 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 105, 115, 120 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 146, 150, 151, 152 (Verðlag); 194, 196, 199, 200, 271, 285, 390, 470 (Fjárlög 1943); 515 (Húsaleiga — heildarlög); 619, 666, 727, 730, 746, 753, 821, 835 (Dýrtíðarráðstafanir); 851 (Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands); 1028 (Afurðagreiðsla); 1071 (Fiskveiðasjóður Íslands).
C. 29, 46 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 68 (Nýjar síldarverksmiðjur); 231, 236 (Kynnisferðir sveitafólks); 270, 1271 (Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki); 345, 349, 360 (Virkjun Andakílsár); 393, 403 (Sala á jarðeignum ríkisins).
D. 97, 106, 110 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna); 203, 205, 216, 219 (Útgáfa Njálssögu); 290, 294, 299 (Þormóðsslysið); 340, 351 (Menntaskóli að Laugarvatni).

Eiríkur Einarsson.
B. 289, 290, 377, 457, 469 (Fjárlög 1943); 850 (Dýralæknar); 927, 933, 937 (Orlof); 1087, 1092, 1101 (Brúargerðir — frv. GJ); 1112, 1113, 1116, 1118, 1120 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1192, 1197, 1203, 1204 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1208 (Jarðræktarlög — frv. landbn. Nd.); 1219, 1225 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1245 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1321 (Kennaraskólinn).
C. 69, 70, 78, 80 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 120 (Jarðræktarlög — frv. ÞÞ o. fl.); 154, 156 (Skólasetur á Reykhólum); 177, 199, 217, 219 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 221, 222, 245, 257, 260, 262 (Kynnisferðir sveitafólks).
D. 138 (Kaup á gistihúsinu Valhöll); 260 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 315, 318, 319 (Brúargerð á Hvítá hjá Iðu); 365, 366 (Jarðhitasvæði Hveragerðis).

Emil Jónsson.
B. 80, 82 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 289 (Fjárlög 1943), 708, 735 (Dýrtíðarráðstafanir); 871 (Hafnarlög Hafnarfjarðar); 1205, 1206, 1207 (Jarðræktarlög — frv. landbn. Nd.).
C. 8, 10 (Útsvör); **82, 86, 88, 92 (Sala á** spildu úr Neslandi í Selvogi); 228, 233 (Kynnisferðir sveitafólks); 375 (Kvikmyndasýningar á Siglufirði); 433 (Timarit til rökræðna um landsmál); 444, 446 (Meðalalýsi).
D. 71, 77, 79, 84 (Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja); 329 (Dýpkunarskip ríkisins).

Eysteinn Jónsson.
B. 42, 43 (Þingsetning í Sþ.); 57 (Þingsetning í Nd.); 63 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 102, 113, 119 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 148, 156[2] (Verðlag); 198, 284, 285, 300, 470 (Fjárlög 1943); 474 (Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna — stjfrv.); 519 (Húsaleiga — heildarlög); 608, 661, 740, 747, 817, 827, 838 (Dýrtíðarráðstafanir); 883 (Þingfararkaup alþingismanna); 944 (Orlof); 1048, 1056 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1175, 1177, 1184 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1304 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1355, 1357, 1363 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).
D. 27 (Flugmál Íslendinga); 29, 34, 46, 50 (Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum); 56, 67 (Verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina og skipulag stóratvinnurekstrar); 100, 115 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 143, 146, 153 (Strandferðabátur fyrir Austurland); 159, 163 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 181, 184 (Framtíðarafnot Reykhóla); 189, 190[2] (Skipasmíðastöð í Reykjavík og strandferðir); 200 (Útgáfa Njálssögu); 301, 304, 306, 308 (Virkjun Lagarfoss); 321 (Raforkuveita Reyðarfjarðar); 323 (Bætur vegna fjárskaða).

Finnur Jónsson.
B. 43 (Þingsetning í Sþ.); 69, 82 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 108 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 154 (Verðlag); 184[2], 198, 216, 245, 257, 271, 282, 284, 285, 286, 319, 337, 409, 451, 462 (Fjárlög 1943); 842 (Bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943); 868 (Hafnarlög fyrir Keflavík); 1032, 1034, 1043, 1070 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1206, 1207 (Jarðræktarlög — frv. landbn. Nd.); 1212 (Lendingarbætur á Vattarnesi); 1281 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1324, 1325 (Síldartunnur); 1327 (Tollskrá o. fl.); 1358, 1362, 1369, 1374, 1380 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).
C. 16, 21 (Útsvör); 123, 125, 133 (Dragnótaveiði í landhelgi); 374 (Notkun byggingarefnis); 443, 446 (Meðalalýsi); 44, 49 (Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum).
D. 104, 106, 113 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 131, 132[2] (Talskeytamóttökutæki í Vestmannaeyjum); 140 (Síldarverksmiðjan Ægir í Krossanesi); 142[2] (Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps); 170 (Skáldastyrkur, rithöfunda, vísindamanna og listamanna); 173[3], 177 (Síldarmjöl til fóðurbætis); 222 (Útgáfa Njálssögu); 254, 261 (Kjarnfóður og síldarmjöl).

Garðar Þorsteinsson.
B. 73, 78 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 470, 472 (Fjárlög 1943); 487 (Ljósmyndataka og ljósmyndavélar); 502, 577 (Húsaleiga — heildarlög); 736 (Dýrtíðarráðstafanir); 859 (Verzlunaratvinna); 976 (Áfengislög); 1106 (Brúargerðir — frv. GJ); 1339, 1342, 1343[2] (Ríkisborgararéttur).
C. 127 (Dragnótaveiði í landhelgi); 264 (Skipun læknishéraða).
D. 275 (Rafleiðsla frá Akureyri til Dalvíkur).

Gísli Guðmundsson.

B. 198, 285, 286, 289 (Fjárlög 1943); 873 (Hafnarlög Hafnarfjarðar); 885, 888 (Þingfararkaup alþingismanna); 893 (Hafnargerð í Hornafirði); 944 (Orlof); 993 (Áfengislög); 1035[2], 1039, 1054, 1059, 1070 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1312, 1316 (Kennaraskólinn); 1334, 1335 (Síldarverksmiðjur ríkisins).

C. 45, 48 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 62, 66, 67 (Nýjar síldarverksmiðjur); 139, 145 (Jöfnunarsjóður aflahluta); 391 (Nýbyggingarsjóður fiskiskipa).

D. 8, 9 (Hafnarskilyrði á Þórshöfn); 20 (Vegagerð og símalagning); 23, 24, 26 (Flugmál Íslendinga); 70, 71 (Verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina og skipulag stóratvinnurekstrar); 85 (Vegarstæði að Skálum); 120, 122, 123 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 326 (Kennaraskóli Íslands); 329, 330 (Dýpkunarskip ríkisins); 345 (Menntaskóli að Laugarvatni).

Gísli Jónsson.

B. 83, 94, 97 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 123, 127, 134, 136, 137, 140 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 158, 164, 166 (Verðlag); 168, 169, 173, 174, 175, 176 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 267, 352, 459 (Fjárlög 1943); 475, 479, 482, 485 (Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna — stjfrv.); 528, 545, 551, 555, 556, 563, 574, 578, 580 (Húsaleiga — heildarlög); 587, 589, 594 (Samflot skipa í Englandsferðum); 762, 766, 774, 801, 809, 814 (Dýrtíðarráðstafanir); 846 (Dýralæknalaun); 877, 878 (Þingfararkaup alþingismanna); 894 (Hafnargerð í Hornafirði); 894, 896, 897 (Sala Stagleyjar); 911, 913, 915, 916, 920, 922, 928 (Orlof); 961, 963, 966, 968, 970, 971[2], 974 (Útsvarsinnheimta 1943); 998, 1002, 1004, 1010 (Áfengislög); 1015, 1020 (Afurðagreiðsla); 1060, 1065, 1068, 1073, 1074, 1076 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1078, 1080, 1082 (Kjötsala innanlands); 1083, 1090, 1098, 1101 (Brúargerðir — frv. GJ); 1114, 1116, 1117, 1123 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1127, 1129, 1132 (*Hafnarlög Húsavíkur*); 1191, 1192, 1195, 1196, 1197, 1201, 1204 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1221, 1229, 1233 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1321, 1323[2] (Kennaraskólinn); 1329, 1331, 1332, 1333, 1334 (Tollskrá o. fl.); 1337 (Síldarverksmiðjur ríkisins); 1364, 1368[2], 1371, 1373[2] (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

C. 49, 52, 55, 58 (Nýjar síldarverksmiðjur); 81 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 110 (Jarðræktarlög — frv. ÞÞ o. fl.); 149 (Jöfnunarsjóður aflahluta); 151, 154, 156, 157 (Skólasetur á Reykhólum); 158, 160, 163, 164[3], 165[2], 167[2] (Jöfnunarsjóður vinnulauna); 212, 218 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 241, 246, 247, 256, 258, 262 (Kynnisferðir sveitafólks); 281, 288, 291, 299, 303 (Sjúkrahús o. fl.); 326 (Rannsókn skattamála); 328, 329 (Innheimta skatta og útsvara); 332 (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins); 449 (Vegalagabreyting — frv. GJ); 453, 454 (Vesturheimsblöðin Heimskringla og Lögberg); 507, 509, 510[2] (Útflutningsgjald); 512, 513 (Alþýðutryggingar — frv. HG og GÍG); 517, 519 (Hæstiréttur).

D. 15 (*Beitumál vélbátaútvegsins*); 22, 23, 24 (Flugmál Íslendinga); 41, 49, 52 (Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum); 61, 69, 70 (Verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina og skipulag stóratvinnurekstrar); 92, 101, 104, 111 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 145, 147, 153 (Strandferðabátur fyrir Austurland); 164, 165 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 182, 186 (Framtíðarafnot Reykhóla); 223, 224, 225 (Útvarpsfréttir); 259, 263 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 298 (Þormóðsslysið); 308 (Virkjun Lagarfoss); 325 (Raforkuveitur í Suður-Þingeyjarsýslu).

Gísli Sveinsson.

B. 44 (Þingsetning í Sþ.); 349, 435 (Fjárlög 1943); 515 (Húsaleiga — heildarlög); 858 (Verzlunaratvinna); 884 (Þingfararkaup alþingismanna); 983, 990 (Áfengislög); 1103, 1104, 1106 (Brúargerðir — frv. GJ); 1174, 1180, 1182, 1183, 1184[2], 1188, 1190[2] (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1213 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1317 (Kennaraskólinn); 1340, 1343 (Ríkisborgararéttur).

C. 92 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 239 (Kynnisferðir sveitafólks); 388, 390 (Uppdrættir af Íslandi); 409 (Sala á jarðeignum ríkisins).

D. 6, 7 (Flutningar á langleiðum); 19, 20 (Vegagerð og símalagning); 28 (Flugmál Íslendinga); 69 (Verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina og skipulag stóratvinnurekstrar); 104, 110, 119, 120, 123 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 189 (Skipasmíðastöð í Reykjavík og strandferðir); 203 (Útgáfa Njálssögu); 269, 270, 271, 272, 274 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 276, 277[2] (Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu); 291, 293, 297 (Þormóðsslysið); 309 (Vatnsveita Víkurkauptúns).

Guðmundur Í. Guðmundsson.

B. 170, 175, 176 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 520, 537 (Húsaleiga — heildarlög); 591, 596 (Samflot skipa í Englandsferðum); 870 (Hafnarlög fyrir Keflavík); 873 (*Hafnarlög Hafnarfjarðar*); 890 (Þingsköp Alþingis — frv. HG o. fl.); 910, 912, 914, 917[3], 925, 931[2] (Orlof); 999, 1000, 1009, 1012 (Áfengislög); 1073 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1240, 1247, 1251, 1258, 1310 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1369, 1372, 1373 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

C. 81 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 275, 278, 286 (Sjúkrahús o. fl.); 514 (Verkamannabústaðir).

Gunnar Thoroddsen.

B. 9, 18, 36, 41 (Þingsetning í Sþ.); 155 (Verðlag); 399, 470[2], 472 (Fjárlög 1943); 516, 518

(Húsaleiga — heildarlög); 861, 862 (Verzlunaratvinna); 861, 862 (Háskólabókavörður); 891 (Þingsköp Alþingis — frv. HG o. fl.); 956 (Sveitarstjórnarlög); 977, 994 (Áfengislög); 1014 (Útvarpsráð); 1183, 1187, 1189, 1190 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1269, 1285, 1298, 1303, 1308 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1317, 1318 (Kennaraskólinn).

C. 9 (Útsvör); 262, 263 (Skipun læknishéraða); 314 (Barnavernd og unglinga); 414 (Virkjun Fossár í Ólafsvíkurhreppi).

D. 186 (Læknislaus héruð); 220 (Útgáfa Njálssögu).

Haraldur Guðmundsson.

B. 8, 17, 30, 34, 43, 44, 46 (Þingsetning í Sþ.); 87, 97 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 125, 126, 133, 134, 136, 138 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 159, 163 (Verðlag); 476, 480, 486 (Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna — stjfrv.); 582 (Striðsslysatrygging sjómanna); 754, 772, 794 (Dýrtíðarráðstafanir); 853 (Happdrætti); 890 (Þingsköp Alþingis — frv. HG o. fl.); 1002, 1013 (Áfengislög); 1112, 1119, 1124 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1242 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1323, 1324 (Kennaraskólinn); 1332, 1333 (Tollskrá o. fl.).

C. 105 (Alþýðutryggingar — frv. BrB); 109, 111 (Jarðræktarlög — frv. ÞÞ o. fl.); 159, 162 (Jöfnunarsjóður vinnulauna); 196, 210 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 252, 257, 260 (Kynnisferðir sveitafólks); 274, 277, 282, 294 (Sjúkrahús o. fl.); 332 (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins); 455 (Vesturheimsblöðin Heimskringla og Lögberg); 502 (Menntamálaráð Íslands); 508, 510 (Útflutningsgjald); 511, 512, 513 (Alþýðutryggingar — frv. HG og GÍG).

D. 86 (Saga Alþingis); 133 (Kaup á gistihúsinu Valhöll); 181, 182 (Framtíðarafnot Reykhóla).

Helgi Jónasson.

B. 208, 239, 417 (Fjárlög 1943).

C. 96, 98 (Alþýðutryggingar — frv. SkG); 263 (Skipun læknishéraða).

D. 18, 19 (Vegagerð og símalagning); 191, 196, 215, 219 (Útgáfa Njálssögu); 267 (Kjarnfóður og síldarmjöl).

Hermann Jónasson.

B. 31, 44 (Þingsetning í Sþ.); 86 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 124, 131, 136 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 172 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 471 (Fjárlög 1943); 576 (Húsaleiga — heildarlög); 779, 789, 802 (Dýrtíðarráðstafanir); 877 (Þingfararkaup alþingismanna); 913, 915, 918, 920, 923, 929, 931, 936 (Orlof); 956 (Sveitarstjórnarlög); 1001 (Áfengislög); 1018 (Afurðagreiðsla); 1065 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1118, 1122 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1231, 1233 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1238, 1243, 1246, 1262 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur).

C. 109, 110, 112, 115, 119 (Jarðræktarlög — frv. ÞÞ o. fl.); 152, 155, 156 (Skólasetur á Reykhólum); 220, 221, 241, 242, 246, 247, 248, 253, 255, 257, 259 (Kynnisferðir sveitafólks); 293, 301 (Sjúkrahús o. fl.); 458 (Jarðræktarlög — frv. BrB og KA); 517, 524 (Hæstiréttur); 3 (Skógræktarstöð í Hvammi í Dölum).

D. 108, 114, 118 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 252, 260, 264 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 286, 289[2] (Æskulýðshöll í Reykjavík).

Ingólfur Jónsson.

B. 45 (Þingsetning í Sþ.); 73 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 151 (Verðlag); 286, 383 (Fjárlög 1943); 676, 720, 735, 736, 738 (Dýrtíðarráðstafanir); 851 (Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands); 897, 898, 900, 901 (Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts); 972 (Útsvarsinnheimta 1943); 1029 (Afurðagreiðsla); 1106 (Brúargerðir — frv. GJ); 1162, 1169 (Virkjun Fljótaár).

C. 43 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 266, 270 (Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki); 370 (Virkjun Tungufoss).

D. 74 (Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja); 87 (Landbúnaðarvélar); 124 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 257, 265 (Kjarnfóður og síldarmjöl).

Ingvar Pálmason.

B. 535, 550, 551, 555, 559 (Húsaleiga — heildarlög); 597, 600 (Samflot skipa í Englandsferðum); 811 (Dýrtíðarráðstafanir); 846 (Dýralæknalaun); 865 (Lendingarbætur í Bakkagerði); 926 (Orlof); 957 (Lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar); 997, 1002 (Áfengislög); 1061, 1065 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1084, 1089, 1095 (Brúargerðir — frv. GJ); 1198, 1201, 1202, 1204 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1209, 1211 (Lendingarbætur á Vattarnesi); 1325 (Síldartunnur); 1336, 1338 (Síldarverksmiðjur ríkisins); 1402 (Þinglausnir).

C. 49, 51, 53, 54, 56 (Nýjar síldarverksmiðjur); 252 (Kynnisferðir sveitafólks).

Jakob Möller.

B. 215, 247, 288, 440 (Fjárlög 1943); 737, 745 (Dýrtíðarráðstafanir); 992 (Áfengislög); 1280, 1284, 1304 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1341 (Ríkisborgararéttur).

C. 229 (Kynnisferðir sveitafólks); 313 (Kosningar til Alþingis).

D. 19 (Vegagerð og símalagning); 102, 104, 117, 124 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 283 (Tollundanþága á efni til rafvirkjana).

Jóhann Jósefsson.

B. 66 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 369[2] (Fjárlög 1943); 1375, 1376, 1382, 1383 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

D. 130, 133 (Talskeytamóttökutæki í Vestmannaeyjum).

Jón Pálmason.

B. 120 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 252, 289, 373, 452 (Fjárlög 1943); 644, 743 (Dýrtíðarráðstafanir); 880, 881, 884 (Þingfararkaup alþingismanna); 948 (Orlof); 1023, 1027 (Afurðagreiðsla); 1083 (Kjötsala innanlands); 1134, 1143, 1168[2] (Virkjun Fljótaár).

C. 30, 32, 41, 44, 47 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 82, 86 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 134 (Dragnótaveiði í landhelgi); 238 (Kynnisferðir sveitafólks); 342, 360 (Virkjun Andakílsár); 393, 401, 410 (Sala á jarðeignum ríkisins); 415, 425, 440 (Tímarit til rökræðna um landsmál).

D. 75 (Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja); 107 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 126 (Raforkumálanefnd); 155, 160 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 256, 263 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 276 (Rafleiðsla frá Akureyri til Dalvíkur); 277 (Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu); 303 (Virkjun Lagarfoss).

Jón Sigurðsson.

B. 431 (Fjárlög 1943); 738 (Dýrtíðarráðstafanir); 856 (Skógrækt); 949, 951, 952, 953 (Búfjártryggingar); 1108, 1110[2] (Kartöfluverzlun o. fl.); 1168 (Virkjun Fljótaár).

C. 131 (Dragnótaveiði í landhelgi); 364 (Sala hluta úr Viðvíkurlandi); 365 (Virkjun Gönguskarðsár).

D. 8 (Skógrækt).

Jónas Jónsson.

B. 11, 22, 38, 41, 43, 44, 48[2] (Þingsetning í Sþ.); 130 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 196, 197, 262, 359, 469 (Fjárlög 1943); 540, 558, 567, 575 (Húsaleiga — heildarlög); 792, 811, 814 (Dýrtíðarráðstafanir); 933, 934, 935 (Orlof); 1127, 1129, 1130 (Hafnarlög Húsavíkur); 1216, 1222, 1232 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1260 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1320 (Kennaraskólinn).

C. 99, 101, 103 (Þingsköp Alþingis — frv. JJ); 170, 180, 187, 210, 218 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 277, 292 (Sjúkrahús o. fl.); 451, 454, 455 (Vesturheimsblöðin Heimskringla og Lögberg); 466, 483, 490, 504 (Menntamálaráð Íslands).

D. 1, 3 (Skógræktarstöð í Hvammi í Dölum); 88 (Lóðir ríkisins við Lækjartorg og Lækjargötu); 126 (Þjóðleikhúsið); 134, 136 (Kaup á gistihúsinu Valhöll); 150 (Strandferðabátur fyrir Austurland); 166, 168 (Skáldastyrkur, rithöfunda, visindamanna og listamanna); 283, 285, 286 (Æskulýðshöll í Reykjavík); 313 (Þjóðleikhússjóður); 324 (Raforkumálaábyrgðir í Suður-Þingeyjarsýslu); 325, 326 (Raforkuveitur í Suður-Þingeyjarsýslu); 360, 361 (Skálda- og listamannastyrkur erlendis); 365 (Hlutleysi Íslands og aukin ófriðarhætta).

Jörundur Brynjólfsson.

B. 77 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 374, 467, 470 (Fjárlög 1943); 886, 889 (Þingfararkaup alþingismanna); 994 (Áfengislög); 1022[2], 1024 (Afurðagreiðsla); 1105 (Brúargerðir — frv. GJ); 1146 (Virkjun Fljótaár); 1270, 1284, 1294, 1301, 1308 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1400 (Starfslok deilda).

C. 98[2] (Alþýðutryggingar — frv. SkG); 340 (Virkjun Andakílsár); 418, 419[2], 437 (Tímarit til rökræðna um landsmál).

D. 22 (Flugmál Íslendinga); 124 (Læknisbústaður Eyrarbakkalæknishéraðs); 303 (Virkjun Lagarfoss); 311 (Laxárvirkjunin og raforkuveita Akureyrar); 317 (Brúargerð á Hvítá hjá Iðu).

Kristinn Andrésson.

B. 218, 259, 283, 427 (Fjárlög 1943); 863 (Háskólabókavörður); 1124 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1128 (Hafnarlög Húsavíkur); 1214, 1223, 1228 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1319, 1322 (Kennaraskólinn); 1353, 1354 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

C. 168, 172, 173, 183, 201 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 258[2] (Kynnisferðir sveitafólks); 453 (Vesturheimsblöðin Heimskringla og Lögberg); 463, 473, 499 (Menntamálaráð Íslands).

D. 52, 54, 56 (Efling landbúnaðar); 125 (Þjóðleikhúsið); 135 (Kaup á gistihúsinu Valhöll); 169 (Skáldastyrkur, rithöfunda, vísindamanna og listamanna); 182 (Framtíðarafnot Reykhóla); 284 (Æskulýðshöll í Reykjavík); 360 (Skálda- og listamannastyrkur erlendis).

Lárus Jóhannesson.

B. 853 (Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands).

C. 81 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 516 (Hæstiréttur).

D. 286 (Æskulýðshöll í Reykjavík).

Lúðvík Jósefsson.

B. 211, 290, 455 (Fjárlög 1943); 507, 514, 578 (Húsaleiga — heildarlög); 714, 735, 738, 751, 831 (Dýrtíðarráðstafanir); 864 (Lendingarbætur í Bakkagerði); 868 (Hafnarlög fyrir Keflavík); 1045, 1052, 1058, 1070, 1071 (Fiskveiðasjóður Íslands).

C. 140, 146 (Jöfnunarsjóður aflahluta); 378, 383, 385 (Húsaleiga — frv. LJós); 386 (Eignarnámsheimild á Nesi í Norðfirði).

D. 12, 13, 16 (Beitumál vélbátaútvegsins); 151 (Strandferðabátur fyrir Austurland); 302, 305 (Virkjun Lagarfoss).

Magnús Jónsson.

B. 90 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 128, 132, 138 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 198, 285, 286, 289 (Fjárlög 1943); 757 (Dýrtíðarráðstafanir); 1222, 1226 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1322, 1324 (Kennaraskólinn).

C. 207, 214 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 243, 246, 249 (Kynnisferðir sveitafólks); 295, 300, 303 (Sjúkrahús o. fl.); 325 (Rannsókn skattamála); 520, 526 (Hæstiréttur).

Ólafur Thors.

B. 64, 66, 75, 80 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 106, 111, 113 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 288, 311 (Fjárlög 1943); 626, 636 (Dýrtíðarráðstafanir); 867, 868, 869 (Hafnarlög fyrir Keflavík); 1266, 1306, 1309 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur).

D. 229, 230, 235, 250 (Kjarnfóður og síldarmjöl).

Páll Hermannsson:

B. 551 (Húsaleiga — heildarlög); 846, 847 (Dýralæknalaun); 935 (Orlof); 1079, 1081, 1082 (Kjötsala innanlands); 1089, 1097 (Brúargerðir — frv. GJ); 1111, 1113, 1115, 1116, 1117, 1121, 1123 (Kartöfluverzlun o. fl.).

C. 75, 79 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 113, 116 (Jarðræktarlög — frv. ÞÞ o. fl.); (Skólasetur á Reykhólum); 197, 209 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 223 (Kynnisferðir sveitafólks).

D. 306 (Virkjun Lagarfoss).

Páll Zóphóníasson.

B. 43 (Þingsetning í Sþ.); 59 (Stjórnarskrárbreyting); 77 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 283, 289, 464, 473 (Fjárlög 1943); 577 (Húsaleiga — heildarlög); 635, 688, 720, 825, 838 (Dýrtíðarráðstafanir); 845 (Dýralæknalaun); 857 (Skógrækt); 861 (Háskólabókavörður); 863, 865 (Lendingarbætur í Bakkagerði); 881 (Þingfararkaup alþingismanna); 907 (Eignarnám á Höfn í Siglufirði); 951 (Búfjártryggingar); 973 (Útsvarsinnheimta 1943); 1023, 1030 (Afurðagreiðsla); 1106 (Brúargerðir — frv. GJ); 1124, 1125 (Bifreiðaskattur o. fl.); 1171 (Virkjun Fljótaár); 1178, 1179, 1181, 1183, 1188, 1191 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1206 (Jarðræktarlög — frv. landbn. Nd.); 1274, 1284 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur).

C. 29 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 135, 137 (Dragnótaveiði í landhelgi); 239 (Kynnisferðir sveitafólks); 271 (Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki); 364 (Sala hluta úr Viðvíkurlandi); 387, 389 (Uppdrættir af Íslandi); 398, 407, 412 (Sala á jarðeignum ríkisins).

D. 26 (Flugmál Íslendinga); 55 (Efling landbúnaðar); 69 (Verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina og skipulag stóratvinnurekstrar); 80 (Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja); 124 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 128, 129 (Milliþinganefnd í póstmálum); 162 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 172, 173, 176 (Síldarmjöl til fóðurbætis); 183 (Framtíðarafnot Reykhóla); 225, 229, 232, 266, 270 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 282 (Tollundanþága á efni til rafvirkjana); 308 (Virkjun Lagarfoss).

Páll Þorsteinsson.

B. 286, 290 (Fjárlög 1943); 501, 503[2], 513 (Húsaleiga — heildarlög); 736 (Dýrtíðarráðstafanir); 892, 893 (Hafnargerð í Hornafirði); 1311, 1312, 1313, 1314, 1317, 1318[2] (Kennaraskólinn).

C. 265, 267, 271 (Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki); 367 (Brúargerðir — frv. SÞ); 379, 384 (Húsaleiga — frv. LJós).

D. 203 (Útgáfa Njálssögu).

Pétur Magnússon.

B. 53 (Þingsetning í Ed.); 157 (Verðlag); 176 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 287 (Fjárlög 1943); 484, 486 (Ráðstafanir vegna erfiðleika atvinnuveganna — stjfrv.); 756, 767, 795, 809, 810 (Dýrtíðarráðstafanir); 964, 966, 971[2] (Útsvarsinnheimta 1943); 1126 (Bifreiðaskattur o. fl.).

C. 457 (Jarðræktarlög — frv. BrB og KA); 518 (Hæstiréttur).

Pétur Ottesen.

B. 75 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 110 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 177 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 403 (Fjárlög 1943); 869 (Hafnarlög fyrir Keflavík); 881, 884[2], 886 (Þingfararkaup alþingismanna); 907 (Eignarnámsheimild á Höfn í Siglufirði); 986 (Áfengislög); 1109, 1110 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1176, 1178 (Vegalagabreyting — frv. GSv); 1304 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1327, 1328 (Tollskrá o. fl.); 1361 (Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.).

C. 3, 6, 11, 15 (Útsvör); 89 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 127, 132 (Dragnótaveiði í landhelgi); 140 (Jöfnunarsjóður aflahluta); 335, 339, 341[2], 356 (Virkjun Andakilsár); 428 (Tímarit til rökræðna um landsmál); 447 (Bann gegn minkaeldi o. fl.).

D. 14, 15 (Beitumál vélbátaútvegsins); 121 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 155 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 180, 181 (Virkjun Andakílsár); 230, 248, 267 (Kjarnfóður og síldarmjöl).

Sigfús Sigurhjartarson.

B. 207, 260, 286, 295 (Fjárlög 1943); 493 (Húsaleiga — heildarlög); 735, 753 (Dýrtíðarráðstafanir); 975, 976[2], 978, 980, 989 (Áfengislög); 1267, 1309 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur).

C. 311 (Húsaleiga — brbl.); 371 (Húsnæðisráðstafanir og stóribúðaskattur).

D. 51 (Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum); 94, 121, 122 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 198, 208, 218 (Útgáfa Njálssögu); 292, 295 (Þormóðsslysið); 307 (Virkjun Lagarfoss).

Sigurður Bjarnason.

B. 82 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 178 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 281, 288, 395, 453 (Fjárlög 1943); 742, 749 (Dýrtíðarráðstafanir); 843, 845 (Dýralæknalaun); 994, 995 (Áfengislög); 1047, 1053 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1318 (Kennaraskólinn); 1394, 1395 (Þingfréttaflutningur í útvarpi).

C. 126, 128, 136 (Dragnótaveiði í landhelgi); 271 (Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki); 375 (Lögreglustjórn í Reykjavík).

D. 10, 11 (Hafnargerð í Bolungavík); 17 (Efni til símalagninga og talstöðva); 21, 23[2], 28 (Flugmál Íslendinga); 184 (Framtíðarafnot Reykhóla); 189, 190 (Skipasmíðastöð í Reykjavík og strandferðir); 203, 220 (Útgáfa Njálssögu); 260 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 280, 281 (Tollundanþága á efni til rafvirkjana); 298 (Þormóðsslysið); 323 (Bætur vegna fjárskaða).

Sigurður Guðnason.

B. 255, 398 (Fjárlög 1943); 713 (Dýrtíðarráðstafanir); 844 (Dýralæknalaun); 943, 947 (Orlof).

C. 85 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi).

D. 82, 84 (Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja); 200 (Útgáfa Njálssögu); 319 (Byggingarsjóður verkamanna).

Sigurður E. Hlíðar.

B. 1160 (Virkjun Fljótaár).

C. 129 (Dragnótaveiði í landhelgi).

D. 104 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 146 (Strandferðabátur fyrir Austurland); 310, 312 (Laxárvirkjunin og raforkuveita Akureyrar).

Sigurður Kristjánsson.

B. 45 (Þingsetning í Sþ.); 72, 78, 81 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 178 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 748 (Dýrtíðarráðstafanir); 869 (Hafnarlög fyrir Keflavík); 982, 996 (Áfengislög); 1030, 1033, 1034, 1035[2], 1050, 1071 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1131 (Hafnarlög Húsavíkur); 1152, 1170, 1171 (Virkjun Fljótaár); 1318 (Kennaraskólinn).

C. 60, 65 (Nýjar síldarverksmiðjur); 131 (Dragnótaveiði í landhelgi); 137, 139, 146, 147, 149 (Jöfnunarsjóður aflahluta); 227 (Kynnisferðir sveitafólks); 399, 406 (Sala á jarðeignum ríkisins); 442 (Tímarit til rökræðna um landsmál).

D. 33, 37, 48 (Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum); 115 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 176 (Síldarmjöl til fóðurbætis).

Sigurður Thoroddsen.

B. 241, 439, 471 (Fjárlög 1943); 1137 (Virkjun Fljótaár).

C. 339 (Virkjun Andakílsár).

D. 221 (Útgáfa Njálssögu); 275 (Rafleiðsla frá Akureyri til Dalvíkur); 301 (Virkjun Lagarfoss).

Sigurður Þórðarson.

B. 1168 (Virkjun Fljótaár).

C. 22, 25, 28 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 122, 124, 126, 133, 135 (Dragnótaveiði í landhelgi); 363 (Sala hluta úr Víðvíkurlandi); 413 (Sala á jarðeignum ríkisins).

D. 13, 14 (Beitumál vélbátaútvegsins); 262 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 320 (Verðuppbætur á refa- og minkaskinn).

Skúli Guðmundsson.

B. 8, 10, 33, 38, 41 (Þingsetning í Sþ); 198, 471, 473 (Fjárlög 1943); 519 (Húsaleiga — heildarlög); 652, 697, 710, 736, 753 (Dýrtíðarráðstafanir); 855 (Happdrætti); 937, 946 (Orlof); 972 (Útsvarsinnheimta 1943); 1024 (Afurðagreiðsla); 1032, 1034, 1057, 1070 (Fiskveiðasjóður Íslands); 1125 (Bifreiðaskattur o. fl.); 1165, 1170 (Virkjun Fljótaár); 1301 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur); 1318 (Kennaraskólinn).

C. 29, 31, 34, 42, 45 (Einkasala á bifreiðum o. fl.); 68 (Nýjar síldarverksmiðjur); 95, 97, 98 (Alþýðutryggingar — frv. SkG); 144 (Jöfnunarsjóður aflahluta); 267 (Verðlagsuppbót á byggðar- og gistingarstyrki).

D. 40, 51 (Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum); 76, 83, 84 (Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja); 89, 98, 103, 104, 106, 109, 121 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 127, 128 (Útreikningur þjóðarteknanna); 154 (Jarðeignamál kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa); 272, 273, 274 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 276, 278 (Rafvirkjun í Vestur-Skaftafellssýslu); 307 (Virkjun Lagarfoss).

Stefán Jóh. Stefánsson.

B. 61, 71 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 100, 117 (Innflutningur og gjaldeyrismeðferð); 143 (Verðlag); 178 (Samkomudagur reglulegs Alþingis 1943); 285, 290, 423 (Fjárlög 1943); 503 (Húsaleiga — heildarlög); 614, 658, 700, 703, 732, 735, 736, 739 (Dýrtíðarráðstafanir); 883, 887 (Þingfararkaup alþingismanna); 940, 944, 948 (Orlof); 1212 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. StJSt o. fl.); 1237 (Alþýðutryggingar — frv. BrB og GÍG); 1345 (Ríkisborgararéttur).

C. 240 (Kynnisferðir sveitafólks); 306, 308 (Sjúkrahús o. fl); 309 (Húsaleiga — brbl.); 369 (Húsaleiga — frv. ÁkJ); 416 (Tímarit til rökræðna um landsmál).

D. 64, 70 (Verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina og skipulag stóratvinnurekstrar); 88 (Höfundaréttur og listvernd); 95 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins).

Steingrímur Aðalsteinsson.

B. 253, 436, 437 (Fjárlög 1943).

C. 272, 275, 279, 285, 289, 296, 303 (Sjúkrahús o. fl.).

D. 139 (Síldarverksmiðjan Ægir í Krossanesi).

Sveinbjörn Högnason.

B. 45 (Þingsetning í Sþ.); 70, 76, 80 (Dómnefnd í verðlagsmálum); 270, 363, 472 (Fjárlög 1943); 701, 707, 726, 734 (Dýrtíðarráðstafanir); 899, 901[2] (Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts); 1275 (Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur).

C. 229 (Kynnisferðir sveitafólks); 310, 312, 313 (Húsaleiga — brbl.); 436, 441 (Tímarit til rökræðna um landsmál).

D. 76, 79, 81 (Verðuppbætur á landbúnaðarafurðir og afkoma iðnfyrirtækja); 197, 202

(Útgáfa Njálssögu); 258, 260, 268 (Kjarnfóður og síldarmjöl); 315 (Flutningastyrkur til hafnleysishéraða); 331, 336, 348, 354, 358 (Menntaskóli að Laugarvatni).

Þorsteinn Þorsteinsson.

B. 858 (Skógrækt); 916 (Orlof); 954 (Búfjártryggingar); 1087 (Brúargerðir — frv. GJ); 1121 (Kartöfluverzlun o. fl.); 1194, 1196, 1200, 1202, 1204 (Vegalagabreyting — frv. GSv).

C. 77 (Sala á spildu úr Neslandi í Selvogi); 109[2], 112, 113, 116, 118 (Jarðræktarlög — frv. ÞÞ o. fl.); 182, 191, 213 (Höfundaréttur og prentréttur — frv. KA); 244, 248, 250, 252, 258[2], 261 (Kynnisferðir sveitafólks); 304 (Sjúkrahús o. fl.).

D. 2, 5 (Skógræktarstöð í Hvammi í Dölum); 20 (Rafvirkjun fyrir Dalasýslu); 135 (Kaup á gistihúsinu Valhöll); 179 (Síldarmjöl til fóðurbætis); 279, 280, 282 (Tollundanþága á efni til rafvirkjana).

Þóroddur Guðmundsson.

B. 197, 232, 274, 473 (Fjárlög 1943); 704, 732 (Dýrtíðarráðstafanir); 906 (Eignarnámsheimild á Höfn í Siglufirði); 942 (Orlof).

C. 64 (Nýjar síldarverksmiðjur); 227 (Kynnisferðir sveitafólks).

D. 116 (Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins); 167 (Skáldastyrkur, rithöfunda, vísindamanna og listamanna); 279 (Tollundanþága á efni til rafvirkjana); 356, 359 (Menntaskóli að Laugarvatni).